Hæstaréttardómar 1996 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1996

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfaragerð 189, 470
Aðfinnslur 270, 350, 358, 365, 486, 577
Aðflutningsgjöld 561
Aðför 257
Aðild 257, 462, 582
Afsal 358, 365
Afsláttur 96, 545, 554, 629, 710
Arfleiðsla 177
Ábyrgð 455
Ábyrgð á lífeyrisiðgjöldum 480
Áfrýjun 320, 652
Áfrýjunarheimild 717
Áminning 605
Ávana- og fíkniefni 670
Bankar 40, 139
Biðlaun 744
Bifhjól 674
Bifreiðar:
a) Einkamál 159, 445, 561
b) Opinber mál 652
Blaðamenn 40
Dánarbússkipti 177
Dómarar 8, 629
Dómkvaðning matsmanna 34
Eftirlaun 470
Eignaréttur 85, 696
Farbann 187
Farmflutningur 139
Farmsamningur 401
Farmskírteini 139
Fasteign 85, 96, 240, 405
Fasteignakaup 489, 554, 620, 629
Fjárdráttur 666, 731
Fjármál hjóna 598
Fjárnám 189
Fjárnám að hluta fellt úr gildi 455, 462

Bls.
Fjársvik 719, 731
Forkaupsréttur 301
Forsendubrestur 301
Frávísun:
a) Frá héraðsdómi 539, 693
b) Frá Hæstarétti 23, 186, 580, 581, 717
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 11, 61
Frávísunarúrskurður staðfestur 198, 262
Frelsissvipting 150
Frestun máls 29
Friðhelgi einkalífs 503
Fyrning 339, 401, 455, 489
Fyrning víxilréttar 74
Galli 96, 545, 554, 629, 710
Gáleysi 445
Geymslugreiðsla 629
Gjafsókn 150, 240, 445
Gjalddagi 74
Gjaldþrotaskipti 685, 693
Greiðslustaður 68
Gæsluvarðhald 390, 613
a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 278, 280, 282, 387, 577
c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 66, 683
a-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr.19/1991, 2.mgr. 103. gr. l. nr. 19/1993 . 25, 202
Gæsluvarðhaldsvist 27
Hefð 696
Hlutafélög 301, 678
Húsnæðismál 582
Innsetningargerð 257
Ítak 696
Kaupmáli 462
Kaupsamningur 96, 126, 301
Kjarasamningur 522
Kröfugerð 539
Kynferðisbrot 350
Kæra 186
Kæruheimild 23, 580, 581
Kærumál:
Aðfarargerð 189, 470
Aðfinnslur 270, 577

Bls.
Aðför 257
Aðild 257, 462
Arfleiðsla 177
Ábyrgð 455
Bankar 40
Blaðamenn 40
Dánarbússkipti 177
Dómarar 8
Dómkvaðning matsmanna 34
Eftirlaun 470
Farbann 187
Fjárnám 189
Fjárnám að hluta fellt úr gildi 455, 462
Frávísun:
a) Frá Hæstarétti 23, 186, 580, 581
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 11, 61
Frávísunarúrskurður staðfestur 198, 262
Frestun máls 29
Fyrning 455
Gjaldþrotaskipti 685
Gæsluvarðhald:
a-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 278, 280, 282, 387, 577
a-liður 1.mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991, 2.mgr. 103. gr. l. nr.19/1991 25, 202
c-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 66, 683
Gæsluvarðhaldsvist 27
Hlutafélög 678
Innsetningargerð 257
Kaupmáli 462
Kæra 186
Kæruheimild 23, 580, 581
Loftför 580, 581
Lóðarleiga 270
Lög um lax- og silungsveiði 34
Lögveðsréttur 371
Matsgerð 29, 678
Málshöfðunarfrestur 678
Málskostnaður 8
Nauðungarsala 1, 15, 371
Opinber skipti 384
Opinberir starfsmenn 40

Bls.
Óvígð sambúð ... 384
Sameignarfélag ... 455
Samlagsaðild ... 11
Skaðabætur ... 685
Skattar ... 470
Skattar og gjöld ... 371
Skýrslutökur undir rekstri máls fyrir Hæstarétti ... 23
Stefnubirting ... 198
Úthlutun söluverðs ... 371
Útivistarmál ... 198
Vanhæfi ... 8
Varnarþing ... 11
Vextir ... 189
Viðskiptabréf ... 257
Viðurlagaákvörðun ... 31
Vinnuslys ... 685
Vitni ... 40
Þagnarskylda ... 40
Þinglýsing ... 270
Lausafjárkaup ... 213, 545, 710
Leiðbeiningarskylda ... 629
Leigulóð ... 240
Lífsgerningur ... 358, 365
Líkamsárás ... 670
Líkamsárás leiðir til dauða ... 652
Líkamstjón ... 503
Loftför ... 580, 581
Lóðarleiga ... 270
Lóðarréttindi ... 85
Lyfjainnflutningur ... 726
Lög um lax- og silungsveiði ... 34
Lögbann ... 284
Lögmenn ... 620
Lögreglumenn ... 205
Lögræðislög ... 150
Lögskýring ... 480
Lögveðsréttur ... 371
Manndráp af gáleysi ... 674
Matsgerð ... 29, 405, 629, 678
Málshöfðunarfrestur ... 320, 678
Málskostnaður ... 8, 629,

Bls.
Málsvarnarlaun 350
Miskabætur 320, 419
Miski 284
Nauðasamningur 693
Nauðungarsala 1, 15, 371
Opinber skipti 384
Opinberir starfsmenn 40, 744
Ógilding samnings 598
Ógildingu hafnað 51
Ómerking 539, 693
Ómerking ummæla 320
Óvígð sambúð 384
Ráðningarsamningur 78, 744
Refsi- og viðurlagaákvörðun 674
Refsiákvörðun 670
Reynslulausn 717
Riftun 301, 489
Samaðild 696
Sameign 85
Sameignarfélag 455
Samlagsaðild 11
Samningar 51
Sératkvæði 126, 159, 240, 320, 419, 445, 561
Sjálfskuldarábyrgð 339
Sjómenn 78, 419, 522
Sjóvátrygging 313
Skaðabótakrafa 213
Skaðabótamál 159, 240, 390
Skaðabætur 126, 139, 150, 205, 225, 229, 284, 401, 419, 503, 613, 629, 666, 685, 744
Skattar 470
Skattar og gjöld 371
Skilorð 343
Skilorðsrof 670
Skip 126
Skipulag 240
Skjalafals 343, 719
Skoðunarskylda 545
Skuldabréf 339
Skuldabréfamál 693
Skuldaskil 620

Bls.
Skýring samningsákvæðis 301
Skýrslutökur undir rekstri máls fyrir Hæstarétti 23
Stefnubirting 198
Stjórnarskrá 582, 731
Sveitarstjórnir 582
Sýkna 350
Sýkna af refsikröfu 320
Sýnileg sönnunargögn 350
Sýning víxils til greiðslu 68, 74
Tolllagabrot 343, 726
Tómlæti 489, 554
Tryggingarbréf 598, 620
Umferðarlög 670
Umferðarslys 225
Uppgjör 489
Uppsögn 396, 605, 744
Upptaka 343
Úthlutun söluverðs 371
Útivistarmál 198
Vanhæfi 8
Vanlýsing 696
Varnarlið Bandaríkja Norður-Ameríku 229
Varnarþing 11
Vátrygging 159, 313
Vátryggingarsamningar 431, 445
Veðbókarvottorð 405
Veðréttur 598
Veðskuldabréf 693
Vegir 225
Veiðiheimildir 126, 522
Verðbréfaviðskipti 405
Vextir 189, 405
Viðskiptabréf 257
Viðurlagaákvörðun 31, 719, 726, 731
Vinnusamningur 396, 605
Vinnuslys 685
Vinnuveitandaábyrgð 205
Vitni 40
Víxill 620
Víxilmál 68,74, 486
Þagnarskylda 40

Bls.
Þinglýsing 270, 598
Ærumeiðingar 320
Ökuréttarsvipting 652, 674
Ökuréttur 719
Ölvun við akstur 445
Örorka 159, 419
Örorkumat 503

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur. 1. hefti. 1996

Fimmtudaginn 4. janúar 1996.

Nr. 414/1995. **Sigmundur Franz Kristjánsson**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 14. desember 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. nóvember 1995, þar sem staðfest er gildi nauðungarsölu 3. mars 1995 á eignarhluta merktum 0101 í fasteigninni Smiðsbúð 9 í Garðabæ. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Í máli þessu kemur varnaraðili réttilega fram sem kröfuhafi samkvæmt þeim tveimur skuldabréfum, sem greind eru í hinum kærða úrskurði. Mótbárur sóknaraðila varðandi aðild hafa því ekki við rök að styðjast.

Ekki er annað leitt í ljós en að hinar umdeildu veðkröfur varnaraðila hafi verið ógreiddar, þegar nauðungarsalan fór fram 3. mars 1995.

Með þessum athugasemdum verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigmundur Franz Kristjánsson, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. nóvember 1995.

Mál þetta varðar ágreining um gildi nauðungarsölu á eignarhluta merktum 0101 í fasteigninni Smiðsbúð 9, Garðabæ, sem seld var á nauðungaruppboði 3. mars 1995 hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Aðalmeðferð fór fram í málinu 14. þ. m. og var það að henni lokinni tekið til úrskurðar. Heimild til úrlausnar héraðsdómara styður sóknaraðili XIV. kafla laga um nauðungarsölu nr. 90/1991.

Sóknaraðili, Sigmundur Franz Kristjánsson, kt. 140141-2169, Baldurshaga á Hofsósi, krefst ógildingar nauðungaruppboðs á fasteigninni Smiðsbúð 9, hluta 0101, Garðabæ, sem seld var á nauðungaruppboði 3. mars 1995 hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Krefst hann ómerkingar og ógildingar á uppboðsmálinu frá og með 24. nóvember 1994 og að uppboðsmálið verði fellt niður.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að staðfest verði gildi nauðungarsölu á fasteigninni Smiðsbúð 9, Garðabæ, hluta 0101, sem fram fór hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 3. mars 1995.

Þá er þess krafist, að vísað verði frá dómi kröfu sóknaraðila um ómerkingu og ógildingu á uppboðsmálinu frá og með 24. nóvember 1994 og að uppboðsmálið verði fellt niður.

Krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.

Engar athugasemdir hafa borist frá sýslumanninum í Hafnarfirði.

Málavextir.

Grundvöllur uppboðsmáls þess, sem um er fjallað, var lagður með tveimur uppboðsbeiðnum. Var önnur uppboðsbeiðnin grundvölluð á skuldabréfi, út gefnu 28. desember 1982 til Verslunarlánasjóðs, að fjárhæð 250.000 krónur, sem tryggt var með 1. veðrétti í fasteigninni nr. 9 við Smiðsbúð í Garðabæ. Hin beiðnin var grundvölluð á öðru skuldabréfi, út gefnu 12. janúar

1984 til Verslunarlánasjóðs, að fjárhæð 500.000 krónur, sem tryggt var með 3. veðrétti og uppfærslurétti í sömu eign. Útgefandi beggja bréfanna var sóknaraðili í máli þessu, Sigmundur F. Kristjánsson. Nam uppboðskrafan samkvæmt fyrra bréfinu 234.626,50 krónum, en hinu síðara 625.113,60 krónum. Verslunarlánasjóður aflétti veðum samkvæmt bréfum þessum af 1. og 2. hæð í vesturhluta eignarinnar að beiðni skuldara 5. júní 1992, og 15. desember leysti Verslunarlánasjóður hluta 0001 úr veðböndum óumbeðinn. Eru veðskuldabréfin árituð um veðbandslausnirnar.

Ekki stóð skuldari við greiðslur samkvæmt bréfunum, og voru þau felld í gjalddaga 28. desember 1993 og 12. janúar 1994. Hinn 15. september 1994 sendi lögfræðideild Íslandsbanka hf. sýslumanninum í Hafnarfirði tvær nauðungarsölubeiðnir og bað um nauðungarsölu á hinni veðsettu eign, Smiðsbúð 9, Garðabæ, þ. e. eignarhlutum 0001, 0101 og 0201.

Framhaldssala var auglýst 24. nóvember á hlutum 0001 og 0201. Var hluti 0001 sleginn Íslandsbanka, en uppboð fór ekki fram á hluta 0201 vegna afturkallana á uppboðsbeiðnum, en þar voru uppboðsbeiðendur Landsbanki Íslands og Brimborg hf. auk Íslandsbanka hf.

Hinn 2. desember 1994 var fyrsta fyrirtaka hjá sýslumanninum í Hafnarfirði vegna hluta 0101 í Smiðsbúð 9 í Garðabæ, og var þing ekki sótt af hálfu sóknaraðila.

Hinn 7. febrúar var beiðnin tekin fyrir að nýju hjá sýslumanni við byrjun uppboðs á eigninni. Ekki var þá sótt þing af hálfu sóknaraðila, og krafðist varnaraðili sölu á eigninni. Ákvað sýslumaður þá, að framhaldssala færi fram á eigninni sjálfri 3. mars 1995. Mótmælti sóknaraðili framhaldsuppboðinu á eignarhluta 0101 með bréfi, dagsettu s. d., sem barst varnaraðila 10. s. m., sem sendi sýslumanni mótmæli við kröfu sóknaraðila um niðurfellingu á uppboðskröfu Íslandsbanka f. h. Verslunarlánasjóðs á eignarhlutanum.

Hinn 3. mars 1995 fór fram framhaldssala á Smiðsbúð 9, hluta merktum 0101. Ákvað sýslumaður, að uppboðið skyldi fara fram, og lýsti lögmaður sóknaraðila þá yfir, að hann myndi bera gildi uppboðsins undir héraðsdóm og gera þær kröfur, að uppboðið yrði úr gildi fellt. Hæstbjóðandi á uppboðinu varð Íslandsbanki, sem bauð 2.500.000 krónur.

Málsástæður.

Sóknaraðili hefur uppi þá röksemd, að um aðildarskort sé að ræða hjá varnaraðila, vegna þess að skuldabréf þau, sem uppboðskröfurnar styðjist við, séu gefin út til Verslunarlánasjóðs, en uppboðsbeiðandi sé Íslandsbanki hf., lögfræðideild, og ekki liggi fyrir áritað framsal til uppboðsbeiðanda á skuldabréfunum.

Einnig hefur sóknaraðili uppi þá röksemd, að uppboðskrafan í málinu hafi greiðst eða átt að greiðast upp við nauðungaruppboð, sem fram fór á kjallarahluta eignarinnar 24. 11. 1994. Í því máli var Íslandsbanki hf. uppboðsbeiðandi vegna þeirra tveggja skuldabréfa, sem um er fjallað í máli þessu. Nam hæsta boð í eignina 1.700.000 krónum, sem var frá umboðsmanni Íslandsbanka og því rökrétt framhald þess uppboðsmáls, að veðréttarkröfur Verslunarlánasjóðs samkvæmt bréfunum greiddust upp, enda forgangskröfur einungis 284.642 krónur og því nægilegt fé til ráðstöfunar til greiðslu á 1. og 2. veðréttarkröfum, sem námu 928.794,10 krónum.

Frumvarpið að úthlutun uppboðsandvirðis vegna hlutans 0001 var ekki sent sóknaraðila, og fékk hann það ekki í hendur og sá það ekki fyrr en 16. febrúar 1995, en þá var liðinn frestur til þess að senda uppboðshaldara athugasemdir, en nánar tiltekið varð það, þegar hann fékk stefnu frá Íslandsbanka, sem var út gefin 9. 2. sl., en þar kom fram, með hverjum hætti uppboðsandvirðinu var ráðstafað. Ekki fékk sóknaraðili heldur neinar upplýsingar um aflýsingu veða Verslunarlánasjóðs af kjallarahlutanum, sem varð 15. desember 1994, og vissi ekki af því fyrr en með bréfi Íslandsbanka, sem er frá 23. febrúar 1995.

Síðan segir lögmaður sóknaraðila í röksemdafærslu sinni: „Meginatriði þessa máls er, að Verslunarlánasjóður hefur ekki það forræði á uppboðskröfunni í kjallarahlutanum, sem hann knúði fram nauðungarsölu á, að mega falla frá rétti sínum til greiðslu uppboðsandvirðis í þeim eignarhluta í þeim tilgangi einum að knýja fram nauðungarsölu á öðrum eignarhluta, sem krafan er einnig tryggð í.“ Með því að afsala sér kröfu sinni í uppboðsandvirði í eigninni hefur bankinn fyrirgert öllum rétti til frekari greiðslna eða uppboðsaðgerða í öðrum eignarhlutum í Smiðsbúð 9.

Varnaraðili segir í málsástæðum sínum, að máli þessu beri að vísa frá dómi vegna vanreifunar, þar sem verulega skorti á samhengi milli málatilbúnaðar sóknaraðila og dómkrafna hans. Hann virðist með málatilbúnaði sínum vera einkum að fjalla um nauðungaruppboð á kjallarahluta, sem merktur er 0001, að Smiðsbúð 9. Sóknaraðili geri þannig engan reka að því að rökstyðja kröfu sína um ógildingu nauðungarsölunnar, sem fram fór 3. mars 1995 og hér er til umfjöllunar.

Frávísunarkröfu sína um kröfu sóknaraðila um ómerkingu og ógildingu uppboðsmálsins frá og með 24. nóvember 1994 og að uppboðsmálið verði fellt niður, rökstyður hann með því, að samkv. 83. gr. NLS verði ekki hafðar uppi í málinu kröfur um annað en að fá staðfest eða hnekkt þeirri ákvörðun sýslumanns, sem varð tilefni málsins. Ágreiningsefni málsins geti því ekki verið annað en hvort nauðungarsalan, sem fram fór 3. mars 1995 á eignarhluta 0101, skyldi fara fram auk kröfunnar um málskostnað.

Því er haldið fram af varnaraðila, að Verslunarlánasjóður sé í eigu Íslandsbanka hf. og geti ekki haft sjálfstæða aðild í máli. Samkvæmt lögum nr. 48/1966, sbr. 24. gr. laga nr. 123/1993, sé um að ræða sérstaka deild innan bankans með sérstakan fjárhag. Kröfur Verslunarlánasjóðs, sem um er fjallað, voru ógreiddar, er nauðungarsala fór fram á eignarhluta 0101 í eigninni nr. 9 við Smiðsbúð í Garðabæ 3. mars 1995. Verslunarlánasjóði hafi ekki borið nein skylda til þess að krefjast greiðslu á kröfum sínum af hluta 0001. Honum hafi verið í sjálfsvald sett, af hvaða hluta hinnar veðsettu eignar hann vildi fá greiðslu; um sé að ræða rétt Verslunarlánasjóðs til þess að nýta sér veðrétt sinn til greiðslu, en ekki skyldu.

Niðurstaða.

Í máli þessu hefur sóknaraðili uppi tvær kröfur. Annars vegar er krafist ógildingar nauðungarsölu, sem fram fór 3. mars 1995 á fasteigninni Smiðsbúð 9, hluta 0101, í Garðabæ. Hins vegar er krafist ógildingar og ómerkingar uppboðsmáls um sömu eign frá og með 24. október 1994 og að uppboðsmálið verði fellt niður.

Ekki er fallist á þá kröfu sóknaraðila, að ógilda beri nauðungarsölu, sem fram fór 3. mars 1995 á eignarhluta 0001 í fasteigninni Smiðsbúð 9 í Garðabæ, með þeim rökum, að um aðildarskort sé að ræða frá hendi Íslandsbanka hf. Dómurinn telur Íslandsbanka hf. til þess bæran sem eiganda Verslunarlánasjóðs að fara með aðild málsins, enda þótt tilgreina mætti betur í gögnum uppboðsmálsins, hvernig aðild er til komin vegna Verslunarlánasjóðsins, sem fallast verður á, að geti ekki verið sjálfstæður aðili að dómsmáli í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991. Að sjálfsögðu nær aðildarhæfi að þessu leyti einnig til lögfræðideildar Íslandsbanka f. h. bankans.

Ekki er um það deilt í málinu, að ágreiningur um gildi nauðungarsölunnar, sem fram fór á eignarhlutanum, sem merktur er 0001, í Smiðsbúð 9 í Garðabæ, er ekki til umfjöllunar. Af þessum sökum verður ekki leyst úr því, hvort eða að hve miklu leyti varnaraðili hefði átt að fá fullnustu á kröfum sínum samkvæmt þeim bréfum, sem um er fjallað í ágreiningsmáli því, sem hér er til úrlausnar, af söluandvirði þess eignarhluta. Af sömu ástæðu verður ekki um það fjallað, hvort varnaraðila hafi borið skylda til að afturkalla beiðni sína um nauðungarsölu þá, sem nú er um fjallað, vegna þess, hverjar lyktir urðu í fyrra málinu.

Ekki verða hafðar uppi í máli sem þessu aðrar kröfur en þær, sem varða ógildingu nauðungarsölunnar eða viðurkenningu á gildi hennar að öllu leyti eða nánar tilteknu marki auk málskostnaðar, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1991.

Eftir stendur ágreiningur um, hvort skuldabréfin hafi verið fullnægjandi uppboðsheimild til þess að koma fram nauðungarsölu á eignarhluta 0101 í Smiðsbúð 9 í Garðabæ. Séu skuldabréfin ekki talin fullnægjandi uppboðsheimild, beri að ógilda nauðungarsöluna, að öðrum kosti, verði fallist á kröfu varnaraðila, gildi hennar staðfest.

Telja verður, að það samræmist meginreglum veðréttar, að veðhafa sé frjálst að falla frá veðrétti í hluta eignar, sem honum hefur verið veðsett til tryggingar samkvæmt skuldabréfi, a. m. k. allt þar til boð í eignina hefur verið samþykkt, og leita síðan að því búnu eftir fullnustu í öðrum hlutum hins veðsetta. Honum er einungis skylt að falla frá veðrétti sínum, hafi hann fengið ígildi greiðslu í reiðufé eða á annan sambærilegan hátt, sem hann sættir sig við. Ekkert er komið fram, sem gefur vísbendingu um, að annað gildi í máli þessu.

Ekki er annað að sjá af gögnum málsins en hin umdeildu skuldabréf hafi verið ógreidd á uppboðsdegi 3. mars 1995 og kröfur samkvæmt þeim notið veðtryggingar í hinum selda eignarhluta 0101 í Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Samkvæmt gögnum málsins náði nauðungarsöluheimild varnaraðila í upphafi til fasteignarinnar Smiðsbúðar 9 í heild sinni, en síðar var eigninni skipt í fjóra eignarhluta. Í samræmi við meginreglur veðréttar var þá varnaraðila það í sjálfsvald sett, að hverjum eignarhluta hann gekk til fullnustu kröfu sinnar. Hinn 24. nóvember 1994 varð varnaraðili hæstbjóðandi í eignarhluta 0101, en féll síðar frá kröfu um úthlutun af andvirði eignarinnar, áður en boð hans var samþykkt. Ekki verður talið, að í þessari ráðstöfun varnaraðila hafi falist uppgjöf á veðrétti hans í eignarhluta Smiðsbúðar 9, merktum 0101. Þá verður ekki séð, að varnaraðili hafi gefið upp veðrétt sinn í eignarhlutanum með öðrum hætti. Með því að í málinu er óumdeilt, að nauðungarsöluheimild varnaraðila fullnægði að öðru leyti skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, þykir mega fallast á þá kröfu varnaraðila, að staðfest verði gildi nauðungarsölu í fasteigninni Smiðsbúð 9 í Garðabæ, eignarhluta 0101, sem fram fór hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 3. mars 1995.

Þá ber einnig með vísan til framangreinds að hafna kröfu varnaraðila um ómerkingu og ógildingu á umdeildu uppboðsmáli frá og með 24. nóvember 1994 og að uppboðsmálið verði fellt niður.

Í samræmi við þessa niðurstöðu þóttu dómara ekki efni til þess að fjalla um frávísunarkröfu varnaraðila sérstaklega.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila 75.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er gildi nauðungarsölu á eignarhluta, merktum 0101, í fasteigninni Smiðsbúð 9 í Garðabæ, sem fram fór hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 3. mars 1995.

Sóknaraðili, Sigmundur Franz Kristjánsson, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 75.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 4. janúar 1996.

Nr. 424/1995. **Rut Skúladóttir**

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 5. desember 1995, þar sem Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari hafnaði þeirri kröfu sóknaraðila, að hún viki sæti í máli um gildi nauðungarsölu, sem sóknaraðili beinir að varnaraðila. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum gert að víkja sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun fjárhæðar málskostnaðar er tekið tillit til þess, að kæra þessi er gersamlega að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Rut Skúladóttir, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1995.

Í þinghaldi 1. desember sl. var þess krafist af hálfu sóknaraðila, að dómari málsins viki sæti, og er úrskurður þessi kveðinn upp í tilefni þess og samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Krafa sóknaraðila er studd þeim rökum, að dómarinn hafi ekki gætt fyrirmæla 3. tl. 97. gr. laga um meðferð einkamála við meðferð málsins, og beri honum því að víkja sæti með vísan til b- og g-liðar 5. gr. sömu laga, sbr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. og 6. gr. Telur sóknaraðili, að óheimilt hafi verið að taka málið fyrir 17. nóvember sl., þar sem sóknaraðili hafði daginn áður tilkynnt dómara veikindaforföll. Þá hafi ekki mátt leggja fram gögn í því þinghaldi og ekki ákveða, að munnlegur málflutningur færi fram í næsta þinghaldi um frávísunarkröfu, sem fram kom í greinargerð varnaraðila. Sóknaraðili telur, að með þessu hafi dómarinn virt að vettugi ákvæði 3. tl. 97. gr. framangreindra laga.

Af hálfu varnaraðila hafa engar athugasemdir komið fram við kröfu sóknaraðila um, að dómari víki sæti í málinu, að öðru leyti en því, að greinargerð, sem lögð var fram í þinghaldi 17. nóvember sl., hafi verið lögð fram af varnaraðila, en ekki dómara.

Hinn 31. október sl. var ákveðin fyrirtaka í málinu 17. nóvember sama ár og að varnaraðili skilaði skriflegri greinargerð í því þinghaldi. Er málið var tekið fyrir þann dag, var því frestað vegna forfalla sóknaraðila, en greinargerð var lögð fram í þinghaldinu af hálfu varnaraðila, eins og áður hafði verið ákveðið og í samræmi við ákvæði 3. mgr. 83. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, þar sem segir, að veita beri málsaðila skamman frest til að skila greinargerð. Ákvörðun dómarans um munnlegan málflutning um frávísunarkröfu varnaraðila var tekin á grundvelli 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga um nauðungarsölu, og var málflutningur ákveðinn 23. nóvember sama ár, en að beiðni sóknaraðila var honum frestað til 1. desember s. á.

Þegar málið var tekið fyrir 17. nóvember sl., var það gert í samræmi við fyrri ákvörðun þar um. Ekki verður á það fallist, að 3. mgr. 97. gr. laga um meðferð einkamála leggi bann við því, að dómari taki mál fyrir, þegar málsaðili hefur boðað forföll, enda eðlilegt, að það verði gert, til þess að unnt sé að leggja fram staðfestingu þess, að forföll séu lögmæt. Málinu var frestað í samræmi við framangreint lagaákvæði og sóknaraðila tilkynnt um það.

Að þessum atriðum virtum verður ekki fallist á, að dómarinn sé vanhæfur til að fara með málið af ástæðum, sem taldar eru í b-lið 5. gr. laga um meðferð einkamála, eins og sóknaraðili heldur fram. Þá verður ekki heldur fallist á, að dómara beri að víkja sæti með vísan til g-liðar sömu lagagreinar, enda hefur sóknaraðili ekki bent á neinar réttmætar ástæður til, að draga

megi óhlutdrægni dómarans í efa. Samkvæmt því verður að líta svo á, að sóknaraðili njóti þess réttar, sem tryggður er með 1. og 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með vísan til þessa verður að synja kröfu sóknaraðila um, að dómarinn víki sæti við meðferð málsins.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu sóknaraðila um, að dómarinn víki sæti í málinu.

Fimmtudaginn 4. janúar 1996.

Nr. 413/1995. **Ingvar Sigurðsson og**
Sigfús Bergmann Ingvarsson
(Björn Jónsson hrl.)
gegn
Friðrik Stefánssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Samlagsaðild. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 4. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 21. nóvember 1995, þar sem máli sóknaraðila er vísað frá dómi, að því er varðar varnaraðila, Friðrik Stefánsson, persónulega og fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Fasteignasölunnar Þingholts. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar kröfur þeirra á hendur varnaraðila. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi krafðist hann frávísunar málsins á þeirri forsendu einni, að málið væri höfðað á röngu varnarþingi, hvað sig varðaði. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 má sækja mál, sem beinist að fleiri en einum aðila, á varnarþingi hvers þeirra, sem er. Kröfur á hendur þeim, sem sóknaraðilar stefndu til að þola dóm við hlið varnaraðila, verða réttilega sóttar fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Er þessi röksemd varnaraðila fyrir frávísun málsins því með öllu haldlaus.

Í hinum kærða úrskurði vísar héraðsdómari kröfum á hendur varnaraðila frá dómi á þeirri forsendu, að heimild skorti samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 til að sækja kröfur á hendur honum og

öðrum stefndu í sama máli. Samkvæmt lokaorðum fyrrnefnds ákvæðis verður máli því aðeins vísað frá dómi af þessum sökum, að stefndi geri kröfu um það. Þegar af þeirri ástæðu, að varnaraðili hafði ekki þessa röksemd uppi til stuðnings frávísunarkröfu sinni, verður ekki á henni byggt. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Dæma verður varnaraðila til að greiða sóknaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar kröfur sóknaraðila, Ingvars Sigurðssonar og Sigfúsar Bergmann Ingvarssonar, á hendur varnaraðila, Friðrik Stefánssyni.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum til samans 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. nóvember 1995.

I.

Hinn 20. nóvember 1995 var í máli þessu tekin til úrskurðar krafa eins hinna þriggja stefndu, Friðriks Stefánssonar persónulega og f. h. einkafyrirtækis hans, Fasteignasölunnar Þingholts, um að sök á hendur sér yrði vísað frá dómi og sér tildæmdur málskostnaður.

Af hálfu stefnenda, þeirra Ingvars Sigurðssonar og Sigfúsar Bergmann Ingvarssonar, er þess krafist, að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim tildæmdur málskostnaður.

Mál þetta hafa Ingvar Sigurðsson, kt. 311225-2199, Bláskógum 7, Reykjavík, og Sigfús Bergmann Ingvarsson, kt. 080667-3459, Fjóluhvammi 2, Hafnarfirði, höfðað með stefnum, birtum 22. september 1995, gegn Ellert Róbertssyni, kt. 120354-5159, Víghólastíg 12, Kópavogi, Sverri G. Benediktssyni, kt. 180743-7669, Miðholti 5, Mosfellsbæ, og Friðrik Stefánssyni fasteignasala, kt. 110649-2669, Reyðarkvísl 9, Reykjavík, persónulega og fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Fasteignasölunnar Þingholts, kt. 631089-1519, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, og til réttargæslu gegn Vátryggingafélaginu Skandía hf., kt. 681272-0469, Laugavegi 170, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þær aðallega, að stefndu, Ellert, Sverrir og Friðrik, verði allir in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 3.539.900 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. 10. 1991

til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi auk lögmæts virðisaukaskatts á málskostnað, til vara, að stefndu, Ellert, Sverrir og Friðrik, verði in solidum dæmdir til greiðslu 1.200.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. 3. 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar eins og í aðalkröfu greinir.

Stefndi Friðrik Stefánsson persónulega og vegna einkafyrirtækis síns Fasteignasölunnar Þingholts krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til þrautavara, að krafa stefnenda verði lækkuð verulega. Þá krefst hann málskostnaðar að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Aðrir stefndu, þeir Ellert Róbertsson og Sverrir G. Benediktsson, krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá krefjast þeir málskostnaðar að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi ásamt virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu réttargæslustefnda, Vátryggingafélagsins Skandia hf., eru engar sjálfstæðar dómkröfur gerðar, enda eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar á hendur félaginu.

– – –

Álit dómsins.

Samkvæmt 19. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 er það skilyrði fyrir samlagsaðild á varnarhlið, að dómkröfur á hendur varnaraðilum eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings, þ. e. séu samrættar.

Dómkrafa stefnenda á hendur stefndu Ellert og Sverri á rót sína í kaupsamningi um nefndan söluturn. Hún er reist á því, að þeir hafi beitt svikum við samningagerðina eða a. m. k. stórlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.

Dómkrafa stefnenda á hendur stefnda Friðrik á ekki rót sína í kaupsamningum, heldur er hún byggð á því, að hann hafi stórlega vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali. Á samningssamband fasteignasala og þeirra, er hann vinnur fyrir við gerð kaupsamnings, er að jafnaði litið sem verksamning. Fasteignasalinn er trúnaðarmaður bæði kaupanda og seljanda og vinnur fyrir báða, og um skyldur hans er m. a. kveðið á í lögum nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, sem viðsemjendur hans, verkkaupar, mega treysta, að eftir sé farið, að viðlagðri skaðabótaábyrgð, eftir atvikum innan verksamningsins.

Samkvæmt þessu og með vísan til niðurlagsákvæðis 1. tl. 19. gr. einkamálalaga verður því fallist á aðalkröfu stefnda Friðriks Stefánssonar og sök á hendur honum og Fasteignasölunni Þingholti vísað frá dómi.

Rökrétt hefði verið að stefna umræddum fasteignasala til réttargæslu í máli þessu. Allir stefndu hafa, svo sem eðlilegt er, ráðið sér sama lögmann. Ekki verður séð, að sú aðferð lögmanns stefnanda að stefna greindum fasteignasala til beinnar aðildar, en ekki réttargæslu, hafi valdið verulega aukinni gagnaöflun eða fyrirhöfn við vörn málsins að öðru leyti en því, að sérstakur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna. Þá má fasteignasali jafnan gera ráð fyrir, að einhver viðbótarfyrirhöfn geti orðið að sölu lokinni, sölulaun miðast við það, og ef svo verður, oftast sjálfum sér um kenna. Með hliðsjón af framansögðu þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Sök á hendur Friðrik Stefánssyni persónulega og f. h. Fasteignasölunnar Þingholts er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 415/1995. **Ásdís Erlingsdóttir og**
Ólafur Helgi Úlfarsson
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Félags íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli
(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 17. nóvember 1995, þar sem tekin er til greina krafa varnaraðila um nauðungarsölu á fasteigninni nr. 2 við Mávanes í Garðabæ. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hafnað verði kröfu varnaraðila um, að fram fari nauðungarsala á umræddri fasteign. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Í kæru sóknaraðila og greinargerð þeirra til Hæstaréttar er ekki sérstaklega mótmælt þeim forsendum héraðsdómara, að í raun hefði verið um ofgreiðslu að hluta að ræða, ef hin umdeilda greiðsla á 300.000 krónum hefði verið innt af hendi 31. desember 1990. Ekki er þar heldur andmælt þeim rökum héraðsdómara, að greiðsla hinn 13. janúar 1992, að fjárhæð 100.000 krónur, hefði verið óþörf, ef hin umdeilda greiðsla hefði í raun farið fram 31. desember 1990. Að þessu virtu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir nægilega sannað, að fullyrðing sóknaraðila um greiðslu á gamlaársdag 1990 fái ekki staðist. Verður úrskurðurinn því staðfestur. Dæma ber

sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Ásdís Erlingsdóttir og Ólafur Helgi Úlfarsson, greiði óskipt varnaraðila, Lífeyrissjóði Félags íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli, 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. október sl., er rekið samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Málið var þingfest 24. mars sl.

Sóknaraðili er Lífeyrissjóður FÍSK, kt. 630173-0359, Ármúla 13 a, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Ásdís Erlingsdóttir, kt. 170426-3049, Mávanesi 2, Garðabæ, og Ólafur Helgi Úlfarsson, kt. 250663-2779, Holtsbúð 10, Garðabæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að umbeðin nauðungarsala á fasteigninni Mávanesi 2, Garðabæ, nái fram að ganga og varnaraðilar verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að synjað verði um framgang umræddrar nauðungarsölu á fasteigninni Mávanesi 2, Garðabæ, og sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu að mati réttarins auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnað skv. ákvæðum laga nr. 50/1988, en varnaraðilar séu ekki virðisaukaskattsskyldir aðilar. Þá beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það, hvort greiddar hafi verið 300.000 krónur af hálfu varnaraðila á lögmannsstofu Inga H. Sigurðssonar hdl. í Keflavík 31. desember 1990 eða ekki.

Lögmaður sóknaraðila hefur lýst yfir því með bókun, að verði talið sannað, að varnaraðilar hafi greitt 300.000 kr. 31. desember 1990, sé ágreiningslaust, að um uppboðsheimild sé ekki að ræða.

Lögmaður varnaraðila hefur að sama skapi lýst yfir, að teljist umrædd greiðsla ekki sönnuð, sé ágreiningslaust, að um uppboðsheimild sé ekki að ræða.

Með beiðni um nauðungarsölu, dagsettri 25. febrúar 1994, krafðist sóknaraðili þess, að fasteign varnaraðila, Mávanes 2, Garðabæ, yrði seld nauðungarsölu til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 100.000 kr., út gefnu 8. 2. 1982 af Kristni Árdal, með veði í Mávanesi 2, alls að fjárhæð 1.676.374 kr.

Af hálfu varnaraðila var þess krafist, að beiðnin yrði felld niður, þar sem umrætt veðskuldabréf væri í skilum.

Við fyrirtöku hjá sýslumanninum í Hafnarfirði kom fram hjá varnaraðilum, að þau teldu sig hafa greitt skuldabréfið í skil með greiðslu 31. 12. 1990, 300.000 kr. Við þá fyrirtöku kom hins vegar fram hjá sóknaraðila, að kvittanir, dagsettar 31. 12. 1990, vísi til innleggs á bankareikning 10. 12. 1990, svo að um eina greiðslu hafi verið að ræða, en ekki tvær. Þá var deilt um gjaldfellingu veðskuldabréfsins við fyrirtöku þessa. Sýslumaður taldi ágreining í málinu annars vegar varða ætlaða greiðslu 31. 12. 1990 og hins vegar heimild til gjaldfellingar. Hann ákvað því að stöðva nauðungarsölumeðferð á fasteigninni, þar sem upp væri komin óvissa um rétt gerðarbeiðanda, sbr. 22. gr. laga nr. 90/1991. Í kjölfar þessarar ákvörðunar bar sóknaraðili hana undir héraðsdóm samkvæmt heimild í XIII. kafla laga nr. 90/1991.

Eins og áður greinir, snýst ágreiningur aðila nú einvörðungu um það, hvort varnaraðilar hafi greitt tvisvar 300.000 krónur í desembermánuði 1990 og þar með ásamt greiðslu í janúar 1992 komið veðskuldabréfinu í skil eða hvort kvittanir lögmannsins Inga H. Sigurðssonar, dagsettar 31. desember 1990, séu vegna innleggs varnaraðila á reikning hans 10. desember 1990, sem leiddi þá til þess, að veðskuldabréfið hafi verið í vanskilum.

Samkvæmt kvittun Íslandsbanka hf., dagsettri 10. 12. 1990, kemur fram, að þann dag hafi Úlfar Natanaelsson greitt 300.000 kr. inn á tékkareikning Inga Sigurðssonar, Vatnsnesvegi 14, Keflavík, vegna lífeyrissjóðs Kristins Árdal. Á þessum tíma hafði lögmaðurinn Ingi H. Sigurðsson tvö veðskuldabréf vegna lífeyrissjóðslána Kristins Árdal til innheimtu, sem bæði voru með veði í Mávanesi 2, Garðabæ. Annað var upphaflega að fjárhæð 50.000 kr., en hitt 100.000 kr. Kvittanir, út gefnar af lögmannsstofunni og dagsettar 31. 12. 1990, bera með sér, að þar er 300.000 krónum ráðstafað sem greiðslu inn á bréfin, 208.673,20 krónum inn á 50.000 króna bréfið, sem þar með var komið í skil, en mismuninum, 91.326,80 krónum, inn á 100.000 króna bréfið.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn sem vitni Ingi H. Sigurðsson héraðsdómslögmaður, Björk Guðjónsdóttir, ritari á lögmannsstofu Inga H. Sigurðssonar, Úlfar Natanaelsson, eiginmaður varnaraðila Ásdísar og faðir varnaraðila Ólafs Helga, Jóhannes Halldórsson stærðfræðingur og

Petrína Úlfarsdóttir, dóttir varnaraðila Ásdísar og systir varnaraðila Ólafs Helga.

Vitnið Ingi H. Sigurðsson héraðsdómslögmaður kvaðst hafa annast vanskilainnheimtu fyrir stefnanda frá því í nóvember 1989 þar til í janúar 1992. Hann kvað kvittanir, dagsettar 31. 12. 1990, vera vegna innborgunar Úlfars Natanaelssonar á bankareikning sinn 10. 12. 1990. Hann kvað óhugsandi, að Petrína Úlfarsdóttir hefði greitt 300.000 krónur í reiðufé á skrifstofu sinni á gamlaársdag 1990, þar sem skrifstofan hefði ætíð verið lokuð milli jóla og nýárs. Er hann og ritari hefðu komið til starfa á lögfræðistofuna eftir áramótin 1990/1991, hefði verið farið yfir innlegg eða innborganir, sem borist hefðu fyrir jól eða áramót, og eins og í þessu tilviki hefðu þá verið gefnar út kvittanir fyrir innborgunum, svo að greiðandinn mætti sjá, hvað hann hefði verið að greiða. Kvittanirnar hefðu hins vegar verið dagsettar 31. desember 1990, til þess að fjárhæðin væri inni á því ári og stemmdi við bókhald þess árs.

Vitnið Björk Guðjónsdóttir var ritari hjá Inga H. Sigurðssyni hdl. á umræddu tímabili. Hún kvaðst aldrei hafa unnið á gamlaársdag á lögfræðistofunni, sem alltaf hefði verið lokuð milli jóla og nýárs. Hún kvað skrifstofunni hafa borist bankayfirlit eftir áramótin 1990/1991 og hún yfirfarið þau og þá séð innlegg frá þessum aðila í desember og hún þá gefið út kvittanir í janúar, en stílað þær á 31. desember 1990, svo að bókhaldið kæmi rétt út. Vitnið staðfesti, að umdeildar kvittanir, dagsettar 31. 12. 1990, væru vegna innleggs á reikning Inga H. Sigurðssonar 10. desember 1990, að fjárhæð 300.000 kr. Vitnið kvað kvittanir alltaf hafa verið gefnar út eftir á vegna innborgana á bankareikninga.

Vitnið Úlfar Natanaelsson kvaðst hafa sent dóttur sína, Petrínu, með 300.000 kr. í reiðufé á skrifstofu Inga H. Sigurðssonar hdl. í Keflavík á gamlaársdag 1990 til greiðslu vegna umræddra veðskuldabréfa. Vitnið kvaðst hafa greitt lögmanninum 300.000 kr. fyrr í desember, en nokkru síðar hefði lögmaðurinn hringt í sig og sagt, að vitnið þyrfti að greiða meira fyrir áramót. Vitnið kvaðst hafa spurt, hvernig málin stæðu, en ekki fengið önnur svör en að eftir væri að reikna út stöðuna. Vitnið kvaðst hafa lofað lögmanninum greiðslu á 300.000 krónum á gamlaársdag. Vitnið kvað það fé hafa komið út úr flugeldasölu, sem hefja mátti 28. desember, en fram að þeim tíma hefði lausafé vitnisins legið í flugeldalagernum. Vitnið kvaðst aldrei hafa fengið sérstakar kvittanir frá lögmanninum vegna innborgana á bankareikning hans. Aðspurt, hvers vegna ekki hafi verið greitt inn á bankareikning lögmannsins 31. desember 1990 eins og endranær, kvað vitnið lögmanninn hafa lagt mikla áherslu á að fá greiðslu fyrir áramót. Það sé

nú þannig, að á gamlaársdag sé mikið að gera í bönkunum og þá berist greiðslur seint frá bönkunum. Það hafi verið reynsla vitnisins á þessum árum. Því hafi orðið að samkomulagi, að vitnið skyldi senda peningana til Keflavíkur.

Vitnið Petrína Úlfarsdóttir kvaðst hafa farið með 300.000 krónur fyrir föður sinn, Úlfar, á lögfræðistofu Inga H. Sigurðssonar á gamlaársdag 1990, afhent féð starfskonu á skrifstofunni og fengið afhentar tvær kvittanir, dagsettar 31. 12. 1991, til staðfestingar greiðslunni.

Eins og áður greinir, ráðast úrslit máls þessa nú af því, hvort sannað þyki eða ekki sannað, að Úlfar Natanaelsson hafi greitt 300.000 krónur í reiðufé á lögfræðistofu Inga H. Sigurðssonar héraðsdómslögmanns á gamlaársdag 1990, sbr. áðurgreindar málflutningsyfirlýsingar lögmanna aðila.

Af hálfu sóknaraðila er því mótmælt, að 300.000 krónur hafi verið greiddar umræddum lögmanni 31. desember 1990. Á hinn bóginn hafi kvittanir lögmannsins, dagsettar þann dag, verið vegna innborgunar á bankareikning lögmannsins 10. desember sama ár, að fjárhæð 300.000 krónur. Venja hafi verið að gefa kvittanir út eftir á vegna slíkra innborgana, enda geti kvittun banka fyrir innleggi á reikning lögmanns, sem fer með innheimtu kröfu, ekki talist kvittun fyrir greiðslu inn á tiltekna skuld við tiltekinn kröfuhafa. Að jafnaði líði nokkrir dagar, þar til kvittun fyrir innlegginu eða reikningsyfirlit berist reikningseiganda. Þegar gengið hafi verið úr skugga um, hver greiddi og inn á hvaða kröfu, sé skrifuð kvittun fyrir greiðslunni og hún send greiðanda. Í þessu máli hafi láðst að vísa sérstaklega til innleggsins 10. desember 1990 á kvittununum. Þá séu viðskiptahættirnir í desember 1990 ekki einsdæmi, því að greiðsla 13. janúar 1992, 100.000 krónur, hafi verið lögð inn á reikning lögmannsins, og fyrir þeirri greiðslu hafi verið gefin út kvittun 21. janúar sama ár. Í máli þessu hafi varnaraðilar því sönnunarbyrðina fyrir því, að í desember 1990 hafi lögmanninum tvívegis verið greiddar 300.000 krónur.

Þá var því haldið fram af hálfu varnaraðila, að hefðu 300.000 krónur verið greiddar af varnaraðila 31. desember 1990, hefði skuldabréfið verið komið í skil og vanskilagreiðsla varnaraðila 13. janúar 1992 því verið óþörf. Þá var og vísað til venju í samskiptum lögmanna og skuldara við greiðslur og kvittanir fyrir greiðslum.

Varnaraðilar styðja dómkröfur sínar því, að greiddar hafi verið 300.000 krónur á skrifstofu umrædds lögmanns 31. desember 1990. Um það beri kvittanir, út gefnar af skrifstofu lögmannsins þann dag, gleggst vitni. Þær hafi verið fyrirvaralausar og í þeim ekki vísað til innleggs á bankareikning lögmannsins. Í viðskiptum varnaraðila og lögmannsins hafi innlegg á

bankareikning verið taldar fullnægjandi greiðslukvittanir í samræmi við samkomulag aðila og engar frekari greiðslukvittanir gefnar út fyrir þeim greiðslum. Af hálfu varnaraðila var kvittuninni, dagsettri 21. janúar 1992, mótmælt. Hana hafi þau aldrei fengið í hendur frekar en kvittanir fyrir öðrum innborgunum á reikning lögmannsins. Öðruvísi hafi staðið á, er greiðslur fóru fram 31. desember 1990, þar sem þá hafi greiðslur farið fram á skrifstofu lögmannsins í Keflavík. Þá hafi verið gefnar út sérstakar kvittanir fyrir þeim greiðslum.

Vísað var til framburðar vitnisins Petrínu Úlfarsdóttur fyrir dóminum og við það miðað, að varnaraðilar hefðu sannað greiðslur sínar 31. desember 1990 með kvittunum lögmannsstofunnar og því fullnægt sönnunarbyrði sinni og þar með lagt sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða á sóknaraðila.

Niðurstaða.

Við mat á gildi munnlegs framburðar vitna fyrir dóminum á niðurstöðum máls þessa verður annars vegar tekið tillit til skyldleika og sifjatengsla vitnanna Úlfars Natanaelssonar og Petrínu Úlfarsdóttur við varnaraðila og hins vegar hugsanlegra fjárhagslegra hagsmuna vitnanna Inga H. Sigurðssonar og Bjarkar Guðjónsdóttur af úrslitum málsins.

Einar og sér bera kvittanirnar, dagsettar 31. desember 1990, fyrir greiðslu Úlfars Natanaelssonar á 300.000 krónum það með sér, að þann dag hafi greiðsla fjárins farið fram. Af hálfu sóknaraðila hefur verið leitast við með sönnunarfærslu og málflutningi fyrir dóminum að sýna fram á, að engar greiðslur hafi farið fram þann dag, heldur séu kvittanirnar til komnar vegna innborgunar Úlfars á bankareikning lögmannsins Inga H. Sigurðssonar 10. desember sama ár, en gögn um þá innborgun hafi verið yfirfarin á lögmannsstofunni strax eftir áramót 1990/1991 og kvittanir gefnar út um ráðstöfun innborgunarinnar á þau tvö veðskuldabréf, sem í vanskilainnheimtu voru á hendur Úlfari.

Óumdeilt er í málinu, að Úlfar greiddi jafnan inn á skuldina, sem var til innheimtu, með því að leggja fé inn á reikning lögmannsins. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að Úlfari hafi jafnan verið sendar sérstakar kvittanir, þegar lögmannsstofunni hafi borist gögn um innborganirnar. Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að slíkar kvittanir hafi verið gefnar út og sendar skuldara. Í málinu hafa á hinn bóginn verið lögð fram gögn, sem ekki hefur verið hnekkt, sem sýna, að í kjölfar innborgunar Úlfars á 100.000 krónum inn á reikning lögmannsins 13. janúar 1992 var gefin út sérstök kvittun fyrir ráðstöfun greiðslunnar 21. janúar sama ár.

Lögmaðurinn var með til innheimtu tvö veðskuldabréf, sem voru í vanskilum. Í kvittun Íslandsbanka hf. fyrir innborgun Úlfars á reikning lög-

mannsins 10. desember 1990 á 300.000 krónum kemur fram í texta, að innborgunin sé vegna lífeyrissjóðslána Kristins Árdal. Greiðslukvittun bankans var því gild kvittun fyrir því, að inn á reikning lögmannsins hafi verið greiddar 300.000 krónur vegna veðskuldabréfanna, en ekki um það, hvernig kröfuhafi eða umboðsmaður hans ráðstafaði innborguninni á veðskuldabréfin hvort fyrir sig. Það er í samræmi við viðurkennda viðskiptahætti lögmanna, sem eru með kröfur til innheimtu, að þeir ráðstafi slíkum innborgunum á kröfurnar, gefi út sérstakar kvittanir fyrir þeim ráðstöfunum og sendi skuldara. Eðli máls samkvæmt kann nokkur tími að líða, frá því að innborgun fer fram í banka, þangað til lögmaðurinn fær yfirlit um innborgunina.

Þegar til þess er litið í fyrsta lagi, að í viðskiptum Úlfars og lögmannsins fóru greiðslur jafnan fram með þeim hætti, að greitt var inn á kröfurnar með innborgunum á bankareikning lögmannsins, sem gaf þá út kvittun fyrir innborguninni, þegar gögn um hana höfðu borist honum, í öðru lagi, að með greiðslu á 300.000 krónum 31. desember 1990 hefðu varnaraðilar komið veðskuldabréfinu, sem enn var í vanskilum eftir innborgunina 10. desember s. á., í skil og í raun ofgreitt, í þriðja lagi, að Úlfar greiðir 100.000 krónur inn á reikning lögmannsins í janúar 1992, þrátt fyrir það að veðskuldabréfin ættu að vera í skilum, hefði hann greitt 300.000 krónur 31. desember 1990, og í fjórða lagi, að það samræmist góðum viðskiptavenjum lögmanna að gefa út kvittanir eftir á fyrir innborgunum á reikninga þeirra vegna krafna í innheimtu varðandi ráðstöfun slíkra innborgana, þá telur dómurinn, að þrátt fyrir það að innborgunarinnar 10. desember 1990 sé ekki getið sérstaklega á kvittununum, hafi sóknaraðili fært fram fyrir því lögfulla sönnun, að kvittanir, dagsettar 31. desember 1990, séu vegna ráðstöfunar innborgunarinnar á reikning lögmannsins 10. desember sama ár og að fullyrðing varnaraðila um greiðslu á 300.000 krónum í reiðufé á skrifstofu lögmannsins á gamlaársdag 1990 fái ekki staðist.

Samkvæmt framansögðu og í samræmi við fyrrnefndar málflutningsyfirlýsingar aðila ber því að taka þá kröfu sóknaraðila til greina, að hin umbeðna nauðungarsala á fasteigninni Mávanesi 2, Garðabæ, nái fram að ganga.

Dæma ber varnaraðila til að greiða sóknaraðila 70.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Lífeyrissjóðs FÍSK, að nauðungarsala á fasteigninni Mávanesi 2, Garðabæ, fari fram, er tekin til greina.

Varnaraðilar, Ásdís Erlingsdóttir og Ólafur Helgi Úlfarsson, greiði in solidum sóknaraðila 70.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 3/1996. **Dr. Bruhn Pharma & Kosmetika Vertriebs GmbH**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Vigfúsi Guðbrandssyni
(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Skýrslutökur undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 4. desember 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilað að gefa aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls milli sín og sóknaraðila fyrir Hæstarétti svo og að leiða tiltekið vitni fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar af sama tilefni. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað, að umbeðnar skýrslur verði teknar fyrir dómi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 91/1991, eins og greininni var breytt með 27. gr. laga nr. 133/1993, verður ákvæðum 75. gr. fyrrnefndu laganna beitt við öflun gagna fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Umrædd ákvæði heyra til XI. kafla laga nr. 91/1991, sem geymir reglur um öflun gagna fyrir öðrum dómi en þar, sem mál er rekið.

Í hinum kærða úrskurði er tekin til greina krafa varnaraðila um, að gagna verði aflað fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Í e-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, þar

sem synjað er um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi. Samkvæmt gagnályktun frá því ákvæði brestur heimild til að skjóta hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Verður máli þessu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 4/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Baldri Gunnarssyni
(Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður l. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 2. janúar sl. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Af gögnum málsins verður ráðið, að rannsókn þess sé vel á veg komin. Hefur ekki verið leitt í ljós, að þörf sé gæsluvarðhalds yfir varnaraðila vegna rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Á hinn bóginn er uppi rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi framið brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var ætlað brot hans sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, sem notuð var. Er brotið og þess eðlis, að telja verður gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Verður varnaraðila því gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður fallist á kröfu sóknaraðila um, að gæsluvarðhald standi allt til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Baldur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag krafist þess, að Baldri Gunnarssyni, kt. 231166-4759, Bláskógum 9, Hveragerði, dvalarstaður Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, það er til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00, vegna ætlaðs brots á 211. gr., sbr. 20. gr., og /eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu kærða er fram kominni kröfu andmælt, en til vara er þess krafist, að gæsluvarðhaldinu verði afmarkaður mun skemmri tími en krafist er.

– – –

Álit réttarins.

Atlagan að X, sofandi á heimili sínu, var afar hættuleg. Leifur Jóhannsson, læknir á slysadeild Borgarspítalans, hefur skýrt RLR frá því, að margir hálsvöðvar hafi verið skornir sundur á hálsi X og litlu mátt muna, að stórar æðar hefðu skaðast við árásina. Hann taldi áverkann þess eðlis, að um eitt hnífsbragð hefði verið að ræða eftir mjög beittan hníf eða eggjárn. Var X í losti eftir atburðinn. Gert var að sárum hans og kragi settur um hálsinn. Var fyrirhugað, að hann yrði á spítalanum einn dag.

Rökstuddur grunur er um, að kærði sé valdur að þessum hættulega verknaði. Eigin framburður hans og önnur sönnunargögn benda eindregið til þess. Frumrannsókn málsins er vel á veg komin, en þó ekki lokið, og þykja því skilyrði til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þá er sterkur grunur um, að kærði hafi framið alvarlegt brot, sem varðað geti við 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en viðurlög geta í fyrra tilviki varðað allt að ævilöngu fangelsi, en allt að 16 ára fangelsi í hinu síðara.

Gæsluvarðhaldið þykir því einnig mega byggja á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, og verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 2. febrúar 1996 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. febrúar 1996 kl. 16.00.

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 5/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Baldri Gunnarssyni
(Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 2. janúar sl., að varnaraðili, sem er í gæsluvarðhaldi allt til 16. febrúar nk., sæti banni við samneyti við aðra fanga, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni og heimsóknarbanni. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að teknu tilliti til þess, að aflétt hefur verið banni við samneyti varnaraðila við aðra fanga og fjölmiðlabanni.

Af hálfu sóknaraðila hefur á engan hátt verið rökstutt, að rannsóknarnauðsynjar krefjist þess, að varnaraðili sæti heimsóknarbanni eða bréfaskoðun. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. janúar 1996.

Að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, Bláskógum 9, Hveragerði, dvalarstaður Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, í dag úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 2. febrúar 1996 kl. 16.00 vegna ætlaðs brots, sem gæti varðað hann refsingu skv. 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Úrskurðurinn er byggður á a-lið 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eftir uppkvaðningu úrskurðarins var því lýst yfir í bókun af hálfu RLR, að fyrst um sinn yrði gæsluvarðhaldi kærða svo háttað, að hann yrði í einangrun og mætti ekki fá heimsókn. Þá mætti hann ekki senda eða fá bréf né hafa aðgang að fjölmiðlum eða samneyti við aðra fanga.

Í framhaldi af þessari bókun var þessari tilhögun gæsluvarðhaldsins mótmælt af hálfu kærða og þessi atriði borin undir dómara samkvæmt 3. mgr. 108. gr., sbr. 75. gr. oml., og tekin til úrskurðar, eftir að fulltrúi RLR og verjandi kærða höfðu tjáð sig um ágreininginn.

Álit réttarins.

Í liðum b – e í 1. mgr. 108. gr. oml. er kveðið á um réttindi gæslufanga og um heimildir þess, er rannsókn stýrir, til að takmarka þau réttindi.

Frumrannsókn máls þessa er ekki lokið, m. a. er tilefni árásar kærða á X óljós. Þykir því rétt að staðfesta þá ákvörðun rannsóknara, að kærði sæti þeim takmörkunum, sem fram koma í bókun rannsóknara, fyrst um sinn, meðan frumrannsókn er ólokið, en þó eigi lengur en þörf krefur.

Úrskurðarorð:

Kærði, Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, skal fyrst um sinn í gæsluvarðhaldi sínu látinn vera í einrúmi og sæta takmörkunum á réttindum skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. 108. gr. oml., sbr. yfirlýsingu fulltrúa Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þessum takmörkunum skal aflétt, jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf.

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 428/1995. **Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Gísla Erni Lárussyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Matsgerð. Frestun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1995, en með honum er frestað ákvörðun um kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna, þar til skorið hefur verið úr um kröfu varnaraðila um frávísun málsins. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka þegar í stað ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í héraði krefst varnaraðili þess, að málinu verði í heild vísað frá dómi á grundvelli þess, að málatilbúnaður stefnanda fullnægi ekki kröfum réttarfarsreglna. Vísar hann til 80. gr. laga nr. 91/1991 og þá sérstaklega e-liðar 1. mgr. 80. gr., en hann telur framsetningu málsástæðna af hendi sóknaraðila andstæða því ákvæði. Varnaraðili krefst þess einnig, að einstökum kröfum sóknaraðila verði vísað frá héraðsdómi, og styður þær frávísunarkröfur einkum þeim rökum, að sóknaraðili hafi viðurkennt réttmæti gerðardóms þess, sem málið reis af, að sóknaraðili hafi fyrirgert málshöfðunarrétti með tómlæti og að skylt sé að leggja nánar tilteknar kröfur sóknaraðila fyrir gerðardóm.

Matsefnið, sem sóknaraðili óskar eftir, að dómkvaddir menn taki afstöðu til, varðar ekki þau atriði, er frávísunarkrafa varnaraðila

byggist á. Sóknaraðili hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi af öðrum ástæðum hagsmuni af því, að matsmenn verði dómkvaddir, áður en héraðsdómari fellir úrskurð um frávísunarkröfuna. Þegar það er haft í huga og jafnframt litið til þess, að dómara er samkvæmt 100. gr. laga nr. 91/1991 skylt að leysa úr álitaefnum um frávísun, áður en fjallað er frekar um önnur atriði máls, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord, greiði varnaraðila, Gísla Erni Lárussyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1995.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar vegna héraðsdómsmálsins nr. M-28/1995 þykir óhjákvæmilegt, að skorið verði úr um frávísunarkröfu stefnda, áður en tekin verður ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna, enda felur dómurinn í sér, að höfð verði hliðsjón af dómkröfum í málinu við ákvörðun um þau atriði, sem meta skal. Þá er jafnframt litið til þess, að stefndi hefur mótmælt því, að dómkvaðning nái fram að ganga.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna er frestað, þar til leyst hefur verið úr frávísunarkröfu stefnda.

Miðvikudaginn 10. janúar 1996.

Nr. 9/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hálfdáni Ingasyni

Kærumál. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. janúar 1996. Kærð er viðurlagaákvörðun 8. nóvember 1995 á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst ónýtingar hinnar kærðu ákvörðunar, svo að vísa megi málinu heim í hérað til dómsmeðferðar að nýju.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Hinn 23. október 1995 gaf lögreglustjórinn í Reykjavík út ákæru á hendur varnaraðila „fyrir að aka bifreiðinni KD-032 að kvöldi sunnudagsins 3. september 1995 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um Hverfisgötu og Nóatún í Reykjavík að Brautarholti, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn". Í ákæru er brotið talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Var þess krafist, að varnaraðili yrði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. sömu laga, sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr. 44/1993.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. nóvember 1995, og viðurkenndi varnaraðili þar háttsemi þá, sem honum var gefin að sök í ákæru. Lagði sækjandi til, að málinu yrði lokið samkvæmt heimild í 124. gr. laga nr. 19/1991, sem varnaraðili féllst á og dómari samþykkti. Ákvað dómari þau viðurlög á hendur varnaraðila, að hann greiddi 60.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna, en sætti ella varðhaldi í 12 daga, jafnframt, að varnaraðili greiddi 4.940 krónur í sakarkostnað.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila gekkst hann undir dómsátt vegna umferðarlagabrots 8. ágúst 1984, 8.000 króna sekt og svipt-

ingu ökuleyfis í 12 mánuði. Þá hefur varnaraðili tvívegis hlotið refsidóma vegna umferðarlagabrota, í fyrra sinn 24. nóvember 1986, 24.000 króna sekt og sviptingu ökuleyfis ævilangt, og hið síðara 23. apríl 1990, 75.000 króna sekt og sviptingu ökuleyfis ævilangt.

Í 1. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, segir, að svipta skuli mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns varhugavert, að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Svipting ökuréttar skal vera ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað öðru sinni, en hún felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt framangreindu má ætla, að skilyrði hefðu verið til að svipta varnaraðila enn ökurétti ævilangt. Sú ákvörðun héraðsdómara að ljúka málinu án þeirra viðurlaga verður hins vegar ekki talin slík, að hún sé fjarstæð í merkingu 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991. Eru því ekki efni til að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun skal vera óröskuð.

Miðvikudaginn 10. janúar 1996.

Nr. 425/1995. **Aðalsteinn Eggertsson**
Edda I. Eggertsdóttir
Valdís Halldórsdóttir
Sigurður Egilsson
Egill Egilsson
Ingunn Egilsdóttir
Kristjana Eggertsdóttir
Ólafur Þ. Ólafsson
Hreiðar Grímsson
Jón Gíslason og
Kristján Oddsson
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni
Snorra Erni Hilmarssyni
Gunnari Kristjánssyni
Jóni R. Lárussyni
Guðbrandi Hannessyni
Jóni Steinari Vilhjálmssyni
Haraldi Jónssyni
Sigurði Guðmundssyni
Ólöfu Þorgeirsdóttur
Páli Ingólfssyni
Magnúsi Sæmundssyni
Hermanni Ingólfssyni
Kristjáni Finnssyni
Guðnýju Ívarsdóttur
Ólafi Ólafssyni
Siggeiri Ólafssyni
Einari Ólafssyni
Signýju Ólafsdóttur
Sigríði Ólafsdóttur
Guðmundi Ólafssyni
Sævari Arngrímssyni
Ólöfu S. Arngrímsdóttur
Þórunni Einarsdóttur

Halldóru Ingibjörnsdóttur
Sigríði Ingibjörnsdóttur
Ólafi Ingibjörnssyni
Gísla Ellertssyni
Bjarna Kristjánssyni
Pétri Lárussyni
Guðmundi Magnússyni
Þórunni Einarsdóttur
Kjósarhreppi
Sigrúnu Vilhelmínu Eiríksdóttur og
Skúla Geirssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Lög um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Um kæruheimild vísa þeir til c-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að teknar verði til greina kröfur þeirra um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, svo sem þær eru fram settar í matsbeiðni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir, sem hafa látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti, eru fyrirsvarsmenn eftirtalinna jarða: Sogns I og II, Reynivalla, Vindáss, Hækingsdals, Fremra-Háls, Írafells, Möðruvalla I og II, Eyja I og II, Hjalla, Grjóteyrar, Flekkudals, Meðalfells, Þorláksstaða, Káraness, Káraneskots, Bæjar, Eyrarkots, Hurðarbaks og Hlíðaráss. Þeir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með dómi Hæstaréttar 20. mars 1995 í máli nr. 66/1995 er hafnað kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 á þeirri forsendu, að ekki hefði verið leyst úr þeirri grundvallarspurningu, hvaða ástæður liggi að baki ætluðu tjóni

þeirra. Í þessu máli hafa sóknaraðilar lagt fram nýja beiðni, þar sem þeir krefjast dómkvaðningar matsmanna samkvæmt fyrrnefndum lögum til að meta, hvaða ástæður liggi að baki tjóni þeirra, auk þess að meta sömu atriði og fyrri matsbeiðni sneri að. Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, getur þetta álitaefni ekki átt undir matsmenn, sem dómkvaddir eru samkvæmt nefndum lögum. Verður um dómkvaðningu þeirra að fara eftir almennum reglum.

Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 18. maí 1995 og tekið til úrskurðar 1. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Aðilar matsmáls þessa eru eigendur ofangreindra jarða, sem allar eru í Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

Matsbeiðendur krefjast þess, að hin umbeðna dómkvaðning, eins og hún er sett fram í matsbeiðninni, nái fram að ganga og dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða vatnasvæði Veiðifélags Kjósarhrepps og meta:

1. Matsbeiðendur telja sig hafa orðið fyrir tjóni, að mun öðrum veiðiréttareigendum fremur, vegna gerðar fiskvegar (laxastiga) í Laxfossi í Laxá í Kjós á árunum 1972 og 1973. Tjónið felist í því, að tekjur þeirra af veiðirétti jarðanna hafi bæði beint og hlutfallslega lækkað í framhaldi af gerð fiskvegarins. Er þess óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn staðreyni og meti, hvaða ástæður liggi að baki tjóni matsbeiðenda.

2. Komist hinir dómkvöddu matsmenn að þeirri niðurstöðu, að matsbeiðendur hafi öðrum veiðiréttareigendum fremur orðið fyrir tjóni vegna gerðar fiskvegar í Laxá, er þess farið á leit, að þeir ákveði og meti til peningaverðs miðað við verðlag á matsdegi skaðabætur fyrir það tjón, sem matsbeiðendur hafa orðið fyrir öðrum veiðiréttareigendum fremur vegna gerðar fiskvegarins í Laxfossi samfara og í framhaldi af arðsmati, sem var breytt 30. desember 1978 og aftur 8. maí 1987, allt til matsdags.

3. Þá er þess farið á leit, að matsmenn ákveði kostnað af mati og skiptingu hans milli aðila.

Þess er óskað, að störf matsmanna beinist að því að skera úr þeirri grundvallarspurningu, sem fram kemur í 1. lið, áður en skaðabætur samkvæmt 2. lið verða metnar og kostnaður af mati og skipting hans á aðila samkvæmt 5. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 verði ákveðinn. Þess er beiðst, að metið verði sérstaklega tjón einstakra matsbeiðenda. Þá er þess óskað, að niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna verði rökstudd sérstaklega með vísan til 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Matsþolar krefjast þess aðallega, að synjað verði um beiðni um dómkvaðningu matsmanna á grundvelli laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, en til vara, ef til dómkvaðningar kemur, að synjað verði þeirrar kröfu, að matsmenn ákveði, hver skuli bera kostnað af mati og greiðslu hans samkvæmt 5. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi matsbeiðenda.

II.

Á árunum 1972-1973 var gerður fiskvegur (laxastigi) í Laxfossi í Laxá í Kjósarsýslu. Var framkvæmdum þessum ætlað að auka heildarveiði og þar með heildararðsemi árinnar. Eftir að fiskvegurinn var gerður, hefur tvívegis farið fram yfirmat á arðskrá vatnasvæðisins. Segja matsbeiðendur, að arðshlutfall jarða þeirra hafi lækkað að meðaltali um 41,41%, enda þótt meðalveiði vatnasvæðisins hafi ekki breyst. Sé þetta í algjörri andstöðu við þær forsendur, sem lagðar hafi verið til grundvallar við gerð fiskvegarins. Með matsbeiðni, dagsettri 3. ágúst 1994, óskuðu sömu matsbeiðendur eftir því, að dómkvaddir yrðu matsmenn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði til að meta tjón þeirra. Með dómi Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur að niðurstöðu til, var beiðni þeirra hafnað. Í dóminum segir orðrétt: „Matsbeiðni sóknaraðila beinist ekki að því að fá úr því skorið, hvaða ástæður liggi að baki ætluðu tjóni þeirra. Þegar þess er gætt, að matsreglur laga um lax- og silungsveiði hafa að þessu leyti sérstöðu, svo sem vegna fyrirmæla 5. mgr. 95. gr., sbr 7. gr. laga nr 63/1994 um greiðslu kostnaðar af matsgerð, var þörf á, að leyst yrði úr þessari grundvallarspurningu, áður en stofnað yrði til matskostnaðar, sem hugsanlega yrði felldur á varnaraðila."

III.

Matsbeiðendur telja, að með matsbeiðni þeirri, sem hér er til umfjöllunar, hafi þeir bætt úr þeim ágöllum, sem Hæstiréttur taldi vera á fyrri matsbeiðni. Krafa matsbeiðenda sé byggð á því, að við gerð fiskvegarins í Laxfossi árið 1972 hafi það verið forsenda af hálfu landeigenda fyrir neðan Laxfoss, að jarðir þeirra héldu óskertum hlutfallslegum arði af vatnasvæðinu eftir gerð fiskvegarins. Hafi matsbeiðendur í matsbeiðni sinni sýnt fram á, að meðalveiði á vatnasvæðinu hafi ekki aukist, og sé vísað til niðurstöðu „Talnakönn-

unar“ frá 11. apríl 1994 í því sambandi. Á sama tíma hafi arðsprósenta þessara jarða minnkað verulega, þ. e. úr því að vera 48,64% samanlagt í að vera nú 33,36%, eða um tæpan þriðjung. Þessa minnkandi arðsprósentu telji matsbeiðendur mega a. m. k. að hluta til rekja til gerðar fiskvegarins og framkvæmdar laga nr. 76/1970 að þessu leyti, sem hafi orðið til þess að færa verulegar tekjur af ánni til veiðiréttareigenda ofan Laxfoss frá eigendum jarða neðan hans. Matsbeiðendur telja, að með gerð laxastigans í endanlegri mynd hafi afnotaréttur matsbeiðenda verið takmarkaður, en arður af ánni sé beint endurgjald fyrir afnotarétt veiðiréttareigenda. Matsbeiðendur telji, að tjón sitt af afnotamissi, sem þeir hafi orðið fyrir öðrum fremur, þurfi þeir ekki að bera bótalaust, en mat á því, hvort tjón hafi orðið með þessum hætti, og þá, hve það sé mikið, eigi að ákvarðast af matsmönnum, sem dómkvaddir séu með heimild í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Þá vísi matsbeiðendur einnig á 3. mgr. 96. gr. laga nr. 76/1970. Telji matsbeiðendur, að þeir eigi rétt á því að leggja þetta álitaefni fyrir sérfróða matsmenn, sem kveði á um, hvort tjónið verði rakið til fiskvegarins og hve mikið það sé.

Af hálfu matsþola er skírskotað til þess, að á fundi Veiðifélags Kjósarhrepps 8. maí 1971 hafi verið samþykkt samhljóða, að gerður yrði fiskvegur í Laxfossi í Laxá í Kjós og meðal þeirra, sem samþykkt hafi fiskveginn, hafi verið matsbeiðendur og eina athugasemdin, sem gerð hafi verið, hafi komið frá umboðsmanni Laxárness, sem áskilið hafi umbjóðendum sínum allan rétt, ef veiðiaðstaða fyrir landi jarðarinnar skertist vegna þessara framkvæmda. Öllum hafi hins vegar mátt vera ljóst, að með tilkomu stigans myndi veiði að einhverju leyti aukast fyrir ofan hann, þar sem leið fisksins um Laxfoss yrði greiðari en ella. Þá liggi fyrir álit veiðimálastjóra þess efnis, að veiðiaðstaða við Laxfoss hafi ekki breyst þrátt fyrir tilkomu stigans. Eftir að fiskvegurinn var gerður, hafi tvívegis farið fram endurskoðun á arðskrá Veiðifélags Kjósarhrepps samkvæmt 50. gr., sbr. 94. gr. laga nr. 76/1970, og í báðum tilvikum dómkvaddir undir- og yfirmatsmenn í samræmi við lögin. Í þessu mati hafi verið tekin afstaða til þess, að fiskvegur var kominn í Laxfoss og hvaða áhrif tilkoma hans kynni að hafa á arðskrána. Hafi matsmenn því þegar tekið afstöðu til þess ágreiningsefnis, sem hér sé krafist mats á, og jafngildi yfirmatið endanlegri úrlausn þess, hvort matsbeiðendur hafi átt rétt á hærra arðshlutfalli en þar er ákveðið eða ekki.

IV.

Matsbeiðendur styðja beiðni sína um dómkvaðningu matsmanna í máli þessu við 3. mgr. 96. gr., sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994 um breytingu á þeim lögum.

Samkvæmt 1. mgr. 96. gr. lax- og silungsveiðilaga á veiðieigandi, er veiði

átti, áður en lögin komu til framkvæmda, og missti hana að mestu leyti eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, rétt til skaðabóta eftir mati.

Er lögum um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 var breytt með lögum nr. 76/1970, var bætt við 108. gr. þágildandi laga nr. 53/1957 því ákvæði, sem nú er óbreytt í 3. mgr. 96. gr. núgildandi laga um ofangreint efni. Í lagagreininni er ákvæði um bótarétt þess, sem í öðrum tilvikum en í 1. mgr. 96. gr. greinir hefur orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laganna.

Í athugasemdum með þessu ákvæði laganna, sem þá var nýmæli, segir svo: „Í nefndinni var um það rætt, hvort setja bæri beinar og meiri lagahömlur en frv. gerir ráð fyrir á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum. Eigi þótti tiltækt að gera það nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Hins vegar er veiðifélögum með 61. gr. frv. [33. gr. frv., sem var breyting á 61. gr. laga nr. 53/1957] veittur réttur til að takmarka í friðunarskyni með 2/3 [3/5] hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið. Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það, sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra, er af því bíða tjón.“ Af athugasemdum þessum verður ráðið, að tilgangur þessa lagaákvæðis sé að bæta hlutaðeigandi veiðiréttareigendum það tjón, sem þeir verða fyrir vegna friðunar veiðifélaga á ákveðnum veiðisvæðum umfram það, sem lögin kveða á um. Af því leiðir, að ekki verður talið, að bótareglur ofangreindrar lagagreinar gildi um atvik þau, er liggja að baki matsbeiðni í máli þessu.

Í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 4. gr. laga nr. 63/1994, er að finna bein fyrirmæli um fullar bætur eftir mati eða samkomulagi þeim til handa, er lætur af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér. Matsbeiðni er ekki reist á bótarétti samkvæmt þessu ákvæði laganna, heldur því, að tekjur þeirra hafi lækkað hlutfallslega í framhaldi af gerð fiskvegarins í Laxfossi á árunum 1972-1973. Þá er matsbeiðni ekki heldur reist á ákvæðum IX. kafla laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að ekki séu lagaskilyrði eftir matsreglum lax- og silungsveiðilaga til dómkvaðningar matsmanna samkvæmt þeim lögum til að meta það, sem í matsbeiðni greinir, og er því óhjákvæmilegt að hafna henni.

Málskostnaður verður ekki ákveðinn í máli þessu.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri kröfu um dómkvaðningu matsmanna er hafnað.

Miðvikudaginn 10. janúar 1996.

Nr. 419/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Agnesi Bragadóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Vitni. Þagnarskylda. Blaðamenn. Opinberir starfsmenn. Bankar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur sama dag um, að varnaraðila sé „skylt að koma fyrir dóm sem vitni til skýrslugjafar í RLR-máli nr. 3455/95". Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að varnaraðila sem vitni verði gert að svara spurningum um,

„ – hvaða skriflegar heimildir það hafi haft undir höndum til að byggja greinaskrif sín á,

– hver hafi látið því í té þær skriflegu heimildir eða aðrar upplýsingar sem það byggði greinaskrif sín á".

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins um að henni verði gert að svara framangreindum spurningum fyrir dómi.

Ríkissaksóknari hefur komið athugasemdum sínum á framfæri við Hæstarétt. Kemur þar fram, að embætti hans krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms, og jafnframt, að ríkissaksóknari lítur svo á, að varnaraðili sé vitni í málinu. Henni sem blaðamanni hafi verið vítalaust að taka við trúnaðarupplýsingum bankans, hvort sem hún hafi gengið eftir þeim eða ekki. Hún hafi ekki brotið neinar reglur, sem varðað geti hana refsingu.

I.

Tildrög ágreinings aðila um vitnaskyldu varnaraðila eru rakin í hinum kærða úrskurði. Þar kemur fram, að sóknaraðili hafi farið

þess á leit við dóminn með vísan til 74. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðili yrði kvödd fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu varðandi ætlað brot á þagnarskyldu samkvæmt 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili ritaði greinar í Morgunblaðið dagana 25., 26., 28. og 29. mars 1995 um skuldaskil Sambands íslenskra samvinnufélaga, en félagið gekk til nauðasamnings, sem staðfestur var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1994. Í greinunum virðist byggt á óvenjunáinni vitneskju um viðskipti þau, sem verið er að lýsa. Á vegum sóknaraðila fer nú fram rannsókn að fyrirmælum ríkissaksóknara á því, hvort varnaraðili hafi við samningu greinanna stuðst við trúnaðargögn eða trúnaðarupplýsingar, sem hún hafi fengið hjá einhverjum starfsmönnum Landsbanka Íslands, er bundnir séu þagnarskyldu sem bankastarfsmenn og/eða opinberir starfsmenn. Fyrirmælum ríkissaksóknara fylgdi samantekt bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, þar sem fram kemur listi yfir trúnaðargögn, sem hér gætu komið til greina. Varnaraðili kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 6. nóvember 1995 og neitaði þá að svara spurningum um heimildir sínar að greinunum. Varnaraðili kom fyrir héraðsdóm 17. nóvember 1995 og neitaði að svara spurningum sóknaraðila, sem fram koma í kröfugerð hans hér fyrir dómi. Í ályktarorðum hins kærða úrskurðar er niðurstaða héraðsdómara ekki skýrlega greind. Skilja verður þó úrskurð héraðsdómara svo, að hann leggi fyrir varnaraðila að koma fyrir dóm og svara þessum spurningum.

Varnaraðili styður neitun sína í fyrsta lagi við ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991 og í öðru lagi 1. mgr. 53. gr. sömu laga. Varnaraðili er blaðamaður og getur því verið undanskilin því að svara ákveðnum spurningum, en það breytir engu um það, að henni er skylt að koma fyrir dóm sem öðrum þegnum þjóðfélagsins, sbr. 49. gr. laga nr. 19/1991. Verður ekki séð, að um það sé ágreiningur í máli þessu. Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því, að varnaraðili geti ekki færst undan að svara spurningum sem vitni með vísun til 51. gr. laga nr. 19/1991. Jafnframt liggur það nú fyrir, að af hálfu ákæruvaldsins er litið svo á, að varnaraðila hafi verið vítalaust að taka við upplýsingum frá starfsmönnum Landsbanka Íslands, þótt þær væru trúnaðarupplýsingar.

II.

Samkvæmt framanskráðu fer því eftir skýringu 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991, hvort varnaraðila er skylt að svara fyrir dómi þeim spurningum, sem felast í kröfugerð sóknaraðila. Ákvæðið hljóðar svo:

„Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni, sem birt er opinberlega, er óskylt að skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu, sem hefur birst, án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við, ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi."

Varnaraðili ritaði greinarnar í eigin nafni og ber sem höfundur ábyrgð á efni þeirra samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Skýra ber ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 svo, að það nái til tilviks þess, sem hér um ræðir. Ákvæðið undanskilur varnaraðila ekki frá vitnaskyldu, sbr. 49. gr. sömu laga, heldur því að svara spurningum um heimildarmenn að frásögninni, nema svo standi á sem í ákvæðinu greinir. Efni ákvæðisins á rót sína að rekja til ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi og byggist á þeim sjónarmiðum, að það sé almennt æskilegt og í samræmi við lýðræðishefðir, að almenningur fái að fylgjast með því, sem er að gerast í þjóðfélaginu. Verði ábyrgðarmenn efnis, sem birtist opinberlega, að gefa upp heimildarmenn sína, sé það til þess fallið, að efni, sem eigi erindi við almenning, birtist ekki.

Undanþáguákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 53. gr. byggist aftur á móti á því, að hagsmunir þjóðfélagsins af því, að alvarleg refsiverð brot séu upplýst, geti verið svo brýnir, að þessi heimild ábyrgðarmannanna til að gefa ekki upp heimildarmenn sína verði að víkja. Þá byggist ákvæðið einnig á því, að svo mikilvægir opinberir og einstaklingsbundnir hagsmunir séu því tengdir, að opinberir starfsmenn virði þagmælsku um það, sem leynt á að fara lögum og eðli máls samkvæmt, að umrædd heimild hljóti að þoka.

Það heyrir undir dómstóla að meta það í hverju tilviki, hvort spurning sé svo löguð, að ábyrgðarmaður geti borið fyrir sig ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 um að gefa ekki upp heimildarmenn,

og einnig, hvort rannsóknarhagsmunir séu svo ríkir eða svo mikilsverður trúnaður brotinn, að þessi regla eigi ekki að gilda.

III.

Í málinu liggja fyrir skýrslur, sem nokkrir starfsmenn Landsbanka Íslands hafa gefið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Jafnframt hefur Sigurður Markússon, fyrrverandi stjórnarformaður Sambands íslenskra samvinnufélaga, gefið þar skýrslur. Í skýrslum þessum kemur fram, að ýmis gögn hafa verið kynnt skýrslugefendum og þeir spurðir, hvort þeir hafi haft þau undir höndum og hvort þeir hafi komið þeim á framfæri við varnaraðila. Gögn þessi munu varða skuldaskil Sambands íslenskra samvinnufélaga, og telur bankaeftirlitið ljóst, að varnaraðili hafi haft einhver þeirra í fórum sínum, þegar hún ritaði greinarnar. Sóknaraðili telur, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að gögnin hafi borist varnaraðila frá einhverjum yfirmönnum Landsbanka Íslands, sem sé opinber stofnun. Með þessu hafi sá, er afhenti gögnin, rofið þagnarskyldu sína og orðið með því sekur um alvarlegt trúnaðarbrot. Ríkir hagsmunir séu því þess vegna tengdir, að varnaraðili greini frá því, hver eða hverjir séu heimildarmenn.

IV.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 43/1993 hvílir þagnarskylda á starfsmönnum viðskiptabanka og sparisjóða um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar, og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Ákvæði þetta byggist á því, að það geti bæði skaðað hagsmuni banka og sparisjóða og viðskiptamanna þeirra, sé þagmælsku ekki gætt. Landsbanki Íslands er í eigu ríkisins, og fallast verður á það með héraðsdómara að starfsmenn bankans séu opinberir starfsmenn, er falli undir ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga.

Samband íslenskra samvinnufélaga hafði um langa hríð verið eitt umsvifamesta fyrirtæki landsins, og vörðuðu málefni þess fjölmarga aðila. Opinber umræða um málefni sambandsins og skuldaskil getur því haft almennt gildi sem og umræða um hag og starfsaðferðir lánastofnana í landinu. Nauðasamningi sambandsins lauk með stað-

festingu hans samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1994. Í skýrslu Sigurðar Markússonar, fyrrverandi stjórnarformanns, 5. desember 1995 kemur fram, að hann telur, að greinar varnaraðila hafi ekki skaðað hagsmuni sambandsins. Þá hefur Landsbanki Íslands ekkert frumkvæði haft að þessu máli. Þar sem nauðasamningi er lokið og skuldaskil sambandsins gengin í gegn, eru ekki sömu hagsmunir tengdir þeim trúnaðarupplýsingum, sem varnaraðili er talin hafa haft undir höndum við samningu greinanna og annars hefði verið. Eins og mál þetta liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á, að svo ríkir hagsmunir séu í húfi fyrir Landsbanka Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga sem viðskiptamann hans, almenning eða rannsóknarvald, að varnaraðili geti ekki borið fyrir sig fyrri málslið 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991. Kröfum sóknaraðila er því hafnað, að því er varðar síðari spurningu sóknaraðila. Fyrri spurning sóknaraðila er hér í því horfi, að svar við henni gæti falið í sér svar við síðari spurningunni. Henni er því einnig hafnað. Er þá ekki tekin afstaða til þess, hvort varnaraðili þurfi að svara spurningum um tiltekin heimildargögn, verði það gert, án þess að með því sé ljóstrað upp um heimildarmann hennar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðila, Agnesi Bragadóttur, er ekki skylt að svara framangreindum spurningum sóknaraðila, Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Agnesi Bragadóttur, kt. 190952-3989, blaðamanni á Morgunblaðinu, verði með úrskurði gert að svara spurningum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um, hvaða skrifleg gögn hún hafi haft undir höndum og frá hvaða mönnum hún hafi fengið gögn og

upplýsingar, er hún ritaði greinar sínar í Morgunblaðið 25., 26., 28. og 29. mars 1995, – þ. e. vitninu verði gert skylt að svara spurningum um, á hvaða heimildum hún hafi byggt greinaskrifin.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að framangreindrar kröfu sóknaraðila verði synjað.

II.

Með bréfi, dagsettu 7. nóvember sl., fór sóknaraðili þess á leit við dóminn með vísan til 74. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að varnaraðili yrði kvödd fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu um ætlað brot á þagnarskyldu skv. 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í RLR-máli nr. 3455/95. Beiðnin er sett fram vegna opinberrar rannsóknar, er beinist að því að upplýsa, hvort varnaraðili hafi við ritun greinaflokks, sem birtist í Morgunblaðinu dagana 25., 26., 28. og 29. mars sl. um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga, byggt skrif sín á trúnaðarupplýsingum, sem ætla megi, að maður, sem bundinn er þagnarskyldu samkvæmt lögum nr. 43/1993, hafi látið varnaraðila í té. Í greinaflokki þessum var meginumfjöllunarefnið, hvernig Landsbanka Íslands tókst að leysa upp viðskiptaveldi sambandsins, án þess að bankinn yrði fyrir milljarðatapi.

Ríkissaksóknari mælti fyrir um rannsókn þessa af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 1. ágúst sl., eftir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafði með bréfi, dagsettu 26. júlí sl., lagt málið fyrir ríkissaksóknara. Í samantekt bankaeftirlitsins, sem fylgdi bréfi þess til ríkissaksóknara, eru tilfærð dæmi um ummæli í blaðagreinunum um endalok sambandsins, sem talin eru vera tekin upp úr eða styðjast við gögn Landsbankans um uppgjör sambandsins. Í samantektinni eru einnig listuð upp gögn, allt trúnaðargögn eða trúnaðarupplýsingar, sem bankaeftirlitið telur, að varnaraðili hafi haft undir höndum eða haft upplýsingar um við ritun blaðagreinanna.

Við lögregluyfirheyrslu 6. nóvember sl. neitaði varnaraðili að svara spurningum um, við hvaða heimildir hún hafi stuðst við greinaskrifin, sem og öðrum spurningum, er lutu að heimildum hennar og heimildarmanni eða -mönnum. Lýsti hún því yfir, að hún teldi synjun sína um heimildir og heimildarmenn eiga stoð í 8. kafla laga nr. 19/1991. Í framhaldi af því sendi sóknaraðili málið til dómsins. Við skýrslutöku hér fyrir dómi 17. nóvember sl. neitaði varnaraðili að svara framangreindum spurningum, og krafðist sóknaraðili þess þá, að varnaraðila yrði með úrskurði lýst rétt og skylt að svara spurningunum.

Af hálfu sóknaraðila og varnaraðila hafa verið lagðar fram greinargerðir.

Eftir framlagningu þeirra fór fram munnlegur málflutningur 6. þ. m., en að svo búnu var málið tekið til úrskurðar.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að starfsmenn ríkisbankans Landsbanka Íslands, svo sem bankastjórar og bankaráðsmenn, gegni opinberu starfi í skilningi XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þagnarskyldubrot starfsmanns ríkisbanka sýnist beinlínis varða við 136. gr. laga nr. 19/1940, enda sé þar fjallað um brot í opinberu starfi. Væri þetta ákvæði ekki í XIV. kafla laganna, myndi þagnarskyldubrot starfsmanns ríkisbanka væntanlega varða við 43. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 49. gr. laga nr. 19/1991 sé öllum skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Frá þessari meginreglu séu mikilvægar undantekningar, sem komi fram í 50.–55. gr. laganna. Það ákvæði, sem hér skipti máli, sé í 1. mgr. 53. gr. laganna, en það sé sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna. Túlka verði ákvæðið þannig, að þeim, er ábyrgð ber að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni, sem birt er opinberlega, sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur eða heimildarmaður að grein eða frásögn, sem birst hefur, nema vitnisburðar sé krafist vegna afbrots, er ætla megi, að varða muni þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Gögn málsins beri með sér, að vitnisburðurinn sé nauðsynlegur fyrir rannsóknina. Mikilvæg ástæða bankaleyndar séu hagsmunir einstakra viðskiptamanna bankans af því, að málefni, sem varða fjárhag þeirra og bankinn fær vitneskju um, verði ekki opinberuð óviðkomandi aðilum. Þessir hagsmunir geti verið afar mikilvægir, t. d. þegar samband viðskiptavinarins við bankann varðar þýðingarmikil viðskiptaleyndarmál, en þetta geti einnig varðað persónulega hagsmuni.

Bankaleyndin myndi ekki hafa verið eins lífseig og raun ber vitni, ef einungis væri um að ræða tillitið til einkahagsmuna viðskiptavina bankans. Skýringin á því, hve lífseig bankaleyndin er, hljóti að vera fólgin í þýðingu og mikilvægi leyndarinnar fyrir markmið bankakerfisins. Óundanþæg forsenda þess, að bankarnir eigi að geta fullnægt hlutverki sínu í atvinnulífinu og samfélaginu í heild, sé, að þeir auðsýni viðskiptavinum sínum trúnað og láti viðskiptavini sína njóta trúnaðar. Grundvallarskilyrði þess, að aðili fái í raun tækifæri til að geyma trúnaðarmál annars, sé, að hann varðveiti þau leyndarmál, sem honum sé trúað fyrir. Viðskiptavinir, sem tapi trausti sínu á banka, er bregst trúnaði þeirra, snúi sér til annarra banka.

Ætla megi, að í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi forsvarsmaður ríkisbanka, bankastjóri eða bankaráðsmaður, brugðist trúnaði viðskiptamanns bankans og um leið bankanum, sem hann starfar við. Miklu skipti, að trúnaðarbresturinn verði upplýstur, enda mikið í húfi.

Af hálfu varnaraðila er á það bent, að verið sé að rannsaka, hvort bankastarfsmenn hafi gerst sekir um refsiverð brot gegn 43. gr. laga nr. 43/1993, þar sem kveðið sé á um þagnarskyldu starfsmanna viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 100. gr. sömu laga. Sóknaraðili vísi einnig til þess, að brotið hafi verið gegn 136. gr. almennra hegningarlaga. Því sé mótmælt, að sú lagatilvísun geti átt við, sé það talið skipta máli, þar sem þagnarskylda bankastarfsmanna sé að öllu leyti hin sama skv. lögum nr. 43/1993, hvort sem banki sé í eigu ríkisins eða einkaaðila.

Krafa varnaraðila um að vera undanþegin vitnaskyldu sé í fyrsta lagi reist á 51. gr. laga nr. 19/1991. Þar sé kveðið svo á, að manni sé ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla megi, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um, að hann hafi framið refsiverðan verknað. Hér standi svo á, að verið sé að rannsaka, hvort starfsmenn banka hafi brotið lagareglur um þagnarskyldu. Ef þær sakargiftir væru réttar, sé væntanlega um að ræða trúnaðarmál, sem varnaraðili eigi að hafa birt í Morgunblaðinu með greinum sínum. Sé einhver fótur fyrir þessum rannsóknartilefnum, sé væntanlega ljóst, að varnaraðili kynni með vísan til 22. gr. laga nr. 19/1940, hvort sem er beint vegna 136. gr. sömu laga eða með lögjöfnun vegna laga nr. 43/1993, að verða talinn hlutdeildarmaður í ætluðum brotum, annaðhvort eða bæði fyrir að hafa aflað ætlaðra trúnaðarupplýsinga eða fyrir að hafa birt þær almenningi í blaðinu. Þessi aðstaða leiði til þess, að 51. gr. laga nr. 19/1991 hljóti að undanþiggja varnaraðila skyldunni til að svara.

Í annan stað bendir varnaraðili á, að réttur hennar til að hafna svörum sé studdur því, að henni sé stöðu sinnar vegna óskylt að gefa upp heimildir sínar að greinunum í blaðinu. Sé þá átt við, að hagsmunir almennings af frelsi fjölmiðla til efnisöflunar og tjáningar yrðu skertir, ef réttarframkvæmd tryggi blaðamönnum ekki réttinn til að virða trúnað við heimildarmenn sína. Vísað sé til 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. áður 72. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt hafi verið lagagildi með lögum nr. 62/1994, og 53. gr. laga nr. 19/1991.

Á því leiki vart vafi, að a. m. k. eftir gildistöku laga nr. 62/1994 og enn frekar eftir breytingu stjórnarskrárinnar með lögum nr. 97/1995 njóti réttur manna til að taka við upplýsingum og miðla þeim áfram sérstakrar verndar. Þessi vernd fái sérstaka þýðingu, þegar í hlut eigi blöð og blaðamenn í lýð-

ræðisríkjum, sem gegni veigamiklu hlutverki í þágu hins lýðræðislega þjóðskipulags. Verði að ætla þeim víðtækt frelsi til að afla sér upplýsinga, án þess að þeir, sem upplýsingar vilja veita án þess að gefa upp nafn sitt, þurfi að óttast, að trúnaður við þá verði rofinn. Nauðsynlegt sé að hafa í huga, að meginefni greina varnaraðila í Morgunblaðinu hafi varðað samskipti félags með víðtækri þátttöku almennings við ríkisbanka. Ljóst sé því, að efnið, sem um var fjallað, varðaði almannahagsmuni og hafi átt fullt erindi til almennings. Við birtingu upplýsinga um slík efni séu fjölmiðlar aðeins að gegna lýðræðislegri skyldu sinni.

Að því er varðar skýringu á 53. gr. laga nr. 19/1991 sé í fyrsta lagi skírskotað til þess, að 1. mgr. undanþiggi varnaraðila skyldu til vitnisburðar. Árétta beri, að það geti ekki átt við hér, að verið sé að rannsaka brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Brot gegn tilgreindum ákvæðum laga nr. 43/1993 varði aðeins sektum eða varðhaldi, þannig, að undanþága greinarinnar eigi beint við, enda hljóti varnaraðili í þessu tilliti að verða lögð að jöfnu við þann, sem „ber ábyrgð á efni prentaðs rits". Jafnvel þótt fótur þætti vera fyrir þeirri ætlan sóknaraðila, að verið sé að rannsaka brot í opinberu starfi, verði aldrei talið, að skilyrðum greinarinnar um nauðsyn vitnisburðar og ríka hagsmuni sé fullnægt. Við mat á hagsmunum verði m. a. að hafa í huga hina enn ríkari hagsmuni, sem varnaraðili vilji vernda.

Verði talið, að framangreindar ástæður dugi ekki til þess að taka kröfur varnaraðila til greina, sé að lokum bent á heimildarákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991. Í því efni sé vísað til þess, sem fyrr sagði um mat á þeim hagsmunum, sem um er fjallað í málinu. Að auki beri að nefna, að það sé ein starfsskylda varnaraðila að virða siðareglur blaðamanna, m. a. um trúnað við heimildarmenn. Með því að úrskurða varnaraðila skylt að svara væri verið að knýja varnaraðila til að brjóta gegn þessum starfsskyldum.

IV.

Heimild sóknaraðila til að leggja mál þetta fyrir dómara er í 74. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Fjallar VIII. kafla laganna um vitni o. fl. 1. mgr. 49. gr. laganna hefur að geyma meginregluna um, að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Undantekningar frá þessari meginreglu er að finna í 50. – 55. gr. laganna. Að því er varðar þá, sem að lögum bera ábyrgð á efni prentaðs rits eða öðru efni, sem birt er opinberlega, er slíkt undanþáguákvæði að finna í 1. mgr. 53. gr. laganna. Fram kemur í greinargerð með lögunum, að ákvæðið sé sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna. Lýtur ákvæðið að því, að framangreindum aðilum sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi, hver sé höf-

undur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu, sem birst hefur, án þess að höfundur væri nafngreindur. Skýra verður ákvæðið þannig, að það taki einnig til þess tilviks, sem hér er til úrlausnar, þ. e., að sá, sem er heimildarmaður, falli einnig undir það. Frá ákvæðinu er hins vegar sú undantekning, að þetta eigi ekki við, ef krafist er vitnisburðar vegna afbrots, sem ætla má, að varða muni þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, en það skilyrði er sett, að vitnisburðurinn sé nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki talið, að greinaskrifin séu varnaraðila saknæm, þannig, að 51. gr. laga nr. 19/1991 eigi við. Verður niðurstaða málsins einungis reist á því, hvernig beita skuli 1. mgr. 53. gr. laganna. Í því sambandi verður fyrst að líta til þess, að sá banki, sem grunur leikur á, að trúnaðargögn og trúnaðarupplýsingar séu komin úr, er í eigu íslenska ríkisins.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að ákvæði almennra hegningarlaga um þagnarskyldu eigi við um bankastarfsmenn. Gildi þar einu, hvort þeir séu starfsmenn einkabanka eða ríkisbanka. Um þá gildi einungis ákvæði laga nr. 43/1993, og því eigi skírskotun til 136. gr. laga nr. 19/1940 ekki við. Fram kemur í gögnum málsins, að grunur sóknaraðila beinist einkum að því, að fyrirsvarsmaður Landsbankans, bankastjóri eða bankaráðsmaður, sé heimildarmaður og sá, sem afhent hafi trúnaðargögnin. Á því leikur ekki vafi, að þeir, sem að framan eru nefndir, eru opinberir starfsmenn í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. hrd. í málinu nr. 146/1995, og falla því, hvað refsiábyrgð varðar, undir ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Samanburður á þeim hluta rannsóknargagna málsins, er flokkast sem trúnaðargögn, við orðalag í blaðagreinum varnaraðila bendir eindregið til, að varnaraðili hafi haft þessi gögn við að styðjast. Er því uppi rökstuddur grunur um, að miðlun upplýsinganna til varnaraðila stafi frá einhverjum þeirra, sem fyrr eru nefndir, og að með því kunni ekki einungis að hafa verið brotið gegn 43. gr. laga nr. 43/1993, heldur einnig 136. gr. laga nr. 19/1940. Við skoðun rannsóknargagna málsins er einnig ljóst, að framhald rannsóknarinnar veltur að verulegu leyti á því, hvort varnaraðili ber vitni um þau atriði, sem krafa sóknaraðila lýtur að. Því skilyrði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991, að vitnisburður sé nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins, er því fullnægt. Eftir stendur þá að meta, hve ríkir hagsmunir séu í húfi, að réttlætt geti framgang kröfu sóknaraðila. Þess er þá fyrst að geta, að þess sér hvergi stað í gögnum málsins, sá aðili, sem trúnaður virðist hafa verið brotinn gagnvart, hafi látið uppi álit um, að hann hafi skaðast vegna greinaskrif-

anna eða að athugasemdir hafi verið gerðar við þau af hans hálfu. Nærlægast væri því að láta við svo búið sitja. Allt að einu verður hér að líta til fleiri þátta. Eins og áður er að vikið, beinist grunur rannsóknara að tiltölulega fámennum hópi manna, sem liggja þá allir, sekir jafnt sem saklausir, undir grun um ætlað þagnarskyldubrot, er varðað gæti refsingu samkvæmt 43. gr. laga nr. 43/1993 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Einnig verður í þessu samhengi að líta til hlutverks þess aðila, sem hratt rannsókninni af stað, þ. e. bankaeftirlits Seðlabankans. Eins og nafn þeirrar stofnunar bendir til, er hún eftirlitsstofnun með bönkum og sparisjóðum. Myndi það rýra mjög skilvirkni eftirlitsins, ef þeir, sem eftirlitinu sæta, gætu með því, sem sýnist vera yfirborðslegar skýringar og svör, komið sér undan rannsókn.

Að öllu þessu athuguðu og virtu verður niðurstaða dómsins sú, að nægjanlega ríkir hagsmunir séu í húfi í skilningi 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991, til þess að unnt sé að taka kröfu sóknaraðila til greina. Er varnaraðila samkvæmt framansögðu skylt að bera vitni í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Varnaraðila, Agnesi Bragadóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til skýrslugjafar í RLR-máli nr. 3455/95.

Fimmtudaginn 11. janúar 1996.

Nr. 234/1994. **Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Klettaútgáfunni hf.
(Magnús Óskarsson hrl.)
og gagnsök

Samningar. Ógildingu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1994. Hann krefst aðallega greiðslu á 6.340.000 krónum með tilgreindum dráttarvöxtum frá 22. apríl 1993 til greiðsludags. Til vara krefst hann greiðslu á 4.340.000 krónum og til þrautavara 560.000 krónum, í báðum tilvikum með sömu dráttarvöxtum og í aðalkröfu. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjunarstefna var gefin út 6. júní 1994. Af hálfu gagnáfrýjanda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu einni, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Með skriflegu samkomulagi aðila málsins 21. maí 1992 var ákveðið, að aðaláfrýjandi fengi í sinn hlut af hverju seldu eintaki bókarinnar Barnaljóða tiltekna greiðslu „án tillits til kostnaðar útgefanda . . .“. Ekki var um það samið, að þessi greiðsla yrði einhver ákveðinn hluti heildarveltu eða hagnaðar. Gagnáfrýjandi skyldi bera allan kostnað útgáfunnar og alla fjárhagslega áhættu. Stóraukin sala bókarinnar frá því, sem aðilar málsins höfðu getað gert sér í hugarlund, var þeim báðum til hagsbóta, þótt hagnaður gagnáfrýjanda hafi orðið hlutfallslega mun meiri, meðal annars vegna lægri tilkostnaðar á hvert prentað eintak, eftir því sem þau urðu fleiri. Ekki hefur verið sýnt fram á, að við samningsgerðina hafi hallað á aðaláfrýjanda eða framkvæmd við sölu bókarinnar hafi verið öndverð hagsmunum hans. Þótt hinar góðu viðtökur bókarinnar verði að drýgstum hluta raktar til velvildar

kaupenda í garð aðaláfrýjanda, sem léði nafn sitt í söluskyni gegn umsaminni greiðslu, eru ekki skilyrði til að breyta samningi aðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, greiði gagnáfrýjanda, Klettaútgáfunni hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., var höfðað með birtingu stefnu 16. apríl 1993.

Stefnandi er Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, kt. 630591-1129, Reykjavík.

Stefndi er Klettaútgáfan hf., kt. 691091-1209, Ánanaustum 15, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefnda verði gert að greiða honum 6.340.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 22. apríl 1993 til greiðsludags og skuli tildæmdir dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. apríl 1994. Til vara er krafist greiðslu á 4.340.000 krónum með sömu dráttarvöxtum og greinir í aðalkröfu. Til þrautavara er krafist greiðslu á 560.000 krónum með sömu dráttarvöxtum og greinir í aðalkröfu. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

II.

Stefnandi er félag, sem stofnað var í Reykjavík seinni hluta árs 1991 í þeim tilgangi að gæta hagsmuna krabbameinssjúkra barna og aðstandenda þeirra.

Hinn 21. maí 1992 undirrituðu aðilar málsins samkomulag þess efnis, að

stefndi annaðist útgáfu og sölu bókar til stuðnings stefnanda, og bæri hún heitið Barnaljóð. Á framhlið bókarinnar skyldi vera merki stefnanda, enda átti stefnandi að leggja nafn sitt til, meðan á sölu hennar stæði. Bókina skyldi selja í gegnum síma á skrifstofu stefnda, en stefndi átti að bera allan kostnað af útgáfunni og að auki alla fjárhagslega ábyrgð, sem af henni hlytist. Sérstaklega var tekið fram í samningi aðila, að fjárhagsleg ábyrgð stefnanda skyldi engin vera varðandi útgáfuna. Stefndi skyldi gefa út fyrir fram tölusetta reikninga með haus, svo að hægt væri að fylgjast nákvæmlega með sölunni, og skyldu allir reikningar vegna útgáfunnar standa stefnanda opnir. Útsöluverð bókarinnar skyldi ráðast af hlutfalli við kostnað og framleiðslu hennar, en stefnandi átti að fá 125 kr. í sinn hlut af hverju seldu eintaki án tillits til kostnaðar útgefanda, en ráð hafði verið fyrir því gert, að bókin kostaði 1.250 kr.

Bókin kom út stuttu síðar, og var hún seld á 1.600 kr. Af hálfu stefnanda var því sjónarmiði hans komið á framfæri við stefnda, að framlag til stefnanda skyldi vera 10% af söluandvirði bókar, svo sem fram hafði komið í fyrri gögnum aðila, og staðfesti stefndi það. Samkvæmt því fékk stefnandi í sinn hlut 160 kr. af hverri bók.

Stefnandi heldur því fram, að fljótlega eftir að sala bókarinnar hófst, hafi sér borist fyrirspurnir um útgáfuna og ágóðahlut félagsins í henni. Virtist gefið í skyn við sölu bókarinnar, að allur ágóði af sölunni rynni til styrktar stefnanda. Í byrjun júlímánaðar 1992 hafi verið rætt við framkvæmdastjóra stefnda, sem hafi lýst þeirri skoðun sinni, að engin leið yrði að selja bókina, ef upplýsingar yrðu gefnar um, að stefndi væri útgefandi hennar og fengi hluta hagnaðarins. Hafi hann boðið upp á breytingu á samningi aðila, enda væri unnt að selja mikið magn með óbreyttu fyrirkomulagi. Hafi orðið samkomulag um nýjar „sölurullur“ og um leið, að samið skyldi að nýju um útgáfuna. Um sama leyti hafi stefnandi farið að kanna kostnað við gerð bókarinnar, og hafi þá fjárhagsáætlun sú, sem stefndi hafði lagt fram í byrjun, reynst fjarri lagi, enda tilkostnaður hans mun lægri en þar hafði verið ráðgert. Í framhaldi af þessu hafi stefndi lagt fram nýtt yfirlit yfir áætlaðan kostnað við gerð bókarinnar, en stefnandi hafi talið þær tölur, sem þar komu fram, óraunhæfar.

Reynt var að ná samkomulagi milli aðila, m. a. með tilboði, dagsettu 9. september 1992, þar sem stefndi lagði til stighækkandi greiðslur til stefnanda eftir því, sem meira seldist af bókinni. Þessu hafnaði stefnandi, en gerði stefnda gagntilboð, dags. 15. september s. á., þar sem gert var ráð fyrir annarri skiptingu, hagstæðari stefnanda. Í byrjun október 1992 tilkynnti stefndi stefnanda, að hann myndi halda sig við upphaflegan samning. Af

þessu urðu bréfaskipti milli lögmanna aðila og fundir með þeim, en án árangurs.

Í málinu liggur frammi útdráttur Björns E. Árnasonar, löggilts endurskoðanda, á rekstraryfirliti vegna útgáfu Barnaljóða. Kemur þar fram, að prentaðar hafi verið 25.000 bækur, en 19.974 bækur hafi selst og fengist greiddar. Á lager 30. apríl 1992 hafi verið 1.906 bækur, en ekki hafi verið gerð skil á andvirði 3.120 seldra eintaka. Tekjur af útgáfunni hafi samtals verið 34.100.220 kr., en gjöld 24.919.320 kr. Hagnaður hafi því verið 9.108.900 kr., og af því hafi stefnandi fengið 3.280.000 kr. Endanlegur hagnaður stefnda hafi verið 3.555.629 kr.

Með beiðni, dags. 30. ágúst 1993, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta, hver teldist hafa verið líklegur heildarkostnaður við útgáfu og dreifingu bókarinnar miðað við þær forsendur, að prentuð hafi verið a) 25.000 eintök, b) 20.500 eintök og c) 24.000 eintök. Matsmennirnir, Þorgeir Örlygsson prófessor og Sverrir Kristinsson, bókaútgefandi og löggiltur fasteignasali, töldu í matsgerð, að kostnaður hefði numið miðað við gefnar forsendur a) 21.223.467 kr., b) 21.416.927 kr. og c) 23.121.144 kr. Hins vegar töldu þeir hagnað stefnda mun meiri en fram kom í útdrætti endurskoðandans.

Stefndi hefur gert stefnanda skil á 3.280.000 kr., sem miðast við 20.500 seld eintök. Í málsókn stefnanda er gert ráð fyrir sölu 24.000 eintaka og við það miðað, að í bréfi 10. nóvember 1992 hafi lögmaður stefnda upplýst, að 31. október s. á. hafi salan verið komin í 22.657 eintök.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Er byggt á því, að breyta eigi samningi aðila til samræmis við aðal- eða varakröfu stefnanda, þar sem það sé ósanngjarnt af stefnda og andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Styður hann kröfugerð sína einkum eftirtöldum málsástæðum:

Í skriflegum hugmyndum, sem stefndi hafi lagt fram við samningsgerðina, hafi komið fram áætlað útsöluverð bókarinnar. Þar hafi verið gert ráð fyrir, að þau 10%, sem stefnandi átti að fá í sinn hlut, væri allur hagnaður af bókinni, þegar búið væri að greiða hinn beina kostnað við útgáfuna. Er talið, að kostnaðarliðir hafi verið verulega ofáætlaðir í skjali stefnda, þannig, að hann hafi í reynd verið að ákveða sjálfum sér hagnaðarhlut í bókinni, er hafi verið langt umfram þann 10% hlut, sem hann ætlaði stefnanda.

Ekki sé nokkur vafi á því, að hin mikla sala bókarinnar hafi stafað af vilja fólks til að styðja við starfsemi stefnanda. Hefði engin slík söluhvatning komið til, mætti ætla, að ljóðabók á borð við þá, sem hér um ræðir, hefði í besta falli selst í 100–200 eintökum á löngum tíma.

Forstjóri stefnda hafi gert ráð fyrir, að um 7.000 eintök seldust af bókinni. Salan hafi verið mun meiri en stefnandi hafi haft ástæðu til að ætla við samningsgerðina Stefndi hafi hins vegar atvinnu af útgáfustarfsemi og meiri þekkingu en forsvarsmenn stefnanda á efnisatriðum, sem máli skiptu við samningsgerðina.

Stefndi hafi neitað að gefa upplýsingar um fjárhagslega afkomu við útgáfu bókarinnar, þrátt fyrir það að stefnandi teldi sig skv. samningi aðila eiga skýlausan rétt á þeim upplýsingum. Enginn vafi sé á því, að stefndi hafi hagnast gífurlega á útgáfunni.

Meðan á sölu bókarinnar stóð, hefði forsvarsmaður stefnda lýst sig reiðubúinn að endurskoða samninginn stefnanda í hag, enda hefði hann vitað, að stefnandi gæti þegar í stað stöðvað alla frekari sölu bókarinnar með því að upplýsa opinberlega, hvernig háttað væri samskiptum aðila. Frá þessu hafi hann fallið, þegar meginhluti hagnaðarins hafi verið búinn að skila sér.

Stefnandi telur sig hafa fengið vitneskju um, að stefndi hafi ekki þurft að greiða höfundarlaun fyrir birtingu ljóðanna í bókinni. Hafi eigendur höfundarréttar gefið höfundarlaun eftir til hagsbóta fyrir stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru miðaðar við sölu á 24.000 eintökum af bókinni. Er aðalkrafa stefnanda miðuð við breytingu á samningum til samræmis við gagntilboð stefnanda frá 15. september 1992, en samkvæmt því hefðu í heild 9.620.000 kr. átt að renna til stefnanda. Að frádregnum 3.280.000 krónum, sem stefnandi hafi þegar fengið greiddar, sé stefnufjárhæðin 6.340.000 kr. fundin. Varakrafa stefnanda sé miðuð við tilboð stefnda sjálfs frá 9. september 1992, en skv. því séu ógreiddar af hlut stefnanda 4.340.000 kr. Þrautavarakrafa stefnanda sé miðuð við samninginn óbreyttan og þá miðað við 24.000 seld eintök.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan á því reist, að hann hafi í einu og öllu staðið við þann samning, sem hann gerði við stefnanda. Ljóst hafi verið í upphafi, að til beggja vona gæti brugðið um útgáfuna. Stefndi hafi einn borið áhættuna á því, en átt að njóta góðs af, ef vel tækist til.

Stefnanda hafi verið vel kunnugt um, að stefndi hafði atvinnu af útgáfustarfsemi, og því aldrei í vafa um það, að hann hafði í hyggju að hagnast á verkefninu, svo sem markmið slíkra fyrirtækja sé að jafnaði. Skipti því engu máli, hver hagnaður eða tap stefnda kynni að hafa orðið. Um það hafi verið samið, að tiltekið hlutfall af hverri bók rynni til stefnanda, og hafi stefnandi fengið það greitt.

Verði ekki fallist á sýknu af þessum ástæðum, er bent á reikningsyfirlit löggilts endurskoðanda fyrirtækisins, sem unnið hafi verið vegna máls þessa. Taki rekstraryfirlitið aðeins til útgáfu Barnaljóða, en ekki til annarra

þátta í starfsemi stefnda. Sé yfirlit þetta lagt fram umfram skyldu, en stefndi telji ákvæði 5. gr. samnings aðila ekki fela í sér þá skyldu að veita stefnanda aðgang að öðru en tölusettum reikningum úr bókhaldi félagsins. Innheimtu sé hins vegar ekki að fullu lokið, og megi gera ráð fyrir frekari greiðslum. Ekki verði séð, að kostnaðarliðir hafi verið verulega ofáætlaðir, eins og haldið sé fram í stefnu.

Útgáfa bókarinnar hafi verið aðalverkefni stefnda, meðan á henni stóð, og önnur verk mjög smávægilegur hluti starfseminnar. Það hafi tekið allan tíma framkvæmdastjórans, sem hafi verið vakinn og sofinn yfir verkefninu, eins og nauðsynlegt sé, til að árangur náist. Hann hafi líka átt allt sitt undir því, að sala tækist vel.

Stefndi telur skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, ekki fullnægt. Ekkert tilefni sé til að breyta eða víkja samningi aðila til hliðar að nokkru eða öllu, þótt svo ánægjulega hafi tekist til, að stefndi hafi haft hagnað af útgáfunni. Þá er því mótmælt, að viðskiptavenja standi til annarrar niðurstöðu en samningurinn gerir ráð fyrir.

Þá er mótmælt hugmyndum stefnanda um hugsanlegan grundvöll nýs samnings. Í fyrsta lagi séu sölutölur hans rangar og verði því ekki notaðar, og í öðru lagi hafi samningsdrög og uppkast enga þýðingu til viðmiðunar.

Þrautavarakrafa stefnanda komi ekki til álita, enda hafi hann fengið greitt umfram það, sem honum bar.

Fyrir dóminum gáfu aðilaskýrslur Þorsteinn Ólafsson og Skúli Jónsson, stjórnarmenn í stefnanda, og Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda. Þá gáfu vitnaskýrslur Guðmundur Friðrik Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, Arnór Eggertsson, löggiltur endurskoðandi, Óðinn Geirsson prentsmiðjustjóri, Þorgeir Örlygsson prófessor og Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali og bókaútgefandi.

III.

Niðurstaða.

Aðdragandi samnings málsaðila um útgáfu og sölu bókarinnar Barnaljóða var sá, að framkvæmdastjóri stefnda kom að máli við forsvarsmenn stefnanda í apríl 1992 með skriflegar hugmyndir að útgáfu umræddrar bókar til stuðnings stefnanda. Fólst hann í því, að stefnandi skyldi fá 125 kr., þ. e. 10%, af heildartekjum bókar án tillits til kostnaðar útgáfuaðila, en verð bókar var áætlað 1.250 kr. Fram kom, að áætlaður prentkostnaður var 400 kr. á bók auk sölukostnaðar. Ekki var ætlaður hagnaður stefnda af útgáfunni miðað við þessar forsendur.

Í niðurlagi bréfs stefnda segir, að hann hafi gert álíka samkomulag við

nafngreind samtök, og hafi þau fengið í sinn hlut tæpar 2 milljónir króna. Slík fjárhæð væri ekki gulltryggð, en þó væri stefndi tilbúinn til að ganga til samnings um verkið.

Samningur sá, sem aðilar undirrituðu 21. apríl 1992, byggðist í verulegum atriðum á hugmyndum stefnda. Til breytinga heyrir þó m. a., að merki stefnanda skyldi vera á framhlið bókarinnar, en það var gert að beiðni stefnanda, eftir því sem upplýst er í málinu. Þá var í samningnum enn frekar en í hugmyndum stefnda ítrekað, að stefnandi bæri enga fjárhagslega ábyrgð af útgáfu bókarinnar. Í samningnum var tekið fram, að stefnandi skyldi fá í sinn hlut 125 kr. „(Fast)" af seldu eintaki án tillits til kostnaðar útgefanda. Eftir því sem upplýst er í málinu, var þáttur stefnanda í útgáfu bókarinnar enginn, hvorki í efnisvali, prófarkalestri né frágangi hennar.

Sala bókarinnar Barnaljóða hófst um mánaðamót maí/júní 1992, og var verð hennar 1.600 kr. eintakið í stað 1.250 kr., eins og áformað hafði verið. Eftir því sem fram kom í framburði Þorsteins Ólafssonar, stjórnarformanns stefnanda, fyrir dómi, var hækkun á verði bókarinnar ekki mótmælt af hálfu stefnanda. Hins vegar var þess þegar krafist, að hlutur stefnanda hækkaði frá gerðum samningi í 160 kr., og var á það fallist af hálfu stefnda. Ekki verður af gögnum málsins ráðið, að þá hafi verið uppi hugmyndir af hálfu stefnanda um breytingu á samningi aðila að öðru leyti. Mátti stefnanda þó vera ljóst miðað við fyrirliggjandi hugmyndir um skiptingu kostnaðar, að þessi mikla hækkun á útsöluverði bókarinnar væri meira til hagsbóta fyrir stefnda en stefnanda.

Í greinargerð stefnanda kemur fram, að sala bókar, eins og hér um ræðir, væri um 100–200 eintök, nema til kæmi einhver söluhvati. Frá upphafi var ljóst, að sá söluhvati fólst í að tengja nafn stefnanda við útgáfu bókarinnar, enda var texti sá, sem notaður var við sölu bókarinnar, við það miðaður.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi gert ráð fyrir sölu um 7.000 eintaka af bókinni. Af hálfu stefnda hefur þessari tölu verið mótmælt, og hér fyrir dómi taldi Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda, sig aldrei hafa nefnt tölu í þessu sambandi, enda hefði hann ekki haft neina hugmynd um sölumöguleika bókarinnar.

Vitnið Óðinn Geirsson, prentsmiðjustjóri Borgarprents, sem annaðist prentun bókarinnar, skýrði svo frá fyrir dóminum, að af hálfu stefnda hefði verið leitað tilboða hjá fyrirtækinu í prentunina. Hugmyndir um stærð upplags hefðu verið óljósar, en tilboðið hefði gert ráð fyrir þremur möguleikum, þ. e. 1.000, 3.000 og 5.000 eintökum. Miðað við 1.000 eintök væri prentkostnaður á bók um 400 kr., en það er sú tala, sem fram kemur í upphaflegri kostnaðaráætlun stefnda. Hins vegar lækkaði verðið skv. framburði

vitnisins niður í um 225 kr. á bók miðað við 5.000 eintök. Fram kom hjá vitninu, að af hálfu stefnda hefði verið lögð áhersla á að vanda til útgáfu bókarinnar, þ. e. bæði varðandi spjöld og pappír. Meðal annars hefðu allar prentplötur verið teknar að nýju eftir fyrstu prentun og margar fyrir þriðju prentun vegna smávægilegra villna.

Bókin Barnaljóð var fyrst prentuð í júní 1992 í 2.000 eintökum, en næsta prentun var 3.000 eintök, eftir því sem fram kemur í matsgerð. Alls voru prentuð 25.000 eintök af bókinni, hin síðustu í október 1993.

Í matsgerð kemur einnig fram, að bækur sem seljist á bilinu 4.000 til 10.000 eintaka, teljist metsölubækur. Það, að ljóðabók sé prentuð á fimm mánuðum í 25.000 eintökum hér á landi, megi hins vegar teljast einsdæmi í íslenskri bókaútgáfu og bókin Barnaljóð því metsölubók í þeim skilningi, eins og í matsgerð segir. Ætla verður, að það hafi verið ógjörningur fyrir stefnda að sjá fyrir slíka sölu bókarinnar, enda bendir undirbúningur hans að útgáfunni ekki til þess, svo sem rakið hefur verið. Verður ekki fallist á með stefnanda, að forstjóri stefnda hafi neytt aðstöðumunar gagnvart stefnanda að þessu leyti við samningsgerðina.

Hinar góðu viðtökur, sem bókin Barnaljóð fékk, verða vart skýrðar með öðrum hætti en vilja almennings til að styðja við bakið á stefnanda, enda stuðlaði kynning bókarinnar að því. Virðast aðilar hafa orðið sammála um texta, sem notaður var af sölumönnum bókarinnar, en þar kom hvergi fram, að hlutur stefnanda var aðeins lítill hluti af verði bókarinnar. Af greinargerð stefnanda er hins vegar að ráða, að báðum aðilum hafi verið ljóst, að salan myndi stöðvast ef hið sanna kæmi í ljós um þessa skiptingu.

Tveir þættir, þ. e. hækkun á verði bókarinnar annars vegar og hins vegar hin gríðarlega sala hennar, eru meginskýring þess, að samningur aðila varð stefnda mun hagstæðari en stefnanda og raunar mun hagstæðari en hann gat átt von á.

Stefnandi lagði á það mesta áherslu í samningum sínum við stefnda, að áhættuþáttur hans væri enginn. Þá lagði hann ekki til neina vinnu við útgáfu bókarinnar eða söluna umfram það, sem fólst í samningsgerðinni og framkvæmd hennar. Samningur þessi var því í upphafi stefnanda hagstæðari en stefnda, þar sem stefnandi gat aðeins haft af honum hagnað, en brugðið gat til beggja vona hjá stefnda. Hefur samningurinn þegar skilað stefnanda 3.280.000 krónum vegna söluhluta af bókinni. Þá hefur verið upplýst í málinu, að í tengslum við sölu bókarinnar tók stefndi við peningaframlögum þeirra, sem óskuðu ekki eftir að kaupa bókina, en vildu styrkja stefnanda. Hefur stefndi gert stefnanda skil þeirra framlaga. Samningur stefnanda við stefnda hefur því skilað stefnanda verulegum tekjum og jafn-

vel meiri en hann gat vænst, er til hans var stofnað. Þegar tillit er tekið til þess og mið haft af skiptingu áhættu við útgáfu bókarinnar, framlags stefnda svo og óvissu um sölumöguleika bókarinnar, verður ekki séð, að sanngjarnt sé að breyta samningnum vegna þess, að hagnaður stefnanda sé, þegar upp er staðið, minni en hagnaður stefnda.

Í matsgerð kemur fram, að matsmenn telja virkan höfundarrétt á 45 þeirra 86 ljóða, sem birtust í bókinni Barnaljóðum. Stefnandi byggir á því í málinu, að eigendur höfundarréttar hafi gefið höfundarlaun eftir til hagsbóta fyrir stefnanda, og hefur lagt fram yfirlýsingu tveggja höfunda þeirri málsástæðu til stuðnings. Í yfirlýsingum þessum kemur fram, að þeir hafi fellt niður höfundarlaun eingöngu til stuðnings krabbameinssjúkum börnum. Þar er hins vegar ekki að finna framsal höfundarréttar ljóðanna til handa stefnanda. Þá hefur stefndi lagt fram yfirlýsingar sex höfunda ljóða, þar sem fram kemur, að stefndi hafi haft fulla heimild til birtingar viðkomandi ljóða án endurgjalds. Samkvæmt þessu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann geti krafist breytinga á samningi aðila vegna hagsmuna af hálfu höfundarréttarhafa þeirra ljóða sem birtust í bókinni.

Þegar litið er til þessara atriða svo og önnur atriði máls þessa eru virt, þykir ekki unnt að fallast á með stefnanda, að ósanngjarnt geti talist eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig samning aðila frá 21. maí 1992. Teljast því forsendur ekki vera til að víkja honum til hliðar í heild sinni eða að hluta eða breyta honum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, svo sem er krafa stefnanda í málinu. Ber að hafna þeirri kröfu stefnanda.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu verður ekki fjallað tölulega um aðal- og varakröfu stefnanda, enda sú kröfugerð við það miðuð, að samningnum verði breytt.

Þrautavarakrafa stefnanda er miðuð við samninginn óbreyttan, en þá forsendu, að 24.000 eintök hafi selst af bókinni.

Í samningi aðila er ákvæði um eftirlit með fjölda seldra bóka og stefnanda tryggður aðgangur að bókhaldi stefnda í þeim tilgangi. Hins vegar hefur hann engan viðtækari rétt á aðgangi að bókhaldi stefnda, enda af því enga hagsmuni, svo sem samningi aðila var háttað.

Af gögnum málsins kemur fram, að stefnandi lét skoða bókhaldsgögn stefnda til að kanna sölu bókarinnar. Ekki eru gerðar athugasemdir við þá skoðun. Þá hefur stefnandi ekki mótmælt upplýsingum stefnda um, að 3.120 seldar bækur séu ógreiddar. Þykir verða að miða við, að 19.974 bækur hafi verið greiddar, svo sem stefndi heldur fram, og að eðlilegt teljist, að ágóðahlutur stefnanda miðist við þá tölu, en ekki einnig þær bækur, sem selst

hafa, en ekki fengist greiddar. Stefnandi hefur fengið greiddar 3.280.000 kr. eða miðað við 20.500 seld eintök. Leiðir það til þess, að hafna ber þrautavarakröfu stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Klettaútgáfan hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. janúar 1996.

Nr. 18/1996. **Þrotabú Ístess hf.**
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)
gegn
T. Skretting A/S
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1996 og krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Til vara gerir varnaraðili þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, hvað varðar frávísun málsins, en málskostnaðarákvæði hans breytt þannig, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað í héraði. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Ekki verður talið, að á málatilbúnaði sóknaraðila séu neinir annmarkar, sem leiði til frávísunar málsins án kröfu. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1995.

Mál þetta, sem síðast var dómtekið 23. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jóhannesi Sigurðssyni hdl. f. h. þrotabús Ístess hf., kt. 440985-0179, Glerárgötu 36, Akureyri, á hendur Ola Wattne, Sjohagen 15, PB 319, 4001 Stafangri, Noregi, f. h. T. Skretting A/S, N-4001 Stafangri, Noregi, sem stjórnarformanni þess félags, með því að gera kröfu fyrir dómi 2. júní 1992 um fyrirtöku málsins, sem lögmaður verjanda hafði tjáð sig samþykkan með áritun á stefnu. Og með því að þing var sótt þennan sama dag af hálfu verjanda, var málið þingfest með framlagningu sömu stefnu í dómi og með bókun í þingbók í þá veru.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða þrotabúi Ístess hf. 43.980.807 kr. auk dráttarvaxta frá 21. júní 1991 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða þrotabúi Ístess hf. 47.275.517 kr. auk dráttarvaxta frá 1. desember 1991 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er þess að auki krafist, að stefnda verði dæmt að greiða þrotabúi Ístess hf. málskostnað skv. gjaldskrá A&P Lögmanna sf. og eins og honum er lýst á fram lögðum málskostnaðarreikningi. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. júní 1992 í aðalkröfu og 1. desember 1992 í varakröfu, og svo árlega þann dag.

Hið stefnda félag gerir þær dómkröfur, að það verði algerlega sýknað af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa stefnda eftir mati dómsins, er beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Í þinghaldi 4. febrúar 1993 lýsti lögmaður stefnanda yfir, að ekki væru gerðar kröfur á hendur Ola Wattne persónulega.

Stefnda gaf út réttargæslustefnu, dags. 28. september 1995, en birt 4. til 6. október 1995, þar sem það stefndi Akureyrarbæ, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, Akureyri, Kaupfélagi Eyfirðinga svf., kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91-95, Akureyri, Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., kt. 630169-2759, Eyrarvegi 16, Þórshafnarhreppi, Þórshöfn, Sigfúsi Jónssyni, kt. 020451-4759, Granaskjóli 8, Reykjavík, Magnúsi Gauta Gautasyni, kt. 080850-2989, Suðurbyggð 27, Akureyri, Birni Jósef Arnviðarsyni, kt. 240247-3869, Furulundi 4 G, Akureyri, og Guðmundi Stefánssyni, kt. 100452-4699, Borgarhlíð 6 B, Akureyri,

til að gæta réttar síns í þessu máli, er það væri tekið fyrir 16. október 1995. Stefnda gerði engar kröfur á hendur réttargæslustefndu. Ekki var sótt þing af hálfu réttargæslustefndu.

Mál þetta var fyrst dómtekið 8. október 1993, en endurupptekið og endurflutt 14. apríl 1994 og dómtekið að nýju þann dag. Dómur var síðan kveðinn upp 19. sama mánaðar af fulltrúa dómstjóra. Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1994. Með dómi Hæstaréttar 8. júní 1995 var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og málinu vísað í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Dómari málsins nú fékk það til meðferðar 9. ágúst 1995.

– – –

III.

Niðurstaða.

Aðalfund félagsins 5. apríl 1990 sóttu fulltrúar alls hlutafjár og gerðu engar athugasemdir við fundarboð. Þar voru m. a. samþykktir reikningar ársins 1989 og tillaga stjórnar um, að eiginfjárstöðu yrði breytt sem næmi halla ársins. Enn fremur samþykkti aðalfundur breytingu á 4. lið samþykkta félagsins í þá veru, að hlutafé félagsins, sem var á þeim tíma 80.000.000 kr., yrði 199.231.000 krónur. Þá var ákveðið, að nafnverð hlutabréfa yrði 1.000 kr., 10.000 kr., 100.000 kr. og 1.000.000 kr., en atkvæði fylgdi þó aðeins hlut, að hluturinn væri greiddur.

Í þýðingu löggilts skjalaþýðanda á bréfi Carls Henriks Harlem framkvæmdastjóra fyrir hönd T. Skretting A/S til Ístess hf., dags í Stafangri 2. maí 1990, segir:

„. . . Við staðfestum hér með, svo að allt sé rétt, að við erum sammála um hlutafjáraukninguna, sem ákveðin var á aðalfundi félagsins 5. apríl 1990.

Aðild okkar að fjáraukningunni verður þannig:

T. Skretting A/S skal auka hlutafé félagsins með fjárhæð, sem svarar til þess, er Ístess greiðir í framleiðsluleyfisgjald til T. Skrettings, þar til T. Skretting á 48% hlutafjár. Þetta skal gerast með því, að T. Skretting tekur við hlutabréfum sem greiðslu fyrir framleiðsluleyfi á eftirfarandi hátt:

Greiðslur T. Skretting verða lækkaðar miðað við 25. apríl 1990 í hlutfalli við lánskjaravísitölu, sem nú er 2.844. Enn fremur reiknast vextir á greiðslurnar frá sama degi eftir meðalvaxtafæti fyrir vísitölubundin lán samkvæmt útreikningi Seðlabankans að vaxtalögum, nú 7,8% á ári.

Gefa skal út hlutabréf ársfjórðungslega og tveimur mánuðum eftir fjórð-

ungamót. Við útgáfuna skal reikna verðmæti hlutabréfanna með eftirfarandi reikningsreglu, þar sem R= framleiðsluleyfisgjald, V= vaxtamánuðir, Vf= vaxtafótur á mánuði, Iu= vísitala 25. apríl 1990, Ie= vísitala útgáfudag og H= hlutafjárgreiðsla:

$$H = (R - R \times Vt \times Vf) \times \frac{Iu}{Ie}$$

Eftir 2. hlutafjáraukningu verður heildarhlutafé félagsins, þegar hlutur T. Skretting er aftur orðinn 48%, 199 231 000 kr.“

Bréf þetta er í fullu samræmi við ákvörðun aðalfundar að viðstöddum fulltrúum alls hlutafjár, að aukning hlutafjár frá hendi T. Skretting skyldi greiða með þeim hætti, sem í bréfinu segir.

Í Lögbirtingablaði, nr. 3, 84. ár, þriðjudaginn 8. janúar 1991, birting nr. 13579, segir: „Á stjórnarfundi í Ístess hf., Glerárgötu 36, Akureyri, kt. 440985-0179, urðu þær breytingar á stjórn fyrirtækisins, að ... . Á aðalfundi félagsins 5. apríl sl. var ákveðið að auka hlutafé úr 80.000.000 kr. í 199.231.000 kr. Þegar hafa 62.000.000 kr. verið greiddar inn af aukningunni.“

Auglýsing þessi er byggð á tilkynningu til Hlutafélagaskrár frá Guðmundi Stefánssyni f. h. Ístess hf., dags. á Akureyri 5. september 1990, en Guðmundur var á þessum tíma framkvæmdastjóri félagsins, og hafði hann prókúruumboð. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu stefnda, T. Skretting A/S, né af öðrum hluthöfum Ístess hf. við þessa auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Af ákvæðum III. og V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. og 2. tl. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 5. tl. 2. mgr. 6. gr., leiðir, að óheimilt er að greiða hlutafé með þeim hætti, sem hér er ráðgert, þ. e. með tilfallandi fjármunum frá Ístess hf. í framtíðinni, ótímabundið, uns náð verði tilætlaðri fjárhæð, enda ekki um skuld stefnda eða eign Ístess hf. að ræða fyrr en að uppfylltum skilyrðum, sem aftur þýðir, að ekki hefur verið rétt að færa „hlutafjárloforð“ stefnda sem eign í bókhaldi félagsins, fyrr en viðkomandi greiðslur voru gjaldkræfar.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins spurði dómarinn málflytjendur aðila, hvort ekki væri rétt að fresta málflutningi til að gefa stefnanda færi á að leggja fram ársreikninga Ístess hf. fyrir árið 1990, þar sem væntanlega kæmu fram upplýsingar um þau atriði, sem getið er um í 102. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. 42. gr. laga nr. 69/1989. Lögmaður stefnda taldi, að málatilbúnaði yrði raskað með slíku, en lögmaður stefnanda taldi ekki ástæðu til að fresta málflutningi af þessum sökum. Málflutningur fór þá fram við svo búið, og verður nú við það að sitja.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 segir, að hlutafélag merki í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þá ábyrgjast hluthafar í hlutafélagi aðeins skuldbindingar félagsins með hlutafé sínu, þ. e. því fé, sem þeir hafa lagt eða lofað að leggja til félagsins skv. skilgreiningu, sem almennt er viðurkennd. Aukning hlutafjár úr hendi T. Skretting A/S, að fjárhæð, sem svaraði til greiðslna Ístess hf. í framtíðinni fyrir framleiðsluleyfi til T. Skretting A/S, þar til félagið ætti aftur 48% hlutafjár, var því ekki hlutafjárloforð í skilningi laga um hlutafélög, þó að loforð um greiðslu með þessum hætti hefði að sínu leyti umtalsverða fjárhagslega þýðingu fyrir Ístess hf., eins og hér stóð á. En með því að ákveða að „auka" hlutafé félagsins með þessum hætti og tilkynna það Hlutafélagaskrá án þess að geta þess, að fyrirvari væri á því, að T. Skretting A/S greiddi 57.231.000 krónur af tilgreindri aukningu hlutafjár, þá var Ístess hf. bundið gagnvart hugsanlegum grandlausum kröfuhöfum félagsins að sjá til þess, að til tryggingar skuldbindingum félagsins stæðu a. m. k. 199.231.000 krónur. Með öðrum orðum eru hugsanlega til kröfuhafar í þrotabú Ístess hf., sem ekki eru bundnir af skilyrðum, sem sett voru fyrir því, að féð yrði reitt af hendi. Hluthafar Ístess hf. og kröfuhafar í þrotabú Ístess hf., sem vissu eða máttu vita um þetta skilyrta greiðsluloforð, geta hins vegar ekki öðlast betri rétt fyrir það eitt, að bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Nú er ekki upplýst í málinu um kröfuhafa í þrotabú Ístess hf., sem áttu viðskipti við Ístess hf. í góðri trú um, að hlutafé þess væri raunverulega 199.231.000 krónur, og þaðan af síður, hvert tjón þeirra er af þeim sökum. Þá er ekki heldur alveg ljóst af málatilbúnaði, hvers vegna T. Skretting A/S á sér á parti að bera ábyrgð á ákvörðun aðalfundar Ístess hf. 5. apríl 1990, þar sem fulltrúar alls hlutafjár félagsins samþykktu aukningu hlutafjár með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, og af hverju það á eitt að gjalda þess, að skilyrða fyrir greiðslu T. Skretting A/S var að engu getið í tilkynningu framkvæmdastjóra Ístess hf. til Hlutafélagaskrár um aukningu hlutafjár. Ekki er nú unnt að fella dóm á svo óupplýst mál. Og þar sem ógjörningur er að bæta úr vanköntum, eins og hér háttar, með því að kveðja aðila aftur fyrir dóm, verður málinu vísað frá dómi.

Eftir atvikum er rétt, að aðilar beri hvor um sig kostnað sinn af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 28/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Daníel Birgi Ívarssyni
(Sigríður Logadóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig, að fallið er frá kröfu um gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Fallist verður á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 12. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Daníel Birgi Ívarssyni, kt. 280173-3989, Björtuhlíð 13, Mosfellsbæ, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 26. febrúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Hinn 19. nóvember 1995 var kærða veitt skilorðsbundin reynslulausn af 180 daga eftirstöðvum refsingar í eitt ár af tveimur refsidómum, sem hann hlaut árið 1994. Kærði hefur játað á sig tvö innbrot síðan þá, annað í desember 1995 og hitt í gær. Samkvæmt sakavottorði hefur kærði hlotið fimm refsidóma fyrir hegningarlagabrot og brot á lögum um ávana- og fíkniefni á árunum 1990-1994, í öll skiptin fyrir þjófnaðarbrot auk annarra brota. Kærði kveðst hafa framið síðustu tvö innbrotin af sjálfsbjargarviðleitni, þar eð hann hafi ekki fengið aðstoð félagsmálayfirvalda.

Af framangreindu og gögnum málsins þykir verða að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að ætla megi, að kærði muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ólokið, ef hann sætir ekki gæsluvarðhaldi. Þykir því rétt að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Daníel Birgir Ívarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 26. febrúar 1996 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 38/1994. **Ásgeir S. Ásgeirsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Barri sf.
(Jón Magnússon hrl.)

Víxilmál. Greiðslustaður. Sýning víxils til greiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu við Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá þeirri málsástæðu, að krafa stefnda samkvæmt tveimur víxlum, sem mál þetta snýst um, sé greidd.

Umræddir víxlar voru út gefnir 14. október 1991, og gjalddagi þeirra var „Við sýningu 1991". Samkvæmt áritun á bakhlið víxlanna voru þeir sýndir í Íslandsbanka hf. 26. nóvember 1991. Hefur sú sýning ekki verið í öðru skyni en til greiðslu. Á víxlana er ritað „Án afsagnar". Heldur áfrýjandi fram, að afsögn víxlanna hafi engu að síður verið nauðsynleg til að sanna sýningu þeirra, enda hafi greiðslustaður þeirra ekki verið nægjanlega tilgreindur.

Samkvæmt prentuðu formi víxlanna er greiðslustaður þeirra í Íslandsbanka hf., Reykjavík. Áritun greiðslubankans um sýningu þeirra áðurgreindan dag er fullnægjandi sönnun um, að sýning hafi farið fram innan sýningarfrests og á réttum greiðslustað. Breytir engu um þá niðurstöðu, þótt aðeins sé skráð á annan þeirra, að sýning hafi farið fram í Íslandsbanka hf., Grensásvegi 13 í Reykjavík, en á hinum segi einungis, að víxillinn hafi verið sýndur í Íslandsbanka hf. Er þá til þess litið, að áritanirnar bera að öðru leyti með sér, að þær hafa augljóslega verið skráðar af sama manni. Víxilrétti hefur þannig verið við haldið gagnvart áfrýjanda með lögformlegum hætti.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að útibú stefnda að Grensásvegi 13 í Reykjavík teljist réttur greiðslustaður víxlanna, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 9. febrúar 1995 í málinu nr. 176/1993. Að þessu virtu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ásgeir S. Ásgeirsson, greiði stefnda, Barri sf., 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 8. september sl., hefur Barr sf., kt. 590980-0139, Höfðabakka 3, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 19. mars 1993, á hendur Ásgeiri S. Ásgeirssyni, kt. 131245-7269, Sefgörðum 12, Seltjarnarnesi, persónulega og sem stjórnarformanni Leifs Eiríkssonar hf., kt. 701090-1609, Skólavörðustíg 45, Reykjavík, fyrir hönd félagsins. Í þinghaldi í málinu 24. júní 1993 féll stefnandi frá kröfum sínum í málinu á hendur stefnda, Leifi Eiríkssyni hf.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum [og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en í þinghaldi 24. júní 1993 féll hann frá frávísunarkröfu sinni í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir kröfuna vera samkvæmt tveimur víxlum, báðum að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnum og framseldum af stefnda, Ásgeiri S. Ásgeirssyni, 14. október 1991, en samþykktum til greiðslu af Ásgeiri S. Ásgeirssyni fyrir hönd Leifs Eiríkssonar hf., en Ásgeir S. Ásgeirsson sé stjórnarformaður fyrirtækisins. Víxlana skyldi greiða við sýningu 1991 í Íslandsbanka hf.,

Reykjavík. Víxlarnir hafi verið sýndir 26. nóvember 1991 í Íslandsbanka hf., Grensásvegi 13, Reykjavík, eins og áritun víxlanna beri með sér.

Á víxla þessa sé ritað „Tryggingarvíxill", en víxlarnir hafi verið gefnir út vegna viðskipta stefnanda og stefnda, en skuld samkvæmt þeim sé ógreidd.

Stefnufjárhæð máls þessa sé 2.000.000 kr. og sundurliðist þannig:

1. Víxill, út gefinn 14. október 1991, að fjárhæð 1.000.000 kr.
2. Víxill, út gefinn 14. október 1991, að fjárhæð 1.000.000 kr.

Innheimtutilraunir hjá stefnda hafi ekki borið árangur, og sé því málsókn þessi nauðsynleg. Bent sé á, að stefndi, Ásgeir S. Ásgeirsson, riti nafn sitt sem samþykkjandi greindra víxla og þar sé stimplað við Hótel Leifur Eiríksson, kt. 701090-1609, en þar sem greiðandi sé skráður, standi Leifur Eiríksson hf. Hér sé ekki um fullkomið samræmi að ræða, en ljóst miðað við kennitölu, að um sama sé að ræða, þ. e. Leif Eiríksson hf.

3.0.

Stefnandi rekur málið sem víxilmál á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti segir hann samkvæmt reglum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Auk þess vísar hann til víxillaga nr. 93/1933. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hann kveður mál vegna þessara víxla hafa verið þingfest 25. júní 1992, en vísað frá dómi vegna vanreifunar 5. mars 1993.

4.0.

Stefndi segir málsatvik vera þau, að fyrirtækið Leifur Eiríksson hf. (nú Selavík hf.) hafi verið í viðskiptum við stefnanda árið 1991. Meðal þess, sem félagið hafi keypt af stefnanda, hafi verið gólfdúkar, veggdúkar, gólfflísar, gólfteppi og fleira. Þessi viðskipti muni í heild sinni hafa numið u. þ. b. 3.000.000 kr., en hins vegar hafi stefnandi tekið til baka gólfdúk að verðmæti a. m. k. 500.000 kr. Til tryggingar viðskiptaskuld við stefnanda hafi honum verið afhentir þeir tveir víxlar, sem mál þetta fjalli um. Hafi þeir átt að duga ríflega fyrir þeirri skuld, sem þá hafi staðið eftir. Það hafi svo verið 11. nóvember 1991, að samkomulag hafi tekist við stefnanda um uppgjör skuldar félagsins við hann á þann veg, að stefnandi fengi bifreið af gerðinni AMC Jeep Wagoneer LTD 86 frá Sjóbúðinni, Grandagarði 7, gegn afhendingu þessara tveggja víxla. Við þetta samkomulag hafi stefnandi hins vegar ekki staðið, eins og málsókn þessi beri glögglega með sér. Af þessum sökum sé því mótmælt sem röngu, sem fram komi í stefnu, að skuld hlutafélagsins við stefnanda hafi verið ógreidd.

Samkvæmt víxlum þeim, sem fram hafi verið lagðir, sé greiðandi þeirra annar en samþykkjandi. Þrátt fyrir þessa augljósu annmarka segi í stefnu,

að víxlarnir séu samþykktir af Leifi Eiríkssyni hf. Hið rétta sé, að víxlana hafi samþykkt „Hótel Leifur Eiríksson".

Þess beri að lokum að geta, að Selavík hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 19. janúar 1993. Sé stefnda ekki kunnugt um það, hvort þessum víxilkröfum hafi verið lýst í þrotabúið eða ekki.

5.0.

Málsástæður og lagarök stefnda eru eftirgreind:

Sýknukrafa sé á því reist, að víxilréttinum gagnvart stefnda hafi ekki verið haldið við með lögbundnum hætti. Þar sem hér sé um sýningarvíxla að ræða, þ. e. enginn tiltekinn gjalddagi á árinu 1991, beri að sanna sýningu með opinberri afsögn, sbr. 44. gr. laga nr. 93/1933. Stefnanda hafi því borið að sýna víxlana til greiðslu á greiðslustað þeirra, Íslandsbanka hf., Reykjavík, sem í þessu tilviki hljóti að vera aðalbankinn, en ekki eitthvert útibúanna, og láta afsegja þá með opinberri afsagnargerð. Áritun sú, sem sett hafi verið aftan á víxlana, hafi ekkert gildi, þegar um sýningarvíxla sé að ræða. Þessi áritun beri það ekki heldur með sér, til hvers sé verið að sýna víxlana í Grensásútibúi Íslandsbanka hf., sbr. 53. gr. laga nr. 93/1933. Þar sem stefnandi hafi þannig ekki viðhaldið víxilréttinum gagnvart stefnda, beri að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Sýknukrafan sé einnig á því reist, að um enga skuld sé lengur að ræða vegna þeirra viðskipta, sem hafi legið að baki útgáfu þeirra.

6.0. Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Ekki verða því tekin til skoðunar önnur lögskipti málsaðila en þau, er komast að vegna varna, er hafa má uppi samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna, enda hefur stefnandi ekki veitt leyfi til, að aðrar varnir fengju að komast að í málinu, sbr. 1. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991.

Þrátt fyrir fullyrðingar stefnda um, að víxlarnir séu þegar greiddir, hefur hann ekki lagt fram kvittun eða önnur gögn, er sýnt gætu greiðslu þeirra. Víxlarnir bera ekki sjálfir með sér, að þeir hafi verið greiddir. Ekki verður fallist á fullyrðingu stefnda um greiðslu víxlanna með bifreið, enda ekki, eins og áður gat, lögð fram nein sönnunargögn, er talist gætu lögfull sönnun um greiðslu þeirra. Hér er þó ekki tekin afstaða til lögskipta að baki útgáfu víxlanna eða þeirra forsendna, er stefndi miðar við, enda er málið rekið samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga.

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. einkamálalaga getur stefndi haft uppi varnir um aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi og önnur atriði, sem eru skilyrði

til að koma fram víxilrétti eftir víxillögum. Varnir stefnda, reistar á vangeymslu víxlanna, komast því að í máli þessu.

Ekki verður fallist á þá staðhæfingu stefnda, að þar sem um sýningarvíxla sé að ræða, beri að sanna sýningu þeirra með opinberri afsögn, sbr. 44. gr. víxillaga nr. 93/1933, þar sem bæði á framhlið og bakhlið víxlanna er prentað „Án afsagnar", sbr. 1. mgr. 46. gr. víxillaga.

Á víxlana er ritað, að þeir séu sýndir 26. nóvember 1991 í Íslandsbanka, Grensásvegi 13, Reykjavík. Með vísun til 2. málsliðar 2. mgr. 46. gr. víxillaga og þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á hið gagnstæða, verður að leggja til grundvallar, að víxlarnir hafi verið sýndir til greiðslu á þessum stað og tíma.

Við munnlegan málflutning fullyrti lögmaður stefnda, að skylt hefði verið að senda fyrir fram tilkynningu til útgefanda um væntanlega sýningu víxlanna. Er þeirri málsástæðu hans hafnað, enda að þessu leyti ekki lagaskylda samkvæmt víxillögum að senda útgefanda aðrar tilkynningar en um getur í 45. gr. laganna.

Á víxlana er skráð: „Víxillinn greiðist í Íslandsbanka hf., Reykjavík." Deila aðila málsins snýst um það, hvort greiðslustaður þeirra hafi verið í aðalbanka Íslandsbanka hf. í Reykjavík eða í Grensásútibúi hans að Grensásvegi 13 í Reykjavík. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að greiðslustaður víxlanna hafi verið í aðalbanka og víxlarnir því ekki verið sýndir á réttum stað til greiðslu skv. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933. Af þessum sökum hafi stefnandi glatað víxilrétti sínum á hendur stefnda fyrir vangeymslu, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga.

Samkvæmt 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 er það eitt af formskilyrðum víxils, að tilgreindur sé greiðslustaður á honum. Við túlkun á 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 hefur verið við það miðað, að um nægjanlega tilgreiningu staðar sé að ræða, ef tilgreind er borg, bær eða sveitarfélag, þar sem greiða skal víxilinn, sbr. t. d. H. 1979, 635. Við útgáfu víxils hefur útgefandi það hins vegar í hendi sér að tilgreina nákvæmar greiðslustað víxils. Af hálfu stefnda, Ásgeirs S. Ásgeirssonar, var greiðslustaður víxlanna ekki tilgreindur nánar en gat um í hinu prentaða formi þeirra, „Reykjavík".

Samkvæmt 27. gr. víxillaga nr. 93/1933 getur samþykkjandi kveðið nánar á um það, hvar greiðslu skuli krafist á greiðslustaðnum og hjá hverjum greiðsla skuli fara fram, sbr. 4. gr. sömu laga, enda er greiðslustaðurinn efndastaður fyrir greiðanda og ábyrgðarmenn hans. Í hinu prentaða formi víxlanna skal greiðsla fara fram hjá Íslandsbanka hf., og hefur fyrirsvarsmaður Leifs Eiríkssonar hf. ekki kveðið nánar á um það, í hvaða útibúi Íslandsbanka hf. greiðsla skuli fara fram. Af þessum sökum verður að telja,

að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxlana hjá einhverju útibúa Íslandsbanka hf. á hinum tilgreinda greiðslustað, Reykjavík. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxlana í Íslandsbanka hf., útibúinu við Grensásveg 13, Reykjavík.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu hefur ekki sýnt fram á, að umræddir víxlar hafi verið sýndir á réttum stað og hjá réttum aðila, sbr. 5. tl. 1. gr. og 4. gr. víxillaga nr. 93/1933, og innan réttra tímamarka, sbr. 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. sömu laga, verður að leggja til grundvallar, að sýning víxlanna hafi verið í samræmi við lög, og er víxilréttur stefnanda á hendur stefnda því ekki fallinn niður fyrir vangeymslu. Af þessum sökum og þar sem hinir fram lögðu víxlar eru í samræmi við lýsingu stefnanda, ber að fallast á kröfur hans, svo sem í dómsorði greinir.

Með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ásgeir S. Ásgeirsson, greiði stefnanda, Barri sf., 2.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. nóvember 1991 til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 26. nóvember 1993.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 258/1994. **Guðmundur Kr. Guðmundsson**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Sýning víxils til greiðslu. Gjalddagi. Fyrning víxilréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti lýsti stefndi yfir því, að hann féllist á, að áritun um gjalddaga á víxilinn, sem deilt er um í málinu, hefði ekkert gildi. Unir hann því við niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Víxill sá, er stefndi reisir kröfu sína á, er eiginvíxill, en um þá gilda sérreglur þrettánda kapítula víxillaga nr. 93/1933. Stefndi glataði ekki víxilrétti sínum á hendur áfrýjanda, þótt hann sýndi ekki víxilinn til greiðslu innan þess eins árs frests frá útgáfudegi 28. desember 1990, er getur í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Kr. Guðmundsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. febrúar 1994, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 28. september 1993, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-2639,

Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, á hendur Guðmundi Kr. Guðmundssyni, kt. 160537-4269, Hellulandi 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 433.422 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júní 1993 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru, að krafist er sýknu af kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður og tillit tekið til virðisaukaskatts.

I.

Stefnandi kveður dómkröfur sínar vera vegna skuldar samkvæmt eiginvíxli, að fjárhæð 433.422 kr., út gefnum í Reykjavík 28. desember 1990 af stefnda, Guðmundi, til greiðslu 15. júní 1993 í Íslandsbanka hf., Reykjavík. Hafi afsögn víxilsins verið óþörf.

Í málflutningi sínum lagði lögmaður stefnanda áherslu á, að víxillinn hefði verið með gjalddaga, þegar stefnt hefði verið. Um sé að ræða tryggingarvíxil, sem eðli málsins samkvæmt komi til innheimtu, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Var því með öllu hafnað, að um sýningarvíxil væri að ræða. Ef víxillinn hefði átt að vera sýningarvíxill, hefði mátt skrá það á víxilinn eða setja þak á sýningarfrest. Með afhendingu víxilsins hafi víxilhafa verið veitt umboð, sbr. 10. gr. víxillaga, til þess að fylla víxilinn út með því að skrá á hann gjalddaga, og það hafi hann gert í júnímánuði, eftir að hann hafði sent stefnda viðvörun um, að það yrði gert.

Stefnandi kveðst höfða málið á grundvelli víxillaga nr. 93/1933, og sé það rekið samkvæmt þeim lögum og XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styðjist við reglur III. kafla laga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað sé studd 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en krafa um virðisaukaskatt af honum sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að samkvæmt 2. mgr. 76. gr. víxillaga nr. 93/1933 teljist eiginvíxill, sem ekki hafi tilgreindan gjalddaga, gjaldkræfur við sýningu. Sýning skuli fara fram innan árs frá útgáfudegi skv. 34. gr. víxillaga.

Víxill sá, sem hér sé krafist, hafi ekki verið sýndur á tilskildum fresti, ekki fyrr en u. þ. b. hálfu þriðja ári eftir útgáfudag, og sé hann því fyrndur, og leiði það til sýknu stefnda. Um þetta sé vísað til Hrd. 1965, 124. Í málflutningi var fullyrt, að stefnda hefði ekki verið kunnugt um áritaðan gjalddaga fyrr en með stefnu.

Krafa um málskostnað sé reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

II.

Stefnandi hefur lagt fram víxil þann, sem dómkrafan er reist á, og er hann í samræmi við málavaxtalýsingu að öðru leyti en því, að þess er ekki getið, að á hann er ritað „Tryggingarvíxill". Eins og víxillinn er lagður fram í málinu, fullnægir hann formskilyrðum 75. gr. laga nr. 93/1933.

Í málflutningi aðila kom fram, að óumdeilt er, að gjalddagi, 15. júní 1993, var skráður á víxilinn í júnímánuði 1993; hefur þetta atriði einnig stuðning í skjölum málsins. Stefnandi hefur lagt fram bréf, dags. 3. júní 1993, þar sem stefnda er tilkynnt, að gjalddagi hafi verið skráður á víxilinn. Engin skrifleg mótmæli hafa komið fram af hálfu stefnda við þessari tilkynningu, en lögmaður hans fullyrti í málflutningi, að það hefði ekki verið fyrr en við stefnu, sem stefndi hefði vitað, hvenær gjalddaginn var. Þannig er einnig óumdeilt, að víxillinn var gerður og gefinn út 28. desember 1990 og að þá var enginn gjalddagi skráður á hann.

Eiginvíxill, sem gjalddagi er ekki skráður á, en fullnægir að öðru leyti formskilyrðum 75. gr., sbr. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, er samkvæmt 2. mgr. 76. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga, sýningarvíxill. Hefur slíkt skjal fullt víxilgildi.

Ef maður afhendir öðrum manni skjal, sem hann hefur ritað nafn sitt á, en er annars óútfyllt að einhverju leyti, svo að ekki er fullnægt formskilyrðum 1. gr., sbr. 75. gr. víxillaga nr. 93/1933, hefur slíkt skjal ekki víxilgildi. Það getur hins vegar orðið að víxli, og jafngildir afhending þess almennt umboði til handa móttakanda til þess að útfylla það í þeim tilgangi, sbr. 10. gr. víxillaga. Eftir útfyllingu hefur slíkt skjal víxilgildi.

Aðili, er gefur út skjal, sem að formi til er sýningarvíxill og hefur réttaráhrif sem slíkt, þykir mega treysta því, að það verði sýningarvíxill áfram, nema um annað hafi verið samið. Víxill sá, sem þetta mál snýst um, var að formi til sýningarvíxill, þar til gjalddagi var skráður á hann í júní 1993. Með útfyllingu gjalddaga á sýningarvíxil getur víxilhafi öðlast aukinn rétt umfram það, sem hann hafði, á meðan um sýningarvíxil var að ræða. Sönnun um, að eyðuútfylling hafi verið heimil, þykir því í slíku tilfelli hvíla á víxilhafa. Bréf lögmanns stefnanda frá 3. júní 1993 er ekki fullnægjandi sönnun um, að aðilar hafi samið um það, að stefnanda væri heimilt að setja gjalddaga á víxilinn, eftir að sýningarfrestur, sbr. 34. gr. víxillaga, var liðinn, og engin önnur gögn eru fram komin, sem benda til slíks samkomulags. Gegn mótmælum stefnda verður að treysta því í máli þessu, að um sýningarvíxil

hafi verið að ræða og að áritun gjalddaga á víxilinn af hálfu stefnanda hafi ekki réttarverkun, sbr. 69. gr. víxillaga.

Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni, sbr. 1. mgr. 78. gr. víxillaga, og glatast því ekki víxilréttur á hendur útgefanda eigin sýningarvíxils, þótt hann sé ekki sýndur til greiðslu innan árs samkvæmt 34. gr. víxillaga, sbr. 1. mgr. 53. gr. og 77. gr. víxillaga. Kröfur samkvæmt víxlinum fyrnast á þremur árum samkvæmt 1. mgr. 70. gr. og 77. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. víxillaga miðað við gjalddaga eða lok sýningarfrests. Víxillinn var gefinn út 28. desember 1990. Stefna í máli þessu er birt 28. september 1993. Samkvæmt framansögðu er stefndi þá enn skuldbundinn samkvæmt víxlinum. Með þessum rökum eru kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir dæmast frá þingfestingardegi.

Málskostnaður ákveðst 75.000 kr. með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kr. Guðmundsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 433.422 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. október 1993 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 180/1994. **Húnaröst hf.**
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)
gegn
Sveinþóri Eiríkssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)
og gagnsök

Sjómenn. Ráðningarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti með stefnu 20. maí 1994. Hann krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Húnaröst hf., greiði gagnáfrýjanda, Sveinþóri Eiríkssyni, samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 14. maí 1993.

Stefnandi er Sveinþór Eiríksson, kt. 140450-2789, Suðurvangi 25, Hafnarfirði.

Stefndi er Húnaröst hf., kt. 671274-0919, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 464.852 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 15. mars 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega að mati dómsins. Þá er þess krafist, að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

II.

Málavextir eru þeir helstir, að hið stefnda fyrirtæki á vélskipið Húnaröst, RE-550, sem er 366 rúmlestir að stærð og gert út m. a. á loðnuveiðar og togveiðar með botnvörpu. Í aprílmánuði 1990 var stefnandi ráðinn 2. stýrimaður á skipið. Ráðningu stefnanda annaðist Axel Axelsson, sem að jafnaði gegndi stöðu 1. stýrimanns á skipinu, en átti að taka við skipinu sem skipstjóri á togveiðum, er þá voru að hefjast. Höfðu slík skipstjóraskipti tíðkast um árabil um borð í skipinu.

Síðasta veiðiferð árið 1990 var farin 13. desember þ. á., og stóð hún til 18. s. m. Þá hafði Axel Axelsson einn verið með skipið að undanskildum sumarleyfistíma, en þá annaðist skipstjórn reglulegur skipstjóri skipsins, Hákon Magnússon. Axel Axelsson hætti störfum hjá stefnda í lok umræddrar veiðiferðar, þar eð hann hafði ráðið sig til annarra starfa.

Vélskipið Húnaröst hélt að nýju til togveiða 7. janúar 1991 undir stjórn Hákonar Magnússonar og hélt þeim veiðum áfram til 17. febrúar 1991, að loðnuveiðar hófust. Stefnandi var ekki skipverji þetta tímabil, enda hafði annar maður verið ráðinn í hans stað. Greinir aðila á um það, hvort stefnanda hafi verið sagt upp störfum eða ráðningartíma hans verið lokið samkvæmt ráðningarsamkomulagi.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að ráðningin hafi verið ótímabundin, en þó þannig, að hún réðist af því, hversu lengi skipinu yrði haldið úti til togveiða árin 1990 og 1991, þar til skipið hæfi loðnuveiðar á komandi vetrarvertíð.

Skv. lögskráningarbók skipsins hafi togúthöldin árið 1990 verið þrjú, þ. e. tímabilið 27. apríl til 3. júlí, 22. ágúst til 12. október og loks 24. október til 20. desember. Eftir áramótin 1990/1991, nánar tiltekið 7. janúar, hafi svo

verið skráð á skipið að nýju til togveiða og haldið út á þeim veiðum til 17. febrúar s. á., er skráð var á skipið til loðnuveiða.

Í ágúst 1990 hafi stefnandi farið að kenna doða og verks í vinstri hendi án þess þó að vera frá vinnu. Þetta hafi ágerst og lyktað með því, að stefnandi hafi verið óvinnufær veiðiferðina 16. til 24. október 1990. Af sömu ástæðu hafi hann óskað eftir launalausu leyfi 13. desember 1990 til þess að hvíla höndina og leita læknishjálpar. Hinn 20. desember 1990 hafi verið afskráð af skipinu.

Þegar skráð var á skipið laust eftir áramótin 1990 til 1991, hafi stefnandi ekki verið skráður. Hafi hann því litið svo á, að þar með hafi skiprúmssamningi hans í raun verið slitið, áður en ráðningartíma hans lauk.

Stefnandi kvaðst 21. janúar 1991 hafa tilkynnt útgerðarmanni og skipstjóra heilsufarsástand sitt og jafnframt, að til stæði, að hann gengi undir skurðaðgerð. Aðgerðin hafi verið framkvæmd, og hafi stefnandi náð viðunandi bata í hendinni og verið að fullu vinnufær 5. febrúar 1991. Útgerðarmanni og skipstjóra hafi báðum verið kunnugt um gang þessara mála. Þá hafi hann ritað stefnda bréf 28. janúar 1991 og mótmælt ráðningarslitum og gert jafnframt kröfu um, að sér yrðu greidd laun í veikindaforföllum sínum frá 19. desember 1990, svo sem lög og kjarasamningar kvæðu á um. Í bréfinu komi fram, að áformað hefði verið, að hann byrjaði að vinna um borð í skipinu eftir veiðiferð, sem lauk 19. desember 1990. Þá hafi verið fyrirsjáanlegt, að farið yrði á togveiðar eftir áramót í einhvern tíma, og hafi hann því verið þess fullviss, að ráðning stæði a. m. k., þar til loðnuvertíð hæfist, enda hafi læknar sínir ekki talið sig óvinnufæran.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skiprúmssamningi sínum hafi verið slitið með ólögmætum og bótaskyldum hætti, áður en upphaflega umsaminn ráðningartími hafi runnið út. Af þeirri ástæðu beri að greiða sér laun á togveiðiúthaldi skipsins í janúar og febrúar 1991, þann tíma sem eftir var af ráðningartímanum.

Í öðru lagi hafi hann verið óvinnufær vegna sjúkdóms frá 19. desember 1990 og enn, er skráð var á skipið 7. janúar 1991. Beri sér því veikindalaun á úthaldi skipsins í janúar og febrúar 1990, til loka ráðningartímans. Togveiðitímabil skipsins í janúar og febrúar 1991 falli innan þess tímabils. Stefnanda beri því sömu laun og staðgengill hans á skipinu hafi fengið þetta umrædda tímabil.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 9. gr. og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá vísar hann til greina 1.28 og 1.33 í gildandi kjarasamningi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar við Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem að stofni til sé frá 1987, en framlengdur hafi verið síðan nær óbreyttur, hvað varðar almenn kjaraatriði.

Fjárhæð dómkröfu er samkvæmt uppgjöri Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar á aflahlut á Húnaröst, RE-550, á togveiðiúthaldinu frá því í janúar og febrúar 1991. Samkvæmt því uppgjöri nam aflahlutur til 2. stýrimanns á úthaldinu 464.852 krónum, sem eru stefnukrafan. Af hálfu stefnda er ekki gerður tölulegur ágreiningur um stefnukröfuna.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ráðningarsamningur stefnanda hafi verið tímabundinn. Aðdragandi ráðningarinnar hafi verið með þeim hætti, að stefnandi hafi komið að máli við Axel Axelsson, sem að öllu jöfnu sé fyrsti stýrimaður á skipinu, en hafi í fjölda ára gegnt starfi skipstjóra í afleysingum, og falast eftir skiprúmi. Hafi stefnandi verið ráðinn á staðnum í afleysingar sem 2. stýrimaður, þar sem Hákon Magnússon, skipstjóri og stjórnarformaður Húnarastar hf., hafi farið í land til að sinna ýmsum störfum fyrir útgerðina og taka sér frí. Skýrt hafi verið tekið fram við stefnanda, að ráðning hans væri í ákveðinn tíma eða þar til Axel Axelsson hætti sem skipstjóri á Húnaröst, RE-550.

Venja hafi verið að gera ekki skriflega ráðningarsamninga, þegar ráðið hafi verið til afleysinga á skipið. Þar sem ráðningarsamningurinn hafi verið til ákveðins tíma, hafi ekki þurft að segja honum upp sérstaklega. Því hafi verið um að ræða munnlegan, tímabundinn og skilyrtan ráðningarsamning, og hafi stefnanda verið fullkunnugt um lok ráðningartímans.

Axel Axelsson hafi hætt skipstjórn á skipinu 18. desember 1990 og Magnús Magnússon þá tekið við. Afskráð hafi verið af skipinu 20. desember 1990, en skipið hafi ekki haldið aftur til veiða fyrr en 8. janúar 1991. Þar sem ráðningarsamningur stefnanda hafi runnið út, um leið og Axel lét af störfum sem skipstjóri, eigi 9. gr. laga nr. 35/1985 um uppsagnarfrest yfirmanna ekki við. Þar að auki hafi sú regla ekki getað átt við stefnanda, þar sem hann hafi ekki verið búinn vera afleysingamaður í níu mánuði, svo sem greinin setji sem skilyrði hins sérstaka uppsagnarfrests yfirmanna. Gildi því reglur 26. gr. sjómannalaga um, að stefnandi eigi rétt á launum, frá því að hann hóf störf 27. apríl 1990 og þar til að ráðningarsamningi hans lauk 12. desember 1990, og skipti ekki máli, hvenær hann hafi verið skráður af skipinu.

Viðurkennt sé, að stefnandi hafi átt rétt til veikindalauna þann tíma, sem ráðningarsamningur hans gilti. Skv. því hafi stefnandi fengið frí á fullum launum frá 11. til 24. október 1990.

Stefnandi hafi farið fyrirvaralaust frá borði 12. desember, og sé það rangt, sem hann haldi fram, að hann hafi óskað eftir launalausu leyfi til að

leita lækningar, þar sem hann hafi ekki gefið neina ástæðu upp við skipstjóra. Því hafi engin ástæða verið til annars en ætla, að stefnandi væri farinn fyrir fullt og allt, þar sem þetta hafi verið síðasta veiðiferð Axels sem skipstjóra. Fram hafi komið, að stefnandi hafi verið slæmur í vinstri hendi, áður en hann var ráðinn á skipið. Hafi hann leynt þessu, og geti það leitt til missis veikindalauna vegna sama sjúkdóms á starfstímanum.

Stefnandi hafi verið orðinn vinnufær 5. febrúar 1991. Fram komi í læknisvottorði, að ekki hafi verið óhugsandi, að stefnandi gæti unnið störf við stjórnun eða eftirlit, þrátt fyrir það að hann hafi verið úrskurðaður óvinnufær. Vottorðs þessa hafi verið aflað 14. janúar 1991 og það þá hljóðað upp á, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 3. s. m. Stefnandi hafi því ekki sannanlega verið óvinnufær, þegar skipið hélt til veiða 8. janúar 1991.

Af hálfu stefnda er ekki gerður tölulegur ágreiningur um dómkröfur stefnanda.

Hér fyrir dómi hafa stefnandi og Hákon Magnússon, skipstjóri og stjórnarformaður stefnda, gefið aðilaskýrslu. Þá hafa vitnin Axel Axelsson, Guðjón S. Jónsson og Ingimundur Ingimundarson gefið vitnaskýrslur í málinu.

III.

Niðurstaða.

Við ráðningu stefnanda á m/s Húnaröst, RE-550, var ekki gerður skriflegur ráðningarsamningur við hann, svo sem bar að gera skv. 42. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 35/1985. Samkvæmt ljósriti skipshafnarskrár, sem liggur fyrir í málinu, var stefnandi ráðinn á skipið til togveiða. Að öðru leyti var ráðningartími stefnanda ekki ákveðinn sérstaklega við lögskráningu hans á skipið, svo sem heimilt hefði verið að gera skv. kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar. Ber stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, að ráðningartími stefnanda hafi ekki verið allt togveiðitímabil skipsins á viðkomandi tímabili.

Í framburði aðila og vitna hér fyrir dómi hefur verið upplýst, að mjög hafi verið á reiki, hvenær m/s Húnaröst, RE-550, hóf loðnuveiðar á liðnum árum, en venjulega hafi það þó ekki verið síðar en um áramót.

Vitnið Axel Axelsson hefur borið fyrir dóminum, að það hafi ráðið stefnanda í stöðu 2. stýrimanns það tímabil, sem það gegndi skipstjórastöðu fyrir hinn reglulega skipstjóra, og hafi stefnanda verið það ljóst. Vitnið Guðjón S. Jónsson, fyrrverandi skipverji á skipinu, var viðstatt, er Axel Axelsson réð stefnanda. Staðfesti vitnið, að það hefði komið fram við ráðninguna, að stefnandi yrði stýrimaður, á meðan Axel Axelsson væri með skipið.

Við mat á sönnunargildi vitnaframburðar Guðjóns S. Jónssonar ber að hafa í huga, að langt er um liðið, frá því að atvikið gerðist, og að vitnisburðarins var aflað með skjali, sem stefndi útbjó eftir símtal við vitnið og sendi því til undirritunar. Skjal þetta var síðan lagt fram í málinu. Þykir vitnið því ekki nægilega trúverðugt um þetta einstaka atriði, svo að framburði þess verði treyst. Önnur vitni voru ekki að ráðningarsamningi stefnanda og Axels Axelssonar.

Í framburði Hákonar Magnússonar, skipstjóra og stjórnarformanns stefnda, kom fram, að Axel Axelsson hefði tjáð sér, þegar hann kom úr sumarleyfi haustið 1990, að hann hefði hug á að hætta störfum á skipinu og þyrfti að vera kominn í land þá um haustið. Stefnandi fór ekki í veiðiferð m/s Húnarastar, RE-550, sem hófst 13. desember 1990, en hann var þá, eftir því sem kemur fram í framburði Axels Axelssonar skipstjóra, í launalausu leyfi. Verður því ekki miðað við, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust frá borði, svo sem stefndi heldur fram í greinargerð. Á þeim tíma var hins vegar ljóst, að Axel Axelsson var að láta af störfum fyrir stefnda og umrædd veiðiferð hans hin síðasta á skipinu. Eftir því sem upplýst er í málinu, var áhöfninni þetta einnig ljóst. Þrátt fyrir það virtist ekki hafa verið gengið þannig frá málum, þegar stefnandi fór í umrætt leyfi, að þar með væri ráðningu hans á skipinu lokið og hann því skráður af skipinu. Hefði það hins vegar verið eðlilegt, ef ráðningartími stefnanda hefði eingöngu átt að miðast við veru Axels Axelssonar sem skipstjóra á skipinu. Samkvæmt siglingavottorði stefnanda, sem frammi liggur í málinu, var hann lögskráður á skipið til 20. desember 1990.

Það er álit réttarins, þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, að stefnda hafi ekki tekist að sanna, að ráðningu stefnanda hafi lokið, er Axel Axelsson hætti sem skipstjóri á skipinu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að fyrirsjáanlegt hafi verið í lok desember 1990, að farið yrði á togveiðar eftir áramót í einhvern tíma. Þegar m/s Húnaröst hélt til togveiða 8. janúar 1991, var stefnandi ekki boðaður til skips, enda hafði þá annar maður verið ráðinn í stöðu hans á skipinu. Má fallast á með stefnanda, að með því hafi skiprúmssamningi hans verið slitið, áður en upphaflegur umsaminn ráðningartími var úti. Ber stefnanda af þeim sökum laun úr hendi stefnda, svo sem hann hefði fengið sem 2. stýrimaður á skipinu, í þessu tilviki til loka ráðningartímans 17. febrúar 1991, er skipið hætti togveiðum.

Stefnukrafan er reist á uppgjöri á aflahlut 2. stýrimanns á skipinu frá 7. janúar 1991 til þess tíma, er skipið hætti togveiðum og hélt á loðnuveiðar, og er óumdeild tölulega. Ber því að taka kröfur stefnanda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðila beri sinn hluta málskostnaðar.
Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Húnaröst hf., greiði stefnanda, Sveinþóri Eiríkssyni, 464.852 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. mars 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 225/1994. **Anna G. Osvaldsdóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Leifi Breiðfjörð
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Eignarréttur. Fasteign. Lóðarréttindi. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Hún krefst þess, „að hafnað verði, að eignarhaldi lóðar fasteignarinnar nr. 52 við Laufásveg sé skipt með þeim hætti, að stefndi sé einn eigandi lóðar að frátalinni heimkeyrsluplötu". Einnig krefst áfrýjandi, að synjað verði um staðfestingu á lögbanni, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði 23. september 1992 við því, að hún taki upp hellulagða stétt sunnan og vestan við húsið að Laufásvegi 52 í Reykjavík. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hélt áfrýjandi meðal annars fram þeirri málsástæðu, að við þinglýsingu afsals frá 7. júlí 1964, sem stefndi telur hafa leitt til skiptingar á lóðinni að Laufásvegi 52 í sérgreinda eignarhluta, hafi ekki verið gætt að þeim áskilnaði í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, að afsalinu yrði að fylgja vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að áfrýjandi hafi haldið þessari málsástæðu uppi fyrir héraðsdómi. Þá er málsástæðunnar ekki heldur getið í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Þegar af þess-

um sökum brestur skilyrði til að líta til þessarar málsástæðu við úrlausn málsins, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo sem lögunum var breytt með lögum nr. 38/1994.

II.

Með fyrrnefndu afsali 7. júlí 1964 seldu Dagmar og María Eyvindsdætur eignarhluta sína í fasteigninni Laufásvegi 52, en hvor þeirra hafði átt sinn þriðjung í henni. Var eigninni ráðstafað að nokkru til sameiganda þeirra, dánarbús Osvalds Eyvindssonar, en að öðru leyti til Júlíusar, Egils og Sveinbjörns Egilsona. Kom ekkja Osvalds Eyvindssonar, Jóhanna G. Guðmundsdóttir, fram af hálfu dánarbús hans við samningsgerð þessa, en hún sat þá í óskiptu búi.

Í afsalinu er meðal annars mælt fyrir um skiptingu eignarinnar milli nýju eigendanna. Er eignarhluta dánarbús Osvalds Eyvindssonar lýst þar á þann hátt, að hann sé allur kjallari hússins ásamt bílskúr og kjallara undir honum auk heimkeyrsluplötu, en hún sé sá hluti lóðarinnar, sem liggi frá aðalhúsinu og bílskúrnum að Laufásvegi. Segir í afsalinu, að þetta sé sá hluti eignarinnar, sem hafi verið hagnýttur við verkstæðisrekstur í húsinu. Eignarhluta Júlíusar, Egils og Sveinbjörns Egilsona er á hinn bóginn lýst svo, að hann sé öll 1. hæð hússins ásamt rishæð og hanabjálka auk þess hluta eignarlóðar, sem fylgi ekki eignarhluta dánarbús Osvalds samkvæmt framangreindu og sé ekki undir hinum seldu húsum. Er þess getið í afsalinu, að Júlíus sé eigandi þessa eignarhluta að helmingi, en hvor þeirra Egils og Sveinbjörns að fjórðungi. Við undirskriftir Jóhönnu, Júlíusar, Egils og Sveinbjörns á afsalinu er tekið sérstaklega fram, að þau séu samþykk þeirri eignaskiptingu, sem þar sé tilgreind.

Á bakhlið afsalsins eru þrjár yfirlýsingar, sem eru allar dagsettar 1. september 1964. Í hinni fyrstu, sem er undirrituð af Jóhönnu G. Guðmundsdóttur einni, lýsir hún sig samþykka því, að byggt verði ofan á svalir og risi lyft á íbúðarhúsinu að Laufásvegi 52. Í annarri yfirlýsingunni taka þeir Júlíus, Sveinbjörn og Egill Egilsynir fram, að „eigendur verkstæðisins hafa full afnot af sorpíláti því, er tilheyrir húsinu og stendur á lóð eigenda hæðar og riss hússins". Þriðja yfirlýsingin er undirrituð af öllum áðurnefndum. Í henni segir, að til frekari skýringa á skiptingu eignarlóðar sé tekið fram, að dánarbú

Osvalds sé eigandi hennar að 27,5 hundraðshlutum, Júlíus að 36,25 hundraðshlutum, en Egill og Sveinbjörn hvor að 18,125 hundraðshlutum.

Með áritun lóðaskrárritarans í Reykjavík á afsalinu 10. september 1964 er staðfest, að eigendaskipta hafi verið getið. Þá er afsalið áritað um móttöku til þinglýsingar 10. september 1964 og innfærslu í veðmálaskrá í Reykjavík sama dag.

Í vitnaskýrslu fyrir héraðsdómi greindi Júlíus Egilson frá því, að sú athugasemd hefði verið gerð, þegar afsalið frá 7. júlí 1964 var upphaflega fært til þinglýsingar, að þörf væri á að greina þar frá því hlutfalli af eignarlóðinni að Laufásvegi 52, sem kæmi í hlut hvers afsalshafa. Hann hafi því á tímabilinu fram í september 1964 mælt lóðina upp sjálfur og gert sérstakan útreikning um hlut hvers eiganda í henni. Niðurstaða þess útreiknings hafi verið lögð til grundvallar í fyrrgreindri þriðju yfirlýsingu á bakhlið afsalsins, en eftir gerð hennar 1. september 1964 hafi því verið þinglýst.

Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem Júlíus Egilson staðfesti fyrir dómi, að væri fyrrnefndur útreikningur sinn. Af því verður ráðið, að eignarhlutfall dánarbús Osvalds Eyvindssonar af lóðinni hefur verið reiknað á þann hátt, að svokölluð heimkeyrsluplata og bílskúr, samtals 99,28 fermetrar, hafi þar talist sérgreind eign dánarbúsins. Grunnflötur aðalhúss á lóðinni er í útreikningnum talinn vera samtals 102,0783 fermetrar. Er miðað þar við, að þriðjungur, 34,0261 fermetri, sé eignarhluti dánarbúsins. Samtals er því talið, að dánarbúið eigi 133,3061 af 485,8 fermetrum, sem lóðin nemi í heild, eða 27,4405 hundraðshluta hennar. Eignarhlutfall Júlíusar, Egils og Sveinbjörns Egilsona er fundið þannig, að í hlut þeirra komi 2/3 hlutar lóðar undir aðalhúsi eða 68,0522 fermetrar. Þá er talin til eignar þeirra heildarlóðin að frádregnu svokölluðu byggðu svæði á henni eða 284,4417 fermetrar. Er þetta auðkennt í útreikningum sem garður. Telst þessi eignarhluti þannig samtals ná til 352,4939 fermetra af lóðinni eða 72,5595 hundraðshluta hennar.

Með afsali 7. febrúar 1973 eignaðist stefndi þann hluta fasteignarinnar að Laufásvegi 52, sem hafði tilheyrt Júlíusi, Agli og Sveinbirni Egilsonum. Segir í afsalinu, að eignarhlutinn teljist vera 46,43 hundraðshlutar af allri húseigninni, en 72,5 hundraðshlutar af lóðinni, sem séu „sá hluti eignarlóðar, sem samkv. afsali, útg. 7. júlí

1964 af Dagmar og Maríu Eyvindsdætrum fylgir ekki hinum hluta húseignarinnar".

Jóhanna G. Guðmundsdóttir gaf út afsal 20. mars 1984 fyrir hönd dánarbús Osvalds Eyvindssonar til Davíðs Osvaldssonar fyrir eignarhluta þess í fasteigninni. Þeirri ráðstöfun var rift með yfirlýsingu 3. október 1985, en 22. nóvember sama ár afsalaði Jóhanna eignarhlutanum til fjögurra barna þeirra Osvalds, þar á meðal áfrýjanda. Hinn 31. desember 1991 gáfu sameigendur áfrýjanda út afsal til hennar fyrir hlutdeild sinni í eignarhlutanum. Er hann þar sagður vera 53,57 hundraðshlutar húseignarinnar að Laufásvegi 52 og 27,5 hundraðshlutar af tilheyrandi eignarlóð. Nánar segir í afsalinu, að eignarhlutinn sé allur kjallari hússins ásamt bílskúr og kjallara undir honum „svo og öll heimkeyrsluplatan, þ. e. sá hluti lóðarinnar er liggur frá aðalhúsinu og bílskúrnum að Laufásvegi, auk ofangreindrar hlutdeildar í eignarlóð". Eignarhlutanum er lýst á samsvarandi hátt í áðurnefndum afsölum fyrir honum frá 1984 og 1985.

Framangreindum afsalsbréfum var öllum þinglýst án athugasemda.

III.

Orðalag afsalsins frá 7. júlí 1964 um skiptingu fasteignarinnar að Laufásvegi 52 í eignarhluta felur í sér, að þeir, sem urðu þar eigendur hennar, hafi samið um, að lóðin yrði ekki með öllu í óskiptri sameign þeirra. Þess í stað skyldi óskipt sameign eingöngu vera um þann hluta landsins, sem svokallað aðalhús og bílskúr stæðu á, en að öðru leyti skiptist lóðin eftir nánari ákvæðum afsalsins í sérgreinda eignarhluta, sem fylgdu hvorum af tveimur tilteknum eignarhlutum í mannvirkjum.

Þessi merking orðalags afsalsins er í samræmi við áðurnefnda yfirlýsingu á bakhlið þess frá 1. september 1964, þar sem tekið er fram, að eignarhluta dánarbús Osvalds Eyvindssonar fylgi full afnot af sorpíláti, sem „stendur á lóð eigenda hæðar og riss hússins". Enn fremur samrýmist þessi merking þeirri skipan, sem sýnilega er byggt á í áðurgreindum útreikningi Júlíusar Egilsonar frá 1964 á hlutfallslegri skiptingu heildarlóðarinnar á milli eigenda fasteignarinnar. Niðurstöður þess útreiknings eru á sama veg og hlutfallstölurnar í

yfirlýsingu um þetta efni á bakhlið afsalsins, sem áður var getið og allir hlutaðeigandi undirrituðu.

Eins og áður greinir, ber afsalið frá 7. júlí 1964 með sér, að það var lagt fyrir lóðaskrárritarann í Reykjavík. Ekkert liggur fyrir um, að byggingaryfirvöld hafi látið í ljós, að þau teldu annmarka á að greina lóðina að Laufásvegi 52 í afmarkaða eignarhluta, svo sem fólst samkvæmt framansögðu í orðalagi afsalsins.

Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar, að með afsalinu frá 7. júlí 1964 hafi sá hluti lóðarinnar að Laufásvegi 52, sem hús höfðu ekki verið reist á, þar með talið húsrými undir svokölluðu heimkeyrsluplani, orðið eign Júlíusar, Egils og Sveinbjörns Egilsona einna ásamt þeim hluta húss, sem nánar greinir í afsalinu. Sá eignarhluti tilheyrir nú stefnda samkvæmt síðara afsali. Samkvæmt gögnum málsins hafa hvorki stefndi né þeir, sem hann leiðir rétt sinn frá, samþykkt ákvæði um lóðarréttindi í afsölum fyrir hinum eignarhlutanum í fasteigninni, sem kunna að stangast á við þessa skýringu á afsalinu frá 7. júlí 1964. Athugasemdalaus þinglýsing þessara yngri afsalsbréfa getur því ekki skert réttindi stefnda, sem styðjast við eldri þinglýsta heimild.

Samkvæmt þessu verður því tekin til greina krafa stefnda um viðurkenningu á því, að hann eigi lóðina að Laufásvegi 52 að undanskildum þeim hluta hennar, sem á standa hús og heimkeyrsluplata frá Laufásvegi að bílskúr.

IV.

Stefndi krefst í málinu staðfestingar á lögbanni, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði 23. september 1992 við því, að áfrýjandi tæki upp hellulagða stétt á lóðinni að Laufásvegi 52, sunnan og vestan við hús. Andmæli áfrýjanda gegn þessari kröfu eru einkum á því reist, að umrædd lóð sé í óskiptri sameign málsaðila, en áfrýjandi hafi í því skjóli hlutast til um að halda húsfund, sem stefndi hafi ekki sótt, þar sem samþykkt hafi verið að fjarlægja fyrrnefnda stétt.

Eins og áður greinir, er í málinu fallist á það með stefnda, að lóðarhlutinn, sem hin umdeilda stétt hefur verið lögð á, sé eign hans. Eiga framangreind andmæli áfrýjanda því ekki við rök að styðjast. Verður því fallist á kröfu stefnda um staðfestingu lög-

bannsins, enda eru aðrar röksemdir áfrýjanda gegn henni, þar á meðal varðandi lagaskilyrði fyrir lögbanni, ekki nægilega reifaðar, til að efnisleg afstaða verði tekin til þeirra.

V.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um kröfur stefnda um viðurkenningu eignarréttar og staðfestingu lögbannsgerðar.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var við ákvörðun málskostnaðar í héraði tekið að nokkru tillit til þess, að stefndi hafi aflað ítarlegrar mælingar sérfræðinga á lóðinni að Laufásvegi 52 og kostað til þess 227.500 krónum. Við úrlausn málsins er ekki byggt á þessu gagni í þeim mæli, að unnt sé að taka tillit til kostnaðar af öflun þess við ákvörðun málskostnaðar. Verður áfrýjanda því gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnda, Leifs Breiðfjörð, að lóðinni að Laufásvegi 52 í Reykjavík að undanskildum þeim hluta hennar, sem á standa hús, bílskúr og heimkeyrsluplata að bílskúr frá Laufásvegi.

Staðfest er lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði 23. september 1992 við því, að áfrýjandi, Anna G. Osvaldsdóttir, taki upp hellulagða stétt á lóðinni sunnan og vestan við hús á lóðinni.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1994.

1. Ár 1994, mánudaginn 28. febrúar, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í málinu nr. E-8547/1992, sem var höfðað með birtingu stefnu 25. september 1992 og dómtekið 3. þ. m.

Stefnandi er Leifur Breiðfjörð, kt. 240645-4839, Laufásvegi 52, Reykjavík.

Stefnda er Anna G. Osvaldsdóttir, kt. 110946-2019, Laufásvegi 52, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði lögbannsgerð sú, sem sýslumannsembættið í Reykjavík lagði 22. september 1992 við því, að stefnda tæki upp hellulagða stétt á lóðinni sunnan og vestan hússins nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík. Einnig er krafist dómsviðurkenningar á því, að eignarhald lóðarinnar sé skipt, þannig, að stefnandi eigi lóðina nr. 52 við Laufásveg sem sérstaka og afmarkaða eign sína að öðru leyti en heimkeyrsluplötuna, þ. e. þann hluta lóðarinnar, sem afmarkast af bílskúrnum og aðalhúsinu að Laufásvegi og þann afmarkaða grunnflöt lóðarinnar, sem húsin á henni þekja af yfirborði jarðar. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu eru, að hafnað verði þeirri dómkröfu stefnanda, að eignarhaldi lóðar fasteignar nr. 52 við Laufásveg sé skipt með þeim hætti, að stefnandi sé einn eigandi lóðar að frátalinni heimkeyrsluplötu, að synjað verði um staðfestingu lögbannsgerðar, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði á framkvæmdir 23. september 1992, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

2. Eyvindur Árnason snikkari reisti sér árið 1921 hús til íbúðar og atvinnurekstrar á lóð nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík; var trésmíðaverkstæði í kjallara, en íbúð á hæðum. Við það var byggt árið 1943. Eignin skiptist í tvo hluta, annars vegar jarðhæð ásamt rými undir aðkeyrsluplötu og viðbyggðum hluta á götuhæð, hins vegar fyrsta hæð, rishæð og hanabjálki þar fyrir ofan. Að Eyvindi látnum féll eignin til þriggja barna hans, þeirra Maríu, Dagmarar og Osvalds, að jöfnu. Við lát Osvalds árið 1963 fékk ekkja hans, Jóhanna Guðmundsdóttir, leyfi til setu í óskiptu búi.

Hinn 7. júlí 1964 afsöluðu Dagmar og María Eyvindsdætur eignarhluta sínum í fasteigninni, að 30,36% til db. Osvalds Eyvindssonar, sem varð þá eigandi að 53,57% heildareignarinnar, og að 69,64% til Júlíusar, Egils og Sveinbjörns Egilson. Í afsalinu er skráð: „Samkomulag er um það, að eignarhluti dánarbúsins í húsinu verði nánar tilgreint allur kjallari hússins ásamt bílskúrnum við húsið og kjallaranum undir honum svo og öll heimkeyrsluplatan, þ. e. sá hluti lóðarinnar, er liggur frá aðalhúsinu og bílskúrnum að Laufásvegi, en þetta er sá hluti eignarinnar, sem hagnýttur hefur verið við verkstæðisreksturinn í húsinu.“ Eignarhluta fyrrgreindra þriggja manna er lýst þannig: „Öll 1. hæð téðs húss ásamt rishæð og hanabjálka svo og sá hluti eignarlóðarinnar, sem, eins og fyrr segir, ekki fylgir eignarhluta téðs dánarbús og sameiginleg er undir hinum seldu húsum.“ Kaupendurnir, þ. á m. Jóhanna Guðmundsdóttir f. h. db. Osvalds Eyvindssonar, staðfestu með nafnritunum sínum samþykki við kaupunum og þeirri eignaskiptingu,

sem þar er tilgreind. Afsalið ber áritanir um, að 10. sept. 1964 hafi eigendaskipti verið kunngerð lóðaskrárritaranum í Reykjavík og að sama dag hafi það verið fært í veðmálaskrá í Reykjavík. Á afsalinu eru tvær yfirlýsingar, dags. 1. sept. 1964 og undirritaðar nöfnum afsalsþega, svohljóðandi: „Ég undirrituð, Jóhanna Guðmundsdóttir, Laufásvegi 60, Reykjavík, leyfi, að byggt sé ofan á svalir og risi lyft á íbúðarhúsinu Laufásvegi 52, Reykjavík, fáist til þess samþykki byggingarnefndar Reykjavíkur. Það skal tekið fram, að eigendur verkstæðisins hafa full afnot af sorpíláti því, er tilheyrir húsinu og stendur á lóð eigenda hæðar og riss hússins." „Til frekari skýringar á skiptingu eignarlóðar viljum við taka fram, að hún skiptist þannig: „Jóhanna Guðmundsdóttir f. h. d/b Osvalds Eyvindssonar er eigandi að 27,5% af lóðinni, Júlíus Egilson 36,25%, Egill Egilson 18,125 og Sveinbjörn Egilson 18,125.""

Með kaupsamningi, dags. 31. ágúst 1972 (afsal 7. febrúar 1973), seldu Júlíus Egilson og Sveinbjörn Egilson stefnanda eignarhluti sína í umræddri fasteign, en Júlíus hafði erft hluta föður síns, Egils Egilson. Hinu selda er lýst þannig: „Öll 1. hæð húseignarinnar ásamt rishæð og hanabjálka svo og sá hluti eignarlóðar, sem skv. afsali, útg. 7. júlí 1964 af Dagmar og Maríu Eyvindsdætrum, fylgir ekki hinum hluta húseignarinnar. Hinn seldi eignarhluti telst 46,43% af heildareigninni í allri húseigninni og 72,5% af heildareign í allri lóðinni." Í kaupsamningnum er þess getið, að fyrrgreint afsal Dagmarar og Maríu liggi frammi sem og yfirlýsing um skiptingu eignarlóðar, dags. 1. sept. 1964, og að kaupandi hafi kynnt sér efni þessara skjala.

Eignarhluta dánarbúsins í fasteigninni var afsalað Davíð H. Osvaldssyni í mars 1984, en kaupunum rift í október 1985. Honum var síðan afsalað fjórum öðrum börnum Jóhönnu Guðmundsdóttur í nóvember 1985, þ. á m. stefndu, sem varð einkaeigandi með afsali, dags. 31. desember 1991. Atvinnurekstur fluttist úr húsinu haustið 1991, en Davíð H. Osvaldsson hafði eftir andlát föður síns starfrækt þar áfram líkkistuvinnustofu og útfararþjónustu.

Stefnda mun hafa flust í húsið með fjölskyldu sinni vorið 1992, og um þær mundir risu deilur með sameigendum, m. a. um skiptingu lóðar og afnot ræktaðs hluta hennar. Með bréfi til umhverfisráðuneytisins, dags. 1. júlí 1992, krafðist stefnandi þess, að samþykktir byggingarnefndar Reykjavíkur frá 12. desember 1991 og 30. apríl 1992 yrðu felldar úr gildi, en hin síðari þeirra kvað á um breytingu eignarhluta stefndu úr atvinnu- í íbúðarhúsnæði. Ráðuneytið féllst ekki á kröfurnar. Haustið 1992 boðaði stefnda og hélt oftlega ásamt eiginmanni sínum húsfélagsfundi um málefni húseignarinnar nr. 52 við Laufásveg. Fundarefni var m. a.: „Afnot sameiginlegrar

lóðar, en af viðbrögðum yðar hefur mátt ráða, að þér teljið garðinn einkaeign yðar“ og „Taka upp stétt fyrir framan stofu jarðhæðar og lækka lóð í fyrra horf“. Stefnandi endurnýjaði sumarið 1991 hellulögn sunnan og vestan við húsið, og eru andmæli stefndu á því reist, að hún sé um 20 sm hærri en sú, sem fyrir var, en stefnandi kveður það ýkjur. Stefnandi mótmælti lögmæti fundarboðana og gildi fundarsamþykkta jafnframt því að andmæla þeim efnislega. Með bréfi til stefnanda, dags. 11. september 1992, krafðist stefndi þess, að lóðin yrði færð í fyrra horf fyrir 20. s. m., „að öðrum kosti mun eigandi neðri hæðar, án frekari viðvörunar, láta taka upp stéttina“. Stefnandi óskaði lögbanns við hinni yfirvofandi athöfn, og var það á lagt 22. september.

Lögð var fram greinargerð Gunnars Steinsen verkfræðings um skiptiflatarmál og eignarhlutföll húseignarinnar Laufásvegar 52, Reykjavík, dags. í október 1993, sem stefnda lét gera einhliða, en stefnandi fékkst ekki til að leggja fram forsendur sínar fyrir eignaskiptasamningi. Niðurstöður: Eignarhluti jarðhæðar 56,14% og efri hæðar 43,86%. Þá var lögð fram svofelld yfirlýsing Fasteignamats ríkisins: „Fasteignamat ríkisins metur almennt lóðarhlut sérhverrar fasteignar óháð þinglýstum heimildum um sérstaka skiptingu lóðar eða afnotarétt hennar milli skráðra eigna á lóð. Þannig gefur sá hluti fasteignamats, sem nefndur er lóðamat, ekki til kynna, hver þinglýstur eignarhluti viðkomandi eignar í lóð er. Við skiptingu heildarlóðarmats á húseignir á lóðinni er farið eftir rúmmáli og flatarmáli hinna einstöku eigna á viðkomandi lóð.

3. Kröfu sína um dómsviðurkenningu á eignarrétti reisir stefnandi á ákvæði afsalsins frá 7. júlí 1964, sbr. yfirlýsingarnar frá 1. september s. á. Kröfur hans eigi sér beina og gagngera stoð í ákvæðum greindra skjala. Þar sé fasteigninni skipt upp í afmarkaðar einingar, og eigi það jafnt við um eignarlóðina sem húsið. Eignarréttur hans sé afleiddur og samkvæmur eignarrétti afsalshafanna frá 7. júlí 1964, sem orðið hafi afsalsgjafar hans 7. febr. 1973. Kröfu um staðfestingu lögbannsgerðarinnar styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi af því lögvarða hagsmuni, að eignarréttindum sínum sé ekki rsakað með því, sem hann segir, að teljast yrði skemmdarverk, þ. e., ef hin hellulagða stétt yrði tekin upp. Þessa lögvernd tjáir hann leiða af almennum reglum eignarréttarins og ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi hans.

Stefnda telur, að lóð fasteignarinnar sé óskipt. Jóhanna Guðmundsdóttir kannist ekki við samþykki sitt við samkomulagi þar að lútandi, enda sé undirritun ekki vottuð. Það sé meginregla, að eignarhluti sérgreindrar eignar í lóð ákvarðist af eignarhlutföllum í mannvirkjum. Afsal 7. júlí 1964 taki

einvörðungu til ráðstöfunar á seldum eignarhluta, og öðlist stefnandi ekki frekari rétt eða stærri hlutdeild í eigninni en viðsemjandi hans átti. Útreikningum Júlíusar Egilson, sem síðar greinir, er hafnað sem grundvelli að lóðarskiptingu, enda ekki gerðir á faglegum grunni og hafi aldrei verið kynntir eigendum jarðhæðar. Þá er því haldið fram, að hækkun stefnanda á stétt sumarið 1991 í garði og meðfram húsinu hafi verið án vitundar og samþykkis meðeigenda, og sé hún fallin til að skaða hagsmuni stefndu.

4. Með afsali 7. júlí 1964 var fasteigninni Laufásvegi 52, Reykjavík, skipt upp, og er það því einnig eignaskiptasamningur. Sönnur hafa ekki verið færðar að því, sem ótvírætt er gefið í skyn af hálfu stefndu, að nafnritanir Jóhönnu Guðmundsdóttur á afsalið og yfirlýsingar, sem þar eru skráðar, séu falsaðar. Vitnið Júlíus Egilson kvað undirritanir hafa farið fram að öllum viðkomandi samtímis viðstöddum.

Skipting eignarhluta í lóð í hundraðshlutum, sem rituð er á afsal, er reist á bandmælingum og útreikningum Júlíusar Egilson. Kvaðst hann hafa gert þær í júlí–september 1964 vegna þeirrar athugasemdar þinglýsingadómara, að skjalinu væri áfátt að þessu leyti. Stefnandi fól verkfræðistofu að málsetja og reikna flatarmál lóðar og bygginga á Laufásvegi 52; er skýrsla um það dagsett 24. jan. 1994. Stærðir þær, sem hér koma einkum til álita, eru þessar í fermetrum (innan sviga samsvarandi stærðir skv. dskj. nr. 7): stærð heimkeyrsluplans 65,63 (67,02), innkeyrsluplan og byggingar 199,02 (201,36), óbyggð lóð 286,00 (293,04), heildarlóð 485,00 (485,80).

Krafa stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti hefur samkvæmt framangreindu næga stoð í ákvæðum afsals 7. júlí 1964 og yfirlýsinga 1. september s. á., en réttur hans er samkvæmur eignarrétti afsalshafa að greindu afsali, sem urðu afsalsgjafar hans 7. febrúar 1973. Af þessu leiðir með vísan til almennra reglna um eignarrétt og ákvæðis stjórnarskrár um friðhelgi hans, að stefnandi nýtur lögverndar gegn því, að stefnda taki upp hellulagða stétt á lóðinni sunnan og vestan húss nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík.

Niðurstaða dómsins er sú, að kröfur stefnanda eru að fullu teknar til greina. Við ákvörðun málskostnaðar er höfð hliðsjón af því, að kostnaður vegna skýrslu verkfræðistofunnar, 227.500 kr., er umfram það, sem eðlilegt getur talist vegna rekstrar málsins, en notagildið er á hinn bóginn víðtækara. Ákveðst málskostnaður 350.000 krónur að með töldum virðisaukaskatti, sbr. og 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Staðfest er lögbannsgerð sýslumannsembættisins í Reykjavík 22. september 1992 við því, að stefnda taki upp hellulagða stétt á lóðinni sunnan og vestan húss nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík. Viðurkennt

er, að eignarhald lóðarinnar sé skipt og lóðin eign stefnanda utan heimkeyrsluplötu, þ. e. þess hluta lóðar, sem afmarkast af bílskúrnum og aðalhúsinu að Laufásvegi og þess hluta hennar, sem hús standa á.

Stefnda greiði stefnanda málskostnað, 350.000 krónur.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 169/1994. **Sturla Haraldsson og**
Anna Ólafsdóttir
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Gunnari Gunnarssyni og
Lindu Laufeyju Bragadóttur
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kaupsamningur. Fasteign. Galli. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1994 og gerðu þær kröfur, að dómi Héraðsdóms Reykjaness 23. febrúar 1994 yrði hrundið og allar kröfur þeirra í héraði yrðu teknar til greina. Auk þess kröfðust þeir málskostnaðar í Hæstarétti. Með stefnu 30. ágúst 1994 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjaness 15. júní 1994 í máli sömu aðila. Kröfðust þeir í því máli sýknu af kröfum stefndu svo og málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu skutu dómi í fyrra málinu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 17. maí 1994 og kröfðust greiðslu á öllum kröfum sínum fyrir héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti féllu stefndu frá kröfum í gagnáfrýjunarstefnu.

Að ósk aðila voru mál þessi sameinuð í Hæstarétti. Endanleg krafa stefndu er sú, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir og að áfrýjendum verði gert að greiða óskipt málskostnað í Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti féllu áfrýjendur frá nokkrum kröfum, sem þeir gerðu í héraði. Eru endanlegar kröfur þeirra í þessum þætti máls þær, að stefndu verði dæmt að greiða óskipt 2.994.649 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. maí 1992. Auk þess krefjast þeir sýknu af flestum gagnkröfum stefndu, eins og nánar verður vikið að, og loks málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Höfuðstóll krafna áfrýjenda sundurliðast nú þannig:

1. Kröfur teknar til greina í héraði	2.736.714 krónur
2. Krafa vegna breytinga á gluggum	147.648 krónur
3. 12% þóknun fyrir umsjón með breytingum	110.286 krónur

Um 1. kröfulið er ekki ágreiningur hér fyrir dómi, og verður hann því tekinn til greina. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að hafna kröfum eftir 2. og 3. lið. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í þessum þætti máls.

II.

Stefndu gera kröfur á hendur áfrýjendum vegna þeirra galla, sem lýst er í héraðsdómi. Krefjast stefndu skuldajafnaðar að því marki, sem kröfur áfrýjenda hrökkva til, svo og dóms um gagnkröfurnar að því leyti, sem þær nýtast ekki til skuldajafnaðar.

Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum gagnkröfum, sem stefndu hafa uppi til skuldajafnaðar, að undanskildum þremur kröfum, samtals að fjárhæð 74.255 krónur, þ. e. 10.000 krónur vegna reykháfs (kröfuliður 3 a), 10.000 krónur vegna salernis (kröfuliður 3 b) og 54.255 krónur vegna stífinga á gluggum.

Ekki verður talið, að skilyrði séu til að beita bótareglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup beint eða með lögjöfnun um gagnkröfur stefndu. Hins vegar eru, eins og atvikum er háttað í málinu, lagaskilyrði til þess að leysa ágreining aðila um skuldajafnaðarkröfu stefndu eftir meginreglum um afslátt af kaupverði.

III.

Verður nú afstaða tekin til einstakra gagnkrafna stefndu og skipun efnis og fyrirsagna að mestu hagað með sama hætti og í héraðsdómi.

Gluggar í stofu og sólstofu.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gluggum í stofu og sólstofu hafi verið áfátt. Þótt því hafi verið slegið föstu, að gluggarnir séu gallaðir, hafa stefndu ekki leitt í ljós, að samið hafi verið um, hvorki við upphaflega samningsgerð í desember 1991 né síðar, að þeir fengju glugga, sem smíðaðir væru í samræmi við ítrustu kröfur þeirra um útlit og gæði.

Afsláttur verður ekki miðaður við dýrustu leið til úrbóta, sem sett er fram í matsgerð. Við mat á fjárhæð afsláttar þykir mega hafa hliðsjón af niðurstöðu matsmanna um þá „límtréslausn", sem þeir telja, að kosti á verðlagi í september 1993, samtals 2.260.000 krónur, vegna beggja glugganna. Vegna hinnar sérstöku gerðar glugganna og þess, að þeir eru óvenjustór hluti af útveggjum hússins, verður að telja eðlilegt, að áfrýjendur beri kostnað af svonefndu tvöföldu k-gleri í þá. Miðast framangreind fjárhæð mats við slíkt gler. Niðurstaða dómsins er hins vegar önnur um gler í aðra glugga hússins, eins og síðar greinir.

3 a. Reykháfur.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er frágangur á reykháfi ekki fullnægjandi, og verður litið til þess galla við ákvörðun á fjárhæð afsláttar. Verður höfð nokkur hliðsjón af þeirri niðurstöðu matsmanna, að kostnaður við fyllstu úrbætur nemi 45.000 krónum.

3 b. Útloftun þvottahúss, geymslu og salernis.

Héraðsdómur telur, að kostnaður við að bæta úr galla, sem þessi liður varðar, nemi 10.000 krónum. Hér fyrir dómi greinir aðila ekki á um þá niðurstöðu.

3 c., 3 d. og 3 e. Leki á forstofugluggum, fylling, fúgur á bogavegg.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á, að þau atriði, sem hér um ræðir, teljist galli á greiðslu seljanda samkvæmt kaupsamningnum. Niðurstöðu matsmanna um viðgerðarkostnað, að fjárhæð 119.000 krónur, hefur ekki verið hnekkt.

3 g. Gler í öðrum gluggum en í stofu og sólstofu.

Hvorki verður ráðið af samningi málsaðila né samskiptum þeirra síðar, að áfrýjendur hafi berum orðum eða með öðrum hætti skuldbundið sig til að nota þrefalt einangrunargler eða jafngildi þess í þessa glugga hússins. Samkvæmt matsgerð voru gluggar smíðaðir með falsi fyrir tvöfalt gler. Hér er einnig á það að líta, að leitt er í ljós, meðal annars af matsgerð og framburði Sigurbjarts Halldórssonar, aðstoðarmanns byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, að til algerra undantekninga heyrir, að þrefalt gler eða svonefnt k-gler hafi

verið notað í íbúðarhús í Hafnarfirði á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Verður þegar af þessum ástæðum að hafna kröfum, sem reistar eru á því, að áfrýjendur hafi vanefnt samninginn að þessu leyti.

3 h. Ofnar og ofnateikningar.

Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um, að stefndu eigi ekki kröfu á áfrýjendur vegna þessa liðar.

4. Leki með þakglugga.

Matsmenn kveðast ekki hafa staðreynt leka við gluggann. Hins vegar kemur fram í matsgerðinni rökstutt álit þeirra um, að frágangur við gluggann fullnægi ekki eðlilegum kröfum um vörn gegn utanaðkomandi vatni og að kostnaður við að bæta úr því nemi 40.000 krónum. Verður að fallast á, að hér sé um að ræða galla, sem stefndi ber ábyrgð á.

Kröfur til skuldajafnaðar, aðrar en þær, sem styðjast við matsgerð.

Með vísun til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða að hafna kröfum stefndu, að fjárhæð 12.000 krónur og 20.000 krónur, vegna lóðar.

Hér fyrir dómi samþykkja áfrýjendur kröfu, að fjárhæð 54.255 kr., vegna stífinga á gluggum.

Í héraði kröfðu stefndu áfrýjendur um greiðslu á 200.000 krónum vegna væntanlegs kostnaðar við að flytja úr húsinu, meðan á viðgerð stendur, og „aðstöðusköpunar“ við framkvæmdir. Héraðsdómur tók kröfu þessa að nokkru til greina og taldi hæfilegt að miða við 50.000 krónur. Þykir mega hafa nokkra hliðsjón af þeirri niðurstöðu.

IV.

Það leiðir af reglum um afslátt sem úrræðis vegna vanefnda á gagnkvæmum samningi, að lækka ber greiðslu stefndu í hlutfalli við kaupverð. Þykir mega ákveða afslátt að álitum í einu lagi.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, svo og þess, að matsmenn miða fjárhæðir við verðlag í september 1993, þykir afsláttur hæfilega metinn 2.200.000 krónur. Ber stefndu því að greiða áfrýjendum 2.736.714 krónur að frá dregnum 2.200.000 krónum eða

536.714 krónur ásamt dráttarvöxtum gegn útgáfu afsals fyrir fasteigninni Miðholti 4 í Hafnarfirði. Eftir öllum atvikum þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við stefnubirtingu í héraði, 28. apríl 1993.

Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjendum samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gunnar Gunnarsson og Linda Laufey Bragadóttir, greiði óskipt áfrýjendum, Sturlu Haraldssyni og Önnu Ólafsdóttur, 536.714 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. apríl 1993 til greiðsludags gegn útgáfu afsals fyrir fasteigninni Miðholti 4 í Hafnarfirði.

Stefndu greiði óskipt áfrýjendum samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. febrúar 1994.

Stefnendur þessa máls eru Sturla Haraldsson, kt. 040847-4489, og Anna Ólafsdóttir, kt. 041052-4069, bæði til heimilis á Breiðvangi 44, Hafnarfirði. Stefndu eru Gunnar Gunnarsson, kt. 260952-7149, og Linda Laufey Bragadóttir, kt. 230854-2979, bæði til heimilis að Miðholti 4, Hafnarfirði.

Stefna var út gefin 16. apríl 1993 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir stefndu 24. sama mánaðar. Málið var þingfest 18. maí 1993. Því var úthlutað til dómsformanns 13. október s. á. Til dóms var það tekið að lokinni aðalmeðferð 28. janúar 1994.

Dómkröfur.

Stefnendur krefjast þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 3.037.124,28 kr. með dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. maí 1992 til greiðsludags samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 10. gr., 12. gr. og 14. gr., og bætist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1993. Stefnendur krefjast sýknu af öllum kröfum, sem stefndu hafa gert til skuldajafnaðar í máli þessu. Þá krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti samkv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu krefjast þess að verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Þau krefjast þess, að kröfum sínum á hendur stefnendum, aðallega að fjárhæð

4.390.255 kr., en til vara að fjárhæð 3.409.255 kr., verði skuldajafnað gegn kröfum stefnenda.

Stefndu krefjast þess, að stefnendur verði in solidum dæmd til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, þar með talinn matskostnað, auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti samkv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Úrskurðir um kröfu um, að dómendur vikju sæti, og um frávísunarkröfu.

Í þinghaldi í máli þessu 29. nóvember 1993 var þess krafist af hálfu stefndu, að dómendur allir vikju sæti. Með úrskurði, upp kveðnum 2. desember, var kröfu þessarar synjað. Var þá lýst yfir því af hálfu stefnenda, að úrskurður þessi yrði ekki kærður.

Í sama þinghaldi, 29. nóvember, lagði lögmaður stefnenda fram skriflega kröfu á þessa leið: „F. h. stefnenda krefst ég þess, að kröfum, sem fram koma í greinargerð stefndu á dómskjali nr. 23, um, að kröfum þeirra, aðallega að fjárhæð 4.390.255 kr. og til vara að fjárhæð 3.409.255 kr., verði skuldajafnað við stefnukröfur stefnenda, verði vísað frá dóminum í máli þessu." Frávísunarkrafa þessi var m. a. rökstudd með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefndu var kröfu þessari mótmælt. Málflutningur fór fram um hana 10. desember. Báðir aðilar kröfðust málskostnaðar. Með úrskurði, upp kveðnum 14. desember, var frávísunarkröfu þessarar synjað. Málskostnaður var ekki úrskurðaður að svo stöddu.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dagsettum 16. desember 1991, seldu stefnendur stefndu tveggja hæða einbýlishús á Miðholti 4, Hafnarfirði. Húsið var þá að mestu óbyggt; í stefnu segir, að þá hafi neðsta plata verið steypt og slegið upp fyrir 1. hæð. Fasteigninni er svo lýst í kaupsamningnum:

„Miðholt 4 í Hafnarfirði, einbýlishús á tveimur hæðum. Hús samkvæmt samþykktri teikningu, dags. 6. 6. 1991, og skv. breytingum á teikningu arkítekts, dags. 21. 11. 1991. Um er að ræða einbýlishús á tveimur hæðum, alls 184,7 ferm, þar af íbúð 160,5 ferm. Húsið stækkar um nokkra fermetra við samþykktar breytingar. Húsið afhendist fullbúið að utan, en fokhelt að innan, þ. e. þakrennur, allir gluggar, útihurðir (þ. m. t. bílskúrshurð), rör frá arni, þak fullklárað með þakkanti og húsið pokapússað að utan, en ómálað. Seljandi greiðir heimtaugargjald hitaveitu og rafmagns."

Samkvæmt teikningu, dags. 6. júní 1991, sem vísað er til í kaupsamningi, var ætlað að hafa tvo geysistóra glugga á suðvestur- og norðvesturhlið hússins. Stækkun hússins, sem getið er í texta samningsins, fólst í því, að gluggaveggur norðvesturhliðar var færður út um 80 sm og leystur úr tengslum við milliplötu, þ. e. gólfplötu annarrar hæðar, og sólstofugluggi á suðvesturhlið

breikkaður sem þessu nam. Breyting þessi var innifalin í kaupverði. Samkv. teikningum fyrr og síðar átti sólstofugluggi að vera laus frá milliplötu. Á teikningum frá 21. nóvember 1991, sem vísað er til í kaupsamningi, var gerð breyting á anddyri hússins og sorpgeymslu. Endanleg útlitsteikning hússins er dags. 29. apríl 1992 (samþykkt í byggingarnefnd 13. maí 1992). Þar er fram komin breyting á þakglugga og garðstofuglugga, þ. e. suðvesturgluggaanum stóra. Ágreiningslaust er, að samkomulag var um, að stefndu greiddu kostnað, sem leiddi af breytingum á anddyri, sorpgeymslu og þakglugga. Um garðstofuglugga verður síðar fjallað.

Kaupverð hússins var 9.800.000 kr., og skyldi greiða það þannig: við undirritun samnings 2.000.000 kr., 1. febrúar 1992 500.000 kr., 15. mars 1992 1.000.000 kr., 1. maí 1992 2.300.000 kr. og með fasteignaveðbréfi 4.000.000 kr. Stefndu greiddu þrjár fyrstu afborganirnar. Afborgunina 2.300.000 kr. hafa þau ekki greitt. Stefnendur áttu að afhenda húsið 1. maí 1992. Ágreiningur er um, hvort þau hafa staðið við kaupsamning að því leyti. Stefndu segja, að samkomulag hafi orðið um, að greiðsla þessi biði eftir því, að stefnendur afhentu húsið, og yrði þá gert upp fyrir aukaverk, þ. e. verk utan kaupsamnings, sem stefnendur unnu fyrir stefndu. Ágreiningur varð um það uppgjör. Í ágúst 1992 ræddust aðilar við um uppgjörið með milligöngu fasteignasala, sem sá um sölu hússins. Ekki náðist samkomulag um uppgjörið.

– – –

Nánar um kröfur aðila.

Hinn 14. september 1993 ritar lögmaður stefnenda, Árni Grétar Finnsson hrl., stefndu innheimtubréf og krefur þau þar um 2.893.557 kr. með dráttarvöxtum frá 1. maí 1992. Hér var um að ræða afborgunina pr. 1. maí 1992, 2.300.000 kr., og að auki 593.557 kr. „vegna breytinga, sem umbjóðendur mínir kveða yður hafa óskað eftir, að gerðar yrðu á hönnun og byggingu hússins, frá því að kaupsamningur var gerður", eins og segir í bréfinu. Þessu bréfi svöruðu stefndu með bréfi, dags. 20. september 1992, og fylgir því reikningsuppgjör. Viðurkenna stefndu þar greiðsluskyldu á afborguninni, 2.300.000 kr. og aðrar greiðslur, að fjárhæð samtals 641.176 kr., en til frádráttar telja þau, að koma eigi 593.175 kr.

Stefnendur fengu Hönnun hf. til að reikna út kostnað við breytingar á húsinu miðað við einingaverð. Eru endanlegir útreikningar Hönnunar dagsettir 29. október 1992. Sama dag er dagsett reikningsyfirlit stefnandans Sturlu, svohljóðandi:

„Samantekt vegna breytinga á Miðholti 4, Hafnarfirði.

1.	Breytingar á anddyri, þaki, þakglugga og sorpgeymslu samkv. meðfylgjandi sundurliðun frá Hönnun hf.	kr.	686.996,00
2.	Viðbótar-gatnagerðargjald, 162.825 kr., helmingur þess	–	81.412,50
3.	Breytingar á gluggum samkv. meðfylgjandi ljósritum frá Glugga- og hurðasmiðju SB.	–	147.648,00
	Breytingar frá teikningum í áður gerðum kaupsamningi, dags. 16. 12. 1991, því samtals	kr.	919.056,50
	Umsjón 12%	kr.	110.286,78
	Alls	kr.	1.029.343,28

Verkþættir, sem kaupendur hafa óskað eftir að sjá um sjálfir, og innborgun á stáli.

1.	Niðurföll á húsi og anddyri	kr.	17.500,00
2.	Útihurð úr oregonpine samkv. tilboði, dags. 20. 3. 1992	–	44.900,00
	Uppsetning	–	12.000,00
	Bílskúrshurð með járnum og uppsetningu	–	86.100,00
3.	Hreinsað út og fleygað af vegg	–	15.000,00
4.	Greiðsla á þakstáli	–	135.942,00
	Afsláttur	–	7.995,00
	Alls	kr.	319.437,00
	Eftirstöðvar til greiðslu vegna breytinga	kr.	709.906,28“

Aths.: Í samtölu þriggja fyrstu liða í samantektinni hér að ofan er samlagningarskekkja. Talan á að vera 916.056,50 í stað 919.056,50, og lækkar því niðurstöðutalan, 709.906,28, um 3.000,00.

Sundurliðun í stefnukröfu.

Í stefnukröfu er innifalin afborgunin 2.300.000,00 kr., niðurstöðutala samantektarinnar hér að framan, 709.906,28 kr., og auk þess 27.218,00 kr. vegna fasteignagjalda. Stefnendur greiddu fasteignagjöld fyrir Miðholt 4 allt árið 1992, 40.828,00 kr., en þeir telja, að stefndu eigi að greiða þessi gjöld fyrir tímabilið frá 1. maí til ársloka, 27.218,00 kr. Samanlagt gera þessir þrír liðir stefnufjárhæðina, 3.037.124,28 kr., en sú fjárhæð lækkar um 3.000,00 kr. vegna leiðréttingarinnar hér að framan, verður 3.034.124,28 kr.

Stefnukröfur viðurkenndar af stefndu.

Stefndu hafa lagt fram á dómskjali yfirlit yfir kröfur sínar. Þar er tekin afstaða til allra framangreindra kröfuliða stefnenda. Niðurstaða stefndu um þá er þessi:

„Kostnaður skv. útreikningi Hönnunar hf. með lagfæringum stefndu	kr.	537.704,00
Viðbótargatnagerðargjald	–	81.412,50
Framlag stefndu til frádráttar	–	330.437,00
Skuld stefndu skv. þessum lið	kr.	294.679,50(?)

3. Fasteignagjöld:
   Miða skal við, að stefndu hafi fengið fasteignina afhenta 1. september 1992.
   Fasteignagjöld eru því kr. 4/12 af 73.594 kr. eða 13.609 kr.

Samþykktar kröfur stefnenda eru því:

1. Skv. kaupsamningi	kr.	2.300.000,00
2. Skv. leiðréttu [reikningsyfirliti stefnenda]	–	294.679,50
3. Fasteignagjald	–	13.609,00
	kr.	2.608.288,50“

Skuldajafnaðarkröfur stefndu.

Í fyrrnefndu yfirliti hafa stefndu sundurliðað kröfur sínar til skuldajafnaðar við stefnukröfuna. Langhæsta fjárhæðin er vegna kröfu um bætur vegna stórfelldra galla, sem stefndu telja, að sé á húsinu Miðholti 4, og byggist hún á matsgerð. Sundurliðunin er þannig:

„A. Aðalkrafa:

1. Hreinsun á lóð, sbr. dskj. nr. 15	kr.	12.000,00
Kostnaður vegna sérstaks eftirlits og útréttinga stefndu	–	20.000,00
Grófjöfnun lóðar	–	13.00,00(?)
Kostnaður við stífingu til að afstýra tjóni, sbr. dskj. nr. 32	–	54.255,00

Væntanlegur kostnaður við að flytja úr húsi, meðan á viðgerð stendur, og aðstöðusköpun fyrir framkvæmdir	–	200.000,00
2. Skv. niðurstöðu matsgerðar, dags. 16. september 1993, með stál/álgluggum	–	4.091.000,00
	kr.	4.390.255,00

B. Varakrafa:

1. Hreinsun á lóð, sbr. dskj. nr. 15	kr.	12.000,00
Kostnaður vegna sérstaks eftirlits og útréttinga stefndu	–	20.000,00
Grófjöfnun liða [svo]	–	13.000,00
Kostnaður við stífingu til að afstýra tjóni	–	54.255,00
Væntanlegur kostnaður við að flytja úr húsi, meðan á viðgerð stendur, og aðstöðusköpun fyrir framkvæmdir	–	200.000,00
2. Skv. niðurstöðu matsgerðar, dags. 16. september 1993, með timbur/álgluggum	–	3.110.000,00
Samtals	kr.	3.409.255,00“

Matsgerð.

Stefndu beiddust dómkvaðningar tveggja matsmanna til að meta galla, sem þau töldu vera á húsinu Miðholti 4. Á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness 6. maí 1993 voru kvaddir til matsmennirnir Ríkharður Kristjánsson byggingaverkfræðingur og Sæbjörn Kristjánsson byggingatæknifræðingur.

Í matsbeiðni er þess óskað, að metið verði eftirfarandi:

„1. Er hönnun og frágangur glugga í stofu og sólstofu forsvaranlegur? Ef ekki, hverjir eru gallarnir, og hvað kostar að bæta úr þeim? Þess er óskað, að matsmenn meti, hvernig sem þeir líta á málið, hvað það kosti að rífa alla glugga úr stofu og sólstofu, sem um er deilt, og setja nýja með hönnun, sem heldur.

2. Eru stífur eðlileg ráðstöfun miðað við fagurfræðileg sjónarmið? Athuga ber, að ekki er hægt að nota felligardínur vegna stífinganna.

3. Eru eftirtalin atriði í lagi og ef ekki, hvað kostar að bæta úr þeim?
   a. Utanáliggjandi skorsteinn skv. úttekt Brunamálastofnunar ríkisins.
   b. Skortur á útloftun úr þvottahúsi, geymslu og salerni.
   c. Leki á forstofuglugga.
   d. Lóð var ekki grófjöfnuð.

e. Fúgum í bogavegg (úti) telja matsbeiðendur ofaukið, auk þess sem hefðbundinn uppsláttur upp við þak hafi skemmt útlit hússins.

f. Matsbeiðendur telja frágang [svo] glugga ábótavant, sérstaklega við sökkla.

g. Gler í gluggum er venjulegt gler, en skv. byggingarreglugerð verður að telja, að gler hafi átt að vera þrefalt eða svokallað K-gler. Þessi liður kann að skarast við 1. tl. að ofan.

h. Eru ofnateikningar fullnægjandi, þ. e. skila ofnar nægjanlegum hita miðað við aðstæður?

4. Önnur atriði, sem kunna að koma fram á síðari stigum við skoðun."

Verða nú raktar niðurstöður matsmanna lið fyrir lið. Merkingar eru hinar sömu og í matsbeiðni:

1. Um þennan lið segja matsmenn:

„Matsmenn skilja beiðnina sem svo, að komist þeir að þeirri niðurstöðu, að gluggarnir hafi verið gallaðir, beri þeim að meta til verðs endurnýjun glugganna, en ekki lagfæringar. Matsmenn meta því engar innanáliggjandi styrkingar á núverandi gluggum til verðs.

Fyrir lá einnig bréf frá burðarþolshönnuði hússins, Birni Gústafssyni, þar sem fram kom, að hann hefði upphaflega gert ráð fyrir, að gluggapóstar yrðu mun öflugri en raun varð á. Hefði hann gert ráð fyrir, að póstarnir yrðu tvöfaldir og unnir upp úr 63×150 mm timbri og á milli yrði fellt inn 130×18 mm flatjárn. Hafi þetta hins vegar þótt fyrirferðarmikið og klossað og póstarnir því minnkaðir í stofunni og flatjárnið minnkað í 100×15 mm. Þetta tákni svignun í mesta roki upp á 36 mm, sem svarar til L/150.

Matsmenn hafa reiknað gluggana og telja, að sú upprunalega hönnun, sem burðarþolshönnuður hússins lýsir í bréfi sínu, gefi stofugluggunum nægan stífleika til [að] halda svignun innan marka L/300. Hún nægi hins vegar ekki í háu gluggunum í sólstofunni, enda virðist bréfið benda til, að aðeins sé fjallað um stofugluggana, þar sem hæð umræddra glugga er gefin upp sem 5,4 metrar. Það á við stofugluggana, en gluggarnir í sólstofunni eru hins vegar tæpir 7 metrar. Að auki eru póstarnir samsettir í hæðinni, en það dregur einnig úr stífleikanum. Samsetning póstanna er ekki þannig gerð, að hægt sé að reikna hana berandi. Enda þótt flatjárnið sé heilt alla leið, er styrkur þess ekki nægjanlegur á samskeytum póstanna til að bera allt vindálagið. Einnig þarf að taka tillit til þess við styrkleikamat, að póstarnir eru verulega skertir vegna úrtaka fyrir glerfalsi.

Ef tekið er tillit til þessa, kemur í ljós, að póstana þarf að smíða úr miklu efnismeiri viði en 63×150, og vantar mikið á, að það dugi í sólstofunni, jafn-

vel þó að tekið sé tillit til flatjárns af þeirri stærð, sem burðarþolshönnuður lagði upphaflega til. Í stofunni vantar aðeins upp á eða því, sem nemur skerðingu vegna glerfals, og hefði þurft að stækka póstana sem því nemur. Ekki hefði verið hægt að stækka flatjárnið eitt sér, þar sem það hefði þá ekki komist fyrir.

Þá er það skoðun matsmanna, að gluggarnir séu komnir yfir þau stærðarmörk, að ráðlegt sé að smíða þá sem hefðbundna timburglugga með venjubundnum þéttingum á gleri. Vegna stærðarinnar á timburþversniðunum og þeim hreyfingum, sem því fylgja, verður alltaf veruleg hætta á, að þéttingar bili og það komi til leka, og þyrfti að áliti matsmanna að grípa til álprófílakerfis fyrir glerlistana.

Í heild er skoðun matsmanna þessi, og er miðað við gluggana fyrir stífingu:

Gluggar í stofu og sólstofu voru allt of veikburða.

Við mat á endurbótum án stífinga ganga matsmenn út frá eftirfarandi skilyrðum, og er þá eingöngu fjallað um tæknileg atriði:

A: Matsmenn telja, að í gluggum af þessari stærð séu samsettir timburpóstar og hefðbundin glerjun með timburglerlistum ekki líkleg til að skila langvarandi þéttleika.

B. Matsmenn telja því, að smíða hefði þurft gluggana úr límtré eða stáli.

C. Glerlistarnir hefðu þurft að vera úr áli.

Hefðu gluggarnir verið smíðaðir úr límtré, hefðu tvær lausnir verið mögulegar varðandi glerlistana. Í fyrsta lagi hefði verið hægt að líma þéttilistana beint á límtréð, síðan kæmi glerið, og yst kæmu svo állistarnir. Þetta er ódýrasta lausnin, en er óöruggari gagnvart leka en sú, sem næst er lýst. Öryggi gagnvart leka er þó álíka mikið og við hefðbundna glerjun. Þessi gluggagerð verður mjög áberandi, því að límtréð verður að hafa verulega dýpt til að ná þeim stífleika, sem glugginn verður að hafa. Þversniðsstærðir límtrésins verða ca. 110×300 mm í sólstofu og ca. 110×220 mm í stofu.

Einu stigi ofar í gæðum er sú lausn, þar sem álkerfi er sett utan á límtréð. Álkerfið verður að vera loftað og „drenað" þannig, að vatn, sem kemst inn fyrir ytri glerþéttingu, fari út aftur.

Matsmenn telja, að efst í gæðum sé stálstyrktur álgluggi eða stálgluggi eða álkerfi að utan. Þessi gluggi yrði dýpri að innan en núverandi lausn, því að sólstofuglugginn yrði úr stálholskassa af stærðinni 100×180 mm, en í stofu dygði holkassi 80×140 mm.

Undir lið 3 g er fjallað um gler. Þar er metið til verðs nýtt gler í glugga hússins. Stofugluggum er þar sleppt, og er því tvöfalt k-gler og ísetning þess metin undir þessum lið fyrir stofuglugga. Ekki er gert ráð fyrir, að núverandi gler verði seljanlegt.

Í verðinu er hins vegar reiknað með rifi á eldri gluggum, endurnýjun glugganna og öllum frágangi inni og úti, þ. á m. múrviðgerðum inni og málun. Miðað er við, að núverandi kíttislausn undir gluggunum hverfi og vatnsbretti úr málmi komi í staðinn. Þá er talið, að endurnýja þurfi bæði opnanlegt fag og hurð í sólstofuglugganum.

Kostnaður við bestu lausnina að áliti matsmanna, stálglugga með álkerfi að utan, er metinn vera:

Gluggi í sólstofu:	Efni	Vinna	Samtals
	1.525.000	630.000	2.155.000
Gluggi í stofu:	Efni	Vinna	Samtals
	760.000	326.000	1.086.000

Matsmenn telja þó, að með þessari lausn hafi gæði glugga hússins hins vegar aukist verulega frá því, sem var.

Væri hins vegar valin límtréslausn með klemmulista úr áli að utan, en einföldum glerlistum úr gúmí að innan, sem að áliti matsmanna hefur álíka öryggi gegn leka og hefðbundinn timburgluggi, lækkar kostnaður verulega eða í:

Gluggi í sólstofu:	Efni	Vinna	Samtals
	860.000	680.000	1.540.000
Gluggi í stofu:	Efni	Vinna	Samtals
	395.000	325.000	720.000

Matsmenn telja, að þessi lausn hafi álíka tæknileg grunngæði og sú lausn, sem fyrir var, hefði hún gengið. Hún er hins vegar úr mun sverari viðum en fyrri lausn."

2. Um þennan lið segir í matsgerð:

„Fagurfræði er ekki mælanlegur eiginleiki og því erfitt fyrir matsmenn að leggja dóm á þetta atriði. Í raun er það svo samkvæmt skilningi matsmanna á höfundarrétti, að arkítekt hússins er dómari varðandi fagurfræði í tengslum við bygginguna. Fagurfræðilegt mat arkítekts á þó ekki að standa í vegi fyrir nauðsynlegum tæknilegum úrbótum. Í matsbeiðni bendir matsbeiðandi á tæknilegan nýtingargalla, sem stífurnar hafa í för með sér, að ekki verður komið við að nota felligardínur.

Óneitanlega hafa stífurnar á sér yfirbragð bráðabirgðalausnar, einkum með tilliti til þess, hversu illa þær falla að deilingu glugganna með láréttu póstunum.

Matsmönnum finnst stífurnar og þá einkum stífur sólstofuglugganna, virka óeðlilega. Stífurnar lenda nokkuð fyrir neðan samskeyti á lóðréttu póstunum og á milli láréttu póstanna. Þeir taka hins vegar ekki afstöðu til fagurfræðilegra gæða lausnarinnar."

Verður nú matsgerð rakin áfram, orðrétt og sleitulaust:

„3 a. Reykháfur hússins er óeinangraður.

Matsmenn eru samþykkir þeirri niðurstöðu, sem fram kemur í bréfi Brunamálastofnunar ríkisins frá 15. janúar 1993, og miða mat sitt við, að núverandi reykháfur verði einangraður með 50 mm þykkri steinull og galv. blikkklæðningu þar yfir upp í topp. Þar sem reykháfurinn gengur í gegnum þakskegg, verður að þykkja einangrun, eins og greinir í áðurnefndu bréfi Brunamálastofnunar. Hæð reykháfs er um 7,5 m.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
10.000	35.000	45.000

3 b. Ekki hefur verið gengið frá útloftun þvottahúss, geymslu og salernis.

Á lagnateikningu nr. L 2 má sjá, hvernig hönnuður hefur lagt til, að þvottahús og salerni yrðu útloftuð. Umrædd teikning hefur fengið samþykki byggingaryfirvalda, og matsmenn munu reisa mat sitt á því fyrirkomulagi, sem þar er sýnt. Matsmenn telja, að setja verði viftur í útloftanir þessara herbergja, þótt slíks sé ekki getið á teikningu. Útloftun geymslu telja matsmenn best leysta með opnanlegu fagi í glugga, og miðast matið við þá lausn.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
30.000	25.000	55.000

3 c. Í matsbeiðni er óskað mats á viðgerðum á forstofuglugga vegna leka. Matsmenn hafa ekki skoðað húsið í slagveðri og hafa því ekki staðreynt leka. Mat hér á eftir miðast því við fullyrðingu matsbeiðanda í matsbeiðni. Matsmenn hafa hins vegar skoðað frágang gluggans og telja hann að hluta ekki fullnægjandi. Glerið er kíttað í fals og glerfalsið því ekki „drenað". Matsmenn gátu skoðað kíttisfyllinguna meðfram glerinu á einum stað. Sú kíttisfylling var ekki nægilega vel unnin, þannig, að glerið gat varla kallast heilkíttað. Frágangur undir gluggum, telja matsmenn, að sé gallaður. Bilið milli undirstykkis og glugga og steins er fyllt af kítti, og gengur kíttið alveg fram að brún undirstykkis. Slíkur frágangur er hættulegur og getur bæði leitt vatn inn undir gluggann sem og valdið fúa í undirstykki.

Kostnaðarmat matsmanna miðast við, að kítti verði hreinsað burt undan gluggunum og vatnsbretti sett í staðinn í samræmi við verðandi frágang undir stóru gluggunum í stofu. Kostnaður við glerjun er metinn undir lið 3 g.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
7.000	14.000	21.000

3 d. Skv. lýsingu og skoðun á matsfundi telja matsmenn kostnað við að jafna úr fyllingu heim að húsi hæfilega metinn:

Efni	Vinna	Samtals
0	18.000	18.000

3 e. Í matsbeiðni er fúgum í bogavegg talið ofaukið, auk þess sem hefðbundinn uppsláttur upp við þak hafi skemmt útlit hússins.

Matsmenn hafa staðfest, að mismunandi uppsláttur hefur verið notaður á mismunandi staði á veggnum, og skapar þetta útlitsmun á veggnum. Til að lagfæra þetta hafa matsmenn metið til verðs eftirfarandi aðgerð:

Veggurinn yrði hreinsaður með háþrýstiþvotti, fyllt í fúgur, og síðan yrði þunnt múrlag dregið yfir vegginn í heild sinni.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
25.000	55.000	80.000

3 f. Matsmenn staðfesta, að frágangi neðan við glugga í forstofu og stofu er ábótavant. Kostnaður við lagfæringar er innifalinn í niðurstöðu matsliða 1 og 3 c.

3 g. Í grein 7.5 í byggingarreglugerð er fjallað um hitaeinangrun bygginga, og eru þar settar fram ákveðnar kröfur um hámarks-k-gildi, kólnunartölur, fyrir einstaka byggingarhluta. Ákvæði þessi eru afdráttarlaus, og telja matsmenn sig bundna af þessum ákvæðum reglugerðar sem og öðrum og miða mat sitt við þau. Matsmenn telja þó rétt að vekja athygli á því, að þeim er kunnugt um, að ákvæðum um hámarks-k-gildi hefur ekki verið fylgt eftir af byggingaryfirvöldum, og benda má á almenna notkun á venjulegu tvöföldu gleri sem skýrt dæmi þar um. Það er skoðun matsmanna, að framsetning og kröfur BR um hitaeinangrun húsa séu vafasamar og orki mjög tvímælis, án þess að þeir vilji fara frekar út í þá sálma í þessari matsgerð. Kröfurnar eru skýrar og afdráttarlausar, eins og áður segir, og því miðast niðurstaða matsins við þær.

Ákvæðum BR um kólnunartölu glugga verður ekki mætt með venjulegu tvöföldu gleri í þeirri gerð glugga, sem um ræðir í þessu húsi. Til þess er glerflötur of stór hluti glugganna, en k-gildiskrafan miðast við hlutfallslegt k-gildi glers og timburs í gluggakörmum.

Gluggar hússins hafa verið smíðaðir með falsi fyrir tvöfalt gler. Matsmenn miða mat sitt við, að öllu gleri verði skipt út yfir í k-gler, sem hefur

svipaða eiginleika og þrefalt gler og fullnægir ákvæðum BR og er einnig ódýrara en þrefalt gler.

Undir þessum lið er efniskostnaður við nýtt k-gler og ísetningarefni fyrir aðra glugga en stóru stofugluggana.

Á sama hátt er vinnuliður fyrir að taka úr gler og setja nýtt í staðinn í alla glugga hússins að stóru stofugluggunum undanskildum. Gert er ráð fyrir, að timburglerlistar nýtist aftur. Kostnaður við verkpalla er innifalinn.

Ekki er talið, að núverandi gler verði seljanlegt.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
275.000	180.000	455.000

3 h. Frágangur lagnateikninga er góður að áliti matsmanna. Þó vantar á, að valdir ofnar hafi verið skráðir inn á teikningu.

Matsmenn hafa gert varmatapsreikninga af húsinu og þá miðað við, að ákvæðum byggingarreglugerðar um kólnunartölur einstakra byggingarhluta sé fylgt. Þá kemur í ljós, að tilskilin orkugjöf ofna á teikningu nr. L 3 er um 10% yfir kröfum BR.

Matsmenn telja, að sú lausn, sem valin hefur verið, hvað varðar upphitun sólstofu og stofu, sé í samræmi við ríkjandi hefðir um hitun íbúðarhúsnæðis, en ráði ekki við að tryggja þægindi í stofu, þegar verulega kalt er úti. Ástæður eru þær, að hér er um mjög opinn húshluta að ræða og því næmari fyrir öllu ytra álagi en ella. Þeir telja, að ekki muni takast þrátt fyrir þrefalt eða k-gler í gluggum að verjast köldu niðurstreymi af þetta háum gluggum með ofnum í gryfjum neðan við þá. Ef tryggja hefði átt jafnhitun og „fullkomin" þægindi við erfiðustu aðstæður, hefði þurft að koma til annars konar og flóknari hitunarbúnaður í stað einfaldrar ofnahitunar.

Við athugun á þeim ofnum, sem eru í húsinu, kemur í ljós, að heildarvarmagjöf ofna og að meðteknum gólfhita í anddyri og baðherbergi er um 85% af nauðsynlegri orkuþörf skv. hönnun og um 93% af kröfu BR. Langmestu munar, að þeir ofnar, sem standa í ofnagryfjum, eru ekki rétt valdir, þ. e. a. s., að ekki hefur verið tekið tillit til þeirrar rýrnunar á varmagjöf, sem hlýst af því að setja þá niður í gryfjur. Þannig má segja, að einungis um 75% af nauðsynlegri varmagjöf séu í aðalrými hússins, þ. e. í stofum og eldhúsi. Matsmenn telja, að frágangi ofna í gryfjum sé ábótavant, þar sem þeir ættu að vera við innbrúnir við þessar aðstæður, og skilspjald vanti á milli ofns og rásar fyrir aðstreymisloft. Matsmenn vísa til leiðbeininga ofnaframleiðenda, t. d. RUNTAL-framleiðenda, hvað þetta varðar. Þessir ágallar eru sérstaklega alvarlegir í þessu tilviki, þar sem mikið reynir á góða virkni þessara ofna.

Matsmenn miða mat sitt við, að ofnum í gryfjum verði skipt út og aðrir stærri settir í þeirra stað, sem fullnægi gefnum forsendum, þó að þeir séu í gryfjum. Ofnarnir verði við innbrúnir og settar skilplötur í gryfjur skv. leiðbeiningum ofnaframleiðenda.

Matsmenn taka tillit til væntanlegs endursöluverðs núverandi ofna í mati sínu.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
86.000	50.000	136.000

4. Leki með þakglugga.

Á matsfundi var óskað mats á viðgerðum vegna leka, sem talinn var tengjast þakglugga.

Matsmenn hafa skoðað þakgluggann. Þeir hafa ekki staðreynt neinn leka, enda ekki skoðað húsið í veðri, sem gæfi tilefni til leka. Matið miðast því við það, að upplýsingar matsbeiðanda séu réttar.

Matsmenn telja ekki, að þakglugginn sjálfur leki. Á hinn bóginn sker glugginn bárujarn þaksins í kröppu horni. Við það opnast leið upp undir bárujárnið rétt utan við gluggann, og þá er einungis þakpappinn eftir sem þétting. Þakhallinn er hins vegar svo lítill, að einfaldur þakpappi nægir vart sem þétting.

Kostnaðarmat miðast við eftirfarandi aðgerðir:

Bárujárn verði tekið upp á ræmu kringum skorsteininn, þar sem járnið opnast út. Settur verði límdur og negldur pappi upp fyrir glugga og síðan í ræmu niður og gengið frá járninu aftur. Gert er ráð fyrir, að hægt verði að nýta járnið að fullu aftur.

Kostnaður er metinn eftirfarandi:

Efni	Vinna	Samtals
16.000	24.000	40.000

– – –

Álit dómsins.

Um stefnukröfur.

Stefndu hafa viðurkennt greiðsluskyldu sína á 2.300.000 króna afborgun samkvæmt kaupsamningi og einnig 81.412,50 kr. vegna gatnagerðargjalds. Ágreiningur er um fjárhæð krafna vegna breytinga á anddyri, sorpgeymslu o. fl., kröfu vegna breytinga á gluggum, kröfu vegna umsjónar og kröfu vegna fasteignagjalda. Verður nú úr þeim ágreiningi leyst.

Kröfur stefnenda vegna breytinga á anddyri, sorpgeymslu o. fl.

Dómendur telja, að stefndu hafi ekki sýnt fram á, að kostnaður við jarðvinnu við anddyri og sorpgeymslu eigi að vera lægri en stefnendur krefjast,

19.300 kr. fyrir hvorn þessara verkþátta. Fallist er á rökstuðning stefndu fyrir því, að frádráttur vegna anddyris skuli vera 171.733 kr. í stað 90.202 kr., sem stefnendur miða við. Stefndu hafa ekki rökstutt nægjanlega, að verð þakkants skuli vera lægra en stefnendur krefjast, þ. e. 66.600 kr. Fallist er á það með stefndu, að til frádráttar kostnaði við þak eigi að leggja til grundvallar 134 ferm. af pappa, en ekki 130 ferm., og lækki því krafa stefnenda að þessu leyti úr 18.013 kr. í 6.449 kr. Samkvæmt framanrituðu er þessi kröfuliður stefnenda tekinn til greina, að því er nemur 659.325 krónum.

Krafa vegna breytinga á gluggum.

Í stefnu segir, sem fyrr greinir, að krafa þessi, 147.648 kr., sé vegna beins útlagðs kostnaðar stefnenda vegna breytinga á stórum glugga í garðstofu annars vegar og hins vegar þakglugga. Í reikningsyfirliti stefnandans Sturlu er sú skýring á þessum kröfulið, að hann sé samkvæmt meðfylgjandi ljósritum frá Glugga- og hurðasmiðju SB. Stefnendur hafa lagt fram þrjá reikninga frá Glugga- og hurðasmiðju SB til stefnandans Sturlu. Á einn er skráð, að hann sé „v/breytinga við steyptan vegg og sniðbreytingar", og er hann að fjárhæð 115.749 kr. Annar reikningur er „v/þakglugga fura" og er að fjárhæð 3.000 kr. Á hinum þriðja er þessi skýring: „Breytingar á glugga K og J v/snið á hæðarstykkjum", og er hann að fjárhæð 28.899 kr. Í allar reikningsfjárhæðir er reiknaður virðisaukaskattur. Samtals gera þessir þrír reikningar 147.648 kr. Auk þessara þriggja reikninga var undir aðalmeðferð lagður fram hinn fjórði frá Glugga- og hurðasmiðju SB til stefnandans Sturlu „v/breytinga úr 5″ í 6″", að fjárhæð samtals 69.999 kr.

Í útreikningi Hönnunar hf., sem fylgir reikningsyfirliti stefnandans Sturlu, er sett upp sundurliðað verð vegna „þakglugga breytt úr stöðluðum glugga í sérsmíðaðan glugga, sbr. teikningu arkítekts". Er stærsti undirliðurinn, „smíði (Glugga- og hurðasm. SB)", upp á 119.000 kr., en samtals er kostnaður við þakglugga 142.550 kr., og hafa stefndu samþykkt hann, og fellur þessi upphæð inn í 1. kröfulið vegna breytinga á anddyri, sorpgeymslu o. fl. Verður að fallast á það með stefndu, að kostnaður við þakglugga komi 3. kröfulið stefnenda vegna breytinga á gluggum ekki við.

Dómendur telja, að það sé sjálfsögð krafa um vandaðan frágang, að gluggar, sem koma að „skökkum" vegg, séu með skásniði og falli þannig að veggnum.

Frammi liggur í málinu teikning eftir arkítekt hússins að gluggum merktum K og J frá 13. febrúar 1992, en samkvæmt framburði allra, sem um það gátu borið, var gluggasmíði þá ekki hafin. Á þessum teikningum er gert ráð fyrir skásniði á gluggunum. Gluggar K og J voru þó ekki upphaflega smíðaðir eftir þessum teikningum, og hefur ekki verið skýrt, hvernig á því stóð.

Fram kom hjá vitnunum Jónasi Sigurðssyni, sem var framkvæmdastjóri Glugga- og hurðasmiðju SB, þegar gluggarnir voru smíðaðir, og Snorra R. Snorrasyni, sem var einn eigenda smiðjunnar og starfsmaður þar, að þeir hefðu einungis haft í höndum útlitsteikningar að gluggum, þegar smíði þeirra hófst. Jónas bar, að þeir hefðu þurft að breyta gluggunum, vegna þess að teikningarnar, sem þeir fóru eftir í upphafi, hefðu ekki verið fullkomnari en svo, að sneiðingar vatnaði. „Þeir eru rétt smíðaðir eftir teikningu, en þegar þeir koma á byggingarstað, kemur í ljós, að veggir eru ekki hornréttir, og þá þarf að smíða þá upp á nýtt." Hjá þessu vitni kom og fram, að „við höfðum alltaf samband við Sturlu, ef voru einhver vafaatriði, eins og um, hver ætti að borga viðkomandi breytingar". Og vitnið bar, að stefnandinn Sturla hefði greitt fyrir allar breytingar. Ekki er fram komið, að hann hafi gagnvart stefndu haft neinn fyrirvara um þær greiðslur.

Eftir því sem næst verður komist, voru þær breytingar gerðar á sólstofuglugga, eftir að stefnandinn Sturla samdi við gluggasmiðjuna um smíði glugga, að póstar og karmar voru gerðir úr 6″ efni í stað 5″, sem áður voru í þá ætlaðir skv. tilboði gluggasmiðjunnar, og sett var á gluggann skásnið.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið ritað, þykir dómendum rétt að hafna algerlega kröfu stefnenda um 147.648 kr. vegna breytinga á gluggum.

Um afhendingu hússins.

Samkvæmt kaupsamningi áttu stefnendur að afhenda húsið að Miðholti 4 1. maí 1992. Ljóst er, að húsið var þá ekki tilbúið til afhendingar. Stefnda, Linda Laufey, skýrði svo frá í aðilaskýrslu, að samkomulag hefði orðið um það með aðilum, að afborgunin, sem stefndu áttu að greiða við afhendingu 1. maí, drægist, þar til húsið yrði afhent, og yrði þá gert upp fyrir aukaverk. Sýnt er, að stefnendur hófust ekki handa um uppgjör fyrr en í ágústmánuði 1992, og verður við það að miða, að þeir hafi þá talið lokið þeim verkum, sem þeim bar að vinna við húsið. Upplýst er, að stefndi, Gunnar, var byrjaður að vinna inni í húsinu ekki síðar en í maí 1992. Ber að virða það, þegar ákveðið er, við hvaða tíma á að miða afhendingu. Enn fremur ber að fallast á það með stefnendum, að aukaverkin, sem samið var um, að stefnendur ynnu fyrir stefndu, eftir að kaupsamningur var gerður, voru til þess fallin að tefja húsbygginguna. Að þessu athuguðu þykir dómendum rétt að miða við, að stefnendur hafi afhent stefndu húsið 1. júlí 1992.

Aðilum ber ekki saman um, hve há fjárhæð var greidd í fasteignagjöld af Miðholti 4 árið 1992. Ágreiningslaust er, að þá fjárhæð alla greiddu stefnendur. Stefnendur segja, að fjárhæðin hafi verið 40.828 kr., og krefja þeir stefndu um gjöldin fyrir tímabilið frá 1. maí til ársloka, þ. e. 27.218 kr.

Samkv. framanrituðu ber að fallast á, að stefndu greiði stefnendum gjöld fyrir hálft árið, 20.414 kr.

Niðurstaða um stefnukröfur.

Krafa stefnenda um 12% umsjónargjald verður ekki tekin til greina, þar sem telja verður, að það sé innifalið í því einingaverði, sem Hönnun hf. hefur lagt til grundvallar útreikningi sínum.

Dómendur telja hæfilegt að reikna stefndu 20.000 kr. fyrir að hreinsa út og fleyga af vegg í stað 15.000 kr. hjá stefnendum og 26.000 kr., sem stefndu kröfðust. Frádráttarliðirnir nema því samtals 324.437 krónum.

Niðurstaða í þessum þætti máls verður því sú, að viðurkenndar eru kröfur stefnenda, að fjárhæð 2.736.714,50 kr. (2.300.000 + 659.325 – 324.437 + 81.412,50 + 20.414).

Um skuldajafnaðarkröfur stefndu.

Það er álit dómsins, að verulegir gallar hafi verið á húsinu nr. 4 við Miðholt, þegar stefnendur afhentu það stefndu. Fallist er á það með stefndu, að fasteignin hafi ekki haft þá kosti, sem þau máttu áskilja sér samkvæmt kaupsamningi aðila, og eigi þau því rétt á bótum úr hendi stefnenda, sbr. 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 með lögjöfnun. Dómendur reisa þessa niðurstöðu á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, svo sem nánar greinir hér á eftir.

1. Gluggar í stofu og sólstofu.

Dómendur eru samþykkir þeirri niðurstöðu matsmanna, að gluggar í stofu og sólstofu séu allt of ótraustir og komnir yfir þau stærðarmörk, að ráðlegt sé að smíða þá sem hefðbundna timburglugga án sérstakrar styrkingar með venjulegum þéttingum á gleri.

Ekki er annað sýnna en byggingarmeistari hússins, stefnandinn Sturla, og arkítektinn Sigurður Einarsson hafi í upphafi eða við gerð kaupsamnings haft mjög óljósar hugmyndir um það, hvernig stóru gluggarnir í stofu og sólstofu skyldu gerðir. Sigurður Einarsson arkítekt bar fyrir dóminum, að hann hefði í upphafi hugsað sér að leysa burðarþolsvanda þessara tveggja stóru glugga með því að styrkja þá með stálstoðum að innanverðu. Óskýrt er, hvers vegna þetta varð ekki að ráði. Engar teikningar gerði arkítektinn að slíkum súlum. Ekkert liggur fyrir um, að stefndu hafi hafnað þessari lausn.

Einhvern tíma á byggingartíma eftir gerð kaupsamnings kemur til tals milli stefndu og stefnandans Sturlu eða manna á hans vegum að leysa burðarþolsvandann með því að setja stífur úr milliplötu út í gluggana. Sigurður Einarsson kveðst hafa rætt þetta við stefndu, fljótlega eftir að kaup-

samningur var gerður. Ágreiningslaust er, að stefndu höfnuðu þá og síðar þessari lausn. Þegar aðalmeðferð þessa máls hófst, lá ekki fyrir nein teikning að slíkum stífum, en undir aðalmeðferð var lögð fram teikning, gerð af arkítektinum, og bar hann, að hún gæti verið gerð í nóvember eða desember 1992. Teikning þessi, sem raunar er í ljósriti af símbréfi, er á tveimur blöðum, og er á öðru þeirra dagsetningin 16. 11. '92. Sýnt er því, að teikning þessi er gerð, eftir að stefnendur afhenda stefndu húsið. Af hálfu stefnenda er fyrst drepið á slíkar stífur bréflega í bréfi stefnandans Sturlu til stefndu 30. nóvember 1992, en þar kveðst hann hafa látið hanna stálstyrkingu úr milliplötu út í garðstofuglugga og óskar eftir leyfi til að setja hana upp. Nokkru áður, 24. september, hafði byggingarfulltrúi gert athugasemd við glugga á vestur- og norðurhlið „með tilliti til vindstífingar".

Í bréfi Björns Gústafssonar verkfræðings til stefndu, Lindu Laufeyjar, dags. 29. apríl 1992, kveðst verkfræðingurinn hafa reiknað stærð gluggapósta í háum gluggum við stofu og sólstofu. Hann bar þó fyrir dómi, að hann hefði reiknað stærð gluggapósta í stofuglugga og sólstofuglugga, en styrkleika flatjárns einungis í stofuglugga, og má og ráða þetta af bréfinu.

Engar burðarþolsteikningar gerði hann að þessum gluggum. Upplýst er, að byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar gekk ekki eftir burðarþolsútreikningum eða -teikningum. Var þeirra þó rík þörf, þar sem um var að ræða stóran hluta af tveimur útveggjum hússins. Verkfræðingurinn bar, að þegar hann ritaði bréfið, hefði verið orðið ljóst, að nota ætti aðra útfærslu en lýst er í bréfinu; ákveðið hefði verið að setja stífur úr milliplötu út í glugga, „það var öllum ljóst, eftir því sem ég best veit". Í bréfinu er þó þessi ákvörðun ekki nefnd né heldur, að stífur séu nauðsynlegar, og ekki er þar skýrlega sagt, að innbeygjan L/50 sé undir því lágmarki, sem byggingarreglugerð heimilar (grein 7.2.4.). Verkfræðingurinn var verktaki stefnenda, og var nauðsynlegt, að upplýsingar þær, sem hann gaf stefndu, hefðu verið skýrar og ótvíræðar um lausnir, sem hann ráðlagði. Ekki er fram komið í málinu, að stefndu hafi hafnað hinni viðameiri útfærslu á styrkingu glugga, sem lýst er í bréfi verkfræðingsins.

Þegar kaupsamningur var undirritaður 16. desember 1991, lágu fyrir teikningar að húsinu, sem samþykktar voru í byggingarnefnd Hafnarfjarðar 27. nóvember s. á. Á þeim er sýndur fjórskiptur gluggi í sólstofu með láréttum, tvöföldum pósti um miðbik gluggans. Sex dögum áður, 21. nóvember, leggur stefnandinn Sturla fram umsókn um leyfi til byggingarnefndar til þess að mega fara með húsið út fyrir byggingarreit Miðholts 4. Með þessari umsókn fylgdi m. a. útlitsmynd af húsinu, þar sem sólstofugluggi er sýndur þrískiptur og að mestu leyti með það útlit, sem hann hafði á uppdráttum,

sem samþykktir voru í byggingarnefnd 13. maí 1992, nema nú eru allir póstar gluggans einfaldir. Arkítekt hússins hefur borið fyrir dóminum, að stefndu hafi fengið afrit af uppdrætti þessum um líkt leyti. Upplýst er, að áðurnefnd umsókn var samþykkt af byggingaryfirvöldum í Hafnarfirði, áður en kaupsamningur var gerður. Stefndu máttu þess vegna trúa því, að hér væri um að ræða það útlit húss, sem kaupsamningur byggðist á. Á umræddum uppdráttum kemur hvergi fram nein stífing á gluggum að innanverðu.

Í aðilaskýrslu stefnandans Sturlu segir á einum stað um sólstofuglugga: „Arkítekt vildi hafa einum póst meira í gluggum til þess að auka styrk, en kaupandi gat ekki fallist á það. Þetta gerir útfærslu gluggans erfiðari. Fræsa varð 15×100 mm flatjárn inn í gluggapósta til styrkingar vegna þessara krafna kaupanda um fækkun pósta.“ Nærlægast er að skilja þessi orð svo, að samkomulag hafi orðið milli aðila um fjölda pósta og að stefnandinn Sturla hafi ákveðið að leysa burðarþolsvandann með nefndu flatjárni. Einnig segir í skýrslu stefnandans Sturlu um stofugluggann: „Arkítekt og verkfræðingur vildu láta styrkja gluggann og gerðu um það ýmsar tillögur. Saman náðu þeir samkomulagi um styrkingu með innfelldu flatjárni.“ Verður þetta vart skilið öðruvísi en svo, að þessir tveir sérfræðingar, sem voru verktakar stefnenda, hafi tekið ákvörðun um endanlega gerð gluggans á þann veg, sem þarna er lýst.

Með vísan til framanritaðs verður að telja, að það sé eingöngu á ábyrgð stefnenda, að gluggar í stofu og sólstofu eru stórlega gallaðir, enda er það álit dómsins, að stefndu hafi verið í góðri trú um, að gerð glugganna væri fullnægjandi, þegar þau tóku við húsinu. Hafa og ekki verið leidd að því haldbær rök, að þau búi yfir þekkingu í burðarþolsfræði, sem breytt gæti að einhverju leyti þeirri niðurstöðu.

Matsmenn hafa metið til verðs endurnýjun glugganna, en ekki lagfæringar, og fara þar eftir matsbeiðni. Það er mat sérfróðra meðdómenda, að ógerlegt sé að lagfæra gluggana svo, að viðunandi sé. Matsmenn hafa metið verð tvenns konar lausna við endursmíði glugganna, smíði stálglugga með álkerfi og smíði glugga úr límtré. Arkítekt hússins hefur lýst yfir því, að hann hafni límtréslausn. Stállausn á sólstofuglugga kostar skv. matsgerð 2.155.000 kr., en á stofuglugga 1.086.000 kr.

Hinir dómkvöddu matsmenn hafa í matsgerð ekki fjallað um kostnað við þá lausn, sem arkítekt hússins kveðst hafa haft í huga, þ. e. að smíða timburglugga af hefðbundinni gerð, en með stálsúlum innan við póstana, og myndu þær súlur ná frá gólfi til lofts og vera með tengingum út í gluggapósta. Sérfróðir meðdómendur hafa áætlað kostnað við að endursmíða sólstofuglugga samkvæmt þeirri hugmynd. Miða þeir við að fjarlægja núver-

andi glugga, loka húsinu með bráðabirgðavegg við plötukant millilofts og smíða glugga af umræddri gerð með K-gleri og állistum að utanverðu. Niðurstaða þeirra er sú, að slík lausn myndi kosta álíka mikið og stálgluggalausn dómkvaddra matsmanna.

Sú verður niðurstaða dómsins í þessum þætti málsins, að stefndu eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnenda vegna glugga í stofu, 1.086.000 kr., og vegna glugga í sólstofu, 2.155.000 kr.

3 a. Reykháfur.

Fram hefur verið lagt bréf Brunamálastofnunar ríkisins, sem matsmenn vitna til, dags. 15. janúar 1993. Þar er að finna álit stofnunarinnar á frágangi reykháfsins. Bréfið er undirritað af Árna Árnasyni verkfræðingi fyrir hennar hönd. Hefur efni þess ekki verið hnekkt. Þar segir m. a.:

„1. Vegna hættu á, að hiti frá reykháf kveiki í þaki, þarf að einangra hann frá þakskegginu á fullnægjandi hátt.

2. Einangra þarf reykháfinn upp í seilingarhæð vegna slysahættu.

3. Erfitt getur reynst að fá „trekk" í kaldan reykháf og þeim mun erfiðara, ef hann er ekki einangraður. Sennilegt er, að nauðsynlegt reynist að einangra reykháfinn allan, til að hann virki eins og til er ætlast. Eldhætta getur skapast af reykháf, sem trekkir illa, ef reyk slær niður í íbúð."

Dómurinn fellst á niðurstöðu matsmanna óbreytta og að stefndu eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnanda vegna þessa þáttar máls, 45.000 kr.

3 b. Útloftun þvottahúss, geymslu og salernis.

Það var ekki hlutverk stefnenda skv. kaupsamningi að láta setja upp létta innveggi, og er loftun úr þvottahúsi þeim óviðkomandi. Ekki verður talið, að stefnendum sé skylt að setja upp viftu eða viftur til að lofta út úr salernum. Upplýst er, að gat fyrir loftun á gestasnyrtingu gleymdist, þegar húsið var steypt. Þykir hæfilegt að ætla stefndu 10.000 kr. til að bæta úr þeim galla, og verður krafa stefndu undir þessum lið tekin til greina að því leyti.

3 c., 3 d. og 3 e. Leki á forstofuglugga, fylling að húsi, fúgur á bogavegg.

Dómendur fallast á niðurstöður matsgerðar skv. þessum liðum og því á kröfu stefndu samkvæmt þeim, samtals að fjárhæð 119.000 kr.

3 g. Gler í gluggum.

Í byggingarreglugerð, sem sett hefur verið samkv. byggingarlögum nr. 54/1978, rg. nr. 292/1979 með síðari breytingum, sbr. einkum rg. nr. 154/1984, segir í grein 6.3.1.: „Tvöfalt gler skal vera í öllum gluggum íbúðarherbergja, en að jafnaði þrefalt, ef samanlagður gluggaflötur íbúðar er meiri en 20% af gólffleti hennar, sbr. 7.5.3." Í grein 7.5.3. er ákvæði um kólnunartölur útveggja að hurðum og gluggum meðtöldum.

Af hálfu stefnenda hefur því verið haldið fram, að tilvitnað ákvæði byggingarreglugerðar sé óvirkt, enda hafi því hvergi verið framfylgt. Starfandi byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar staðfesti hér fyrir dómi, að þess hefði ekki verið krafist af hálfu þess embættis, að eftir ákvæðinu væri farið.

Dómurinn álítur, að stefndu hafi átt rétt á því að fá húsið í hendur, byggt í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, og verði stefnendur að bera hallann af því, ef svo reynist ekki vera. Orðalag ákvæðisins gæti bent til, að ekki yrði talið saknæmt, þótt um minni háttar frávik væri að ræða. Hér hagar hins vegar svo til samkvæmt útreikningi sérfróðra meðdómenda, að heildarflötur glugga hússins er 119,1 ferm, en heildargólfflötur 199,2 ferm. Gluggaflötur er því 59,8% af gólffleti. Hér var því sérstaklega rík ástæða til að fara eftir ofangreindu ákvæði byggingarreglugerðar. Að þessu athuguðu fallast dómendur á niðurstöðu matsmanna og kröfu stefndu samkv. þessum lið, 455.000 kr.

3 h. Ofnar og ofnateikningar.

Samkvæmt kaupsamningi skyldi afhenda húsið fullbúið að utan, en fokhelt að innan. Lagnateikningar fylgdu með í kaupunum, en ekki ofnar eða uppsetning þeirra. Það var ekki heldur hlutverk stefnenda að velja ofna. Það kom í hlut stefndu, og hefði verið eðlilegt, að þau gerðu það í samráði við lagnahönnuð. Stefnendur báru því ekki ábyrgð á vali ofna í húsið. Verður því ekki tekin til geina krafa stefndu undir þessum lið.

4. Leki með þakglugga.

Smíði þessa glugga var ekki innifalin í kaupsamningi, en stefnandinn Sturla tók að sér smíðina fyrir stefndu. Leki með glugganum stafar af því, að verkið hefur ekki verið unnið sem skyldi. Með þessari athugasemd fellst dómurinn á niðurstöðu matsmanna og kröfu stefndu skv. þessum lið, 40.000 kr.

Kröfur stefndu til skuldajafnaðar, aðrar en þær, sem byggjast á matsgerð.

Stefndu hafa krafist, að skuldajafnað yrði gegn kröfum stefnenda 12.000 kr. vegna hreinsunar á lóð, 20.000 kr. vegna kostnaðar við sérstakt eftirlit og útréttingar stefndu og 13.000 kr. vegna grófjöfnunar lóðar. Dómurinn álítur kröfur þessar ekki nægjanlega vel rökstuddar, til að unnt sé að taka þær til greina.

Þá hafa stefndu krafist 54.255 kr. vegna kostnaðar við stífingar á gluggum til að koma í veg fyrir tjón. Í samræmi við niðurstöður dómsins hér að framan um glugga í stofu og sólstofu ber að taka til greina þessa kröfu, enda er hún studd fram lögðum reikningi, sem út af fyrir sig hefur ekki verið andmælt.

Enn gera stefndu kröfu um 200.000 kr. vegna væntanlegs kostnaðar við að flytja úr húsinu, meðan á viðgerð stendur, og aðstöðusköpunar fyrir framkvæmdir. Dómendur hafa um það fjallað hér að framan, hvernig loka má húsinu með bráðabirgðaveggjum, þegar gluggar í stofu og sólstofu verða endurnýjaðir. Myndi því ekki verða þörf á, að stefndu flyttust úr húsinu. Engu að síður verða framkvæmdir umfangsmiklar og krefjast röskunar í híbýlum og aðstöðusköpunar. Þykir því rétt að taka til greina kröfu stefndu undir þessum lið að hluta eða sem nemur 50.000 krónum.

Skuldajöfnuður.

Samkvæmt því, sem hér að framan er ritað, fellst dómurinn á kröfur stefndu til skuldajafnaðar, samtals að fjárhæð 4.014.255 kr. (2.155.000 + 1.086.000 + 45.000 + 10.000 + 119.000 + 455.000 + 40.000 + 54.255 + 50.000). Samþykktar stefnukröfur eru 2.736.714,50 kr. Skilyrði eru til skuldajafnaðar, og verður því krafa stefnenda um sýknu af skuldajafnaðarkröfunum ekki tekin til greina.

Kröfur stefnenda á hendur stefndu gjaldféllu við afhendingu hússins að Miðholti 4. Skuldajafnaðarkröfur stefndu eru skaðabótakröfur vegna galla, sem voru á húsinu, þegar það var afhent. Af þeim sökum þykir rétt, að vaxtakröfur stefnenda verði ekki teknar til greina.

Framangreindar niðurstöður dómsins leiða til þess, að stefndu verða sýknuð af kröfum stefnenda í máli þessu.

Málskostnaður.

Eftir úrslitum máls er rétt að dæma stefnendur in solidum til að greiða stefndu málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn 532.940 kr., þar af málflutningsþóknun lögmanns stefndu, Othars Arnar Petersen hrl., 300.000 kr. auk virðisaukaskatts á þá fjárhæð. Er þá tekið tillit til málflutnings um frávísunarkröfu stefnenda. Orðið verður við kröfu stefndu um dráttarvexti á málskostnað.

Aðfinnslur.

Stefna í máli þessu er tíu blaðsíður, auk þess sem í henni er vísað til annarra skjala um málavexti. Greinargerð stefndu er á 14. síðu að lengd auk skjals, sem ber yfirskriftina Yfirlit yfir kröfur stefndu. Hvorki stefna né greinargerð er svo skýr eða gagnorð um málavexti og málsástæður sem gera verður kröfu til, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. og 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991. Aðfinnsluvert er, að í báðum þessum skjölum er nokkur málflutningur.

Í þinghaldi 13. janúar sl. lagði lögmaður stefnenda fram skjal, sem ber yfirskriftina Varðar Miðholt 4, Hafnarfirði. Skjalið er óundirritað, en upp-

lýst er, að það samdi Sigurður Einarsson arkítekt. Kvaðst hann fyrir dóminum hafa ritað það í samráði við stefnandann Sturlu og Björn Gústafsson verkfræðing. Í skjali þessu gætir mjög málflutnings af hálfu stefnenda, og er það aðfinnsluvert.

Dóm þennan kveða upp Björn Björnsson húsasmíðameistari, Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur og Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Gunnarsson og Linda Laufey Bragadóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Sturlu Haraldssonar og Önnu Ólafsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði in solidum stefndu 532.940 kr. í málskostnað, þar af 300.000 kr. í málflutningsþóknun lögmanns stefndu, Othars Arnar Petersen hrl., auk virðisaukaskatts á þá málflutningsþóknun. Málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. júní 1994.

Stefnendur máls þessa eru Gunnar Gunnarsson, kt. 260952-7149, og Linda Laufey Bragadóttir, kt. 230854-2979, bæði til heimilis að Miðholti 4, Hafnarfirði. Stefndu eru Sturla Haraldsson, kt. 040847-4489, og Anna Ólafsdóttir, kt. 041052-4069, bæði til heimilis á Breiðvangi 44, Hafnarfirði.

Málið var höfðað með áritun lögmanns stefndu á stefnu um viðtöku hans á samriti stefnu 14. apríl 1994. Það var þingfest 19. apríl, úthlutað dómara 13. maí og tekið til dóms að loknum málflutningi 8. júní sl.

Stefnendur krefjast þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 1.277.540,50 kr. auk dráttarvaxta frá 12. október 1993 til greiðsludags samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. október 1994. Stefnendur krefjast þess einnig, að stefndu verði gert að gefa út afsal fyrir fasteigninni nr. 4 við Miðholt í Hafnarfirði. Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómsins auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndu krefjast þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Þau krefjast einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda auk

virðisaukaskatts af málskostnaði og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavöxtum er svo lýst í stefnu:

„Með kaupsamningi, dagsettum 16. desember 1991, keyptu stefnendur fasteignina Miðholt 4 í Hafnarfirði af stefndu.

Stefnendur sættu sig ekki við efndir kaupsamningsins og töldu verulega galla vera á fasteigninni. Eftir að stefndu höfðu höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til heimtu eftirstöðva kaupverðs og aukareikninga, mál nr. E-768/1993, létu stefnendur fara fram matsgerð dómkvaddra matsmanna, er mátu ætlaða galla.

Kröfur stefndu voru þær, að stefnendur greiddu 3.037.124,28 auk dráttarvaxta og málskostnaðar, en stefnendur kröfðust þess aðallega, að kröfum þeirra, að fjárhæð 4.390.255 kr., en til vara 3.409.255 kr., yrði skuldajafnað og málskostnaður greiddur.

Matsgerð lá ekki fyrir fyrr en nokkuð löngu eftir, að málið var þingfest, og var því ekki stefnt til sjálfstæðs dóms.

Kveðinn var upp dómur í ofangreindu máli, nr. E-768/1993, 23. febrúar 1994, og var dómsorð á þessa leið:

„Stefndu, Gunnar Gunnarsson og Linda Laufey Bragadóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Sturlu Haraldssonar og Önnu Ólafsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði in solidum stefndu 532.940 kr. í málskostnað, þar af 300.000 kr. í málflutningsþóknun lögmanns stefndu, Othars Arnar Petersen hrl., auk virðisaukaskatts á þá málflutningsþóknun. Málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags."

Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins er nákvæmlega greint, hvernig dómurinn kemst að niðurstöðu sinni um sýknu. Í fyrsta lagi er tilgreint, að stefndu eigi kröfur, að fjárhæð 2.736.714,50 kr., á hendur stefnendum, en stefnendur eigi skuldajöfnunarkröfu á hendur stefndu, að fjárhæð 4.014.255 kr., og er því sýknað í málinu.

Mál þetta er því höfðað til að fá dóm fyrir þeim hluta skuldajöfnunarkröfunnar, sem ekki nýttist, og til þess að fá út gefið afsal.

Af hálfu stefnenda hafa í máli þessu verið lögð fram öll dómskjöl málsins nr. E-768/1993 svo og dómurinn sjálfur.

Í greinargerð stefndu eru málavextir ekki raktir sérstaklega.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur halda því fram, að dómsniðurstaðan í málinu nr. E-768/1993 og forsendur hennar kveði skýrt á um uppgjör aðila vegna kaupa þeirra á fasteigninni nr. 4 við Miðholt í Hafnarfirði. Þar sé fjallað um og fengin niðurstaða í uppgjöri aðila og deila útkljáð um galla, sem þar var fjallað um, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1992. Dómurinn hafi því res judicata-áhrif, og þurfi dómari ekki að fjalla um efni máls að þessu leyti. Hann sé bundinn af niðurstöðu, sem fram komi á skýran hátt í forsendum dómsins, sem leiddu til sýknu.

Stefnendur telja það eðlilegt og í beinu framhaldi af þessu að krefjast afsals, þar sem um lokauppgjör sé að ræða.

Verði ekki fallist á ofangreind sjónarmið, vísa stefnendur til dómskjala í málinu nr. E-768/1993, einkum greinargerðar stefndu og skjala til fyllingar henni.

Kröfurnar eru, segir í stefnu, í fyrsta lagi reistar á réttarfarsreglum, einkum þeirri, að sami dómstóll sé bundinn af fyrri niðurstöðu um sömu atvik.

Í öðru lagi, ef ekki verður fallist á res judicata-áhrifin, segja stefnendur kröfu sína reista á 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um áskilda kosti. Verði ekki fallist á þá röksemd, segjast stefnendur miða við almennu skaðabótaregluna, og nægi hún ekki, krefjast þeir afsláttar, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Enn vísa stefnendur til þess, að stefndu hafi ábyrgst, að húsið væri ekki gallað, og að stefndi Sturla beri svokallaða meistaraábyrgð, auk þess sem stefndu beri ábyrgð á því, að hönnuðir hússins geri ekki mistök.

Kröfuna um afsal segjast stefnendur styðja því, að stefndu skuli efna kaupsamning, sem gerður var 16. desember 1991, en nú séu engin mál óútkljáð, nema nauðsynlegt sé að gefa út afsal.

Í greinargerð stefndu er um málsástæður og lagarök vísað til dómskjala málsins nr. E-768/1993, einkum stefnu og skjala til fyllingar henni.

Á það er bent, að dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. E-768/1993 hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem málið var þingfest 2. maí sl. Telja stefndu, að héraðsdómurinn sé að svo komnu máli hvorki endanleg né bindandi niðurstaða í deilum málsaðila. Uppgjör krafna og útgáfa afsals sé því ekki tímabær að svo stöddu.

Í greinargerð stefndu er fjallað um málskostnaðarkröfu stefnenda. Bent er á ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991, þar sem mælt er fyrir um, að ekki megi dæma varnaraðila til greiðslu málskostnaðar, ef sóknaraðili hefur ekki sótt allar kröfur sínar í máli, sem hann mátti skv. 1. mgr. greinarinnar, en neytir síðar heimildar sinnar til að krefja um afgang krafnanna í nýju máli. Segir í greinargerðinni, að gagnkröfur stefnenda hafi legið fyrir, áður en

aðalflutningur fór fram í hinu fyrra máli, sbr. matsgerð, sem beðið hafi verið eftir og kröfur verið reistar á. Stefnendur (stefndu í hinu fyrra máli) hafi því getað komið öllum kröfum sínum þar að með gagnstefnu, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Stefnendur hafi þá aðeins gert kröfur um skuldajöfnuð, en ekki hirt um að gagnstefna.

Álit dómsins.

Í dómi í málinu nr. E-768/1993, upp kveðnum 23. febrúar 1994, komust dómendur að þeirri niðurstöðu, að stefndu þessa máls, Sturla og Anna, (stefnendur í málinu nr. E-768/1993) ættu fjárkröfur á hendur stefnendum, Gunnari og Lindu Laufeyju (stefndu í hinu fyrra máli), að fjárhæð samtals 2.736.714,50 kr., en stefnendur þessa máls ættu skuldajöfnunarkröfur á hendur stefndu, að fjárhæð 4.014.255 kr. Það er munur þessara fjárhæða, afgangur gagnkröfu, sem er stefnufjárhæð máls þessa. Um þann afgang varð eigi dæmt í hinu fyrra máli, sbr. upphafsákvæði 111. gr. laga nr. 91/1991.

Í forsendum dómsins í málinu nr. E-768/1993 kemur fram, að fram fór víðtæk sönnunarfærsla um skuldajöfnunarkröfuna, þ. e. gagnkröfu stefndu í því máli, þ. á m. með matsgerð dómkvaddra matsmanna. Engin þau ný gögn hafa verið lögð fram í þessu máli, er breytt geti niðurstöðum þeirra forsendna. Þar sem stefnukröfur í þessu máli eru þær eftirstöðvar gagnkröfunnar, sem ekki komu til skuldajafnaðar í fyrra málinu, verða dómkröfur stefnenda teknar til greina að þessu leyti.

Stefnendur krefjast dráttarvaxta af stefnufjárhæð frá 12. október 1993, þ. e. frá þeim tíma, er greinargerð þeirra í hinu fyrra máli var lögð fram í dómi með mótaðri kröfugerð þeirra á hendur stefndu. Kröfu þessari hefur ekki verið andmælt sérstaklega af hálfu stefndu, og fellst dómari á hana.

Þar sem fyrir liggur úrlausn héraðsdóms um endanlegt fjárhagslegt uppgjör aðila vegna sölu og kaupa á fasteigninni Miðholti 4 og þeirri úrlausn hefur ekki verið hnekkt af æðra dómi, ber að fallast á kröfu stefnenda um, að stefndu gefi út afsal til þeirra fyrir fasteigninni.

Athuga ber, að í héraðsdómsmálinu nr. E-768/1993, sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar, var ekki höfð uppi dómkrafa stefnenda í þessu máli um útgáfu afsals. Ekkert er því til fyrirstöðu, að um hana sé nú dæmt.

Málið nr. E-768/1993 var þingfest 18. maí 1993. Stefndu, Gunnar og Linda Laufey, fengu fjórum sinnum fresti til að leggja fram greinargerð. Hún var lögð fram 12. október 1993 ásamt mörgum öðrum skjölum, þ. á m. matsgerð, sem beðið hafði verið eftir. Stefndu nýttu ekki heimild 3. mgr. 28. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 til að gagnstefna og fá sjálfstæðan dóm um kröfur

sínar. Því er rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu, sbr. 2. mgr. 27. gr. sömu laga.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sturla Haraldsson og Anna Ólafsdóttir, greiði in solidum stefnendum, Gunnari Gunnarssyni og Lindu Laufeyju Bragadóttur, 1.277.540,50 kr. ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. október 1993 til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. október 1994.

Stefndu gefi út til stefnenda afsal fyrir fasteigninni Miðholti 4, Hafnarfirði.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 401/1994. **Örn Erlingsson og**
Þorsteinn Erlingsson
(Garðar Garðarsson hrl.)
gegn
Ragnari Ragnarssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skip. Kaupsamningur. Veiðiheimildir. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1994. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta varðar ekki eignarrétt að fiskistofnum á Íslandsmiðum, sbr. nú 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, heldur meðferð stefnda á þeim veiðiheimildum, er tengdar væru fiskiskipi hans að landslögum, þegar hann seldi áfrýjendum skipið með kaupsamningi 15. júlí 1988. Er um það deilt, hvort hann geti krafið áfrýjendur um efndabætur eða aðra greiðslu fyrir þá sök, að þeir neituðu honum um atbeina sinn til þess, að hann fengi úthlutað aflahlutdeild í skarkola frá 1. janúar 1991 handa nýju skipi hans á grundvelli aflareynslu, sem eldra skipið hafði öðlast, meðan hann átti það.

Stefndi hafði lengi lagt stund á skarkolaveiðar, þegar hann gerði kaup sín við áfrýjendur, og hugðist halda þeim áfram, svo sem hann gerði. Þessar veiðar voru háðar því, að skip hans hefði leyfi til botnfisksveiða, sbr. þá 3. og 4. gr. laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, en höfðu ekki verið bundnar sérstökum aflatakmörkunum síðan á árunum 1984-1985. Mátti búast við, að litið yrði í einhverjum mæli til aflareynslu frá því tímabili, er veiðarnar voru óbundnar, ef til þess kæmi, að takmarkanir yrðu aftur settar, eins og raun varð, þegar reglugerð nr. 465/1990 um veiðar í atvinnuskyni

kom til skjalanna. Þó að þar væri byggt á ákvæðum nýrra laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, var skýrt samhengi milli þeirra og hinna eldri laga.

Aðilar eru sammála um, að réttindi til skarkolaveiða hafi ekki verið rædd við gerð kaupsamnings þeirra. Hins vegar er viðurkennt af hálfu áfrýjenda, að þeir hafi ekki verið að kaupa annað af stefnda en skipið sjálft. Fyrir liggur, að stefndi hafði uppi tilkall til aflahlutdeildar vegna þeirrar aflareynslu, sem hann hafði áunnið skipinu, þegar eftir úthlutun samkvæmt fyrrnefndri reglugerð í mars 1991. Jafnframt virðist ljóst, að sjávarútvegsráðuneytið hafi verið reiðubúið til að virða þetta tilkall á grundvelli laganna, ef fram kæmi staðfesting þess, að samningar hans og áfrýjenda stæðu því ekki í vegi.

Að þessu athuguðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Örn Erlingsson og Þorsteinn Erlingsson, greiði stefnda, Ragnari Ragnarssyni, 200.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein

Hagnýting veiðiheimilda er á hverjum tíma háð ákvörðunum í löggjöf og fyrirmælum stjórnvalda. Úthlutun heimildanna skapar ekki eignarrétt yfir þeim, sem varinn er af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, enda eru nytjastofnar á Íslandsmiðum sameign íslensku þjóðarinnar samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. áður 1. gr. laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990.

Þegar aðilar málsins gerðu með sér kaupsamning um mb. Arnar, KE-260, hinn 15. júlí 1988, sættu skarkolaveiðar ekki sérstökum takmörkunum. Þau réttindi, sem leiddi af takmörkunum þessa nytjastofns lögum samkvæmt á árinu 1990 og stefndi hefði getað öðlast

vegna fyrri veiða sinna á skipinu, hefði hann átt það áfram, voru þá ekki til orðin. Aðilar sömdu ekki á þann veg, að til skjalanna kynnu að koma önnur réttindi en þá var vitað um og tengd væru aflareynslu stefnda. Samningurinn var fullefndur samkvæmt efni sínu, þegar lög nr. 38/1990 leystu lög nr. 3/1988 af hólmi. Samkvæmt 7. gr. yngri laganna skal veiðiheimildum úthlutað til einstakra skipa, en ekki einstaklinga, sbr. og 6. gr. reglugerðar nr. 465/1990 um veiðar í atvinnuskyni, en þar er svo kveðið á, að leyfilegum heildarafla af skarkola skuli úthlutað til einstakra skipa miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu frá 1. september 1987 til 31. ágúst 1990.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki unnt að fallast á, að stefndi geti átt einkaréttarlegt tilkall til þeirra réttinda, sem hann byggir kröfu sína á. Ákvæði kaupsamningsins um fiskveiðaréttindi verður því ekki að mínum dómi skýrt svo, að það geti tekið til annarra réttinda en þeirra, er tengdust hinu selda skipi við samningsgerðina. Ber því að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda og dæma þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 1. júlí 1994.

Mál þetta var höfðað 17. nóvember 1993 með framlagningu stefnu í dóm, þar sem mætt var af hálfu stefndu. Stefnandi er Ragnar Ragnarsson, kt. 060448-5159, Þverholti 14, Keflavík. Stefnt er bræðrunum Erni og Þorsteini Erlingssonum. Kennitala Arnar er 030237-4479, heimili Eiðistorgi 9, Seltjarnarnesi. Kennitala Þorsteins er 280543-7569, heimili Hrauntúni 3, Keflavík. Segir í stefnu, að þeim sé báðum stefnt persónulega og vegna félagsútgerðar þeirra, kt. 540588-5379. Af hálfu aðila hefur verið lýst yfir því, að þeir séu sammála um, að kröfugerð stefnanda beri að skilja svo, að kröfur séu gerðar á hendur stefndu in solidum.

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 21. júní sl.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. aðallega, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 4.999.834 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 1.262.646 kr. frá 13. 11. 1991 til 1. 9. 1992, en frá þeim degi af 2.010.146 kr. til 1. 9. 1993, en frá þeim degi af 4.999.834 kr. til greiðsludags.

2. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða sér 1.835.172 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 13. 11. 1991 til greiðsludags.

3. Til þrautavara krefst stefnandi þess, að efni kaupsamnings milli sín annars vegar og hins vegar stefndu og félagsútgerðar þeirra, dags. 15. 7.

1988, verði breytt þannig, að kaupverð hins selda báts verði ákveðið 20.135.175 kr. og beri 1.835.172 kr. af þeirri fjárhæð dráttarvexti frá 13. 11. 1991 til greiðsludags.

Enn krefst stefnandi málskostnaðar samkv. mati réttarins eða málskostnaðarreikningi og að dráttarvextir reiknist á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess enn fremur, að umkrafðir dráttarvextir leggist við höfuðstól fjárkrafna og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Stefndu krefjast þess, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað, hver sem úrslit málsins verða.

Málavextir.

Stefnandi hefur skv. stefnu lengi verið útgerðarmaður og sjómaður á eigin báti. Hann átti og gerði út bátinn Arnar, KE-260, 36 tonna eikarbát. Hafði hann hug á að eignast nýjan bát, flytja hann til landsins. Til þess að fá innflutningsleyfi þurfti hann að úrelda annan bát á móti hinum nýja. Samdist aðilum máls þessa svo, að stefndu keyptu bátinn Arnar, en í stað hins nýja skips skyldi úrelda bátinn Sæmund, HF-85, sem stefndu höfðu eignast gagngert vegna þessara viðskipta.

Hið nýja skip stefnanda hlaut nafn eldra báts hans og númer, Arnar, KE-260, en eldri Arnar nefndist eftir kaupin Haförn, KE-14.

Kaupsamningur aðila er dagsettur 15. júlí 1988. Í honum er þessi klausa: „Fiskveiðaréttindi (þ. e. kóti) Arnars fylgir honum ekki, heldur flytjist á nýtt skip, sem seljandi mun flytja til landsins á næstunni. Skuli þá fiskveiðaréttindi (þ. e.) [svo] Sæmundar flytjast yfir á Arnar. Báðir aðilar gera fyrirvara á samningi þessum, að yfirvöld samþykki þessa ráðstöfun."

Í bréfi, dags. 5. ágúst 1988, staðfesti sjávarútvegsráðuneytið, að það myndi yfirfæra veiðiréttindi Arnars, KE-260 (eldra Arnars), yfir á hið nýja skip (yngri Arnar), en veiðiheimildir Sæmundar yfir á eldri Arnar (Haförn).

Veiðar á skarkola voru hvorki háðar heildarafla, aflahlutdeild né aflamarki, þegar fyrrnefndur kaupsamningur var gerður. Með reglugerð nr. 465/1990, sem sett var skv. lögum nr. 38/1990, ákvað sjávarútvegsráðuneytið að setja skarkolaveiðar undir kvótakerfið svonefnda. Hverjum báti, sem stundað hafði skarkolaveiðar, var þá úthlutað aflahlutdeild, sem miðuð var við og reiknuð út frá aflareynslu tímabilsins 1. september 1987 til 31. ágúst 1990. Hlutdeildinni var úthlutað í mars 1991. Segir í stefnu, að þá hafi hinu selda skipi, Haferni (þ. e. gamla Arnari), verið úthlutað veiðiréttindum,

sem m. a. byggðust á aflareynslu, er stefnandi hefði áunnið skipinu á tímabilinu 1. september 1987 til kaupsamningsdags, 15. júlí 1988.

Stefnandi kveðst strax hafa snúið sér til sjávarútvegsráðuneytisins og mótmælt úthlutun þessari. Jafnframt hafi hann snúið sér til stefnda Arnar. Hafi stefndi Örn þegar viðurkennt rétt stefnanda til aflahlutdeildar, er byggðist á aflareynslu fram að kaupsamningsdegi. Þegar til hafi átt að taka, hafi stefndi Örn hins vegar neitað að samþykkja yfirfærslu aflahlutdeildarinnar. Hafi þá orðið að samkomulagi, að aðilar fengju óvilhalla menn til að skera úr þessum ágreiningi, og hafi þeir samþykkt að leita til Landssambands íslenskra útvegsmanna í því skyni. Kveðst stefnandi hafa sent LÍÚ sem og ráðuneytinu erindi um þetta. Stefndi Örn hafi hins vegar ekki staðið við samkomulag aðila og ekki skilað LÍÚ greinargerð. Sjávarútvegsráðuneytið hafi hins vegar neitað að leiðrétta úthlutunina og vísað til þess, að um samningsatriði væri að ræða milli aðila.

Um þau málsatvik, sem hér var síðast frá greint eftir stefnu, segist aðilum frá á ólíkan veg. Stefndi Örn kannast að vísu við, að stefnandi hafi farið fram á yfirfærslu aflahlutdeildar við sig, en kveðst aldrei hafa samþykkt hana. Hann segir og, að til tals hafi komið, að aðilar ræddu sameiginlega við lögmann LÍÚ, en af því hafi ekki orðið, og þeir hafi ekki gert neitt samkomulag um, að LÍÚ skæri úr ágreiningi þeirra.

Stefnandi segir, að í ljósi framanritaðs sé sér nauðsyn að fá dóm fyrir kröfum sínum. Mál hafi áður verið höfðað gegn stefndu, Erni og Þorsteini, vegna þessa ágreinings með stefnu, út gefinni 25. október 1991, og hafi það verið þingfest 13. nóvember s. á. Vegna galla á kröfugerð hafi það mál verið hafið 5. maí 1992. Aftur hafi stefnandi höfðað mál gegn stefndu með stefnu, út gefinni 1. nóvember 1992. Hafi þá einnig verið stefnt sjávarútvegsráðherra og veðhöfum vegna ákvæða í V. grein í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990. Það mál hafi verið fellt niður 3. júní 1993.

Í fyrrgreindum málum, segir í stefnu, var gerð sú krafa á hendur stefndu, að þeim yrði gert að þola yfirfærslu aflahlutdeildar. Í stað þeirrar kröfu kveðst stefnandi hafa ákveðið að krefjast nú greiðslu fyrir andvirði þeirrar hlutdeildar, sem sér beri, þ. e. efndabóta í formi fjárkröfu.

Upplýst er, að í hinu síðara máli, sem niður var fellt, gerði stefnandi varakröfu á hendur stefndu um peningagreiðslu, 2.953.840 kr.

Kröfugerð stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að sú aflahlutdeild, sem hann ætti að hljóta samkvæmt aflareynslu, er hann hafi áunnið hinu selda skipi fyrir kaupsamningsdag, þ. e. frá 1. september 1987 til 15. júlí 1988, sé 0,2499720%. Sú tala er óumdeild.

Stefnandi hefur lagt fram matsgerð dómkvadds matsmanns, Björns Jónssonar skipstjóra. Í matsbeiðni var þess óskað, að metið væri:

A. Verðmæti neðangreinds leigukvóta af skarkola:

1) 17.500 kg vegna veiðitímabilsins 1. 4. 1991 – 31. 8. 1991. Hvert var verðmætið 1. 4. 1991?

2) 27.600 kg vegna veiðitímabilsins 1. 9. 1991 – 31. 8. 1992. Hvert var verðmætið 1. 9. 1991?

3) 28.750 kg vegna veiðitímabilsins 1. 9. 1992 – 31. 8. 1993. Hvert var verðmætið 1. 9. 1992?

B. Verðmæti neðangreinds varanlegs kvóta af skarkola:

1) 0,2499720% aflahlutdeild. Hvert var verðmætið 1. 4. 1991?

2) 0,2499720% aflahlutdeild. Hvert var verðmætið 13. 11. 1991?

3) 0,2499720% aflahlutdeild. Hvert var verðmætið 1. 9. 1993?

Hinn dómkvaddi matsmaður skýrir frá því í matsgerð, að hann hafi á matsfundi greint lögmönnum aðila frá því, að átt væri við aflahlutdeild ásamt aflamarki innan ársins, þegar talað væri um verð á aflahlutdeild. Þá hafi komið fram, að málsaðilar væru sammála um, að meta bæri verð á varanlegum skarkolakvóta að frá dregnu leiguverði, en geta þess í matsgerð, hvað leiguverð væri á þeim tíma. Niðurstöður matsmannsins eru þessar:

A. Leigukvóti:

1) Áætlað verðmæti á 17.500 kg af skarkola 1. 4. 1991	kr.	472.500
2) Áætlað verðmæti á 27.600 kg af skarkola 1. 9. 1991	–	828.000
3) Áætlað verðmæti á 28.750 kg af skarkola 1. 9. 1992	–	747.500

B. Varanlegur kvóti (miðaður við 0,2499720% aflahlutdeild í skarkola):

1) Áætlað verðmæti 1. 4. 1991	kr.	1.835.172
2) Áætlað verðmæti 13. 11. 1991	–	2.898.210
3) Áætlað verðmæti 1. 9. 1993	–	2.989.688

Matsmaðurinn, Björn Jónsson, kom fyrir dóm og staðfesti matsgerðina. Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum um matsgerðina, hvorki um magntölur né verð. Stefnandi hefur gert eina leiðréttingu til lækkunar á magntölu og verði í matsbeiðni og þar með matsgerð. Í stað 17.500 kg í lið A.1 eigi að koma 16.098 kg. Áætlað verðmæti leigukvóta 1. 4. 1991 verði því 434.646 kr. í stað 472.500 kr.

Aðalkröfu sína rökstyður stefnandi með því, að með neitun sinni á yfirfærslu þeirrar aflahlutdeildar, sem stefnandi eigi tilkall til, hafi stefndu komið í veg fyrir, að stefnandi hafi getað nýtt sér hana á sama tíma og stefndu hafi sjálfir hagnast á nýtingu hennar. Fiskveiðiárið frá 1. 1. 1991 til 31. 8. 1991 hafi ákvarðaður heildarafli verið 7.000 tonn, fiskveiðiárið 1. 9. 1991 til 31. 8. 1992 hafi hann verið 11.042 tonn og fiskveiðiárið frá 1. 9. 1992

til 31. 8. 1993 11.500 tonn. Stefnandi krefur stefndu um verðmæti leigukvóta þessara tímabila, en um verðmæti varanlegs kvóta frá 1. 9. 1993, nánar þannig:

Tímabil	Úthl.		Aflahlutd. %		Kg		Andvirði
Leigukvóti:							
1/1 1991-31/8 1991	7.000	×	0,2499720	=	16.098	kr.	434.646
1/9 1991-31/8 1992	11.042	×	0,2499720	=	27.600	–	828.000
1/9 1992-31/8 1993	11.500	×	0,2499720	=	28.750	–	747.500
			Leigukvóti alls	kg	72.448	kr.	2.010.146
Varanl. kvóti:							
1/1 1993-31/8 1994	11.500	×	0,2499720	kg	28.750	kr.	2.989.688
					Samtals	kr.	4.999.834

Athuga ber, að kílóatalan 16.098 í verðútreikningi leigukvóta var áður 17.500, en var breytt af stefnanda, sbr. framanskráð.

Dráttarvaxta krefst stefnandi frá 13. nóvember 1991, en það er þingfestingardagur fyrsta dómsmáls milli aðila.

Um varakröfu segir í stefnu, að fallist dómurinn ekki á, að stefnanda beri efndabætur samkvæmt aðalkröfu, haldi stefnandi því fram, að stefndu hefðu átt að efna kaupsamning, þegar er 0,2499720% aflahlutdeild kom til úthlutunar. Við það sé miðað, að leggja skuli til grundvallar úthlutun fyrir tímabilið 1. 1. 1991 til 31. 8. 1991, umreiknaða í heilt fiskveiðiár. Höfuðstóll varakröfu er 1.835.172 kr., sbr. lið B,1 í matsgerð. Krafist er dráttarvaxta frá sama upphafsdegi og í aðalkröfu.

Höfuðstóll þrautavarakröfu er hinn sami og varakröfu.

Nánar um málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst einkum reisa kröfur sínar á skýru ákvæði í kaupsamningi aðila þess efnis, að hið selda skip seljist án fiskveiðiréttinda, þ. e. kvóta. Heldur hann því fram, að túlka beri orðin „fiskveiðiréttindi (þ. e. kóti)", sem fram koma í kaupsamningi, þannig, að þau nái til þeirrar reynslu, er ávannst á skipið fyrir kaupsamningsdag, og þar af leiðandi þeirrar aflahlutdeildar, er sú reynsla veitir. Kveðst stefnandi þannig miða við almennar reglur samninga- og kauparéttar, að mönnum beri að efna samninga og skuldbindingar á þann hátt, sem um er samið, þ. e. á grundvelli tilgangs, ætlunar aðila og hugmynda við samningsgerð. Aldrei hafi verið ætlunin að selja aflaheimildir, aflahlutdeild eða aflareynslu með skipinu, enda stundi stefnandi sjálfur skarkolaveiðar, og honum sé nauðsynlegt að

nýta sjálfur þá reynslu, er hann hafi áunnið skipum sínum. Þetta hafi stefndu verið ljóst við samningsgerð.

Stefnandi heldur því fram, að það hafi verið forsenda fyrir sölunni, að engar aflaheimildir, hvorki veiðileyfi, veiðiheimildir, aflahlutdeild né aflamark, fylgdu með í sölunni. Þótt lög nr. 38/1990 og reglugerð nr. 465/1990 hafi ekki verið orðin til, þá er kaupin gerðust, sé ljóst, að reynsla sú og þau réttindi, er þau lög veita, hafi verið orðin til við kaupsamning. Þannig hafi stefnandi áunnið hinu selda skipi reynslu, sem á grundvelli nefndra laga og reglugerðar virkja þau réttindi, sem um var samið, að ættu að flytjast yfir á hið nýja skip stefnanda.

Stefnandi segir, að hann hafi einungis verið að selja stefndu skip. Stefndu hafi vitað, að það hafi hvorki verið vilji sinn né tilgangur að selja frá skipinu aflareynslu né réttindi, enda hafi tilgangur stefndu ekki verið sá að verða sér úti um slíka reynslu eða réttindi. Aðilar hafi ekki séð fyrir fyrrnefnd lög og reglugerð eða tímasetningu þeirra. Ef kaupsamningurinn hefði verið gerður t. d. í febrúar 1990, þ. e. mánuði áður en lögin voru samþykkt, væri staða stefnanda sú, að hann stæði uppi aflahlutdeildarlaus með glænýtt skip, en öll aflareynsla hans og þar af leiðandi aflahlutdeild færi yfir til stefndu. Það sé deginum ljósara, að slíkt hafi ekki verið tilgangur með sölunni.

Um þrautavarakröfu segir í stefnu, að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að ekki verði miðað við umrætt samningsákvæði samkvæmt orðalagi þess, telji stefnandi, að beita beri 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 [sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986] þannig, að umrætt samningsákvæði taki til þeirrar aflahlutdeildar, sem hinn seldi bátur fékk úthlutað og byggðist á aflareynslu stefnanda, þ. e. 0.2499720%. Vegna atvika, sem síðar gerðust, sé ósanngjarnt, að umrædd aflahlutdeild falli í hlut stefndu án greiðslu. Stefndu beri að greiða stefnanda andvirði þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir þannig fengu úthlutað á hið selda skip. Kaupverð bátsins hafi verið 18.300.000 kr., en að viðbættu verðmæti aflahlutdeildarinnar verði það 20.135.172 kr.

Stefnandi kveðst bæði í aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu fara að almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og samninga, jafnt skriflegra sem munnlegra, og efndir þeirra.

Kröfu um dráttarvexti kveður hann reista á III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Málskostnaðarkröfuna styður hann 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Í greinargerð stefndu, kafla um málsástæður, er fyrst fjallað nokkuð um eignarrétt og atvinnuréttindi og vald ríkisins til að setja reglur um nýtingu

fiskstofna. Segir þar m. a., að vart verði um það deilt, að „jafnvel langvarandi hagnýting („aflareynsla“) tiltekinna eigenda fiskiskipa eða áhafnar fiskiskipa á einstökum fisktegundum getur ekki skapað þeim eignarrétt að nytjastofnum á Íslandsmiðum í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar . . .“ Álitamál sé hins vegar, hvort atvinnuréttindi þeirra, sem stunda fiskveiðar, séu stjórnarskrárvarin einstaklingseign skv. 67. gr., og verði á það fallist, hvert sé þá inntak þess réttar og hverjum hann eigi að falla í skaut. Einnig segir í grg. stefndu, að fiskstofnarnir séu almenningseign, en viðurkennt sé vald ríkisins til að setja reglur um nýtingu þeirra, þ. m. t. til að takmarka sókn í ákveðna fiskstofna. Um þetta er farið fleiri orðum og komist að þeirri niðurstöðu, að hæpið sé að telja, að atvinnuréttindi við fiskveiðar njóti verndar sem stjórnarskrárvarin einstaklingseign, því að sameiginlegir hagsmunir hljóti að vega þyngra en atvinnuhagsmunir einstaklinga. Benda megi og á, að gersamlega ókleift sé að skera úr um það, hver þessi réttur er eða ætti að vera eða hver ætti að njóta.

Því næst er í grg. stefndu vikið að kaupsamningi aðila. Segir þar, að lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða hafi verið í gildi, þegar samningurinn var gerður. Það hafi verið almenn regla skv. þeim lögum, að aflahlutdeild fylgdi skipum, en ekki einstaklingum eða útgerðaraðilum. Sama fyrirkomulag sé í yngri lögum. Þegar samningurinn var gerður, hafi ekkert verið um það í lögum eða reglugerðum, að miðað yrði við aflareynslu fiskiskipa um tiltekinn árafjölda við úthlutun veiðileyfa á fisktegundum, sem hingað til hefðu verið öllum frjálsar. Engar réttarverkanir hafi verið bundnar veiðum á skarkola. Því hafi stefnandi á þeim tíma ekki átt nein réttindi reist á aflareynslu. Þau réttindi séu síðar til komin vegna aðgerða löggjafarvaldsins og stjórnvalds, sem hafi úthlutað þeim – í samræmi við lagafyrirmæli – til fiskiskips í eigu stefndu.

Þegar lög nr. 38/1990 voru sett, segir í grg., var skipið komið í eigu stefndu, og samkvæmt 8. gr. þeirra laga, greinargerð með þeirri grein og 6. gr. reglugerðar nr. 465/1990 sé skýrt kveðið á um, að miðað skuli við aflareynslu skipsins, en ekki eiganda þess eða þess, sem það gerir út til veiða. Með þessum lögum og síðan ákvörðunum sjávarútvegsráðherra hafi skipinu verið úthlutað ákveðnum rétti á grundvelli þess afla, sem hafði verið veiddur á því. Hér hafi ekki verið lögð til grundvallar persónuleg aflareynsla, heldur farið eftir því, sem hafði verið aflað hlutrænt séð um borð í bátinn, og hafi gilt sömu reglur fyrir öll fiskiskip, þegar veiðar á skarkola voru takmarkaðar. Viðmiðunarmörkin hafi verið ákveðin í lögunum, og það sé tilviljun, að þau mörk falli að hluta til á tímabil, þegar skipið var í eigu stefnanda.

Enn segir í greinargerðinni, að kaupsamningur aðila taki að sjálfsögðu ekki til nefndra ákvarðana sjávarútvegsráðherra eða síðari tíma ákvarðana Alþingis um viðmiðunarmörk. Samningurinn hafi að fullu verið efndur samkvæmt efni sínu. Þáverandi fiskveiðiréttindi skipsins Arnars hafi verið flutt yfir á annað skip í samræmi við efni samningsins. Í samningnum hafi af eðlilegum ástæðum ekki verið minnst aukateknu orði á veiðiréttindi, sem síðar kynnu að falla skipinu í skaut með hugsanlegum lagabreytingum eða stjórnvaldsákvörðunum, enda hefði slíkt ekki haft marktækt gildi. Það væri í hæsta máta óeðlilegt, ef einstaklingar gætu með einkaréttarlegum hætti ráðstafað fram í tímann hagsmunum og réttindum, sem stjórnvöld hefðu enn ekki tekið ákvörðun um.

Þau réttindi, sem stefndu voru veitt og stefnandi sé að krefjast bóta fyrir, hafi verið veitt af hinu opinbera, þ. e. sjávarútvegsráðherra. Hann hafi í þágu almenningshagsmuna ákveðið takmarkanir á veiðum helstu fiskstofna umhverfis Ísland í samræmi við lög nr. 38/1990. Almennt sé sá háttur hafður á, að veiðum úr nær öllum fiskstofnum, sem nýttir séu, sé stýrt með úthlutun tímabundinna veiðiheimilda á grundvelli aflahlutdeildar hvers fiskiskips. Af lögum nr. 38/1990 verði þannig augljóslega ráðið, að þau réttindi til veiða, sem sjávarútvegsráðherra úthlutar einstökum fiskiskipum, lúti ekki reglum einkaréttar. Þess vegna geti einstaklingar ekki krafist þeirra á grundvelli einkaréttarlegra reglna eða samninga, allra síst með vísan til einkaréttarlegs samnings, sem gerður var, áður en réttindin urðu til. Af sömu ástæðum verði einkaaðili ekki krafinn skaðabóta vegna úthlutunar veiðileyfa, því að þar sé um opinberar aðgerðir að ræða.

Það leiði ekki af kaupsamningnum sjálfum, að orðið „fiskveiðiréttindi" eigi við um aflareynslu og taki þar af leiðandi einnig til þeirrar aflahlutdeildar, sem sú reynsla veitir. Þessi „aflareynsla" hafi ekki komið til álita við kaupin af ástæðum, sem þegar hafi verið raktar.

Í grg. stefndu segir enn, að stefnandi gefi sér, að aflahlutdeild í skarkola sé varanlegt verðmæti og eigi sér tiltekið markaðsverð. Því, að aflahlutdeildin sé „varanlegt verðmæti" eiganda skips, er mótmælt sem firru. Bæði það, sem hér að framan er rakið, svo og umræður í þjóðfélaginu að undanförnu sýni, að fiskveiðistefnan geti breyst mjög snögglega og þar gangi enginn að neinu vísu. Ekki þurfi einu sinni að koma til lagabreyting, ein lítil reglugerð geti aftur afnumið takmörkun á skarkolaveiðum, og þar með falli aflahlutdeild í skarkola niður og sama ástand komist á og var, þegar kaup voru gerð.

Til viðbótar því, sem nú hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefndu, að réttur stefnanda, hafi hann einhver verið, sé fallinn niður fyrir

fyrningu eða tómlæti. Í málflutningi skýrði lögmaður stefndu þessa málsástæðu svo, að hún byggðist á því, að annað dómsmálið af þremur, sem stefnandi hefur höfðað, ryfi ekki fyrningu, þar sem aðilar í því væru ekki hinir sömu og í þessu máli og að í fyrsta málinu hefðu verið hafðar uppi aðrar kröfur en í þessu máli.

Rökstuðningur stefndu fyrir sýknu hér að framan á jafnt við um aðalkröfu sem varakröfu stefnanda.

Um þrautavarakröfu stefnanda segir í greinargerð stefndu, að 36. grein samningalaga hafi verið sett í þeim tilgangi að styrkja réttarstöðu neytenda og annarra, sem telja megi, að hafi lakari aðstöðu við gerð samninga, og er í þessu sambandi vitnað til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 11/1986. Þannig henti 36. greinin sérstaklega vel, þegar um staðlaða samningsskilmála sé að ræða, þegar annar aðilinn, sá sem semur samninginn, hefur yfirburðaaðstöðu. Í þessu máli sé ekki um ósanngjarnan samning að ræða, heldur hafi hann þvert á móti verið mjög venjulegur og í fullu samræmi við óskir aðila. 36. grein samningalaga eigi því ekki við.

Vaxtakröfum öllum mótmæla stefndu sérstaklega, af hvaða fjárhæðum vextir eru krafðir, upphafstíma vaxta og vaxtafæti. Sérstakar athugasemdir eru gerðar við vaxtakröfu í aðalkröfu, „sem er í innbyrðis ósamræmi, óskiljanleg og ódómhæf í þessum búningi", eins og segir orðrétt í greinargerð stefndu.

Skýrslur fyrir dómi gáfu stefnandi og stefndi Örn Erlingsson. Björn Jónsson skipstjóri, dómkvaddur matsmaður, bar vitni og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri sjávarútvegsráðuneytisins.

Niðurstöður.

Það er meginregla í íslenskum lögum, að framsal fiskveiðiréttinda er heimilt, sbr. lög nr. 3/1988 og lög nr. 38/1990 með áorðnum breytingum, skv. lögum nr. 87/1994. Lög stóðu því ekki í vegi, að stefnandi seldi stefndu bát án fiskveiðiréttinda, sem þegar hafði verið úthlutað af stjórnvöldum lögum samkvæmt. Ekki verður heldur séð, að neitt hefði verið því til fyrirstöðu, að þeir semdu um, að óúthlutuð aflahlutdeild, byggð á aflareynslu hins selda báts í eignartíð stefnanda, skyldi færast yfir á hið nýja skip stefnanda. Þessi skilningur fær stoð af bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til stefnanda, dags. 30. maí 1991, sem fram hefur verið lagt. Þar er svarað bréfi stefnanda frá 13. mars s. á., þar sem hann óskar eftir því, að aflareynsla Hafarnar, KE-14 (fyrrum Arnars), í skarkola á tímabilinu 1. september 1987 til 15. júlí 1988 verði lögð við skarkolaaflareynslu Arnars, KE-260. Í bréfi ráðuneytisins er vitnað til ákvæðis kaupsamnings aðila um ráðstöfun veiðiréttinda

hins selda skips, og segir síðan: „Ráðuneytið telur það ekki á sínu færi að taka afstöðu til þessa ákvæðis, þar sem í því er ekki getið, hvernig fara eigi með aflareynslu í skarkola fyrir eigendaskipti."

Að þessu athuguðu verður í máli þessu að hafna þeirri málsástæðu stefndu fyrir sýknu, að fiskveiðiréttindi, sem hér er deilt um, lúti ekki reglum einkaréttar; einstaklingur geti ekki krafist þeirra á grundvelli einkaréttarlegra reglna eða samninga.

Í máli þessu er ekki um það deilt, að úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins á aflahlutdeild í skarkola til Hafarnar, KE-14, hafi verið lögum samkvæm.

Að mati dómara velta úrslit málsins á því, hvernig skilja beri orðin „fiskveiðaréttindi (þ. e. kóti)" í kaupsamningi aðila.

Reglugerð nr. 465/1990 var sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990. Hún tók gildi 1. janúar 1991. Þar segir í 6. grein:

„Leyfilegum heildarafla af skarkola, sbr. 2. gr., skal úthlutað til einstakra fiskiskipa miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. september 1987 til 31. ágúst 1990."

Aflareynsla sú, sem stefnandi ávann hinum selda báti, Haferni, KE-14, á tímabilinu frá 1. september 1987 til kaupsamningsdags, 15. júlí 1988, var að hluta til grundvöllur þeirrar aflahlutdeildar í skarkola, sem úthlutað var til Hafarnar í mars 1991.

Dómari fellst á það með stefnanda, að orðin „fiskveiðaréttindi (þ. e. kóti)" í samningi aðila sé svo víðtækrar merkingar, að þau taki ekki einungis til veiðiheimildar, aflahlutdeildar og aflamarks, sbr. 4. og 7. gr. laga nr. 38/1990, heldur og til aflareynslu, sem er undirstaða þessara réttinda. Samningur aðila um, að fiskveiðiréttindi skyldu ekki fylgja hinu selda skipi, skal þannig ná til aflareynslu, sem stefnandi ávann bátnum í eignartíð sinni. Það styrkir þessa niðurstöðu, að hún er í samræmi við það, sem upplýst er um tilgang og vilja aðila við samningsgerðina. Stefnandi ætlaði að selja og stefndu að kaupa bát án fiskveiðiréttinda, enda yfirfærðu stefndu fiskveiðiréttindi annars báts, Sæmundar, HF-85, yfir á Haförn, KE-14. Ef sá bátur, sem úreltur var, Sæmundur, hefði haft aflareynslu í skarkola á því tímabili, sem hér er um fjallað, hefðu stefndu í mars 1991 fengið úthlutað aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu tveggja báta.

Á framangreindum forsendum fellst dómari á það með stefnanda, að stefndu hefði borið að efna kaupsamninginn með framsali á 0,2499720 % aflahlutdeild í skarkola til hans, þegar er þeir fengu henni úthlutað. Beri stefnanda því efndabætur samkvæmt varakröfu sinni.

Aflahlutdeild í skarkola var úthlutað til Hafarnar, KE-14, í mars 1991. Þá varð krafa stefnanda á hendur stefndu fyrst gjaldkræf, og hófst þá fyrningar-

frestur hennar, sbr. 1. mgr. 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Hann er fjögur ár, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Krafan er því ófyrnd.

Kröfugerð stefnanda byggist á matsgerð. Um hana er ekki tölulegur ágreiningur. Að öðru leyti hefur henni ekki verið hnekkt. Verður því krafa stefnanda, að fjárhæð höfuðstóls 1.835.172 kr., tekin til greina. Taka ber og til greina kröfu stefnanda um dráttarvexti frá þeim tíma, sem krafist er. Krafa um vaxtavexti verður dæmd svo sem segir í dómsorði.

Samkvæmt úrslitum máls er rétt að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað. Skal hann vera 300.000 kr. Vextir á málskostnað verða dæmdir sem í dómsorði segir.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Örn Erlingsson og Þorsteinn Erlingsson, greiði in solidum stefnanda, Ragnari Ragnarssyni, 1.835.172 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 13. nóvember 1991 til greiðsludags. Heimilt er að bæta vöxtum við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. nóvember 1992.

Stefndu greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað. Beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Heimilt er að bæta vöxtum við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 365/1994. **Samskip hf.**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Fiatagri Danmark A/S
(Ólafur Axelsson hrl.) **og**
Fiatagri Danmark A/S
gegn
Samskipum hf. og
Búnaðarbanka Íslands
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Farmflutningar. Farmskírteini. Skaðabætur. Bankar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1994. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómsfjárhæð verði lækkuð verulega með heimild í 2. mgr. 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en hámarksábyrgð samkvæmt þeirri grein nemi 2 SDR á 21000 kíló eða 42.000 SDR, en 1 SDR hafi 1. október 1992 jafngilt 79,3632 krónum. Hámarksbótafjárhæð nemi því 3.333.254 krónum. Frá þeirri fjárhæð eigi að draga jafnvirði 9.000 bandaríkjadala, sem greiddir hafi verið af verði hjólaskóflunnar miðað við gengið 71 krónu fyrir bandaríkjadal, þ. e. 639.000 krónur. Einnig eigi að draga frá þeirri fjárhæð ávísun frá stefnda Búnaðarbanka Íslands 29. október 1992, að fjárhæð 94.444 danskar krónur, á genginu 11,02 krónur fyrir danska krónu, 1.040.762 íslenskar krónur. Heildarbótafjárhæðin eigi þannig að nema 1.653.492 krónum. Þá verði málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Fiatagri Danmark A/S gagnáfrýjaði málinu með stefnu 15. september 1994 og krafðist þess, að aðaláfrýjandi greiddi honum 791.680 danskar krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr.

25/1987 frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá áfrýjaði félagið málinu með stefnu sama dag á hendur Búnaðarbanka Íslands og krafðist þess, að bankanum yrði gert að greiða aðaláfrýjanda fjárhæð gagnáfrýjunarstefnunnar með sömu dráttarvöxtum og málskostnaði og þar greinir.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst bankinn lækkunar dómkrafna gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl. Þar er meðal annars um að ræða gögn úr bókhaldi gagnáfrýjanda varðandi viðskipti við Vélakaup hf.

I.

Í september 1992 seldi Fiatagri A/S hjólaskóflu ásamt fylgihlutum Vélakaupum hf., sem við kaupin komu fram undir firmanafninu Allis Trading Company. Var skóflan send til landsins með m/s Helgafelli, skipi Samskipa hf. Farmskírteini var gefið út vegna flutningsins 17. september 1992. Samkvæmt því átti ekki að afhenda vöruna nema gegn afhendingu á eintaki þess, sem bæri rétta óslitna framsalsröð. Hið danska fyrirtæki gaf einnig út reikning vegna kaupanna, að fjárhæð 850.000 danskar krónur, að frádregnum 9.000 bandaríkjadölum, sem Vélakaup hf. hefðu greitt, þegar skóflan var pöntuð. Reikningurinn var sendur Vélakaupum hf., og átti að senda fyrirtækinu frumrit farmskírteinis, þegar það hefði greitt reikninginn í banka. Skipafélagið afhenti hins vegar vöruna fljótlega, eftir að hún barst hingað til lands, án þess að frumriti farmskírteinis væri framvísað eða krafan greidd. Við eftirgrennslan gagnáfrýjanda kom í ljós, að Búnaðarbanki Íslands hafði stimplað á ljósrit farmskírteinis: „Má afgreiða, 16. október 1992, Búnaðarbanki Íslands, erlend viðskipti“, og fylgdi áritun eins bankastarfsmanns. Aðaláfrýjandi taldi sig hafa afhent hjólaskófluna í trausti þessa. Bú Vélakaupa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 12. mars 1993, en fyrirtækið hafði selt skófluna fljótlega, eftir að það fékk hana afhenta.

II.

Gagnáfrýjandi byggir bótakröfu sína á hendur aðaláfrýjanda og stefnda á því, að þeir séu in solidum bótaskyldir vegna þess tjóns, sem af því hlaust, að hjólaskóflan var afhent án greiðslu.

Sýknukrafa aðaláfrýjanda gagnvart gagnáfrýjanda er reist á því, að félagið hafi mátt afhenda skófluna, þar sem Búnaðarbankinn hafi heimilað afhendingu. Aðaláfrýjandi gerir í þessu máli engar kröfur á hendur bankanum. Hann heldur því hins vegar fram, að með ástimplun sinni hafi bankinn ábyrgst afgreiðslu skóflunnar, og vitnar í því sambandi til starfsreglna, sem samið hafi verið um milli skipafélaga og bankastofnana. Samningssamband var ekki á milli gagnáfrýjanda og bankans. Sýknukrafa aðaláfrýjanda gagnvart gagnáfrýjanda verður þess vegna ekki reist á því, að bankinn hafi heimilað honum að afhenda vöruna án frumrits farmskírteinis og án framsals til viðtakanda. Verður við það að miða, að ábyrgð skipafélagsins gagnvart gagnáfrýjanda á því að afhenda skófluna aðeins gegn farmskírteini, sé í fullu gildi. Staðfesta ber því niðurstöðu héraðsdóms um ábyrgð aðaláfrýjanda á afhendingu skóflunnar og fylgihluta. Hins vegar verður bankinn sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, þar sem ekki er í máli þessu nægjanlega í ljós leitt, hvert traust aðaláfrýjandi mátti leggja í stimpil bankans. Sök bankans gagnvart gagnáfrýjanda er því ekki sönnuð.

III.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð, aðallega með tilvísun til ákvæða 2. mgr. 70. gr. siglingalaga, sbr. 68. gr. sömu laga. Aðaláfrýjandi hafði tekist þá skyldu á herðar að afhenda hjólaskófluna og fylgihluti hennar aðeins gegn frumriti farmskírteinis með óslitinni framsalsröð. Þetta gerði hann ekki og bar fyrir sig að hafa látið vélina af hendi í trausti stimpils Búnaðarbanka Íslands á ljósrit, sem ekki bar nein framsöl. Ekki er um það deilt, að starfsmaður aðaláfrýjanda hafi fylgt starfsreglum. Stimpillinn bar ekki með sér, að ábyrgð væri tekin á afgreiðslunni. Afhendingin var án nokkurs tilefnis frá gagnáfrýjanda eða nokkurs, sem hann bar ábyrgð á. Verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi af ásetningi tekið áhættu af þessari afhendingu. Þegar af þeim ástæðum getur hann ekki borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar, sbr. og niður-

lagsákvæði 70. gr. siglingalaga. Hann ber því fulla ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi byggir kröfu sína á fram lögðum reikningi, sem styðst við gögn úr bókhaldi hans. Gagnáfrýjandi hefur dregið 9.000 bandaríkjadali frá kröfu sinni, en það var sú greiðsla, sem Vélakaup hf. greiddu við pöntun vörunnar, og verður hún ekki dregin frá að nýju. Ósannað er, að nokkur önnur greiðsla hafi borist gagnáfrýjanda vegna hjólaskóflunnar, og verða því ekki frekari greiðslur dregnar frá kröfu hans.

Af framangreindum ástæðum ber að taka kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til greina. Vextir greiðast þó frá þingfestingardegi í héraði með þeim rökum, sem í héraðsdómi greinir.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Búnaðarbanki Íslands skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi Búnaðarbanki Íslands skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Fiatagri Danmark A/S.

Aðaláfrýjandi, Samskip hf., greiði gagnáfrýjanda 791.680 danskar krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands beri sjálfur sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní 1994, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ólafi Axelssyni hrl., kt. 220946-4529, Höfðabakka 9, Reykjavík, f. h. Fiatagri Danmark A/S, Borgmester Christiansens Gade 58, DK-2450, Kaupmannahöfn SV, Danmörku, til heimtu skaðabóta á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, og Samskipum hf., kt. 440986-1539, Holtabakka við Holtaveg, með stefnu, birtri 12. október 1993.

Dómkröfur stefnanda eru, að báðum stefndu verði gert in solidum að

greiða stefnanda DKK (danskar krónur) 791.680,00 með svofelldum dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags þannig: [...]. Jafnframt verði þeim gert að greiða málskostnað [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru, að bankinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem taki mið af fjárhæð stefnukröfu, eins og gert sé á dskj. nr. 36. Til vara krefst hann þess, að honum verði gert að greiða stefnanda verulega lægri fjárhæð en stefnandi krefst og dráttarvextir einungis reiknaðir frá þingfestingu málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda Samskipa hf. eru, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða því hæfilegan málskostnað, til vara, að stefnufjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málið var þingfest 21. október 1993, en dómarinn tók við meðferð þess 19. janúar sl. Hinn 9. febrúar sl. var málið flutt um frávísunarkröfur stefndu. Hinn 15. sama mánaðar var kveðinn upp úrskurður á þá leið, að fallist var á þá kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands, að málinu yrði vísað frá dómi, hvað bankann varðaði, en ekki var fallist á kröfu stefndu Samskipa hf. um frávísun.

Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar, og 7. mars sl. var kveðinn upp dómur. Þar segir m. a.: „Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, afhentu Samskip hf. Vélakaupum hf. hjólagröfu frá sóknaraðila án þess að öðru væri framvísað en ljósriti farmskírteinis með áritun varnaraðila: „Má afgreiða". Í málinu er deilt um ábyrgð varnaraðila og meðstefnda á þessari afgreiðslu. Dómkröfur sóknaraðila á hendur beggja stefndu í héraði eiga rætur að rekja til þessa atviks, og honum var heimilt að nýta sér réttarfarshagræði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar meðstefnda, Samskip hf., og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar."

I.

Tildrög máls.

Hinn 16. október 1992 sótti Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Vélakaupa hf., Allis Trading Co., um gjaldeyri, 94.443 danskar krónur, vegna félagsins í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands. Gjaldeyrisumsóknin var sögð vera vegna viðskipta umsækjanda við stefnanda, Fiatagri A/S. Með gjaldeyrisumsókninni í bankanum framvísaði Björn ljósriti af farmskírteini, útg. af Samskipum hf. til stefnanda í Árósum 17. september 1992, varðandi flutning á hjólagröfu með skipinu Helgafelli til hafnar í Reykjavík, þar sem viðtakandi skv. farmskírteininu er Allis Trading Com-

pany. Björn greiddi andvirði gjaldeyrisins og fékk ljósrit farmskírteinisins stimplað orðunum: „Má afgreiða 16. okt. 1992. Búnaðarbanki Íslands. Erlend viðskipti.“, en í stimpilinn handritaði Gísli Sigurgeirsson, starfsmaður bankans, er afgreiddi umsóknina, fornafn sitt. Hins vegar er á reikningi, sbr. dskj. nr. 3, er stefnandi gerði Allis Trading Company 16. september 1992 varðandi viðskipti aðila um hjólagröfuna, vélin verðlögð á 850.000 danskar krónur og talið, að kaupandi hafi þá greitt 9.000 USD af verðinu, og beri honum að greiða eftirstöðvar kaupverðs innan 30 daga, frá því að vélin komi til landsins, en farmskírteinið verði í höndum stefnanda, uns greitt hafi verið. Og þá hefur Björn Ólafsson gefið upp við ríkistollstjóra, sbr. dskj. nr. 25, að fob-verð vélarinnar í dönskum krónum væri 485.900.

Björn framvísaði þessu ljósriti af farmskírteini hjá stefnda Samskipum hf. og fékk vélina afhenta. Hinn 12. mars 1993 var bú Vélakaupa hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Ekki er deilt um, að andvirði vélarinnar var ekki greitt stefnanda, eins og reikningur hans sagði til um, og vélin er ekki lengur í vörslum búsins. Staðhæfingu stefnanda um, að búið sé eignalaust, hefur ekki heldur verið andmælt.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Bótakrafa á hendur stefndu er af hálfu stefnanda studd því, að þeir beri ábyrgð in solidum á því tjóni, sem hann hafi orðið fyrir, er umrædd hjólagrafa ásamt fylgihlutum var afhent Vélakaupum hf. /Allis Trading Company, án þess að framvísað væri frumriti af farmskírteini eða andvirði vörunnar greitt stefnanda. Og þar sem grafan hafi verið afhent Vélakaupum hf. án greiðslu, félagið gjaldþrota og bú þess eignalaust, hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, sem samsvari andvirði gröfunnar samkvæmt reikningi að frádreginni innborgun 9.000 USD.

Af hálfu stefnanda er talið, að stefndu hafi báðir með saknæmum hætti valdið því, að grafan var afhent; annars vegar hafi starfsmaður bankans af vítaverðu gáleysi áritað ljósrit af farmskírteini orðunum: „Má afgreiða“, án þess að varan væri greidd, og hins vegar hafi starfsmenn skipafélagsins afhent vöruna, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinisins.

Því er haldið fram af stefnanda, að ein af grundvallarreglum um farmflutninga á sjó sé, að farmflytjandi megi aðeins afhenda þeim vöruna, sem framvísi frumriti farmskírteinis, og séu allar undanþágur í þeim efnum á ábyrgð og áhættu skipafélagsins. Vísað er til 101. gr., 104. gr., 106. gr., 107. gr. og 110. gr. siglingalaga nr. 34/1985 í því sambandi. Þá er talið illskiljanlegt, hvernig það mátti gerast, að starfsmaður Búnaðarbanka Íslands áritaði ljósrit farmskírteinisins, án þess að reikningur stefnanda væri jafnframt

greiddur; en raunar skipti ástæðan engu, aðalatriðið sé, að með áritun hafi bankinn látið handhafa ljósritsins í té skilríki, sem veittu honum heimild til þess að krefjast afhendingar vörunnar, og hafi starfsmanni bankans mátt vera það ljóst. Þannig er af hálfu stefnanda talin ljós orsakatengsl milli þessara mistaka bankans og tjóns stefnanda, og sé afhending farmsins sennileg afleiðing áritunar sem þessarar; en af skipafélagsins hálfu hafi því enda verið borið við, að afhending vörunnar án framvísunar frumrits farmskírteinis hafi einungis gerst vegna áritunar bankans, sem hafi vakið það traust hjá skipafélaginu, að varan væri greidd.

Þá er staðhæft, að algengt sé, að skipafélög afhendi vörur gegn framvísun ljósrits af farmskírteini, ef það er áritað í nafni banka um, að varan sé greidd í bankanum eða að afhending megi fara fram á ábyrgð bankans af öðrum ástæðum. Þessi venja sé hins vegar í andstöðu við aðalregluna um, að afhending sé háð framvísun frumrits farmskírteinis.

Að lokum er af hálfu stefnanda dregin sú ályktun, að eðlilegt sé, að stefndu, sem beri sameiginlega ábyrgð á umræddum mistökum, bæti stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir vegna þeirra. Bótakröfu á hendur bankanum tjáist stefnandi nú reisa á almennum skaðabótareglum utan samninga, en komið hafi í ljós í rekstri málsins, að samningur milli bankans og skipafélagsins hafi ekki legið til grundvallar áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins, eins og hugsanlegt gat verið, þegar bankanum var stefnt.

Af hálfu stefnanda er mótmælt, að ákv. 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985 um lækkun bóta úr hendi farmflytjanda til farmsamningshafa eigi við um þetta mál, þar eð starfsmenn Samskipa hf. hafi af ásetningi afhent farminn, án þess að farmskírteini væri framvísað, og hafi þeim mátt vera ljóst, að tjón gæti af því hlotist. Vísað er til Hrd. 1966, 1031, í þessu sambandi. Þá er mótmælt sem nýjum málsástæðum, að bótafjárhæð verði lækkuð sem nemi 94.443 dönskum krónum, sbr. dskj. nr. 18, og að hún verði miðuð við uppgefið fob-verð í tollskýrslu á dskj. nr. 25.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda Búnaðarbanka Íslands.

Af hálfu bankans er sýknukrafa aðallega studd því, að hann sé ekki aðili að samningi stefnanda og stefnda Samskipa hf., sem mál þetta fjalli um, og beri því að sýkna hann með vísun til 16. gr. laga nr. 91/1991. En að því er varði málsástæður stefnanda og lagarök varðandi bótaskyldu bankans, er byggi á almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins, sem tengi bankann við málið, geri bankann bótaskyldan á einhvern hátt.

Af hálfu bankans er því haldið fram, að bankinn hafi ekki látið Véla-

kaupum hf. í té neins konar yfirlýsingu um, að skipafélaginu væri heimilt að afhenda umrædda gröfu á ábyrgð bankans; í fyrsta lagi hafi engar forsendur verið til þess, og í öðru lagi hafi sú áritun starfsmanns bankans á ljósrit farmskírteinis, sem stefnandi reisi málatilbúnað sinn á gagnvart bankanum, ekki að geyma neina yfirlýsingu í þá átt. Stefndi vísar til þess, að starfsmönnum meðstefnda, Samskipa hf., hafi mátt vera ljóst, að stimplun af bankans hálfu með orðunum: „Má afgreiða" á ljósrit farmskírteinis ásamt áritun eins starfsmanns bankans hefði ekki sömu þýðingu og stimplun orðanna: „Vöruna má afgreiða á ábyrgð bankans" ásamt áritun tveggja starfsmanna bankans, enda mæli starfsvenjur og reglur einungis fyrir um, að síðarnefnda áritunin gefi ábyrgð bankans á afhendingu farms skipafélaginu að skaðlausu. Bankinn verði því ekki leiddur til ábyrgðar fyrir mistök skipafélagsins, þar sem engum saknæmum mistökum, yfirsjón eða vanrækslu, hvað þá ásetningi, sé til að dreifa hjá bankanum, sem stefnandi geti rakið tjón sitt til.

Af hálfu bankans er haldið fram, að stimpillinn með orðunum: „Má afgreiða" hafi ekki verið í almennri notkun innan bankans frá árinu 1986, en tilgangur með notkun hans hafi á sínum tíma verið sá að sýna innan bankans, að út á tiltekna „faktúru" mætti afgreiða erlendan gjaldeyri, og hafi tollyfirvöld þá gert kröfu um, að þær væru stimplaðar með þessum hætti, áður en vara fékkst tollafgreidd. Stimpill þessi hafi aldrei verið í notkun í tengslum við skipafélögin og farmskírteinisafrit; hins vegar hafi ýmsir viðskiptamenn bankans, sem vanist höfðu gamla laginu á afgreiðslu gjaldeyris, óskað eftir, að „faktúrur" væru stimplaðar, svo að þeir ættu betra með að henda reiður á, hvort gjaldeyrir hefði verið útvegaður til greiðslu á viðkomandi vöru.

Við aðalmeðferð var af hálfu bankans gerð krafa um, færi svo, að dómur félli stefnanda í vil á grundvelli þess, að starfsmanni bankans hefðu orðið á þau mistök að árita ljósrit farmskírteinis vegna gjaldeyrisafgreiðslu, að fjárhæð 94.443 krónur danskar í stað 791.680, að til frádráttar stefnufjárhæð kæmu þessar 94.443 krónur, enda óumdeilt, að stefnandi hafi fengið þá fjárhæð greidda frá Vélakaupum hf. Þá var gerð krafa um, að fob-verð gröfunnar, 485.900 danskar krónur, yrði lagt til grundvallar dómsniðurstöðu, enda væri um tölu í opinberu skjali að ræða, sem ekki væri hnekkt. Enn fremur var þess krafist, að sömu reglur um takmarkanir á ábyrgð giltu gagnvart bankanum, sem leiddu til lækkunar bótafjárhæðar, og meðstefndi Samskip hf. sem farmflytjandinn ber fyrir sig.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda Samskipa hf.

Af hálfu stefnda Samskipa hf. er því haldið fram, að skipafélagið beri ekki ábyrgð á ætluðu tjóni stefnanda. Á það er bent, að Vélakaup hf., Allis Trading Company, hafi fengið umrædda gröfu afhenta síðari hluta októbermánaðar 1992 og forráðamenn skipafélagsins ekki vitað betur en stefnandi hefði þá fengið kaupverð vélarinnar greitt eða a. m. k. ábyrgð meðstefnda Búnaðarbanka Íslands á greiðslunni.

Sýknukrafa skipafélagsins er reist á því, að félaginu hafi verið heimilt að afhenda gröfuna viðtakanda skv. ljósriti farmskírteinis, þegar bankinn hafði heimilað afhendingu og tekið á henni ábyrgð. Þá er látið að því liggja, að sú vanræksla stefnanda að ganga ekki eftir greiðslu úr hendi Vélakaupa hf. eða að heimta vélina í eigin hendur að öðrum kosti, – frá því að vélin var afhent félaginu og þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta fimm mánuðum síðar, 12. mars 1993, – firri stefnanda rétti til að ganga að skipafélaginu um greiðslu, þar sem skipafélagið hafi sökum tómlætis stefnanda misst af endurkröfu á viðtakanda farmsins. Tekið er undir röksemdir stefnanda, að með áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins hafi bankinn látið handhafa þess í té skilríki, sem veitt hafi honum heimild til þess að krefjast afhendingar vörunnar, og hafi viðkomandi starfsmönnum bankans mátt vera það ljóst. Af hálfu skipafélagsins er staðhæft, að starfsmenn Búnaðarbankans hafi iðulega notað stimpil með orðunum: „Má afgreiða. Búnaðarbanki Íslands. Erlend viðskipti“ á afrit eða ljósrit farmskírteina í þeim tilgangi að gera viðtakanda vöru mögulegt að sækja vöruna til farmflytjanda, og vísað til dskj. nr. 24 og framburðar starfsmanna skipafélagsins í því sambandi. Þá rökstyður skipafélagið sýknukröfu því, að kröfugerð stefnanda um, að félaginu verði gert að bera in solidum ábyrgð með bankanum, sé andstæð grunnreglum kröfuréttar, enda ekki slíkt samband milli stefndu, að réttlæti slíkt. Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega.

Varakröfu um lækkun stefnufjárhæðar reisir skipafélagið á því, að hámark ábyrgðar þess skv. siglingalögum sé lægra en stefnufjárhæð. Hámarksábyrgð skv. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 sé 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru, en skv. farmskírteini hafi brúttóþyngd gröfunnar verið 21.000 kíló og hámarksábyrgð skipafélagsins því 42.000 SDR. Gengi á SDR hafi 1. okt. 1992 verið 79,3632 og hámarksábyrgð skipafélagsins því 3.333.256 krónur, en þar frá dragist andvirði USD 9000 eða 639.000 krónur og 94.443 danskar krónur eða 1.040.762 íslenskar krónur, svo að bótafjárhæð verði 1.653.492 krónur.

V.

Niðurstaða.

Stefnandi sækir bætur á hendur Búnaðarbanka Íslands á grundvelli þess, að bankinn hafi valdið honum tjóni með því að árita ljósrit farmskírteinis, eins og greint hefur verið frá. Ekki þykir það atvik eitt sér hafa valdið umræddum skaða stefnanda, en leitt hefur verið í ljós með vitnisburði starfsmanna bankans og skipafélagsins, að ekki er með öllu óalgengt, að ljósrit farmskírteina séu árituð á þennan eða viðlíka hátt, er gjaldeyrir er seldur viðtakanda farms til að greiða farmsamningshafa.

Framkvæmdastjóri Vélakaupa hf. framvísaði við gjaldeyriskaupin, er hann fékk ljósrit farmskírteinisins áritað, ekki þeim reikningi, er greiða skyldi fyrir hjólagröfuna, heldur öðrum reikningi, er varðaði, að því er virðist, önnur viðskipti við stefnanda. Þetta gat starfsmaður bankans ekki varast með góðu móti, því að af farmskírteininu sjálfu verður ekki ráðið, hvert söluverð vörunnar er, og verður það því ekki metið honum til ámælis að hafa látið blekkjast með þessum hætti til að árita ljósritið, sem sjálft bar vitni um viðskipti milli stefnanda og Allis Trading Company, öðru nafni Vélakaup hf. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að bankinn hafi valdið stefnanda tjóni af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.

Einsætt er, að starfsmenn Samskipa hf. létu af hendi við framkvæmdastjóra Vélakaupa hf. hjólagröfu þá, sem stefnandi ráðgerði að selja Vélakaupum hf. Þetta gerðu þeir vísvitandi, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinis um vöruna. Og þó að þeir hafi gert það í trausti þess, að Búnaðarbanki Íslands myndi bæta tjón, sem af þessu gæti hlotist, firrir það ekki skipafélagið ábyrgð á efndum farmsamnings að öðru jöfnu.

Í lokamálsgrein 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir, að farmflytjandi geti ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein, ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátt vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af. Bótafjárhæðin verður því ekki lækkuð á grundvelli ákv. 2. mgr. 70. gr., eins og skipafélagið gerir kröfu um. Hins vegar þykir mega fallast á með Samskipum hf., að stefnandi hafi ekki gert grein fyrir þeim 94.443 krónum dönskum, sem fullvíst er, að Vélakaup hf. greiddu stefnanda, og verði því að lækka umkrafða bótafjárhæð sem þeirri fjárhæð nemur, en getið er um þessa fjárhæð á dskj. nr. 18, sem stefndi Búnaðarbanki Íslands lagði fram með greinargerð sinni ásamt fleiri skjölum 25. nóv. 1993.

Ekki verður séð, að tollskýrsla, sem lögð hefur verið fram í ljósriti sem dskj. nr. 25, breyti í nokkru réttarstöðu stefnanda, þar sem ekki er sýnt fram á, að stefnandi hafi átt þátt í henni. Þá þykir réttur stefnanda sem

farmsamningshafa ekki hafa glatast gagnvart Samskipum hf. sem farmflytjanda fyrir tómlæti, þó að liðið hafi nokkrir mánuðir, frá því að grafan, sem hér um ræðir, var afhent viðtakanda skv. farmskírteini án greiðslu og þar til stefnandi fór fram á skýringar á þætti skipafélagsins í málinu.

Samkvæmt framangreindu er fallist á þá kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands, að bankinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Aftur á móti ber að dæma stefnda Samskip hf. til að greiða stefnanda 697.237 danskar krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en telja verður gegn andmælum stefndu, að stefnandi hafi fyrst með stefnu lagt fram þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, verður gert að greiða Búnaðarbanka Íslands 650.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefnda Samskipum hf. verður gert að greiða stefnanda 650.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi Búnaðarbanki Íslands er sýknaður af kröfum stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, og greiði stefnandi bankanum 650.000 krónur í málskostnað.

Stefndi Samskip hf. greiði stefnanda 697.237 danskar krónur með 10,6% ársvöxtum frá 21. október 1993 til 1. desember s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 650.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 358/1994. **X**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
og gagnsök

Frelsissvipting. Lögræðislög. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1994. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1993 til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, sbr. 178. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Aðaláfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf dómsmálaráðherra 9. nóvember 1994 um gjafsókn hér fyrir dómi.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 5. október 1994. Gagnáfrýjendur krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

I.

Með bréfi til yfirlæknis geðdeildar Landspítalans 30. júlí 1993 samþykkti dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að aðaláfrýjandi yrði gegn vilja sínum vistaður á sjúkrahúsi að beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar. Vísað var til 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og vottorðs Þorsteins Njálssonar læknis, sérfræðings í heimilislækningum, frá deginum áður.

Greinargerð Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar 29. júlí 1993, sem fylgdi beiðninni, er undirrituð af Guðrúnu Hrefnu Sverrisdóttur félagsráðgjafarnema. Þar segir meðal annars, að hún telji aðaláfrýjanda þarfnast geðmeðferðar þegar í stað, og er það rökstutt þannig: „Byggist álit m. a. á hegðun mannsins undanfarna mánuði, eigin umhirðu svo og brengluðu hugarfari, sem kemur fram í bréfum til starfsmanna Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar.“ Ítrekuð er beiðni til sjúkrahússins að taka við aðaláfrýjanda, „um leið og hann fæst til þess að fara þangað í viðtal“.

Vottorð Þorsteins Njálssonar læknis er rakið í héraðsdómi. Þar kemur fram, að Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar fari fram á „sjálfræðissviptingu“ vegna atburða síðustu daga og „að meðmælum undirritaðs“. Læknirinn telur aðaláfrýjanda haldinn geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum, hann skorti allt sjúkdómsinnsæi og þarfnist læknis- og lyfjameðferðar, sem ekki sé framkvæmanleg nema með innlögn á geðdeild, og sé brýn nauðsyn til hennar. Í vottorðinu er vísað til samráðs við lækni á sjúkrahúsinu, en í málinu liggja hvorki fyrir upplýsingar um skýr deili á þessum lækni né álit hans að öðru leyti.

Í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis frá 27. ágúst 1993, sem einnig er tilgreint í héraðsdómi, og framburði hans þar fyrir dómi kemur fram það álit, að aðaláfrýjandi, sem sé sérvitur og hafi ýmis óvenjuleg áhugamál, hafi ekki verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og „nauðungarvistun hans á geðsjúkrahús hafi verið alvarleg mistök“.

Í bréfi til lögmanns Ríkisspítalanna 3. mars 1994 dregur Tómas Helgason prófessor í efa, að einkenni þau, sem tilgreind voru í framangreindu vottorði Þorsteins Njálssonar læknis, bendi til geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum. Honum þykir líklegra, „að X sé sérkennilegur maður, sem hafi haft geðhvarfasjúkdóm 1986 og 1993, er hann kom á geðdeild Landspítalans, sem þó hafi varla verið nægjanlega alvarlegur til þess að leggja hann á sjúkrahús gegn vilja hans“. Fyrir héraðsdómi bar Sigurjón B. Stefánsson brigður á álit Tómasar Helgasonar um geðhvarfasjúkdóm aðaláfrýjanda, enda hefði prófessorinn ekki séð hann.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja ósannað, að um efnisleg skilyrði 13. gr. lögræðislaga hafi verið að ræða, til þess að

hefta mætti frelsi aðaláfrýjanda og vista hann á sjúkrahúsi gegn vilja hans. Þá verður einnig að telja, að þau gögn, sem lögð voru fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið 30. júlí 1993, hafi ekki verið alveg ótvíræð um andlegt heilsufar aðaláfrýjanda í því samhengi, sem hér skiptir máli. Hefði ráðuneytinu því verið rétt að kalla eftir frekari upplýsingum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga eða leita eftir áliti trúnaðarlæknis síns samkvæmt 17. gr. laganna, áður en endanleg ákvörðun var tekin, sbr. og 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga.

II.

Í framburði Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis fyrir héraðsdómi kemur fram, að enginn þeirra sérfræðinga í geðlækningum, sem voru á bakvakt á sjúkrahúsinu 30. og 31. júlí 1993, eða yfirlæknir deildarinnar hafi vitað um innlögn aðaláfrýjanda á þeim tíma. Þá hélt hann því og fram, að enginn þessara manna hefði vitað um þá sprautu, sem aðaláfrýjanda hefði nauðugum verið gefin á öðrum degi innlagnar og haft ýmsar óæskilegar, líkamlegar aukaverkanir. Þessu hefur ekki verið hnekkt af hálfu gagnáfrýjenda. Í áðurnefndu bréfi Tómasar Helgasonar prófessors segir, að sá læknir, sem tók á móti aðaláfrýjanda við komu á spítalann, hafi talið hann vera með oflæti, en það er önnur sjúkdómsgreining en fram kom í vottorði Þorsteins Njálssonar læknis, sem lagt var fyrir ráðuneytið. Læknirinn hafi talið rétt að gefa honum lyf til að draga úr oflætinu. Um þetta nýtur þó ekki frekari gagna. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að af hálfu sjúkrahússins hafi ekki verið réttilega staðið að viðtöku aðaláfrýjanda og meðhöndlun hans fyrstu dægrin. Á hinn bóginn verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi ekki getað farið frjáls ferða sinna af sjúkrahúsinu eftir 3. ágúst 1993.

III.

Samkvæmt framansögðu verða aðaláfrýjanda dæmdar miskabætur á grundvelli 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Skulu þær bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi nýtur lögbundinnar gjafsóknar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt 178. gr. laga nr. 19/1991. Greiðist því allur gjaf-

sóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun á báðum dómstigum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, X, 300.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní 1994, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. janúar 1994 af X, Reykjavík, gegn dóms- og kirkjumálaráðuneyti, kt. 550169-7619, og fjármálaráðuneyti kt. 550169-2829, f. h. ríkissjóðs, sem komið var á framfæri með því, að ríkislögmaður áritaði stefnuna 24. janúar 1994 og lýsti um leið yfir, að stefndi fæli honum meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með hæstu dráttarvöxtum hverju sinni samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1993 til greiðsludags,

2. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins".

Stefndi ríkissjóður gerir þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefst stefndi „stórkostlegrar" lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði í því falli felldur niður.

I.

Málavextir.

Föstudaginn 30. júlí 1993 var stefnandi vistaður gegn vilja sínum á geðsjúkrahúsi að tilhlutan Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar, en af hálfu stofnunarinnar var leitað samþykkis dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að stefnandi, sem þá var með heimilisfang að Reykjavíkurvegi 22 í Hafnarfirði, en dvalarstað að Gistiheimilinu Bergi þar í bæ, yrði vistaður með

þessum hætti hjá geðdeild Landspítalans, „deild 13, Kleppi“. Vísað var til 13. gr., sbr. 14. og 15. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, í því sambandi. Erindinu fylgdi m. a. greinargerð Guðrúnar H. Sverrisdóttur félagsráðgjafarnema f. h. Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar og vottorð Þorsteins Njálssonar, heilsugæslulæknis í Hafnarfirði, hvort tveggja dagsett daginn áður. Af hálfu ráðuneytisins var samdægurs fallist á þessa ósk með vísun til læknisvottorðsins og „samkvæmt heimild í 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðislaga“, og er þeirri ákvörðun lýst í bréfi þann dag til yfirlæknis geðdeildar Landspítalans, deild 13, Kleppsspítala, og Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar. Í bréfinu var áréttað, að vekja bæri athygli sjúklings á því með viðeigandi hætti, að honum væri heimilt að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun, sbr. 18. gr. lögræðislaga.

Með bréfi, dags. 3. ágúst 1993, til dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur leitaði stefnandi úrlausnar dómsins um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina. Hinn 5. sama mánaðar var krafa stefnanda um, að nauðungarvistun hans á sjúkrahúsi yrði felld úr gildi, tekin fyrir á dómþingi. Við þingfestingu var skrifleg krafa stefnanda um, að ákvörðun ráðuneytisins yrði felld úr gildi, ásamt staðfestum ljósritum af gögnum, sem ákvörðun ráðuneytisins var reist á, lögð fram, þ. m. t. ljósrit af vottorði Þorsteins Njálssonar læknis. Stefnandi sótti sjálfur þing, og kvaðst hann ekki óska eftir, að honum yrði skipaður talsmaður, þegar hann var um það spurður. Af hálfu ráðuneytisins var ekki talin ástæða til að sækja þing. Daginn eftir, 6. ágúst, var á dómþingi kveðinn upp úrskurður að viðstöddum stefnanda, þar sem hafnað var kröfu hans og eins og þar segir: „Með vísan til þeirra gagna, sem ákvörðun dómsmálaráðuneytisins var reist á, og þá aðallega mats læknis á sjúkdómi sóknaraðila og nauðsynjar þess, að hann yrði vistaður til meðferðar á geðdeild, þykir lagaskilyrðum til ákvörðunar ráðuneytisins hafa verið fullnægt, sbr. 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 svo og 14.-17. gr. sömu laga.“

Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1993, sem barst réttinum 1. september 1993, og var málinu vísað frá 13. sama mánaðar á grundvelli þess, að vistun stefnanda á sjúkrahúsi lauk 19. ágúst þ. á., og hafði hann því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður kæmi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á því, að ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem hér um ræðir, hafi verið efnislega röng; ákvörðun

ráðuneytisins hafi verið byggð á ófullnægjandi læknisfræðilegum gögnum. Staðhæft er, að nauðungarvistun skv. 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, verði eingöngu beitt, ef um alvarlegan geðsjúkdóm sé að ræða hjá viðkomandi og vistun þyki því óhjákvæmileg að mati læknis. Hins vegar hafi í tilviki stefnanda verið farið að vottorði Þorsteins Njálssonar, sem sé sérfræðingur í heimilislækningum, en ekki geðsjúkdómum. Þá telur stefnandi það staðreynd, að hann sé ekki og hafi ekki verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, og styðjist það við álit dr. Sigurjóns B. Stefánssonar, sérfræðings í geðlækningum, enda sé niðurstaða geðlæknisins sú, að stefnandi hafi ekki þurft á neinni læknis- eða lyfjameðferð að halda og nauðungarvistun hans á geðsjúkrahúsi verið alvarleg mistök.

Stefnandi telur, að ráðuneytið hefði átt að afla sér álits sérfræðinga í geðlækningum, áður en ákvörðun um frelsissviptingu hans var tekin. Þá hafi af hálfu ráðuneytisins ekki verið leitað álits stefnanda á beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar um nauðungarvistun hans, og þannig hafi honum ekki verið gefinn kostur á að hreyfa andmælum.

Stefnandi telur sig hafa sætt frelsissviptingu til 19. ágúst 1993. Hann staðhæfir, að hann hafi nauðugur verið sprautaður á geðsjúkrahúsinu geðlyfinu Trilafon, sem hafi m. a. haft þau áhrif, að hann hafi átt í erfiðleikum með þvaglát; þá verði ekki á móti mælt, „að ólögmæt og ástæðulaus frelsissvipting í 20 daga verður að teljast mikill miski og þjáning fyrir þann, sem slíku sætir".

Við aðalmeðferð kom fram hjá lögmanni stefnanda, að bótakrafan styddist við grundvallarreglur ákv. XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að öllum lagaskilyrðum hafi verið fullnægt, til að dómsmálaráðuneytið mætti fallast á umrædda beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar, engum saknæmum mistökum hafi þar verið til að dreifa, er bótaábyrgð verði reist á. Þá er því haldið fram, að ekki sé það fortakslaust skilyrði fyrir, að dómsmálaráðuneytið megi samþykkja beiðni um skammtímavistun, að læknisvottorð, sem ákvörðunin er reist á, sé gefið út af sérfræðingi í geðlækningum, en í þessu tilviki hafi vottorðið verið gefið af lækni, sem auðsjáanlega var vel kunnugur heilsuhögum og ástandi stefnanda, og hafi vottorðið ásamt öðrum gögnum, er fylgdu beiðninni, borið það skilmerkilega með sér, að stefnandi kynni að vera haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Og þótt niðurstaða rannsóknar, sem komið var

við í skjóli bráðabirgðavistunar, kunni síðar að hafa leitt annað í ljós um heilsufarsástand viðkomandi, raski það ekki lagaforsendum fyrir ákvörðun ráðuneytisins.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skylt hafi verið að gefa stefnanda kost á að tjá sig, áður en afstaða til beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar var tekin, enda mæli ákv. III. kafla laga nr. 68/1984 ekki fyrir um það, en þau lög giltu um málsmeðferð á þeim tíma, sem nauðungarvistun stefnanda var samþykkt. Mótmælt er, að stefnandi hafi sætt nauðungarvistun í 20 daga, eins og stefnandi staðhæfi, þar eð stefnandi hafi sjálfviljugur dvalist á geðdeildinni og verið frjáls ferða sinna, eftir að dr. Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir skoðaði hann 3. ágúst 1993. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi orðið fyrir aukaverkunum af lyfjagjöf við komu á spítalann. Kröfum stefnanda er mótmælt sem allt of háum; enn fremur er vaxtakröfu og upphafstíma vaxta mótmælt.

IV.

Niðurstaða.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 1. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Undantekningu frá þessari meginreglu er að finna í 2. mgr. sömu greinar laganna, þar sem segir: „Þó má hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. ...“ Ekki er um það deilt, að stefnandi var vistaður gegn vilja sínum á geðsjúkrahúsi á grundvelli þess, að hann væri haldinn alvarlegum geðsjúkdómi.

Í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis frá 27. ágúst 1993, er lagt hefur verið fram í máli þessu sem dskj. nr. 8, segi orðrétt: „X dvaldist á deild 13, geðdeild Landspítalans að Kleppi, frá 30. 7. '93 til 19. 8. '93; hafði hann verið fluttur á deildina með lögregluvaldi með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Það féll í minn hlut að vera geðlæknir X hér á spítalanum. Ég sá hann fyrst tveimur dögum eftir innlögn og hitti hann nær daglega eftir það, meðan hann dvaldist á deildinni. Greinilegt var, að X var mjög reiður vegna þessarar nauðungarvistunar og fannst freklega brotið á rétti sínum. Þessi reiði hans bitnaði þó engan veginn á starfsfólki geðdeildar eða sjúklingum; hann var yfirleitt hinn þægilegasti í viðmóti og hjálpsamur, en lét samt óhikað skoðanir sínar í ljós. X er sérvitur, hefur ýmis óvenjuleg áhugamál, en ekkert kom það fram í fari hans, sem benti til, að hann væri með alvarlegan geðsjúkdóm. Hann var stundum dálítið ör og talaði mikið, einkum þegar ástæða innlagnar var rædd. X hefur átt í útistöðum við „kerfið“ og telur sig hafa verið órétti beittan. Hann rökstyður mál sitt vel,

og gat ég ekki greint neitt, sem kalla mætti ranghugmyndir. X þurfti ekki á neinni sérstakri læknis- eða lyfjameðferð að halda, eftir að hann lagðist inn, en því miður var honum gefin nauðungarsprauta á öðrum degi innlagnar, sem að mínu mati var ónauðsynleg og hafði ýmsar óæskilegar líkamlegar aukaverkanir. Það er því miður oft erfitt að stöðva vitleysuna, þegar hún í eitt skipti er farin af stað. Þau gögn, sem ég hef undir höndum um ástand X, áður en hann kom á deildina, gefa mér ekki ástæðu til að álykta, að hann hafi verið alvarlega geðsjúkur þá, og tel ég, að nauðungarvistun hans á geðsjúkrahúsi hafi verið alvarleg mistök."

Í umsögn dr. med. Tómasar Helgasonar, prófessors og sviðsstjóra geðdeildar Landspítala, um vistun stefnanda á deildinni og vottorð dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis, dskj. nr. 21, segir m. a.: „Í vottorði Þorsteins Njálssonar læknis, sem fylgdi beiðni um sjálfræðissviptingu, kemur fram, að Þorsteinn hafi talið, að X væri haldinn geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum. Einkenni þau, sem hann telur upp í vottorði sínu, gætu gefið grun um slíkt, þó að undirrituðum þyki líklegra, að X sé sérkennilegur maður, sem hafi haft geðhvarfasjúkdóm 1986 og 1993, er hann kom á geðdeild Landspítalans, sem þó hafi varla verið nægjanlega alvarlegur til þess að leggja hann á sjúkrahús gegn vilja hans. ..."

Sú vitneskja um geðheilsu stefnanda, sem kemur fram í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis og í umsögn dr. Tómasar Helgasonar prófessors, var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu ekki tiltæk, er umdeild ákvörðun var tekin. Á hinn bóginn fylgdi beiðni um samþykki ráðuneytisins læknisvottorð Þorsteins Njálssonar, heilsugæslulæknis í Hafnarfirði, en þar segir m. a.: „Undirritaður er heimilislæknir X og hefur sinnt málum hans frá síðustu áramótum, en var áður heimilislæknir hans í Rangárvallasýslu 1988-89. Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar hefur tjáð mér, að stofnunin fari fram á sjálfræðissviptingu X til að koma honum í geðmeðferð, og er það til orðið eftir atburði síðustu daga og að meðmælum undirritaðs. X hefur lengi verið ákaflega furðulegur í hegðun og verið talinn haldinn krónískum geðklofa. [...] Í samráði við lækni deildar 13 á Kleppsspítala, Garðar, er talið skynsamlegt og nauðsynlegt að vista X á geðdeild, og þar sem hann hefur ekki sjúkdómsinnsæi, þarf að koma til sjálfræðissvipting, til að hægt verði að hefja meðferð á geðveiki hans, ..."

Gjalda verður varhuga við að viðurkenna eða heimila á einhvern hátt rétt stjórnvalda til að svipta mann frelsi án sakar, enda þótt embættismenn hafi velferð viðkomandi að markmiði. Og þar sem nú komið hefur í ljós um síðir, að stefnandi var ekki haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, þegar frelsi hans var heft, eins og dr. Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir vottar og um-

sögn sviðsstjóra geðdeildar Landspítala staðfestir, verður að viðurkenna, að stefnandi hefur sætt frelsisskerðingu, án þess að skilyrði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 68/1984 um alvarlegan geðsjúkdóm hafi verið til að dreifa. Hins vegar er ljóst af framburði dr. Sigurjóns og af öðrum gögnum málsins, einkum dskj. nr. 23, sem er bréf stefnanda, dags. 4. ágúst 1993, að stefnandi var frjáls ferða sinna á þeim tíma, sem bréfið er dagsett.

Að þessu virtu verður að telja með vísun til b-liðar 176. gr. laga nr. 19/1991, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda. Þykja bætur hæfilega ákvarðaðar 100.000 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 50.000 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi ríkissjóður greiði stefnanda, X, 100.000 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 223/1994. **Samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurbjörn Magnússon hdl.)
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Jakobi Þorsteinssyni
(Steingrímur Þormóðsson hdl.) **og**
Jakob Þorsteinsson
gegn
samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Vátrygging. Skaðabótamál. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sýknu að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda um „solidariska" ábyrgð með Vátryggingafélagi Íslands hf. og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefjast þeir þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1994. Hann krefst þess aðallega, að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér 7.968.040 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1992 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að gagnstefndu samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér 7.291.385 krónur með sömu dráttarvöxtum og greinir í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst

gagnáfrýjandi þess, að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 4. janúar 1996 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Gagnstefndi Vátryggingafélag Íslands hf. krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á örorkutjóni gagnáfrýjanda, dagsettur 20. desember 1995, þar sem reiknað er með 4,5% framtíðarávöxtun bóta vegna varanlegrar örorku.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi, og gerðust þau fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og þar er lýst, vann gagnáfrýjandi sem bifreiðarstjóri hjá Vegagerð ríkisins á Ísafirði. Var hann að stjórna snjóruðningsbifreiðinni Í 4045 á Hnífsdalsvegi laugardaginn 27. janúar 1990, þegar hún varð fyrir snjóflóði og valt niður í fjöru.

Gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í þeirri grein er mælt fyrir um skyldu eiganda skráningarskylds vélknúins ökutækis til að tryggja ökumann þess, og „gildir sú vátrygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn . . .“. Ekki er um það deilt í máli þessu, að gagnáfrýjandi var við stjórn bifreiðarinnar, er slysið varð. Þar sem fullnægt er áðurnefndum lagaskilyrðum fyrir greiðsluskyldu vátryggingarfélags samkvæmt slysatryggingu ökumanns, gerist hér ekki þörf á að taka frekari afstöðu til tengsla slyssins og notkunar bifreiðarinnar. Ber því að dæma gagnstefnda Vátryggingafélag Íslands hf. til þess að greiða gagnáfrýjanda slysatryggingarbætur, eins og nánar greinir hér á eftir.

II.

Gagnáfrýjandi skýrir svo frá fyrir dómi, að kvöldið fyrir slysið hafi hann fengið fyrirmæli frá rekstrarstjóra Vegagerðar ríkisins á Ísafirði um að moka Hnífsdalsveg af öryggisástæðum, „sem ég taldi

mjög eðlilegt". Fór gagnáfrýjandi að þessum fyrirmælum og kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að hafa samband við yfirmann sinn, áður en hann lagði af stað. Gagnáfrýjandi bar einnig, að veður hefði verið „ekkert slæmt á okkar mælikvarða á Vestfjörðum", er hann hóf vinnu að morgni slysdags. Kvaðst hann oft hafa unnið í miklu verra veðri, og hefði þetta verið „talið ágætasta veður til að moka". Gagnáfrýjandi sagðist ekki hafa orðið var við neitt sérstakt eða óvenjulegt, er hann var á leið sinni frá Hnífsdal til Ísafjarðar.

Þegar litið er til þessa og annars, sem fram er komið í málinu, þykir ekki í ljós leitt, að veðurhorfur eða aðrar aðstæður hafi gefið tilefni til þess að hætta við að moka eða gera aðrar ráðstafanir vegna snjóflóðahættu. Verður því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að slys gagnáfrýjanda verði ekki rakið til gáleysis starfsmanna Vegagerðar ríkisins.

Alkunna er, að víða hér á landi valda snjóflóð manntjóni, skemmdum á mannvirkjum og ýmsum öðrum skaða. Tjón af þessum völdum getur hlotist á mönnum eða munum á umferðarleiðum og einnig utan vega. Því er lýst í héraðsdómi, að snjóflóðahætta sé á Hnífsdalsvegi við vissar aðstæður. Dómstólar hafa hrundið kröfum um að fella skaðabótaskyldu án sakar á atvinnurekendur eða aðra vegna slysa, sem menn hafa orðið fyrir við vinnu á sjó eða landi af völdum náttúruafla. Ekki verður talið, að í þessu máli séu rök til að víkja frá þeirri dómaframkvæmd. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

III.

Með vísan til forsendna héraðsdóms er fallist á, að varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda, sem einungis verði rakin til slyssins, sé 20%.

Í kröfugerð sinni fyrir Hæstarétti tekur gagnáfrýjandi fram, að verði ekki fallist á þann grundvöll, sem hann reisir kröfur sínar á, þ. e. 30% varanlega örorku og vaxtafót, sem við er stuðst, geri hann þá kröfu, að bætur verði miðaðar við 20% örorku og tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar frá 20. desember 1995, sem gerir ráð fyrir 4,5% framtíðarávöxtun bóta. Samkvæmt því er höfuðstóll aðalkröfu 7.828.440 krónur og varakröfu 7.151.785 krónur. Endanlegar dómkröfur gagnáfrýjanda í héraði voru 6.542.271 króna auk

vaxta, og var þá gert ráð fyrir 35% frádrætti vegna eingreiðslu og skatthagræðis. Gagnstefndu hafa mótmælt hækkun krafna fyrir Hæstarétti. Með vísan til 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 45. gr., verður gagnáfrýjandi talinn bundinn við þá fjárhæð, sem krafist var í héraði.

IV.

Við úrlausn kröfugerðar gagnáfrýjanda verður miðað við örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 20. desember 1995, þar sem tjónið er reiknað á grundvelli 20% varanlegrar örorku og notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir eftir útreikningsdag. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi er þar áætlað svo:

1. Vegna tímabundinnar örorku	378.700 krónur.
2. Vegna varanlegrar örorku	6.666.500 krónur.
3. Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	400.000 krónur.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi fékk greiddar 211.675 krónur frá vinnuveitanda sínum eftir slysið. Krafa um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón er reist á útreikningi tryggingafræðingsins. Af hálfu gagnáfrýjanda hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn um það, hve lengi hann var frá vinnu vegna slyssins eða hvernig launagreiðslum til hans var háttað þann tíma. Hann hefur því ekki sýnt fram á, að fjártjón hans vegna tímabundins missis tekna hafi numið hærri fjárhæð en fyrrnefndri launagreiðslu. Verða honum því ekki dæmdar bætur fyrir tímabundna örorku.

Rétt þykir að taka kröfu gagnáfrýjanda um bætur fyrir varanlega örorku og vegna tapaðra lífeyrisréttinda til greina með 4.500.000 krónum, og hefur þá verið tekið tillit til frádráttar vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Draga ber frá 605.085 krónur, sem eru greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, og 676.655 krónur, sem eru greiðsla vátryggingarbóta samkvæmt kjarasamningi Vegagerðar ríkisins og Alþýðusambands Íslands. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 200.000 krónur. Samkvæmt framansögðu er bótaskylt tjón gagnáfrýjanda 3.418.260 krónur. Ber gagnstefnda að greiða honum þá fjárhæð með vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum er rétt, að gagnstefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 800.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Jakobs Þorsteinssonar.

Gagnstefndi Vátryggingafélag Íslands hf. greiði gagnáfrýjanda 3.418.260 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1990 til uppsögu þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Gagnstefndi greiði 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda í héraði og gagnáfrýjanda hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, samtals 800.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Slysatrygging vátryggingarfélags samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 á við, þegar ökumaður er að starfi við stjórn ökutækis og verður fyrir slysi, sem hlýst af notkun þess, sbr. 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 91. gr. laganna. Gagnáfrýjandi sat undir stýri í snjóruðningsbifreið Vegagerðar ríkisins við mokstur á Hnífsdalsvegi, þegar snjóflóð féll úr Eyrarhlíð og hreif bifreiðina með sér út af veginum á ferð hennar. Þótt telja verði ósannað, að hávaði og titringur frá bifreiðinni hafi sett flóðið af stað, verður sá möguleiki ekki útilokaður. Hann ræður hins vegar ekki úrslitum um það, hvort slysið verði tengt við notkun ökutækisins, heldur verður að líta til aðstæðna við

veginn og þess, sem almennt gerist um hættur á umferðarleiðum. Alkunna er, að snjóflóð eru algeng í Eyrarhlíð og hafa oft áhrif á umferð um Hnífsdalsveg, sem þó þarf að vera opinn að staðaldri. Samkvæmt opinberum gögnum var veður mjög óhagstætt á þessum slóðum og snjóflóðahætta virk, þegar gagnáfrýjandi gekk til starfa að morgni 27. janúar 1990. Hnífsdalsvegi hafði þó ekki verið lokað fyrir almennri umferð, heldur var það gert síðar sama dag og veginum þá haldið opnum fyrir neyðarumferð. Þegar þetta er virt ásamt öðru, er máli skiptir, verður snjóflóðið ekki talið svo óvæntur eða stórkostlegur atburður, að efni séu til að greina það frá öðrum hættum, sem orðið geta til truflunar við almenna umferð, án þess að tjón þeim tengt verði talið falla utan vátrygginga samkvæmt umferðarlögum. Að þessu athuguðu er ég því samþykkur, að dæma beri gagnstefnda til greiðslu slysatryggingarbóta.

Með vinnu gagnáfrýjanda á Hnífsdalsvegi var honum og ökutækinu stefnt í alvarlega hættu, sem var dæmigerð fyrir þennan þátt í starfi hans hjá Vegagerð ríkisins. Telja verður, að gagnáfrýjanda hafi ekki verið ætlandi að meta þessa hættu til hlítar og hafi verið við því búist samkvæmt starfsvenjum stofnunarinnar, að hann hæfist handa um mokstur þennan morgun, ef veður þætti fært til þess á annað borð. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms fellst ég á þá niðurstöðu dómenda í héraði, að Vegagerð ríkisins og ríkissjóður beri skaðabótaskyldu vegna tjóns gagnáfrýjanda.

Ég er sammála meiri hluta dómenda að öllu leyti um ákvörðun á bótum til gagnáfrýjanda og kostnaði af málinu, sbr. III. og IV. kafla í atkvæði þeirra. Tel ég málalok þannig eiga að vera þau, að gagnstefnda og aðaláfrýjendum verði gert hvorum um sig að inna þær greiðslur til gagnáfrýjanda, sem þar eru til teknar.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar

Lögfestingu skyldutryggingar ökumanns í 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 var ætlað að veita stjórnendum bifreiða og annarra vélknúinna ökutækja rétt, sem væri sambærilegur bótarétti farþega, sem slasast í ökutæki. Telja verður, að svið vátryggingarinnar sé takmarkað á sambærilegan hátt og ábyrgðartrygging samkvæmt 91. gr.

laganna, þar á meðal við bótakröfur vegna slyss, sem hlýst af notkun ökutækis, sbr. tvo dóma Hæstaréttar 1995 um túlkun á 92. gr., 23. mars í máli nr. 369/1992 og 15. júní í máli nr. 11/1993, þar sem vísað er til 1. mgr. 88. gr. laganna.

Í máli þessu er ágreiningslaust, að orsök slyssins er, að snjóflóð féll á bifreiðina og hún valt niður í fjöru. Ekkert er vitað, hvað kom snjóflóðinu af stað, og hafa engar líkur verið að því leiddar, að notkun bifreiðarinnar hafi átt þar nokkurn þátt. Snjóflóðið er því eina orsök slyssins. Gagnvart bifreiðinni er snjóflóðið sjálfstæður, tilviljunarkenndur og utanaðkomandi atburður, sem tengist ekki notkun bifreiðarinnar, akstri hennar eða nokkrum öðrum áhættuatriðum, sem dæmigerð eru fyrir ökutæki, enda réðu þau engu um atburðarásina. Ljóst er því, að slys það, sem mál þetta fjallar um, verður hvorki rakið til notkunar bifreiðar í merkingu 88. gr. umferðarlaga né talið af völdum bifreiðarinnar að öðru leyti. Ber því að fallast á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að slysið falli utan gildissviðs vátryggingar 92. gr. umferðarlaga og að sýkna beri gagnstefnda Vátryggingafélag Íslands hf. af kröfum gagnáfrýjanda.

Ég er samþykkur því, sem segir í II. kafla atkvæðis meiri hluta dómara.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1994.

1. 0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 6. apríl sl., hefur Jakob Þorsteinsson, kt. 060944-3109, Fitjateigi 6, Hnífsdal, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. og 12. mars 1992, á hendur samgönguráðherra fyrir hönd Vegagerðar ríkisins, kt. 680269-2899, Borgartúni 5 og 7, Reykjavík, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík, og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Þess er krafist, að samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Vátryggingafélags Íslands hf. verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 6.542.271 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 27. janúar 1990 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 27. janúar 1991.

2. Verði ekki orðið við dómkröfum samkvæmt fyrsta kröfulið, krefst

stefnandi til vara, að samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 5.865.616 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 27. janúar 1990 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 27. janúar 1991.

3. Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru eftirgreindar:

Aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og sér jafnframt tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til vara, að þeir verði sýknaðir að svo stöddu af kröfu stefnanda um „solidariska" ábyrgð með stefndu tryggingafélagi og sér dæmdur málskostnaður eins og í aðalkröfu.

Til þrautavara, að stefnufjárhæðir verði lækkaðar verulega og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Dómkröfur stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst félagið málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 6. apríl 1992, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2. 0. Málavextir.

Mál þetta er höfðað vegna slyss, er stefnandi varð fyrir laugardaginn 27. janúar 1990, er snjóruðningstæki, sem hann stjórnaði, varð fyrir snjóflóði á Hnífsdalsvegi nálægt Kvíabryggju, en snjóflóð þetta færði tækið ásamt stjórnanda þess niður í fjöru, líklega nálægt 20–30 metra vegalengd. Stefnandi vann þá sem bifreiðastjóri hjá Vegagerð ríkisins á Ísafirði. Stefnandi var 45 ára að aldri, þegar slysið varð. Var hann við vinnu sína að ryðja snjó af veginum milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Snjóruðningstæki þetta var bifreið með sérstökum útbúnaði til snjómoksturs. Stefnandi var búsettur í Hnífsdal, og hóf hann mokstur að morgni og hreinsaði veginn til Ísafjarðar. Er þangað var komið, sneri hann við og hélt aftur til Hnífsdals, en á þeirri leið varð áðurgreint slys. Afleiðingar slyssins urðu þær, að stefnanda var metin tímabundin og varanleg örorka, og synjaði Vátryggingafélag Íslands hf., sem hafði umrætt tæki í tryggingu, um bætur án undangengins dóms, en bifreiðin var skylduvátryggð hjá félaginu, þ. á m. slysatryggingu ökumanns.

Hnífsdalsvegur mun vera upplýst gata, þar sem 1000–1500 bifreiðar fara um á sólarhring, og mun Vegagerðin láta moka þar daglega, ef þörf krefur. Hnífsdalsvegur (Eyrarhlíð) liggur með sjó fram skammt ofan sjávarmáls, en landmegin er u. þ. b. 600–700 metra há fjallshlíð með urðum og klettum.

Stefnandi mun hafa ekið bifreið Vegagerðarinnar, I-4045, 10 hjóla dráttarbifreið af MAN-gerð, 20 tonn að þyngd, 360 ha. að vélarafli (dísil), sem var með þar til gerðri snjótönn framan á, sem bifreiðin ýtti á undan sér. Var tönnin fest í fjaðrahengsli bílsins á þar til gerða plötu, sem fest var framan á bílinn. Til að halda tönninni, sem var 1½ tonn að þyngd, frá yfirborði vegarins var notuð vökvadæla. Í notkun var tönninni slakað niður og hún látin hvíla á yfirborði vegarins.

Stefnandi segir, að mikill hávaði stafi af snjómokstri, sem unninn sé með slíkri tækni. Í fyrsta lagi heyrist mikið í vél tækisins. Í öðru lagi stafi mikill hávaði frá tönninni, þegar hún sé dregin yfir hið bundna slitlag vegarins, eins og t. d. þegar tönnin rekist í steinnibbur á yfirborði vegarins eða skelli á svelli, sem vaxið hafi á veginum, þá lyftist tönnin og skelli síðan niður af miklu afli, en við þetta myndist mikill hávaði og titringur, og sé þá eins og umhverfið nötri. Stefnandi kveðst hafa ekið tækinu norður Hnífsdalsveg og skafið veginn með tönninni, og hafi fyrirstaða verið misjafnlega mikil.

Stefnandi segir, að meðan á snjóflóðinu hafi staðið, hafi tækið oltið og stefnandi skollið til og frá í stjórnklefa tækisins, og hafi stefnandi fljótlega rotast. Stefnandi kveðst hafa rankað við sér inni í stjórnklefa tækisins, sem þá hafi verið hálffullur af snjó, og hafi hann einnig verið að mestu umluktinn sjó, þó hafi höfuð sitt staðið upp úr sjónum. Stefnandi kveðst þá hafa fyllst mikilli skelfingu og talið, að dagar sínir væru taldir. Hafi hann um leið öðlast mikinn kraft og getað rifið sig út úr stjórnhúsinu og vaðið í land, en þetta muni hann reyndar óljóst. Sér hafi verið hrikalega kalt. Síðan hafi hann klifrað upp á veginn og gengið í Hnífsdal um tveggja kílómetra leið á hálfri klukkustund og komist í frystihúsið þar, en þangað hafi komið læknir. Eftir skoðun hjá lækni í frystihúsinu, hafi læknirinn ákveðið að senda stefnands heim til vinafólks, þar sem eigið hús hans þótti vera í hættu vegna snjóflóða. Stefnandi telur, að ef hann hefði verið með öryggisbelti spennt um sig, hefði hann látið lífið í slysinu.

Stefnandi segir, að hann hafi ekki áttað sig á því strax, hverja áverka hann hafi hlotið, en fljótlega eftir að hann hafi komið heim, hafi hann fengið hálfgert taugaáfall. Þá hafi hann og fengið mikla verki víða um líkamann við minnstu hreyfingu.

Lögregla rannsakaði slysstað strax eftir slysið. Samkvæmt lögregluskýrslu var talið, að snjóflóðið hefði verið svokallað flekahlaup. Var tunga þess um

200 metrar á breidd og 1,5–2 metrar á hæð. Eftir upplýsingum frá flugvellinum á Ísafirði var veður ANA (60 gráður) 6–7 vindstig, þriggja stiga frost, snjókoma og skafrenningur og loftþrýstingur 100(?) mb. Samkvæmt snjóflóðatöflum 1988/1989 og 1989/1990 frá Veðurstofu Íslands er snjóflóðahætta virk í Eyrarhlíð af náttúrlegum orsökum, en ekki er kunnugt um önnur slys þar af völdum snjóflóða á fólki og farartækjum. Er og algengt, að snjóflóð falli af náttúrlegum orsökum við slíkar aðstæður, sem voru, er slysið varð. Til að mynda hafa fallið sex snjóflóð í Eyrarhlíð á tveimur dögum í janúar 1990, sbr. snjóflóðatöflu 1989/1990 frá Veðurstofu Íslands, þ. á m. snjóflóðið, sem féll á stefnanda.

Nokkrum mánuðum eftir slysið leitaði stefnandi til lækna í Reykjavík vegna höfuð- og bakmeiðsla auk andlegra óþæginda. Hann telur, að mestu óþægindi sín stafi af þeim innri óþægindum, sem hann hafi haft frá slysinu, en stefnandi segir, að óþægindi þessi hafi farið að hrjá sig tiltölulega stuttu eftir, að hann varð fyrir slysinu, sem séu þrálátur kvíði og spenna ásamt svefntruflunum og martröð. Stefnandi segir, að hann haldi nú þessum óþægindum niðri með lyfjum. Stefnandi tekur enn fremur fram, að enn í dag hafi hann verki, sem leiði frá hnakka, ásamt kuldatilfinningu á höfði. Þá séu mjóbaksóþægindi sér sífellt til ama.

Stefnandi kveðst hafa byrjað að vinna aftur 11. mars 1990 eftir slysið og þá byrjað mjög rólega og raunar mjög lítið hafa gert allt vorið og sumarið. Þegar kom fram á haustið og hann byrjaði aftur að vinna við snjómokstur, gafst hann upp eftir tvo mánuði, enda ráðlagt að hætta. Stefnandi kveðst þá hafa hætt vinnu hjá Vegagerðinni og flust til Reykjavíkur, en þar byrjaði hann að vinna hjá Guðmundi Jónassyni 7. mars 1991. Hann kveðst vera þar stöðvarstjóri við annan mann og aka fólksflutningabifreiðum lítils háttar, einkum á sumrin. Hann segir þetta vera miklu léttari og þægilegri vinnu en hann hafi áður haft og hann ráði vel við hana. Það sé líka talsverður munur á tekjum og segir þær vera u. þ. b. 35–40% lægri en áður. Hann kveðst vinna fullt starf, en óverulega aukavinnu.

– – –

Dómkröfur samkvæmt 1. dómkröfulið kr. 6.542.271.

Varakrafa stefnanda er samhljóða aðalkröfunni að öðru leyti en því, að frá henni dragast 676.655 kr., sem eru greiðsla tryggingabóta samkvæmt kjarasamningi Vegagerðar ríkisins og Alþýðusambands Íslands, en greiðsla þessi var innt af hendi 18. febrúar 1992 ásamt vöxtum frá slysdegi.

Stefnandi krefst dráttarvaxta á kröfu sína frá slysdegi til greiðsludags.

Um lagalegan grundvöll fyrir aðalkröfu sinni vísar stefnandi til 92. gr. umferðarlaga, eins og greinin verði skilin samkvæmt beinni lögskýringu og

orðanna hljóðan. Áréttað sé í þessu sambandi, að stefnandi hafi orðið fyrir slysinu sem launþegi í starfi sem atvinnubílstjóri. Stefnandi skírskoti í þessu samhengi til orðalags 92. gr. umferðarlaganna, en þar segi enn fremur, að eigandi vélknúins ökutækis skuli „auk slysatryggingar ökumanns skv. lögum um almannatryggingar" tryggja ökumann þess og að sú vátrygging gildi fyrir hvern þann ökumann, sem tækinu stjórni.

Stefnandi telji, að þetta orðalag sýni, að ætlun og vilji löggjafans hafi verið, að trygging samkvæmt 92. gr. umferðarlaga væri viðtækari á allan hátt en slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum, sbr. 27. gr. laga 67/1971, sbr. a- og b-lið 29. gr. og 5. mgr. 36. gr. sömu laga. A. m. k. hafi það verið vilji löggjafans, að ökumenn hefðu samkvæmt 92. gr. umferðarlaga sama efnislega rétt og ákvæði laga nr. 67/1971 tryggi þeim. 92. gr. umferðarlaga kæmi því til viðbótar slysatryggingu ökumanns samkvæmt lögum nr. 67/1971 og veiti ökumanni auknar fjárhagslegar bætur til viðbótar ákvæðum laga nr. 67/1971. Stefnandi líti svo á, að 92. gr. umferðarlaga verði að skilja svo, að vátrygging samkvæmt henni taki til allra slysa, sem bæta skuli eftir reglum almannatryggingalaga um slysatryggingu stjórnenda ökutækja, og sé einnig viðtækari.

Greinin segir, að vátrygging skuli tryggja bætur „vegna slyss, sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn". Vátryggingabætur greiðist, þótt tjónþoli eigi ekki bótarétt eftir skaðabótareglum. Stefnandi skírskoti til þess, að hann hafi orðið fyrir slysi við starf sitt, og reisi því kröfu sína á, að samkvæmt 92. gr. umferðarlaga beri stefnda að bæta sér tjón það, sem hann hafi hlotið í umræddu slysi.

Stefnandi haldi því einnig fram, að 1. gr. vátryggingarskilmála Vátryggingafélags Íslands hf. geti ekki þrengt gildissvið 92. gr. umferðarlaga, og vísi í því sambandi til þeirrar grundvallarreglu laga nr. 20/1954, að eigi sé heimilt að semja um frávik frá lögum nr. 20/1954, sem séu hinum vátryggða í óhag.

– – –

6. 0. Forsendur og niðurstaða.

Telja verður, að ósannað sé í máli þessu, að slys stefnanda hafi stafað af því, að hávaði og titringur frá snjóruðningsbifreiðinni I-4045 hafi sett snjóflóðið af stað, svo sem stefnandi heldur fram. Samkvæmt áliti Veðurstofu Íslands bendir ekkert til annars en snjóflóðið hafi farið af stað af náttúrlegum orsökum, veðri og vindum, og eigi því umferð I-4045 engan þátt í því. Er sérstaklega á það bent í áliti Veðurstofunnar, að truflana af akstri snjóruðningstækis við sjávarmál gæti hverfandi lítið miðað við þær náttúrlegu

truflanir, sem verði á upptakasvæði snjóflóðsins sjálfs, þ. e. ofankomu, vinds o. s. frv. Eins og fram kom við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi, er í áliti Veðurstofu Íslands einnig stuðst við skoðanir viðurkenndra erlendra sérfræðinga og niðurstöður erlendra rannsókna um þetta efni.

Dómurinn fellst á álit Veðurstofu Íslands og telur hverfandi líkur á, að hávaði eða titringur frá snjóruðningsökutæki hafi getað komið snjóflóðinu af stað. Um hljóð frá snjóruðningsökutækinu er það að segja, að fjarlægð þess frá upptakasvæði flóðs er um 800 til 1000 metrar. Er þá tekið mið af áætluðum hraða ökutækisins og áætluðum tíma, sem það tekur flóðið að falla niður á veg. Stefnandi ók á móti vindi, sem dómurinn áætlar, að hafi verið um 7 til 9 vindstig á norðan til norðaustan miðað við fram lögð dómskjöl með veðurmælingum í Æðey og á flugvellinum á Ísafirði. Er þá einnig höfð hliðsjón af legu Eyrarhlíðar og vindátt. Miðað við þessar forsendur telur dómurinn, að lofttitrings frá snjóruðningsökutækinu gæti hverfandi lítið á upptakasvæði snjóflóðsins í samanburði við titring frá vindi og ofankomu. Þá telur dómurinn einnig hverfandi líkur á, að titrings jarðlaga vegna snjóruðningsökutækisins gæti að neinu marki á upptakasvæðinu. Er þá höfð hliðsjón af því, að Hnífsdalsvegur er með uppbyggðri vegfyllingu, þar sem titringur deyfist meira en ella, auk fjarlægðarinnar til upptakasvæðisins. Samkvæmt þessari niðurstöðu telur dómurinn, að ekki verði á því byggt í þessu máli, að snjóruðningsbifreiðin hafi komið umræddu snjóflóði af stað.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. er krafa um bætur úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns hjá félaginu samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður 92. gr. ekki skilin svo, að vátrygging samkvæmt henni taki til allra slysa, sem bæta skal eftir reglum almannatryggingalaga nr. 67/1971 um slysatryggingu stjórnenda ökutækja, sbr. 27. gr., 29. gr. a og b og 5. mgr. 36. gr. Þótt í ákvæðum 92. gr. sé haldið orðalagi eldri umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem ræðir um slysatryggingu ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar, vísar 92. gr. ekki, gagnstætt því, sem gert var í 71. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, til reglna um Tryggingastofnun ríkisins. Mun tilgangurinn með skyldutryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. hafa verið að veita ökumönnum svipaða bótavernd og farþegum í ökutæki. Gildissvið vátryggingar samkvæmt 92. gr. og slysatryggingar laga um almannatryggingar fara því ekki saman að þessu leyti.

Um rétt stefnanda til bóta úr hendi stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. fer eftir 92. gr. umferðarlaga, lögum um vátryggingarsamninga og skilmálum félagsins um slysatryggingu ökumanns, sbr. lokamálsgrein 6. gr. reglu-

gerðar nr. 307/1988. Eru skilmálarnir samþykktir af dómsmálaráðherra og tryggingaeftirlitinu, sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga og 40. gr. laga nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi, en dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskylduna, sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga. Verður þannig að telja, að viðurkennt sé af hálfu stjórnvalda, að skilmálarnir séu í samræmi við 92. gr. umferðarlaga og gildissvið slysatryggingarinnar hið sama og gildissvið 92. gr. umferðarlaga. Hefur ekkert verið fært fram í máli þessu, er leiði til annarrar niðurstöðu. Í vátryggingarskilmálum segir svo orðrétt: „Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis . . .“ Samkvæmt almennri málnotkun og orðskýringu teljast aðeins þau slys til umferðarslysa, sem verða af völdum umferðar. Utan gildissviðs vátryggingar samkvæmt 92. gr. umferðarlaga sem og skilmála slysatryggingar ökumanns falla því atvik, sem ekki verða með neinu móti talin umferðarslys við stjórn ökutækis, svo sem slys við stjórn ökutækis af utanaðkomandi orsökum eins og náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum. Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á, að samband væri á milli notkunar snjóruðningsbifreiðarinnar annars vegar og slyssins hins vegar. Bifreiðin átti engan þátt í hinni tilviljunarkenndu atburðarás. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að um umferðarslys hafi verið að ræða.

Hlutlæg ábyrgð eiganda ökutækis gagnvart ökumanni sem tjónþola kemur aðeins til álita, að um sé að ræða galla eða bilun í ökutækinu. Ekki hefur því verið haldið fram af stefnanda í þessu máli, að um slíkt væri að ræða, og kemur því ábyrgð af þeim sökum ekki til greina. Þar sem kröfum á grundvelli almennra skaðabótareglna, reglna um aukna húsbóndaábyrgð og reglna um ólögfesta hlutlæga ábyrgð vegna hættulegrar starfsemi snúa eingöngu að Vegagerð ríkisins og ríkissjóði, eru þær stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. óviðkomandi. Fallist er á þá málsástæðu stefnda Vátryggingafélags Íslands hf., að ekki sé að finna lagaákvæði, er geti gert stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. meðábyrgan fyrir kröfum reistum á slíkum grundvelli, og ber því að alsýkna Vátryggingafélag Íslands hf. af kröfum stefnanda um bætur „in solidum“.

Þegar af þeim ástæðum, sem að framan eru raktar, ber að sýkna stefnanda Vátryggingafélag Íslands hf. af kröfum stefnanda.

Svo sem áður er rakið, þykir ósannað í máli þessu, að slys stefnanda hafi orðið af því, að hávaði og titringur frá snjóruðningsbifreiðinni I-4045 hafi sett snjóflóðið af stað, svo sem stefnandi haldi fram, enda hverfandi líkur til þess. Jafnframt er bent á í áliti Veðurstofu Íslands, að við þær aðstæður sem ríkt hafi, er slysið hafi orðið, sé algengt, að snjóflóð falli. Hafi átta snjóflóð

fallið í Eyrarhlíð á tveimur dögum í febrúar 1989, níu flóð í desember 1989 og sex flóð á tveimur dögum í janúar 1990, þ. á m. flóðið, sem hafi fallið á stefnanda, sbr. snjóflóðatöflur 1988/1989 og 1989/1990 frá Veðurstofu Íslands. Í snjóflóðahættumati, sem lagt hefur verið fram í málinu og unnið var fyrir Almannavarnir ríkisins og staðfest í október 1992, kemur fram, að slysstaðurinn er á snjóflóðahættusvæði. Þá kemur fram í öðrum gögnum málsins og var staðfest við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi af snjóflóðaeftirlitsmanni Ísafjarðarkaupstaðar og tveimur starfsmönnum Vegagerðar ríkisins, að veruleg snjóflóðahætta er á þessum vegi við vissar aðstæður.

Dómurinn telur, að Vegagerð ríkisins hafi ekki fylgt eigin viðmiðunarreglum um verklag til hins ýtrasta, t. d. um samráð starfsmanna, áður en hafist var handa um snjóruðning umræddan dag. Enn fremur má fullyrða, að gera hefði mátt frekari ráðstafanir í því skyni að reyna að sjá fyrir um snjóflóðahættuna við Ísafjarðardjúp á þessum tíma. Er það álit dómsins, að endurbæta mætti starfsaðferðir við mat Vegagerðarinnar á yfirvofandi snjóflóðahættu á þessu svæði, t. d. með því að hafa við aðstæður sem þessar stöðuga vakt í stjórnstöð, meðan á snjóruðningi stendur. Þótt starfsmenn Vegagerðarinnar hefðu gert betur í þessu efni, hefði sjálfur snjóflóðsatburðurinn samt sem áður vart orðið umflúinn. Þegar meta skal, hvort Vegagerðin hefði algerlega átt að halda að sér höndum og láta snjóruðning falla niður á þessu svæði umræddan dag, verður að líta til þess, að jafnframt var það mikið öryggisatriði fyrir íbúa Hnífsdals, að veginum til Ísafjarðarkaupstaðar yrði haldið opnum, en sjúkraþjónusta, flugvöllur og lögregla er í kaupstaðnum. Dómurinn telur því, að starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafi eftir atvikum ekki sýnt af sér ámælisvert gáleysi eða vanrækslu í þessu sambandi, og verði því ekki lögð sök á Vegagerð ríkisins í þessu máli.

Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi sýnt sérstaka eða óþarfa ógætni við vinnu sína. Um ákvörðun hans að snúa til baka til Hnífsdals gilda sömu sjónarmið og þegar voru rakin, þ. e., að ákvörðun hans var í samræmi við þær verklagsreglur, sem viðhafðar höfðu verið, og verður ekki séð, að tjónsatburðurinn hefði orðið umflúinn, þótt aðgæsla stefnanda hefði verið ríkari. Dómurinn telur því, að stefnandi hafi ekki sýnt af sér ámælisverða háttsemi.

Á hinn bóginn telur dómurinn rétt að líta til þess, hversu almennt hættulegt það verkefni var, sem stefnandi fékkst við. Ekki er unnt að fullyrða, að starfið hafi almennt verið hættulegt vegna snjóflóða, en við sérstakar aðstæður á vissum tímum var um þá hættu að ræða. Ekki leikur vafi á, að umræddan dag var snjóflóðahætta á slysstað, enda mun snjóflóðahætta hafa verið á svæðinu þennan dag. Jafnvel þótt fyllsta öryggis hafi verið gætt,

hlaut því alltaf nokkur áhætta að vera því samfara að vinna starf það, er stefnanda var falið. Verður því að telja, að starf stefnanda við snjóruðning á Hnífsdalsvegi (Eyrarhlíð) hafi verið nokkuð áhættusamt. Starfsemi þessa verður að telja frekar óvenjulega og hættuna henni samfara nokkuð sérstaka.

Þegar litið er til þessa svo og þess, að Vegagerð ríkisins er nokkuð vel í stakk búin til að bera bótaábyrgð í tilvikum sem þessu, þ. e. annaðhvort með kaupum á ábyrgðartryggingu eða með því að líta á tjónskostnaðinn sem hluta rekstrarkostnaðar við snjómokstur, er það niðurstaða dómsins, að bótaábyrgð vegna slyss stefnanda eigi að ráðast af grundvallarreglum skaðabótaréttarins um hlutlæga ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegrar starfsemi. Með tilvísun til þess ber þegar af þessum ástæðum að fallast á kröfu stefnanda um bótaábyrgð Vegagerðar ríkisins.

Í fram lögðu örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 8. janúar 1992, kemst hann að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka stefnanda sé 30%. Í álitsgerð Atla Þórs Ólasonar læknis, dags. 2. desember 1992, segir svo m. a. orðrétt: „Ýtarleg könnun á fyrri heilsufarssögu leiddi í ljós einkenni frá höfði, hálsi, brjóstbaki, mjóbaki og mjaðmargrind í a. m. k. 13 ár fyrir slysið, sem krafðist endurtekinna röntgenmynda og meðhöndlunar með lyfjum, heitum bökstrum og sjúkraþjálfun. Færð eru rök fyrir því, að hér sé um forskaða að ræða, sem hefði getað verið metinn til 5–20% varanlegrar örorku. Mælt er með að áætla þennan forskaða og meta hann til 10% varanlegrar örorku.“ Síðar í sömu álitsgerð svarar Atli þeirri spurningu, hver örorka stefnanda sé, þegar litið sé til þeirra kosta, sem hann eigi til að afla sér tekna við vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hann starfi við. Er svarið orðrétt á þessa lund: „Þar sem undirritaður hefur ekki skoðað slasaða, er ekki unnt að svara þessari spurningu tæmandi. Hins vegar má nálgast svarið með því að líta svo á, að niðurstaða örorkumats Björns Önundarsonar, þ. e. 30% varanleg örorka, geti verið rétt miðað við þær forsendur, sem þá lágu fyrir. Hins vegar beri að lækka það mat um 10% varanlega örorku sem nemi þeim forskaða, sem sýnt hefur verið fram á og stafaði af óþægindum frá stoðkerfi allt frá höfði niður í mjaðmargrind. Varanleg örorka gæti því verið 20%.“

Í álitsgerð Torfa Magnússonar, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, dags. 25. mars 1993, segir svo orðrétt m. a.: „Niðurstaða undirritaðs er því, að sú niðurstaða Atla og Björns, að Jakob hafi haft 30% varanlega örorku, er hann var metinn í janúar 1992, standist og jafnframt standist sú niðurstaða Atla, að 10% af þeirri örorku megi rekja til fyrri sjúkdóma.“ Í álitsgerð Brynjólfs Mogensen, sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, dags. 2. apríl

1993, segist hann telja áðurgreinda álitsgerð Atla Þórs Ólasonar vel gerða og vera samþykkur niðurstöðum um varanlegan 10% forskaða.

Réttarmáladeild Læknaráðs hefur á fundi 19. maí 1993 ályktað, að varanleg örorka stefnanda sé réttilega metin að minnsta kosti 30%. Læknaráð taldi varanlega örorku stefnanda af völdum stoðkerfisvandamála eða annarra sjúkdóma óháð slysi hans í snjóflóðinu enga vera, en tímabundna og varanlega örorku hans, sem eingöngu verði rakin til slyssins, að minnsta kosti 30%. Þessi niðurstaða Læknaráðs er órökstudd.

Í matsgerð læknanna Ísaks G. Hallgrímssonar og Magnúsar Ólasonar, dags. 17. janúar 1994, eru öll fyrrgreind gögn tekin til athugunar, eftir að lögmenn málsaðila höfðu komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Matsmönnum gafst kostur á að ræða við stefnanda og framkvæma á honum læknisskoðun. Verður að telja, að varanleg örorka stefnanda liggi skýrar fyrir, er matsgerð þessi er framkvæmd, þar sem þá eru liðin tæp fjögur ár, frá því er slysið varð.

Þegar framangreint er virt, þykir niðurstaða læknanna í greindri matsgerð trúverðugust, enda hefur henni ekki verið hnekkt. Þykir því rétt að leggja hana til grundvallar í máli þessu, en matsmenn telja tímabundna læknisfræðilega örorku stefnanda eftir slysið vera 100% í sex vikur og varanlega læknisfræðilega örorku hans, sem einvörðungu sé rakin til slyssins, vera 20%.

Lagður hefur verið fram í málinu útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 21. janúar 1994, sem reistur er á þessari niðurstöðu matsmannanna. Höfuðstólsverðmæti í vinnutekjutapi reiknast honum á slysdegi 193.200 kr. vegna 100% tímabundinnar örorku í sex vikur og 5.063.000 kr. vegna 20% varanlegrar örorku. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætlar hann 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku, 303.800 kr.

Í sundurliðun kröfugerðar, sem lögð var fram í málinu 27. september 1993, er gert ráð fyrir 35% frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Rétt þykir í samræmi við framangreinda niðurstöðu tryggingastærðfræðingsins að taka kröfu stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku og vegna tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins til greina með 3.500.000 kr. Þá ber að taka kröfulið vegna tímabundinnar örorku til greina að fullu, 193.200 kr. Miskabótakrafa stefnanda þykir hæfilega ákveðin 200.000 kr. Þannig nemur bótafjárhæð samtals 3.893.200 krónum. Í samræmi við sundurliðun stefnanda dragast eftirgreindar greiðslur frá: 211.675 kr., sem eru greiðsla frá atvinnurekanda, 605.085 kr., sem eru greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, og 676.655 kr., sem eru greiðsla tryggingabóta til stefnanda

samkvæmt kjarasamningi Vegagerðar ríkisins og Alþýðusambands Íslands, samtals 1.493.415 kr. Samkvæmt því og í samræmi við aðild málsins ber stefndu, samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að greiða stefnanda samtals 2.399.785 kr.

Í samræmi við örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings skal fjárhæðin bera 10,72% heildarvexti frá slysdegi til útreikningsdags, 21. janúar 1994, svo sem nánar greinir í dómsorði, og 6% vexti frá þeim degi til 1. maí 1994 og síðan dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 15. gr. vaxtalaga. Vextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1995, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði 600.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, er renni í ríkissjóð, en svo sem fyrr greinir, hefur stefnandi gjafsókn í málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður og málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, samtals 600.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Ekki þykja rök til, að stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. greiði stefnanda málskostnað. Jafnframt þykir rétt, að félagið beri sjálft sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Árna Jónssyni verkfræðingi og Flosa Sigurðssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði stefnanda, Jakobi Þorsteinssyni, 2.399.785 kr. með 7% ársvöxtum frá 27. janúar 1990 til 1. mars 1990, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1990, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1990, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1991, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1991, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1991, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1991, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1991, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1992, 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars 1992, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1992, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1994 og 6% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. maí 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 1. maí 1995.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndu samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði samtals 600.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður og málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, samtals 600.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 17/1996. **Agnes Jónsdóttir og**
Eyrún Jónsdóttir
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Jóni V. Guðmundssyni
Guðmundu H. H. Guðmundsdóttur
Sigrúnu R. Guðmundsdóttur
Sólrúnu Guðmundsdóttur
Valgerði G. Guðmundsdóttur
Lilju Vilhjálmsdóttur
Arnfríði Vilhjálmsdóttur
Bjarna Bergssyni
Guðbergi Bergssyni
Vilhjálmi Bergssyni
Hinrik Bergssyni
Erlu Jónsdóttur
Kristjáni I. Einarssyni
Hildi Einarsdóttur og
Ásdísi Einarsdóttur
(Garðar Garðarsson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Arfleiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 18. desember 1995, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að metin yrði gild ætluð munnleg arfleiðsla Herthu W. Guðmundsson frá 17. nóvember 1994, eins og hún birtist í óundirrituðu uppkasti að erfðaskrá, dagsettri 22. sama mánaðar. Var dæmt, að við skipti á dánarbúi Herthu skyldi helmingur eigna koma í hlut varnaraðila. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að fyrrgreind arfleiðsla

verði metin gild og lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson. Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að arfleiðslan verði metin gild og lögð til grundvallar við skipti á dánarbúinu að öðru leyti en um þriðjungshluta í lögbýlinu Ísólfsskála, sem falli þá í hlut lögerfingja Herthu og látins eiginmanns hennar, Ísólfs Guðmundssonar. Í báðum tilvikum krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir héraðsdómi stóðu að sókn málsins við hlið sóknaraðilanna fyrir Hæstarétti þau Elfriede Schoch, Fritz Wegwitz, Elisabeth Ulijan, Hildegard Ide og Karítas Una Daníelsdóttir auk Ríkisspítalanna vegna Vífilsstaðaspítala, en öll höfðu þau verið tilnefnd til arfs í fyrrnefndu uppkasti Herthu W. Guðmundsson að erfðaskrá. Þessir aðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að munnleg arfleiðsla hafi ekki farið fram á fundi Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar með Herthu W. Guðmundsson 17. nóvember 1994, heldur hafi þar aðeins verið undirbúin gerð skriflegrar erfðaskrár. Þegar af þessari ástæðu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Agnes Jónsdóttir og Eyrún Jónsdóttir, greiði sameiginlega varnaraðilum, Jóni V. Guðmundssyni, Guðmundu H. H. Guðmundsdóttur, Sigrúnu R. Guðmundsdóttur, Sólrúnu Guðmundsdóttur, Valgerði G. Guðmundsdóttur, Lilju Vilhjálmsdóttur, Arnfríði Vilhjálmsdóttur, Bjarna Bergssyni, Guðbergi Bergssyni, Vilhjálmi Bergssyni, Hinrik Bergssyni, Erlu Jónsdóttur, Kristjáni I. Einarssyni, Hildi Einarsdóttur og Ásdísi Einarsdóttur, samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. desember 1995.

Með bréfi til Héraðsdóms Reykjaness, dagsettu 22. september 1995, beiddist Helgi Jóhannesson hdl., skiptastjóri, þess, að dómurinn leysti úr ágreiningi um skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson, kt. 270823-3789, síðast til heimilis að Ísólfsskála, Grindavík. Hertha lést 22. nóvember 1994. Hún var ekkja eftir Ísólf Guðmundsson, kt. 121022-7619, sem lést 3. júlí 1994. Þau voru barnlaus. Var Hertha einkaerfingi eiginmanns síns. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 18. ágúst 1995 var dánarbú Herthu tekið til opinberra skipta.

Í nefndu bréfi skiptastjóra segir m.a.: „Á skiptafundi í búinu, sem haldinn var 31. ágúst sl., gerðu lögmennirnir Ásbjörn Jónsson hdl. og Vilhjálmur Þórhallsson hrl. þá kröfu, að búinu yrði skipt á grundvelli óundirritaðs uppkasts að erfðaskrá, sem hin látna lét eftir sig. Fulltrúi systkina og systkinabarna Ísólfs heitins Guðmundssonar, Jóhannes K. Sveinsson hdl., mótmælti kröfu þessari f. h. umbj. sinna.

Með vísan til 3. mgr. 53. gr. laga nr. 20/1991 tilkynnti undirritaður aðilum málsins, að hann teldi það ekki standast að leggja erfðaskráruppkastið til grundvallar við skiptin, þar sem um er að ræða óundirritaða erfðaskrá, sem ekki fullnægir formskilyrðum erfðalaga nr. 8/1962. Þá telur undirritaður, að ákvæði 44. gr. erfðalaga geti átt við í máli þessu. Ekki hefur tekist að ná sáttum með aðilum í máli þessu, og er því ljóst, að héraðsdómur þarf að leysa úr ágreiningnum um gildi erfðaskráruppkastsins."

Mál þetta var þingfest 25. október 1995. Það var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 1. desember sl.

Sóknaraðilar málsins eru: Agnes Jónsdóttir, kt. 260645-3909, Hvassahrauni 8, Grindavík, Eyrún Jónsdóttir, kt. 240748-3559, Austurvegi 20, Grindavík, Elfriede Schoch, Bingerstrasse 6, Mainz, Þýskalandi, Fritz Wegwitz, Eiderbrook 112, Kiel, Þýskalandi, Elisabeth Ulijan, Bresegard, Hagenow, Mecklenburg, Þýskalandi, Hildegard Ide, Breitscheiderstrasse 20, 19306, Neustadt-Glewe, Þýskalandi, Karítas Una Daníelsdóttir, kt. 130767-5679, Ránargötu 5, Grindavík, Ríkisspítalar vegna Vífilsstaðaspítala, Garðabæ.

Sóknaraðilar eru allir nefndir til arfs í fyrrnefndu erfðaskráruppkasti. Auk þeirra skyldi Grindavíkurkirkja taka arfshlut, en hún lét málið ekki til sín taka, hvorki hjá skiptastjóra né fyrir dómi. Þá var og Hinrik Bergsson nefndur til arfs, en hann er meðal varnaraðilja málsins, sjá síðar.

Varnaraðilar eru eftirlifandi systkin Ísólfs Guðmundssonar, maka Herthu, og afkomendur þeirra systkina hans, sem látin eru, svo sem hér segir: Jón V. Guðmundsson, kt. 040621-3779, Skólabraut 4, Grindavík,

Guðmunda H. H. Guðmundsdóttir, kt. 120718-4449, Sólvallagötu 11, Keflavík, Eyrún R. Guðmundsdóttir, kt. 090516-4939, Skólabraut 6, Grindavík, Sólrún Guðmundsdóttir, kt. 091213-7299, Ránargötu 2, Grindavík, Valgerður G. Guðmundsdóttir, kt. 060512-4189, Lundi, Grindavík, Lilja Vilhjálmsdóttir, kt. 161209-4659, Garði, Arnfríður Vilhjálmsdóttir, kt. 120806-3789, Hólmgarði 56, Reykjavík.

Synir Jóhönnu G. Vilhjálmsdóttur, látinnar systur Ísólfs Guðmundssonar: Bjarni Bergsson, kt. 020730-3589, Álfheimum 66, Reykjavík, Guðbergur Bergsson, kt. 161032-4929, Vífilsgötu 6, Reykjavík, Vilhjálmur Bergsson, kt. 021037-2819, búsettur í Þýskalandi, Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, Austurvegi 4, Grindavík.

Dóttir Jóns H. Vilhjálmssonar, látins bróður Ísólfs Guðmundssonar: Erla Jónsdóttir, kt. 111028-4199, Suðurvangi 6, Hafnarfirði.

Börn Einars, látins sonar Jóns H. Vilhjálmssonar: Kristján Einarsson, kt. 151052-4449, Aflagranda 4, Reykjavík, Hildur Einarsdóttir, kt. 081056-2509, Frostaskjóli 33, Reykjavík, Ásdís Einarsdóttir, kt. 011060-2939, búsett í Noregi.

Svo sem fyrr segir, er Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, arftaki samkvæmt erfðaskráruppkastinu, en hann kaus að vera varnar megin í máli þessu sem lögerfingi Herthu og Ísólfs.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru sem hér segir: aðallega, að við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson, verði munnleg erfðaskrá, er hún gerði 17. nóvember 1994, dæmd gild og við skipti dánarbúsins verði efni erfðaskrárinnar, sem fram kemur í óundirrituðu uppkasti að erfðaskrá, lagt til grundvallar.

Til vara er þess krafist, að erfðaskráin verði lögð til grundvallar að undanskildum 1/3 hluta lögbýlisins Ísólfsskála, sem fellur í hlut lögerfingja Herthu W. Guðmundsson og Ísólfs Guðmundssonar. Þá er þess krafist, að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða sóknaraðilum málskostnað að skaðlausu. Málskostnaðarreikningar vegna Agnesar og Eyrúnar Jónsdætra annars vegar og systkina Herthu W. Guðmundsson og Karítasar Unu Danielsdóttur hins vegar voru lagðir fram við aðalmeðferð málsins.

Varnaraðilar krefjast þess, að við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson komi helmingur eigna búsins í hlut varnaraðila. Þá er þess krafist, að sóknaraðilum verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins. Málskostnaðarreikningur hefur ekki verið lagður fram.

Nánar um málavexti.

Hertha W. Guðmundsson gekk frá einkaskiptum á dánarbúi eiginmanns síns, Ísólfs Guðmundssonar, í september 1994, segir í greinargerð sóknaraðilanna Agnesar og Eyrúnar. Hertha hafði skv. fram lögðu læknisvottorði greinst með alvarlegan lungnasjúkdóm seint á árinu 1988. Sá sjúkdómur fór versnandi, og 25. október 1994 var hún lögð inn á Vífilsstaðaspítala vegna hans.

Að boði Herthu fóru Ásgeir Jónsson héraðsdómslögmaður og Halldór Halldórsson bókari til fundar við hana á spítalanum fimmtudaginn 17. nóvember 1994. Í greinargerðum sóknaraðila er þess getið, að ætlunin hafi verið, að þeir kæmu til hennar 10. nóvember, en fundinum hafi þá verið frestað vegna veikinda hennar. Styðst þetta við fram lagt minnisblað þeirra Ásgeirs og Halldórs, sem dagsett er 24. nóvember 1994. Á því minnisblaði kemur fram, að á ríflega klukkustundarlöngum fundi 17. nóvember hafi verið farið yfir gerð erfðaskrár. Ásgeir skráði hjá sér minnispunkta, sem fram hafa verið lagðir í málinu. „Hertha var mjög hress á ofangreindum fundi," segir á minnisblaðinu, „og var ekki að sjá, að þar færi kona, sem væri líkleg til að látast eftir svo skamman tíma sem raun ber vitni." Áður en fundinum lauk, var talað um, að þeir Ásgeir og Halldór kæmu ásamt lögbókanda aftur til Herthu fimmtudaginn 24. nóvember með erfðaskrána til undirritunar og vottunar. Þriðjudaginn 22. nóvember bárust þeim Halldóri og Ásgeiri boð frá spítalanum. Hjúkrunarkona „tjáði Halldóri, að Hertha væri lögst í rúmið, hún væri með fullri meðvitund og fær um að skrifa undir erfðaskrá. Hins vegar gæti svo farið, að Hertha lifði ekki af nk. nótt, ef ástand hennar batnaði ekki". Svo segir á minnisblaðinu. Þeir Ásgeir og Halldór komu á Vífilsstaðaspítala kl. 18.20 þennan dag ásamt lögbókanda, fulltrúa sýslumannsins í Hafnarfirði. Þeir fengu þá að vita, að Hertha væri að skilja við.

Fram hefur verið lagt endurrit úr notarialbók með þessari bókun:

„Ár 1994, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 18.20, var undirritaður notarius publicus staddur að Vífilsstaðaspítala ásamt Ásgeiri Jónssyni hdl. og Halldóri Halldórssyni, kt. 250764-4059. Ætlunin var að staðfesta erfðaskrá Herthu B. [svo] Guðmundsson, kt. 270823-3789, er dvaldist á Vífilsstaðaspítala. Þegar undirritaðir komu á staðinn, var Hertha hins vegar nýlátin. Undirritaður notarius publicus var beðinn að koma á staðinn af Ásgeiri Jónssyni. Ásgeir lagði fram óundirritaða erfðaskrá, er hann kvaðst nýbúinn að gera samkvæmt fyrirmælum hinnar látnu 17. nóvember sl."

Bókun þessa staðfestu Ásgeir Jónsson og Halldór Halldórsson með nafnritun sinni, en bókunina undirritaði síðan Sigurður Brynjar Halldórsson, fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði.

Erfðaskráruppkastið þykir dómara rétt að taka hér upp í heilu líki:

„Ég undirrituð, Hertha B. [svo] Guðmundsson, kt. 270823-3789, með lögheimili að Ísólfsskála, Grindavík, dvalarstað að Austurvegi 18, Grindavík, en dvelst nú að Vífilsstaðaspítala í Garðabæ og á enga niðja, geri hér með svohljóðandi:

ERFÐASKRÁ:

1. grein.

Eftir andlát mitt skulu þau Agnes Jónsdóttir, kt. 260645-3909, Hvassahrauni 8, Grindavík, Eirún [svo] Jónsdóttir, kt. 240748-3559, Austurvegi 20, Grindavík, og Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, Austurvegi 4, Grindavík, erfa í óskiptri sameign í jöfnum eignarhlutum lögbýlið Ísólfsskála í Grindavík ásamt mannvirkjum, hlunnindum og öllu, sem jörðinni fylgir og fylgja ber, að undanskildum sauðfjárkvóta (framleiðsluréttur), sem tilheyrir jörðinni.

2. grein.

Þeir erfingjar, sem tilgreindir eru í 1. gr., skulu erfa að jöfnu allt innbú mitt.

3. grein.

Lausafé, landbúnaðarvélar, sauðfjárkvóti og annað, sem ekki telst vera innbú, sbr. 2. gr., skal selt að undanskilinni Skoda Favorit-bifreið, árgerð 1994, fnr. RA-703. Andvirði þessara eigna, framangreind bifreið og aðrar peningalegar eignir mínar skulu skiptast þannig:

Karítas Una Daníelsdóttir, kt. 130767-5679, Ránargötu 5, Grindavík, skal erfa framangreinda Skoda Favorit-bifreið og 300.000 kr. í peningum.

Grindavíkurkirkja skal erfa 100.000 kr. í peningum.

Aðrar peningalegar eignir, sem eftir kunna að standa, skiptast þannig:

Vífilsstaðaspítali skal erfa 25% af þeim peningum, sem eftir kunna að standa.

Systkini mín, sem verða lifandi að mér látinni, skulu erfa að jöfnu það, sem eftir stendur af peningalegum eignum (75%), en núlifandi systkini mín eru þessi:

Elfriede Schoch, til heimilis að Bingerstr. 6, Mainz I, Þýskalandi, Fritz Wegwitz, til heimilis að Eiderbrook 112, Kiel I, Þýskalandi, Elísabet Ulijan, til heimilis að Bresegard, Hagenow, Mecklenburg, Þýskalandi, og Hildegard Ide, til heimilis að Breitscheidstr. 20, 19306, Neustadt-Glewe, Þýskalandi.

4. grein.

Af peningalegum eignum skal halda eftir nægjanlegu fé til að standa straum af kostnaði við útför mína og til þess að ganga frá legsteini á leiði mitt og eiginmanns míns, Ísólfs Guðmundssonar, sem lést 3. júlí 1994.

Þá skal haldið eftir nægjanlegu fé til að greiða kostnað vegna skipta á búi mínu, sbr. 5. gr., og til þess að greiða skuldir, sem mér kunna að vera viðkomandi.

5. grein.

Ég tilnefni þá Halldór Halldórsson, kt. 250764-4059, Arnarhrauni 4, Grindavík, og Ásgeir Jónsson héraðsdómslögmann, kt. 210159-4799, Tjarnargötu 2, Keflavík, til að sjá um skipti á búi mínu, til þess að ráðstafa eignum og taka við andvirði seldra eigna, sbr. framangreint, til þess að sjá um uppgjör skulda og til þess að sjá um öll atriði, er varða erfðaskrá þessa og skipti á búi mínu.

6. grein.

Nafn mitt skal þannig tilgreint á legsteini: Hertha Wegwitz Guðmundsson.

7. grein.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist lögbókanda í Garðabæ, og skal hún færð í lögbókandabók.

Vífilsstaðaspítala, Garðabæ, 22. nóvember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 22. nóvember, var undirritaður lögbókandi staddur að Vífilsstaðaspítala, Garðabæ. Fyrir mig kom þá Hertha B. [svo] Guðmundsson, sannaði á sér deili og lagði fram þessa erfðaskrá, sem hún undirritaði í minni viðurvist. Gerði hún það af fúsum og frjálsum vilja og kvað erfðaskrána hafa að geyma vilja sinn.

Lögbókandinn í Garðabæ, 22. nóvember 1994."

Í minnispunktum þeim, sem Ásgeir Jónsson hdl. skráði hjá sér (ljósrit þeirra var lagt fram í málinu), eru skráð þau efnisatriði, sem fram koma í 1. gr. og 3. gr. erfðaskráruppkastsins. Ekkert er þar um efni 2. gr. og ekki heldur 4.-7. gr.

Tvö læknisvottorð hafa verið lögð fram í málinu.

Á minnisblaði þeirra Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar segir, að eftir fundinn 17. nóvember „óskaði Ásgeir eftir því við hjúkrunarkonu á vakt . . . að fá sent vottorð læknis um sjúkrahússlegu Herthu. Vottorðið skyldi nota hjá sýslumanni til þess að fá fulltrúa til að mæta og vera við-

staddan undirritun erfðaskrár og til að færa hana í lögbókandabók". Umrætt vottorð er dagsett 18. nóvember 1994 og undirritað af Benedikt Guðbrandssyni lækni. Þar segir, að Hertha Guðmundsson hafi legið „hér á lungnadeild Vífilsstaðaspítala frá 25. október sl. Hún er stöðugt með súrefni og er á það mikilli lyfjameðferð, að hún getur ekki farið neitt utan húss um óákveðinn tíma". Vottorðsgjafinn hefur ekki komið fyrir dóm.

Hið síðara vottorð er ritað að beiðni lögmanns sóknaraðila, systkina Herthu W. Guðmundsson. Það er dagsett 16. nóvember 1995 og undirritað af Andrési Sigvaldasyni „sérfræðingi". Þar segir m. a., að Hertha hafi í fyrsta sinn legið á lungnadeild Vífilsstaðaspítala seint á árinu 1988 og þá greinst hjá henni sjaldgæfur, alvarlegur lungnasjúkdómur, „cryptogen fibrosing alveolitis". Sjúkdómurinn sé yfirleitt banvænn, og að meðaltali lifi sjúklingar í þrjú til fimm ár, eftir að sjúkdómurinn greinist. Þá segir, að sjúkdómur Herthu hafi þegar við greiningu 1989 verið langt fram genginn. Hún hafi fengið lyfjameðferð, sem í byrjun hafi greinilega gefið nokkurn árangur, en í ársbyrjun 1992 hafi ástandið versnað, svo að hún hafi þurft viðbótarsúrefni. Síðan segir orðrétt:

„Síðan fór ástand sjúkl. smám saman versnandi, og var hún lögð hér inn 25. október, þá með merki um aukna h. hjartabilun, sem er afleiðing og lokastig alvarlegra, langvinnra lungnasjúkdóma. Ástand versnaði síðan nokkuð skyndilega aðfaranótt 21. nóvember, og sjúkl. lést 22. nóvember kl. 18.20, eftir að hafa verið að mestu meðvitundarlaus þann dag."

Vottorðsgjafi kom ekki fyrir dóm.

– – –

Forsendur og niðurstöður.

Sannað er, m. a. með vætti Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar, að á fundi þeirra með Herthu W. Guðmundsson 17. nóvember 1994 fór ekki fram munnleg arfleiðsla, heldur voru þeir komnir á hennar fund til að undirbúa gerð skriflegrar erfðaskrár, og gerðu þau þrjú ráð fyrir, að hún yrði undirrituð viku síðar. Af þessum sökum fóru þeir Ásgeir og Halldór ekki að fyrirmælum 44. gr. erfðalaga um skráningu og vottun, sbr. 40.–43. gr. sömu laga. Svo virðist sem erfðaskráruppkastið, er sóknaraðilar vilja, að lagt verði til grundvallar skiptum, hafi verið skráð fimm dögum eftir þennan fund, en ekki svo skjótt sem verða mátti. Ekkert formlegt arfleiðsluvottorð liggur fyrir.

Upplýst er með minnisblaði Ásgeirs Jónssonar hdl. og Halldórs Halldórssonar bókara og vætti þeirra, að Hertha var á fundinum 17. nóvember „mjög hress", „og var ekki að sjá að þar færi kona, sem væri líkleg til að látast eftir svo skamman tíma sem raun ber vitni". Samkvæmt þessu var ekki

uppfyllt það skilyrði 44. gr. erfðalaga, að arfleifandi yrði skyndilega og hættulega sjúkur eða lenti í bráðri hættu. Var enda ekkert því til fyrirstöðu að svo stöddu, að gerð yrði skrifleg erfðaskrá, sem Hertha undirritaði, eins og ætlunin var.

Í erfðaskráruppkastinu eru ákvæði, sem ekki eru í þeim minnispunktum sem Ásgeir Jónsson skráði hjá sér á fundinum 17. nóvember. Vitnin Ásgeir og Halldór báru, að Hertha hefði á fundinum verið búin að gera endanlega upp hug sinn um arfleiðsluna. Hún hefði þó verið að velta fyrir sér, hve mikið fé ætti að koma í hlut systkina hennar. Í minnispunkta sína hefur Ásgeir Jónsson fyrst skráð, að þau skyldu fá 30% af tiltekinni peningalegri eign, en strikað yfir þá tölu og skráð 75%, sbr. 5. mgr. 3. gr. erfðaskráruppkastsins. Hertha lést fimm dögum eftir þennan fund. Dómari virðir svo það, sem nú hefur verið ritað, að ekki sé sannað, að hið óundirritaða erfðaskráruppkast hafi að geyma hinsta vilja Herthu W. Guðmundsson. Hið sama gildi raunar um minnispunkta Ásgeirs Jónssonar hdl.

Af framanskráðu leiðir, að eftir Herthu W. Guðmundsson liggur ekki gild erfðaskrá. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu, en fallast á kröfur varnaraðila.

Um málskostnað.

Eftir atvikum þykir dómara rétt, að sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 300.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Agnesar og Eyrúnar Jónsdætra o. fl., að gild verði dæmd „munnleg erfðaskrá“ Herthu W. Guðmundsson, kt. 270823-3789, sbr. óundirritað uppkast að erfðaskrá, dagsett 22. nóvember 1994.

Við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson komi helmingur eigna búsins í hlut varnaraðila, Jóns V. Guðmundssonar og annarra lögerfingja Ísólfs Guðmundssonar, kt. 121022-7619.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 300.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 30/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Rúnari Þresti Grímssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kærumál. Kæra. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Úrskurður var kveðinn upp um húsleit hjá varnaraðila í Héraðsdómi Reykjaness 12. janúar 1996, og var þar ekki mætt af hans hálfu. Héraðsdómari færði hins vegar til bókar, að úrskurðarorð og röksemdir dómara hefðu verið kynntar lögmanni varnaraðila símleiðis. Lögmaðurinn hafi þá lýst yfir því fyrir hönd varnaraðila og óskað bókað í þingbók, að úrskurðurinn væri kærður til Hæstaréttar. Í kjölfar þessa var málið sent Hæstarétti til meðferðar, og barst það réttinum 16. janúar 1996. Varnaraðili krefst þess, að umræddur úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Þar sem ekki var mætt af hálfu varnaraðila á dómþingi, varð kæra að berast héraðsdómara bréflega, sbr. 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kæra varnaraðila er því ekki í lögskipuðu formi, og verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 27/1996. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar sl., þar sem enn er lagt bann við brottför varnaraðila úr landi allt til mánudagsins 15. apríl 1996 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995 var varnaraðili, sem er breskur ríkisborgari, sakfelldur í máli, sem ákæruvaldið höfðaði á hendur honum fyrir að hafa framið nauðgun um borð í togaranum Þerney aðfaranótt 8. október 1995. Var refsing hans ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Við uppkvaðningu dómsins var honum jafnframt bönnuð för úr landi til 15. janúar 1996, meðan frestur til áfrýjunar dómsins til Hæstaréttar væri enn ekki liðinn. Á síðasta degi frestsins lýsti varnaraðili yfir áfrýjun, en hann hefur frá upphafi neitað sök í málinu.

Meðal gagna kærumálsins er álitsgerð Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði 12. janúar 1996 til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Er þar vísað til þess, að sýni úr getnaðarverju, er fannst á vettvangi um borð í Þerney, hafi verið send til rannsóknar hjá Rettsmedisinsk Institutt í Osló til DNA-greiningar. Hafi rannsóknarskýrsla borist frá Osló 22. desember 1995. Niðurstaða hennar hafi verið á þá leið, að sýni, sem tekið var af ytra byrði verjunnar, samrýmdist því að

koma frá kæranda nauðgunarinnar. Sæðið, sem fannst inni í verjunni, hafi hins vegar ekki getað samrýmst því að stafa frá varnaraðila. Til sannprófunar á niðurstöðum hafi blóðsýni úr varnaraðila verið sent til Oslóar, til að rannsókn yrði endurtekin. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi borist 12. janúar 1996 og verið á þá leið, að fyrri niðurstaða var staðfest. Lokaniðurstaða Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði er sú, að útilokað sé, að sæði, sem fannst í verjunni, sé frá varnaraðila komið. Þess er sérstaklega getið, að rannsóknin í Noregi taki til fleiri þátta en rannsókn, sem áður hafði verið gerð í sama skyni hér á landi, og teljist hún því fullnaðarrannsókn.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995 byggðist meðal annars á hinni íslensku rannsókn, en samkvæmt henni voru yfirgnæfandi líkur taldar vera á því, að sæði, sem fannst í verjunni, væri frá varnaraðila komið. Ljóst er því, að hin nýja rannsókn raskar þeim sönnunargögnum, sem sakfelling Héraðsdóms Reykjavíkur yfir varnaraðila byggðist á. Ráðgert er, að málið verði munnlega flutt fyrir Hæstarétti innan fárra daga. Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu sóknaraðila um framlengingu farbanns til að tryggja nærveru varnaraðila, þar til endanlegur dómur gengur í málinu. Verður farbanni þó ekki markaður lengri tími í þessu skyni en til fimmtudagsins 8. febrúar 1996 kl. 17.00.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, X, er bönnuð brottför úr landi allt til dómsuppsögu í máli ákæruvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur en til fimmtudagsins 8. febrúar 1996 kl. 17.00.

Mánudaginn 22. janúar 1996.

Nr. 412/1995. **Jóna Guðrún Kristinsdóttir**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Jakob Möller hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð. Fjárnám. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1995 að fengnu leyfi réttarins 10. janúar 1996, en hún barst ásamt kærumálsgögnum 14. desember 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1995, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 20. júlí 1995 um að hafna kröfu sóknaraðila um fjárnám hjá varnaraðila samkvæmt beiðni um aðfarargerð 30. maí sama ár. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að gera fjárnám hjá varnaraðila fyrir kröfu, að fjárhæð 50.570 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. febrúar 1995 til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1995 var varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila skaðabætur vegna líkamstjóns, að fjárhæð 1.000.000 krónur, „auk vaxta samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 6. desember 1988 til 31. maí 1994, en frá þeim degi dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 til greiðsludags og 240.000 kr. í málskostnað“, svo sem segir í dómsorði. Í bréfi 17. febrúar 1995 til lögmanns varnaraðila setti lögmaður sóknaraðila fram sundurliðaðan útreikning á dómkröfunni, sem hann taldi alls

nema 1.674.152 krónum. Hinn 23. sama mánaðar tók lögmaðurinn við greiðslu í umboði sóknaraðila frá varnaraðila á 1.623.499 krónum, sem varnaraðili taldi fullnaðargreiðslu. Á kvittun fyrir greiðslunni ritaði lögmaðurinn, að tekið væri við henni með fyrirvara „um útreikning vaxta og höfuðstólsfærslu þeirra".

Mismunurinn á fyrrnefndum útreikningi og greiðslu varnaraðila stafar að nær öllu leyti eða, hvað varðar 50.570 krónur, af aðferðum aðilanna við útreikning vaxta. Telur sóknaraðili sér heimilt að leggja áfallna vexti samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987, svo sem þeir voru ákveðnir með dómsorði, árlega við höfuðstól og reikna vexti næsta árs af þeim fjárhæðum samanlögðum. Varnaraðili telur á hinn bóginn óheimilt að höfuðstólsfæra vextina á þennan hátt.

II.

Fyrir setningu vaxtalaga nr. 25/1987 gátu dómkröfur ýmist borið dómvexti, sem krefjast mátti á grundvelli laga um þá nr. 56/1979 frá birtingardegi stefnu til greiðsludags kröfu eða dráttarvexti, sem féllu til frá eindaga kröfu til greiðsludags. Um dráttarvexti voru einkum ákvæði í 5. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. svo og 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og ákvæði IV. til bráðabirgða við lög nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, sem leystu af hólmi fyrrnefndu lögin um sama efni 1. nóvember 1986.

Í 1. gr. laga nr. 56/1979 var ákveðið, að dómvextir skyldu vera „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns". Samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1960 og fyrrgreindum ákvæðum í eldri og yngri lögum um Seðlabanka Íslands kom í hlut hans að ákveða dráttarvexti, en vaxtaákvarðanir bankans skyldu birtar í Lögbirtingablaði.

Í þeim lagaákvæðum, sem að framan getur, var hvergi vikið að því berum orðum, hvort heimilt væri að leggja áfallna vexti við höfuðstól kröfu og reikna síðan vexti af nýjum höfuðstól. Átti það jafnt við um dómvexti og dráttarvexti.

Í dómi Hæstaréttar 11. mars 1987 í máli nr. 23/1986 var fallist á kröfu um dómvexti samkvæmt lögum nr. 56/1979, þar á meðal, að árlega mætti bæta áföllnum vöxtum við höfuðstól kröfu. Var heim-

ild til að höfuðstólsfæra vexti studd þeim rökum, að ella yrðu dómvextir ekki jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir væru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, svo sem miðað var við í 1. gr. laganna.

Í dómi Hæstaréttar 23. desember 1986 í máli nr. 252/1984 var fallist á, að heimilt væri að leggja áfallna dráttarvexti árlega við höfuðstól kröfu og reikna upp frá því dráttarvexti af nýja höfuðstólnum. Var þessi niðurstaða byggð á því, að Seðlabanki Íslands hefði samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1960 og 13. gr. laga nr. 10/1961 heimild til að ákveða dráttarvexti. Heimildin næði til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning, en með auglýsingu 18. janúar 1985 hefði Seðlabankinn rýmkað áður gildandi heimildir til höfuðstólsfærslu dráttarvaxta.

Þau ákvæði um dráttarvexti og dómvexti í lögum nr. 58/1960 og 56/1979, sem að framan greinir, féllu niður við gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987.

III.

Í 7. gr. laga nr. 25/1987, svo sem henni var breytt með 2. gr. laga nr. 67/1989, segir, að kröfur um skaðabætur skuli bera vexti frá og með þeim degi, sem bótaskylt atvik á sér stað. Skuli vextirnir á hverjum tíma vera „jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum". Í frumgerð sinni var umrædd 7. gr. ekki efnislega á annan veg, svo að máli skipti um úrlausnarefnið hér. Hvorki eru bein fyrirmæli í 7. gr. né öðrum ákvæðum II. kafla laga nr. 25/1987 um, hvort leggja megi við höfuðstól kröfu áfallna almenna vexti, sem fjallað er um í kaflanum. Er ekki heldur að þessu vikið í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 25/1987. Þar er hins vegar tekið fram, að vextir samkvæmt 7. gr. séu miðaðir við vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í trausti þess, að slíkir vextir „fylgi nokkurn veginn verðbólgu", eins og segir í athugasemdum við ákvæðið.

Í 12. gr. laga nr. 25/1987 er mælt fyrir um, að áfallnir dráttarvextir samkvæmt III. kafla laganna skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en í tólf mánuði, en slíka vaxtavexti megi ekki reikna

oftar en á tólf mánaða fresti. Um þetta ákvæði sagði eftirfarandi í athugasemdum við frumvarp til laganna: „Rétt þykir að taka af skarið í lögum um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig að þeir leyfist fyrst eftir 12 mánaða vanskil og á 12 mánaða fresti eftir það. Ákvæði um vaxtavexti hafa verið í auglýsingum Seðlabankans undanfarin ár, sbr. nú síðast auglýsingu 22. desember 1986, sem gerir ráð fyrir svipaðri reglu og frumvarp þetta. Með dómi Hæstaréttar 23. desember sl. var staðfest, að heimild Seðlabankans til ákvörðunar dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, tæki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Kemur hið nýja ákvæði 12. gr. þannig í reynd í stað 5. gr. gildandi vaxtalaga nr. 58/1960".

IV.

Sóknaraðili hefur lagt fram yfirlýsingu Seðlabanka Íslands frá 22. ágúst 1995. Segir þar, að það sé almenna reglan hjá bönkum og sparisjóðum að leggja um áramót vexti við höfuðstól á almennum óbundnum sparisjóðsreikningum.

Það orðalag í 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, að vextir af skaðabótakröfum skuli vera jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, bendir eftir hljóðan sinni eindregið til þess, að ætlast sé til, að áfallnir vextir verði árlega lagðir við höfuðstól. Verður í þeim efnum að hafa í huga, að annars fengist ekki sá samjöfnuður við vaxtakjör á innlánsreikningum í bönkum, sem hér um ræðir. Er sú orðskýring að auki í samræmi við niðurstöðuna í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 11. mars 1987 um samsvarandi orðalag í lögum nr. 56/1979, en þar var, sem fyrr segir, talið, að dómvextir yrðu því aðeins „jafnháir" vöxtum á tilteknum innlánsreikningum, að áfallnir vextir yrðu lagðir árlega við höfuðstól.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram, að rétt til höfuðstólsfærslu vaxta verði að reisa á beinni lagaheimild. Þetta telur hann mega ráða af 12. gr. laga nr. 25/1987, en sambærileg heimild sé ekki til um vexti samkvæmt 7. gr. laganna. Varðandi þessa röksemd er til þess að líta, að fyrir setningu vaxtalaga voru lög nr. 56/1979 skýrð þannig, að í þeim fælist heimild til að leggja áfallna dómvexti

við höfuðstól kröfu, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 11. mars 1987. Var fundin nægileg lagastoð fyrir þessu í þeim samjöfnuði, sem gerður var í lögum nr. 56/1979 á dómvöxtum og vöxtum af innlánsreikningum í bönkum. Hið sama á nú við um 7. gr. laga nr. 25/1987. Ekki verður leitt af samanburði ákvæðisins við 12. gr. sömu laga, að gera þurfi strangari kröfu um lagastoð í þessum efnum en gerð var fyrir setningu laganna. Er þá haft í huga, að miðað við forsögu umræddrar 12. gr. og lögskýringargögn var þargreind regla einkum sett í þeim tilgangi, að heimild til höfuðstólsfærslu dráttarvaxta yrði ákveðin í lögum í stað þess, að Seðlabanka Íslands yrði látið eftir ákvörðunarvald um þetta, eins og áður var.

Samkvæmt framangreindu verður fallist á það með sóknaraðila, að heimilt sé að leggja áfallna vexti samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 árlega við höfuðstól kröfu og reikna síðan ársvexti af nýjum höfuðstól, sem þannig myndast. Í áðurgreindu dómsorði í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1995, sem sóknaraðili reisir kröfu sína um fjárnám á, er að vísu ekki greint frá vaxtafæti varðandi tildæmda vexti á tímabilinu frá 6. desember 1988 til 31. maí 1994, heldur er eingöngu skírskotað til 7. gr. laga nr. 25/1987. Varnaraðili hefur á hinn bóginn ekki mótmælt þeim skilningi, sem sóknaraðili leggur í dómsorðið að þessu leyti, og er ekki tölulegur ágreiningur um fjárhæð kröfu hans. Verður því tekin til greina krafa sóknaraðila um fjárnám hjá varnaraðila fyrir þeirri fjárhæð, sem sóknaraðili krefst.

Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Fjárnám skal ná fram að ganga fyrir kröfu sóknaraðila, Jónu Guðrúnar Kristinsdóttur, á hendur varnaraðila, Vátryggingafélagi Íslands hf., að fjárhæð 50.570 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 28. febrúar 1995 til greiðsludags.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 100.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 19. október sl. og tekið til úrskurðar 7. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Jóna Guðrún Kristinsdóttir, kt. 260431-2859, Lyngmóum 8, Garðabæ.

Varnaraðili er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík 20. júlí 1995 að synja um framgang aðfarargerðar í málinu nr. 11/1995/12289: Jóna Guðrún Kristinsdóttir, kt. 260431-2859, gegn Vátryggingafélagi Íslands, kt. 690689-2009, verði felld úr gildi. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu varnaraðila eru þær dómkröfur gerðar, að hin kærða ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík verði staðfest og hafnað verði framgangi fjárnámsgerðar. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Að auki krafðist varnaraðili þess við munnlegan málflutning, að ef krafa sóknaraðila yrði tekin til greina, yrði fjárnámsgerð frestað, þar til Hæstiréttur hefði fjallað um málið.

II.

Hinn 13. febrúar 1995 voru sóknaraðila dæmdar bætur úr hendi varnaraðila vegna slyss, sem sóknaraðili varð fyrir 6. desember 1988. Þá voru sóknaraðila dæmdir vextir „. . . samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987. . .“ frá slysdegi til 31. maí 1994, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla nefndra laga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Samkvæmt útreikningi lögmanns sóknaraðila námu áfallnir vextir af kröfunni 28. febrúar 1995 samtals 432.869 kr., en varnaraðili taldi þá vera 382.299 kr. og greiddi þá fjárhæð.

Með aðfararbeiðni, dagsettri 30. maí 1995, krafðist sóknaraðili fjárnáms fyrir mismuninum milli ofangreindra fjárhæða, 50.570 kr., auk áfallandi dráttarvaxta frá 28. febrúar 1995 samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags auk alls kostnaðar af framkvæmd gerðarinnar og eftirfarandi fullnustugerðar, ef til kæmi. Við fyrirtöku 20. júlí 1995 mótmælti varnaraðili því, að gerðin næði fram að ganga, og ákvað fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík þá að stöðva gerðina með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/1989.

III.

Sóknaraðili skírskotar til þess, að í greinargerð með 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sé sérstaklega tekið fram, að kröfur skuli bera vexti frá slysdegi og

þeir bundnir almennum, óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum í trausti þess, að þessir vextir fylgi nokkurn veginn verðbólgu. Segi lagagreinin greinilega, hvað við sé átt, og beri að túlka hana samkvæmt orðanna hljóðan. Skuli vextirnir vera „jafnháir" vöxtum af fyrrnefndum bankareikningum. Með öðrum orðum skuli ávöxtun fjárins vera hin sama og hefði hann verið lagður inn á slíkan reikning, en ekki lægri, eins og varnaraðili haldi fram.

Í 7. gr. laganna sé ekkert rætt um vaxtafót, svo sem varnaraðili haldi fram. Verið sé að fjalla um vexti og ákveðið, að þeir séu hinir sömu og á tilteknum bankareikningum. Þeir vextir séu höfuðstólsfærðir einu sinni á ári, svo sem alkunnugt sé og staðfest sé með fyrirliggjandi yfirlýsingu Seðlabanka Íslands. Af því leiði, að séu vextir samkvæmt 7. gr. ekki höfuðstólsfærðir, séu þeir lægri en bankavextirnir, en ekki jafnháir, eins og lögin kveði á um.

Í dómsmáli aðila máls þessa hafi tjón sóknaraðila verið reiknað út af tryggingastærðfræðingi. Í þeim útreikningi hafi hann lækkað höfuðstól tekjutapsins með því að draga frá honum einfalda, almenna vexti frá slysdegi til útreikningsdags. Bæri skaðabótakrafan því enga vexti í fimm og hálft ár, yrði fallist á kröfu sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að í 7. gr. vaxtalaga sé engin heimild til að höfuðstólsfæra þá vexti, sem greinin ákveður. Sýnist sóknaraðili rugla saman vaxtafæti, sem ákveðinn sé í 7. gr., og vaxtareikningi og meðferð vaxta, þ. e. þeirri fjárhæð, sem vaxtafóturinn leiðir til. Ekki sé dregið í efa, að viðskiptabankar og sparisjóðir höfuðstólsfæri inneignir á óbundnum sparisjóðsreikningum einu sinni á ári. Sú aðgerð sé samkvæmt viðskiptaskilmálum stofnananna og viðskiptavenjum.

Í athugasemdum með frumvarpi til vaxtalaga segi m. a. um 6. gr., að eðlilegast sé að miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, og sé alveg augljóst, að þar sé verið að tala um vaxtafót, en ekki vaxtaútreikning eða fjárhæðir. Svipað sýnist gilda um athugasemdir frumvarpsins um 7. gr., þar sem talað sé um vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum.

Í III. kafla vaxtalaga sé fjallað um dráttarvexti, útreikning þeirra og meðferð. Í 12. gr. sé beint ákvæði um höfuðstólsfærslu vaxta einu sinni á ári. Í athugasemdum frumvarpsins sé m. a. um þetta sagt, að rétt þyki að taka af skarið um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig, að þeir leyfist fyrst eftir 12 mánaða vanskil og á 12 mánaða fresti eftir það. Síðan sé vitnað til dóms Hæstaréttar Íslands 23. desember 1986, sem staðfesti, að heimild Seðlabankans taki til ákvörðunar um bæði vaxtahæð og vaxtareikning. Ljóst sé,

að til höfuðstólsfærslu vaxta þurfi beina lagaheimild. Lúti vaxtaákvörðun 7. gr. vaxtalaga að vaxtafæti, en ekki þeim höfuðstól, sem vextirnir séu reiknaðir af. Samanburðarskýring á 7. og 12. gr. vaxtalaga og könnun lögskýringargagna sýni, að löggjafinn telji, að til höfuðstólsfærslu vaxta þurfi beina heimild í lögum. Slík heimild sé í 12. gr. laganna, en engin samsvarandi heimild í 7. gr. Beri að hafna kröfu sóknaraðila þegar af þessari ástæðu.

Þá hafi sóknaraðila verið í lófa lagið að gera kröfu um það í skaðabótamáli sínu, að vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga yrðu höfuðstólsfærðir einu sinni á ári. Það hafi hann ekki gert, og eigi þetta tómlæti hans einnig að valda því, að krafa hans nú nái ekki fram að ganga, jafnvel þótt hún hefði verið réttmæt í öndverðu.

Sóknaraðili haldi því fram, að hann hafi ekki fengið neina vexti af skaðabótakröfu sinni í fimm og hálft ár, vegna þess að tryggingastærðfræðingur hafi lækkað höfuðstól tekjutapsins með því að draga frá honum einfalda vexti frá slysdegi til útreikningsdags. Þarna yfirsjáist sóknaraðila, að þessir vextir hafi skilað sér aftur til sóknaraðila í dómsorðinu, þar sem kveðið sé á um, að krafan skuli bera vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá slysdegi til upphafsdags dráttarvaxta.

IV.

Í II. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, 4.-8. gr., er fjallað um svonefnda almenna vexti. Í 7. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, er sérregla um vexti af kröfum um skaðabætur, en samkvæmt nefndri lagagrein skulu þær kröfur bera vexti frá og með þeim degi, er hið bótaskylda atvik átti sér stað, og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum, óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

III. kafli ofangreindra laga tekur til dráttarvaxta. Þar segir í 12. gr., að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Er heimilt að reikna slíka vaxtavexti á tólf mánaða fresti.

Samkvæmt framansögðu er ekki að finna heimild til að reikna vaxtavexti af almennum vöxtum samkvæmt II. kafla laganna, svo sem hins vegar er um dráttarvexti eftir III. kafla, en í athugasemdum með 12. gr. kemur fram, að rétt þyki að taka af skarið um vaxtavöxtun dráttarvaxta.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða dregin sú ályktun af samburðarskýringu á 7. og 12. gr. vaxtalaga, að beina lagaheimild þurfi, til þess að vextir samkvæmt lögunum verði höfuðstólsfærðir. Slíkrar lagaheimildar nýtur ekki við um almenna vexti samkvæmt 7. gr. laganna, svo sem á hinn bóginn háttar til um dráttarvexti. Þykja ákvæði 7. gr. laganna því einungis taka til vaxtafótar, en ekki þeirrar fjárhæðar, sem vextirnir eru reiknaðir af,

svo sem höfuðstólsfærsla þeirra myndi leiða til. Ber því að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 20. júlí 1995 að synja um framgang fyrrgreindrar aðfarargerðar.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 20. júlí 1995 um að synja um framgang aðfarargerðar í málinu nr. 11/1995/12289: Jóna Guðrún Kristinsdóttir gegn Vátryggingafélagi Íslands hf.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 24. janúar 1996.

Nr. 42/1996. **Sandgerðisbær**
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Óskari Árnasyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Útivistarmál. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. janúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Samkvæmt vottorði póstmanns fór hann á heimili varnaraðila 28. desember 1995 til að birta þar héraðsdómsstefnu í málinu. Hitti hann þar fyrir son varnaraðila, sem neitaði að taka við stefnunni. Af vottorðinu að dæma virðist póstmaðurinn ekki annað hafa gert til að leitast við að ljúka birtingu. Hann lét þá hvorki af hendi afrit stefnunnar né greindi syni varnaraðila frá því, að stefnubirting færi þar með fram án tillits til mótþróa hans, og frá skyldum hans í því sambandi, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga nr. 91/1991. Af þessum sökum fór ekki fram lögmæt birting stefnunnar. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. janúar 1996.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. janúar 1996, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, út gefinni 20. desember 1995, af Sandgerðisbæ, kt. 460269-4829, Tjarnargötu 4 í Sandgerði, á hendur Óskari Árnasyni, kt. 230923-8179, Norðurgötu 11 í Sandgerði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 3.391.341 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 784.544 kr. frá 1. febrúar 1992 til 1. febrúar 1993, af 1.688.890 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1994, af 2.595.032 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1995, en af stefnukröfum frá þeim degi til greiðsludags, til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins og til að þola lögveðsrétt í fasteignum sínum að Tjarnargötu 11, Tjarnargötu 11a og iðnaðarhúsi við Strandgötu vegna fasteignagjalda, sem til féllu árin 1994 og 1995, og þeim kostnaði, sem síðar kann að falla til vegna innheimtutilrauna. Þess er enn fremur krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1992, allt í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Við þingfestingu málsins 10. janúar 1996 var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og var þá málið dómtekið að kröfu stefnanda, eins og áður segir.

II.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að hin umstefnda skuld sé til komin vegna ógreiddra fasteignagjalda af fasteignunum Tjarnargötu 11, Tjarnargötu 11a og iðnaðarhúsi við Strandgötu (Árnaborg neðan Strandgötu, Landakotsland) fyrir árin 1992 til 1995. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga beri eigandi fasteignar ábyrgð á greiðslu á lagðra fasteignagjalda. Stefndi hafi verið eigandi að framangreindum fasteignum samkvæmt vottorði úr þinglýsingabók, er fasteignagjöld þessi hafi fallið til, og sé það enn.

Sveitarstjórn Sandgerðisbæjar hafi ákveðið, að fasteignagjöld vegna áranna 1992 til 1995 skyldu greidd með fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu 15. janúar til 15. maí ár hvert, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar valdi vangreiðsla að hluta því, að fasteignaskatturinn falli allur í eindaga fimmtán dögum eftir gjalddaga. Greiði eigandi ekki fasteignaskatt, fylgi honum lögveð í þeirri fasteign, sem hann er lagður á, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði í tvö ár frá gjalddaga, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1990.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaganna nr. 90/1990, einkum 1., 3. og 4. gr. Um dráttarvexti er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988.

III.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Verður málið því dæmt eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti, sem samrýmanlegt er fram komnum gögnum, nema gallar séu á málinu, sem varða frávísun þess án kröfu, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í máli þessu liggur frammi vottorð póstmanns um stefnubirtingu. Samkvæmt því vottorði er birt fyrir Árna Arnari Óskarssyni, syni stefnda, á lögheimili stefnda að Norðurgötu 11 í Sandgerði. Í athugasemdum á vottorðinu segir: „Árni neitaði móttöku bréfsins, og [stefndi] er erlendis, ekki væntanlegur fyrr en í maí 1996." Vottorðið er óundirritað. Kemur nú til skoðunar, hvort þessi háttur á birtingu stefnu fullnægir reglum XIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er gerður greinarmunur á birtingu stefnu, þegar stefnuvottur eða lögbókandi á í hlut og þegar póstmaður annast birtingu. Birting stefnu er þannig lögmæt, ef stefnuvottur eða lögbókandi vottar, að hann hafi birt stefnu fyrir stefnda eða einhverjum, sem er bær um að taka við henni í hans stað, sbr. a-lið ákvæðisins. Um birtingu póstmanna er hins vegar tiltekið, að vottað sé, að samrit stefnu, sem sent er í ábyrgðarbréfi, hafi verið afhent viðtakanda, sbr. b-lið ákvæðisins.

Regla b-liðar 1. mgr. 83. gr. um stefnubirtingu póstmanns er nýmæli í íslenskum lögum. Í athugasemdum við ákvæðið er ítrekað, að stefnubirting póstmanns fari þannig fram, að samrit stefnu sé sent stefnda í ábyrgðarbréfi, sem sé borið út til viðtakanda, og póstmaður votti, að hann hafi afhent þetta bréf stefnda sjálfum eða einhverjum þeim, sem til þess er bær að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd. Í samræmi við fyrirmæli 4.5.8.2. gr. reglugerðar um póstþjónustu nr. 161/1990 verður samrit stefnu í ábyrgðarbréfi þannig ekki afhent nema gegn kvittun viðtakanda.

Af orðalagi b-liðar 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð einkamála og af athugasemdum við það ákvæði þykir verða að álykta, að ólíkar reglur gildi um stefnubirtingu póstmanna annars vegar og stefnuvotta og lögbókenda hins vegar. Nánar tiltekið sýnist, að um stefnubirtingu póstmanns sé áskilið, að samrit stefnu sé afhent viðtakanda. Er slík skýring og eðlileg, þegar litið er til þess, að stefnuvottar og lögbókendur þurfa að fullnægja almennum hæfisskilyrðum 5. eða 81. gr. laga nr. 91/1991, en um póstmenn er ekki um slík skilyrði að ræða nema að því leyti, sem leiðir af lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt birtingarvottorði póstmanns í máli þessu var bréf með samriti stefnu ekki móttekið af viðtakanda. Þessi ummæli í birtingarvottorðinu þykja ekki verða skýrð á annan veg en að bréf með samriti stefnunnar hafi ekki verið afhent Árna Arnari Óskarssyni. Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir þessi birting ekki fullnægja áskilnaði b-liðar 1. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um það, að vottað sé, að bréf með samriti stefnu hafi verið afhent. Með því að í máli þessu hefur ekki farið fram lögmæt stefnubirting samkvæmt 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og stefndi hefur ekki sótt þing við þingfestingu málsins, ber að vísa því frá dómi án kröfu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Skúli Magnússon dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. janúar 1996.

Nr. 43/1996. **Sýslumaðurinn á Akranesi**

gegn

X

(Örn Gunnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1996. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá 21. janúar 1996 að telja. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Sóknaraðili reisir kröfu sína á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og einnig, að því er virðist, á a-lið 1. mgr. sömu greinar.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, beinist grunur að varnaraðila um að hafa í félagi við þrjár unglingsstúlkur ráðist að 16 ára stúlku og veitt henni lífshættulega áverka aðfaranótt 20. janúar 1996 á Akranesi. Varnaraðili og umræddar stúlkur hafa allar játað aðild sína að verknaðinum. Rannsókn málsins er því vel á veg komin og ekki þörf á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila vegna rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Á hinn bóginn liggur fyrir sterkur grunur um, að varnaraðili hafi gerst sek um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Samkvæmt gögnum málsins var líkamsárásin tilefnislaus og hrottafengin. Þykir því fullnægt skilyrð-

um 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 4. febrúar nk. kl. 15.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, X, sæti gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 4. febrúar 1996 kl. 15.00.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 21. janúar 1996.

Lögreglustjórinn á Akranesi hefur krafist þess, að X, f. 1977 . . . , Akranesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um lagarök vísar lögreglustjóri til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Málavextir.

Að morgni laugardagsins 20. janúar sl. tilkynnti faðir I, fæddrar 1979, lögreglunni á Akranesi, að I hefði þá um morguninn verið flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur að beiðni lækna á Sjúkrahúsi Akraness vegna meiðsla, er I hafði hlotið þá um nóttina. Talið var, að kærða og þrjár aðrar stúlkur hefðu veitt I áverkana, og voru þær í framhaldi af því teknar til yfirheyrslu hjá lögreglu. Í læknisvottorði, dags. 20. janúar sl., um meiðsl I kemur fram, að höfuðáverki, sem hún hlaut, hafi verið lífshættulegur og hún verið mjög hætt komin, þegar hún kom á Sjúkrahús Reykjavíkur, en þá var hún strax send í aðgerð.

Kærða hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa tekið þátt í árás á hina slösuðu, I, aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. Kærða hefur viðurkennt, að hún hafi veitt I „hnéspark", þ. e. rifið í hár og keyrt höfuð hennar niður og lamið höfðinu í fót sér fyrir ofan hné. Kærða kvaðst aðeins hafa lyft fæti sínum, en ekki sparkað honum á móti höfði I.

Framburði kærðu um þátt hennar í árásinni að öðru leyti en hvað varðar ofangreint „hnéspark" ber ekki að öllu leyti saman við framburð annarra kærðu eða vitna.

Kærða er grunuð um að hafa átt þátt í mjög alvarlegum líkamsmeiðingum og þar með um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, og enn er eftir að yfirheyra hinar kærðu stúlkur enn frekar svo og hugsanleg vitni. Þykir hætta á, að kærða geti torveldað rannsókn málsins, verði hún frjáls ferða sinna. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. janúar 1996.

Úrskurðarorð:

Kærða, X [...], sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. janúar 1996.

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 67/1994. **Sigurður Kaldal Sævarsson**
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Steini Jakobi Ólasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.) **og**
Steinn Jakob Ólason
gegn
Sigurði Kaldal Sævarssyni

Skaðabætur. Vinnuveitandaábyrgð. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1994 og gerði þær kröfur, að stefndu, Steinn Jakob Ólason og íslenska ríkið, yrðu dæmdir óskipt til þess að greiða sér 4.775.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Steinn Jakob Ólason, áfrýjaði málinu með stefnu 21. febrúar 1994 og krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og til vara lækkunar á kröfum hans. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda svo og, að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar lækkaði áfrýjandi kröfur sínar í 3.764.332 krónur og sundurliðaði þær þannig, að fyrir fjártjón var krafist 264.332 króna og fyrir ófjárhagslegt tjón 3.500.000 króna. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti hækkaði aðaláfrýjandi höfuðstól aðalkröfu sinnar í 3.800.000 krónur, og sundurliðast hún þannig, að 300.000 krónur eru vegna fjártjóns, en 3.500.000 krónur vegna ófjárhagslegs tjóns. Gegn andmælum gagnaðila er aðaláfrýj-

andi bundinn við þá fjárhæð, sem hann krafðist í greinargerð, sbr. 163. gr., 111. gr. og 45. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Í dómi sakadóms Reykjavíkur í refsimáli, sem höfðað var gegn gagnáfrýjanda og dæmt var endanlega í dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1991, eru málavextir raktir nánar. Dómurinn taldi sannað, að gagnáfrýjandi hefði í starfi sínu sem lögreglumaður beitt aðaláfrýjanda harðræði, er leiddi til meiðsla, sem lýst er í ákæru málsins. Var gagnáfrýjandi dæmdur til refsingar fyrir þennan verknað, sem talinn var brot gegn 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Af hálfu gagnáfrýjanda var því hreyft við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að framburður tannlæknis fyrir héraðsdómi í mars 1993 benti til þess, að áverkar á tönnum aðaláfrýjanda hefðu ekki orðið af völdum gagnáfrýjanda, heldur af völdum óvarlegrar meðferðar annarra lögreglumanna síðar um nóttina. Framburður þessi er í samræmi við vottorð tannlæknisins 7. janúar 1991 og skýrslu hans fyrir sakadómi í apríl 1991 í þeim atriðum, sem máli skipta. Lágu þessi gögn fyrir í refsimálinu, þegar gagnáfrýjandi var sakfelldur. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á greindar mótbárur gagnáfrýjanda. Meiðsli, sem aðaláfrýjandi krefst bóta fyrir í þessu máli, eru hin sömu og greint er frá í refsimálinu. Ber að leggja til grundvallar, að þau verði að öllu leyti rakin til háttsemi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi ber því ábyrgð á þessu líkamstjóni aðaláfrýjanda eftir almennum skaðabótareglum.

Þótt aðaláfrýjandi hafi ekki sinnt fyrirmælum lögreglu, svo sem greinir í héraðsdómi, eru ekki efni til að telja hann meðábyrgan á tjóni því, er hann varð fyrir.

Með framangreindum athugasemdum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um óskerta bótaábyrgð gagnáfrýjanda.

II.

Fullyrt er í áðurnefndum hæstaréttardómi, að aðfarir gagnáfrýjanda voru miklu harðneskjulegri en aðstæður gáfu tilefni til. Hins vegar er óumdeilt, að gagnáfrýjandi tók í umrætt sinn þátt í lögregluaðgerðum og var því að vinna starf sitt. Þó að hann hafi farið út fyrir starfsskyldur sínar með harkalegum og óvenjulegum hætti,

þykir atferli hans vera í nægilegum tengslum við löggæslustarf til þess, að felld verði bótaskylda á stefnda eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda skaðabætur ásamt gagnáfrýjanda, eins og nánar greinir hér á eftir.

III.

Aðaláfrýjandi gerir engar kröfur fyrir missi tekna vegna slyssins. Hann krefst nú alls 300.000 króna í bætur fyrir fjártjón, en sú fjárhæð er kostnaður við tannviðgerðir og kostnaður „tengdur yfir 20 heimsóknum til tannlæknis". Hækkun kröfuliðar þessa er mótmælt, svo sem áður segir. Hins vegar andmæla gagnáfrýjandi og stefndi ekki þeirri fjárhæð kröfunnar, sem sett var fram í greinargerð, þ. e. 264.332 krónum. Verður hún tekin til greina að fullu.

Krafa aðaláfrýjanda um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón nemur 3.500.000 krónum. Vísar hann til 264. gr. almennra hegningarlaga til stuðnings henni, en það lagaákvæði var í gildi, þegar atvik málsins gerðust. Skilja verður málatilbúnað aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti þannig, að nú sé einungis krafist bóta fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum vegna líkamsmeiðslanna og afleiðinga þeirra, en fallið frá kröfum, sem gerðar voru í héraði, um bætur fyrir handtöku, fangelsun og fleira. Krafa um bætur fyrir röskun á stöðu og högum er vanreifuð, og verður ekki lagt til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir slíkri röskun. Ekki er sannað, að aðaláfrýjandi hafi hlotið lýti af áverkunum, og koma lýtabætur því ekki til álita.

Bætur til aðaláfrýjanda vegna ófjárhagslegs tjóns þykja eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Samkvæmt ofangreindu ber stefnda og gagnáfrýjanda óskipt að greiða aðaláfrýjanda alls 514.332 krónur auk dráttarvaxta, eins og greinir í dómsorði.

Rétt er, að gagnáfrýjandi og stefndi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 300.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Steinn Jakob Ólason, og stefndi íslenska ríkið greiði óskipt aðaláfrýjanda, Sigurði Kaldal Sævarssyni, 514.332 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum

nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi og stefndi greiði óskipt aðaláfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að nýju 4. október sl., höfðaði Sigurður Kaldal Sævarsson, kt. 210668-3559, Rauðalæk 52, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 14. janúar 1992, gegn Steini Jakobi Ólasyni, kt. 010358-4429, Lækjarási 3, Reykjavík, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið hafði áður verið dómtekið 24. mars sl., en var endurupptekið 29. júní sl. og endurflutt og dómtekið 4. október sl. vegna veikinda þess dómara, sem farið hafði með málið.

Dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt samtals 4.775.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989, sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, af þeirri fjárhæð frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda Steins Jakobs Ólasonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst hann þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að við bættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ráðuneyta dóms- og fjármála gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara krefjast þeir þess, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilfelli verði málskostnaður látinn falla niður.

Sáttatilraunir voru reyndar í málinu, en báru ekki árangur.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að lögreglan í Reykjavík var aðfaranótt 27. desember 1990 kvödd að húsinu nr. 1 við Bergþórugötu í Reykjavík vegna hávaða og ölvunar þar. Talsvert var af fólki í íbúðinni, og var því vísað út í samráði við húsráðanda. Stefnandi málsins, sem var einn af gestunum, ætlaði að fara heim til sín að Kárastíg 3, sem er beint á móti Bergþórugötu 1, hinum

megin við Frakkastíg. Stysta leið þangað var að ganga aftur fyrir lögreglubifreið, sem lagt hafði verið við Frakkastíginn. Lögreglumenn óskuðu eftir því, að stefnandi færi fram fyrir bifreiðina, en því hlýddi hann ekki. Stefndi Steinn Jakob ýtti stefnanda frá lögreglubifreiðinni að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs og tók hann þar þeim tökum, að stefnandi varð rænulaus eða rænulítill. Dró stefndi Steinn Jakob stefnanda í þessu ástandi upp Frakkastíg að lögreglubifreiðinni og sleppti þar takinu, svo að stefnandi skall með andlitið í götuna með þeim afleiðingum, að hann bólgnaði og skrámaðist í andliti, hlaut 1/2 cm langt sár á vinstri augabrún, fjögur dökkrauðleit, skálæg, samsíða för framan á hálsi og alls sjö tennur í efri og neðri gómi brotnuðu.

Framangreindir málavextir eru taldir sannaðir í dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 7. maí 1991, í máli ákæruvaldsins gegn Steini Jakobi Ólasyni, en með dómi þessum var hann dæmdur í þriggja mánaða varðhald.

Í dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 14. nóvember 1991, segir meðal annars:

„Fallast ber á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi í starfi sínu sem lögreglumaður í Reykjavík aðfaranótt 27. desember 1990 beitt Sigurð Kaldal Sævarsson harðræði, er leiddi til þeirra meiðsla hans, sem lýst er í ákæru málsins. Voru aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til."

Refsing ákærða þótti hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en með hliðsjón af því, að ákærði hafði verið leystur frá störfum frá 24. janúar 1991 og hafði ekki áður sætt kæru eða refsingu, þótti rétt að skilorðsbinda refsingu hans.

– – –

Niðurstöður.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 14. nóvember 1991 í máli ákæruvaldsins gegn Steini Jakobi Ólasyni var staðfestur dómur sakadóms Reykjavíkur, þar sem sannað þótti, að stefnandi hefði verið beittur harðræði af stefnda við handtöku 27. desember 1990, þá er hann var á leið úr samkvæmi, sem haldið var á Bergþórugötu 1, hér í borg, sem leitt hafi til þeirra meiðsla, sem hér að framan hefur verið lýst. Vegna hávaða í samkvæminu hafi verið kallað á lögreglu. Í dómi Hæstaréttar segir síðan orðrétt: „Voru aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til." Er niðurstaða Hæstaréttar lögð til grundvallar í þessu máli.

Ljóst er, að lögreglumenn, þar á meðal stefndi Steinn Jakob, hafi beint þeim tilmælum til fólks, sem á vettvangi var, að það gengi ekki aftur fyrir lögreglubifreiðina, þar sem unnið var að handtöku. Þessu sinnti stefnandi eigi, heldur gekk í trássi við fyrirmæli lögreglu aftur fyrir lögreglubifreiðina og gaf þá skýringu, að hann ætti heima á Kárastíg 3. Í kjölfar þess var hann

handtekinn af stefnda Steini Jakobi. Þegar litið er til framburðar vitna, sem gáfu skýrslu í sakadómi Reykjavíkur, þykir stefnandi hafa sýnt fram á þrátt fyrir neitun stefnda Steins Jakobs, að stefndi hafi tekið stefnanda hálstaki, sem hafi leitt til meðvitundarleysis stefnanda. Stefnda Steini Jakobi hefur ekki tekist að sýna fram á, að tannbrot þau, er stefnandi hlaut, hafi verið af völdum einhvers annars en aðgerða hans, en fjöldi vitna í sakadómsmálinu hefur borið um hinn mikla skell, þegar stefndi Steinn Jakob sleppti takinu á stefnanda rænulausum, liggjandi á hnjánum, þannig, að höfuð hans féll í götuna, án þess að hann bæri hendurnar fyrir sig. Þá hefur stefndi Steinn Jakob borið, að stefnandi hafi kvartað um tannbrot, áður en hann var færður í lögreglubifreiðina, og hafa nokkur vitni stutt þann framburð stefnda Steins Jakobs. Verður því að telja sannað, að tannbrotin hafi verið af völdum hinnar harkalegu handtöku stefnda Steins Jakobs.

Af hálfu stefnda Steins Jakobs hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi ekki farið að fyrirmælum stefnda, og á sá framburður sér stoð í framburði margra vitna. Gegn neitun stefnanda þykir vera sannað með framburði stefnda Steins Jakobs og fjölda vitna, að stefnandi hafi ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu, sem leiddi til handtöku hans. Þegar litið er til framangreindrar niðurstöðu í dómi Hæstaréttar Íslands frá 14. nóvember 1991 og framburðar vitna, þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að stefndi Steinn Jakob fór við handtöku stefnanda langt út fyrir þau mörk, sem lög heimila, og ber því ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af hinum harkalegu og refsiverðu aðgerðum hans hlutust.

Stefndi Steinn Jakob hefur krafist þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar vegna eigin sakar hans. Með vísan til þess, sem hér að framan greinir, er ekki fallist á þessa kröfu stefnda.

Stefnandi þykir með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, hafa sýnt fram á, að stefndi Steinn Jakob hafi við handtöku stefnanda notað lögreglutak, sem bannað er að nota nema við sérstakar aðstæður, og hafi hann þannig valdið meðvitundarleysi stefnanda, en með því hafi hann farið út fyrir þær starfsreglur, sem lögreglumönnum eru settar. Þykja stefndu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra hafa sýnt fram á fyrir hönd ráðuneyta sinna, að þeir geti ekki borið ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af þessu hlutust, þar sem stefnandi sýndi af sér refsiverða hegðun í starfi og fór þar með út fyrir mörk óskráðra reglna um vinnuveitendaábyrgð. Eru ofangreindir stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur sett fram sundurliðaða bótakröfu, sem studd er gögnum að litlum hluta. Vegna tannviðgerða krefst stefnandi 900.000 kr. Stefnandi rökstyður kröfu sína þannig, að hann þurfi að fara tvisvar á ævinni aftur í tannviðgerð, sams konar og hann hafi gengist undir hjá Agli R. Guðjohnsen tannlækni, sbr. reikning á dskj. nr. 10, en þar er sundurliðaður kostnað-

ur vegna tannviðgerða stefnanda, að fjárhæð 264.332 kr. Þá verði að reikna með vinnutekjutapi og óþægindum þannig, að fjárhæð hvert sinn sé 300.000 kr. Fallist er á kröfu stefnanda, sem nemur 264.332 krónum, en sú fjárhæð er studd fram lögðum reikningi, svo sem hér að framan greinir. Hins vegar getur stefnandi ekki með neinni vissu sagt til um, hvort eða hvenær hann þarf á nýrri tannviðgerð að halda, og er kröfu hans því vísað frá dómi vegna vanreifunar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á vinnutekjutap vegna tannviðgerða árið 1991. Er sú krafa hans ekki studd neinum gögnum, og er henni því vísað frá dómi.

Stefnandi hefur krafist greiðslu á tekjutapi vegna seinkunar á námi, 375.000 króna. Er krafan miðuð við fimm mánuði á 75.000 kr., sbr. útreikning LÍN á námsláni til stefnanda á dskj. nr. 15, þar sem stefnandi hafi orðið að hætta við að fara í próf vegna líkamsmeiðinga, og þar með hafi hann tafist um eina önn í námi sínu í viðskiptadeild. Er fjárhæðin miðuð við, að stefnandi hefji vinnu fimm mánuðum seinna eftir námslok en ella. Framangreindir atburðir urðu 27. desember 1990, en stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið skráður í próf í janúar 1991. Stefndi Steinn Jakob hefur mótmælt þessari kröfu, þar sem stefnandi hafi ekki byrjað nám á nýjan leik og því ekki verið um neina seinkun á námslokum að ræða, eins og stefnandi heldur fram. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, þó að hann hafi ekki þreytt þau próf í janúar 1991, sem hann var skráður í, enda liggur það fyrir, að hann tók ekki upp þráðinn við námið eftir þetta. Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á neitt tekjutap, og verður því ekki fallist á kröfu hans.

Þá hefur stefnandi gert kröfu vegna ófjárhagslegs tjóns, samtals 3.500.000 kr. Stefnandi vísar til þess, að hann hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum, og einnig krefst hann bóta vegna óþæginda og lýta. Stefndi Steinn Jakob hefur mótmælt kröfu þessari.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum í kjölfar þessa atburðar. Stefnandi þurfi hins vegar að ganga undir miklar tannviðgerðir, og er ekki dregið í efa, að hann hafi haft af því talsverð óþægindi. Með vísan til þess, sem að framan segir, þykir rétt, að stefndi Steinn Jakob greiði stefnanda 200.000 kr. í miskabætur.

Stefnandi hefur gert kröfu um vexti með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992, en málið var þingfest fjórum vikum áður, þ. e. 21. janúar 1992.

Ber því samkvæmt framangreindu að dæma stefnda Stein Jakob til að greiða stefnanda samtals 464.322 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Stefndi Steinn Jakob greiði stefnanda 140.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Rétt þykir, að málskostnaður milli stefnanda og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis, falli niður.

Ólafur Ragnarsson hrl. flutti málið f. h. stefnanda, Sigurðar Kaldal Sævarssonar.

Hilmar Ingimundarson hrl. flutti málið f. h. stefnda Steins Jakobs Ólasonar.

Gunnlaugur Claessen hrl. flutti málið f. h. stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi Steinn Jakob Ólason greiði stefnanda, Sigurði Kaldal Sævarssyni, 464.332 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi Steinn Jakob Ólason greiði stefnanda 140.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Málskostnaður milli stefnanda og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis fellur niður.

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 350/1994. **Stígandi hf.**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Hafnarbakka hf. og til réttargæslu
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Jakob Möller hrl.)

Lausafjárkaup. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1994 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 14.485.102 krónur, með tilgreindum vöxtum frá 1. október 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara verulegrar lækkunar bóta. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Einnig hafa verið lagðar fram skýrslur, er gefnar voru í Héraðsdómi Reykjaness að beiðni áfrýjanda 13. janúar sl. Þar komu fyrir dóminn sem vitni Sigurður Sigfússon, framkvæmdastjóri hjá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda í Mílanó á Ítalíu, og dr. Sigurður Grétar Bogason matvælafræðingur.

Í skýrslu Sigurðar Sigfússonar kemur fram, að haustið 1991 hafi borið mikið á rauða í fiski frá mörgum framleiðendum, sem gosið hafi upp á mörgum stöðum samtímis. Einkenni hafi bent til þess, að rauðamengað salt hafi verið notað við framleiðsluna. Kvartanir hafi komið frá kaupendum við Miðjarðarhaf, og þetta hafi kostað SÍF verulegar skaðabætur. Við athugun hafi böndin borist að saltfarmi, sem kom til Íslands frá Frakklandi á vegum Hafnarbakka hf. 4. júní 1991. Ekki er í ljós leitt, hvort skaðabótakröfum hafi verið beint að stefnda vegna þessa.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er talið, að roðagerlar séu í öllu

sjávarsalti og að til þess að þeir geti vaxið og fjölgað sér, þurfi þrennt að koma til: lífræn næring, raki og hiti yfir 7 – 8° C. Álit sérfræðinga Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er á þá leið, að ekkert bendi til þess, að roði komi fram í saltfiski við vinnslu og geymslu, þótt roðagerlafjöldi sé mikill í saltinu, sé hitastigi haldið undir 7– 8° C. Fari hitastig hins vegar yfir þau mörk, sé líklegt, að roðagerlar verði virkir, en þá fari það meðal annars eftir fjölda gerlanna í saltinu, hve fljótt roðinn komi fram í saltfiskinum. Þessu sérfræðiáliti hefur áfrýjandi ekki hnekkt.

Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra áfrýjanda varð hann var við roðaskemmdir í saltfiskinum „upp úr miðjum júní". Samkvæmt skjölum málsins var fyrri hluti júnímánaðar 1991 kaldur á Akureyri, en síðari hluti hlýr. Fór hiti þar í 13,5° C 17. júní og í 19,6° C 18. júní og hélst yfir 12° C það, sem eftir var júnímánaðar, og fór í 18 – 20° C í lok mánaðarins. Ekkert er í ljós leitt um hitastig í húsinu, þar sem fiskurinn var verkaður. Í málinu liggur fyrir rannsókn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, dagsett 1. júlí 1991, þar sem segir um sýni, sem móttekið var 10. júní, að fjöldi roðagerla í því „telst vera í meira lagi miðað við nýinnflutt sjávarsalt". Þrátt fyrir þetta er það meðferð og notkun áfrýjanda á saltinu, sem hér ræður úrslitum. Verður að fallast á það, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, að skýringin á því, að roði myndaðist í fiski áfrýjanda, hljóti að vera, að hiti hafi farið yfir 7–8° C, þegar fiskurinn var verkaður. Verður því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á bótaábyrgð stefnda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. fyrra mánaðar, hefur Stígandi hf., kt. 550268-0199, Kirkjuvegi 3, Ólafsfirði, höfðað fyrir dóminum með þingfest-

ingu málsins 23. nóvember sl. á hendur Hafnarbakka hf., kt. 560988-2069, Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi, Hafnarbakki hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 14.485.102 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda, Hafnarbakka hf., eru endanlegar dómkröfur aðallega þær, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og málskostnaður falli þá niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir helstir, að stefnandi, sem rekur saltfisksverkun á Ólafsfirði, festi 4. júní 1991 kaup á 100 tonnum af fisksalti hjá stefnda, sem m. a. stundar þá starfsemi að flytja inn og dreifa salti. Saltið var flutt til landsins frá Frakklandi í leiguskipinu ms. Salzach af stefnda, og var farmur þess m. a. losaður á Dalvík, þar sem stefnandi keypti saltið, eftir að það hafði verið sekkjað.

Stefndi lét taka sýni úr saltfarminum 10. júní 1991 og kom því til rannsóknar á örverudeild Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Niðurstaða rannsóknar á sýninu lá fyrir 1. júlí sama ár, og leiddi hún í ljós, að 170.000 roðagerlar reyndust vera í hverju grammi. Rannsóknarinn taldi fjölda gerla vera í meira lagi m. v. nýinnflutt Spánarsalt.

Stefnandi lýsir atvikum m. a. svo:

„Stefnandi gerði kaup þessi, þar sem birgðir hans af nýju salti höfðu gengið til þurrðar, en hjá honum voru þá í vinnslu u. þ. b. 120 til 130 tonn af verkuðum fiski og þar af 67,6 tonn, sem stóð til að meta til útflutnings, þ. e. salta með nýju salti og flokka eftir stærð og gæðum í útflutningsumbúðir. Fljótlega eftir að farið var að nota saltið, komu í ljós roðaskemmdir (rauði) í saltfiskinum. Þá var strax haft samband við afgreiðslu stefnda, Hafnarbakka hf. á Dalvík, og kvörtun komið á framfæri. Starfsmenn þar mótmæltu því, að um gallað salt gæti verið að ræða. Jafnframt var strax í samráði við eftirlitsmann SÍF hafist handa við allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón. Tekið var til við að þvo og skrúbba hvern fisk bæði með handþvotti og vélþvotti, og var m. a. fengin til þess sérstök vél að láni frá SÍF í Reykjavík. Síðan var endursaltað með nýju salti. En allt kom fyrir ekki, roðinn blossaði upp aftur og enn aftur, svo að í þrígang

þurfti að meðhöndla sama fiskinn, og var það ekki fyrr en eftir 15. ágúst 1991, eftir að afgreiðsla fór fram úr nýjum saltfarmi úr flutningaskipinu Mur, að roðinn hætti að koma fram. Allt starfsfólk stefnanda var bundið við þetta frá miðjum júní til septemberloka 1991. Þegar upp var staðið eftir sumarið og búið að komast endanlega fyrir roðann, hafði fiskurinn bæði rýrnað að heildarþyngd og fallið töluvert í mati vegna minni gæða.

Miðað við 48% flatningsnýtingu, sem er meðalnýting, hefði útflutningur stefnanda þetta tímabil átt að vera 158.188 kg, en varð í reynd 139.000 kg, þegar upp var staðið. Vegna roðans hafði því orðið magnrýrnun, sem nam 19.188 kg. Meðalverð, áður en roðavandamálið kom upp, hafði verið 263,47 kr. á kg miðað við mat á þeim 67,6 tonnum, sem verið var að meta til útflutnings og söltuð höfðu verið með nýja saltinu, en varð 244,51 kr. eftir á.

Endurtekning roðans stafaði af því, að alltaf var verið að salta fiskinn úr gölluðu salti, en nýjar afgreiðslur frá stefnda, Hafnarbakka hf., til og með 7. ágúst 1991 fóru fram úr sama saltfarminum, sem stefnda, Hafnarbakka hf., mátti vera ljóst, að væri gallaður, þar sem gerlarannsókn að undirlagi hans hafði farið fram þegar eftir komu Salzach til landsins. . . . Eftir að roðinn kom upp um miðjan júní 1991, lagðist öll venjuleg saltfisksverkun af hjá stefnanda að undanskildu því, að í byrjun tímabilsins var unnið úr 62 tonnum, sem eftir verkun urðu u. þ. b. 30 tonn, sem síðan urðu roðanum að bráð eins og annað. . . . Heildarsaltkaup stefnanda hjá stefnda, Hafnarbakka hf., voru á þessu tímabili samtals 322 tonn, en þar af reyndust 150 tonn vera úr farmi Salzach. Af þessum kaupum ónýttust a. m. k. 182 tonn, en það er magn, sem stefnandi hafði skráð hjá sér, um leið og því var ekið í sjóinn."

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram í málinu skrá yfir aðra fiskverkendur, sem keyptu salt úr farmi ms. Salzach, og hefur þeirri skrá ekki verið mótmælt sem slíkri. Óumdeilt er í málinu, að þegar saltkaupin fóru fram, höfðu gæðastaðlar SÍF um fisksalt ekki verið gefnir út. Fyrsta útgáfa slíks staðals var í febrúar 1992.

Undir rekstri málsins öfluðu málsaðilar sérfræðiálita Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við tilteknum spurningum. Af hálfu stefnda var álits óskað á eftirtöldum atriðum, og er sérfræðiálits Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins getið eftir hverja spurningu:

1. Hverjar eru sennilegustu skýringar á skemmdum fisks þess, sem um getur í skjölum málsins, og hefði verið unnt að afstýra skemmdunum með öðrum vinnubrögðum en lýst er í skjölum málsins?

1. Svar RF: Skemmdirnar í saltfiskinum hafa stafað af vexti svo-

nefndra roðagerla (ættkvíslir halobacterium og/eða halococcus), en þessir gerlar framleiða rautt litarefni. Almennt er talið, að roðagerlar vaxi ekki í saltfiski, ef hiti er undir 7–8°C. Sennilegustu skýringar á því, hvers vegna roðamyndun átti sér stað í fiskinum hjá Stíganda hf., eru þær, að geymsluhiti fisksins hafi á einhverjum stigum vinnslunnar farið yfir 7–8°C.

2. Eru roðagerlar í öllu sjávarsalti, sem unnið er við Miðjarðarhaf og notað til fisksöltunar?

2. Svar RF: Já, talið er, að roðagerlar séu í öllu sjávarsalti.

3. Sé svarið við 2 já, eða a. m. k. flestu, hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til þess að roðagerlar í saltinu verði virkir?

3. Svar RF: Til þess að roðagerlar verði virkir, þ. e. geti vaxið, þarf að koma til lífræn næring (t. d. fiskhold), raki og hiti yfir 7 – 8°C.

4. Séu í fisksalti 170.000 roðagerlar í 1 g, má þá nota það salt til fiskverkunar án hættu á skemmdum, sé eðlilegum varúðarráðstöfunum fylgt?

4. Svar RF: Það eru engin lög eða reglugerðir til, sem banna notkun salts til fiskverkunar, sem inniheldur 170.000 roðagerla í 1 g. Slíkt salt er hægt að nota til söltunar án hættu á roðaskemmdum sé fullkomlega tryggt, að geymsluhiti á fiskinum fari ekki yfir 7 – 8°C.

5. Er líklegt, að roðagerlar í fisksalti verði virkir, óháð fjölda þeirra í upphafi, sé saltað í húsi, sem stendur opið og lofthiti er yfir 8° og kæling ekki stöðugt í gangi?

5. Svar RF: Já, það er líklegt, að roðagerlar í saltfiski verði virkir, ef lofthiti er yfir 8°C og kæling ekki stöðugt í gangi.

6. Er líklegt, að saltfiskur, sem verkaður var við skilyrði, sem lýst er í dómskjali 17, skemmist af roðagerlum, þótt fjöldi gerla hefði verið langt undir 170.000 í 1 g fyrir upphaf verkunar?

6. Svar RF: Hafi geymsluhiti fisksins sannanlega farið yfir 7 – 8°C í einhvern tíma, má telja líklegt, að roðaskemmdirnar hefðu komið fram, þótt fjöldi roðagerla í saltinu hefði verið langt undir 170.000 í 1 g í upphafi verkunar. Hins vegar er líklegt, að roðamyndunin hefði komið eitthvað síðar fram, ef saltað hefði verið með salti með mjög lágu roðagerlamagni. Ekki er unnt að nefna ákveðin tímamörk í þessu sambandi.

Þá verður á sama hátt og hér að framan gerð grein fyrir beiðni stefnanda um sérfræðiálit RF og svörum RF:

A. Í fræðiritum, þar sem fjallað er um sjávarsalt til fisksöltunar, segir, að gera megi ráð fyrir heildargerlafjölda í grammi á bilinu 10^2–10^3, sbr. grein í Fish Tech. News, Vol. 10 1:1990, höfundar H.H. Huss og G. Valdimarsson, þar sem vísað er í fræðirit Jespen & Skovgaard frá 1975: Levnedsmiddelmikrobiologi og hygiejne. Eru sérfræðingar RF samþykkir þessari viðmiðun?

A. Svar RF: Mjög fáar mælingar hafa verið gerðar á heildargerlafjölda í sjávarsalti hér á landi. Hins vegar benda þær mælingar, sem gerðar hafa verið hjá RF á roðagerlum í nýinnfluttu sjávarsalti, til þess, að ekki sé óalgengt, að fjöldi þeirra sé á bilinu $10^3 - 10^5$ í 1 g. Í greininni, sem vísað er til í spurningu yðar, er nefndur heildargerlafjöldi í sjávarsalti **alls ekki** ætlaður sem viðmiðun. Þar er tekið fram, að fjöldinn geti verið mjög breytilegur, og m. a. bent á, að gerlum fækki við geymslu í þurru umhverfi.

B. Á dómskjali nr. 26 er saltstaðall nr. 1. Þar segir, að fjöldi roðagerla eigi ekki að fara yfir 10^3 í hverju grammi. Þar er vísað til samstarfs RF við gerð staðalsins, og sé hann m. a. byggður á upplýsingum þar frá. Byggðist þessi fjöldaviðmiðun, hvað roðagerla snerti, á því, sem talin var almenn viðmiðun, sbr. lið A hér að framan?

B. Svar RF: Fyrsta útgáfa af saltstaðli SÍF frá 1. febrúar 1992 (dómskjal nr. 26) er ekki lengur í gildi, en þar sagði, að fjöldi roðagerla ætti ekki að vera yfir 10^3 í 1 g. Í 2. útgáfu staðalsins frá 1. júní 1992 var þessu breytt þannig, að roðagerlar skuli ekki vera yfir 10^5 í 1 g (undir 10^5 gott, $10^5 - 10^6$ gallað). Þessi breyting var m. a. gerð í ljósi þess, að ekki er óalgengt, að roðagerlafjöldi í nýinnfluttu sjávarsalti sé á bilinu $10^3 - 10^5$ í 1 g, eins og áður sagði.

C. Er það í samræmi við áður tilgreinda viðmiðun, þ. e. 10^3 pr. gramm, að í gerlarannsókn á dómskjali nr. 22 er sagt, að niðurstaðan 34000 roðagerlar í grammi teldist nokkuð mikið?

C. Svar RF: Miðað við 2. útgáfu saltstaðalsins, þar sem mörkin eru sett við 10^5 í g, er ekki óraunhæft að telja 34000 roðagerla í g nokkuð marga. Sé hins vegar litið til 1. útgáfu, sem nú er úr gildi fallin, en þar var miðað við 10^3, væri eðlilegra að telja þennan fjölda mikinn.

D. Ef svarið við C er neikvætt, óskast það skýrt, hvernig viðmiðun í því tilviki hafi verið fundin.

D. Svar RF: Undirritaðir telja, að viðmiðunin í 1. útgáfu saltstaðalsins (10^3/g) hafi verið til komin vegna óska SÍF-manna um mjög ströng mörk varðandi fjölda roðagerla í sjávarsalti.

E. Saltafgreiðslan, sem málið snýst um, átti sér stað 4. júní 1991. Gert er ráð fyrir, að vinnsla með saltið hafi byrjað daginn eftir, 5. júní, og kemur fram í gögnum málsins, að roðinn hafi verið kominn fram fyrir miðjan júní. Á dómskjali nr. 28 er yfirlit Veðurstofu Íslands um veður í júní 1991. Ef tekið er mið af hitastigi á tímabilinu 5. júní 1991 til og með 15. júní 1991 á Akureyri, sem talið er sambærilegt við Ólafsfjörð, sést, að meðalhiti þess tímabils er 5,2°, og fer hitastigið hæst í 9,2°, en lægst í 0,8°. Er líklegt, að hitastig innan dyra í óupphituðu saltfisksverkunarhúsi, gluggalausu með inn-

keyrsludyr í norðurátt, hafi farið yfir 8° miðað við þessar aðstæður á sama tímabili?

E. Svar RF: Undirritaðir telja, að ekki sé hægt að svara þessari spurningu á áreiðanlegan hátt miðað við þær upplýsingar, sem fram koma í spurningunni.

F. Er líklegt, að saltfiskur skemmist af roðagerlum við vinnslu, sé magn roðagerla undir 10^3 í hverju grammi og hitastig við verkun undir 8°?

F. Svar RF: Það er afar ólíklegt, þar sem almennt er talið, að roðagerlar vaxi ekki í saltfiski, sé hiti undir 7–8°.

G. Á dómskjali nr. 9 er gerlarannsókn nr. SA-91-5. Einstakar mælingar óskast tilgreindar, sem leiða til meðalniðurstöðunnar 170.000 roðagerlar í hverju grammi.

G. Svar RF: Aðeins ein mæling, eitt sýni, liggur að baki tölunni 170.000/g í gerlarannsókn nr. SA-91-5.

H. Liggja fyrir aðrar gerlarannsóknir á salti frá þeim framleiðanda í Suður-Frakklandi, sem vísað hefur verið til? Ef svo er, hver var þá niðurstaðan?

H. Svar RF: Þegar saltsýni eru send RF til roðagerlamælinga, fylgja að öllu jöfnu ekki með upplýsingar um framleiðanda saltsins. Því er ekki ljóst, hvort aðrar rannsóknir hafa verið gerðar á salti frá sama framleiðanda og framleiddi umrætt salt (sbr. rannsókn SA-91-5).

Í 2. útgáfu gæðastaðals SÍF fyrir sjávarsalt til saltfisksframleiðslu, sem út kom í júní 1992, segir m. a. í grein 4.4.1, að roðagerlar skuli ekki vera samtals fleiri en 100.000 roðagerlar/g (gott < 100.000 roðagerlar/g, gallað 100.000–1.000.000 roðagerlar/g).

Í 7. gr. staðalsins segir, að ef einn eða fleiri gæðaþættir fái einkunnina „ónothæft", sé allt það salt, sem mælingin taki til, ónothæft til söltunar á fiski. Ef einn eða fleiri gæðaþættir fái einkunnina „gallað", skuli takmarka notkun á saltinu þannig, að tjón verði í lágmarki.

Af hálfu stefnanda hefur m. a. verið lagt fram í málinu mánaðaryfirlit Veðurstofu Íslands um veðráttu í júní 1991. Samkvæmt yfirlitinu var meðalhiti júnímánaðar á Akureyri 8,1°C, hámarksmeðalhiti 12,2°C og meðaltal lægsta hita 5,0°C.

Hámarkshiti var yfir 10° 1. – 4. júní, undir 10° 5. – 17. júní, en talsvert yfir 10°, það sem eftir lifði mánaðarins. Hæst komst hitinn í 20,1° 30. júní þetta ár.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðar fram í málinu yfirlýsingar Sólrúnar hf. á Árskógsströnd og Fiskverkunar Sæunnar Axelsdóttur hf. á Ólafsfirði,

báðar dagsettar 30. september 1993, sem ganga út á það, að þessi fyrirtæki hafi keypt salt á Dalvík 5. júní 1991 úr farmi ms. Salzach, notað það við hefðbundna saltfisksverkun og ekkert reynst athugavert við saltið né afurðirnar, sem verkaðar voru með því. Tekið er fram, að ekkert hafi borið á roðaskemmdum í fiskinum. Fyrri yfirlýsingin var staðfest við aðalmeðferð málsins.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur framkvæmdastjóri stefnanda, Gunnar Þór Árnason, sonur hans, Sigurður Gunnarsson, stjórnarmaður í stefnanda, framkvæmdastjóri stefnda og Bragi Ragnarsson.

Fyrir dóminn komu sem vitni Jón Helgason eftirlitsmaður, fyrrverandi yfirfiskmatsmaður hjá Ríkismati sjávarafurða, Ósk Sigríður Jónsdóttir, starfsmaður skoðunarstöðvar á Dalvík, fyrrverandi matsmaður hjá stefnanda, dr. Grímur Valdimarsson örverufræðingur, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Gunnlaugur Vigfússon, verkstjóri hjá Þormóði ramma á Siglufirði, Pétur Sigurðsson, verkstjóri hjá Sólrúnu hf. á Árskógsströnd, og Sigurpáll Þór Gunnarsson viðskiptafræðinemi, sonur framkvæmdastjóra stefnanda.

Fram kom í framburði framkvæmdastjóra stefnanda, sona hans og vitnisins Óskar Sigríðar Jónsdóttur, að staðið hefði verið að verkun saltfisks þetta sumar eins og venja stæði til, ekkert hefði verið athugavert við kælingu fisksins og hitastig í fiskverkunarhúsi og að roðatjónið hefði verið bundið við notkun þess salts, sem mál þetta snýst um.

Fram kom í framburði vitnanna Gunnlaugs Vigfússonar og Péturs Sigurðssonar, að umrætt salt hefði verið notað við verkun saltfisks í fyrirtækjum þeim, sem þeir starfa hjá, án þess að roða yrði vart í fiskinum.

Vitnið Jón Helgason minntist þess ekki, að neitt hefði verið athugavert við aðstæður til fiskverkunar hjá stefnanda þetta sumar, og taldi hann kæligetu hjá fyrirtækinu hafa verið þokkalega í ágúst 1991.

Vitnið dr. Grímur Valdimarsson lýsti því, í hverju roðatjón fælist, orsökum þess og hver skilyrði þyrftu að vera, til þess að roðagerlar næðu að fjölga sér í þeim mæli, að roðinn sæist berum augum. Nánar verður vikið að framburði vitnisins að þessu leyti í forsendum dómsins.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi selt honum gallaða vöru, sem bæði hafi reynst ónothæf sjálf og valdið mjög alvarlegu tjóni á þeirri vöru, sem hún rann saman við, vegna síns upphaflega galla. Stefnda hafi verið ljóst, að nota ætti saltið til fisksöltunar, enda hefði stefndi sjálfur tilgreint saltið sem fisksalt. Stefndi hafi mátt vita, að um gallaða vöru væri að ræða, þar sem hann hafi sjálfur látið gera gerlaprófun á saltinu, þegar það kom til landsins, og hafi magn roðagerla reynst vera 170.000 í hverju

grammi. Samkvæmt Saltfisksbók SÍF þurfi að gera ráð fyrir því, að roðagerlar séu í öllu sjávarsalti, og þar segi, að algengt magn roðagerla sé 100 til 1000 í hverju grammi. Samkvæmt gæðastaðli SÍF sé salt talið gallað, ef magnið fari yfir 100.000 í hverju grammi. Við afhendingu vörunnar hafi engir fyrirvarar verið gerðir af hálfu stefnda þess efnis, að um væri að ræða gallaða vöru, sem hugsanlega væri ónothæf eða gæta þyrfti sérstakrar varúðar við meðhöndlun á. Stefnandi hafi staðið að saltfisksverkun sinni á sama hátt og hann hafi gert um langt árabil, án þess að til tjóns hefði komið. Stefnanda sem innflytjanda og seljanda hljóti að vera skylt að gera kröfu til hins erlenda framleiðanda um gæði vörunnar og krefjast nauðsynlegra gerlamælinga, áður en til innflutnings komi, en samkvæmt Saltfisksbók SÍF þurfi salt að standa nokkra mánuði eftir uppskeru, áður en það sé hæft til notkunar sem fisksalt.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabótaréttar, og telur hann stefnda hafa með vítaverðu gáleysi valdið sér skaða, og beri hann því ábyrgð á tjóni stefnanda og beri að bæta það að fullu. Í greinargerð sinni vísar stefnandi til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og grundvallarreglna skaðabótaréttarins kröfum sínum til stuðnings.

Í munnlegum málflutningi reisti stefnandi kröfur sínar m. a. á 3. mgr. 43. gr. kaupalaga, almennu skaðabótareglunni og rýmkaðri sakarreglu. Hann skírskotaði til skaðlegra eiginleika hins selda salts. Stefnandi kveður skaðlega eiginleika saltsins hafa verið langt umfram það, sem stefnandi mátti búast við. Þá hafi stefndi vitað eða mátt vita um skaðlega eiginleika saltsins og þar með, að það var gallað, í síðasta lagi 1. júlí 1991, og hafi hann þá í síðasta lagi átt að láta stefnanda vita. Í máli þessu sé fullsannað, að roðaskemmdirnar megi rekja til saltsins, og sé orsakasamband því fyrir hendi. Þá sé upplýst í málinu, að því fleiri roðagerlar sem séu í salti, þeim mun meiri líkur séu á roðaskemmdum.

Stefnandi mótmælir því, að ófullnægjandi aðferðum hafi verið beitt við vinnsluna og að hitastig hafi verið of hátt.

Stefnukröfur sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Vinnulaun 13. 6. – 26. 9. 1991	kr. 3.634.340		
	Frá dregst vegna verkunar 62 t.	– 550.000	kr.	3.084.340
2.	Launatengd gjöld 12%		–	370.021
3.	Stjórnunarkostnaður þrjá mán.		–	750.000
4.	Lyftari og flutningstæki 480 tímar		–	480.000
5.	Gerlamengað salt 182 tonn á 6.260,51		–	1.139.413
6.	Verðrýrnun á roðaskemmdum fiski 139.000 kg á meðalverði fyrir roðann að frá dregnu söluverði skemmda fisksins		–	2.635.440

7.	Magnrýrnun vegna roðaskemmda og þvotts á 158.188 kg. Rýrnun 19.188 kg á meðalverði fyrir roðann, 263,47 kr.	–	5.055.462
8.	Vaxtatap vegna seinkunar á sölu afurða, 11,42% af 33.986.890 kr. í þrjá mánuði	–	970.326
		Alls	kr. 14.485.102.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að ekki hafi verið sýnt fram á neinar vanefndir af sinni hálfu á samningi sínum við stefnanda. Saltið, sem selt hafi verið, hafi verið af venjulegum tilskildum gæðum, og sé ósannað, að svo hafi ekki verið. Þá muni alls um 15 – 20 fiskverkendur hafa keypt salt úr sama farmi og stefnandi og enginn nema stefnandi séð ástæðu til að telja sig hafa orðið fyrir tjóni. Jafnvel þótt saltið hafi ekki verið af nægum gæðum, sé ósannað orsakasamband á milli þess og tjóns stefnanda. Fyrir liggi í málinu, að aðstæðum við fiskverkun stefnanda hafi verið verulega áfátt sumarið 1991. Stefnandi virðist hafa vanrækt það grundvallaratriði að halda verkunarfiski kældum fyrir neðan það hitastig, sem roðagerlar vakna úr dvala við.

Með hliðsjón af því, að algerlega sé ósannað, að fisksalti því, sem stefndi seldi stefnanda í júní 1991, hafi verið í nokkru áfátt, sé mótmælt tilvísun stefnanda til laga um lausafjárkaup og grundvallarreglna skaðabótaréttarins. Þá sé tilvísun stefnanda til gæðastaðla mótmælt, en þeir hafi ekki verið komnir í gildi, er salan fór fram.

Af hálfu stefnda er kröfulið 1 í dómkröfum stefnanda mótmælt tölulega og efnislega, kröfulið 2 sem byggðum á röngum grunni, töluliðum 3 og 4 tölulega og efnislega og töluliðum 5 – 8 efnislega.

Í munnlegum málflutningi var því af hálfu stefnda mótmælt sem of seint fram komnum lagarökum hjá stefnanda að reisa dómkröfur á rýmkaðri sakarreglu. Þeim lagarökum hafi stefnandi fyrst hreyft í munnlegum málflutningi.

Af hálfu stefnda var athygli á því vakin, að það væri náttúrlegur hlutur, að roðagerlar væru í sjávarsalti. Þeir verði hins vegar ekki virkir, nema geymsluhiti fisks fari yfir 7 – 8°C. Þá sé ljóst samkvæmt framburði vitnisins dr. Gríms Valdimarssonar örverufræðings, að aðeins kunni að muna örfáum dögum, hvenær roði komi fram í fiski, hvort þeir séu í upphafi t. d. 99.000/g eða 170.000/g í saltinu. Stefnandi hafi mátt búast við gerlum í saltinu, og geti hann því ekki borið fyrir sig, að saltið hafi verið gallað.

Niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt, að í öllu sjávarsalti eru svokallaðir roðagerlar. Þá þykir bera að leggja til grundvallar í málinu það sérfræðilega álit örverufræðinganna dr. Gríms Valdimarssonar og Hannesar Magnússonar, sem báðir starfa hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, dr. Grímur sem forstjóri, að til þess að roðagerlar í salti verði virkir, þ. e. geti vaxið, þurfi að koma til lífræn næring (t. d. fiskhold), raki og hiti yfir 7 – 8°C. Áliti þeirra hefur hvorki verið mótmælt né tilraun gerð til að hnekkja því.

Í vitnaskýrslu sinni fyrir dóminum kvað dr. Grímur Valdimarsson roðatjón felast í því, að bakteríur af ættkvíslinni halococcus og/eða halobacterium, sem séu í öllu sjávarsalti, komist í snertingu við fisk eða annað prótín við hitastig yfir 7 – 8°C og nái að vaxa í það miklum mæli, að rautt litarefni, sem þær mynda, verði sýnilegt. Þá kvað vitnið ekkert benda til þess í rannsóknum í dag, að roði myndaðist, ef hiti væri undir 7 – 8°C. Komi roði hins vegar upp, hafi hiti sannanlega verið yfir 7 – 8°C í einhvern tíma. Því fleiri sem roðagerlarnir séu í upphafi, því fyrr komi roðinn fram, sé hiti meiri en 7 – 8°C. Hins vegar bendi ekkert til þess, að roði komi fram, jafnvel þótt roðagerlafjöldi sé mjög mikill í upphafi, sé hitastig sannanlega undir 7 – 8°C.

Gæðastaðlar SÍF höfðu ekki verið gefnir út, er umrædd saltkaup voru gerð, en á þeim tíma var þó unnið að gerð þeirra. Þá hefur komið fram í málinu, að stefndi hefur ekki viljað samþykkja staðalinn, að því er varðar mörk fjölda roðagerla. Hvorki hann né framleiðendur salts treystu sér til að ábyrgjast og tryggja ákveðin mörk. Framburður forstöðumanns stefnda að þessu leyti er í samræmi við vitnisburð dr. Gríms Valdimarssonar um tilurð staðalsins, þar sem fram kom, að hagsmunaaðilar hafa ekki getað komið sér saman um ákveðin mörk um hámarksroðagerlafjölda í sjávarsalti.

Dr. Grímur Valdimarsson kvað roðatjón hafa verið algengt áður fyrr alveg frá upphafi saltfisksverkunar. Þetta hafi breyst með tilkomu kælingar á fiski, og sé almenn afstaða manna nú að leysa vandamálið með kælingu. Hann kvaðst hlynntur einhverjum viðmiðunarmörkum um fjölda roðagerla í sjávarsalti til þess að veita meira öryggi, en um þau mörk hafi hagsmunaaðilar ekki komið sér saman. Þarna sé því um viðskiptamál að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu m. a. þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að fjöldi roðagerla í hinu keypta salti hafi verið meiri en hann gat vænst. Ósannað er, að hann hafi áskilið við kaupin, að í saltinu væru færri roðagerlar í grammi en raun varð á eða að stefndi hafi mátt ætla, að slíkur áskilnaður væri forsenda kaupanna af hálfu stefnanda. Saltið var því ekki gallað í skilningi kaupalaga, hvorki almennt séð né sérstaklega. Sjávarsalt hefur í sér fólginn einn þátt, sem er forsenda þess, að roði geti myndast í

saltfiski við tilteknar aðstæður. Þessi þáttur er þekktur, og honum má halda í skefjum með því að beita þekktum og viðteknum varúðarráðstöfunum. Hér er því ekki um skaðlega eiginleika að ræða í merkingu kaupalaga, sem seljandi beri ábyrgð á.

Framkvæmdastjóra stefnanda var kunnugt um, að í öllu sjávarsalti eru roðagerlar og við hvaða skilyrði þeir fjölga sér og valda að lokum roðatjóni á fiski. Það var því á áhættu stefnanda að verka fiskinn og geyma við aðstæður, þar sem hætta gat verið á roða. Af hálfu stefnanda eru upplýsingar um hitastig á vinnslutímanum og aðrar aðstæður á staðnum af skornum skammti.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, telur dómurinn ekki leika vafa á því, að meginorsök roðans í saltfiski stefnanda megi rekja til þess, að á einhverju stigi framleiðslunnar hafi verkun fisksins átt sér stað við hita, sem var yfir 7 – 8°C. Eins og málið er vaxið, þykir sönnunarbyrði hvíla á stefnanda, að svo hafi ekki verið. Honum hefur ekki tekist sú sönnun.

Af framangreindum ástæðum er niðurstaða málsins því sú, að ekki hafi verið sýnt fram á nein þau atvik, er leiði til þess, að leggja beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda á stefnda, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 350.000 kr.

Dóm þennan kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Sigurður Kr. Óskarsson fiskvinnsluskólakennari og Sigurlinni Sigurlinnason örverufræðingur.

Dómsuppsaga hafði verið ákveðin 17. þessa mánaðar, en vegna ófyrirséðra atvika varð að fresta henni til dagsins í dag.

Dómarar og lögmenn aðila telja endurflutning málsins óþarfan.

Dómsorð:

Stefndi, Hafnarbakki hf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stíganda hf., í máli þessu.

Stefnandi, Stígandi hf., greiði stefnda, Hafnarbakka hf., 350.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 323/1994. **Ríkharður Sveinsson**
(Ólafur Garðarsson hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Umferðarslys. Skaðabætur. Vegir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1994. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði sameiginlega gert að greiða sér 431.639 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1993 til greiðsludags, en til vara krefst hann greiðslu lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti hreyft athugasemd við því, að áfrýjandi beini kröfum að sér ásamt Reykjavíkurborg, þótt hann reisi þær, hvað félagið varðar, á frjálsri ábyrgðartryggingu borgarinnar hjá því. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ríkharður Sveinsson, greiði stefndu, Reykjavíkurborg og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., hvorum um sig, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., var höfðað með framlagningu málsskjala við þingfestingu málsins 13. janúar 1994.

Stefnandi er Ríkharður Sveinsson, kt. 211266-4979, Álftamýri 18, Reykjavík.

Stefndu eru borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 431.639 kr., með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1993, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins. Þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, er þess krafist, að dæmdur verði virðisaukaskattur á málskostnað.

Varakrafa stefnanda er sú, að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra fjárhæð lægri að mati réttarins auk málskostnaðar.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1994 og síðan árlega þann dag.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður [...].

Til vara er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar en stefnandi krefst í aðalsókn og málskostnaður verði látinn falla niður.

II.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 9. júní 1993 var stefnandi á ferð á hjóli sínu suður Ármúla og hjólaði inn á Háaleitisbraut á móti grænu umferðarljósi. Þegar stefnandi var kominn yfir aðra akrein Háaleitisbrautar, lenti hann á fimm sentímetra kanti í malbikinu, sem myndast hafði vegna svokallaðrar „fræsingar", þ. e., þegar gamalt malbik er „fræst" niður, áður en malbikað er að nýju. Við höggið sporðreistist hjólið, og féll stefnandi í götuna, og fór framhjól reiðhjólsins af gafflinum við höggið. Stefnandi slasaðist í andliti og var fluttur í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans. Meiðsli hans voru þau, að hann fékk skrámur á hægri kinn, höku og skurð á nef. Einnig var sár á efri vör og gat í gegnum vörina. Þá var hægri framtönn brotin upp að rótum og tönn við hliðina sprungin. Alls þurfti að sauma ellefu spor í andlit stefnanda.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að þjáningar hans vegna slyssins hafi verið talsverðar, og hafi hann verið frá vinnu rúmar tvær vikur, en merki slyssins hafi hann borið í andliti mun lengur. Þá hafi hann enn eymsli

í vör og nefi. Kostnaður vegna tannlæknaþjónustu, læknisvottorða og ferða á slysadeild nemi 131.639 krónum. Að auki krefst stefnandi 300.000 króna í miskabætur.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á því, að tjónið megi rekja til handvammar og vanrækslu stefnda Reykjavíkurborgar, sem beri að haga verki sínu og eftirliti með því þannig, að vegfarendum stafi ekki hætta af. Þetta hafi ekki verið gert. Þannig segi í lögregluskýrslu, sem tekin var á vettvangi, að það hafi vakið athygli lögregluþjóna, að engin viðvörunarmerki um fræsingaframkvæmdir hafi verið á vettvangi, hvorki á Ármúla né á Háaleitisbraut. Ekki hafi lögregluþjónar heldur getað séð neina viðvörun við kantbríkina. Því hafi stefnanda ekki á nokkurn hátt verið bent á, að hann þyrfti að fara varlega eða haga hjólreiðum sínum á annan hátt en vanalega. Stefnanda verði ekki á nokkurn hátt kennt um slysið. Hann hafi hjólað eftir fjölfarinni götu yfir gatnamót á grænu ljósi, þegar hann hafi hjólað á kantinn. Stefnandi hafi verið á vönduðu reiðhjóli af gerð Peugeot, sem sé viðurkennd tegund. Nánast sé óhugsandi að gjörð úr gaffli reiðhjóls losni nema við högg.

Krafa stefnanda um skaðabætur styðjist við almennu skaðabótaregluna, einkum sakarregluna, og ákvæði XII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, einkum 86. grein, þar sem skylda sé lögð á herðar þeim, er stjórnar verki, svo sem vegavinnu, að merkja staðinn á fullnægjandi hátt.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ábyrgðartryggði stefnda Reykjavíkurborg vegna atvika sem þessa og beri því að bæta stefnanda tjónið. Krafa um, að stefndu beri óskipta ábyrgð á greiðslu stefnukröfunnar sé reist á almennum reglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Krafa um miskabætur byggist á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekki hafi verið sýnt fram á neina sök hjá stefnda borgarsjóði Reykjavíkur, og eigi stefnandi alla sök á tjóni sínu, annaðhvort með óaðgæslu og/eða að hjól hans hafi verið þannig úr garði gert, að það hafi ekki verið hæft til umferðar á götum Reykjavíkurborgar. Því sé haldið fram, að stefnandi hafi mátt búast við ójöfnum á akbrautinni og fjögurra til sex sentímetra ójafna eigi ekki að vera nein hindrun. Ekki sé ástæða til þess að merkja kanta sem slíka, enda eigi þeir alls ekki að geta valdið neinum skaða. Þá er því einnig fram haldið, að orsök slyssins hafi verið sú, að framhjól reiðhjólsins hafi dottið af vegna þess fljótlosunarbúnaðar, sem á hjólinu var, en hér sé um mjög sérhæfðan búnað að ræða, og sé það því stefnanda að sanna, að gengið hafi verið frá búnaðinum á tryggilegan hátt, þ. e. a. s., að spennan hafi verið rétt spennt.

Varakrafa um lækkun bóta er á því reist, að stefnanda beri að bera hluta tjónsins sjálfur, og þá sé miskabótakrafa stefnanda alveg úr hófi.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hann upplýsti þar, að hann væri alvanur reiðhjóli, og kvað hjól sitt hafa verið í fullkomnu lagi umrætt sinn. Hann lýsti aðdraganda slyssins svo, að hann hefði hjólað Ármúla í suður á 20–25 km hraða á klst. Hann hafi haft hugann við umferðarljósin og umferð, sem skar leið hans. Hafi hann ekki vitað fyrr til en framhjólið lenti á kantinum, og við það hafi hjólið sporðreist. Hann upplýsti, að ekki hefði sprungið á hjólinu við höggið og gjörð ekki laskast.

Í 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að merkja skuli á fullnægjandi hátt, þar sem vegavinna fari fram eða vegi sé raskað af öðrum ástæðum, svo að hætta stafi af. Óumdeilt er, að brún sú, sem stefnandi hjólaði á, var ekki merkt sérstaklega.

Á myndum, sem teknar voru á vettvangi, sést, að búið var að fræsa aðra akstursstefnu Ármúla á umræddum gatnamótum, þ. e. þá akrein, er stefnandi hjólaði, er hann kom að gatnamótunum, og var yfirborð vegarins þar mjög hrjúft. Var stefnanda því ljóst, að veginum hafði verið raskað með því að fræsa niður hluta hans á þessu svæði. Þegar slysið varð, var veður gott, þurrt og bjart. Gat brún sú, sem myndast við fræsingu malbiksins og augljóslega kemur fram á myndum, ekki dulist honum, ef hann hefði sýnt þá almennu varkárni, sem krafist er af vegfarendum.

Brún, sem er fimm sentímetra há, á ekki undir venjulegum kringumstæðum að valda hjólreiðamönnum vandræðum, þar sem auðveldlega má hjóla upp á hana með þeim aðferðum, sem hjólreiðamenn nota til að komast leiðar sinnar við slíkar aðstæður. Nær óhugsandi má telja, að hjól stefnanda hafi sporðreist og gjörðin dottið af við það að lenda á brúninni, ef hann hefði hjólað beint á hana, svo sem ætla má af framburði hans.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið lýst, verða orsakir slyssins raktar til þess, að stefnandi hafi ekki sýnt af sér næga aðgæslu umrætt sinn. Þykir hann verða að bera alla sök á tjóni sínu sjálfur. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 224/1994. **Fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkisins**
(Kristín Briem hdl.)
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Útgerðarfélaginu Niröi hf.
(Magnús H. Magnússon hdl.)
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Skaðabætur. Varnarlið Bandaríkja Norður-Ameríku.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir verulegrar lækkunar á kröfum stefnda og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir verða að gera ráð fyrir því, að botnvarpa mb. Þórs Péturssonar, ÞH-50, hafi slitnað frá bátnum 22. febrúar 1992 á þeim stað, sem skipstjóri hans gaf upp í skýrslu næsta dag, þótt sú staðsetning hafi ekki verið færð inn í skipsdagbókina, jafnskjótt og atvikið varð. Við sjópróf 18. mars 1992 skýrði skipstjórinn svo frá, að eftir að slæða hefði verið sótt í land, hefði hann siglt á þann stað, þar sem varpan átti að vera samkvæmt staðsetningu, og slakað slæðunni niður í tiltekinni fjarlægð þar frá. Festist slæðan klukkustund síðar í neðansjávarstreng, sem var hífður upp. Var stjórnstöð Landhelgisgæslunnar þá tilkynnt um málið og gefin upp staðarákvörðun. Í framhaldi þess komu tilmæli frá talsmanni varnarliðs Bandaríkjanna til skipstjórans um að láta strenginn falla óskemmdan til botns, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Er óum-

deilt, að neðansjávarstrengurinn var í eigu varnarliðsins, og hafði lega hans og staðsetning ekki verið auglýst eða færð inn á opinber sjókort. Þegar litið er til framangreindra atriða, verður að telja, að varnarliðið hafi tekið á sig áhættu af því, að hætt var við frekari tilraunir til að ná upp botnvörpunni.

Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkisins, greiði stefnda, Útgerðarfélaginu Niröi hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl sl., höfðaði Útgerðarfélagið Njörður hf., kt. 621276-2479, Hamraborg 5, Kópavogi, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, áritaðri um birtingu 27. september 1993, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmt að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð 7.270.382 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. maí 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól 20. maí 1993 og síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Málavextir.

Um hádegisbil 22. febrúar 1992 voru skipverjar á mb. Þór Péturssyni, ÞH 50, á veiðum með botnvörpu skammt norðaustur af Eldey. Festist þá botnvarpan og slitnaði aftan úr bátnum við tilraunir skipverja til að losa hana. Staðarákvörðun reyndist vera 63 45 43 N og 22 52 51 V.

Skipinu var siglt til Sandgerðis og sótt svokölluð „togaraslæða" til þess að reyna að ná veiðarfærunum upp. Um sexleytið sama dag var skipið

komið aftur á staðinn, þar sem botnvarpan festist, og var þá byrjað að slæða. Um sjöleytið festist slæðan í einhverju. Erfitt reyndist að ná henni upp, en þegar það tókst, sátu á henni netaslitrur, sem skipverjar töldu vera úr botnvörpunni, og sver gúmmíklæddur kapall, svartur að lit. Þá var skipið statt á sama stað og botnvarpan slitnaði aftan úr skipinu. Dýpi þarna var 62 faðmar. Ekkert mun vera á sjókortum um, að kapall eða strengur liggi þarna á hafsbotni. Hringdi nú skipstjóri í neyðarnúmer Landhelgisgæslunnar og greindi starfsmanni hennar frá því, sem gerst hafði. Var skipstjórinn þá beðinn að bíða, á meðan ráðgast væri við forsvarsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Að ósk varnarliðsins var gefin upp nákvæm staðsetning á kaplinum samkvæmt GPS-mælikvarða. Talaði framkvæmdastjóri stefnanda við Helga Hallvarðsson hjá Landhelgisgæslunni, en hann hafði samband við Arnór Sigurjónsson, varnarmálaráðunaut í utanríkisráðuneytinu, sem þá hafði samband við yfirmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til að fá upplýsingar um hugsanlegan kapal frá varnarliðinu á þessum slóðum. Að sögn stefnanda bar Helgi Hallvarðsson í framhaldi af þessu framkvæmdastjóra stefnanda þau skilaboð frá varnarliðinu fyrir meðalgöngu Arnórs Sigurjónssonar, að þess væri óskað, að skipverjar á mb. Þór Péturssyni slepptu kaplinum aftur í sjóinn og hættu frekari tilraunum til að ná veiðarfærunum upp. Myndi varnarliðið borga það tjón, sem orðið hefði af kaplinum. Létu skipverjar þá kapalinn síga aftur í sjó og hættu frekari leit að veiðarfærunum. Um kl. 21 losnaði slæðan svo frá strengnum, og var þá haldið til hafnar.

Sjópróf vegna þessa atburðar fóru fram 18. mars 1992 á aukadómþingi Gullbringusýslu.

Með bréfi, dags. 14. apríl 1992, til skaðabótanefndar samkvæmt lögum nr. 110/1951 fór stefnandi fram á bætur vegna tjóns, sem hann varð fyrir vegna ofangreinds atburðar. Svar barst frá skaðabótanefndinni 20. júlí 1992, þar sem bótaskyldu vegna veiðarfæratapsins var hafnað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur á reglum skaðabótaréttar um sakarábyrgð og ábyrgð án sakar, meginreglu þjóðaréttar um tjón af völdum neðansjávarstrengja svo og meginreglu kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða.

Í fyrsta lagi er því haldið fram, að hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, sem leiði til bótaábyrgðar skv. almennu skaðabótareglunni. Með lagningu svers og sterks neðansjávarrafstrengs frá Íslandi um landgrunn þess yfir fiskimið, þar sem fjöldi skipa sé jafnan á veiðum, án þess að hirða um að tilkynna opinberlega um hann, hvorki til-

vist hans né staðsetningu, stofni hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna sjómönnum við strendur Íslands og veiðarfærum þeirra í hættu með saknæmum hætti. Hér sé um að ræða mannvirki, sem sjómönnum stafi umtalsverð hætta af, sérstaklega í ljósi þess, að þeir geti ekki varast hana.

Stefnandi hafi glatað veiðarfærum sínum vegna þessa neðansjávarstrengs. Allt bendi til þess, að veiðarfæri stefnanda hafi fest í strengnum og þess vegna slitnað frá skipinu. Á þessu tjóni beri bandarísk hernaðaryfirvöld ábyrgð sökum þess, að strengurinn sé ekki merktur inn á opinber sjókort. Bein orsakatengsl séu milli saknæmrar háttsemi og tjóns. Aðrir sæstrengjaeigendur hér við land, svo sem Rafmagnsveitur ríkisins og Póst- og símamálastjórn, auglýsi rækilega, hvar neðansjávarrafstrengir þeirra liggi, og vari jafnframt menn alvarlega við því að veiða, þar sem þeir liggja.

Stefnandi telur eftirtaldar staðreyndir sanna, að veiðarfæri mb. Þórs Péturssonar hafi fest í kaplinum: Í fyrsta lagi bendi atvik við það, þegar trollið festist og slitnaði, til þess, að það hafi verið fast í hlut, sem lyftist frá botni. Í öðru lagi hafi verið tekin nákvæm staðarákvörðun á festustaðnum, og það hafi einmitt verið þar, sem kapallinn kom upp. Í þriðja lagi hafi verið netadræsur á kaplinum, þegar hann kom upp.

Þyki einhver vafi leika á því, að veiðarfærin hafi raunverulega fest í streng varnarliðsins, beri stefndi hallann af því. Í skaðabótarétti gildi sú almenna regla um sönnun orsakatengsla, að hafi sá, sem krafinn er um bætur vegna tjóns, gerst sekur um ámælisverða hegðun, sé rétt að leggja sönnunarbyrðina á hann eða að minnsta kosti að slaka á sönnunarkröfum. Að leggja hættulegan rafstreng neðan sjávar án þess að upplýsa sjófarendur um tilvist hans bjóði án efa hættunni heim. Því sé óeðlilegt, að stefnandi þurfi að sæta því að fá ekki tjón sitt bætt vegna sönnunarörðugleika, þegar auk þess liggi fyrir, að sönnunargögnin voru látin síga í sæ aftur fyrir tilstilli forsvarsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hernaðaryfirvöld hafi ákveðið að halda staðsetningu strengsins leyndri og væntanlega vegna þess, að þau telji, að hagsmunirnir af því séu meiri en hugsanlegur skaði sæfarenda hans vegna. Um þetta hljóti að gilda meginreglan, að sá beri áhættuna, sem njóti hagnaðarins. Hernaðaryfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafi ekki viljað upplýsa um gerð kapalsins, legu eða festingu við botn. Hafi það gert sönnunarfærslu erfiðari fyrir stefnanda. Einnig af þessari ástæðu sé rétt að leggja sönnunarbyrði á stefnda í málinu, þar sem hann hafi ekki upplýst um veigamikinn þátt í málinu, en það hafi einungis verið á hans færi að gefa þær upplýsingar.

Jafnframt telur stefnandi, að um bótaskyldu sé að ræða á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um hlutlæga ábyrgð á hættulegum tækjum. Einnig styður stefnandi bótarétt sinn við almenna meginreglu samninga- og

kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Ofursti í flugher Bandaríkjanna, Stephen Barneyback, hafi lofað að greiða stefnanda það tjón, sem hann yrði fyrir, væri strengnum sleppt aftur í sjóinn og frekari leit að veiðarfærunum hætt. Fyrir orð þessa manns og í trausti þess, að staðið yrði við þau, hafi stefnandi látið strenginn síga aftur niður og hætt frekari leit. Það hafi ekki verið fyrr en með bréfi, dags. 7. júlí 1992, sem hafi ekki borist stefnanda fyrr en 20. júlí, að stefnandi var látinn vita af því, að ekki yrði staðið við gefið loforð. Þá hafi ekki verið lengur neinn möguleiki á því að ná veiðarfærunum upp úr sjónum eftir svo langan tíma.

Enn fremur styður stefnandi kröfu sína við meginreglu þjóðaréttar um bótarétt eigenda skipa, sem hafi fórnað veiðarfærum til að forðast skemmdir á neðansjávarstrengjum, á hendur eigenda strengsins. Þessi meginregla komi fram bæði í 115. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, og 7. gr. alþjóðlegs samnings, sem undirritaður var 14. mars 1884 í París um neðansjávarstrengi.

Bótakrafa stefnanda greinir annars vegar frá beinum útlögðum kostnaði vegna veiðarfæra og búnaðar, sem glataðist við festuna í kaplinum og ekki var hægt að ná upp, vegna þess að mælst var til þess, að hætt yrði tilraunum við að ná honum upp að nýju. Hins vegar sé um að ræða afleitt tjón vegna stöðvunar á veiðum, sem hafi verið bein afleiðing bótaskyldrar háttsemi stefnda. Krafist er bóta fyrir það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir, sökum þess að báturinn tafðist í rúma fimm sólarhringa frá veiðum, á meðan verið var að endurnýja veiðarfærin.

Fyrri hluti skaðabótakröfunnar er sá kostnaður, sem stefnandi þurfti að leggja í til að endurnýja þann búnað, sem hann tapaði við umræddan atburð.

Nánar sundurliðast bótakrafan svo samkvæmt meðfylgjandi reikningum:

Kassatroll með kúlum og lengjum	kr.	712.787	
Rokkhopperlengja	–	489.500	
Grandarar, efri og neðri	–	187.210	
Klafar	–	30.000	
Aflanemi	–	536.300	
Fjarlægðarnemi	–	546.500	
Vinna og mælagjald vegna ísetningar aflanema og fjarlægðarnema	–	7.786	
Tryggingamælagjald			
Höfuðlínunemi, vinna o. fl.	–	877.065	
Lásar, dauðuleggir o. fl.	–	50.000	
Samtals	kr.	3.429.362	(svo í stefnu)

Í samræmi við dómvenju við útreikning aflatjóns í dómsmálum kveðst stefnandi hafa kannað afla sambærilegra veiðiskipa við mb. Þór Pétursson. Var reiknaður út meðalafli fimm trollbáta og skipting milli fisktegunda fyrir tímabilið, sem Þór Pétursson var frá veiðum. Tölurnar eru fengnar út frá aflatölum fyrir mánuðina febrúar og mars 1992, en stefnandi telur eðlilegt að taka báða mánuðina með í meðaltalsreikninginn, þar sem Þór Pétursson var frá veiðum skömmu fyrir mánaðamótin febrúar/mars. Verðmæti er samkvæmt upplýsingum frá Fiskmarkaði Suðurnesja. Niðurstaðan er eftirfarandi:

	Tonn		Meðalverð		Aflaverðmæti
Þorskur	16,50	×	105,32 kr.	samt. kr.	1.737.780
Ýsa	11,50	×	114,03 kr.	–	1.254.330
Ufsi	5,56	×	53,95 kr.	–	300.010
Karfi	4,61	×	45,12 kr.	–	208.000
Annað	4,87	×	70,00 kr.	–	340.900
Afli alls	42,54		Aflaverðmæti	kr.	3.841.020

Önnur lagarök: Krafa stefnanda á hendur stefndu er reist á lögum nr. 99/1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Um aðild fjármálaráðuneytisins og varnarþing er vísað til 3. gr. laga nr. 99/1943 og 12. gr. viðbótarfylgiskjals um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. l. nr. 110/1951. Fyrirsvar fjármálaráðherra er ákveðið í 3. gr. laga nr. 99/1943, og skv. 12. tl. 14. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um stjórnarráð Íslands er utanríkisráðherra einnig stefnt fyrir hönd ríkisins í þessu máli.

Við munnlegan málflutning var mótmælum af hálfu stefndu við kröfu vegna viðgerðarkostnaðar á því reistum, að þarna kæmi nýtt fyrir gamalt, mótmælt sem of seint fram komnum.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi studd því, að ósannað sé með öllu, að tjón stefnanda verði rakið til neðansjávarstrengs í eigu varnarliðs Bandaríkjanna. Þegar virt séu þau atriði, sem fram komi í sjóprófum, geti niðurstaðan tæpast orðið önnur en sú, að líkur bendi ekki til og þaðan af síður geti talist sannað, að troll bátsins hafi lent í kaplinum og slitnað frá af þeim sökum. Í þessum efnum hafi stefnandi ótvírætt sönnunarbyrði.

Í framburði skipstjóra í sjóprófum komi fram, að hafsbotn á umræddu svæði sé ósléttur. Í því felist væntanlega, að þar séu frá náttúrunnar hendi aðstæður, sem hafi verið til þess fallnar, að trollið festist í botni. Samkvæmt framburði stýrimanns hafi mikil átök orðið við að reyna að losa vörpuna.

Ekki komi þar fram, að festan hafi losnað neitt, áður en trollið slitnaði frá. Það bendi til, að trollið hafi verið alveg fast í botni, en ekki fast við kapalinn, sem væntanlega hefði látið undan, rétt eins og þegar honum var lyft upp á yfirborð síðar sama dag. Yfirlýsingar skipverja að þessu leyti beri að leggja til grundvallar.

Þá hafi ekkert verið heldur upplýst um það, hvort skipsflök kunni að liggja þarna á botni. Skorað var á stefnanda að bæta úr og leggja fram upplýsingar um það í málinu. Trollið hefði getað orðið fast í skipsflaki með þeim afleiðingum, að það slitnaði frá.

Samkvæmt upplýsingum stefndu muni kapallinn hafa legið í sjó árum saman. Sjómenn á svæðinu viti almennt, hvar hann er, og geti því varað sig á honum. Sú almenna þekking hafi væntanlega náð til skipstjóra bátsins eins og annarra heimamanna. Málatilbúnaður stefnanda gefi tilefni til að benda á, að ókleift sé að draga þá ályktun, að trollið hljóti að hafa lent á kaplinum, fyrst slæðan gerði það. Slæðan sé sérstaklega gerð til þess að grípa hluti, sem liggja á hafsbotni. Með það í huga sé óheimilt að álykta í þá veru, að fyrst hún lenti í kaplinum, séu jafnar líkur á, að trollið hefði gert það líka. Í þessu sambandi er vakin athygli á framburði skipstjóra í sjóprófum, þar sem segi, að hann hafi oft togað á þessu svæði án þess að festa sig í kaplinum. Einnig það atriði dragi úr líkum til þess, að trollið hafi orðið fast í kaplinum umrætt sinn. Enn eitt atriði, sem mælir því í gegn, að trollið hafi lent í kaplinum, sé sú staðreynd, að einungis annar togvír skipsins hafi dugað til þess að draga kapalinn frá botni og upp á yfirborð, eftir að slæðan hafði lent í honum. Því fremur hefðu tveir vírar átt að duga til að lyfta kaplinum upp á yfirborð, hefði trollið verið fast í honum. Ekki verði fallist á þá skýringu stýrimannsins í sjóprófinu, að lásar og/eða grandarar við trollið hafi verið orðnir slitnir og slitnað. Þessi skýring komi ekki heldur fram af hálfu skipstjóra. Ef hún yrði lögð til grundvallar, er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigin sök skipstjóra og útgerðar eigi að valda því, að bótakröfum stefnanda verði hafnað eða stefnandi að minnsta kosti látinn bera verulegan hluta tjónsins sjálfur.

Í framburði skipstjóra við sjópróf komi fram, að netadræsa hafi hangið á slæðunni og kaplinum, er honum hafi verið lyft upp úr sjó. Upp úr þessu atriði verði lítið lagt. Skipstjóri einn virðist hafa séð umræddan netbút, en ekki aðrir skipverjar. Allan þann tíma, er kapallinn var upp úr sjó, hafi skipstjóri haldið sig í brú, á að giska 10–15 metra frá kaplinum, og ekki skoðað þetta nær vettvangi. Auk þess hafi væntanlega verið orðið skuggsýnt, er þetta gerðist. Aðstæður bendi því til, að skipstjóri hafi ekki getað séð þetta gjörla. Stýrimaður virðist ekki hafa séð þetta, þótt hann hafi verið

staddur á þilfari eða í brú, er atvik þessi urðu. Aðrir skipverjar hafi ekki tjáð sig, hvorki um þetta né annað í málinu, þrátt fyrir tilmæli um, að þeir gæfu skýrslu í sjóprófi. Verði gert ráð fyrir, að þarna hafi verið netbútur, hljóti að teljast ósennilegt, að slæðan hafi lent nákvæmlega á þeim bletti kapalsins, þar sem trollið eigi að hafa lent á honum áður. Miklu meiri líkur hljóti að vera til þess, að netið hafi orðið á vegi slæðunnar á leið hennar eftir hafsbotninum og hangið við hana, uns slæðan lenti í kaplinum. Niðurstaðan hljóti að verða sú, að ósannað sé með öllu, að tjón stefnanda megi rekja til þess, að botnvarpan hafi lent í kaplinum. Mestar líkur séu reyndar fyrir hinu gagnstæða. Í ljósi þess eigi sjónarmið stefnanda um sakarlíkindi ekki heldur við í þessu máli. Því er mótmælt, að slíkar reglur geti hér átt við eða orðið grundvöllur að dómi gagnvart stefndu.

Stefnandi reisir kröfur sínar í annan stað á því, að stefndu beri hlutlæga ábyrgð á kaplinum, vegna þess að um sé að ræða hættulegt tæki. Þessum sjónarmiðum er mótmælt. Verði ekki fallist á, að reglur skaðabótaréttar feli í sér hlutlæga bótaábyrgð við aðstæður eins og hér var um að ræða. Í þessum þætti eigi við sömu sjónarmið um sönnun sem að framan hafi verið rakin.

Í þriðja lagi styðji stefnandi bótakröfu sína við almenna reglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Ekki verði fallist á, að gefið hafi verið loforð með því innihaldi, sem stefnandi haldi fram. Sá starfsmaður varnarliðs Bandaríkjanna, sem eigi að hafa gefið umrætt loforð, hafi upplýst um samtal sitt við starfsmann varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem fram fór, eftir að báturinn hafði slægt kapalinn upp á yfirborð. Um það er vísað til fram lagðra dómskjala nr. 7, 22 og 23. Málið hafi verið kynnt þannig fyrir starfsmanninum, að annaðhvort yrðu skipverjar að höggva á kapalinn eða trollið. Svo hafi atvikum ekki verið háttað í raun og veru. Loforð um að bæta trollmissinn, sem gefið hafi verið til að koma í veg fyrir, að kapallinn yrði höggvinn sundur, geti ekki talist skuldbindandi vegna rangra upplýsinga, sem varnarliðsmanninum voru gefnar.

Loks vísar stefnandi til skuldbindingargildis milliríkjasamninga. Þeim sjónarmiðum stefnanda er mótmælt. Tilgreindir samningar hafi ekki lagagildi á Íslandi. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til þess, að við þá verði stuðst í dómsmáli þessu. Þá verði ekki heldur á það fallist, að efni þeirra feli í sér bótaskyldu við þær aðstæður, sem hér er um að ræða.

Varakröfur stefndu.

Verði ekki fallist á aðalkröfu, er varakrafa stefndu sú, að bætur verði lækkaðar. Sérstaklega er mótmælt þeim kröfulið stefnanda, sem felur í sér

ætlað aflatjón, og komi þar margt til. Í fyrsta lagi sé ekki upplýst af hálfu stefnanda, hvers vegna hann hafi þurft að bíða eftir hlutum í nýtt troll við þær aðstæður, að annað troll var fyrir hendi. Í annan stað sé upplýst í skjölum málsins, að bræla var á miðunum að minnsta kosti tvo daga af þessum fimm, er ætluð töf vegna trollmissisins varð. Í þriðja lagi er á það bent, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi þurft að bíða neitt tjón, jafnvel þótt hann hafi tafist frá veiðum af þessari ástæðu, eins og hann haldi fram. Bátur stefnanda sé á aflamarki, og ekkert sé fram komið, sem bendi til annars en unnt hafi verið að ná aflakvóta skipsins síðar á fiskveiðiárinu.

Óupplýst sé, hvers vegna stefnandi miði aflatjón sitt við þá þrjá báta, sem tilgreindir eru í stefnu, en ekki til dæmis meðaltalsveiði togbáta á svæðinu á þessum tíma. Kröfur stefnanda séu í raun algerlega vanreifaðar í þessum þætti málsins.

Við munnlegan málflutning var kröfu vegna viðgerðarkostnaðar mótmælt sem of hárri og tekið fram, að þarna kæmi nýtt fyrir gamalt.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi framkvæmdastjóri stefnanda, Hafliði Þórsson, Sævar Ólafsson, núverandi skipstjóri á mb. Þór Péturssyni, Sigurður Svavar Steingrímsson, vélstjóri á mb. Þór Péturssyni, Helgi Hallvarðsson skipherra og Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunautur.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila um orsök tjónsins, sem málið er af risið, er aðallega um það, hvort veiðarfæri mb. Þórs Pétursssonar hafi lent á neðansjávarkapli í eigu varnarliðs Bandaríkjanna eða ekki. Jafnframt er ágreiningur um það, hvað hafi farið á milli framkvæmdastjóra stefnanda og fulltrúa utanríkisráðuneytisins og varnarliðsins í símtali sama dag og tjónið varð.

Við sjópróf, sem fram fór 18. mars 1992 vegna veiðarfæratapsins, kom m. a. fram hjá Gunnari Harðarsyni, þáverandi skipstjóra á mb. Þór Péturssyni, að hann „geti ekki sagt nákvæmlega um það, hvort trollið sjálft hafi lyfst frá botni, en miðað við það, sem komið er inn af vírum og gröndurum, að þá hefur það kannski átt að geta lyfst um 1–2 metra eða faðma". Við sama sjópróf lýsti Björn Þór Kristjánsson, þáverandi stýrimaður á mb. Þór Péturssyni, því svo, hvernig þetta gerðist: „Við byrjuðum að hífa eins og við náðum þessu eitthvað á loft; svo bara slitnar fyrst annar og hinn rétt á eftir."

Þessi lýsing gefur til kynna, að veiðarfærin hafi ekki verið föst í botni, heldur í hreyfanlegum hlut. Það og annað, sem fram er komið, m. a., að önnur skip hafi á sömu slóðum fest veiðarfæri sín í neðansjávarstreng í eigu

varnarliðs Bandaríkjanna, færi líkur að því, að veiðarfæri mb. Þórs Péturssonar hafi fest í neðansjávarstrengnum, þá er hann var að veiðum norðaustur af Eldey 22. febrúar 1992, enda þótt ekki sé það sannað.

Þá er skipverjar á skipi stefnanda reyndu að slæða veiðarfærin upp aftur, drógu þeir upp ómerktan neðansjávarstreng í eigu varnarliðs Bandaríkjanna. Á strengnum var að sögn skipverja netadræsa, sem skipverjar töldu vera úr botnvörpu skipsins. Skipverjum var tjáð, að straumur væri á strengnum. Þess var óskað, að skipverjar slepptu strengnum niður aftur, og stefnanda lofað, að tjón vegna veiðarfæratapsins yrði bætt. Hvort loforð þetta var gefið vegna þess, að loforðsgjafi taldi veiðarfæri skipsins föst í kaplinum eða slæðuna, þykir ekki skipta meginmáli við niðurstöðu málsins þegar af þeirri ástæðu, að telja verður, að tilvist strengsins og óskin um að láta hann síga í haf hafi komið í veg fyrir, að skipverjar björguðu veiðarfærunum. Hér er og á það að líta, sem fram kemur í bréfi ofursta í varnarliði Bandaríkjanna, Stephens Barneyback, dags. 7. júlí 1992, að stefnandi hætti á að baka sér skaðabótaskyldu, ef hann kynni að valda skemmdum á kaplinum vegna endurnýjaðra tilrauna til björgunar veiðarfæranna.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að fella á stefndu bótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna veiðarfæratapsins.

Stefnandi hefur lagt fram gögn yfir kostnað við öflun veiðarfæra í stað þeirra, sem töpuðust. Gögnum þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt, og það var ekki fyrr en við munnlegan málflutning, sem fjárhæð þessa liðar í dómkröfu stefnanda var mótmælt með vísan til þess, að hér kæmi nýtt fyrir gamalt. Gegn andmælum af hálfu stefnanda verður ekki á þessari málsástæðu byggt, þar sem hún kom svo seint fram. Verður þessi liður í dómkröfu stefnanda því tekinn til greina.

Verður þá tekin afstaða til kröfu stefnanda um bætur vegna aflatjóns.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að veiðarfæratjónið hafi nauðsynlega þurft að hafa í för með sér tafir frá veiðum í fimm daga. Samkvæmt skipsdagbók var bræla í tvo af þeim fimm dögum, sem stefnandi telur sig hafa misst af afla.

Eins og málið liggur fyrir, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á raunverulegt tjón sitt vegna aflamissisins. En hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að eftir atvikum megi með hliðsjón af því, sem fram er komið í rekstri málsins, áætla tjónið, og telst þeim til, að það sé hæfilega talið 1.500.000 kr. Þá fjárhæð verður stefndu gert að greiða stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda 4.929.362 (3.429.362 kr. + 1.500.000 kr.) í bætur með vöxtum, eins og krafist var.

Samkvæmt 130. gr. l. nr. 91/1991 ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 550.000 kr.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Hrafnkell Guðjónsson stýrimaður og Þorvaldur Ingibergsson stýrimaður.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytisins og utanríkisráðherra f. h. ríkisins, greiði stefnanda, Útgerðarfélaginu Niði hf., 4.929.362 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1992 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 20. maí 1993. Stefndu greiði stefnanda 550.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 402/1994. **Theódóra Ingvarsdóttir**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
bæjarsjóði Hveragerðisbæjar
(Sveinn Sveinsson hrl.)

Skaðabótamál. Fasteign. Skipulag. Leigulóð. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1994. Hún krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.260.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1991 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hafði með leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis fengið gjafsókn bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara lækkunar stefnukröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Er fallist á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að skemmdir þær, sem urðu á húsi áfrýjanda, megi rekja til hitauppstreymis undir húsinu og við það.

Lóð sú, sem um er deilt í málinu, var í einkaeign, er eigandinn byggði hús á henni árið 1973. Var bygging hússins í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt frá 1971, sbr. auglýsingu nr. 90 frá 26. maí 1971, og er við það miðað, að tilskilið byggingarleyfi hafi legið fyrir við upphaf framkvæmda. Stefndi eignaðist lóðina 1. mars 1974. Skriflegur leigusamningur um lóðina hefur ekki fundist, en því er ómótmælt, að hann hafi í öllum aðalatriðum verið í samræmi við aðra samninga stefnda sama efnis.

Í álitsgerð jarðfræðinganna Pálma Hannessonar, Sigurðar Þórarinssonar og Steinþórs Sigurðssonar frá 1947 um byggingarhæf svæði í Hveragerði er tekið fram, að um Hveragerði liggi sprungukerfi. Tvær sprungur merktu þeir á uppdrætti, sem fylgdi álitsgerðinni. Þeir afmörkuðu sérstakt hættusvæði meðfram eystri sprungunni, sem væri óbyggilegt. Á vestari sprungunni töldu þeir ekki ástæðu til að afmarka hættusvæði, en töldu þó óvarlegt að reisa hús á sprungunni eða í grennd við hana, nema sérstakrar varúðar væri gætt um styrkleika grunns og veggja. Hús áfrýjanda stendur um það bil 100 metra vestan við vestari sprunguna og um 300 metra frá vesturjaðri hins óbyggilega svæðis. Á skipulagsuppdrætti fyrir Hveragerði, sem staðfestur var 1949, eru jarðsprungur þessar markaðar á sama hátt og á uppdrættinum frá 1947, og fylgir sú athugasemd vestari sprungunni, að vanda skuli sérstaklega til traustleika húsa, sem byggð verði „á eða í nánd sprungunnar". Á fyrrgreindum skipulagsuppdrætti frá 1971 var ekki slík athugasemd, og í greinargerð með því skipulagi var ekki vikið sérstaklega að vestari sprungunni. Fyrirsvarsmönnum stefnda mátti vera kunnugt um álitsgerð þá, sem unnin var 1947 og fram kom á skipulagsuppdrættinum 1949. Samkvæmt álitsgerðinni var lóð áfrýjanda ekki á sérstöku hættusvæði. Hefur ekki verið sýnt fram á, að ástæða hafi verið til að setja sérstök skilyrði fyrir byggingu húss á þessu svæði. Ekki er í ljós leitt, að starfsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um sérstakt hitauppstreymi á svæðinu. Húsbyggjandinn, sem jafnframt var eigandi lóðarinnar og þekkti svæðið, kom ekki fyrir dóm. Telja verður ósannað, að land það, sem hús áfrýjanda stendur á, hafi verið óbyggingarhæft, þegar byggingarleyfi var veitt fyrir húsinu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, láðist að taka tillit til matskostnaðar áfrýjanda í héraði, 44.433 króna, sem áttu að vera hluti gjafsóknarkostnaðar. Við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar áfrýjanda hér fyrir dómi verður tekið tillit til þessa. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 312.433 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns hennar, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Theódóra Ingvarsdóttir, greiði stefnda, bæjarsjóði Hveragerðisbæjar, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 312.433 krónur, þar með talin laun lögmanns hennar, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Í málinu liggur ekkert fyrir um aðdraganda þess, að Hveragerðishreppur varð sjálfur eigandi að landi undir byggingum við Borgargerði, en ætla verður eftir efni kaupsamningsins frá 1. mars 1974, sem kvað á um úthlutun byggingarlóða til fyrri landeiganda, að þetta hafi gerst í beinum tengslum við það, að landið var lagt undir byggingar. Verður ábyrgð stefnda gagnvart áfrýjanda ekki metin minni en ella fyrir það, að landið taldist í einkaeign, þegar hafist var handa um byggingu á húsi hennar. Var henni rétt að beina kröfum að stefnda bæði sem lóðareiganda og vegna aðildar hans að skipulagi og byggingarmálum á svæðinu, svo sem hún hefur gert. Eru kröfurnar ekki fyrndar, og verður áfrýjandi ekki sökuð um teljandi tómlæti við að halda þeim fram, eins og atvikum var háttað.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að fyrirsvarsmenn Hveragerðishrepps hafi haft tilefni til að sýna aðgát við skipulag byggðar og frágang bygginga á þessu svæði. Við það verður að miða, að þeim hafi verið fullkunnugt um þær niðurstöður, sem lýst var í áliti jarðfræðinga frá 1947 og leiddu til viðvörunar á skipulagsuppdrætti frá 1949 um traustleika bygginga í nánd við þá jarðsprungu, sem er næst húsi áfrýjanda. Hefur stefndi ekki skýrt, hvers vegna sú viðvörun var ekki ítrekuð á skipulagsuppdrætti frá 1971, sem byggt var eftir við Borgargerði. Tjón áfrýjanda verður rakið til þess, að hús hennar var ekki byggt með sérstöku eða nægilegu tilliti til jarðhita, sem fram hefur komið á lóðinni. Eru líkur til þess, að hann hafi þá verið með svipuðum hætti og nú. Um áhættu þessa vegna nægir

stefnda ekki að skírskota til þess, að byggjandi hússins hafi getað kannað jarðhitann og sætt sig við ástand lóðarinnar. Á hinn bóginn verður áfrýjandi einnig að bera halla af því, að aðstæður við byggingu hússins eru ekki í ljós leiddar sem vert væri. Er þá ósannað, að fyrirsvarsmönnum Hveragerðishrepps hafi orðið á þau mistök eða forsendur, að úthlutun og leigu lóðarinnar hafi verið með þeim hætti, að unnt sé að fella fébótaábyrgð á stefnda vegna tjónsins. Er ég þannig samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins svo og ákvörðun gjafsóknarkostnaðar. Hins vegar eru ekki efni til að gera áfrýjanda að greiða stefnda kostnað af málinu, og á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 5. júlí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er höfðað 19. október 1993 af Theódóru Ingvarsdóttur, kt. 040947-4429, nú til heimilis að Háholti 17, Keflavík, gegn bæjarsjóði Hveragerðisbæjar, kt. 650169-4849.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.260.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1991 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafa sæti verulegri lækkun. Þá krefst stefndi málskostnaðar [...].

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 8. október 1993 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

II.

Með kaupsamningi 4. júní 1981 festi stefnandi máls þessa ásamt þáverandi sambýlismanni sínum kaup á íbúð í suðurenda parhússins nr. 11 við Borgarheiði í Hveragerði. Er íbúð þessi, sem varð að fullu eign stefnanda 30. desember 1986, auðkennd sem Borgarheiði 11 v. Lóð sú, sem húsið stendur á, hefur verið í eigu Hveragerðisbæjar eða forvera hans, Hveragerðishrepps, frá 1. mars 1974. Bygging hússins hófst hins vegar nokkru fyrr, og var lóðin þá í eigu einkaaðila.

Mál þetta höfðar stefnandi annars vegar til heimtu bóta vegna skemmda, sem hún segir, að orðið hafi á húseign sinni og eigi rót sína að rekja til mikils hita í jörðu undir húseigninni og við hana. Beri stefndi af ástæðum, sem síðar verða tilfærðar, bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þessa tjóns hennar. Nemur bótakrafa stefnanda að þessu leyti 380.000 krónum. Þá hef-

ur stefnandi látið meta kostnað við úrbætur á húseign sinni, svo að koma megi í veg fyrir frekara tjón á henni af völdum hita og raka. Er grundvöllur bótakröfu stefnanda á hendur stefnda að þessu leyti að mestu hinn sami og snýr að kröfu hennar um bætur vegna beins tjóns samkvæmt framansögðu. Nemur sá liður í kröfugerð stefnanda, sem hér um ræðir, 880.000 krónum.

III.

Að sögn stefnanda fór að bera á miklum hita og raka í gólfi húseignar hennar árið 1982. Eins hafi að þessu leyti verið ástatt um íbúð í norðurenda hússins, en hún er auðkennd sem Borgarheiði 11 h. Í bréfi, sem eigendur hússins rituðu sveitarstjóranum í Hveragerði af þessum sökum 8. október 1982, er því haldið fram, að ástand þetta eigi rót sína að rekja til jarðhita undir og við hús þeirra. Þá segir meðal annars í bréfi þessu: „Nú er það staðfest af þeim, sem til þekkja, þ. e. fyrri eigendum ásamt tæknifræðingi yðar, að við byggingu hússins og úthlutun lóðarinnar á sínum tíma hafi verið hitauppstreymi á einum, ef ekki tveimur stöðum í lóðinni, um þrjá metra frá vegg og undir vegg hins vegar. . . . Viljum við nú fara þess á leit, að hreppsfélagið kaupi báðar íbúðir hússins . . . eins fljótt og auðið er.“ Er sérstaklega til þess vísað í bréfinu, að framangreind krafa eigenda hússins sé grundvölluð á því, að byggingaryfirvöld hafi þrátt fyrir vitneskju um það, sem að framan er rakið, heimilað byggingu hússins.

Þessu erindi svaraði sveitarstjóri með bréfi, dags. 2. desember 1982. Þar segir meðal annars: „Hreppsnefnd Hveragerðis hafnar allri skaðabótaábyrgð v/hita undir húsum að Borgarheiði 11 og telur, að þar sé um að ræða óviðráðanlegar breytingar af völdum náttúruafla, svo að skaðabætur heyri undir Viðlagatryggingu. Hreppsnefnd lýsir þó vilja sínum til að aðstoða húseigendur eftir mætti til að ráða bót á þessu vandamáli.“

Fram er komið, að næsta lítið var aðhafst í málinu, frá því að framangreint svarbréf hreppsnefndar var ritað og allt fram til ársins 1991. Þó er tiltekið í stefnu, að vorið 1984 hafi að tilhlutan Hveragerðishrepps verið grafið meðfram veggjum hússins að austurhlið undanskilinni og göt boruð á sökkul þess í því skyni að „lofta út hitanum“. Aðgerðir þessar hafi hins vegar ekki borið tilætlaðan árangur. Þá hafi haustið 1985 komið í ljós, að hitaveitulögn væri í sundur austan megin við húsið. Eftir að fram hafði farið viðgerð á lögninni, hafi ástandið skánað nokkuð, þótt alltaf yrði einhvers hita vart.

Með bréfi, dags. 29. apríl 1991, fór stefnandi ásamt eiganda íbúðar í norðurenda umrædds parhúss fram á það við sýslumann Árnessýslu, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn „til að skoða og meta tjón

vegna rennslis heits vatns svo og hita og raka“ í jarðvegi undir gólfplötu hússins og umhverfis það. Samkvæmt gögnum málsins fór umbeðin dómkvaðning matsmanna fram 24. maí 1991. Í matsgerð þeirra Guðjóns Þóris Sigfússonar byggingarverkfræðings og Sigurðar Guðjónssonar pípulagningameistara, sem er dagsett 10. júlí 1991, segir meðal annars:

„Að okkar áliti er ekki um eiginlegt aðrennsli heits vatns að ræða frá veitukerfi bæjarins í jarðveg undir gólfplötu eða að húsi. Hitastigsmælingar okkar undir gólfplötu og í aðliggjandi jarðvegi umhverfis hús benda til, að um jarðhita sé að ræða undir gólfplötu og við hús. . . . Greinileg merki gufustreymis sáust innan húss að Borgarheiði 11 v, með hlöðnum millivegg stofu og svefnherbergis. Þá steig gufa út um núverandi loftunargöt á sökklum, þegar grafið var frá þeim. Nær útilokað er, að gufa komi frá holræsalögn. . . Eins og áður segir, teljum við ástæðu gufu og hita undir gólfplötu og í jarðvegi við hús vera jarðhita. Þetta er í samræmi við kort af hitasvæðum syðst í Hveragerði, annað gert af Kristjáni Sæmundssyni jarðfræðingi og hitt af Sigurði Pálssyni. Þar sést, að Borgarheiði 11 liggur inni á kortlögðu hitasvæði. . . . Aðspurðir töldu eigendur Borgarheiðar 11 v og 11 h, að mest bæri á gufu úr jarðvegi í rigningatíð. Styrkir þetta þá skoðun, að um jarðhita sé að ræða við hús, þar sem rigningarvatn nær að hitna neðan jarðar og breytast í gufu.“

Þá gera matsmenn tillögu að úrbótum og meta kostnað við þær og viðgerð á þegar orðnu tjóni. Hvað húseign stefnanda varðar, telja matsmenn heildarkostnað vegna úrbóta og viðgerðar nema stefnufjárhæð máls þessa, 1.260.000 krónum. Er skipting þeirrar fjárhæðar í tvo framangreinda bótaþætti áður tilgreind.

Matsgerð sína hafa matsmenn staðfest fyrir dómi.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna fór stefnandi þess á leit við Hveragerðisbæ með bréfi, dags. 7. ágúst 1991, að bærinn bætti umrætt tjón hennar að fullu, þar sem um leigulóð í eigu bæjarins væri að ræða. Með bréfi 14. október 1991 var því hafnað af hálfu Hveragerðisbæjar, að hann bæri bótaábyrgð á tjóni stefnanda. Þá hefur stefnandi beint bótakröfu sinni til Viðlagatryggingar Íslands, þar sem um tjón af völdum náttúruhamfara sé að ræða, sbr. bréf þar að lútandi, dags. 7. ágúst 1991. Með bréfi 9. október 1991 hafnaði stjórn Viðlagatryggingar hins vegar bótaábyrgð stofnunarinnar. Þeirri niðurstöðu skaut stefnandi til hamfaranefndar Viðlagatryggingar, sbr. 10. gr. laga nr. 88/1982. Með úrskurði sínum frá 14. apríl 1992 staðfesti hamfaranefnd niðurstöðu stjórnar Viðlagatryggingar. Í ljósi þessa var Hveragerðisbæ að nýju ritað bréf, dagsett 8. maí 1992, þar sem þess var enn krafist, að bærinn bætti stefnanda umrætt tjón

hennar. Því erindi svaraði bæjarstjóri í bréfi, dags. 9. júlí 1993, og var öllum kröfum stefnanda hafnað.

IV.

Að beiðni Viðlagatryggingar Íslands samdi Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur og deildarstjóri hjá Orkustofnun, álitsgerð um hitauppstreymi að Borgarheiði 11 í Hveragerði. Álitsgerð þessi, sem er dagsett 5. mars 1992 og er á meðal gagna málsins, varpar nokkru ljósi á þann ágreining, sem hér er til úrlausnar. Verður meginefni hennar nú rakið:

„Í febr. 1992 fór Viðlagatrygging þess á leit við undirritaðan, að hann tæki saman greinargerð um hitasvæðið syðst í Hveragerði, ef það mætti verða til þess að skýra hitauppstreymi, sem valdið hefur skemmdum í Borgarheiði 11. Hitauppstreymið lýsir sér sem gufueimur. Þarna undir er hraun, laust í sér næst yfirborði. Hraunið á þessum stað er líklega álíka þykkt og í holu 6 skammt þarna suður af, en þar var það um 17 m. Grunnvatnsborð stendur hlutfallslega hátt á jarðhitasvæðinu í Hveragerði, og er þarna líklega á um 8-10 m dýpi.

Tvær tilgátur hafa verið nefndar til skýringar á hitauppstreyminu: 1) Það gæti stafað frá jarðhita, sem annaðhvort var þarna fyrir eða kom upp síðar, eftir að húsið var byggt, og þá af völdum jarðhræringa. 2) Það gæti stafað frá leka í heitavatnsleiðslu.

. . .

Heitavatnslögn er í götunni norðaustan megin við húsið. Lekar voru í heitavatnsleiðslum í þessu hverfi á árunum upp úr 1980. Einn af þessum lekastöðum var í nánd við Borgarheiði 11. Þaðan gæti heitt vatn hafa runnið undir húsið. Þetta fannst 1985, og var gert við lekann. Ástand í íbúðunum skánaði, en áfram var einhver uppgufun og hiti í gólfum. Nú, í febr. 1992, var hiti í gólfi hússins og gufuútstreymi úr hleðslu austast í lóðinni, fáeina metra frá norðausturhorni hússins (30°). Hitablettur (afbræðsla) var einnig við Þelamörk skammt þarna norðan við eins og fyrir 11 árum. Hitablettur þessi er um 60 m norður frá Borgarheiði 11. Hitaummerkin nú voru á báðum þessum stöðum líkt og fyrir 11 árum.

Hitakort.

Undirritaður kom að jarðhitanum í þessum hluta Hveragerðis á árinu 1978, til þess fenginn vegna skipulags, sem þá var í endurskoðun. Á korti, sem skilað var í maí 1978, er ekki sýnt hitasvæði í Borgarheiði 11 né heldur í Þelamörk þar norður af. Það er eflaust yfirsjón. Forhitarar eru þarna í öllum húsum og rennur vatn frá þeim oftast í sérstaka frárennslislögn. Loftar oft upp nærri húsveggjum frá affallinu. Mun undirritaður því hafa haft allan vara á að skýra gufuútstreymi nærri húsum sem jarðhita. Holur Hitaveitu

Hveragerðis nr. 6 og 7 voru staðsettar af undirrituðum um þetta leyti (1979), önnur á hitasvæðinu við gömlu réttina, hin við hitablett um 500 m suðaustar. Var staðsetning þessara holna enn frekar tilefni til að kortleggja jarðhitamerkin.

Í bréfi til Hveragerðishrepps og Gests Ólafssonar arkítekts var á það bent, að betra kort mætti ef til vill fá með því að fylgjast með, hvar snjó bræddi af, þegar þunn, jafnfallin hula lægi yfir, en það yrði að bíða hausts. Hveragerðishreppur tók málið upp við Orkustofnun með bréfi, dags. 29. 10. 1982, en þá hafði, segir í bréfinu, komið upp hiti undir íbúðarhúsum í bænum. Sá hiti, sem þar var átt við, var m. a. í Borgarheiði 11. Var undirritaður fenginn til að fylgjast með þessu. Ýtarlegastar athuganir voru gerðar 1983 og síðan af og til næstu árin á eftir, en skýrslugerð lenti í útideyfu. . . .

Sigurður Pálsson sveitarstjóri (til 1982) gerði í millitíðinni sams konar athuganir á hitanum kringum réttina á árunum kringum 1980. Hann lét undirrituðum í té kort sín (ódagsett). Kortum Sigurðar og undirritaðs ber allvel saman. Á öllum þessum kortum er sýndur hitinn við Borgarheiði 11 auk tveggja bletta nokkru norðar, þ. e. við Þelamörk. Undirritaður skoðaði þessa hitabletti 25. 3. 1981, líklega eftir tilvísun Sigurðar. Þegar undirritaður skoðaði hitann í Borgarheiði 11, eftir að skemmdir komu fram á húsinu, var um 40° hiti í gólfplötunni og um 60° hiti rétt við húsgaflinn.

Hvenær kom hitinn upp?

Í sambandi við þá greinargerð, sem hér liggur fyrir, var reynt að grafast fyrir um, hvenær fyrst varð vart við hitauppstreymi undir og við Borgarheiði 11. Af því tilefni hafði undirritaður tal af tveimur Hvergerðingum, sem áttu heima skammt frá Borgarheiði, áður en þar var byggt, þeim Agnari Urban og Markúsi Jónssyni. Þeim ber saman um, að gufuauga hafi verið á þeim stað, þar sem nú er Borgarheiði 11. Agnar minnist tveggja annarra gufuaugna nokkru vestar. Markús vann við að taka grunnana að nokkrum þessara húsa, þ. á m. að húsinu við Borgarheiði 11. Hann segir, að rokið hafi upp úr brunanum, þegar grafið var fyrir húsinu, og heyrðist „kurra og murra“, líkt og hver væri þar undir. Ekki var um þetta fengist og húsið byggt, eins og til stóð. Þeir, sem ábyrgð báru á byggingu hússins, vissu af þessu, en létu slag standa, enda hefur víða verið byggt á heitri jörð í Hveragerði og er enn gert.

Hanna Joensen, sem fyrst bjó í húsinu ásamt manni sínum (frá 1974), segir, að gufuaugu hafi alltaf verið við suðausturhlið hússins. Maður hennar gætti þess að byrgja þetta gufuútstreymi ekki niðri. Inni kenndi yls í gólfi, og minnist hún þess, að henni fannst þægilegt að fara úr skóm og fá yl í fæturna, sérstaklega á einum stað.

„Jarðsprunga“ á gömlum skipulagsuppdráttum.

Elsta nokkurn veginn nákvæma jarðhitakortið af Hveragerði var gert skömmu fyrir 1940 (Barth 1950). Á því er sýndur jarðhitinn við fjárréttina, sem var skammt sunnan við Borgarheiði, sem og hitinn upp undir Hamrinum. Enginn jarðhiti er sýndur þar á milli.

Eftir skjálftahrinu í Hveragerði í maí 1947 var samið nefndarálit um varasöm byggingarsvæði og þau merkt á skipulagsuppdrátt (Steinþór Sigurðsson o. fl. 1946). Ca. 200 m vestan við aðalhverasvæðið er þar dregin bein lína frá réttinni norður í gegnum hitasvæðið neðan við Hamarinn og skrifað við: „Jarðsprunga“. Eftirfarandi skýring er gefin: „Óvarlegt er að reisa hús á sprungu þessari eða í grennd við hana, nema gætt sé sérstakrar varúðar um styrkleika grunns og veggja, því að verið getur, að hiti brjótist þar upp, einkum undir brekkunni.“

Borgarheiði 11 er 100 m vestan við þessa línu, en hitasvæðið í og við réttina er á henni, heitasti hluti þess þó aðeins vestar. „Jarðsprunguna“ virðast höfundar nefndarálitsins hafa teiknað á milli hitasvæðanna í brekkunni neðan við Hamarinn og hitasvæðisins við réttina. Er það vissulega sennileg tilgáta, þegar horft er til þess, að sama hitarákin rekur sig áfram norður yfir Varmá.

Á skipulagsuppdrætti (frá 1946) er merktur hver í réttinni, en enginn jarðhiti er sýndur þar norður af, þar sem nú er Borgarheiði, né heldur við Þelamörk, enda miklu minna áberandi.

...

Niðurstöður.

Frá fyrstu tíð hefur verið byggt á heitum svæðum í Hveragerði. Eitt þessara heitu svæða liggur í gegnum gömlu réttina, og þaðan í stefnu til norðurs eru hitablettir í Borgarheiði og Þelamörk.

Í skipulagi, sem í gildi var eftir 1948, er kveðið á um sérstaka varúð, ef byggt yrði á eða nærri „jarðsprungu“, sem sýnd er liggja frá réttinni til norðurs um 100 m austan við húsið Borgarheiði 11.

Áður en húsið Borgarheiði 11 var byggt, var þar gufuútstreymi. Það kom einnig fram í grunninum, þegar grafið var fyrir húsinu. Eftir að húsið var byggt, var velgja í gólfi og gufuútstreymi við suðausturhlið. Gufuútstreymið og velgjan innan veggja er svipuð nú og hún var fram til 1982. Aukinn hiti og gufuútstreymi milli 1982 og 1985 hefur sennilega stafað af leka í hitaveitunni.

Sprungan, sem fram kom um þetta leyti í gólfplötunni, bendir til, að ekki hafi verið vandað nægilega til „um styrkleika grunns og veggja“.

Engar snarpar jarðhræringar voru í Hveragerði snemmsumars 1982, þegar hins aukna hitaútstreymis varð vart.“

V.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir það að ekki sé til skriflegur samningur á milli málsaðila um leigu stefnanda á landi stefnda undir íbúðarhús hennar að Borgarheiði 11 v í Hveragerði, hafi allt að einu tekist skuldbindandi samningur þar um með aðilum málsins. Séu samningsskyldur samkvæmt honum hinar sömu og almennt felist í samningum af þessu tagi.

Þá vísar stefnandi til þess, að á grundvelli nefndarálitsins frá 1947, sem til er vísað í framangreindri álitsgerð Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings, hafi verið brýnt, að gerðar yrðu sérstakar kröfur um styrkleika bygginga á því svæði, sem þar um ræðir, en það nái meðal annars til þeirrar lóðar, sem hús stefnanda stendur á. Þá komi það skýrt fram í álitsgerð Kristjáns og svo sem þar er nánar tilfært, að þá er hús stefnanda var reist, hafi menn orðið varir við greinileg merki um hita í jörðu á byggingarstað. Af framangreindum ástæðum hafi yfirvöldum byggingarmála í Hveragerði mátt vera það ljóst, að varasamt væri að byggja umrætt svæði. Byggingarnefnd Hveragerðis hafi engu að síður veitt heimild til þess, að hús yrðu reist þar, þar á meðal hús stefnanda.

Stefnukröfu sína í málinu styður stefnandi í fyrsta lagi því, að það hljóti að vera ein grundvallarforsenda samnings um lóðarleigu, að um byggingarhæfa lóð sé að ræða og að hún valdi ekki tjóni á eignum leigutaka. Lóð sú, er stefnandi leigi af stefnda, geti með vísan til framanritaðra sjónarmiða ekki talist byggingarhæf, og því sé augljóslega um vanefnd á lóðarleigusamningi af hálfu stefnda að ræða. Sú grundvallarregla sé almennt talin gilda í leigurétti, að leigutaki geti krafist þess, að leigusali bæti eða láti bæta úr þeim göllum, er reynast vera á leiguandlaginu. Jafnframt geti leigutaki að fullnægðum skilyrðum krafist skaðabóta af leigusala, og hafi þá verið talið, að beita megi 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. kaupalaga nr. 39/1922 um slík tilvik með lögjöfnun. Með vísan til alls þessa krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kostnað við nauðsynlegar úrbætur, svo að lóðin geti talist byggingarhæf. Jafnframt verði stefnda gert að bæta stefnanda það tjón, er þegar hafi hlotist af þeim annmarka á hinu leigða landi, sem hér um ræðir.

Í öðru lagi rökstyður stefnandi kröfu sína á hendur stefnda með því, að það hafi verið stórkostlegt gáleysi af hálfu bæjaryfirvalda í Hveragerði að heimila byggingu þess svæðis, sem húseign stefnanda stendur á. Vísar

stefnandi að þessu leyti til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í álitsgerð Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings og áður eru rakin. Af sömu ástæðum verði að virða bæjaryfirvöldum það til sakar, að byggingarnefnd Hveragerðis og byggingarfulltrúi hreppsins hafi á sínum tíma heimilað byggingu hússins á Borgarheiði 11 án krafna um sérstakar varúðarráðstafanir. Leiði almennar skaðabótareglur til þess, að Hveragerðisbær beri ábyrgð á tjóni stefnanda, þar sem um tjón af völdum starfsmanna bæjarins sé að ræða.

VI.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri á engan hátt ábyrgð á hinu ætlaða tjóni stefnanda. Segir hann fyrir liggja í málinu, að allt frá því að grafið hafi verið fyrir húsi stefnanda, hafi eigendur þess og byggingaraðilar vitað um þann jarðhita, sem þar væri. Ekki sé annað að sjá, en eigendur hússins hafi að fullu sætt sig við ástand lóðar að þessu leyti. Til marks um það sé, að engar kvartanir hafi borist vegna jarðhitans fyrr en árið 1982.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að umrædd leigulóð sé ekki byggingarhæf, og telur, að ekkert hafi komið fram, sem staðfesti slíkt. Miklu fremur hafi fyrri eigendur ekkert haft út á lóðina að setja, og stefnandi haldi því fram, að ef undan séu skilin árin 1982 til 1985, sé umræddur jarðhiti nú ekki ósvipaður því, sem áður var. Þá vísar stefndi sérstaklega til þess í þessu sambandi, að ástand leigulóðar stefnanda sé ekkert frábrugðið ástandi margra annarra lóða í Hveragerði. Íbúar Hveragerðis hafi sjálfir valið þann kost að eiga fasteignir þar, þrátt fyrir það að Hveragerði sé á miklu jarðhitasvæði, svo miklu, að nánast alls staðar kraumi undir. Þá sé byggðin í nálægð við eitt virkasta jarðskjálftasvæði landsins. Stefndi geti á engan hátt borið ábyrgð á tjóni vegna áhrifa frá náttúruöflunum. Grundvallaratriði í þessu sambandi sé, að þeir, sem byggja hús, eigi að vanda til verksins og gera þær ráðstafanir, sem þarf til að verja þau skemmdum. Umrædd lóð sé fullkomlega byggingarhæf, en hins vegar skorti á gæði byggingarinnar sjálfrar.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að bótaskylda hvíli á honum á grundvelli þeirra ákvæða kaupalaga nr. 39/1922, sem stefnandi hefur vísað til. Eigi þau ekki á nokkurn hátt við um samskipti aðila. Þrátt fyrir það að stefndi teljist eigandi lóðarinnar og leigi hana stefnanda, beri hann enga ábyrgð á tjóni stefnanda. Enginn galli, sem leiða eigi til bótaábyrgðar stefnanda, sé á hinni leigðu lóð.

Þá telur stefndi ósannað, að ætlað tjón stefnanda stafi af þeirri velgju, sem sögð er vera undir húsi hans. Ekkert liggi fyrir um það, hvenær það tjón varð, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, né hver sé orsök þess. Það

geti allt eins stafað frá jarðhræringum á svæðinu, en þær hafi getað leitt til þess, að sprungur mynduðust í gólfum, og þar með hafi hiti frá jarðvegi átt greiðari leið inn í húsið. Þá sé óvíst, hvort og hve mikinn hluta skemmdanna megi rekja til leka í heitavatnslögnum nærri húsinu árin 1982 til 1985. Ekki verði heldur séð, að stefnandi hafi reynt að takmarka tjón sitt með því að grípa til tiltækra ráðstafana. Loks dregur stefndi í efa niðurstöður dómkvaddra matsmanna í fram lagðri matsgerð frá 10. júlí 1991.

Stefndi mótmælir því eindregið, að lóðaúthlutun á því svæði, sem hér um ræðir, og veiting leyfis til byggingar hússins að Borgarheiði 11 hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu stefnda eða starfsmanna hans. Umrædd byggð sé fjarri þeirri jarðsprungu, sem sérfræðingar segja, að sé á staðnum, og áður er vikið að. Þá taki húsbyggjendur og húseigendur sjálfir áhættu af því, að hús þeirra séu svo úr garði gerð, að þau þoli áhrif frá náttúruöflum. Við byggingu hússins að Borgarheiði 11 hafi húsbyggjandinn sjálfur og þáverandi eigandi lóðarinnar haft fulla vitneskju um hita í jörðu á og við byggingarstað. Það hafi því staðið honum næst að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til að verja húsið til frambúðar fyrir áhrifum jarðhitans. Hins vegar verði ekki annað séð en byggingaryfirvöld hafi í öllu staðið rétt að málum við byggingu hússins og fylgt þeim reglum, sem þá voru í gildi þar að lútandi. Það hafi ekki verið hlutverk yfirvalda að viðhafa sérstakar varúðarráðstafanir. Sú skylda hafi hvílt á eiganda, húsbyggjanda og tæknimönnum. Þeir hafi haft vitneskju um hita í jörðu á byggingarstað, að minnsta kosti strax við töku grunnsins, en ekki hafi verið sýnt fram á það, að stefndi hafi haft þá vitneskju. Þá bendir stefndi á, að tilgangur eftirlitsskyldu byggingaryfirvalda sé að vernda opinbera hagsmuni, almenna reglu og öryggi. Hins vegar sé byggingareftirlitið ekki almennt gæðamat, sem ætlað sé að vera almennur mælikvarði í viðskiptum með fasteignir. Húsbyggjendur geti því ekki slakað á eigin aðgæslu og vandvirkni í skjóli slælegs eftirlits.

Auk þess, sem að framan er rakið, styður stefndi sýknukröfu sína því, að telji stefnandi sig eiga bótakröfu vegna galla við hönnun hússins að Borgarheiði 11 í Hveragerði og smíði þess á sínum tíma, beri henni að beina kröfu þar um að fyrrum eigendum húseignar hennar. Dómkröfum í máli þessu sé því beint gegn röngum aðila, en það leiði til þess, að sýkna beri stefnda. Þá sé það í öllu falli ljóst, að verði stefndi talinn bótaskyldur gagnvart stefnanda vegna gáleysis við veitingu byggingarleyfis, séu allar bótakröfur á hendur honum vegna þess fyrndar.

VII.

Samkvæmt gögnum málsins var húsið að Borgarheiði 11 í Hveragerði reist árið 1973. Svo sem áður er rakið, stendur það á landspildu, sem varð eign Hveragerðishrepps 1. mars 1974, en hafði allt fram til þess tíma verið í eigu einkaaðila. Hvað sem þessu líður, er ljóst, að skipulag byggðar á því landsvæði, sem hér um ræðir, var í höndum hreppsins og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þá var bygging þess húss, sem mál þetta snýst um, í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt, og við það verður að miða, að tilskilið byggingarleyfi hafi legið fyrir við upphaf framkvæmda.

Ágreiningslaust er, að við kaup stefnanda á annarri íbúð hússins að Borgarheiði 11 stofnaðist samningssamband með málsaðilum vegna leiguafnota stefnanda af lóð þeirri í eigu stefnda, er tilheyrir íbúð hennar. Er venju samkvæmt tiltekið í kaupsamningi og afsali, að tilheyrandi leigulóðarréttindi fylgi hinni seldu eign. Skriflegur leigusamningur um téða lóð fyrirfinnst hins vegar ekki, og í sjálfu sér er álitamál, hvort hann hefur einhvern tíma legið fyrir í slíkri mynd. Þá hefur fátt komið fram við dómsmeðferð málsins, sem varpar ljósi umfram það, sem að framan greinir, á inntak þess samnings, sem samkvæmt framansögðu stofnaðist á milli málsaðila. Ekki þykir þó varhugavert að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að réttindi og skyldur samningsaðila séu í öllum meginatriðum í samræmi við tíðkanleg ákvæði samnings af þessu tagi.

Fallast ber á það með stefnanda, að skemmdir þær, sem orðið hafa á húseign hennar og bóta er krafist fyrir í málinu, verði að öllu leyti raktar til náttúrlegs jarðhita undir húsinu og við það. Nánar tiltekið er um að ræða streymi á heitu og röku lofti upp í gegnum hraun, sem húsið er byggt á. Með því að jarðvegur á þessum stað er gropinn, fylgir hitanum uppstreymi á heitu og röku lofti, gufu eða heitu vatni.

VIII.

Bótakrafa stefnanda í málinu er í raun tvíþætt, svo sem áður er rakið. Annars vegar er stefndi krafinn um greiðslu kostnaðar vegna úrbóta, sem stefnandi telur, að gera verði á húseign hennar, og miða eigi að því að koma í veg fyrir frekara tjón á eigninni af völdum hita og raka úr jörðu. Nemur krafa stefnanda að þessu leyti 880.000 krónum. Undir rekstri málsins var upplýst, að úrbætur í framangreinda átt hefðu þegar verið gerðar og að við þá framkvæmd hefði að miklum hluta verið vikið frá tillögum dómkvaddra matsmanna þar að lútandi.

Efni bréfs stefnanda og annarra eigenda hússins að Borgarheiði 11 til sveitarstjórans í Hveragerði, dags. 8. október 1982, er áður rakið. Af því

verður skýrt ráðið, að þegar árið 1982 hafi stefnanda verið kunnugt um þann annmarka, sem er á hinni leigðu lóð og að framan er lýst. Sú vitneskja um ástand hins leigða, sem stefnandi og aðrir eigendur hússins bjuggu yfir þegar á þessum tíma, gaf þeim ótvírætt tilefni til að leggja frekari grundvöll að kröfu um úrbætur og málsókn lögum samkvæmt. Þá bendir ekkert til þess, að breytingar hafi orðið á hitauppstreymi undir húsinu, eftir að stefnandi eignaðist hluta þess með afsali 16. maí 1982, og veigamikil rök hníga að því, að þessa ástands hafi orðið vart mun fyrr. Þegar framangreint er virt, verður að telja, að fyrningarfrestur á úrbótakröfu stefnanda hafi í síðasta lagi tekið að líða árið 1982. Mál þetta höfðaði stefnandi 19. október 1993. Umrædd krafa var því fyrnd, er málið var höfðað, og gildir þá einu, hvort horft sé í því sambandi til 1. tl. 3. gr. eða 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Verður stefndi þegar af þessari ástæðu sýknaður af þeirri kröfu stefnanda, sem hér um ræðir.

Í annan stað höfðar stefnandi mál þetta til heimtu bóta, að fjárhæð 380.000 kr., vegna skemmda, er orðið hafa á húseign hennar af völdum uppstreymis hita og raka úr jörðu.

Engin efni eru til að líta svo á, að stefndi hafi skuldbundið sig með einum eða öðrum hætti til að bæta stefnanda það tjón, er kynni að verða á eigum hennar af völdum hinnar leigðu lóðar. Verður krafa stefnanda á hendur stefnda vegna skemmda á húseign hennar algerlega að grundvallast á reglum fjármunaréttar um skaðabótaábyrgð utan samninga. Sýnist sú niðurstaða vera í samræmi við málatilbúnað stefnanda hér fyrir dómi. Þá eiga ákvæði 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. kaupalaga nr. 39/1922 af sömu ástæðu ekki við um þá kröfu stefnanda, sem hér er til umfjöllunar.

Á þeim tíma, er unnið var að byggingu hússins að Borgarheiði 11 í Hveragerði, voru í gildi lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir. Var þar meðal annars kveðið á um það, með hvaða hætti skyldi staðið að gerð byggingarsamþykkta fyrir skipulagsskylda staði og hvert megininntak þeirra ætti að vera. Ljóst er, að Hveragerðishreppur, ólíkt fjölmörgum öðrum sveitarfélögum, nýtti sér ekki heimildarákvæði hinna tilvitnuðu laga til setningar sérstakrar byggingarsamþykktar fyrir hreppinn. Hins vegar þykir við úrlausn málsins mega hafa hliðsjón af fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, en hún var samin að tilstuðlan félagsmálaráðuneytis og birt í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 23/1967. Í fyrirmynd þessari er meðal annars kveðið á um starfsskyldur byggingarnefnda og byggingarfulltrúa.

Í máli þessu liggur ekkert fyrir um það, að afskipti byggingarnefndar og byggingarfulltrúa Hveragerðishrepps af byggingu húseignar stefnanda hafi

verið víðtækari en framangreind fyrirmynd að byggingarsamþykkt mælti fyrir um, né heldur, að starfsskyldur þeirra hafi verið ríkari en þar greinir. Þá er ekki í ljós leitt, að þessir aðilar hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn starfsskyldum sínum við byggingu hússins að Borgarheiði 11. Samkvæmt framansögðu verður ekki í þessu máli lögð fébótaábyrgð á stefnda á grundvelli sakar starfsmanna hans.

Sök af hálfu Hveragerðishrepps á því tjóni stefnanda, sem hér er um fjallað, verður ekki grundvölluð á tilvísun til laga- og reglugerðarákvæða, er giltu um skipulags og byggingarmál á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Í áðurgreindri álitsgerð Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings frá 5. mars 1992 er meðal annars vikið að nefndaráliti um varasöm byggingarsvæði í Hveragerði. Álit þetta, sem er dagsett 12. október 1947, var samið af þremur jarðfræðingum að beiðni skipulagsstjóra ríkisins í bréfi 16. ágúst sama ár. Er svæði, sem jarðfræðingarnir töldu vera hættusvæði og óhæft til bygginga, sérstaklega auðkennt á uppdrætti, sem fylgdi álitinu. Þá hefur verið strikuð bein lína inn á uppdráttinn utan hættusvæðisins og við hana skrifað: „Jarðsprunga". Samkvæmt gögnum málsins mun jarðsprunga þessi liggja um það bil 200 m vestan við framangreint hættusvæði. Um jarðsprunguna segir í álitinu: „Á vestari sprungunni hefur jarðrask orðið miklu minna. Töldum við því ekki ástæðu til að afmarka þar hættusvæði, en óvarlegt mun þó að reisa hús á þessari sprungu eða í grennd við hana, nema sérstakrar varúðar sé gætt um styrkleika grunns og veggja, því að verið getur, að hiti brjótist þar upp, einkum undir brekkunni." Óumdeilt er, að húsið að Borgarheiði 11 stendur um það bil 100 m vestan við jarðsprungu þessa og í fast að 300 m fjarlægð frá vesturjaðri hins óbyggilega svæðis.

Samkvæmt auglýsingu nr. 90 26. maí 1971 staðfesti félagsmálaráðuneytið 18. s. m. aðalskipulagsuppdrátt af Hveragerði. Var það aðalskipulag í gildi, þá er hafist var handa við að reisa hús á lóðinni nr. 11 við Borgarheiði. Bendir ekkert til þess, að lega þeirrar lóðar og staðsetning húss stefnanda á henni hafi brotið í bága við gildandi skipulag. Í greinargerð, er fylgdi aðalskipulaginu, segir m. a.: „Í miðri núverandi byggð í Hveragerði er óbyggt hverasvæði, um 3,5 ha að stærð, og frá því liggja sprungur í norður gegnum núverandi byggð, fylltar jarðvegsefnum. Lagt er til, að hverasvæðið sjálft sé friðað, ...en nauðsynlegt er, að nákvæm rannsókn fari fram á jarðvegi og bergi á sprungusvæðinu, áður en óhætt getur talist að leyfa þar frekari byggingar."

Hin tilvitnuðu orð framangreindrar greinargerðar ná ekki til þess byggingarsvæðis, sem hús stefnanda var reist á. Þá liggur ekki fyrir sönnun þess, að fyrirsvarsmönnum Hveragerðishrepps hafi verið kunnugt efni álitsgerðar-

innar frá 1947 á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Á sama tíma var ekki við önnur skjalleg gögn að styðjast, er bent gætu til hugsanlegrar hættu af völdum jarðhita í Borgarheiði, og málsatvik þykja ekki upplýst í þeim mæli, að ástand jarðvegs þar hafi gefið tilefni til að ætla, að um slíka hættu væri þar að ræða. Á hinn bóginn er til þess að líta, að lengi hefur legið fyrir almenn vitneskja um jarðhitasvæði víða í Hverageröi. Sú vitneskja, nálægð fyrirhugaðrar byggðar í Borgarheiði við þekkt hvera- og sprungusvæði svo og gerð jarðvegs og berggrunns þar gaf fyrirsvarsmönnum hreppsins visst tilefni til að sýna aðgát við almennt skipulag byggðar og frágang bygginga á því svæði, sem hér um ræðir. Álitamál er eftir sem áður, hvort athafnir og eftir atvikum athafnaleysi þeirra í þessum efnum eigi að leiða til þess, að felld verði á stefnda sök í skilningi skaðabótaréttar á því tjóni stefnanda, sem hér er um fjallað.

Efni samninga um leigu sveitarfélaga á lóðum í eigu þeirra undir íbúðarhús og önnur mannvirki er um margt sérstætt og ólíkt því, sem venjubundinn leigusamningur kveður á um. Leiðir eðli og inntak þessara samninga meðal annars til þess að mati dómsins, að rétt þykir að beita mildu sakarmati, þegar leyst er úr því álitaefni, hvort eigandi lóðar beri að lögum fébótaábyrgð á tjóni, sem hún hefur valdið á eigum lóðarhafans vegna skaðlegra eiginleika sinna. Þykir þetta sjónarmið eiga við um það tilvik, sem hér er til úrlausnar.

Þegar málsatvik eru virt heildstætt, litið til alls þess, sem hér að framan er rakið, og hliðsjón höfð af þeim kröfum, er telja verður, að almennt hafi verið gerðar varðandi skipulagningu byggingarsvæða og frágang mannvirkja á þeim tíma, sem hér kemur sérstaklega til skoðunar, verður ekki fallist á það með stefnanda, að hið stefnda sveitarfélag hafi með saknæmum hætti bakað sér fébótaábyrgð gagnvart stefnanda, að því er tekur til umrædds tjóns hennar.

Samkvæmt framangreindu verður að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talinn kostnaður vegna jarðhitakorts og skipulagsuppdráttar, 10.860 krónur, svo og laun talsmanns hennar, Sigurðar R. Arnalds héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar til lögmannsins hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Stefáni Arnórssyni jarðfræðingi og Steingrími Hauksyni tæknifræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarsjóður Hveragerðisbæjar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Theódóru Ingvarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin laun talsmanns hennar, Sigurðar R. Arnalds héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 26. janúar 1996.

Nr. 35/1996. **Fasteignaþjónustan**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Úlfari Ásmundssyni
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Aðför. Innsetningargerð. Viðskiptabréf. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. janúar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar, þar sem tekin er til greina krafa varnaraðila um, að sex nánar tilgreind húsbréf verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað verði kröfu varnaraðila um beina aðfarargerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hin umdeildu húsbréf eru skuldabréf, og um þau eiga því við réttarreglur um viðskiptabréf. Ekki er deilt um, að varnaraðili framseldi bréfin til sóknaraðila og afhenti honum þau 14. júlí 1994. Fullyrðir varnaraðili, að hann hafi falið sóknaraðila að koma bréfunum til Byggðaverks hf. til þess að fullnægja að því leyti skuldbindingum kaupenda við Byggðaverk hf. samkvæmt kaupsamningum 30. júní 1994 um tvær nánar tilgreindar íbúðir í húsinu Flétturima 31, Reykjavík. Hins vegar andmælir sóknaraðili því, að honum sé skylt að afhenda Byggðaverki hf. bréfin, og telur sig eiga rétt á að halda þeim fyrir varnaraðila til tryggingar ógreiddri þóknun sinni fyrir aðstoð við greind íbúðakaup.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður lagt til grundvallar, að varnaraðili hafi framselt hin umdeildu húsbréf til sóknaraðila og

afhent þau honum. Er varnaraðili því einn síns liðs réttur aðili að kröfu um endurheimtu bréfanna frá sóknaraðila.

Lögð hafa verið fram afsöl Byggðaverks hf. fyrir báðum íbúðunum, dagsett 17. janúar 1995. Í afsölunum segir, að kaupverð íbúðanna sé að fullu greitt, og er ekki að sjá neina athugasemd um, að Byggðaverk hf. telji sig eiga eftir að fá hin umdeildu húsbréf. Ekki er fyllilega leitt í ljós, hver fyrirmæli varnaraðili gaf, er hann framseldi og afhenti sóknaraðila húsbréfin. Telja verður, að með því að framselja og afhenda bréfin hafi varnaraðili tekið á sig áhættu af því, að viðtakandi færi með bréfin með öðrum hætti en hann ætlaðist til. Þegar þetta er virt, þykir varnaraðili ekki hafa sýnt fram á, að fullnægt sé skilyrðum til þess, að hin umdeildu húsbréf verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum sóknaraðila með heimild í 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Krafa varnaraðila, Úlfars Ásmundssonar, þess efnis, að húsbréf, sem greind eru í hinum kærða úrskurði, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum sóknaraðila, Fasteignaþjónustunnar, og fengin varnaraðila, nær ekki fram að ganga.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 8. desember sl. og tekið til úrskurðar 9. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Úlfar Ásmundsson, kt. 220950-3659, Flétturima 31, Reykjavík.

Gerðarþoli er Fasteignaþjónustan, kt. 551093-2399, Skúlagötu 30, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirtalin húsbréf verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola og fengin Guðjóni Ármanni Jónssyni hdl. f. h. gerðarbeiðanda:

1. Nr. 94253576, 2. flokkur 1994, út gefið 15. maí 1994, að fjárhæð 100.000 kr.

2. Nr. 94273632, 94273633, 94273634, 94273635 og 94273636, öll úr öðrum flokki ársins 1994, út gefin 15. maí 1994, hvert að fjárhæð 10.000 kr.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk heimildar til fjárnáms fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að kröfu gerðarbeiðanda verði hafnað og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins.

II.

Með kaupsamningi 30. júní 1994 keyptu gerðarbeiðandi og eiginkona hans, Birna Elín Þórðardóttir, fjögurra herbergja íbúð að Flétturima 31 hér í borg. Með kaupsamningi sama dag keypti Ragnhildur Sigurðardóttir, kt. 170129-2029, tveggja herbergja íbúð í sama húsi. Kaupverð beggja íbúðanna skyldi greiða að hluta til með nettó eignarhluta þriggja herbergja íbúðar í eigu Ragnhildar á jarðhæð hússins nr. 48 við Rauðagerði hér í borg, sem gerðarþoli hafði til sölumeðferðar. Þá skyldi hluta kaupverðs þeirra beggja greiða með fasteignaveðsbréfum, skiptanlegum fyrir húsbréf. Seljandi í báðum tilvikum var Byggðaverk hf. Í kaupsamningi um fyrrgreinda íbúð gerðarbeiðanda og eiginkonu hans er ákvæði þess efnis, að samkomulag sé um, að kaupandi greiði 150.000 kr. vegna affalla á sölu húsbréfa, og skyldi sú greiðsla innt af hendi með húsbréfum. Þessa ákvæðis er jafnframt getið í kaupsamningi milli Ragnhildar Sigurðardóttur og Byggðaverks hf. um ofangreinda íbúð hennar að Flétturima 31 og tekið fram, að heildarafföll húsbréfa samkvæmt báðum kaupsamningunum séu 150.000 kr. og að þau skyldu greidd með húsbréfum. Gerðarþoli hafði séð um að gera kauptilboð í íbúðirnar fyrir kaupendur. Voru húsbréfin vegna nefndrar affallagreiðslu gefin út til fyrrgreindrar Ragnhildar, og framseldi hún þau gerðarbeiðanda. Fór gerðarbeiðandi með þau til gerðarþola og fól honum að koma þeim í hendur Byggðaverks hf. samkvæmt ofangreindum kaupsamningum. Voru húsbréfin framseld gerðarþola af hálfu Úlfars og kvittað fyrir viðtöku þeirra af hálfu gerðarþola 14. júlí 1994. Vegna ætlaðra vanefnda Byggðaverks hf., m. a. vegna galla á íbúðunum, fór gerðarbeiðandi fram á það við gerðarþola í ágúst 1995, að sér yrðu afhent húsbréf þessi, þar sem hann hygðist halda þeirri greiðslu eftir, en því hefur gerðarþoli neitað á þeirri forsendu, að gerðarbeiðandi, eiginkona hans og Ragnhildur og/eða Byggðaverk hf. skuldi sér vinnulaun vegna kaupa á nefndum íbúðum.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að gerðarþoli hafi með ólögmætum hætti aftrað gerðarbeiðanda frá lögmætum vörslum á húsbréfum sínum. Réttur gerðarbeiðanda til að fá húsbréfin í vörslur sínar sé ljós, þar

sem gerðarþola hafi verið tilkynnt sú ákvörðun gerðarbeiðanda að halda nefndri húsbréfagreiðslu eftir, áður en gerðarþoli lét þau af hendi. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafi húsbréfin ekki fengist afhent, og sé gerðarbeiðendum því nauðsynlegt að fá skyldu gerðarþola til að afhenda gerðarbeiðendum húsbréfin fullnægt með beinni aðfarargerð. Um lagarök vísa gerðarbeiðendur til 78. gr. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli telur, að hafna beri kröfu gerðarbeiðanda, þar sem ljóst sé af fram lögðum skjölum, að hann eigi ekki einn þau meintu réttindi, sem hann tjái sig eiga og reyni nú að sækja. Sé hér um réttindi að ræða, sem gerðarbeiðandi geti hugsanlega átt með eiginkonu sinni og Ragnhildi sem kaupanda annarrar íbúðarinnar. Sé ljóst, að í almennu einkamáli sætti slíkur málatilbúnaður frávísun ex officio með vísan til 18. gr. laga nr. 91/1991 þar sem réttindin séu óskipt samkvæmt skýru orðalagi kaupsamninganna.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að krafa gerðarbeiðanda sé vart dómtæk, þar sem krafist sé afhendingar húsbréfa, sem hlíti viðskiptabréfsreglum, en ávallt skuli nafnskrá þau samkvæmt ákvæði þeirra. Fái gerðarbeiðandi kröfu sinni framgengt, hafi hann í höndum húsbréf, sem framseld séu gerðarþola og samkvæmt efni sínu þá eign hans samkvæmt bréfunum. Verði ekki annað séð en gerðarþoli gæti þá brigðað bréfunum úr hendi gerðarbeiðanda á grundvelli viðskiptabréfsreglna og gerðarbeiðanda því ávallt nauðsyn að höfða almennt einkamál um þá skyldu gerðarþola að framselja bréfin. Þá sé varhugavert að leyfa beinar aðfarargerðir í viðskiptabréf, þar sem slíkt ógni öryggi því, sem þeim sé ætlað í viðskiptum á milli manna, og ekki síst á þeim grunni, sem gerðarbeiðandi byggi á, þ. e. hinum ætluðu göllum á hinu keypta, sem hafi ekki verið staðreyndir á nokkurn hátt. Geti gerðarþoli orðið skaðabótaskyldur gagnvart Byggðaverki hf., ef gallarnir reynast ekki á rökum reistir og bréfin komin í hendur gerðarbeiðanda.

Kröfugerð gerðarbeiðanda styðjist við 78. gr. laga nr. 90/1989. Sú grein sé afdráttarlaus, hvað það varðar, að gerðarbeiðandi verði að sýna fram á það með skjallegum gögnum, að hann eigi þau réttindi, sem hann telji sig eiga. Verði ekki séð, að gerðarbeiðandi hafi lagt fram slík gögn gegn fram lögðum skjölum gerðarþola, og beri í því sambandi að líta til sönnunarreglu 3. mgr. 83. gr. ofangreindra laga.

IV.

Í málinu liggja fyrir málssóknarumboð, annars vegar frá Birnu Elínu Þórðardóttur, eiginkonu gerðarbeiðanda, og hins vegar Ragnhildi Sigurðardóttur, til handa gerðarbeiðanda til að krefjast í eigin nafni og á eigin

ábyrgð fyrir þeirra hönd afhendingar á nefndum húsbréfum úr hendi gerðarþola og krefjast innsetningar í samræmi við ákvæði aðfararlaga.

Með vísan til ofangreindra ótvíræðra málssóknarumboða verður að telja gerðarbeiðanda heimilt að reka innsetningarmál þetta í eigin nafni.

Í báðum framangreindum kaupsamningum um íbúðirnar að Flétturima 31 hér í borg er ótvírætt ákvæði um, að kaupendur þeirra skyldu greiða heildarafföll af húsbréfum vegna kaupanna með greiðslu, að fjárhæð 150.000 kr., í formi húsbréfa. Tók gerðarþoli að sér fyrir beiðni gerðarbeiðanda að koma bréfunum til Byggðaverks hf. og annað ekki, enda var honum fullkunnugt um áðurnefnd ákvæði í kaupsamningum um greiðslu affalla með bréfum þessum.

Af framangreindu leiðir, að gerðarþoli á ekki lögvarinn rétt til að halda húsbréfunum fyrir kaupendum ofangreindra íbúða og verður því að sækja umþrætta kröfu sína um vinnulaun vegna kaupa íbúðanna í almennu einkamáli. Um ágreining milli Byggðaverks hf. og kaupenda nefndra íbúða vegna ætlaðra vanefnda Byggðaverks hf. og rétt kaupenda til að halda nefndri húsbréfagreiðslu eftir af kaupverði íbúðanna verður hins vegar ekki fjallað í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina þá kröfu gerðarbeiðanda, að nefnd húsbréf verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola. Eftir þessum úrslitum ber að dæma gerðarþola til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. Ekki er tilefni til að mæla í úrskurði þessum fyrir um heimild til fjárnáms fyrir kostnaði af framkvæmd umbeðinnar gerðar vegna ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Tekin er til greina krafa gerðarbeiðanda, Úlfars Ásmundssonar, að eftirtalin húsbréf verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola, Fasteignaþjónustunnar, og fengin Guðjóni Ármanni Jónssyni hdl. f. h. gerðarbeiðanda:

1. Nr. 94253576, 2. flokkur 1994, út gefið 15. maí 1994 að fjárhæð 100.000 kr.
2. Nr. 94273632, 94273633, 94273634, 94273635 og 94273636, öll úr öðrum flokki ársins 1994, út gefin 15. maí 1994, hvert að fjárhæð 10.000 kr.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 26. janúar 1996.

Nr. 32/1996. **Gísli Ólafsson Ólafs og**
Ragnar J. Jónsson
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Margeiri Jóhannssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er að hluta vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka kröfur þeirra til efnismeðferðar, en til vara, að málinu verði í heild vísað frá dómi. Í báðum tilvikum krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að vísa þar greindum liðum í kröfum sóknaraðila frá dómi.

Í varakröfu sinni krefjast sóknaraðilar þess annars vegar, að kröfur þeirra sjálfra, sem ekki er vísað frá héraðsdómi með hinum kærða úrskurði, verði nú vísað frá, og hins vegar, að hið sama verði gert við kröfur varnaraðila í gagnsök í héraði, en því hafa sóknaraðilar ekki hreyft fyrr en í kærumáli þessu. Eru ekki efni til að taka afstöðu til kröfu, sem gerð er úr garði með þessum hætti.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Dæma verður sóknaraðila sameiginlega til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gísli Ólafsson Ólafs og Ragnar J. Jónsson, greiði sameiginlega varnaraðila, Margeiri Jóhannssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu 24. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. mars 1994, af Gísla Ólafssyni Ólafs, kt. 031136-3429, Látraströnd 14, Seltjarnarnesi, og Ragnari J. Jónssyni, kt. 220329-3219,Vogalandi 5, Reykjavík, gegn Margeiri Jóhannssyni, kt. 020832-4449, Brúnastekk 4, Reykjavík.

Í þinghaldi 12. september 1995 óskaði lögmaður aðalstefnda bókað, að hann gerði þá kröfu, að kröfuliðum III – VII í stefnu á dskj. nr. 1 og kröfum skv. framhaldsstefnu verði vísað frá dómi. Með hliðsjón af því, að Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur Íslands hafi fjallað um hliðstæðar kröfur og gerðar séu í máli þessu, sbr. dskj. nr. 71 og 72, væri ástæða til þess að fjalla sérstaklega um frávísunarþátt málsins.

Lögmaður aðalstefnenda mótmælti kröfu aðalstefnda sem of seint fram kominni og vakti athygli á því, að í niðurstöðum héraðsdóms og Hæstaréttar komi fram, að hinir sérfróðu meðdómendur hafi ekki skv. fyrirliggjandi gögnum getað komist að niðurstöðu um tjónsfjárhæð. Úr því megi bæta í samræmi við 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, áður en til aðalmeðferðar komi.

Hinn 24. nóvember sl. fór síðan fram munnlegur málflutningur um fram komna frávísunarkröfu, og er einungis sá þáttur til úrlausnar hér.

Dómkröfur í málinu.

Dómkröfur aðalstefnenda.

I. Að dæmt verði, að stefndi skuli víkja sem félagi úr sameignarfélaginu Íselco vegna brota sinna gegn félaginu frá og með 13. júlí 1993.

II. Að dæmt verði, að sameigendum Margeirs að Íselco sf., þeim Ragnari Jónssyni og Gísla Ó. Ólafs, sé heimilt að innleysa hlut stefnda í félaginu, aðallega á bókfærðu verði, 5.600.096 kr., sbr. 7. gr. félagssamnings aðila, dags. 8. 1. 1971, – til vara á matsverði skv. mati endurskoðendanna Sveins Jónssonar og Einars Ólafssonar, dags. 13. sept. 1993, að frá dregnum matsliðnum viðskiptavild og að teknu tilliti til staðgreiðsluafsláttar á fasteign félagsins, 4.575.000 kr., eða á 12.600.594 kr., – og til þrautavara skv. samkomulagi aðila, dags. 12. 7. 1993, á mats-

verði skv. mati endurskoðendanna Sveins Jónssonar og Einars Ólafssonar, dags. 13. sept. 1993, að frá dregnum matsliðnum viðskiptavild, eða á 14.125.594 kr., – og enn til vara á matsverði skv. tilvitnuðu mati, 19.125.594 kr.

III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sameigendum sínum tvo þriðju af 14.563.390,75 kr., 9.708.927 kr., vegna hlutdeildar sinnar og ábyrgðar sem fjármálalegur framkvæmdastjóri Íselco sf. á fjármunabrotum Jóhanns Péturs Margeirssonar, sonar síns, gegn Íselco sf. og í samræmi við samkomulag, dags. 12. 7. 1993. Sundurliðun kröfunnar er að finna í köflum 1 til 22 síðar í stefnunni.

IV. Að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.144.110 kr., sem eru útlagður kostnaður við rannsókn á fjármunabrotum Jóhanns Péturs.

V. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða félögum sínum þeirra hlut í fjármunum þeim, sem hann hafði af Íselco sf., tvo þriðju af 545.609,80 kr., 363.739 kr. Krafan sundurliðast nánar í köflum 23 – 26 síðar í stefnunni.

VI. Að stefndi verði dæmdur til að greiða útlagðan kostnað við bókhaldsvinnu vegna V. kröfuliðar hér að ofan 217.875 kr.

VII. Krafist er dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Dómkröfur aðalstefnda.

Upphaflegar dómkröfur aðalstefnda eru eftirfarandi:

I. Að kröfulið I verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu.

II. Að sýknað verði af öllum kröfum, sem undir kröfulið II falla, að því er snýr að innlausnarverði hlutar stefnda í Íselco sf., en fallist er á, að stefndu (sic í greinargerð) sé bæði rétt og skylt að leysa hlut stefnda í félaginu, en fyrir hærra verð en þar kemur fram.

III. Að sýknað verði af kröfulið 3 í stefnu, en til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar.

IV. Að sýknað verði af lið IV í stefnu.

V. Að sýknað verði af lið V í stefnu.

VI. Að sýknað verði af lið VI í stefnu.

VII. Að kröfum í lið VII í stefnu verði vísað frá dómi, en til vara, að sýknað verði af þessum lið.

Í þinghaldi 14. nóvember 1994 lýsti lögmaður aðalstefnda hins vegar yfir, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, en legði það í mat dómsins, hvort einhver atriði í málatilbúnaði stefnanda leiddi til frávísunar ex officio.

Dómkröfur aðalstefnenda í framhaldsaðalsök.

I. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 2/3 af 4.942.406,50 kr., samtals 19.505.797,15 kr., í lið 3 í stefnu í aðalsök og framhaldsaðalsök eða 13.003.865 kr., og hefur þá verið tekið tillit til lækkunar vegna þess, að kröfuliður 16.5 lækkar um 920.716,10 kr.

II. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur aðalstefnda í framhaldsaðalsök.

Aðallega, að kröfum aðalstefnenda verði vísað frá dómi, en til vara, að aðalstefndi verði sýknaður af kröfum aðalstefnenda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu, bæði að því er varðar aðal- og varakröfu.

Dómkröfur gagnstefnanda.

Þess er krafist, að gagnstefndu verði in solidum gert að greiða gagnstefnanda 27.014.841 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta á ári skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga: [...].

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur gagnstefndu.

Dómkröfur gagnstefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum svo, að samstarf hinna þriggja eigenda Íselco sf. nái aftur til ársins 1970, þegar þeir stofnuðu fyrirtækið til að flytja inn rafvörur, vélar og tæki. Tveir eigendur, þeir Gísli Ólafsson og Ragnar Jónsson, höfðu ákveðið að stofna innflutningsfyrirtæki, en töldu sig vanta þekkingu á fjárreiðum og bókhaldi. Þeir hafi því ákveðið að bjóða Margeiri Jóhannssyni til samstarfs, enda hafi hann haft góð meðmæli og unnið við fjárreiður og bókhaldsstörf hjá fyrirtæki í svipaðri starfsemi, G. Þorsteinsson og Johnson hf. Þeir hafi komið sér strax upp fastri verkaskiptingu, sem haldist hafi síðan. Ragnar hafi séð um erlendar bréfaskriftir, Gísli um pantanir og innkaup, en Margeir bæði um fjárreiður og bókhald.

Þegar á leið, hafi Margeir ráðið son sinn, Jóhann Pétur, sér til aðstoðar. Öllum hafi verið ljós þessi skipting starfa. Viðskiptamenn hafi samið við Margeir um greiðslukjör, endurskoðandi félagsins hafi beint reikningi sínum til hans og haft samskipti við hann, Margeir hafi gert athugasemdir við

starfsmenn út af kostnaðarreikningum og vöntun í kassa við uppgjör o. s. frv. Í bókhaldinu sjáist handskrift hans víða; hann hafi fært handfærðar undirbækur á móti Jóhanni, syni sínum, og leiðbeint þeim, sem leystu Jóhann af. Hann hafi þannig haft yfirumsjón með öllu bókhaldi og fjárreiðum Íselco sf. Sérstaklega skuli tekið fram, að hann hafi fært færslur varðandi ýmis skjöl, sem notuð hafi verið við að hafa fé af Íselco sf., og hann hafi einnig svarað fyrirspurnum skattyfirvalda.

Gerð hafi verið ýtarleg athugun á bókhaldi Íselco hf., eins og það var fært undir stjórn Margeirs undanfarin ár. Niðurstaða þeirrar athugunar sé í hnotskurn sú, að næstum allt sé í ólagi, sem þar standi. Erfitt sé að finna aðra skýringu á fyrirkomulagi bókhaldsins en þá, að bókhaldið skyldi vísvitandi fært með þeim hætti, að erfitt yrði að rekja viðskipti félagsins, m. ö. o. dylja raunverulegar hreyfingar fjármuna félagsins.

Rétt sé að rekja nánar þessi atriði, einkum þau, sem stangist beinlínis á við l. nr. 51/1968 um bókhald og reglugerð nr. 417/1982 um bókhald. Fyrst skuli vikið að atriðum, sem stríða gegn ákvæðum laganna.

Í sjóðbók hafi ekki verið vísað til færslna í öðrum bókum, sbr. hins vegar 7. gr.

Ekki hafi verið vísað til tilsvarandi færslu í öðrum bókum í viðskiptamannabók, sbr. hins vegar 8. gr.

Mikið hafi verið um færslur skv. ófullnægjandi og ófullkomnum skjölum í bókhaldinu, svo sem ýmiss konar handskrifuðum miðum í bókhaldinu, sbr. hins vegar 12. gr.

Númer fylgiskjala og færslna hafi ekki verið hin sömu, sbr. hins vegar 15. gr.

Þá skuli vikið að nokkrum þeim atriðum, sem stríði gegn ákvæðum reglugerðarinnar:

Afstemming undirbóka við aðalbók virðist ekki hafa verið gerð, sbr. hins vegar 4. tl. 1. gr. Mikið hafi vantað á, að millifærslur fullnægðu 5. gr., og sé þá aðeins fátt talið og ekki tíundað hér það, sem fram komi í reglugerðum um virðisaukaskatt o. fl.

Árlega hafi Margeir hins vegar framvísað endurskoðendum bókhaldslistum (hreyfingarlistum) og handskrifuðum listum, sem hafi átt að líta út fyrir að sýna lokaafstemmingu helstu efnahagsliða bókhaldsins. Í raun hafi endurskoðendur félagsins því aðeins annast uppstillingu á lokatölum bókhalds félagsins án nokkurrar sjálfstæðrar athugunar, þótt annað væri látið í veðri vaka við aðra sameigendur Margeirs.

Kröfur aðila í frávísunarþætti málsins.

Kröfur aðalstefnda í þessum þætti málsins eru þær, að kröfuliðum III – VII í stefnu og kröfum skv. framhaldsstefnu verði vísað frá dómi og honum tildæmdur málskostnaður við endanlegan dóm eða úrskurð.

Kröfur aðalstefnenda eru þær, að frávísunarkröfum aðalstefnda verði hrundið og aðalstefnendum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins auk álags skv. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður málsaðila varðandi frávísunarkröfu.

Aðalstefndi reisir kröfur sínar á því, að kröfur aðalstefnenda í málinu séu skaðabótakröfur, en að mati aðalstefnda séu þær ódómhæfar, þar sem engan veginn sé hægt að meta ætlað tjón af þeim athöfnum, sem taldar séu bótaskyldar. Hann heldur því einnig fram, að aðildin að skaðabótakröfunum sé vanreifuð og málflutningsyfirlýsingar þar að lútandi misvísandi. Þá sé Íselco sf. í öðru máli fyrir sama dómstóli að hafa uppi sömu kröfur og í þessu máli. Þá vanti málsástæður aðalstefnenda að mestu leyti inn í málið, svo að ekki sé unnt að átta sig á því, á hvaða grunni tilteknar athafnir eigi að leiða til bótaskyldu að lögum, og tengslin milli skjala, atvikalýsingar og dómkrafna séu þokukennd. Ekki verði að lögum úr þessu bætt í rekstri málsins.

Af hálfu aðalstefnenda er mótmælt öllum kröfum og málsástæðum aðalstefnda. Um þá málsástæðu aðalstefnda, að ekki sé unnt að meta tjónið, er af hálfu aðalstefnenda vísað til matsbeiðni á dskj. nr. 121, en hún sé komin fram í málinu með samþykki aðalstefnda. Þá er vísað til 2. mgr. 100. gr. eml. Á það er bent, að í þinghaldi 14. nóvember 1994 hefði aðalstefndi gefið yfirlýsingu um, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, og sé hann af þessari yfirlýsingu bundinn. Krafa hans nú sé of seint fram komin. Þá er því mótmælt, að aðild málsins, kröfur og málsástæður séu ekki nægilega reifaðar.

Niðurstaða.

Af hálfu aðalstefnenda er frávísunarkröfu aðalstefnda mótmælt sem of seint fram kominni. Í réttarhaldi 14. nóvember 1994 óskaði lögmaður aðalstefnda bókað, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, en legði það í mat dómsins, hvort einhver atriði í málatilbúnaði aðalstefnenda leiddu til frávísunar ex officio. Í réttarhaldi 12. september 1995 lagði lögmaður aðalstefnda fram úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. maí 1995, sbr. dskj. nr. 72, og dóm Hæstaréttar Íslands frá 27. júní 1995 í málinu nr. 208/1995, sbr. dskj. nr. 71, í máli Íselco sf. gegn Jóhanni Pétri Margeirssyni og aðalstefnda, en í því máli var að mati lögmannsins vísað frá héraðsdómi hliðstæðum kröfum og hafðar eru uppi undir kröfuliðum III – VII í þessu máli.

Í sama þinghaldi gerði lögmaðurinn jafnframt þá kröfu, að kröfuliðum III – VII í stefnu og kröfum skv. framhaldsstefnu yrði vísað frá dómi.

Með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar svo og því, að réttarfarslög teljast ekki standa því í vegi, að unnt sé að gera kröfu um frávísun á hvaða stigi máls, sem er, er ekki fallist á, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin.

Eins og kröfugerð skv. liðum III – VII í stefnu og í framhaldsstefnu ber með sér, er um að ræða skaðabótakröfur vegna tjóns, sem aðalstefnendur telja aðalstefnda hafa bakað Íselco sf. með athöfnum sínum og athafnaleysi, þ. e. vegna hlutdeildar sinnar og ábyrgðar sem fjármálalegur framkvæmdastjóri Íselco sf., á fjármunabrotum sonar síns, Jóhanns Péturs Margeirssonar, gegn Íselco sf. Sameignarfélagið er þó ekki aðili að máli þessu, heldur er málið höfðað af tveimur sameigendum gegn þriðja sameigandanum til greiðslu á tveimur þriðju af því tjóni, er aðalstefnendur telja aðalstefnda hafa bakað félaginu.

Með stefnu, út gefinni 3. júlí 1995, sbr. dskj. nr. 120, höfðaði félagið ásamt aðalstefnendum mál gegn Jóhanni Pétri Margeirssyni til greiðslu skaðabóta. Verður ekki betur séð en að í því máli séu að mestu hafðar uppi sömu kröfur og í því máli, sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir liggur, að þær kröfur, sem hér um ræðir, eru vegna ætlaðra heimildarlausra greiðslna úr sjóðum félagsins, og ættu þær því að renna beint til þess, en ekki einstakra félagsmanna. Verður ekki ljóst, fyrr en uppgjöri félagsins er lokið og að teknu tilliti til niðurstöðu dóms og skattalegra áhrifa hans hjá félaginu, hver hlutdeild hvers sameiganda verður. Þykir reifun aðalstefnenda á aðild málsins að þessu leyti verulega vanreifuð. Þá verður ekki séð af málatilbúnaði aðalstefnenda, með hvaða heimild þeir telja sig geta beint sömu kröfum að tveimur aðilum í tveimur dómsmálum, sbr. það, sem áður er rakið.

Þá þykir ljóst, að það, sem fram kemur um ætlað tjón aðalstefnenda í stefnu, framhaldsstefnu og fram lögðum gögnum málsins, nægir ekki sem grundvöllur undir ákvörðun bóta. Virðast sömu annmarkar á málatilbúnaði aðalstefnenda í máli þessu og voru í hæstaréttarmálinu nr. 208/1995. Gögn, sem aðalstefnendur hafa lagt fram í rekstri málsins, þ. m. t. matsbeiðni, nægja ekki til að bæta úr annmörkum þessum. Ber því að vísa frá dómi kröfuliðum III – VI í stefnu og kröfum, er fram koma í framhaldsstefnu. Þá er kröfulið VII í stefnu vísað frá dómi, að því er tekur til krafna skv. kröfuliðum III – VI.

Ákvörðun málskostnaðar fyrir þennan þátt málsins bíður endanlegs dóms í málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Helga V. Jónssyni hrl. og Sigurði P. Sigurðssyni endurskoðanda.

Úrskurðarorð:

Kröfum aðalstefnenda skv. kröfuliðum III – VI í stefnu og kröfum í framhaldsstefnu er vísað frá dómi. Þá er kröfulið VII í stefnu vísað frá dómi, að því er tekur til krafna skv. kröfuliðum III – VI.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms í málinu.

Mánudaginn 29. janúar 1996.

Nr. 36/1996. **Rakel Olsen**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Benedikt Benediktssyni og
Jónínu Gunnarsdóttur
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Þinglýsing. Lóðarleiga. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 19. desember 1995, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi 25. október 1995 um að afmá úr þinglýsingabók lóðarleigusamning frá 1. maí 1977 milli Skógræktar ríkisins og Ágústs Sigurðssonar um landspildu umhverfis sumarbústað í landi jarðarinnar Saura í Helgafellssveit, sem þinglýst var 6. júlí sama ár. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Sóknaraðili krefst þess, að umræddri ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi verði hnekkt. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar svo og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

I.

Með afsali atvinnu- og samgöngumálaráðherra 7. júní 1920 var þjóðjörðin Saurar í Helgafellssveit seld Guðjóni Guðmundssyni, ábúanda jarðarinnar. Í afsalinu er meðal annars undanskilið við söluna „. . . svæði allt að 300 vallardagssláttur að flatarmáli, sem sje Langás fyrir austan veginn frá Hólum að Saurum og landið umhverfis hann allt að Eystra-Setbergi“.

Af skjölum málsins verður ráðið, að Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður í Stykkishólmi, hafi kringum 1940 reist í Sauraskógi

sumarbústað þann, sem mál þetta snýst um. Í bréfi Sigurðar 12. nóvember 1947 til Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra er vísað til þess, að við áðurnefnda sölu jarðarinnar hafi eitthvað af Sauraskógi verið undanskilið. Vekur hann athygli á því, að ekkert hafi verið hugsað um þetta land ríkisins. Í bréfi Hákonar til Sigurðar 17. sama mánaðar segir meðal annars, að hluti Sauraskógar sé eign skógræktarinnar og hafi verið „girtur fyrir mörgum árum", jafnframt, að í veðmálabókum sýslunnar muni vera til landamerki jarðarinnar ásamt merkjum skógarins, sem ekki fylgdu með í kaupunum.

Hinn 6. júlí 1960 gerðu erfingjar Guðjóns Guðmundssonar, sem þá voru orðnir eigendur jarðarinnar, og Skógrækt ríkisins með sér makaskiptasamning, þar sem meðal annars segir, að eigendur Saura afhendi Skógrækt ríkisins „land umhverfis Setbergin, hið eystra og vestra, að undanskilinni lóð um sumarbústað, sem þar er og afmörkuð er, í framhaldi af girðingu þeirri, sem þar er komin upp og mörkuð er á loftljósmynd". Í stað þessa afhendi Skógrækt ríkisins land utan Langáss, sem undanskilið hafi verið við sölu jarðarinnar 1920.

Með samningi 1. maí 1977 leigði Skógrækt ríkisins Ágústi Sigurðssyni, syni fyrrnefnds Sigurðar, á erfðafestu samkvæmt þágildandi 22. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt „landspildu umhverfis sumarbústað hans, sem hann og foreldrar hans hafa átt í 37 ár, í landi Saura í Helgafellssveit og er innan girðingar Skógræktar ríkisins". Þar segir einnig, að landið sé um einn hektari og takmarkist „af beinni línu úr hápunkti Setbergs stystu leið í Stóra-Sauravatn annars vegar, en hins vegar stystu leið úr sama stað í Minna-Sauravatn".

Með bréfi Leifs Kr. Jóhannessonar 15. júní 1981 fyrir hönd þáverandi eigenda jarðarinnar Saura var þess krafist, að lóðarleigusamningurinn yrði afmáður úr veðmálabókum, þar sem Skógrækt ríkisins væri ekki eigandi landsins. Ekki var þá orðið við þeirri kröfu.

Með afsali 28. apríl 1983 eignaðist Helgafellssveit jörðina Saura að mestu leyti, en afsalaði síðan eignarhlut sínum til varnaraðila 22. júní sama ár. Í síðarnefnda afsalinu er meðal annars tekið fram, að undanskilið sé sölu sumarbústaður dánarbús Sigurðar Ágústssonar og land Skógræktar ríkisins. Varnaraðilar eignuðust hluta sameiganda síns í jörðinni við uppboð til slita á sameign, sem sýslumaður-

inn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hélt 8. nóvember 1983. Í uppboðsafsali 8. febrúar 1984 segir, að varnaraðilum sé kunnugt um „landspildu Skógræktar ríkisins, sbr. makaskiptasamning, dags. 6. júlí 1960, og leigusamning við Ágúst Sigurðsson".

II.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi hefur á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978 afmáð úr þinglýsingabók lóðarleigusamninginn frá 1. maí 1977 um landspildu umhverfis sumarbústað sóknaraðila. Var sú ákvörðun staðfest með hinum kærða úrskurði. Af gögnum þeim, sem áður hafa verið rakin, er ekki ljóst, hvort landspildan sé innan þess lands, sem ríkið undanskildi við sölu jarðarinnar Saura árið 1920. Þá er óljóst, hvaða áhrif fyrrnefndur makaskiptasamningur frá 1960 kunni að hafa í því sambandi. Verður einnig að líta til þess, að sérstakar athugasemdir eru gerðar um land umhverfis sumarbústað sóknaraðila í síðar þinglýstum eignarheimildum til varnaraðila. Er því slíkur vafi um réttindi málsaðila, að ekki voru skilyrði til, að sýslumaður mætti afmá umræddan lóðarleigusamning úr þinglýsingabók samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir sýslumann að færa samninginn að nýju inn í þinglýsingabók.

Varnaraðilum verður gert sameiginlega að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir, en málskostnaður í héraði verður ekki dæmdur honum, enda krafðist hann ekki málskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir héraðsdómi.

Það athugast, að málavaxtalýsingu í hinum kærða úrskurði er verulega áfátt. Að auki hefur héraðsdómari í úrskurðinum ranglega nefnt erindi sóknaraðila, þar sem úrlausn þinglýsingarstjóra er borin undir héraðsdóm, ýmist kæru eða málskot.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur. Lagt er fyrir sýslumanninn í Stykkishólmi að færa að nýju inn í þinglýsingabók lóðarleigusamning frá 1. júní 1977 um landspildu umhverfis sumarbústað sóknaraðila, Rakelar Olsen.

Varnaraðilar, Benedikt Benediktsson og Jónína Gunnars-

dóttir, greiði sameiginlega sóknaraðila 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 19. desember 1995.

I.

Með bréfi, dagsettu 12. nóvember 1995, sem barst dóminum 14. nóvember 1995, kærði sóknaraðili, Rakel Olsen, kt. 170142-4899, Ægisgötu 3, Stykkishólmi, þá ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi að afmá úr fasteignabók embættis hans erfðafestusamning milli Skógræktar ríkisins annars vegar og Ágústs Sigurðssonar hins vegar um landspildu umhverfis sumarbústað í landi Saura í Helgafellssveit, dags. 1. maí 1977, sem þinglýst var á manntalsþingi í Helgafellssveit 6. júlí 1977 sem skjal auðk. 53 nr. 287, mótt. 6. júlí 1977. Krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun þessari verði hrundið og sýslumanninum í Stykkishólmi gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðilar, Benedikt Benediktsson og Jónína Gunnarsdóttir, krefjast þess, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi að afmá úr fasteignabók embættis hans erfðafestusamning milli Skógræktar ríkisins annars vegar og Ágústs Sigurðssonar hins vegar um landspildu umhverfis sumarbústað í landi Saura í Helgafellssveit, dags. 1. maí 1977, sem þinglýst var á manntalsþingi í Helgafellssveit 6. júlí 1977 sem skjal auðk. 53 nr. 287, mótt. 6. júlí 1977. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts á þóknun lögmanns vegna fyrirsvars fyrir varnaraðila í máli þessu.

II.

Héraðsdómi Vesturlands barst kæra þessi 7. nóvember 1995. Athugasemdir fulltrúa sýslumannsins í Stykkishólmi bárust dóminum 27. nóvember. Hinn 30. nóvember sl. barst dóminum greinargerð og kröfur varnaraðila. Málið var tekið til úrskurðar í framhaldi af því.

III.

Málsatvik eru þau, að Sigurður Ágústsson, tengdafaðir sóknaraðila, sem situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Ágúst Sigurðsson, reisti sér á árinu 1947 sumarbústað í landi Saura í Helgafellssveit. Ekki var gengið frá formlegum samningi milli Sigurðar Ágústssonar annars vegar og eigenda Saura hins vegar um landið undir bústaðinn og umhverfis hann. 1. maí 1977, eftir andlát Sigurðar, var gerður erfðafestusamningur milli sonar hans, Ágústs Sigurðssonar, annars vegar og Skógræktar ríkisins hins vegar. Samningi þessum var þinglýst athugasemdalaust 6. júlí 1977 af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Með bréfi, dagsettu 15. júní 1981, krafðist Leifur Jóhannesson, sem eignast hafði part úr jörðinni Saurum fyrir arf árið 1980, að erfðafestusamningurinn yrði afmáður úr veðmálabókum, en það var ekki gert.

Sóknaraðili kveður fyrrnefndan Leif hafa selt jarðarpart sinn 2. janúar 1985 öðrum núverandi eigenda Saura, Benedikt Benediktssyni. Varnaraðilar hafi eignast alla jörðina Saura á uppboði, sem haldið var til slita á sameign 8. nóvember 1983.

IV.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að allan þennan tíma hafi ekkert verið aðhafst í málinu, enda þótt nokkur tækifæri hafi gefist til þess, svo sem er þinglýst hafi verið afsali til hreppsnefndar Helgafellssveitar fyrir jörðinni Saurum 28. apríl 1983 og er hreppsnefnd hafi selt varnaraðilum jarðarpart sinn í jörðinni Saurum 22. júní 1983.

Í uppboðsafsalinu til handa varnaraðilum, sem gefið hafi verið út af sýslumanni 8. febrúar 1984, sé tekið fram, að hæstbjóðendum, þ. e. varnaraðilum, sé kunnugt um erfðafestusamning Ágústs Sigurðssonar og Skógræktar ríkisins.

Í ljósi þessa og þeirrar takmörkuðu heimildar, sem sýslumaður hafi til þess að leiðrétta rangar færslur í fasteignabókinni, hafi honum ekki verið heimilt að afmá skráninguna úr veðmálabókum. Af greinargerð með lögunum sé ljóst, að sýslumaðurinn í Stykkishólmi geti ekki á sitt eindæmi afmáð úr fasteignabók embættis síns erfðafestusamning sóknaraðila og Skógræktar ríkisins. Varnaraðilum sé hins vegar fær sú leið, sem 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga bjóði, ef þeir telji erfðafestusamninginn fara í bága við réttindi þeirra til Saura og valda sér réttarspjöllum.

Sóknaraðili bendir og á, að þegar sumarbústaður hans hafi verið reistur árið 1947, hafi Skógrækt ríkisins haft fullt forræði yfir landinu, sem hann hafi verið byggður á, og hafi það enn, þar sem bústaðurinn sé innan skógræktargirðingar, eins og fram komi í afsali vegna Saura til hreppsnefndar Helgafellssveitar frá 28. apríl 1993 (sic).

Þá bendir sóknaraðili á, að tilvist sumarbústaðarins og síðar erfðafestusamningsins hafi verið öllum eigendum Saura kunn. Enginn þeirra hafi gert athugasemdir við stöðu bústaðarins á landinu né erfðafestusamninginn fyrr en árið 1981, er þáverandi eigandi hluta jarðarinnar Saura hafi krafist þess, að samningurinn yrði afmáður úr veðmálabókum. Sýslumaður hafi ekki orðið við þeirri kröfu, og sé ljóst, að allir eigendur Saura hafi sætt sig við þá ákvörðun, sbr. afsal þeirra til hreppsnefndar Helgafellssveitar frá árinu 1983. Jafnframt hafi núverandi eigendur Saura ekki gert athugasemdir við

tilvist erfðafestusamningsins, er þau hafi eignast alla jörðina við uppboðssöluna 8. febrúar 1984.

Sóknaraðili kveðst hafa efnt allar skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Sóknaraðili styður málskot þetta 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Kröfu um málskostnað reisir sóknaraðili á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðilar rökstyðja kröfur sínar með því, að viðurkennt sé, að Skógrækt ríkisins hafi brostið heimild til samningsgerðarinnar 1977, þar sem skógræktina hafi skort þinglýsta eignarheimild fyrir þeirri landspildu, sem leigð hafi verið.

Erfðafestusamningurinn hafi á því tímamarki, sem hann hafi verið afhentur sýslumanni til þinglýsingar, ekki verið tækur til þess, að honum yrði þinglýst. Hafi því sýslumanni með vísan til 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 borið að vísa samningnum frá þinglýsingu, sbr. dóma Hæstaréttar frá 1994, 363, 1990, 406, 1990, 244 og 1988, 1475. Þinglýsing samningsins hafi í ljósi þessa verið augljós mistök og brotið í bága við skýlausan eignarrétt þáverandi eigenda jarðarinnar. Sýslumaðurinn í Stykkishólmi hafi haft ótvíræðan rétt til þess að leiðrétta þau mistök, að skjali, sem vísa hefði átt frá þinglýsingu, var þinglýst, með því að afmá þinglýsinguna úr þinglýsingabókum, sbr. 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga. Í ljósi dómvenju, sem myndast hafi, og orðalags 1. mgr. 27. gr. laganna hafi ákvæði í greinargerð með lögunum ekkert vægi í máli þessu.

Varnaraðilar mótmæla því, að þeir hafi sýnt af sér tómlæti af einhverju tagi eða sætt sig við tilvist eða efni erfðafestusamningsins. Hugsanleg vitneskja varnaraðila eða fyrri eigenda Saura um tilvist eða efni erfðafestusamningsins breyti hér engu um. Varnaraðilar kveða ákvæði 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 ekki eiga við í máli þessu, þar sem réttur varnaraðila til þess lands, sem erfðafestusamningurinn taki til, sé skýlaus og ótvíræður, enda sé hann viðurkenndur m. a. af öðrum aðila erfðafestusamningsins, Skógrækt ríkisins, og þeim sýslumanni, sem þinglýst hafi samningnum.

Varnaraðilar mótmæla því, að Skógrækt ríkisins hafi við byggingu sumarbústaðarins árið 1947 haft fullt forræði yfir landinu undir og umhverfis sumarbústað sóknaraðila, þar sem landið sé innan skógræktargirðingar. Umrædd landspilda hafi verið undanskilin þinglýstum makaskiptasamningi Skógræktar ríkisins og eigenda Saura, sem gerður hafi verið 6. júlí 1960 og skógræktin byggt ætlaðan rétt sinn á til samningsgerðar við Ágúst Sigurðsson árið 1977. Skógræktin hafi og viðurkennt heimildarleysi sitt til gerðar þess löggernings.

Kröfu um málskostnað reisa varnaraðilar á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr. þeirra laga. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðja varnaraðilar við lög nr. 50/1988. Varnaraðilar hafi ekki með höndum virðisaukaskattsskyldan rekstur og beri því nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi sóknaraðila.

V.

Í bréfi fulltrúa þinglýsingarstjórans í Stykkishólmi til dómarans eru gerðar eftirfarandi athugasemdir: –. . .Síðari hluta síðastliðins októbermánaðar kom Benedikt Benediktsson, annar eigandi og ábúandi á Saurum, á fund sýslumannsins í Stykkishólmi. Benti hann á mistök þessi og krafðist þess, að þau yrðu leiðrétt, þ. e., að þinglýsingin frá 1977 yrði afmáð, og var orðið við því. Ekki er því um það að ræða, að hér sé um eitthvert einkaframtak að ræða af hálfu sýslumannsins í Stykkishólmi.

Hitt er annað mál, að í 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga er lögð frumkvæðisskylda á þinglýsingarstjóra að bæta úr, verði hann þess áskynja, að færsla í þinglýsingabók sé röng, eða ef mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella. Er þetta vegna þess, að þinglýsing sem réttindaskráning gegnir grundvallarhlutverki í fjármála- og viðskiptalífi nútímans. Það er því mikilvægt, að þinglýsingabækur séu rétt færðar, og það er megintilgangur þeirra reglna, sem um færslu í þær gilda. Efnisréttur í máli þessu skiptir engu máli né heldur hugsanlegt tómlæti eigenda Saura, sé því til að dreifa, heldur er hér einungis um það að ræða, að hafi orðið mistök við færslu þinglýsingabóka, ber þinglýsingarstjóra að leiðrétta þau mistök. Útgefanda skjalsins brast þinglýsta eignarheimild, og því bar að vísa skjalinu frá þinglýsingu. Þess í stað var því þinglýst án athugasemda.

Um það, hvort í tilvikum sem þessum beri að afmá þinglýsingu skjals eða skrá athugasemd, eru skiptar skoðanir, þrátt fyrir það að greinargerð með þinglýsingalögum sé nokkuð skýr að þessu leyti. Má í því sambandi vísa til Hrd. 1989, 1395, og 1990, 406, þar sem Hæstiréttur tók þá afstöðu, að afmá skyldi þinglýsingu skjals, þar sem útgefanda þess brast þinglýsta eignarheimild."

Fram lagður erfðafestusamningur, sem þinglesinn var af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. júlí 1977, var samkvæmt gögnum málsins ekki tækur til þinglýsingar á þeim tíma, er hann var þinglesinn, þar sem leigusala skorti formlega heimild til ráðstöfunar landsins. Hefði því borið að vísa samningnum frá þinglýsingu.

Þinglýsing er skráning réttinda, eins og þau eru við þinglýsingu, en skapar ekki efnisleg réttindi.

Þinglýsingarstjóra er heimilað í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978 að leiðrétta

mistök, sem orðið hafa við þinglýsingu, með því að afmá þinglýsinguna úr þinglýsingabókum. Eins og hér var háttað og með vísan til framanritaðs og því meginhlutverki þinglýsingar að skrá eignarheimildir með formlegum hætti, ber að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi að afmá úr þinglýsingabókum erfðafestusamning milli Skógræktar ríkisins annars vegar og Ágústs Sigurðssonar hins vegar um landspildu umhverfis sumarbústað í landi Saura í Helgafellssveit, dags. 1. maí 1977, sem þinglýst var á manntalsþingi í Helgafellssveit 6. júlí 1977 sem skjal auðk. 53 nr. 287, mótt. 6/7 1977, og hafna kröfu sóknaraðila.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til þeirrar skyldu varnaraðila að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Rakelar Olsen, er hafnað.

Sóknaraðili, Rakel Olsen, greiði varnaraðilum, Benedikt Benediktssyni og Jónínu Gunnarsdóttur, 30.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 29. janúar 1996.

Nr. 48/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Árna Gunnsteinssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast verður á með héraðsdómi, að rökstuddur grunur sé um aðild varnaraðila að ráni, sem vopnaðir menn frömdu í útibúi Búnaðarbanka Íslands að Vesturgötu 54 í Reykjavík 18. desember 1995. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Árna Gunnsteinssyni, kt. 140274-5269, Hlíðarhjalla 25, Kópavogi, verði gert að sæta framlengdu gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 251. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 17. janúar sl. í þágu rannsóknar vegna grunar um brot gegn 248. gr. Lögreglan segir rannsóknina á aðild kærða að því broti svo vel á veg komna, að ekki séu lengur efni til gæsluvarðhalds yfir honum á grundvelli fyrri gæsluvarðhaldsúrskurðar. Nú liggur

kærði hins vegar undir grun lögreglunnar um að eiga aðild að vopnuðu ráni, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu 54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu síðan á braut með peningana. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós, að mennirnir þrír hafi komið að bankanum í bifreiðinni R-26194, og enn fremur telur lögreglan, að þeir hafi komist undan á bifreiðinni PO-381, sem fannst við Blómvallagötu. Báðum bifreiðunum hafði verið stolið, og voru þær með röngum skráningarnúmerum, sem hafði verið stolið af bifreiðum, er stóðu á bílasölum.

Kærði hefur bæði við skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dóminum neitað því að hafa staðið að ráninu í útibúi Búnaðarbankans 18. desember sl. Hann viðurkennir hins vegar, að hann hafi ásamt þremur nafngreindum mönnum haft uppi áform í haust um að fremja vopnað bankarán. Framburður tveggja þessara manna er á sömu lund. Áform kærða og félaga hans eru mjög í líkingu við það rán, sem lögreglan grunar hann um aðild að. Þótt kærði neiti því, að þeir hafi hrundið áformum sínum í framkvæmd, hefur hann þó lýst því, hvernig þeir félagarnir hófu tilteknar aðgerðir í undirbúningsskyni. Þessi framburður kærða og önnur gögn málsins þykja bendla hann svo mjög við málið, að fallast verður á það með lögreglunni, að grunur hennar um, að kærði sé viðriðinn framangreint rán með saknæmum hætti, sé rökstuddur. Brotið, sem kærði er grunaður um aðild að, varðar við 252. gr. alm. hgl. og gæti því varðað hann fangelsi.

Rannsókn lögreglu á aðild kærða og félaga hans að framangreindu ráni er á frumstigi. Í framburði kærða og tveggja félaga hans kemur ýmislegt fram, sem lögreglan á eftir að vinna úr, svo sem með því að ræða við vitni og menn, sem hugsanlega eru samsekir. Erfitt gæti reynst að sannreyna þessi atriði, ef kærði væri frjáls ferða sinna. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Árni Gunnsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00.

Mánudaginn 29. janúar 1996.

Nr. 49/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Ragnari Símonarsyni
(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili lagt fram gögn, sem hann telur sanna, að hann hafi verið á öðrum stað, þegar vopnaðir menn rændu peningum í útibúi Búnaðarbanka Íslands að Vesturgötu 54 í Reykjavík 18. desember 1995. Það þykir þó ekki hnekkja því, að rökstuddur grunur er um tengsl varnaraðila við verknaðinn. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Ragnari Símonarsyni, kt. 100173-4259, Víðihvammi 24, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16:00 vegna grunar um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 14.50 í gær. Hann er grunaður um aðild að vopnuðu ráni, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu 54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var

einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu síðan á braut með peningana. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós, að mennirnir þrír hafi komið að bankanum í bifreiðinni R-26194, og enn fremur telur lögreglan, að þeir hafi komist undan á bifreiðinni PO-381, sem fannst við Blómvallagötu. Báðum bifreiðunum hafði verið stolið, og voru þær með röngum skráningarnúmerum, sem hafði verið stolið af bifreiðum, er stóðu á bílasölum.

Kærði hefur bæði við skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dóminum neitað því að hafa staðið að ráninu í útibúi Búnaðarbankans 18. desember sl. Hann viðurkennir hins vegar, að hann hafi ásamt þremur nafngreindum mönnum haft uppi áform í haust um að fremja vopnað bankarán. Framburður tveggja þessara manna er á sömu lund. Áform kærða og félaga hans eru mjög í líkingu við það rán, sem lögreglan grunar hann um aðild að. Þótt kærði neiti því, að þeir hafi hrundið áformum sínum í framkvæmd, hefur hann þó lýst því, hvernig þeir félagarnir hófu tilteknar aðgerðir í undirbúningsskyni. Þessi framburður kærða og önnur gögn málsins þykja bendla hann svo mjög við málið, að fallast verður á það með lögreglunni, að grunur hennar um, að kærði sé viðriðinn framangreint rán með saknæmum hætti, sé rökstuddur. Brotið, sem kærði er grunaður um aðild að, varðar við 252. gr. alm. hgl. og gæti því varðað hann fangelsi.

Rannsókn lögreglu á aðild kærða og félaga hans að framangreindu ráni er á frumstigi. Í framburði kærða og tveggja félaga hans kemur ýmislegt fram, sem lögreglan á eftir að vinna úr, svo sem með því að ræða við vitni og menn, sem hugsanlega eru samsekir. Erfitt gæti reynst að sannreyna þessi atriði, ef kærði væri frjáls ferða sinna. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Símonarson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00.

Mánudaginn 29. janúar 1996.

Nr. 51/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Rafni Benediktssyni
(Jóhannes A. Sævarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn, sem geta bent til, að varnaraðili hafi verið á öðrum stað, þegar vopnaðir menn rændu peningum í útibúi Búnaðarbanka Íslands að Vesturgötu 54 í Reykjavík 18. desember 1995. Það þykir þó ekki hnekkja því, að rökstuddur grunur er um tengsl varnaraðila við verknaðinn. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Rafni Benediktssyni, kt. 081170-4959, Vesturbergi 78, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 14.27 í gær. Hann er grunaður um aðild að vopnuðu ráni, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu

54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu síðan á braut með peningana. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós, að mennirnir þrír hafi komið að bankanum í bifreiðinni R-26194, og enn fremur telur lögreglan, að þeir hafi komist undan á bifreiðinni PO-381, sem fannst við Blómvallagötu. Báðum bifreiðunum hafði verið stolið, og voru þær með röngum skráningarnúmerum, sem hafði verið stolið af bifreiðum, er stóðu á bílasölum.

Kærði hefur bæði við skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dóminum neitað því að hafa staðið að ráninu í útibúi Búnaðarbankans 18. desember sl. Hann viðurkennir hins vegar, að hann hafi ásamt þremur nafngreindum mönnum haft uppi áform í haust um að fremja vopnað bankarán. Framburður tveggja þessara manna er á sömu lund. Áform kærða og félaga hans eru mjög í líkingu við það rán, sem lögreglan grunar hann um aðild að. Þótt kærði neiti því, að þeir hafi hrundið áformum sínum í framkvæmd, hefur hann þó lýst því, hvernig þeir félagarnir hófu tilteknar aðgerðir í undirbúningsskyni. Þessi framburður kærða og önnur gögn málsins þykja bendla hann svo mjög við málið, að fallast verður á það með lögreglu, að grunur hennar um, að kærði sé viðriðinn framangreint rán með saknæmum hætti, sé rökstuddur. Brotið, sem kærði er grunaður um aðild að, varðar við 252. gr. alm. hgl. og gæti því varðað hann fangelsi.

Rannsókn lögreglu á aðild kærða og félaga hans að framangreindu ráni er á frumstigi. Í framburði kærða og tveggja félaga hans kemur ýmislegt fram, sem lögreglan á eftir að vinna úr, svo sem með því að ræða við vitni og menn, sem hugsanlega eru samsekir. Erfitt gæti reynst að sannreyna þessi atriði, ef kærði væri frjáls ferða sinna. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Rafn Benediktsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 291/1994. **Hið íslenska kennarafélag**
(Ragnar Halldór Hall hrl.)
gegn
Ólafi Hauki Johnson
(Hreinn Loftsson hrl.)
og gagnsök

Lögbann. Skaðabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1994 og gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst aðaláfrýjandi lækkunar á dómkröfum og að upphafstími dráttarvaxta verði miðaður við uppsögu dóms Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1994 og gerir þær kröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu á 3.086.655 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 23. september 1993. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara, að aðaláfrýjandi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum og 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. skaðabótaábyrgð á tjóni, sem gagnáfrýjandi varð fyrir af aðgerðum, er aðaláfrýjandi beitti í því skyni að hindra starfsemi sumarskóla gagnáfrýjanda og Péturs Björns Péturssonar vorið og sumarið 1993. Er þá aðeins til úrlausnar það tjón, sem gagnáfrýjandi telur sig einan hafa orðið fyrir. Bótaábyrgð styðst samkvæmt lögum nr. 31/1990 við 6. mgr., sbr. 1. mgr. 42. gr. þeirra. Verður nú vikið að einstökum liðum bótakröfu gagnáfrýjanda.

Um 1. lið. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur með úrskurði 30. júní 1993 kröfu aðaláfrýjanda um, að lögbann yrði lagt við því, að gagnáfrýjandi starfrækti

eða tæki þátt í rekstri „Sumarskóla framhaldsskólanna“. Í úrskurðinum var aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað. Úrskurðurinn er endanlegur og bindur því aðila þessa máls. Verður aðaláfrýjanda þess vegna ekki gert að greiða gagnáfrýjanda frekari bætur fyrir kostnað hans af lögbannsmálinu.

Um 2. lið. Kröfuliður þessi er fyrir fjártjón, sem gagnáfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir vegna vinnu, sem hann innti af hendi í tengslum við lögbannsmálið. Í framangreindum úrskurði héraðsdómara hefur þegar verið tekin afstaða til málskostnaðar í lögbannsmálinu, sbr. g-lið 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi kröfuliður á því ekki stoð í lögum og verður ekki tekinn til greina.

Um 3. og 4. lið. Undir þessum liðum er krafist bóta fyrir fjártjón, sem gagnáfrýjandi kveðst hafa orðið fyrir vegna aðgerða aðaláfrýjanda. Með vísun til forsendna héraðsdóms verður að fallast á, að gagnáfrýjandi hafi fært nægileg rök fyrir því, að hann hafi skaðast fjárhagslega sökum þess, að nokkru færri nemendur hafi sótt sumarskólann og greitt skólagjöld en ella hefði orðið. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar ekki lagt fram rekstrarreikning eða önnur gögn, sem sýni fjárhagslega afkomu skólans. Þá virðist hann miða kröfugerð sína við það, að tjón skólans af missi nemenda svari algerlega til fjárhæðar skólagjalda, sem þessir nemendur hefðu greitt. Sýnist gagnáfrýjandi þannig leggja til grundvallar, að engin útgjöld hafi sparast við minni aðsókn að skólanum.

Við ákvörðun bóta fyrir fjártjón gagnáfrýjanda samkvæmt 3. og 4. lið verður meðal annars litið til þess, sem nú var rakið. Einnig er haft í huga, að samkvæmt samningi hans og Péturs Björns Péturssonar skyldi skipta hagnaði eða tapi af starfsemi sumarskólans jafnt milli þeirra tveggja.

Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að sanna fjárhæð tjóns í tilviki sem þessu. Þykir því rétt að nota heimild í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 til að dæma skaðabætur eftir álitum. Eins og hér stendur á, verður fjárhæð bóta fyrir fjártjón og miska ákvörðuð í einu lagi, eins og nánar greinir hér á eftir.

Um 5. lið. Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er fallist á, að aðgerðir aðaláfrýjanda hafi valdið gagnáfrýjanda miska.

Þykja heildarbætur fyrir fjártjón og miska hæfilega ákveðnar

800.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði. Við ákvörðun á upphafstíma vaxta er litið til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda þykir hæfilega ákveðinn samtals 300.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hið íslenska kennarafélag, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Hauki Johnson, 800.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 23. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1994.

Mál þetta var dómtekið 16. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með stefnu, áritaðri af lögmanni stefnda, Viðari Má Matthíassyni, 7. september 1993 til þingfestingar hér fyrir dómi 23. september sl.

Stefnandi málsins er Ólafur Haukur Johnson, kt. 201251-3899, til heimilis að Kríunesi 7, Reykjavík, en stefndi er Hið íslenska kennarafélag, kt. 460279-1009, Lágmúla 7, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.086.655,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Þá er þess krafist af hálfu stefnanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi að við bættum virðisaukaskatti á málskostnað. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir, sem falla á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Af hálfu stefnda er krafist aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og upphafstími dráttarvaxta miðaður við uppkvaðningu dóms í málinu.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hóf rekstur sumarskóla sumarið 1990 að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins til þeirrar starfrækslu. Sumarskólinn var síðan starfræktur næstu tvö sumur með sama sniði.

Í febrúarmánuði 1993 var enn sótt um leyfi til menntamálaráðuneytis til starfrækslu sumarskóla á vegum Fjölbrautaskólans í Breiðholti sumarið 1993. Leyfið var veitt með bréfi ráðuneytisins, dags. 22. mars 1993, og þar tekið fram, að heimildin miðaðist við, að námskeiðsgjöld stæðu undir öllum kostnaði og að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 6. maí s. á., er leyfið afturkallað vegna afstöðu fjármálaráðuneytisins. Í bréfinu er tekið fram, að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við það, að skólanefnd geri samning við einkaaðila um leigu á aðstöðu í skólanum til rekstrar sumarskóla með svipuðu sniði og verið hafi undanfarin ár.

Stefnanda virðist áður hafa verið kunnugt um þessa afstöðu ráðuneytisins, því að hann óskar eftir því í bréfi til skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti (FB), dags. 26. apríl s. á., að fá að taka skólahúsnæði á leigu á komandi sumri til starfrækslu sumarskóla.

Með bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 6. maí s. á., óskar stefnandi eftir yfirlýsingu ráðuneytisins um, að nám í fyrirhuguðum sumarskóla verði matshæft við aðra skóla, og lýsir þar yfir, að nám í skólanum verði í öllum aðalatriðum með sama hætti og verið hafi, námskröfur hinar sömu og miðað verði við námsskrá menntamálaráðuneytisins og námsvísi FB. Kennarar verði ráðnir sérstaklega til starfa, og kennarar FB muni að öðru jöfnu verða ráðnir til starfsins.

Í svarbréfi ráðuneytisins frá 7. maí s. á. er óskað eftir frekari upplýsingum um námsframboð í sumarskólanum, áður en afstaða verði tekin til erindis stefnanda.

Með bréfi til menntamálaráðuneytis, dags. 14. maí s. á., tilgreinir stefnandi, hvaða námsáfangar verði í boði í fyrirhuguðum sumarskóla, og greinir enn fremur frá því, að fyrirhugaðir námsáfangar verði í samræmi við áfangalýsingar námsskrár menntamálaráðuneytisins. Þar upplýsir hann jafnframt, að námskröfur verði í öllu hinar sömu og gerðar hafi verið í sumarskóla FB undanfarin sumur, kennarar FB með kennsluréttindi og langa reynslu muni kenna við skólann, þar á meðal margir núverandi og fyrrverandi deildarstjórar, og námsráðgjafi FB muni ganga úr skugga um, að öllum námskröfum verði fullnægt. Á grundvelli þessara upplýsinga óskaði stefnandi eftir því, að menntamálaráðuneytið gæfi út yfirlýsingu hið fyrsta um matshæfi

námsins í aðra framhaldsskóla, þar sem innritun í skólann væri um það bil að hefjast.

Þessu bréfi stefnanda er svarað með bréfi, dags. 18. maí s. á., undirrituðu af Ólafi G. Einarssyni menntamálaráðherra og Guðríði Sigurðardóttur ráðuneytisstjóra. Þar er vísað til bréfs stefnanda frá 14. maí, en síðan segir svo í bréfinu: „Af þessu tilefni tekur menntamálaráðuneytið fram, að nám, sem fer fram samkvæmt ákvæðum námsskrár, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í júní 1990, og að uppfylltum skilyrðum um búnað, aðstöðu og menntun kennara, er jafngilt námi í sömu áföngum sem kenndir eru í almennum framhaldsskólum á reglulegum starfstíma þeirra án tillits til þess, hvar eða á ábyrgð hvers námið fer fram."

Stefnandi taldi, að þar með væri fengin almenn viðurkenning menntamálaráðuneytisins á því, að nám í fyrirhuguðum skóla hans yrði talið matshæft milli framhaldsskóla.

Hinn 24. maí s. á. ritar Eggert Lárusson, formaður stefnda, stefnanda bréf. Segir þar, að stefndi hafi fengið upplýsingar um það, að stefnandi hafi leitað eftir því við kennara, að þeir tækju að sér kennslu við „sumarskólann" á kjörum, sem séu miklum mun lakari en leiða myndi af gildandi kjarasamningum. Þar er þess einnig getið, að ekkert liggi fyrir um, að „sumarskólanum" hafi verið veitt starfsleyfi menntamálaráðuneytisins, né heldur, að nám þar verði viðurkennt við aðra framhaldsskóla. Félagsmenn stefnda hafi hagsmuni af því að tryggja, að öll slík starfsemi, sem hér um ræði, fari að lögum. Stefndi telji því nauðsynlegt að koma í veg fyrir starfrækslu „sumarskólans", nema tryggt sé, að farið verði að lögum við stofnun hans og starfrækslu og að kjarasamningar verði ekki brotnir á kennurum þeim, sem taka að sér kennsluna.

Í framhaldi þessa bréfs lét stefndi birta auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí s. á. Efni þessarar auglýsingar er á þann veg, að nemendur eru varaðir við að sækja nám við sumarskóla stefnanda, þar sem ekkert liggi fyrir um matshæfi náms í skólanum við aðra framhaldsskóla, starfsleyfi hafi ekki verið veitt fyrir starfrækslu skólans og að stefndi muni ekki una því, að til rekstrar slíks sumarskóla komi, nema tryggt sé, að farið verði eftir gildandi kjarasamningum á viðkomandi sviði.

Lögmaður stefnanda mótmælti efni auglýsingarinnar í bréfi til formanns stefnda, dags. 27. maí s. á., og tilgreindi þar, að stefnandi myndi reka sumarskólann á eigin ábyrgð, og sé hann ekki aðili að kjarasamningum opinberra starfsmanna. Kennarar við skólann muni starfa þar sem verktakar. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu skólayfirvalda við rekstur skólans, og nám þar væri talið jafngilt námi í sömu áföngum og kenndir séu á

reglulegum starfstíma almennra framhaldsskóla að fullnægðum þeim skilyrðum, sem tilgreind voru í bréfi menntamálaráðuneytisins frá 18. maí s. á.

Þessu bréfi svaraði lögmaður stefnda með bréfi, dags. 28. maí s. á. Í niðurlagi bréfsins segir svo: „Ég vænti þess, að umbjóðandi yðar falli frá áformum sínum um rekstur „sumarskóla", sem færi í bága við ákvæði laga og kjarasamninga, en geri hann það ekki, mun umbjóðandi minn gæta til hins ýtrasta hagsmuna sinna og félagsmanna sinna."

Sumarskólinn hóf starfrækslu 1. júní 1993, eins og ráðgert hafði verið.

Með lögbannsbeiðni til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 2. júní s. á., krafðist stefndi lögbanns á starfsemi sumarskóla stefnanda. Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík til lögmanns stefnda, dagsettu sama dag, er honum tilkynnt, að beiðnin verði tekin fyrir gegn fram lagðri tryggingu, sem ákveðin hafi verið 7.000.000,00 kr. Í þinghaldi hjá sýslumanninum í Reykjavík 8. júní s. á. var beiðni stefnda um lögbann synjað. Stefndi skaut þessari ákvörðun sýslumanns til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti hana með úrskurði, upp kveðnum 30. júní s. á.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stórum dráttum:

Hann kvaðst hafa ákveðið ásamt Pétri Birni Péturssyni að reka sumarskóla í húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti sumarið 1993. Starfsemi hans hafi hafist 1. júní 1993. Stuttu áður en starfsemin átti að hefjast, hafi stefnandi fengið bréf frá stefnda, þar sem félagið lýsi þeirri skoðun sinni, að starfræksla sumarskólans sé brot á kjarasamningum við kennara og lögum um framhaldsskóla. Undirbúningi hafi þó verið haldið áfram, þar sem stefnandi hafði fengið staðfestingu menntamálaráðuneytisins um, að nám við skólann yrði metið gilt við aðra skóla, enda augljóst, að yfirlýsingar stefnda stöfuðu af misskilningi eða rangri lagatúlkun. Þegar stefnda hafi verið ljóst, að stefnandi vann ótrauður að undirbúningi fyrir skólastarfið, hafi félagið reynt að trufla eða stöðva starfsemi skólans með öllum tiltækum ráðum, m. a. með því að birta auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí 1993. Í þessari auglýsingu hafi stefndi verið með aðdróttanir um, að starfsemi skólans væri ólögmæt og að nám í skólanum myndi ekki verða metið við aðra skóla. Ljóst sé, að þessi auglýsing hafi skaðað skólann, og víst sé, að fjölmargir nemendur hafi hætt við fyrirhugað nám af ótta við, að þeir fengju það ekki viðurkennt. Hinn 27. maí 1993 hafi lögmaður stefnanda sent stefnda bréf, þar sem lýst hafi verið, að stefnandi væri í fullum rétti með rekstur sumarskólans. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi lagt fram lögbannsbeiðni hjá sýslumanninum í Reykjavík 2. júní 1993. Hafi stefndi lagt fram tryggingu, að fjárhæð 7.000.000 kr., fyrir fyrirsjáanlegu tjóni stefnanda vegna lögbannsbeiðninnar. Lögbannsbeiðninni hafi verið hafnað með

ákvörðun sýslumanns 8. júní s. á. Stefndi hafi síðan skotið málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti niðurstöðu sýslumanns með úrskurði, upp kveðnum 30. júní s. á.

Stefndi lýsir málavöxtum svo í stórum dráttum:

Hann sé stéttarfélag, og innan vébanda þess séu bæði kennarar við grunnskóla og framhaldsskóla. Kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti séu flestir félagsmenn stefnda. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafi fyrstur íslenskra framhaldsskóla hafið rekstur sumarskóla. Sú starfsemi hafi hafist sumarið 1990. Nám við sumarskólann hafi fengist metið bæði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og við aðra framhaldsskóla. Stefndi hafi verið frá öndverðu mjög hlynntur þessari starfsemi og hafi lagt til, að veitt yrði starfsleyfi til rekstrar slíks sumarskóla. Sótt hafi verið um starfsleyfi til menntamálaráðherra, áður en kom til rekstrar sumarskólans árið 1990, og hafi leyfið verið veitt með tilteknum skilyrðum. Sumarskólinn hafi verið auglýstur með sérstökum hætti og verið vel sóttur. Ágreiningur hafi síðan risið með stefnda annars vegar og menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti hins vegar um launakjör kennara við sumarskólann. Sá ágreiningur hafi varað lengi, en lokið með dómi Félagsdóms, sem féllst á kröfur stefnda í öllum meginatriðum. Sumarskólinn hafi einnig verið rekinn sumarið 1991 og enn sumarið 1992 að fengnu starfsleyfi menntamálaráðuneytisins. Í auglýsingum skólans hafi verið notað merki skólans, sem sé mjög sérstakt.

Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafi sótt um leyfi til að reka þar sumarskóla sumarið 1993. Leyfi hafi verið veitt með bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 22. mars s. á. Síðan hafi afstöðu ráðuneytisins verið breytt með bréfi, dags. 6. maí s. á., en þá hafi verið fallið frá fyrra leyfi til rekstrar sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti með sama sniði og verið hafði.

Með bréfi, dags. 26. apríl s. á., hafi stefnandi máls þessa sótt um að taka skólahúsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti á leigu til rekstrar sumarskóla. Í bréfi hans komi fram, að hann hafi haft vitneskju um, að ekki myndi koma til rekstrar sumarskóla í því horfi, sem verið hafði. Stefnandi hafi síðan í bréfi til menntamálaráðuneytis, dags. 6. maí s. á., óskað eftir yfirlýsingu frá ráðuneytinu um það, að nám við fyrirhugaðan sumarskóla yrði matshæft við aðra skóla. Menntamálaráðuneytið hafi ekki fallist á þessa beiðni og óskað eftir ýmsum upplýsingum og gögnum, áður en afstaða yrði tekin. Sú afstaða hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir, að skráning í skólann átti að hefjast, 17. maí s. á. Margir nemendur hafi eflaust hætt við nám í sumarskólanum af þessari ástæðu. Í bréfi menntamálaráðuneytisins frá 18. maí s. á. sé ekki að finna annað en almenna yfirlýsingu um, að nám við sumarskólann væri jafngilt námi í sömu áföngum og kenndir væru í almennum

framhaldsskólum á reglulegum starfstíma þeirra, ef tilteknum skilyrðum væri fullnægt. Því hafi hvorki þá né síðar legið fyrir sérstök yfirlýsing ráðuneytisins um, að nám við sumarskóla stefnanda væri matshæft milli skóla. Hafi þetta leitt til þess, að áhugi nemenda á skólanum hafi minnkað verulega. Stefnandi hafi þrátt fyrir þetta birt auglýsingu í Morgunblaðinu 13. maí 1993 um rekstur sumarskólans. Hafi sú auglýsing verið verulega villandi í mörgum atriðum. Í fyrsta lagi hafi nánast sama táknmerki verið notað fyrir skólann og notað hafði verið við auglýsingar á sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Notkun merkisins hafi verið mjög villandi og gefið ástæðu til að ætla, að sömu aðilar og áður stæðu að rekstri skólans og fullnægðu sömu kröfum. Þetta sé alrangt. Í þessari auglýsingu segi m. a. svo: „Athugið: Flestir áfanganna eru fullkomlega matshæfir á milli framhaldsskólanna". Þessi staðhæfing hafi verið röng eða a. m. k. verulega villandi, þar sem ekkert hafi legið fyrir um það, að nám við sumarskóla þann, sem stefnandi hugðist reka, væri matshæft. Því hafi verið óhjákvæmilegt fyrir stefnda að vekja athygli á því, hve kynning þessi væri villandi, og því, sem rangt væri í henni. Stefndi taldi auk þess, að rekstur sumarskólans í því horfi, sem stefnandi ráðgerði, bryti í bága við ýmis lagaákvæði. Því hafi stefndi kynnt þessa afstöðu sína með auglýsingu í Morgunblaðinu svo og á fundum með stefnanda.

Auglýsing stefnda hafi verið fullkomlega réttlætanleg miðað við aðdraganda málsins, sem að framan sé lýst.

Þá hafi ýmsir skólameistarar framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu hengt af sjálfsdáðum upp auglýsingar á töflur í skólum sínum, þar sem lýst hafi verið yfir, að nám í sumarskóla þeim, sem stefnandi hugðist reka, yrði ekki metið við þeirra skóla. Þetta hafi að sjálfsögðu orðið til þess, að aðsókn að skóla stefnanda hafi orðið minni en ella. Þessar aðgerðir séu stefnda algjörlega óviðkomandi.

Stefndi kvaðst hafa litið svo á, að rekstur sumarskóla stefnanda fæli í sér brot á ýmsum lagaákvæðum, og ákveðið að láta á það reyna með því að krefjast lögbanns.

Endanleg niðurstaða hafi legið fyrir með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1993, um það leyti, sem sumarskólanum lauk.

Þátttaka í sumarskólanum hafi verið góð og a. m. k. í fullu samræmi við það, sem verið hafði árin 1990, 1991 og 1992, að teknu tilliti til allra aðstæðna, sem stefnandi hafði valdið og að framan sé lýst.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar aðallega á VII. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann o. fl. nr. 31/1990. Í 6. mgr. 42. gr., sbr. 1. - 3. mgr. 42. gr. til-

vitnaðra laga, segi efnislega, að gerðarbeiðandi skuli bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja verði, að gerðin hafi valdið, ef lögbannskrafa fái ekki framgang. Því sé ótvírætt, að stefndi sé bótaskyldur fyrir öllu því tjóni, sem fram komin lögbannsbeiðni hafi valdið stefnanda. Þá vísar stefnandi til almennrar reglu skaðabótaréttar um bætur utan samninga, en ljóst sé, að stefndi hafi með ólögmætum og saknæmum hætti valdið stefnanda tjóni, m. a. með auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí 1993.

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir bótakröfu sinni:

Hann telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna aðgerða stefnda, sem stafi af fjárhagslegri skerðingu á margvíslegum hagsmunum, og séu þessir helstir:

1. kröfuliður.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir beinum útgjöldum vegna lögbannsbeiðninnar. Þessi útgjöld séu að mestu leyti lögmannskostnaður vegna flutnings lögbannsmálsins hjá sýslumanni og fyrir héraðsdómi. Stefnanda hafi þegar verið gerður reikningur vegna þessara mála, að fjárhæð 695.955 kr. Til frádráttar komi dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi, að fjárhæð 250.000 kr. Beint tjón sitt nemi því mismuninum, 445.955 kr.

2. kröfuliður.

Stefnandi kveðst hafa þurft að eyða verulegum tíma vegna málsvarnar í lögbannsmálinu. Hafi þessi vinna verið fólgin í fundum með lögmanni, með fyrirsvarsmönnum stefnda, viðtölum við fréttamenn, gagnaöflun og mörgu fleira. Miðað við umfang málsins verði að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi eytt að jafnaði 20 tímum í málið á viku þær sex vikur, sem málareksturinn hafi staðið. Samtals geri þetta 120 klst. Stefnandi sé viðskiptafræðingur að mennt, og sé því eðlilegast að reikna vinnutap hans samkvæmt útseldri vinnu viðskiptafræðings í stjórnunarstarfi, sem sé 3.000 kr. á tímann án virðisaukaskatts. Að viðbættum virðisaukaskatti nemi þessi liður 448.200 krónum.

3. kröfuliður.

Stefnandi miðar við 42. gr. laga nr. 31/1990 í þessum kröfulið.

Lagagrein þessi geri ráð fyrir, að gerðarbeiðandi bæti gerðarþola spjöll á viðskiptahagsmunum. Þeir viðskiptahagsmunir, sem í húfi hafi verið að mati stefnanda, felist í því, að gera megi ráð fyrir, að töluverður hluti námsmanna hafi hætt við nám í sumarskóla hans vegna aðgerða og yfirlýsinga stefnda. Námsmenn, sem ráðgert höfðu að skrá sig í skólann, hefðu ástæðu til að ætla vegna yfirlýsinga stefnda, að nám við skólann myndi ekki verða

metið til eininga við aðra framhaldsskóla, auk þess sem hugsanlegt væri, að lagt yrði lögbann á skólastarfið, áður en því lyki. Ómögulegt sé fyrir stefnanda að sanna nákvæmlega, hve margir nemendur hafi hætt við að skrá sig í skólann vegna aðgerða stefnda. Hins vegar megi áætla, að þessi fjöldi hafi verið um 100 manns. Þar sem skólagjald fyrir hvern nemanda hafi numið 15.900 kr., nemi heildartjón skv. þessum kröfulið 1.590.000 kr. Þar eigi stefnandi helmingshlutdeild á móti Pétri Birni Péturssyni, sem ekki sé aðili að þessu máli.

Bótafjárhæð stefnanda skv. þessum kröfulið nemi því 795.000 krónum.

4. kröfuliður.

Stefnandi heldur því fram skv. þessum kröfulið, að aðgerðir stefnda hafi valdið því, að hluti þeirra nemenda, sem skráð höfðu sig í skólann, hefði hætt við án þess að greiða skólagjöld. Áður en stefndi hafi hafið aðgerðir sínar, hefðu 240 nemendur skráð sig í skólann. Hins vegar hefðu einungis 186 greitt skólagjöld. Ljóst sé, að mikill meiri hluti þessara nemenda hafi hætt við námið vegna aðgerða stefnda. Áætlar stefnandi, að 50 nemendur úr hópi þeirra, sem skráðu sig í skólann, hafi hætt námi m. a. vegna aðgerða stefnda. Nemi heildartjón því 795.000 kr., og þar af sé hluti stefnanda 397.500 kr., þ. e. helmingur heildartjónsins.

5. kröfuliður.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., sem hann styður eftirfarandi rökum:

Ljóst sé, að tjón stefnanda verði ekki að fullu bætt, enda þótt hann fái bættan útlagðan kostnað, vinnutap svo og bætur vegna fækkunar nemenda.

Ótalið sé tjón hans vegna miska, sem hann hafi orðið fyrir vegna málsins. Meðan á því stóð, hafi vofað yfir, að stefnandi yrði fyrir fjárhagslegu tjóni, ef lögbann hefði verið sett á starfsemi skólans. Fjárhagsleg afkoma hans hafi verið í húfi, og málinu hafi því fylgt fjárhagsáhyggjur. Þá hafi verið af stefnda hálfu kastað rýrð á stefnanda, bæði sem kennara og sem stjórnanda skólans, auk þess sem skólinn hafi orðið fyrir álitshnekki með því, að forsvarsmenn stefnda hafi gert lítið úr honum. Einnig verði að hafa framtíðarhagsmuni stefnanda í huga. Ef stefndi hefði ekki hafið aðgerðir, sé ljóst, að fjárhagslegur ávinningur af skólarekstrinum hefði verið meiri, og enn fremur sé augljóst, að stefnandi hafi minni áhuga á að endurtaka slíkt skólastarf, eigi hann sífellt yfir höfði sér aðgerðir af hálfu stefnda. Með hliðsjón af öllu þessu sé miskabótakrafa stefnanda skv. þessum kröfulið hæfileg.

Samtala framangreindra kröfuliða nemi 3.086.655 krónum, sem svari til stefnufjárhæðar málsins.

Verði ekki fallist á þær röksemdir, sem fram komi um bótafjárhæð, er

þess krafist af hálfu stefnanda, að dómurinn ákvarði honum skaðabætur eftir álitum í samræmi við niðurlagsákvæði 1. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann. Í því sambandi sé rétt að líta til þess, að trygging gerðarbeiðanda hafi verið ákveðin 7.000.000 kr. af sýslumanninum í Reykjavík, þegar lögbannsbeiðni stefnda var lögð fram.

Stefnandi vísar til vaxtalaga nr. 25/1987, að því er varðar kröfu hans um dráttarvexti og vaxtavexti, en til 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að því er varðar málskostnaðarkröfu sína. Þá vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 í sambandi við kröfu sína um virðisaukaskatt á málskostnað og upplýsir, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og því sé honum nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Um málsástæður og lagarök stefnda vísast að hluta til þess, sem rakið er hér að framan, þar sem málavextir eru raktir frá sjónarmiði stefnda. Þar er jafnframt gerð grein fyrir málsástæðum þeim, sem stefndi heldur fram.

Að öðru leyti eru sjónarmið og málsástæður stefnda í stórum dráttum sem hér segir:

Stefndi mótmælir skaðabótakröfu stefnanda í heild svo og einstökum kröfuliðum.

Stefnandi höfði mál þetta á tvíþættum grunni, annars vegar skv. ákvæðum 42. og 43. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, en hins vegar á almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga.

Stefndi bendir á, að skaðabætur verði einungis dæmdar, að stefnandi sanni tjón sitt. Því aðeins sé heimilt að dæma bætur að álitum, ef sannað þykir, að fjártjón hafi orðið, en ekki unnt að færa sönnur á fjárhæð þess. Í tilviki stefnanda sé með öllu ósannað, að nokkurt fjártjón hafi orðið. Því geti hann í besta falli átt rétt til miskabóta, en mótmælt sé, að hann hafi orðið fyrir þeim miska, sem hann haldi fram í stefnu.

Stefndi gerir eftirfarandi athugasemdir við kröfuliði stefnanda:

Um kröfulið 1.

Stefnandi geri hér kröfu um skaðabætur, að fjárhæð 445.955 kr., vegna lögfræðikostnaðar, sem hann hafi þurft að greiða, og umfram séu þær 250.000 kr., sem hann hafi fengið úrskurðaðar af Héraðsdómi Reykjavíkur 30. júní 1993. Kröfu þessari sé mótmælt sem ósannaðri, enda engin gögn lögð fram til stuðnings henni. Þá sé þessari kröfu sjálfstætt mótmælt af þeirri ástæðu, að afstaða hafi verið tekin til þess af hliðsettum dómstóli, hver hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda ætti að vera. Verði sú ákvörðun ekki tekin upp, jafnvel þótt samkomulag hafi orðið um það með stefnanda og lögmanni hans, að hann greiddi hærri þóknun. Slíkt samkomulag sé stefnda með öllu óviðkomandi.

Um kröfulið 2.

Stefndi telur, að þessi kröfuliður stefnanda eigi ekki rétt á sér. Hér sé verið að krefja um kostnað vegna vinnu, sem stefnandi hafi þurft að leggja fram vegna málsvarnar í lögbannsmálinu. Séu þar m. a. sérstaklega tilgreind viðtöl við fréttamenn o. fl., en slíkt sé stefnda algerlega óviðkomandi. Þá hafi þegar verið tekin afstaða til kostnaðar í lögbannsmálinu, sbr. g-lið 129. gr. laga nr. 91/1991. Sá kostnaður hafi verið greiddur. Geti stefnandi engar viðbótarkröfur gert í þessu sambandi. Þá sé vinnuframlagi hans mótmælt sem allt of háu, tímagjald sé bersýnilega of hátt og margfalt hærra en það tímagjald, sem ætla megi, að stefnandi fái greitt fyrir vinnu sína að jafnaði. Í því sambandi sé skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl þessu til stuðnings.

Um kröfulið 3.

Þá er því harðlega mótmælt af hálfu stefnda, að færri hafi sótt nám í sumarskóla stefnanda en ella hefðu gert þrátt fyrir aðgerðir stefnda. Þessi krafa sé með öllu ósönnuð og engin gögn lögð fram henni til stuðnings. Sé ógerlegt að átta sig á forsendum kröfugerðar þessarar, og sé henni því mótmælt sem rangri og ósannaðri. Ekkert liggi reyndar fyrir um það, að einhver nemandi hafi hætt við þátttöku í sumarskólanum vegna aðgerða stefnda og bent á, að mörg önnur atvik, sem áður sé lýst, hafi fælt nemendur frá þátttöku í sumarskólanum. Þau atvik séu ekki á ábyrgð stefnda.

Um kröfulið 4.

Vísað er til þess, sem lýst sé í umfjöllun um kröfulið 3 hér að framan. Sömu sjónarmið eigi hér við. Kröfuliður þessi sé með öllu ósannaður og engin gögn lögð fram þessu til sönnunar.

Um kröfulið 5.

Stefndi heldur því hér enn fram, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum miska vegna lögbannsmáls þess, sem stefndi rak gegn honum. Því sé einnig mótmælt, að hagnaður skólans hafi minnkað vegna aðgerða stefnda, enda engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Ekki liggi frammi bókhald sumarskólans né rekstraryfirlit eða upplýsingar um afkomu hans. Sé því vonlaust að henda reiður á þessum kröfulið frekar en öðrum. Þess sé óskað, að stefnandi leggi fram einhver gögn til stuðnings staðhæfingum um dvínandi lánstraust.

Stefndi staðhæfir, að málatilbúnaður stefnanda sé með þeim hætti, að því er fjárhæðir varði, að engin leið sé að festa hendur á rökstuðningi fyrir kröfum hans og þess enginn kostur að átta sig á, hvernig sanna eigi réttmæti einstakra kröfuliða.

Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að skaðabætur verði ákveðnar eftir álitum, enda sé forsenda þess, að slíkt sé gert, að fjártjón hafi í raun orðið, en slíkt sé með öllu ósannað í máli þessu.

Stefndi reisir kröfur sínar einkum á reglum VII. kafla laga nr. 31/1990 svo og almennum reglum um skaðabætur utan samninga. Þá sé jafnframt vísað til almennra reglna réttarfars um sönnun og sönnunarskyldu. Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslu fyrir dóminum:

Eggert Lárusson, formaður stjórnar stefnda, þegar framangreindir atburðir urðu, Ólafur Garðar Einarsson menntamálaráðherra, Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, Kristín Arnalds, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Kristján Bersi Ólafsson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Hafnarfirði, Hafsteinn Þór Stefánsson, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, Örnólfur Thorlacius, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Sigríður Jakobína Hannesdóttir, kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og stjórnarmaður í stjórn stefnda, og Sólveig Anna Eyjólfsdóttir nemandi.

Verður vikið að framburði þessara aðila síðar, eftir því sem tilefni þykir.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og að framan er lýst, fjallar mál þetta um það, hvort stefnandi eigi rétt til bóta fyrir þær aðgerðir stefnda, sem miðuðu að því að hindra starfrækslu sumarskóla, sem hann stóð fyrir í júnímánuði 1993.

Aðgerðir stefnda voru tvíþættar. Annars vegar fólust þær í því að valda óvissu hjá þeim nemendum, sem hugðust stunda nám í sumarskóla stefnanda, um það, að námið yrði ekki viðurkennt í öðrum framhaldsskólum, svo að þeim tíma og kostnaði, sem skólavist væri samfara, yrði kastað á glæ. Hins vegar miðuðust aðgerðir stefnda við það að koma í veg fyrir starfrækslu skólans með því að óska eftir því við sýslumannsembættið í Reykjavík, að lögbann yrði lagt á starfsemi skólans, eftir að skólastarf þar hófst. Víst er um það, að þessar aðgerðir stefnda hafa valdið stefnanda tjóni, sem fólst í því, að færri nemendur hafa án efa leitað eftir námi í skóla hans en ella hefði orðið.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda annars vegar á almennu skaðabótareglunni um bætur utan samninga, en hins vegar á beinu ákvæði 6. mgr. 42. gr., sbr. 1.-3. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990. Um var að ræða samfelldar aðgerðir af hálfu stefnda, sem frá upphafi beindust að því að koma í veg fyrir starfrækslu sumarskóla stefnanda í því horfi, sem hann hafði ráðgert.

Eggert Lárusson, formaður stefnda, þegar umræddar aðgerðir fóru fram, bar það hér fyrir dómi, að auglýsingin frá 27. maí 1993 hefði beinlínis verið birt í því skyni að koma í veg fyrir starfrækslu sumarskóla stefnanda. Hann gat þess einnig, að þá þegar hefði undirbúningur lögbannsaðgerðanna verið hafinn.

Það er mat réttarins, að erfitt sé, eins og hér stendur á, að setja skýr mörk milli þeirra aðgerða stefnda, þar sem almennu skaðabótareglunni verði beitt, og lögbannsaðgerðarinnar sjálfrar og áhrifum hennar. Víst er um það, að þessar aðgerðir stefnda hafa valdið stefnanda tjóni, sem fólst í því, að færri nemendur hafa án efa leitað eftir námi í skóla hans en ella hefði orðið.

Væri þröngri lögskýringu á tilvitnuðum ákvæðum laganna nr. 31/1990 ávallt beitt í tilvikum, sem hér um ræðir, hefði það í flestum dæmum í för með sér veruleg réttarspjöll fyrir þann, sem lögbann beindist að, enda ljóst, að hótunin ein um lögbann og sú réttaróvissa, sem hún hefur í för með sér, sé líkleg til að valda tjóni, sem nær ófært sé að færa sönnur á. Þetta myndi leiða til þess, að lögbannsleiðin yrði oftar valin í trausti þess, að sá, sem fyrir yrði, gæti ekki lagt sönnur á tjón, sem lögbannið ylli, en oft er aðstaða lögbannsþola með þeim hætti.

Lögbannsaðgerð er neyðarráðstöfun, sem einungis skal beita, ef allt um þrýtur og ótvíræð skilyrði séu fyrir hendi. Löglíkur eru taldar liggja til þess, að slík aðgerð sé til þess fallin að baka þeim tjón, sem hún beinist að. Á grundvelli þessa sjónarmiðs hefur löggjafinn bæði gert að skilyrði, að trygging sé yfirleitt sett fyrir tjóni, sem lögbannsgerð kann að valda, sbr. 26. gr. og 8. gr. laganna nr. 31/1990, og að heimilt sé að dæma skaðabætur að álitum, sbr. 1. mgr. 42. gr. tilvitnaðra laga, ef ljóst þykir, að fjárhagslegt tjón hafi hlotist af gerðinni, án þess að unnt sé að færa nákvæmar sönnur á, að svo hafi verið. Í þessu ljósi verður fjallað um fram setta bótakröfu stefnanda hér á eftir.

Stefnandi hefur sett fram bótakröfu í fimm töluliðum, eins og vikið er að hér að framan. Verður nú tekin afstaða til hvers kröfuliðar.

Um 1. kröfulið.

Stefnandi hefur lagt fram reikning, dags. 30. júní 1993, að fjárhæð 695.955 kr., til sönnunar fyrir þessum kröfulið. Þar af nemur virðisaukaskattur 136.955 kr. Reikningurinn ber með sér, að um sé að ræða 86 klst., hver á 6.500 kr.

Eins og að framan greinir, varðar þessi kröfuliður lögmannsþóknun vegna vinnu við lögbannsmál, sem áður er vikið að. Í lögbannsmálinu gerði lögmaður stefnanda kröfu um málskostnað að skaðlausu að mati héraðs-

dómara. Stefnanda var úrskurðaður málskostnaður skv. þessu, að fjárhæð 250.000 kr., að með töldum virðisaukaskatti.

Fallist er á það með stefnda með vísan til 2. tl. 116. gr. laga nr. 91/1991, að fyrri ákvörðun héraðsdóms um málskostnað stefnanda til handa sé ekki háð endurskoðun hliðsetts dómstóls, þar sem þessu álitaefni hafi þar verið endanlega ráðið til lykta.

Kröfu stefnanda skv. þessum kröfulið er því hafnað.

Um 2. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til bóta fyrir vinnu, sem hann þurfti að leggja fram vegna málsvarnar í lögbannsmálinu, eins og nánar er lýst hér að framan.

Stefndi hefur krafist sýknu á þessum kröfulið með sömu rökum og lýst er undir lið 1 hér að framan.

Ekki er fallist á það með stefnda, að héraðsdómur hafi tekið afstöðu til þeirrar vinnu, sem stefnandi hefur óhjákvæmilega þurft að leggja af mörkum vegna lögbannsaðgerða stefnda og krafist er greiðslu á skv. þessum kröfulið. Málskostnaðarúrlausn héraðsdóms virðist algerlega hafa byggst á ákvörðun um þóknun til lögmanns stefnanda, en ekki tekið afstöðu til vinnu og óþæginda stefnanda sjálfs af völdum aðgerða stefnda.

Stefnandi gerir kröfu til greiðslu á 120 vinnustundum á 3.000 kr. hverri. Skv. framburði Eggerts Lárussonar hér fyrir dómi nema tímalaun kennara 518,09 kr. við störf, sem ekki tengjast kennslu. Við mat á skaðabótum til stefnanda að þessu leyti verður litið til þessa og eins til þess, að oftalinn þykir sá tími, sem stefnandi áætlar, að hafi farið forgörðum vegna aðgerða stefnda.

Bætur til stefnanda skv. þessum kröfulið felast í heildarákvörðun dómsins um bætur til stefnanda, sem tilgreindar verða í niðurlagi dómsins.

Um 3. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu um bætur úr hendi stefnda fyrir spjöll á viðskiptahagsmunum með vísan til 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann. Krafan er, eins og áður segir, studd því, að töluverður fjöldi námsmanna hafi hætt við að fara í skólann vegna yfirlýsinga og aðgerða stefnda.

Stefndi hefur mótmælt því harðlega, að aðgerðir hans hafi valdið því, að færri hafi sótt nám í sumarskóla stefnanda en ella hefðu gert, ef ekki hefði komið til aðgerða stefnda. Stefndi bendir á það, að aðsókn í sumarskóla stefnanda hafi verið mun betri en sumarskóla FB, sem haldinn var undanfarandi sumur. Því til stuðnings vísar hann til framburðar Kristínar Arnalds og Sigríðar Jakobínu Hannesdóttur hér fyrir dómi, en þær báru, að aðsókn í

sumarskóla FB hefði verið með þeim hætti, að árið 1990 hefðu um 100 nemendur sótt sumarskólann, næsta ár hefðu um 150 nemendur stundað nám í sumarskólanum, en árið 1992 hefðu 160 nemendur sótt skólann.

Í sumarskóla stefnanda hafi 186 nemendur stundað nám. Hér sé því um ákveðna og eðlilega stígandi að ræða í fjölgun nemenda og sýnilegt, að aðgerðir stefnda hafi ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Það sýni aðsókn í skóla hans. Einnig bendir stefndi á það, að ýmsir skólastjórar hafi að eigin frumkvæði gert nemendum ljóst, að óvíst væri, að nám í sumarskóla stefnanda yrði viðurkennt við skóla þeirra.

Þeir skólameistarar, sem nefndir eru hér að framan, báru það fyrir dómi, að þeir hefðu gert nemendum sínum þetta ljóst, en það hefði ekki einskorðast við skóla stefnanda, heldur sé sú starfsregla viðhöfð í skólum þeirra að meta sérstaklega, hvort nám við aðra skóla verði viðurkennt, þegar allar upplýsingar um námstilhögun og námsskrá liggi fyrir. Upplýsingar hafi ekki verið tiltækar á þessum tíma, og því hafi þeir talið rétt að gera nemendum þetta ljóst. Hins vegar hafi nám nemenda við sumarskóla stefnanda fengist viðurkennt í skólum þeirra á síðastliðnu hausti.

Dómurinn lítur svo á, að líklegt sé, að aðgerðir stefnda hafi orðið þess valdandi, að einhverjir nemendur hafi orðið afhuga námi í skóla stefnanda. Hins vegar sé ógerlegt að áætla með vissu tölu þeirra nemenda, sem hættu við nám af þessum ástæðum. Stefnandi hefur ekkert lagt fram til stuðnings þessum kröfulið, enda óhægt um vik. Bætur til stefnanda skv. þessum kröfulið verða því áætlaðar og felast í heildarfjárhæð bóta, sem tilgreindar verða í niðurlagi.

Um 4. kröfulið.

Þessi kröfuliður stefnanda byggist á því, að 240 nemendur hafi skráð sig í skólann, en einungis 186 greitt skólagjöld. Áætlar stefnandi, að 50 nemendur hafi hætt við skólavist af völdum aðgerða stefnda.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn til sönnunar þessum kröfulið, s. s. skrá yfir þann fjölda nemenda, sem upphaflega skráðu sig í skólann. Hins vegar lítur dómurinn svo á, sbr. lið 3 hér að framan, að einhverjir nemendur kunni að hafa hætt við skólavist af völdum aðgerða stefnda.

Hliðsjón verður höfð af þessu við ákvörðun bóta til stefnanda hér á eftir.

Um 5. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til miskabóta til viðbótar fjárhagslegu tjóni sínu skv. framangreindum kröfuliðum.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi með lögbannsaðgerðum sínum valdið honum margvíslegum miska, sem m. a. hafi falist í því, að

hann hafi, meðan á lögbannsaðgerðunum stóð, verið mjög uggandi um sinn hag í fjárhagslegu tilliti. Hann hafi verið bundinn af samningum við kennara svo og um leigu á aðstöðu til starfsemi sinnar. Einnig hafi verið fyrirsjáanlegt, að hann hefði orðið að endurgreiða nemendum skólagjöld, ef lögbannsaðgerðir stefnanda hefðu náð fram að ganga, og hefði það leitt til verulegs fjártjóns fyrir hann.

Það er álit dómsins, að lögbannsaðgerðir stefnda myndu hafa haft mikið fjártjón í för með sér fyrir stefnanda, og þykir því fullvíst, að aðgerðirnar hafi verið mikil andleg áraun fyrir hann.

Stefnda hlaut að hafa verið ljóst, að tilraunir hans til að stöðva starfsemi stefnanda voru til þess fallnar að valda honum mikilli óvissu og áhyggjum um fjárhagslega stöðu sína. Stefnandi þykir því eiga rétt á bótum skv. þessum kröfulið.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda bætur, sem ákvarðast alls 745.955 kr. skv. framangreindum kröfuliðum, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags með vaxtauppfærslu á tólf mánaða fresti, fyrst 23. september 1994, með vísan til 12. gr. tilvitnaðra vaxtalaga.

Skv. þessum úrslitum skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 160.000 kr., og er virðisaukaskattur ekki innifalinn í þeirri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Hið íslenska kennarafélag, greiði stefnanda, Ólafi Hauki Johnson, 745.955 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags, og skulu áfallnir vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 23. september 1994.

Stefndi greiði stefnanda 160.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 342/1994. **Radíóbúðin hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Vöruvernd hf.
Símafli hf. og
Tæknivali hf.
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kaupsamningur. Skýring samningsákvæðis. Forsendubrestur. Riftun. Forkaupsréttur. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu kröfðust í greinargerð sinni hér fyrir rétti staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins breyttu þeir kröfugerð sinni með vísun til þess, að óhjákvæmilegt væri að móta hana með gleggri hætti en verið hafði, án þess að í því fælist efnisleg breyting. Sú aðferð hafi verið höfð við útreikning á breyttri kröfugerð að bæta áföllnum vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeim hluta kröfu stefndu, sem telst ógjaldfallinn á hverjum tíma, við höfuðstól kröfunnar, sem standi eftir á hverjum gjalddaga. Hefur þessi breyting á kröfugerð stefndu verið samþykkt af hálfu áfrýjanda. Endanleg kröfugerð stefndu er þessi:

„Að áfrýjanda verði gert að greiða stefndu 2.586.921 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga af 354.970 kr. frá 15. 1. 1993 til 15. 3. 1993, af 654.079 kr. frá þeim degi til 15. 5. 1993, af 947.239 kr. frá þeim degi til 15. júlí 1993, af 1.232.718 kr. frá þeim degi til 15. september 1993, af 1.515.478 kr. frá þeim degi til 15. nóvember 1993, af 1.798.027 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1994, af 2.068.204 kr. frá þeim degi til 15. mars 1994, af 2.329.846 kr. frá þeim degi til 15. maí 1994 og af 2.586.921 kr. frá þeim degi til greiðsludags.“

Stefndu krefjast þess jafnframt, að ákveðið verði í dómi, að fjárhæð dómkröfu skiptist milli þeirra þannig, að Vöruvernd hf. fái 29,23 hundraðshluta hennar, Símafl hf. hljóti 26,92 hundraðshluta og Tæknival hf. fái í sinn hlut 43,85 hundraðshluta.

Þá krefjast stefndu staðfestingar á tildæmdum málskostnaði fyrir héraðsdómi, þannig að 100.000 krónur komi til hvers þeirra, auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem áfrýjanda verði gert að greiða hverjum um sig.

I.

Í máli þessu krefja stefndu áfrýjanda um greiðslu kaupverðs fyrir 65 hundraðshluta alls hlutafjár í Símvali hf., sem var samanlögð eign þeirra í félaginu. Aðrir eigendur þess voru áfrýjandi að 25 hundraðshlutum og sænska fyrirtækið DORO AB að 10 hundraðshlutum.

Símval hf. var stofnað fyrri hluta árs 1991. Fólst starfsemi félagsins einkum í því að flytja inn og selja hvers kyns símbúnað. Hlutafé var upphaflega 5.000.000 krónur, en var síðar aukið í 7.000.000 krónur. Tap varð á rekstri félagsins árið 1991, og ekki tókst að stöðva hallareksturinn árið 1992. Samkvæmt milliuppgjöri, sem gert var í júlí það ár og miðaðist við stöðu félagsins 30. júní, var nánast allt eigið fé þá upp urið og nam það einungis 51.871 krónu. Ekki tókst samstaða meðal hluthafa um að auka hlutafé enn frekar til að bæta stöðu félagsins.

Forráðamenn Símvals hf. hófu um líkt leyti viðræður við Óskar Rafnsson, stjórnarformann Rafkaupa hf., með það fyrir augum, að síðarnefnda félagið myndi yfirtaka Símval hf. Hefur Óskar borið fyrir dómi, að áhugi sinn á kaupunum hafi byggst á því, að Rafkaup hf. hefðu hag af þessum viðskiptum að tvennu leyti. Annars vegar hefðu verðmæti falist í yfirfæranlegu rekstrartapi hjá Símvali hf., sem hefði nýst Rafkaupum hf., og hins vegar í tveimur umboðum fyrir sænska og hollenska framleiðendur símtækja, sem Símval hf. hafði með höndum. Einkum hefðu það þó verið umboðin, sem voru eftirsóknarverð. Að mati Óskars nam verðmæti fyrirtækisins að minnsta kosti þeirri fjárhæð, 3.500.000 krónum, sem Rafkaup hf. buðu í allt hlutafé í Símvali hf. 3. september 1992. Í 2. grein tilboðsins kemur fram, að kaupverðið skyldi greitt með skuldabréfi til hvers hluthafa fyrir sig, „sem verði til 18 mánaða með vöxtum skv.

Seðlabanka Íslands á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1993". Í 4. grein segir, að verði tilboðið samþykkt, skuli gengið frá kaupum eigi síðar en 15. september 1992 að lokinni talningu og uppgjöri. 3. grein tilboðsins hljóðar svo: „Forsenda fyrir tilboðinu er í fyrsta lagi, að allir hluthafar samþykki sölu hlutabréfa sinna, sem og, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri pr. 30. 6. 1992, sem nemur +/– 10%."

Sama dag og Rafkaup hf. afhentu tilboð sitt lýsti áfrýjandi yfir því í bréfi til stjórnar Símvals hf., að hann óskaði eftir að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt félagssamþykktum á hlutafé annarra hluthafa á grundvelli tilboðs Rafkaupa hf., enda gefi hluthafar yfirlýsingu um, að þeir falli frá forkaupsrétti sínum. Er áritun allra hluthafa um samþykki skráð á bréf áfrýjanda. Tók hann strax við rekstri Símvals hf. Rak áfrýjandi fyrirtækið til 7. október 1992, er hann lýsti yfir, að hann teldi sig óbundinn af tilboði sínu, þar sem staða Símvals hf. hefði augljóslega orðið lakari 5. september 1992 en frávik tilboðsins heimiluðu. Vísaði áfrýjandi til nýs milliuppgjörs frá 22. september 1992. Samkvæmt milliuppgjörinu jókst rekstrartap frá ársbyrjun úr 4.959.367 krónum 30. júní 1992 í 5.850.337 krónur 5. september. Var eigið fé þá orðið neikvætt um 834.270 krónur.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að bú Símvals hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 28. janúar 1994. Var skiptum lokið síðar á sama ári.

II.

Í málinu krefja stefndu áfrýjanda um greiðslu til efnda á samningi, sem þeir telja hafa komist á með samþykki fyrrgreinds tilboðs. Áfrýjandi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að samningur hafi aldrei komist á milli málsaðila um kaupin. Tilboð sitt hafi verið háð ákveðnu skilyrði um fjárhagsstöðu félagsins, sbr. 3. gr. þess. Í ljós hafi komið nokkru síðar, að skilyrðinu var ekki fullnægt. Beri því að líta svo á, að tilboðið hafi aldrei leitt til þess, að bindandi samningur hafi komist á, þótt stefndu hafi samþykkt þá yfirlýsingu áfrýjanda 3. september 1992, að hann vildi ganga inn í tilboð Rafkaupa hf.

Samkvæmt samþykktum Símvals hf. höfðu einstakir hluthafar allt að 30 daga frest til að svara því, hvort þeir kysu að neyta forkaupsréttar síns með því að ganga inn í sölutilboð í eignarhluta í félaginu.

Gilti sá frestur frá dagsetningu tilboðs. Áfrýjandi átti þess kost, er tilboð Rafkaupa hf. lá fyrir, að taka sér frest og bíða eftir niðurstöðu milliuppgjörs um fjárhagsstöðu félagsins. Það gerði hann hins vegar ekki, heldur tók rekstur þess strax í sínar hendur. Hann gerði að auki margs konar aðrar ráðstafanir, þar á meðal að skipa nýja menn í stjórn félagsins og kynna öðrum eigendaskiptin, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Gerðir hans verða ekki virtar á annan veg en þann, að hann hafi sjálfur litið svo á eins og viðsemjendur hans, að í tilboðinu fælist loforð, sem ætti að efna án tafar. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um þetta atriði því staðfest.

Þá heldur áfrýjandi í annan stað fram, að skilyrði 3. greinar tilboðsins heimili honum að rifta gerðum samningi, verði litið svo á, að samningur hafi komist á með málsaðilum. Hann telur efni ákvæðisins skýrt. Eðlileg túlkun orðalags þess sé sú, að það vísi til eigin fjár félagsins og hugsanlegra breytinga, sem á því kynnu að verða. Fyrir dómi lýstu tveir fyrirsvarsmenn áfrýjanda þeim skilningi sínum, að ef eiginfjárstaða Símvals hf. 30. júní 1992, sem var 51.871 króna, hefði rýrnað um meira en 10 hundraðshluta til 3. september sama ár, fælist í því forsendubrestur samkvæmt orðum 3. greinar tilboðsins. Hefur áfrýjandi við rekstur málsins byggt á því, að jafnvel þótt aðrir kostir um skýringu ákvæðisins þættu koma til álita, svo sem aukning á rekstrarhalla Símvals hf. á þessu tímabili, yrði niðurstaðan allt að einu sú, að skilyrðinu teldist ekki fullnægt og riftun væri því heimil.

Orðalag 3. greinar tilboðsins er óskýrt, þótt ekki sé litið til annars en þeirrar þversagnar, að samkvæmt hljóðan þess kynni fjárhagsstaða félagsins að hafa versnað um jákvæða stærð frá 30. júní til 3. september. Fram er komið, að áfrýjandi leitaði ekki neinnar skýringar Rafkaupa hf. á efni þessa tiltekna ákvæðis né tilboðsins að öðru leyti, er hann ákvað að ganga inn í það. Í Símvali hf. fólust verðmæti, sem að mati tilboðsgjafa réttlættu, að fyrir þau yrðu greiddar 3.500.000 krónur. Þegar það er virt, verður ekki fallist á skýringu áfrýjanda á orðalagi 3. greinar tilboðsins um „fjárhagsstöðu“ félagsins, en í túlkun hans felst, að frávik um rúmlega 5.000 krónur hefðu heimilað áfrýjanda að segja sig frá efndum samningsins.

Varðandi aðra kosti um merkingu tilvitnaðs orðs í 3. grein til-

boðsins hefur áfrýjandi ekki bent á annað en að það geti vísað til breytinga á rekstrarafkomu félagsins eftir 30. júní 1992. Ef orðið er virt eftir hljóðan sinni, er þessi skýringarkostur þó sýnu fjarlægari en sá, sem áður greinir. Er þá einnig til þess að líta, að óhjákvæmilegt hefði orðið að tilgreina með ákveðnari hætti, við hvaða atriði í rekstrarafkomu skyldi miða, svo sem, hvort miða ætti við allt rekstrartap félagsins frá upphafi, sem var um 7.000.000 krónur, tap á fyrri hluta árs 1992, sem var tæpar 5.000.000 krónur, eða meðaltap á mánuði fyrstu sex mánuðina á því ári, sem var rúmlega 825.000 krónur. Tapið á tímabilinu 1. júlí til 5. september 1992 var alls 900.970 krónur eða tæplega 450.000 krónur á mánuði. Ef miðað væri við tvo fyrstnefndu kostina, væri ekki fullnægt skilyrði áfrýjanda fyrir að vera bundinn af samningnum, en hið gagnstæða á hins vegar við um þriðja kostinn.

Kauptilboð í hlutafé í Símvali hf. og þar með einnig hið óljósa skilyrði 3. greinar var samið af Rafkaupum hf. Áfrýjandi heldur því fram, að hann eigi sama rétt til riftunar og Rafkaup hf. hefðu haft á grundvelli þessa skilyrðis, enda njóti hann ekki minni réttar að þessu leyti en hinn upphaflegi bjóðandi. Í tilboðinu fólst óljós áskilnaður um sérstakt hagræði handa tilboðsgjafa. Rafkaupum hf. og áfrýjanda var í lófa lagið að setja fram skilyrði fyrir tilboði sínu um slíkt hagræði með skiljanlegum hætti. Telja verður, að það standi áfrýjanda nær en viðsemjendum hans að bera áhættuna af því, að sérstakt skilyrði fyrir því að vera áfram bundinn af gerðum samningi var ekki fram sett með þeim hætti, að merking þess yrði nægjanlega ljós. Eins og málið liggur fyrir, þykir ókleift að leggja til grundvallar dómi, að jafnóskýrt skilyrði og hér um ræðir geti heimilað áfrýjanda að komast undan efndum samnings málsaðila, er milliuppgjör fyrir Símval hf. lá fyrir 22. september 1992. Ræðst því niðurstaðan um sýknukröfu áfrýjanda af almennum reglum.

Eins og áður er rakið, var stöðugt tap á rekstri Símvals hf. frá upphafi. Þótt enn hafi nokkuð bæst við halla á rekstri félagsins á tímabilinu eftir 30. júní 1992, verður ekki talið, að það hafi falið í sér verulega vanefnd stefndu, sem heimili áfrýjanda riftun kaupanna, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjandi sé bundinn af kaupunum og einhliða riftun þeirra hafi ver-

ið honum óheimil. Eins og málið liggur fyrir, er ekki tilefni til að taka afstöðu til þess, hvort áfrýjandi hafi átt rétt til afsláttar úr hendi stefndu.

Rétt þykir í ljósi allra atvika, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Radíóbúðin hf., greiði stefndu, Vöruvernd hf., Símafli hf. og Tæknivali hf., 2.586.921 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 354.970 krónum frá 15. janúar 1993 til 15. mars sama ár, af 654.079 krónum frá þeim degi til 15. maí sama ár, af 947.239 krónum frá þeim degi til 15. júlí sama ár, af 1.232.718 krónum frá þeim degi til 15. september sama ár, af 1.515.478 krónum frá þeim degi til 15. nóvember sama ár, af 1.798.027 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1994, af 2.068.204 krónum frá þeim degi til 15. mars sama ár, af 2.329.846 krónum frá þeim degi til 15. maí 1994, en af 2.586.921 krónu frá þeim degi til greiðsludags.

Öll fjárhæðin skal greidd stefndu þannig, að Vöruvernd hf. fái 29,23 hundraðshluta hennar, Símafl hf. fái 26,92 hundraðshluta og Tæknival hf. 43,85 hundraðshluta.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., er höfðað af Vöruvernd hf., Ármúla 32, Símafli hf., Ármúla 32, og Tæknivali hf., Skeifunni 17, öllum í Reykjavík, gegn Radíóbúðinni hf., Skipholti 19, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. september 1993.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að hinu stefnda félagi verði gert að greiða 2.275.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru gerðar kröfur um sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Yfirlit málavaxta og ágreiningsefna.

Aðilar máls þessa voru allir hluthafar í hlutafélaginu Símvali hf. Átti stefndi 25% hlutafjár í félaginu, sænska fyrirtækið Doro A/S 10%, en stefn-

endur samtals 65%, sem skiptust þannig á milli þeirra, að Vöruvernd hf. átti 19%, Símafl hf. 17,5% og Tæknival hf. 28,5%. Símval hf. var stofnað árið 1991 af stefnendum, en síðar sama ár var hlutafé aukið, og keypti stefndi mestalla hlutafjáraukninguna og átti þá 25% af hlutafé félagsins. Félagið flutti inn og seldi alls kyns símbúnað. Reksturinn gekk ekki sem skyldi, og komu fram hugmyndir um að fá aukið hlutafé í félagið á miðju ári 1992, en af því varð þó ekki.

Hinn 3. september 1992 gerðu Rafkaup hf. tilboð í allt hlutafé félagsins fyrir 3.500.000 krónur, sem voru 50% nafnverðs. Tilboðið var samþykkt af öllum hluthöfum, en af hálfu stefnda var ákveðið að neyta forkaupsréttar samkvæmt samþykktum félagsins, og var stjórn Símvals hf. tilkynnt það með bréfi, dags. sama dag. Gekk stefndi þannig inn í tilboð Rafkaupa hf., sem samþykkt var af öðrum hluthöfum í Símvali hf. Stefnendur tilkynntu Hlutafélagaskrá um sölu á hlutum þeirra í félaginu með bréfi, dags. 17. september 1992. Einnig tilkynnti stefndi breytingar á stjórn hlutafélagsins til Hlutafélagaskrár 10. sama mánaðar, og jafnframt tilkynnti stefndi Íslandsbanka hf. um breytta prókúru á reikningi félagsins þar með bréfi, dags. 17. september sama ár.

Með bréfi stefnda, dags. 7. október 1992, var lýst yfir því, að stefndi væri fallinn frá því að ganga inn í tilboðið frá 3. september sama ár, þar sem staða félagsins væri „lakari við uppgjör 5/9 '92 en frávik tilboðsins heimiluðu", en þá hafði komið fram, að í milliuppgjöri fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1992 vantaði nokkra reikninga í bókhald félagsins á tímabilinu, samtals að fjárhæð 498.664 kr. Var af hálfu stefnda talin brostin forsenda fyrir samningnum, en í tilboðinu segir, að forsenda fyrir því sé, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri 30. júní 1992, sem nemi +/- 10%, eins og fram kemur í símskeyti stefnda 8. október 1992. Sama dag var af hálfu stefnda afturkölluð tilkynning til Hlutafélagaskrár um nýja stjórn og prókúruhafa Símvals hf. Einnig var ítrekuð riftunarkrafa stefnda við stefnendur með bréfi, dags. 16. sama mánaðar.

Af hálfu stefnenda var riftun stefnda á kaupunum hafnað með símskeyti lögmanns 7. október 1992. Var stefnda boðinn afsláttur af kaupverði með bréfi, dags. 21. október 1992, og aftur 27. október sama ár. Af hálfu stefnda var greiðsluskyldu hafnað, þar sem kaupunum hefði verið rift.

Stefnendur hafa höfðað málið til heimtu á skuld stefnda við þá samkvæmt kaupsamningi aðila frá 3. september 1992. Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að forsendur samningsins væru brostnar, og hafi stefnda verið heimilt að rifta kaupunum. Stefnendur telja riftun ólögmæta, enda væru ekki skilyrði fyrir henni. Þá telja stefnendur, að stefndi hafi ekki getað skil-

að hinu selda vegna ráðstafana, er stefndi hafi gert, eftir að kaupin fóru fram, og því væri ómögulegt að láta kaupin ganga til baka, en þessu er mótmælt af hálfu stefnda.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir vísa til.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að stofnast hafi gildur samningur milli málsaðila. Stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum, en stefnendur krefjast þess í málinu, að þær skyldur verði efndar. Enginn lagagrundvöllur sé fyrir riftun samningsins. Stefnendur telja riftunaryfirlýsingu stefnda án nokkurrar lagastoðar og marklausa, þar sem riftun hafi ekki verið fylgt eftir með málshöfðun. Stefnendur hafi strax neitað að viðurkenna riftunina, enda væru frávik varðandi fjárhagsstöðu hins selda hlutafélags svo smávægileg, að slíkt ætti að leiða til afsláttar að tiltölu samkvæmt réttum skilningi samningsins sem og lagaraka, en ekki riftunar. Einnig er skírskotað til, að stefndi hafi verið stór hluthafi í hinu selda félagi og m. a. átt mann í stjórn félagsins. Því hafi stefnda verið vel ljós staða hins selda félags og ástæður, er lágu að baki tilboðinu, sem stefndi gekk inn í. Í því sambandi hafi stefnda mátt vera ljóst, að ákvæði um frávik varðandi fjárhagsstöðu hins selda félags hafi verið sett vegna ákveðinnar óvissu. Sú óvissa hafi aðallega snúið að hugsanlegri kröfu stefnda um afslátt af kaupverði að tiltölu, ef forsendur stæðust ekki fullkomlega, en hafi ekki verið ætluð sem riftunarheimild. Stefnendur telja, að þeir hafi staðið við samninginn fyrir sitt leyti, en smávægileg frávik varðandi fjárhagsstöðu félagsins feli hvorki í sér heimild til riftunar né forsendubrest fyrir kaupunum, eins og haldið er fram af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefndi hafi við kaupin tekið við rekstri hlutafélagsins Símvals. Einnig er því haldið fram, að af hálfu stefnda hafi verið gerðar ráðstafanir, sem hafi raskað rekstri hlutafélagsins, eins og hann hafi verið, áður en kaupin fóru fram. Stefndi hafi tekið til sín vörur af lager Símvals hf., innflutning, dreifingu og umboð. Á þeim mánuði, sem stefndi hafði með höndum rekstur Símvals hf., hafi rekstrinum verið breytt þannig, að hið selda hafi ekki lengur verið til, þegar stefndi fór fram á riftun. Ætlun stefnda hafi ekki heldur verið að halda áfram óbreyttum rekstri, heldur hafi stefndi ætlað að taka við rekstrinum. Hafi m. a. erlend umboð Símvals hf. verið yfirfærð á nafn stefnda, allur innflutningur verið færður á nafn stefnda svo og sala og dreifing í heildsölu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda, að stefndi hafi aldrei skilað hlutafélaginu aftur til stefnenda, enda hafi það ekki verið unnt, eins og áður er komið fram. Af hálfu stefnda hafi þess ekki heldur verið gætt að

halda rekstrinum áfram, þar til leyst væri úr riftunarmálinu, til þess að halda hinu selda í því ástandi, sem það var í, þegar kaupin fóru fram, að svo miklu leyti sem það hafi verið unnt. Stefnda hafi verið skylt að búa svo um hnútana, að sem minnstur skaði yrði vegna ráðstafana á eignum og málefnum hins selda hlutafélags, eftir að stefndi ákvað að rifta samningnum. Í stað þess að gæta að hagsmunum allra málsaðila hafi forsvarsmenn stefnda hætt afskiptum af rekstri hlutafélagsins og fyrirtækinu verið lokað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að galli sé á kröfugerð stefnenda, þar sem gerð væri krafa um greiðslu á andvirði hlutafjár stefnenda í Símvali hf., án þess að jafnframt sé afsalað eða boðið afsal á því hlutafé, sem um væri að ræða. Þetta eitt sér eigi að leiða til sýknu stefnda.

Sýknukrafa stefnda er jafnframt reist á því, að kauptilboðið frá 3. september 1992 hafi ekki verið endanlegur kaupsamningur, heldur skilyrt tilboð. Ef forsendur þess stæðust, skyldi gengið frá kaupunum eigi síðar en 15. september sama ár, eins og segi í tilboðinu. Aldrei hafi verið gengið frá kaupunum með formlegum hætti. Þá er af hálfu stefnda talið, að líta verði svo á, að uppgjör, sem fram hafi átt að fara vegna kaupanna, hafi ekki legið fyrir fyrr en með milliuppgjöri frá 22. september sama ár. Fyrir þann tíma hafi því í raun skort skilyrði fyrir því, að af formlegum kaupum gæti orðið. Stefndi hafi því verið í fullum rétti með að hverfa frá fyrirhuguðum kaupum og afsala sér ábyrgð á rekstrinum í hendur fyrri stjórnenda og eigenda. Stefndi hafi auk þess engar greiðslur innt af hendi, enda óljóst samkvæmt kauptilboðinu, hvernig greiðslutilhögun skyldi hagað í einstökum atriðum.

Af hálfu stefnda er byggt á því, að fyrirtækið hafi aldrei verið formlega afhent. Þótt stefndi hafi tekið við fyrirtækinu, hafi það aðeins verið í skamman tíma og eigi því ekki að hafa áhrif á úrslit málsins. Forsvarsmenn stefnda hafi á þeim mánuði, sem þeir höfðu umræddan rekstur með höndum, ekki haft ráðrúm til að gera allar þær ráðstafanir, sem stefnendur haldi fram, að gerðar hafi verið. Því er mótmælt af hálfu stefnda sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi ráðstafað eignum Símvals hf. Einnig væri rangt, að þeir hefðu flutt erlend umboð Símvals hf. yfir á nafn stefnda, en ekkert þeirra erlendu umboða, sem Símval hf. hafi annast sölu á, hafi verið yfirfært til stefnda, enda óumdeilt, að fyrrverandi framkvæmdastjóri Símvals hf. og aðrir aðilar hefðu nú með höndum sölu þeirra vörumerkja og umboða, sem Símval hf. hafi höndlað með á sínum tíma. Samningurinn hafi því ekki verið efndur af stefnendum. Einnig væri röng sú staðhæfing stefnenda, að innflutningur Símvals hf. sem og dreifing og sala hefði verið færð yfir á nafn stefnda.

Verði hins vegar talið, að endanlegur og skuldbindandi kaupsamningur

hafi komist á, er riftun á samningnum studd þeim rökum, að fjárhagsstaða félagsins hafi verið lakari en forsendur kaupsamningsins hafi berum orðum gert ráð fyrir. Eiginfjárstaða félagsins hafi versnað úr því að vera jákvæð um 51.871 kr. í það að vera neikvæð um 834.270 kr., en með samanburði á uppgjöri 30. júní 1992 annars vegar og 5. september 1992 hins vegar komi þetta fram.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að eignaraðild stefnda í Símvali hf. og stjórnarseta fulltrúa stefnda í stjórn Símvals hf. breyti engu í þessu sambandi, enda hafi sá aðili ekki haft nein tök á því að fylgjast með rekstri félagsins frá degi til dags, heldur hafi af hálfu stefnda verið eingöngu byggt á sömu upplýsingum og upphaflegi tilboðsgjafinn, Rafkaup hf., hafi gert, þ. e. ársreikningum og milliuppgjörum, enda ekki gert ráð fyrir því af hálfu stefnenda, að aðrir stjórnarmenn hafi vitað, að fjárhagsstaðan hafi verið verri en ársreikningar og milliuppgjör bentu til.

Þá er af hálfu stefnda mótmælt þeim skilningi stefnenda, að fyrirvari um 10% frávik á fjárhagsstöðu félagsins hafi eingöngu verið ætlaður sem fyrirvari vegna mögulegrar afsláttarkröfu stefnda og að sá skilningur hafi verið fyrirsvarsmönnum stefnda ljós, enda ekkert minnst á afslátt í tilboðinu. Er því haldið fram, að hér hafi verið um ákvörðunarástæðu fyrir kaupunum að ræða. Auk þess væri sú staðreynd, að Símval hf. hafi í raun verið gjaldþrota 3. september 1992, er kaupin fóru fram, nægjanlegur forsendubrestur, til að stefndi gæti rift kaupunum.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að réttaráhrif kaupanna hafi fallið niður 7. október 1992, er lýst var yfir af hálfu stefnda, að hann teldi sig óskuldbundinn af kaupunum. Frá þeim tíma hafi ráðstafanir stefnda miðast við að skila fyrirtækinu í sömu stöðu og það hafi verið í, þegar stefndi tók við því, að öðru leyti en því, sem leiddi af óbreyttum rekstri þetta tímabil. Innbyrðis viðskipti hafi verið leiðrétt með uppgjöri, dags. 11. nóvember 1992, tilkynnt hafi verið, að stefndi hafi fallið frá kaupunum, og lyklar verið afhentir starfandi framkvæmdastjóra Símvals hf. Því er mótmælt, að starfsemi félagsins hafi hætt og starfsstöð verið lokað. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að loka starfsstöð Símvals hf. í Ármúla eða segja leigusamningi þar upp eða segja upp starfsfólki. Hins vegar hafi stefnendur vísað frá sér allri ábyrgð á starfsemi Símvals hf. með því að neita öllum afskiptum af hlutafélaginu. Því er jafnframt mótmælt, að stefnda hafi borið skylda til að reka fyrirtækið áfram eftir riftun kaupanna. Og loks er því mótmælt, að um frekari bókhaldslega röskun hafi verið að ræða í samskiptum félaganna aðra en þá, sem stefndi hafi leiðrétt sjálfur, eftir að til riftunar kom. Með uppgjöri stefnda við Símval hf. hafi stefndi skilað félaginu aftur í hendur

stefnenda í sama eða sambærilegu ástandi og þeir tóku við því. Vísar stefndi til almennra ólögfestra reglna samningaréttarins um skilyrta samninga og forsendusjónarmið svo og til almennra reglna kaupalaga, einkum 1. mgr. 42. gr., og 58. gr. laga nr. 39/1922. Þá er vaxtakröfum stefnenda mótmælt af hálfu stefnda, enda eigi þær sér ekki stoð í III. kafla vaxtalaga.

Niðurstöður.

Þá er stefnendur samþykktu tilboð stefnda um að ganga inn í tilboð Rafkaupa hf. 3. september 1992, komst á bindandi samningur milli málsaðila um kaup stefnda á hlutafé stefnenda í Símvali hf. Stefnendur hafa þegar efnt samninginn fyrir sitt leyti með því að afhenda stefnda rekstur Símvals hf. Skiptir því ekki máli um kröfugerð stefnenda, hvort þeir hafi afsalað eða boðið afsal á hlutafénu, sem stefndi keypti af þeim. Þegar jafnframt er litið til þess, að stefndi tók við rekstri Símvals hf. og tilkynnti Hlutafélagaskrá og viðskiptabanka hlutafélagsins um breytingu á stjórn og prókúru þess, þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig, að samningurinn um hlutafjárkaupin hafi ekki komist á milli málsaðila.

Sýknukrafa stefnda er að öðru leyti reist á því, að stefnda hafi verið heimilt að rifta kaupunum, þar sem í tilboðinu, sem samningur málsaðila byggist á, komi fram, að forsenda fyrir því sé, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri 30. júní 1992 sem nemi +/- 10% (sic). Í þessu tilviki er alls ekki ljóst, hvað vakti fyrir forsvarsmönnum stefnda með þessum tiltekna fyrirvara. Orðalagið er ekki frá þeim sjálfum komið, heldur frá upphaflegum tilboðsgjafa, Rafkaupum hf., samkvæmt ráðleggingum endurskoðanda þess hlutafélags, eins og fram kom við munnlegar skýrslutökur fyrir dóminum. Í málinu hefur komið fram, að mönnum ber alls ekki saman um það, hvaða merking verði lögð í þennan fyrirvara. Telja verður ósannað, að með þessu orðalagi hafi átt að felast fyrirvari um riftun samningsins, en fram kom við skýrslutökur fyrir dómi hjá fyrirsvarsmanni Rafkaupa hf. og endurskoðanda, að ef breyting yrði á fjárhagsstöðu, eins og 3. tl. tilboðsins tilgreinir, yrði leitað eftir lækkun á kaupverði. Samkvæmt uppgjöri 30. júní 1992 var tap á rekstri Símvals hf. 4.959.000 kr. fyrstu sex mánuði ársins eða um 826.000 kr. á mánuði. Mátti fyrirsvarsmönnum stefnda því vera ljóst, að reksturinn hafði gengið illa og engin ástæða til að ætla, að afkoman batnaði til muna, enda höfðu engar teljandi breytingar orðið á rekstrarforsendum. Í þessu sambandi skiptir máli, að stefndi átti mann í stjórn Símvals hf. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að breytingin á bókfærðu eigin fé á tveggja mánaða tímabilinu frá 30. júní 1992 til 5. september 1992, þ. e. 886.141 kr., hafi kippt grunninum undan forsendum fyrir tilboðinu, svo að

stefnda hafi af þeim ástæðum verið heimilt að rifta kaupunum. Dómurinn telur þó, að þar sem forsendur breyttust um fjárhagsstöðu Símvals hf., eftir að kaupin fóru fram, hafi stefndi átt rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en þar sem ekki hefur verið gerð krafa um lækkun á kaupverði hlutafjárins, kemur slík úrlausn ekki til álita, sbr. 111. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með vísan til þessa þykir rétt, að kröfur stefnenda verði teknar til greina. Rétt þykir þó að reikna vexti, eins og skuldabréf hefði verið gefið út samkvæmt tilboðinu á dskj. nr. 3. Samkvæmt því reiknast vextir af skuldinni eins og segir í 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. september 1992 til 15. janúar 1993, en þá reiknast dráttarvextir af afborgun og vöxtum, sem þá hefðu fallið í gjalddaga samkvæmt 3. tl. tilboðsins, og með sambærilegum hætti af öðrum greiðslum, sem fallið hefðu í gjalddaga á tveggja mánaða fresti með jöfnum greiðslum í 18 mánuði, þar til skuldin hefði verið að fullu greidd. Áfallnir dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, eins og krafist er.

Rétt þykir, að hið stefnda hlutafélag greiði stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og Stefán Svavarsson dósent.

Dómsorð:

Stefnda, Radíóbúðin hf., greiði stefnendum, Vöruvernd hf., Símafli hf. og Tæknivali hf. 2.275.000 kr. með vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð frá 3. september 1992 til 15. janúar 1993, en með dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi af afborgun og áföllnum vöxtum samkvæmt framansögðu þann dag. Einnig reiknast vextir á sama hátt af síðari afborgunum, sem bætast við hverja afborgun á gjalddögum 15. mars 1993, 15. maí s. á., 15. júlí s. á., 15. september s. á., 15. nóvember s. á., 15. janúar 1994, 15. mars s. á., 15. maí s. á., og dráttarvextir reiknast af hverri gjaldfallinni greiðslu frá gjalddaga samkvæmt framangreindu til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, er vanskil hafa staðið í 12 mánuði.

Stefndi greiði stefnendum 300.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 333/1994. **Rás hf.**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Jón Finnsson hrl.)

Vátrygging. Sjóvátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1994. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.940.000 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 19. júní 1992 til 9. september 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.325.674 krónur með sömu vöxtum og getur í aðalkröfu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Starfsmaður áfrýjanda, Valgeir Ásgeirsson, og Guðmundur Hafsteinn Ögmundsson, fulltrúi umboðsmanns stefnda í Keflavík, hafa gefið skýrslur fyrir dómi. Þeim ber saman um, að Valgeir hafi haft símsamband við Guðmund Hafstein á skrifstofu stefnda í Keflavík síðdegis 19. júní 1992 og óskað eftir kaupum á flutningstryggingu fyrir vörubifreiðina GI-482, sem var Volvo, árgerð 1976, með áfestum tækjabúnaði til sandblásturs. Taldi Valgeir samtalið hafa verið „um kaffileytið". Bifreiðin var þá komin til Reykjavíkur og skyldi send með ms. Arnarfelli til Ísafjarðar, en skipið lagði úr Reykjavíkurhöfn síðar sama dag.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst tjóni, sem varð á bifreiðinni og tækjabúnaði hennar um borð í skipinu á leið þess til ákvörðunarstaðar og málavextir raktir að öðru leyti. Engin skoðun fór fram af

hálfu stefnda á hinum tryggðu verðmætum fyrir tjónsatburð. Í svokallaðri staðfestingu stefnda á farmtryggingu, dags. 9. september 1993, er tilgreind fjárhæðin 6.000.000 krónur við hina tryggðu bifreið og áföst tæki, en ekki er leitt í ljós, hvort tryggingarskírteini hafi verið gefið út við samningsgerð. Af hálfu stefnda er greiðsluskylda samkvæmt vátryggingarsamningi ekki vefengd, en deilt er um fjárhæð tryggingarbóta.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að vátryggingarsamningur málsaðila falli undir reglu 2. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Samningurinn feli í sér sameiginlegt mat málsaðila á verðmæti hins tryggða. Hann sé bindandi og þá jafnframt um það atriði, að verðmæti bíls og viðfestra tækja hafi samtals numið 6.000.000 krónum. Sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða hvíli á stefnda. Telur áfrýjandi heildarfjárhæðina eiga að skiptast þannig, að hluti bifreiðarinnar sé 4.000.000 krónur, en tækjanna 2.000.000 krónur. Í máli þessu er einungis til úrlausnar ágreiningur um verðmæti bifreiðarinnar.

Þegar litið er til atvika að samningi málsaðila, sem lýst er í héraðsdómi, verður ekki talið í ljós leitt, að þeir hafi samið um ákveðið verð hinna vátryggðu muna. Ekki fór fram skoðun á þeim við samningsgerð. Vátryggingarfjárhæð var tilgreind í samningi aðila. Það felur þó ekki í sér skuldbindingu um, að hún teldist jafnframt fela í sér það verðmæti hinna tryggðu muna, sem áfrýjandi fengi greitt, ef til bótaskylds atburðar kæmi. Verður því ekki fallist á, að í samningi aðila felist „verðsett“ vátrygging, er falli undir reglu 2. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Ræðst réttarstaða málsaðila þá af meginreglu 1. mgr. sömu greinar laganna.

Í málinu liggur fyrir mat dómkvaddra matsmanna um tjón áfrýjanda. Er niðurstaða þess rakin í héraðsdómi. Á matinu eru ekki formgallar, og því hefur ekki verið hnekkt með yfirmati. Verður lagt til grundvallar dómi, að áfrýjandi hafi fengið allt bótaskylt tjón sitt greitt úr hendi stefnda. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rás hf., greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Rás hf., Fitjabraut 4, Njarðvík, gegn Vátryggingafélagi Íslands, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 31. ágúst 1993.

Aðalkrafa stefnanda er sú, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda vátryggingarbætur, að fjárhæð 1.940.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Kröfur stefnda eru þær, að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni.

Stefnandi keypti farmtryggingu hjá stefnda 19. júní 1992 vegna vörubifreiðar ásamt tækjabúnaði fyrir 6.000.000 kr. og fyrir loftpressu fyrir 5.000.000, en tæki þessi voru flutt með skipi frá Reykjavík til Ísafjarðar. Bifreiðin ásamt heildarútbúnaði hennar varð fyrir skemmdum á leiðinni. Starfsmaður tjónskoðunarstöðvar stefnda gerði tillögur um uppgjör vegna tjónsins, sem dagsettar eru 10. júlí 1992. Er skemmdum á bifreiðinni þar lýst svo: „Aðalgrind gjöreyðilagðist og „húddið". Sandtankur skemmdist vinstra megin og einnig pallur fyrir framan tank. Stigi upp á tank eyðilagðist og jafnframt fjaðraboltar í framfjöður. Tjónið á bifreiðinni er langt umfram verðmæti hennar, en sandtankur og annað er viðgerðarhæft." Tryggingarfélagið greiddi kostnað við að gera við sandtankinn, sandblásturstækið og annað, sem honum fylgdi. Kostnaður við það svo og við að færa búnaðinn yfir á aðra bifreið var 557.463 kr. Þá var gert ráð fyrir í tillögum starfsmanns tjónskoðunarstöðvarinnar, að bætur fyrir bifreiðina væru hæfilega metnar 1.500.000 kr. Greiddi hið stefnda tryggingarfélag bætur í samræmi við þetta, þannig, að tjónsfjárhæð var talin 2.060.000 kr. að frá dreginni sjálfsábyrgð, 200.000 kr., og voru stefnanda því greiddar 1.860.000 kr. 14. júlí 1992. Telur félagið, að stefnandi hafi með því fengið tjón sitt að fullu bætt, en á það hefur stefnandi ekki fallist. Einnig hefur komið fram í málinu, að tryggingarfélagið gerði ekki tilkall til bifreiðarinnar, þótt félagið hafi að eigin mati greitt stefnanda fullt verð hennar, en aðrir hlutar bifreiðarinnar en grind og „húdd" voru heilir, svo sem vél, gírkassi og annar vélbúnaður.

Af hálfu stefnanda er talið, að tryggingarfélaginu sé skylt að greiða bætur í samræmi við vátryggingarfjárhæðina, sem var 6.000.000 kr. Ef ekki verði á það fallist, er af hálfu stefnanda krafist, að við ákvörðun bóta fyrir bifreiðina verði litið til þess, að mikil vinna og fjármunir höfðu verið lagðir í endurnýjun bifreiðarinnar.

Stefndi hefur fengið tvo dómkvadda matsmenn til að meta verðgildi bifreiðarinnar. Samkvæmt mati þeirra, sem þeir hafa báðir staðfest fyrir dóminum, er staðgreiðsluverð bifreiðarinnar fyrir tjón 900.000 kr. án virðisaukaskatts, og er verðlagning miðuð við gott ástand bifreiðarinnar á almennum markaði. Í matsgerðinni kemur fram, að á matsfundi var ágreiningur milli málsaðila um það, „hvort meta eigi staðgreiðsluverð bifreiðarinnar eingöngu, þ. e. markaðsverð, eða hvort taka ætti tillit til skaða tjónþola, en auðséð er, að viðkomandi hefur lagt í mikla vinnu og kostnað til að gera tækið sem best úr garði til eigin nota". Vegna þessa fengu matsmenn álit Einars Einarssonar vélsmiðs á þeirri vinnu, sem hafði verið lögð í bifreiðina, og hefur það verið lagt fram í málinu. Samkvæmt því er mat hans á þá leið, að kostnaðarverð væri að jafnaði fyrir sandblástur, zinkhúðun, vinnu undir sprautun og annað 300.000 kr. Hins vegar væri greinilegt, að um miklu viðameiri „gegnumtekt" væri að ræða á umræddri bifreið, en svo virtist sem hver einasti hlutur hafi verið tekinn í sundur og verið sandblásinn, zinkhúðaður og málaður. Erfitt væri að gera sér grein fyrir, hve margar vinnustundir lægju að baki þeirri vinnu, en gróflega áætlað mætti gera ráð fyrir 250 til 300 vinnustundum í verkið, og væri það trúlega vanáætlað.

Sönnunargildi matsgerðarinnar er vefengt af hálfu stefnanda, sem telur, að matsmenn hafi eingöngu miðað við meðalverð sams konar bifreiðar án tillits til endurbóta, er stefnandi hafði látið gera á henni.

Málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi vísar til þess, að gerður hafi verið vátryggingarsamningur við hið stefnda tryggingarfélag, þar sem verð hins vátryggða tækis hafi verið ákveðið 6.000.000 kr. Því hafi verið um að ræða svokallaða „verðsetta" vátryggingu, eins og gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Félagið hafi aðeins greitt samtals 2.060.000 kr., en eftir standi óbætt tjón, að fjárhæð 3.940.000 kr., að frá dregnu verðmæti sandblástursbúnaðarins, sem stefnandi miðar við, að hafi verið tryggður fyrir 2.000.000 kr. Vátryggingarfélagið hafi metið það svo, að um altjón hafi verið að ræða, en það hafi ekki fallist á að greiða viðgerðarkostnað við að koma bifreiðinni í samt lag.

Þá er af hálfu stefnanda skírskotað til þess, að verðsetning í þessu tilviki

hafi miðast við sameiginlegt mat umboðsmanns hins stefnda tryggingarfélags og fyrirsvarsmanns stefnanda. Því er af hálfu stefnda mótmælt, sem telur vátryggingarfjárhæð eingöngu samkvæmt upplýsingum frá stefnanda, en af hálfu stefnanda er því haldið fram, að vátryggingarfélagið verði að bera hallann af því að hafa ekki skoðað bifreiðina og metið verðgildi hennar. Iðgjald hafi verið greitt í samræmi við þá fjárhæð, sem bifreiðin var tryggð fyrir, þ. e. 6.000.000 kr. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 væri verð, sem ákveðið hefði verið, bindandi fyrir tryggingarfélagið, nema það sannaði, að bætur myndu þá nema meiru en upphæð tjónsins. Hið stefnda félag hafi ekki sýnt fram á, að tjón stefnanda hafi verið minna en fjárhæð aðalkröfu væri miðuð við.

Af hálfu stefnanda er matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna mótmælt sem sönnunargagni um tjón stefnanda. Bæði sé matsgerðin ófullkomin og órökstudd. Niðurstöður hennar miðist eingöngu við þær forsendur, sem stefndi hafi gefið matsmönnum, og ekki sé fjallað um spurningar stefnanda, sem hann telur, að skipti máli um raunverulegt tjón stefnanda. Matsmenn hafi aðeins metið verðgildi bifreiðar af sömu tegund og árgerð, en ekki tekið tillit til þess, að bifreið stefnanda var mjög mikið endurnýjuð og því að litlu leyti sambærileg við bifreiðar af sömu árgerð.

Varakrafa stefnanda er studd þeim rökum, verði ekki fallist á, að um „verðsetta“ vátryggingu hafi verið að ræða í skilningi 1. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954, að tjón stefnanda væri ekki bætt, fyrr en tekið væri tillit til þeirrar miklu vinnu og fjármuna, sem lagðir hafi verið í endurnýjun bifreiðarinnar. Samkvæmt 37. gr. nefndra laga beri að miða verðmæti við þá fjárhæð, sem þurfi til að kaupa hlut þann, sem fórst eða skemmdist, að frá dreginni verðrýrnun vegna aldurs, notkunar eða minnkaðs notagildis. Stefnandi telur, að í lagagreininni felist, að miða beri við verð á nýjum sambærilegum hlut að frá dreginni verðrýrnun vegna aldurs og notkunar. Frádráttur frá verði nýs hlutar verði því minni, ef honum hafi verið haldið vel við, og almennt sé viðurkennt, að nýlegar viðgerðir geti í mörgum tilvikum minnkað frádráttinn verulega. Um bifreiðina, sem hér um ræðir, gilti það, að frádráttur væri mun minni en ella vegna hinnar gagngeru endurnýjunar á henni og þeirrar notkunar, er hún hefði verið ætluð til. Af hálfu stefnanda er talið, að ný bifreið samsvarandi bifreið stefnanda kosti nú á bilinu 5.500.000 til 6.000.000 kr. Miðað við mat dómkvaddra matsmanna og þann kostnað, sem stefnandi kveðst hafa haft af viðgerðum og endurnýjun bifreiðarinnar, 2.000.000 kr., væru 3.000.000 kr. sú fjárhæð, sem gerði stefnanda eins settan og hann hefði verið, áður en tjónið varð. Varakrafan væri reiknuð af þeirri fjárhæð þannig, að bætur, sem þegar hefðu verið greiddar, væru dregnar frá.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að hið stefnda vátryggingarfélag hafi þegar greitt stefnanda fullar bætur. Sú fjárhæð, sem greidd var, væri hærri en þær fjárhæðir, sem metnar voru síðar af matsmönnum, en tjónið hafi verið gert upp á grundvelli skoðunar og mats tjónskoðunarstöðvar tryggingarfélagsins. Með þessu væri tjón stefnanda að fullu bætt, en það væri grundvallarregla íslensks réttar um vátryggingarstarfsemi, að tjónþola bæru aldrei hærri bætur en raunverulegu tjóni hans næmi. Jafnvel þegar um „verðsett" skírteini væri að ræða, væru slík ákvæði ekki bindandi fyrir tryggingarfélagið, ef það sannaði, að bætur myndu nema hærri fjárhæð en upphæð tjónsins. Því er mótmælt af hálfu stefnda, að hann hafi viðurkennt, að um „verðsetta" tryggingu hafi verið að ræða. Einnig væri röng sú staðhæfing stefnanda, að verðsetning hefði byggst á sameiginlegu mati starfsmanna málsaðila, heldur hefðu allar upplýsingar um verðmæti bifreiðar og búnaðar svo og verðmæti loftpressu verið gefnar upp af fyrirsvarsmanni stefnanda. Hann hafi beðið um tryggingunа í síma á sama tíma og verið var að setja bifreiðina um borð í skipið, sem hún var flutt með. Hér hafi því ekki gefist neitt ráðrúm til að láta fara fram verðmætamat, en orð vátryggingartakans verið tekin trúanleg, og hafi þau verið lögð til grundvallar um verðmæti hins tryggða.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það fái ekki staðist, að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið 4.000.000 kr., eins og haldið sé fram af hálfu stefnanda. Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna væri verðmæti bifreiðarinnar 900.000 kr., og kostnaður við „boddí"-viðgerð, sandblástur og málun hafi sérstaklega verið metinn á 300.000 kr. Matið á bifreiðinni hafi því verið samtals 1.200.000 kr., og hafi þá verið tekið tillit til vinnu og kostnaðar við að gera bifreiðina upp. Er þess krafist af hálfu stefnda, að mat, sem fram hafi farið, verði lagt til grundvallar tjóni stefnanda, þar sem stefnandi hafi ekki farið fram á yfirmat.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í máli þessu, urðu skemmdir á bifreiðinni, sem hér um ræðir, þær, að undirvagn bifreiðarinnar gjöreyðilagðist svo og vélarhlíf, en aðrir hlutar bifreiðarinnar voru óskemmdir. Einnig urðu skemmdir á tanki og palli, sem tryggingarfélagið sá um, að voru lagfærðir, en fyrir liggur, að stefnandi keypti umrædda farmtryggingu hjá stefnda fyrir bifreiðina ásamt sandblástursbúnaði í einu lagi. Kemur því ekki til álita, að tjónið verði gert upp á þeim grundvelli, að um altjón hafi verið að ræða.

Aðilar málsins eru sammála um, að ekki hafi svarað kostnaði að gera við bifreiðina, en fram hefur komið, að undirvagn hennar skekktist mikið. Þá

liggur fyrir, að aðrir hlutar bifreiðarinnar, svo sem vél og gírkassi, voru heilir, en vélina hafði stefnandi látið gera upp. Við munnlegar skýrslutökur fyrir dóminum kom fram, að tryggingarfélagið gerði ekki tilkall til bifreiðarinnar, þótt það teldi sig greiða stefnanda fullt verð hennar. Ekki liggur fyrir, hvert verðmæti sandblástursbúnaðar bifreiðarinnar var, en tjón, sem varð á honum, hefur stefnandi fengið bætt með því, að fullnaðarviðgerð fór fram á búnaðinum og því, sem honum fylgdi. Einnig greiddi tryggingarfélagið fyrir flutning búnaðarins á aðra bifreið.

Hið stefnda tryggingarfélag hefur bætt tjónið á bifreiðinni með því að greiða stefnanda 1.500.000 kr. Þegar litið er til þess, sem hér að framan er rakið, svo og með vísan til mats hinna dómkvöddu matsmanna, sem meta staðgreiðsluverð bifreiðarinnar á almennum markaði, áður en tjónið varð, 900.000 kr., en fram kemur í matinu, að matsmenn miða við gott ástand hennar, svo og álits Einars Einarssonar, sem staðfest hefur verið fyrir dóminum, um vinnu við sandblástur og zinkhúðun bifreiðarinnar, sem hann áætlar 300.000 kr., verður að líta svo á, að umrætt tjón stefnanda hafi þegar verið bætt að fullu. Verður því að sýkna hið stefnda hlutafélag af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 svo og með tilliti til réttarstöðu málsaðila samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, en málsaðilar höfðu samið um ákveðið verð hins vátryggða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmíðameistara og Jan Jansen bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Rásar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 383/1994. **Sigurður Ingvason**
(Hreinn Loftsson hrl.)
gegn
Skipatækni hf.
(Garðar Briem hdl.)

Ærumeiðingar. Áfrýjun. Málshöfðunarfrestur. Ómerking ummæla. Miskabætur. Sýkna af refsikröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1994. Hann krefst ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað frá héraði. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Hver sem úrslit málsins verða, krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda um ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi verði hafnað og hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Efnt var til sérstaks vitnamáls í héraði eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Einnig voru lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl. Þeirra á meðal var bréf lögmanns áfrýjanda til lögmanns stefnda frá 15. júní 1994. Þar sagði lögmaðurinn meðal annars, að hann sæi ekki ástæðu til þess að kalla blaðamenn sem vitni í málinu. Þá lýsti hann yfir, að hann myndi ekki í málflutningi halda því fram, að áfrýjandi hefði ekki látið hafa eftir sér þau ummæli, sem málið snýst um. Hann sagði hins vegar, að mikill hluti ummælanna væri ekki kominn til vitundar stefnda fyrir tilstilli áfrýjanda. Fréttamenn hefðu þar verið að fjalla um málið með sínum hætti. Þeir hefðu haft eftir áfrýjanda ummæli, sem í mörgum tilvikum hefðu verið tekin úr samhengi og sett í æsifréttastíl.

I.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1994 var hafnað kröfu áfrýjanda um frávísun og honum gert að greiða stefnda 30.000

krónur í málskostnað. Úrskurði þessum var ekki sérstaklega áfrýjað með hinum áfrýjaða dómi samkvæmt 1. mgr. 151. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1994. Frávísunarástæður áfrýjanda koma þó hér til skoðunar, þar sem þær sæta eftir efni sínu úrlausn dómsins án kröfu. Áfrýjandi telur málið eiga að sæta frávísun frá héraðsdómi sökum þess, að málflutningur stefnda sé skriflegur, skjöl séu lögð fram oftar en einu sinni, sundurlausar úrklippur blaða séu lagðar fram, skjöl séu lögð fram á erlendum málum án þýðinga og loks, að framlagning skjala og málatilbúnaður allur sé meiri að vöxtum en efni standi til. Allt sé þetta í andstöðu við 101. gr. laga nr. 91/1991.

Fallast verður á það með áfrýjanda, að umfang málsins hafi orðið meira en þörf var á, en þar er stefnda ekki einum um að kenna. Skjöl voru lögð fram á erlendum málum, án þess að gætt væri ákvæðis 3. tl. 10. gr. laga nr. 91/1991. Enn fremur var sá galli á meðferð málsins í héraði, að ummæli, sem stefnt er fyrir og höfð eru eftir áfrýjanda, voru ekki borin undir hann við yfirheyrslur og hann spurður, hvort hann kannaðist við þau. Dómi hefur verið lokið á málið í þessum búningi í héraði. Sá dómur þykir hafa orðið það skýr, að flytja hafi mátt málið og leggja dóm á það fyrir Hæstarétti. Eru því ekki nægar ástæður til að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu frá héraði.

II.

Mál þetta hafði tvisvar verið til umfjöllunar dómstóla, áður en því var stefnt til héraðsdóms í núverandi búningi. Var því í bæði skiptin vísað frá héraðsdómi, sbr. H. 1992, 60, og H. 1993, 1386. Í hið fyrra sinn hafði það verið höfðað með stefnu, birtri í Lögbirtingablaði 9. ágúst 1991. Heimilisfang áfrýjanda var þó þekkt, en hann býr í Svíþjóð. Áfrýjandi sótti ekki þing, og var málinu sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi og sá dómur staðfestur í Hæstarétti 18. janúar 1992. Hið síðara mál var höfðað með stefnu 10. febrúar 1992, en þá voru meira en sex mánuðir liðnir, frá því að hin umstefndu ummæli voru viðhöfð. Mál, sem ekki er réttilega höfðað, slítur ekki málshöfðunarfresti. Áfrýjanda verður því ekki gerð refsing fyrir ummæli sín þegar af þeirri ástæðu, að frestur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til að hafa uppi refsikröfu var liðinn, er

síðara málið var höfðað. Af því leiðir, að ekki eru skilyrði til að dæma áfrýjanda til greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms í málinu, sbr. 2. mgr. 241. gr. sömu laga. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms. Stendur þá eftir að taka afstöðu til þeirra ummæla, sem eru ómerkt með héraðsdómi, og til þar dæmdra miskabóta og dæmds málskostnaðar.

III.

Ummælin, sem krafist er ómerkingar á, eru rakin í héraðsdómi. Ummæli þessi varða smíði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs, en stefndi gerði teikningar að henni. Í héraðsdómi er ummælum þessum skipt í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru ummæli, þar sem stefndi er ásakaður um að hafa ekki virt einkaleyfi áfrýjanda í Bandaríkjunum við gerð teikninga. Í öðru lagi eru ummæli um ófagleg vinnubrögð við hönnun skipsins. Í þriðja lagi eru ummæli um ætluð tengsl stefnda við skipasmíðastöð í Flekkefjord í Noregi.

Ummæli þessi beinast að miklu leyti að stefnda, enda þótt telja verði, að ummælin um ófagleg vinnubrögð hafi einnig víðari skírskotun, en ferjan var smíðuð fyrir almannafé, og var smíðin umdeild.

Ummælin féllu flest í mars 1991 og hin síðustu 5. apríl, en smíði ferjunnar hófst ekki fyrr en síðar í þeim mánuði. Stefndi teiknaði 70,5 m langt og 15 m breitt skip í ársbyrjun 1990, og í júní það ár var smíði skipsins boðin út á grundvelli þeirra teikninga. Frávik voru heimiluð. Tvö fyrirtæki, sem nutu aðstoðar áfrýjanda, gerðu tilboð í smíðina. Í ljós kom, að teiknað skip fullnægði ekki kröfum Siglingamálastofnunar um lekastöðugleika, sem breyttust síðast í apríl 1990. Varð það ásamt niðurstöðum endanlegra þyngdarútreikninga fyrir skipið til þess, að það var breikkað um einn metra, og voru fimm lægstbjóðendum send gögn um breikkunina og boðið að lagfæra tilboð sín að teknu tilliti til hennar. Fyrirtæki þau, sem áfrýjandi hafði aðstoðað, voru ekki í þessum hópi. Síðar kom í ljós að áliti smíðanefndar skipsins, að bæði fyrirtækin voru með fullgild tilboð og voru álitleg, sérstaklega annað þeirra. Stefnda hafði verið falið mat á tilboðunum. Í málinu liggur ekki fyrir, að áfrýjandi hafi haft frekari teikningar í höndum en samkvæmt upphaflega útboðinu. Af umstefndum ummælum sést þó, að hann mun hafa vitað af því, að skipið var breikkað. Prófanir á líkani af ferjunni hófust í nóvember

1990, en var fljótlega hætt, þegar í ljós kom, að skipið, eins og það var teiknað, gróf sig of mikið niður að aftan. Stefnda var því enn falið að breyta skipinu, og var það gert, og fóru fram nýjar prófanir í desember 1990 og janúar 1991, og tókust þær vel. Í febrúar var loks tveimur norskum fyrirtækjum boðið að koma með tilboð varðandi síðustu breytingarnar, sem gerðar höfðu verið á skipinu. Liggur ekki fyrir, hvaða tækifæri áfrýjandi hafði til að fylgjast með þessum breytingum. Af framangreindu leiðir, að við það verður að miða, að ummæli hans hafi beinst að hönnunarsögu skipsins og teikningum stefnda, en ekki að skipinu fullgerðu, eins og skilja má af rökstuðningi héraðsdóms.

IV.

Í bréfi lögmanns áfrýjanda 15. júní 1994, sem að framan er rakið, er lýst yfir því, að því sé ekki neitað, að áfrýjandi hafi látið hafa eftir sér umstefnd ummæli. Hins vegar er því haldið fram, að fréttamenn hafi í mörgum tilvikum tekið orð hans úr samhengi og birt þau í æsifréttastíl. Ummælin voru ekki hver fyrir sig borin undir áfrýjanda fyrir dómi, en þar sem hann kannast við þau á þann hátt, sem hér hefur verið rakinn, verður tekin afstaða til kröfu stefnda um ómerkingu þeirra í máli gegn honum. Hins vegar verður að taka tillit til þess við ákvörðun bóta, að ekki er nema að nokkru leyti um að ræða ummæli, sem hann viðhefur milliliðalaust.

Ummæli samkvæmt c-, d- og að nokkru leyti e-, i-, j-, k- og l-lið kröfugerðar stefnda varða ásakanir um, að ekki hafi verið virt einkaleyfi áfrýjanda. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans um, að ekki hafi verið nægjanlega sýnt fram á, að stefndi hafi nýtt sér einkaleyfi áfrýjanda, og því beri að ómerkja þær aðdróttanir um það, sem í ummælunum felast.

Ummæli samkvæmt a-, b-, f-, h- og að nokkru leyti g-, i-, j-, k- og l-lið kröfugerðar stefnda varða ásakanir um ófagleg vinnubrögð við hönnun ferjunnar, en einnig er þar um að ræða gagnrýni, sem beinist ekki eingöngu að stefnda, svo sem við kostnað við smíðina og tilhögun útboða. Að framan er því lýst, að ummæli áfrýjanda beinast að teikningum að ferjunni, en ekki að henni fullbúinni. Telja verður, að hann sé þar að vara við smíði ferjunnar eftir þessum teikningum. Líta verður til þess, að breyta þurfti teikningum í verulegum atrið-

um, og ekki verður betur séð en vinnsla tilboðanna hafi bitnað á fyrirtækjum tengdum áfrýjanda, sbr. fyrrgreint álit smíðanefndar. Í ummælunum kom fram mat áfrýjanda. Viðurkenna verður, að áfrýjandi hafði við þessar aðstæður rúmt frelsi til að koma skoðunum sínum á framfæri. Verða því ummæli, sem lúta að hönnun skipsins, ekki ómerkt, þótt áfrýjandi hefði vissulega átt að haga orðum sínum af meiri varfærni.

Í e-, g-, j- og l-lið kröfugerðarinnar eru ummæli, sem lúta að tengslum stefnda við skipasmíðastöðina, sem fékk smíði skipsins. Þessi ummæli hafa ekki verið réttlætt, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til raka hans um ómerkingu þeirrar aðdróttunar, sem felst í ummælum þessum.

V.

Aðdróttun sú, sem felst í ummælum um óeðlileg tengsl stefnda við hina norsku skipasmíðastöð, sem fékk smíði skipsins, var til þess fallin að skaða viðskiptavild og raska stöðu fyrirtækisins. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda bætur, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sbr. nú einnig 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 krónur, og skulu þær bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi í héraði 21. júlí 1994 til greiðsludags.

Með tilliti til þess, að málatilbúnaður stefnda í héraði var mun umfangsmeiri en þörf var á, og til úrslita málsins fyrir Hæstarétti þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Ingvason, á að vera sýkn af refsikröfu stefnda, Skipatækni hf., í máli þessu og kröfu hans um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms.

Ummæli, sem greind eru í lið c, d, e, i, j, k og l í kröfugerð stefnda og varða notkun hans á einkaleyfum áfrýjanda, skulu ómerk. Jafnframt skulu ómerk ummæli hans í lið e, g, j og

l og varða tengsl stefnda við skipasmíðastöðina, sem fékk smíði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í bætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júlí 1994 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Ummæli áfrýjanda um ófagleg vinnubrögð við hönnun ferjunnar og hættulegar eigindir hins hannaða verður meðal annars að skoða í ljósi þess, að þar er einn hönnuður að ræða verk annars. Á stefndi þessa vegna rétt á því, að ummælin verði ómerkt, þótt þau eigi sér víðari skírskotun en verkum hans nemur, enda hefur áfrýjandi ekki getað réttlætt þau gagnvart honum.

Að öðru leyti er ég sammála öðrum dómendum um annað en fjárhæð fébóta, sem á ekki að vera lægri en ákveðið var í héraðsdómi, 250.000 krónur. Einnig tel ég rétt eftir atvikum málsins, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 1. júlí sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. október 1993. Greinargerð stefnda var lögð fram 1. febrúar sl. og málinu úthlutað til dómarans 1. mars sl. Stefndi krafðist frávísunar, og var málið flutt um kröfuna 10. maí sl. Með úrskurði 13. maí sl. var henni hafnað.

Stefnandi er Skipatækni hf., kt. 420675-0389, Grensásvegi 14, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður Ingvason, kt. 260826-2399, Gärdesvägen 31, 43080 Hovås, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda eru, „að eftirfarandi ummæli stefnda, sem auðkennd eru með undirstrikun, verði dæmd dauð og ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940:

a. Birt á Stöð 2 8. 3. '91:

Sigurður segir, að það skip, sem fyrirhugað er að smíða, sé stórgallað og hættulegt, sannkölluð manndrápsfleyta, eins og hann sjálfur orðar það.

b. Flutt á Bylgjunni í hádegisfréttum 9. 3. '91:

Hann segir jafnframt, að nýja Vestmannaeyjaferjan sé manndrápsfleyta.

c. Flutt í ríkisútvarpinu í kvöldfréttum 9. 3. '91:

Sigurður segir, að Skipatækni hafi notað útfærslu hans varðandi frágang við skrúfu skipsins. Hann hafi sýnt teikningar af þeirri hönnun á fundi með stjórnarmönnum Herjólfs og forsvarsmönnum Skipatækni fyrir 2 árum gegn loforði um, að þær yrðu ekki notaðar nema að fengnu leyfi. Þetta hafi Skipatækni svikið.

d. Birt á Stöð 2 9. 3. '91:

Sigurður sagði í samtali við Stöð 2 í gær, að hönnuðir ferjunnar hefðu tekið einkaleyfi hans ófrjálsri hendi.

e. Flutt á Bylgjunni 14. 3. '91:

Hann segir einnig, að viðskipti Skipatækni, sem hannaði skipið, og skipasmíðastöðvarinnar Flekkefjord í Noregi, sem á að smíða skipið, séu í fyllsta máta óeðlileg. Fyrir utan stuldinn á hugmyndum sínum gerir hann athugasemd við, að stál í stefni skipsins sé of þunnt og vélar þess of stórar.

f. Flutt í ríkisútvarpinu í kvöldfréttum 14. 3. '91:

Þú hefur einnig gert ýmsar athugasemdir við þessa ferju, eins og hún liggur núna fyrir, hönnunina á henni, og sagt, að hún sé lífshættuleg.

Að mörgu leyti er hún það, og þessa teikning, sem ég hef áður, en það getur verið, að þeir hafa breytt einhverju, sem ég þekki ekki til í dag, en þá hafa þeir verið að taka athugasemdir, sem að ég hefi gert á þessu skipi, en ég álít þrátt fyrir allt, að þetta skip er slæmt, og ég álít, að þetta skip er of dýrt, og ég álít, að þetta skip er hönnunarrugl.

g. Birt á Stöð 2 14. 3. '91:

Sigurður telur, að skipið sé illa hannað og stórhættulegt. Það verði of dýrt og óhagkvæmt í rekstri, og hann segir, að svo virðist sem allt kapp sé lagt á, að skipið verði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð í Noregi, og reynt sé að þrýsta málinu í gegn í miklum flýti fyrir kosningar.

Ef ég get ekki fengið það fram, að öll einkaleyfi, sem notuð eru í hönnun skipsins, að þá verð ég að fara fram á lögbann á skipinu, vegna þess að ég ætla mér ekki að láta tækni mína koma í skip, sem ég álít vera illa hannað.

Þetta skip er stórhættulegt að mínu mati, og þeir hafa að mörgu leyti viðurkennt það, vegna þess að eftir að ég hafði bent á, að skipið væri óstöðugt, þá breikkuðu þeir skipið frá 15–16 metrum. Ein spurning er bara, er þetta nóg? Þar að auki er skipið með stóru opnu stykki, hliði að framan, 6 metra á breidd. Það þýðir, að hálfa stefnið að framan er laust, þó að það hangi á lömum og læsingum, en þá, þegar það fer í sjó með svakalegu afli á

skipinu, 8.000 hestöflum, að þá getur verið þannig, að það raskist á og sjór komi inn á dekk.

Hann segir fleira athugavert. Stál í stefni skipsins sé of þunnt, vélar séu allt of stórar, og olíueyðsla verður þriðjungi of mikil. Hann gerir ekki athugasemdir við hönnun skipsins, heldur einnig smíðasamninga. Öll vinnubrögð miða að því að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi.

Það er verið að reyna að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi, það vitum við. Vegna þess að þeir hafa byggt öll skip, sem Skipatækni hefur gert.

Sigurður segir, að svo virðist sem öryggi skipsins skipti engu máli og það sé sama, hvað skipið kosti og hverju það eyði. Öllu skuli fórnað til að þrýsta því í flýti í gegn fyrir alþingiskosningar.

h. Birt á Stöð 2 19. 3. '91:

Ég veit ekki, hvort þeir vilja flytja steypu milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eins og þeir gera á Baldri á Breiðafirði, og leysa það á sama hátt. Það er ekki nógu gott. Þetta hefur ekki með skipahönnun Skipatækni að gera. Ég kalla þetta hönnunarrugl.

Þá segir hann plötuþykkt í yfirbyggingu of litla.

Svo er það, að skipið er rándýrt.

i. Birt í Morgunblaðinu 9. 3. '91:

Sigurður sagði ..., að hann hefði haft hugmyndir um smíði 79 metra skips, sem hefðu síðan verið notaðar í styttra skip.

Ég álít þetta skip vera hörmulegt, dýrt í smíðum, það þarf mikla orku og er stórhættulegt, því að hlutföllin eru röng.

Þeir nota tækni, sem ég hef verið að þróa í 15 ár, og mér líkar ekki, þegar er verið að stela frá mér.

j. Birt í Morgunblaðinu 16. 3. '91:

Sigurður segir, að þar séu sínar hugmyndir notaðar.

Þar reyndu þeir að notfæra sér útfærslur, sem ég gerði á Esjunni ...

Menn verða að vita, hverju þeir eru að stela, til að geta notfært sér hlutina.

Sigurður sagði, að samkvæmt teikningum skipsins væri það stórhættulegt.

Það er ekki á allra færi að hanna skip.

Hönnunin er hörmung.

Hann benti enn fremur á, að svo virtist sem alltaf hefði staðið til að smíða skipið hjá Flekkefjord í Noregi.

... en það er á hreinu, að tækni minni var stolið, og það sætti ég mig ekki við.

k. Birt í Morgunblaðinu 5. 4. '91:

Fyrir allt þetta hönnunarrugl hafa íslenskir skattborgarar þurft að greiða milli 60–70 milljónir króna.

... ég tel hana hættulega, en það, sem ég vil, er, að öll sú tækni, sem tilheyrir einkaleyfum mínum, verði fjarlægð af þessu skipi ...

l. Birt í DV 20. 3. '91:

... sá ég, að þeir höfðu stolið tækni frá mér, sem þeir höfðu lofað að gera ekki. Þeir höfðu lofað að virða mín einkaleyfi, en gerðu það ekki.

Ef skipið verður byggt eftir þessum teikningum, verður það stórhættulegt.

Þeir hjá Skipatækni hf. hafa alla tíð reynt að stýra smíði nýs Herjólfs til Flekkefjord í Noregi, þar sem þeir hafa látið smíða 23 togara. Það er dálítið óheiðarlegt og skrýtið."

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði látinn sæta þyngstu refsingu, er landslög heimila, fyrir refsiverðar aðdróttanir og ærumeiðandi ummæli, sem auðkennd eru hér að framan með undirstrikun. Hann telur ummælin aðallega varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 235. gr. og til þrautavara við 234. gr. sömu laga.

Þá krefst stefnandi skaðabóta, að fjárhæð 15.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. mars 1991 til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Enn fremur krefst stefnandi miskabóta, að fjárhæð 5.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 8. mars 1991 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verið dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð að mati dómsins, „til að standa straum af kostnaði af birtingu dómsins og niðurstöðu dóms", sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Loks er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Stefndi, sem er skipaverkfræðingur, hefur búið og starfað í Svíþjóð frá árinu 1951. Frá árinu 1977 hefur hann rekið eigið ráðgjafarfyrirtæki á starfssviði sínu. Árið 1985 var honum veitt einkaleyfi í Bandaríkjunum á uppfinningu varðandi byggingarlag á skipsskrokkum, og snertir hluti af því skrúfubúnað skips. Hann hefur starfað fyrir ýmis erlend fyrirtæki og þar á meðal fyrirtæki, sem Íslux hf. er umboðsmaður fyrir hér á landi.

Árið 1989 var ákveðið að smíða nýja Vestmannaeyjaferju fyrir Herjólf hf., er að mestu var hönnuð af dönsku fyrirtæki. Stefnandi annaðist útboð vegna smíðarinnar, og var Íslux hf. boðið að taka þátt í því vegna hinna erlendu fyrirtækja, er það hafði umboð fyrir.

Í málavaxtalýsingu stefnda segir, að tilboðsgjöfum hafi verið frjálst að bjóða í aðra valkosti í sambandi við hönnun, og hafi stefndi því verið fenginn til að yfirfara útboðsgögnin, áður en eitt af þeim fyrirtækjum, er Íslux hf. hafði umboð fyrir, lagði inn tilboð til stefnanda. Í tilboðinu hafi komið fram ýmsar ábendingar frá stefnda varðandi hönnunina, auk þess sem í því hafi falist boð um, að skipið yrði endurhannað að verulegu leyti. Þegar ekkert heyrðist frá forráðamönnum stefnanda og Herjólfs hf., hafi verið óskað eftir fundi með þeim, og var hann haldinn 18. desember 1989 á skrifstofu stefnanda. Á fundinum skýrði stefndi frá því, að hann hefði einkaleyfi í Bandaríkjunum á tilteknum atriðum varðandi smíði skipa, og taldi hann sig fá loforð fundarmanna fyrir því, að ábendingar hans og úrlausnir yrðu ekki notaðar án hans leyfis, enda þótt einkaleyfisréttur hans væri bundinn við Bandaríkin.

Næst gerist það í málinu, að hætt er við smíði þessa skips og stefnanda falið að hanna minna skip. Í júní 1990 kveður stefndi, að sér hafi boðist útboðsgögnin og sér þá orðið ljóst, að ekki hafi verið staðið við loforð varðandi einkaleyfið. Þrátt fyrir það hafi Íslux hf. boðið í smíðina vegna tveggja erlendra fyrirtækja, annars á Taiwan, en hins í Flórída. Tilboðum þessum fylgdu sem fyrr athugasemdir stefnda. Í ágúst þ. á. þinguðu stefndi og framkvæmdastjóri Íslux hf. með smíðanefnd ferjunnar, og á þeim fundi kveðst stefndi hafa komið með fleiri ábendingar um smíðina.

Niðurstaðan í smíðamálinu varð sú, að í mars 1991 var samið við skipasmíðastöð í Flekkefjord í Noregi um smíði nýrrar ferju. Þykir ekki ástæða til að rekja þann þátt málsins frekar, nema hvað stefndi heldur því fram í málavaxtalýsingu sinni, að eftir að smíði skipsins lauk, hafi komið í ljós, að tekið hefði verið tillit til ýmissa ábendinga hans.

Ummæli þau, sem stefnt er út af í þessu máli, eiga rót sína að rekja til þeirra samskipta aðila málsins, er lýst hefur verið.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi með ummælum sínum vegið á ósvífinn og meinfýsinn hátt að mannorði hans og æru. Hann reki fyrirtæki, sem vinni að faglegri hönnun hágæðaskipa, og starfi auk þess sem hlutlaus ráðgjafi á sviði skipaverkfræði.

Stefnandi reisir refsikröfuna á hendur stefnda á því, að stefndi hafi með því að drótta að stefnanda ósannindum og bera auk þess slíkar aðdróttanir út, brotið gegn ákvæðum í XXV. kafla almennra hegningarlaga. Þeim ákvæðum sé ætlað að vernda menn gegn atlögum að æru þeirra, sem eru til þess fallnar að lækka þá í áliti út á við.

Kröfu um ómerkingu ummæla styður stefnandi því, að þau séu staðlausir

stafir og óviðurkvæmileg, enn fremur því, að um refsiverðar ærumeiðingar sé að ræða. „Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að einungis hluti tilvitnaðra ummæla stefnda eða jafnvel einungis einstaka orð teljist óviðurkvæmileg í skilningi 241. gr. l. nr. 19/1940, felst í kröfugerð stefnanda krafa um, að sá hluti eða stakt orð verði þá dæmd dauð og ómerk. Þó að um mismiklar og misalvarlegar aðdróttanir sé að ræða í hvert skipti, mynda þær heild, sem telja verður rógsherferð (brotasamsteypu), og hlýtur það að vega þungt við refsiákvörðun og ákvörðun skaðabóta."

Stefnandi skiptir ummælunum í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi eru „aðdróttanir stefnda í garð stefnanda um þjófnað, hugverkastuld og að stefnandi hafi gengið bak orða sinna". Í öðru lagi eru „aðdróttanir um, að hönnun stefnanda sé fallin til manndrápa, stórgölluð og hættuleg, að hönnun stefnanda sé rugl og að fagleg þekking, fagleg hæfni og fagleg vinnubrögð stefnanda séu af skornum skammti". Í þriðja lagi eru „aðdróttanir í garð stefnanda um, að hann hafi vegna óheiðarlegra tengsla við skipasmíðastöð í Flekkefjord látið eigin hagsmuni ráða við ráðgjöf til stjórnar Herjólfs hf. og nefndar um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju".

Skaðabótakröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi hafi með ummælum sínum valdið honum miklu fjártjóni, er hann meti varlega á 15.000.000 kr. Stefnandi kveðst hafa misst af verkefnum vegna þessa, m. a. við frekari hönnun Vestmannaeyjaferjunnar. Einnig kveðst stefnandi hafa tilefni til að ætla, að hann hafi misst af verkefni við hönnun togara vegna ummæla stefnda. Tjón á viðskiptavild sé erfitt að meta, en stefnandi bendir á, að hann starfi á viðkvæmum markaði í harðri samkeppni, þar sem mikilvægt sé að vera trúverðugur út á við. Þá heldur stefnandi því fram, að velta sín hafi minnkað um 13.655.169 kr. á tímabilinu frá 1. mars 1991 til jafnlengdar 1993 miðað við tímabilið 1. mars 1989 til 1. mars 1991.

Kröfu um miskabætur styður stefnandi því, að hann hafi orðið fyrir verulegum óþægindum og álitshnekki vegna ummæla stefnda. Stefnandi hafi orðið að svara aðdróttunum stefnda á opinberum vettvangi og þannig þurft að sæta því að vera miðpunktur neikvæðrar umræðu. Vegna þessa hafi stefnandi orðið fyrir röskun á stöðu og högum, er hafa muni neikvæð áhrif á rekstur hans til margra ára. Miskabótakrafan, að fjárhæð 5.000.000 kr., sé því hóflega áætluð.

Kröfu um fjárgreiðslu til að standa undir kostnaði við birtingu dóms reisir stefnandi á því, að nauðsynlegt sé, að rangfærslur og aðdróttanir stefnda séu leiðréttar á sama vettvangi og þær birtust.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða XXV. kafla almennra hegningarlaga, almennu skaðabótareglunnar, ákvæða 264. gr. almennra

hegningarlaga, einkamálalaga og ákvæða vaxtalaga, en upphafsdag vaxta, 8. mars 1991, kveður hann miðaðan við þann dag, er fyrstu ummæli stefnda birtust.

Sýknukrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því, að ummælin, sem krafist er ómerkingar á, séu ekki meiðyrði í skilningi XXV. kafla almennra hegningarlaga, þar eð þau geti vel átt við rök að styðjast. Í öðru lagi er á það bent, að verulega stór hluti ummælanna sé „ekki kominn til vitundar stefnanda fyrir tilstilli stefnda. Þar eru fréttamenn að fjalla um málið með sínum hætti, hafandi eftir stefnda einhver ummæli, sem í mörgum tilfellum eru tekin úr samhengi. Stefnanda hafi verið mikið niðri fyrir, þegar honum varð ljóst, að ekki yrði staðið við það loforð, sem hann taldi, að sér hefði verið gefið". Í þriðja lagi bendir stefndi á, að virða verði ummælin í ljósi aðdraganda þeirra, sem fram kemur í málavaxtalýsingu.

Á sama hátt og stefnandi flokkar stefndi ummælin í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru ummæli, „sem lúta að því, að loforð stefnanda og fleiri aðila um, að réttur hans samkvæmt einkaleyfi í Bandaríkjunum verði virtur". Stefndi kveður þetta vera kjarna málsins og heldur því fram, að fullyrðingar sínar í þessu efni séu réttar. Í öðru lagi er um að ræða ummæli um lélega hönnun, ófagleg vinnubrögð o. s. frv. Stefndi bendir hér m. a. á, að hætt hafi verið við smíði skipsins, er fyrst hafi verið ráðgert að smíða, að fengnum ábendingum sínum. Stefnandi hafi síðan hannað annað og minna skip, er hafi verið breytt mikið að faglegum ábendingum sínum. Þrátt fyrir það telji hann hönnun skipsins ábótavant, og verði sér vart refsað fyrir að hafa skoðun á því. Í þriðja lagi eru svo „ummæli, sem lúta að því, að stefnandi hafi óvenjuleg tengsl við tiltekna skipasmíðastöð". Stefndi kveður sig hafa haft fyllstu ástæðu til að draga þessa ályktun, þar eð skipasmíðastöð sú, er hann hafi unnið fyrir, hafi boðið lægri fjárhæð í smíði skipsins en hin norska. Þrátt fyrir það hafi ekki verið óskað eftir viðræðum við stöðina, er hann hafi unnið fyrir, heldur hafnar viðræður við þá norsku.

Skaðabóta- og miskabótakröfum stefnanda er mótmælt sem vanreifuðum og órökstuddum.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til almennra reglna samningalaga um skuldbindingargildi loforða, en auk þess til 3. mgr. 35. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og í samkeppnislög nr. 8/1993. Einnig vísar hann til ákvæða einkamálalaga.

Niðurstaða.

Ómerking ummæla.

Eins og fram er komið, skipta aðilar ummælum stefnda í höfuðatriðum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um það að ræða, að stefnandi hafi ekki virt

einkaleyfi stefnda í Bandaríkjunum við hönnunina á Herjólfi þrátt fyrir loforð um að gera það. Stefnandi hefur eindregið mótmælt því að hafa notað útfærslur, er stefndi hafi einkaleyfi á.

Aðilar hafa lagt fram ýmis erlend gögn um þetta atriði, og eru niðurstöður þeirra ekki samhljóða. Þykir ekki ástæða til að rekja þau nánar, enda kom enginn þeirra, er vottorð gáfu, fyrir dóm, og þrátt fyrir það að þau séu að mestu auðskilin, hafa þau ekki verið þýdd á íslensku.

Þá er meðal gagna málsins álitsgerð Gunnars Arnar Harðarsonar véltæknifræðings, er starfar hjá íslenskri einkaleyfa- og vörumerkjastofu. Í álitsgerðinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram, að hann hefur borið saman þrjár kröfur um hönnun afturskips í hinu bandaríska einkaleyfi stefnda við teikningar af afturskipi Herjólfs. Um kröfu 5, er varðar form skrúfukilja, segir í álitsgerðinni, „að ekki sé hægt, svo að óyggjandi sé, að lesa alla kröfuna á hönnun skipsins, þ. e. a. s., að ekki sé farið inn á gildissvið einkaleyfisins, og því sé ekki um að ræða brot, ef samhljóða einkaleyfi hefði verið út gefið á Íslandi". Um síðari kröfurnar segir svo í álitsgerðinni: „Það er mat mitt, að hönnun afturskips Herjólfs fari mjög nálægt því, sem skilgreint er í tveimur einkaleyfiskröfum í U.S. einkaleyfi 4,550,673, þ. e. a. s. kröfum 14 og 22. Ég treysti mér hins vegar ekki til að fullyrða, að ef ameríska einkaleyfið væri út gefið hér á landi, færi hönnun Skipatækni hf. í bága við það." Vísar Gunnar Örn til þess, að þekking sín á straumfræðilegri hönnun sé takmörkuð.

Í öðru lagi er um að ræða ummæli um ófagleg vinnubrögð stefnanda. Ekki hafa verið lögð fram gögn um vinnubrögð stefnanda, enda hlýtur hér alltaf að vera um mat að ræða. Við yfirheyrslur kom þó fram, að Herjólfur hefur reynst vel og breytingar, sem á honum voru gerðar, hafi verið til þess, að hann gæti betur athafnað sig í höfninni í Þorlákshöfn.

Í þriðja lagi eru ummæli, er varða ætluð tengsl stefnanda við skipasmíðastöð í Flekkefjord í Noregi. Þar eru tvær stöðvar, og við meðferð málsins kom fram, að sú, er smíðaði Herjólf, hefur áður smíðað eitt skip hannað af stefnanda. Enn fremur kom það fram, að stefnandi hafði engin afskipti af, hvar skipið var smíðað.

Ummæli stefnda verða nú tekin fyrir í sömu röð og í upphafi og komist að niðurstöðu um kröfur stefnanda um þau.

a. Sigurður segir, að það skip, sem fyrirhugað er að smíða, sé stórgallað og hættulegt, sannkölluð manndrápsfleyta.

b. Hann segir jafnframt, að nýja Vestmannaeyjaferjan sé manndrápsfleyta.

Stefndi er skipaverkfræðingur, er starfað hefur hjá stórum erlendum

skipasmíðastöðvum í yfir 40 ár. Því var haldið fram af lögmanni hans við munnlegan flutning, að hann væri eini Íslendingurinn, er nyti alþjóðlegrar viðurkenningar á þessu sviði. Skipið, sem hann velur þessi orð, er stærsta farþegaskip landsmanna, er flytur þúsundir farþega ár hvert á fjölfarinni siglingaleið. Ummæli þessi eru verulega meiðandi fyrir stefnanda, er hannaði skipið, sérstaklega þegar haft er í huga, hver það er, sem lætur sér þau um munn fara. Ummælin hafa ekki verið réttlætt á nokkurn hátt, og vottorð Orðabókar Háskólans, sem kveður orðið „manndrápsfleytu“ fela í sér ofhvörf og ýkjur, er ekki beri að skilja bókstaflega, og ekki geta átt við hér, þegar litið er til þess, að orðin falla sem gagnrýni á hönnun Herjólfs. Verða undirstrikuðu ummælin öll ómerkt. Þá þykja þau einnig refsiverð og varða við 234. gr. almennra hegningarlaga.

c. Sigurður segir, að Skipatækni hafi notað útfærslu hans varðandi frágang við skrúfu skipsins. Hann hafi sýnt teikningar af þeirri hönnun á fundi með stjórnarmönnum Herjólfs og forsvarsmönnum Skipatækni fyrir 2 árum gegn loforði um, að þær yrðu ekki notaðar nema að fengnu leyfi. Þetta hafi Skipatækni svikið.

d. Sigurður sagði í samtali við Stöð 2 í gær, að hönnuðir ferjunnar hefðu tekið einkaleyfi hans ófrjálsri hendi.

Með vísan til þess, sem rakið var í upphafi þessa kafla, er ósannað, að stefnandi hafi nýtt sér einkaleyfi stefnda við hönnun Herjólfs. Verða undirstrikuðu ummælin því ómerkt, enda eru þau óviðurkvæmileg. Þrátt fyrir það að þetta sé ósannað, bendir margt til þess í gögnum málsins, að hönnun stefnanda fari nálægt einkaleyfi stefnda, og þykir af þeirri ástæðu ekki alveg nægilegt tilefni til að refsa honum fyrir þessi ummæli.

e. Hann segir einnig, að viðskipti Skipatækni, sem hannaði skipið, og skipasmíðastöðvarinnar Flekkefjord í Noregi, sem á að smíða skipið, séu í fyllsta máta óeðlileg. Fyrir utan stuldinn á hugmyndum sínum gerir hann athugasemdir við, að stál í stefni skipsins sé of þunnt og vélar þess of stórar.

Ekki hafa verið lögð fram gögn í málinu um ætluð tengsl stefnanda við skipasmíðastöðina, er smíðaði Herjólf, og við aðalflutning kom ekkert fram, er benti til þess, að þau hefðu nokkur verið. Með orðunum, „að viðskipti Skipatækni ... og skipasmíðastöðvarinnar Flekkefjord í Noregi ... séu í fyllsta máta óeðlileg“, dróttar stefndi því að stefnanda, að hann hafi haft óeðlileg tengsl við skipasmíðastöðina og það valdið því, að hún fékk smíðina. Þykja þessi ósönnuðu ummæli refsiverð og varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur ber að ómerkja þau svo og ummælin: „Fyrir utan stuldinn á hugmyndum sínum“, en með vísan til þess, er sagði í d-lið hér á undan, verður stefnda ekki refsað fyrir þau. Síðustu ummælin í þessum lið um of þunnt stál og of stórar vélar eru eðlileg gagnrýni og verða hvorki ómerkt né stefnda refsað fyrir þau.

f. Þú hefur einnig gert ýmsar athugasemdir við þessa ferju, eins og hún liggur núna fyrir, hönnunina á henni, og sagt, að hún sé lífshættuleg.

Að mörgu leyti er hún það, og þessa teikning, sem ég hef áður, en það getur verið, að þeir hafa breytt einhverju, sem ég þekki ekki til í dag, en þá hafa þeir verið að taka athugasemdir, sem að ég hefi gert á þessu skipi, en ég álít þrátt fyrir allt, að þetta skip er slæmt, og ég álít, að þetta skip er of dýrt, og ég álít, að þetta skip er hönnunarrugl.

Fyrstu ummælin, þar sem stefndi kveður ferjuna vera „lífshættulega", eru refsiverð og varða við 234. gr. almennra hegningarlaga með vísan til þess, er sagði um lið a og b í upphafi. Þá verða þau og ómerkt. Að öðru leyti eru ummæli stefnda í þessum lið ekki refsiverð, og ekki þykir ástæða til að ómerkja þau nema orðið „hönnunarrugl", sem er óviðurkvæmilegt. Það athugast, að stefndi talar um, að stefnandi hafi tekið athugasemdir hans, en fram hefur komið, að stefndi gerði athugasemdir við teikningar af báðum skipunum, er hönnuð voru fyrir Herjólf hf.

g. Sigurður telur, að skipið sé illa hannað og stórhættulegt. Það verði of dýrt og óhagkvæmt í rekstri, og hann segir, að svo virðist sem allt kapp sé lagt á, að skipið verði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð í Noregi, og reynt sé að þrýsta málinu í gegn í miklum flýti fyrir kosningar.

Ef ég get ekki fengið það fram, að öll þau einkaleyfi, sem notuð eru í hönnun skipsins, að þá verð ég að fara fram á lögbann á skipinu, vegna þess að ég ætla mér ekki að láta tækni mína koma í skip, sem ég álít vera illa hannað.

Þetta skip er stórhættulegt að mínu mati, og þeir hafa að mörgu leyti viðurkennt það, vegna þess að eftir að ég hafði bent á, að skipið væri óstöðugt, þá breikkuðu þeir skipið frá 15–16 metrum. Ein spurning er bara, er þetta nóg? Þar að auki er skipið með stóru opnu stykki, hliði að framan, 6 metra á breidd. Það þýðir að hálfa stefnið að framan er laust, þó að það hangi á lömum og læsingum, en þá, þegar það fer í sjó með svakalegu afli á skipinu, 8.000 hestöflum, að þá getur verið þannig, að það raskist á og sjór komi inn á dekk.

Hann segir fleira athugavert. Stál í stefni skipsins sé of þunnt, vélar séu allt of stórar, og olíueyðsla verður þriðjungi of mikil. Hann gerir ekki aðeins athugasemdir við hönnun skipsins, heldur einnig smíðasamninga. Öll vinnubrögð miða að því að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi.

Það er verið að reyna að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi, það vitum við.

Vegna þess að þeir hafa byggt öll skip, sem Skipatækni hefur gert.

Sigurður segir, að svo virðist sem öryggi skipsins skipti engu máli og það sé sama, hvað skipið kosti og hverju það eyði. Öllu skuli fórnað til að þrýsta því í flýti í gegn fyrir alþingiskosningar.

Í þessum lið segir stefndi tvívegis, að skipið sé „stórhættulegt“, og enn fremur, „að svo virðist sem öryggi skipsins skipti engu máli“. Þetta eru refsiverð ummæli, er varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, og ber að ómerkja þau með vísan til þess, er sagði um liði a og b í upphafi.

Þá eru ummælin: „Það er verið að reyna að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi, það vitum við. Vegna þess að þeir hafa byggt öll skip, sem Skipatækni hefur gert“, refsiverð og varða við 235. gr. almennra hegningarlaga með vísan til þess, er segir í lið e hér að framan. Einnig ber að ómerkja þau, en þarna er því aftur dróttað að stefnanda, að hann hafi óeðlileg tengsl við skipasmíðastöðina.

Vandséð er, hvernig ummælin: „að svo virðist sem allt kapp sé lagt á, að skipið verði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð í Noregi“, og öllu skuli fórna til að þrýsta því í flýti í gegn fyrir alþingiskosningar“ og að „Öll vinnubrögð miða að því að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi“ geti í þessu samhengi tengst stefnanda eða með hvaða hætti þau gætu verið meiðandi fyrir hann, og verða þau því hvorki ómerkt né stefnda refsað fyrir þau.

Öll önnur ummæli í þessum lið eru innan marka eðlilegrar gagnrýni og verða því hvorki ómerkt né stefnda refsað fyrir þau.

h. Ég veit ekki, hvort þeir vilja flytja steypu milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eins og þeir gera á Baldri á Breiðafirði, og leysa það á sama hátt. Það er ekki nógu gott. Þetta hefur ekki með skipahönnun Skipatækni að gera. Ég kalla þetta hönnunarrugl.

Þá segir hann plötuþykkt í yfirbyggingu of litla.

Svo er það, að skipið er rándýrt.

Í þessum lið er orðið „hönnunarrugl“ óviðurkvæmilegt, og ber að ómerkja það, en ekki er ástæða til að refsa stefnda fyrir þessi ummæli. Að öðru leyti eru ummæli hans í þessum lið innan marka eðlilegrar gagnrýni, sem honum verður ekki refsað fyrir, og ummælin ekki heldur ómerkt.

i. Sigurður sagði ..., að hann hefði haft hugmyndir um smíði 79 metra skips, sem hefðu síðan verið notaðar í styttra skip.

Ég álít þetta skip vera hörmulegt, dýrt í smíðum, það þarf mikla orku og er stórhættulegt, því að hlutföllin eru röng.

Þeir nota tækni, sem ég hef verið að þróa í 15 ár, og mér líkar ekki, þegar er verið að stela frá mér.

Í þessum lið verður orðið „stórhættulegt“ ómerkt og stefnda jafnframt refsað fyrir að nota það með vísan til þess, er segir í lið a – b hér að framan. Varðar notkun þess hér við 234. gr. almennra hegningarlaga. Þá verða orðin: „að stela frá mér“ ómerkt með vísan til þess, er segir í lið c – d hér að

framan, en ekki er ástæða til að refsa fyrir þau. Að öðru leyti eru orð í þessum lið ekki meiðandi fyrir stefnanda, þótt þau feli í sér gagnrýni á störf hans.

j. Sigurður segir, að þar séu sínar hugmyndir notaðar.

Þar reyndu þeir að notfæra sér útfærslur, sem ég gerði á Esjunni ...

Menn verða að vita, hverju þeir eru að stela, til að geta notfært sér hlutina.

Sigurður sagði, að samkvæmt teikningum skipsins væri það stórhættulegt.

Það er ekki á allra færi að hanna skip.

Hönnunin er hörmung.

Hann benti enn fremur á, að svo virtist sem alltaf hefði staðið til að smíða skipið hjá Flekkefjord í Noregi.

... en það er á hreinu, að tækni minni var stolið, og það sætti ég mig ekki við.

Í þessum lið verður orðið „stórhættulegt" ómerkt og stefnda jafnframt refsað fyrir að nota það með vísan til þess, er segir í lið a – b hér að framan. Varðar notkun þess hér við 234. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður setningin: „Menn verða að vita, hverju þeir eru að stela, til að geta notfært sér hlutina" – og setningarhlutinn: „en það er á hreinu, að tækni minni var stolið" – ómerkt með vísan til þess, er segir í c- – d-lið hér að framan, en stefnda verður ekki refsað fyrir þessi ummæli með vísan til þess, er í sömu liðum segir. Þá verður setningin: „Það er ekki á allra færi að hanna skip" ómerkt, enda er hún meiðandi fyrir stefnanda. Hér dróttar stefndi því að stefnanda, að hann kunni illa sitt fag almennt séð og hefur ekkert með gagnrýni hans á hönnun Herjólfs að gera. Þykja ummæli þessi vera refsiverð og varða við 235. gr. almennra hegningarlaga.

k. Fyrir allt þetta hönnunarrugl hafa íslenskir skattborgarar þurft að greiða milli 60–70 milljónir króna.

... ég tel hana hættulega, en það, sem ég vil, er, að öll sú tækni, sem tilheyrir einkaleyfum mínum, verði fjarlægð af þessu skipi ...

Í þessum lið verður orðið „hönnunarrugl" ómerkt, enda er það meiðandi fyrir stefnanda. Stefnda verður hins vegar ekki refsað fyrir að nota það. Þá verður orðið „hættulega" einnig ómerkt og stefnda jafnframt refsað fyrir að nota það með vísan til þess, er segir um lið a – b hér að framan.

l. ... sá ég, að þeir höfðu stolið tækni frá mér, sem þeir höfðu lofað að gera ekki. Þeir höfðu lofað að virða mín einkaleyfi, en gerðu það ekki.

Ef skipið verður byggt eftir þessum teikningum, verður það stórhættulegt.

Þeir hjá Skipatækni hf. hafa alla tíð reynt að stýra smíði nýs Herjólfs til

Flekkefjord í Noregi, þar sem þeir hafa látið smíða 23 togara. Það er dálítið óheiðarlegt og skrýtið."

Í þessum lið verður orðið „stórhættulegt" ómerkt og stefnda jafnframt refsað fyrir að nota það með vísan til þess, er segir í lið a – b hér að framan. Varðar notkun þess hér við 234. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður þessi setningarhluti: „sá ég, að þeir höfðu stolið tækni frá mér, sem þeir höfðu lofað að gera ekki" ómerktur svo og setningin: „Þeir höfðu lofað að virða mín einkaleyfi, en gerðu það ekki", – með vísan til þess, er segir um lið c – d hér að framan, en ekki þykja þessi ummæli refsiverð með vísan til þess, er þar segir. Þá ber einnig að ómerkja setningarnar: „Þeir hjá Skipatækni hf. hafa alla tíð reynt að stýra smíði nýs Herjólfs til Flekkefjord í Noregi, þar sem þeir hafa látið smíða 23 togara. Það er dálítið óheiðarlegt og skrýtið", enda eru þær meiðandi fyrir stefnanda og refsiverðar. Varða ummælin við 235. gr. almennra hegningarlaga. Á hér við sami rökstuðningur og um e-lið hér að framan.

Auk þess sem framangreind ummæli verða ómerkt, þykir hæfilegt að dæma stefnda í 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánast skal með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Skaðabótakrafa.

Eins og rakið var, styður stefnandi skaðabótakröfu sína því, að velta hans hafi minnkað og hann hafi misst af verkefnum, annars vegar við frekari hönnun Herjólfs og hins vegar við hönnun á togara. Telur hann þetta afleiðingar af ummælum stefnda.

Hvorki í gögnum málsins né við munnlega meðferð þess hafa verið leiddar líkur að því, að tengsl séu á milli ummæla stefnda og minnkaðrar veltu stefnanda, og þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi beðið fjártjón vegna þessara ummæla. Þegar af þeirri ástæðu verður stefndi sýknaður af skaðabótakröfunni.

Miskabótakrafa.

Eins og rakið var hér að framan, viðhafði stefndi mjög meiðandi ummæli um hönnun stefnanda á skipinu Herjólfi og dróttaði því að honum, að hann kynni ekki að hanna skip, – enn fremur, að óeðlileg tengsl hefðu verið á milli hans og skipasmíðastöðvarinnar, er smíðaði Herjólf. Ummælin hafa verið dæmd ómerk og stefndi verið sektaður fyrir að viðhafa þau. Með hliðsjón af þessu er rétt að taka miskabótakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum 250.000 krónur í miskabætur, er bera skuli dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Krafa um birtingarkostnað og málskostnað.

Að kröfu stefnanda og með heimild í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 100.000 krónur í kostnað við að birta dóminn í opinberu blaði.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 200.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli, sem tilgreind eru í niðurstöðu dómsins, skulu vera ómerk.

Stefndi, Sigurður Ingvason, greiði 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags, 100.000 krónur í birtingarkostnað og 200.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 226/1994. **Hildiberg hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ragnheiði Óskarsdóttur og
Erlu V. Helgadóttur
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdar til að greiða óskipt 1.607.404 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. febrúar 1989 til greiðsludags að frá dreginni 250.000 króna greiðslu inn á skuldina 30. september 1992. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er rakið, að tvö skuldabréf, sem áfrýjandi reisir kröfur sínar á, hafi að geyma heimild fyrir kröfuhafa til að fella alla skuldina fyrirvaralaust í gjalddaga og án sérstakrar uppsagnar 15 dögum eftir vanskil skuldara. Fyrsti gjalddagi samkvæmt skuldabréfunum var 5. febrúar 1989. Í máli þessu halda stefndu fram, að fyrningarfrestur á allri skuldinni hafi byrjað að líða á þeim gjalddaga, en leggja verði til grundvallar, að upphaflegur kröfueigandi hafi nýtt sér umrædda heimild í skuldabréfunum þegar eftir fyrsta gjalddagann vegna vanskila skuldara bréfanna, Huldar hf. Áfrýjandi heldur hins vegar fram, að fyrningarfrestur hafi fyrst byrjað að líða 24. maí 1993, er kröfueigandi sendi stefndu innheimtubréf, sem fól í sér, að hann hygðist notfæra sér rétt sinn til að ganga að þeim á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar þeirra.

Í stefnu til héraðsdóms segir: „Ekkert var greitt af bréfinu (sic) og það því gjaldfellt 5. 2. '89." Áfrýjandi hefur jafnframt hagað kröfugerð sinni í málinu svo, að krafist er dráttarvaxta af öllum

höfuðstól skuldarinnar að við bættum þegar áföllnum samningsvöxtum frá 5. febrúar 1989 til greiðsludags. Enn fremur liggur fyrir í málinu kvittun 30. september 1992, er upphaflegur kröfuhafi gaf Jóni Guðna Kristinssyni, sem ásamt stefndu gekk í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldinni. Þar segir, að Jón Guðni hafi „greitt inn á tvö gjaldfelld skuldabréf, út gefin af Huld hf.".

Að virtum þessum málatilbúnaði áfrýjanda og orðalagi í kvittun upphaflegs kröfueiganda verður fyrningarfrestur skuldarinnar talinn hafa byrjað að líða gagnvart stefndu 5. febrúar 1989. Skuldin var því öll fyrnd, er stefna var birt stefndu 11. júní 1993, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, enda hafa ekki verið í ljós leidd atvik, er rofið geti fyrningu gagnvart stefndu. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dæma verður áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hildiberg hf., greiði stefndu, Ragnheiði Óskarsdóttur og Erlu V. Helgadóttur, hvorri um sig, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

1. Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. E-5850/1993.

Mál þetta, sem var dómtekið 31. f. m., var höfðað með birtingu stefnu 25. 6. 1993.

Stefnandi er Hildiberg hf., kt. 531273-0369, Hofsvallagötu 1, 101 Reykjavík.

Stefndu eru Ragnheiður Óskarsdóttir, kt. 140257-7619, Grensásvegi 48, Reykjavík, og Erla V. Helgadóttir, kt. 110928-2039, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdar til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.607.404 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 5. 2. 1989 til greiðsludags,

að frá dreginni greiðslu, 250.000 kr., inn á skuldina 30. 9. 1992. Leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. 2. 1990. Þá er krafist málskostnaðar að með töldum virðisaukaskatti.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

2. Stefnandi styður kröfu sína tveimur skuldabréfum með lánskjaravísitölu og sjálfskuldarábyrgð, sem liggja frammi í málinu. Fjárhæðir þeirra eru 802.331 kr. og 750.000 kr., en að öðru leyti eru þau samhljóða. Skuldari samkvæmt þeim er Huld hf. og kröfuhafi Herluf Clausen jr. & Co., en á þau eru rituð framsöl til stefnanda málsins. Vextir skyldu reiknaðir frá útgáfudegi, 29. 11. 1988, lánstími 2½ ár og gjalddagi 5. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 5. 2. 1989. Stefndu tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfunum ásamt Jóni Guðna Kristinssyni, kt. 060158-7119, sem greiddi Herluf Clausen 30. 9. 1992 250.000 kr. inn á skuldina „tvö gjaldfelld skuldabréf", sbr. fram lagða kvittun. Samkvæmt því, er greinir í stefnu, var ekki greitt af bréfinu og það því gjaldfellt 5. 2. 1989. Fjárhæð dómkröfu er þannig fundin, að samningsvöxtum, að fjárhæð 24.327 kr., fyrir tímabilið 29. 11. 1988 – 5. 2. 1989 er bætt við höfuðstól bréfanna, 1.552.23 (?) kr., en til frádráttar koma síðan 250.000 krónur.

Af ákvæðum skuldabréfanna verða eftirfarandi tilgreind: 5. tl.: „Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta á réttum gjalddögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er kröfuhafa heimilt, ef vanskil eru veruleg, en með verulegum vanskilum er átt við 15 daga vanskil eða lengri, að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar. „11. tl.: „Sjálfskuldarábyrgðin gildir jafnt, þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftar, uns skuldin er að fullu greidd. Öll önnur ákvæði skuldabréfs þessa gilda gagnvart sjálfskuldarábyrgðaraðilum."

3. Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að ábyrgðarkrafan á hendur þeim sé fyrnd. Skuldabréfin hafi verið gjaldfelld 5. 2. 1989, og 6. febrúar 1993 hafi krafan þegar verið fyrnd. Að auki er um Erlu V. Helgadóttur vísað til ógildingarreglna samningaréttarins, þar sem hún hafi eigi við undirritun skuldabréfanna verið í andlegu jafnvægi og ástandi til að gera sér grein fyrir þýðingu þeirra. Þeirri málsástæðu til stuðnings var lagt fram vottorð læknis á geðdeild Borgarspítala um langvarandi þunglyndissjúkdóm Erlu, áfengis- og lyfjamisnotkun.

4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum fyrnast á 4 árum samkvæmt 4. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Upphafsdagur fyrningarfrests kröfu á hendur stefndu var 21. febrúar 1989, sbr. tilvitnuð ákvæði skulda-

bréfanna og 5. gr. fyrningarlaga. Ekki eru leidd í ljós atvik, sem hafi varnað fyrningu gagnvart þeim, en greiðsla Jóns Guðna Kristinssonar 30. 9. 1992 fól eigi í sér viðurkenningu þeirra á skuldinni, sem rift hafi fyrningu skv. 6. gr. fyrningarlaga.

Samkvæmt framanrituðu er kröfuréttur stefnanda á hendur stefndu fyrndur, og ber því að sýkna þær af öllum kröfum hans. Dæma ber stefnanda til að greiða stefndu óskipt málskostnað, 150.000 krónur, að með töldum virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnheiður Óskarsdóttir og Erla V. Helgadóttir, eru sýknaðar af kröfum stefnanda, Hildibergs hf.

Stefnandi greiði stefndu óskipt málskostnað, 150.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 235/1995. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Snæbirni Snæbjörnssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Skjalafals. Tolllagabrot. Upptaka. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákæruvaldsins.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms varðandi sakfellingu ákærða og upptöku, en þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna, sem verði ákveðin jöfn málsvarnarlaunum á báðum dómstigum.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Þá krefst ákærði þess, að kröfu ákæruvaldsins um upptöku verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að henni verði hafnað.

I.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á sakfellingu ákærða, svo og heimfærslu brota hans til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 1. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

II.

Í II. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa flutt til landsins og „eigi framvísað með tilskildum hætti við tollgæsluna 13 nýjum skartgripum úr gulli, 1 nýju gullarmbandsúri og 1 sverði, samtals að tollverði 427.067 kr.“. Í III. kafla ákærunnar er gerð krafa um, að

ákærði sæti upptöku „á framangreindum varningi“, svo sem þar segir.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var lagt fram bréf 9. mars 1994 með samantekt Rannsóknarlögreglu ríkisins á því, sem fannst í fórum ákærða við tollskoðun og varð síðar tilefni til ákæru, eins og að framan greinir. Þar segir, að um sé að ræða eitt gullarmbandsúr, fimm gullkrossa með mismunandi steinum, tvenna gulleyrnalokka með steinum, eitt gullhálsmen með fimm skjöldum, sem hver hafi einn stein, einn gullhring með steini, eitt armband samsett úr níu gullskjöldum, sem hver hafi einn stein, eina grófgerða gullhálsfesti, eina fíngerða gullhálsfesti, eitt stórt gullnisti alsett steinum og eitt stórt sverð.

Þótt framangreind lýsing í ákæru á þeim munum, sem ákæruvaldið krefst upptöku á, sé ekki svo glögg sem skyldi, verður að líta til þess, að fyrir héraðsdómi lá þessi nákvæma tilgreining munanna. Gat ákærða ekki heldur dulist við athugun á ákæru, við hvaða muni væri þar átt. Verður því ekki fallist á kröfu hans um, að upptökukröfunni verði vísað frá dómi vegna ófullkominnar lýsingar í ákæru á þeim munum, sem hún beinist að.

Með vísan til 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55/1987, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992, verður tekin til greina krafa ákæruvaldsins um upptöku muna, svo sem þeir eru taldir upp í fyrrgreindu bréfi frá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

III.

Ákærði varð uppvís að því tolllagabroti, sem um ræðir í II. kafla ákæru, þegar hann kom til landsins úr ferðalagi 26. apríl 1993. Kæra á hendur honum fyrir skjalafals, sem I. kafli ákæru tekur til, var borin fram í skýrslu þess, sem brotið beindist að, hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 1. september 1993. Ákæra var hins vegar gefin út 20. desember 1994. Þótt ástæðulaus dráttur hafi þannig orðið á rannsókn málsins, er ekki alveg nægilegt tilefni til að líta sérstaklega til þess við ákvörðun refsingar. Þegar litið er til brota ákærða og þess, að hann hefur greitt að fullu skuld samkvæmt skuldabréfinu, sem hann falsaði nafnritun ábyrgðarmanns á, svo og, að hann hefur ekki fyrr sætt refsingu, svo að kunnugt sé, þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þar á meðal skilorðsbinding hennar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verða staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en upptöku.

Framangreindir skartgripir, armbandsúr og sverð eru gerð upptæk til ríkissjóðs.

Ákærði, Snæbjörn Snæbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 986/1994: Ákæruvaldið gegn Snæbirni Snæbjörnssyni, sem dómtekið var 22. mars sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. desember 1994, á hendur Snæbirni Snæbjörnssyni, Njálsgötu 112, Reykjavík, kt. 150454-7279, „fyrir eftirtalin hegningar- og tolllagabrot:

I.

Skjalafals með því að hafa í maí 1992 selt Ítalska verslunarfélaginu hf., Skeifunni 17, Reykjavík, skuldabréf með lánskjaravísitölu, að fjárhæð 610.000 kr., með veði í bifreiðinni YO-968, sem ákærði gaf út 14. maí 1992 og falsaði með því að rita nafn fyrrverandi sambýliskonu sinnar, Hrafnhildar Guðmundsdóttur, kt. 050562-4599, í reit fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðarmanns á láninu. Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Tolllagabrot með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 26. apríl 1993 frá Bandaríkjunum eigi framvísað með tilskildum hætti við tollgæsluna 13 nýjum skartgripum úr gulli, 1 nýju gullarmbandsúri og 1 sverði, samtals að tollverði 427.067 kr., en í greint skipti gekk ákærði um tollhlið merkt grænu skilti með áletruninni: Enginn tollskyldur varningur, og fannst varn-

ingurinn við leit á ákærða og í farangri hans. Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 251/1992, sbr. nú reglugerð nr. 201/1994 um breyting á henni.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku á framangreindum varningi, sem lagt var hald á, samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. tollalaga, sbr. 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 251/1992".

Um I. kafla ákæru.

Miðvikudaginn 1. september 1993 kom Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Furugerði 11, Reykjavík, sem er fyrrverandi sambýliskona ákærða, til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða fyrir að hafa falsað nafn hennar sem sjálfskuldarábyrgðarmanns á skuldabréf, sem ákærði gaf út 14. maí 1992 til Ítalska verslunarfélagsins hf., að fjárhæð 610.000 krónur, tryggt með veði í bifreiðinni YO-968.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði gefið út skuldabréf til Ítalska verslunarfélagsins hf., að fjárhæð 610.000 krónur, og að hann hefði skrifað nafn Hrafnhildar Guðmundsdóttur á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmanns. Hann kvaðst hafa spurt Hrafnhildi um það, hvort hún vildi ábyrgjast fyrir hann skuldabréf, svo að hann gæti keypt sér bifreið. Á þessum tíma hefðu þau verið búin að slíta sambúð. Hún hefði haldið öllum eignum þeirra og hann átt erfitt með að halda sambandi við börn þeirra, og því hafi hann þurft á bifreið að halda. Hann kvað Hrafnhildi hafa sagt, að hún væri í önnum og ætti óhægt með að komast, og spurt hann, hvort hann gæti ekki bara undirritað fyrir hennar hönd, það væri allt í lagi. Ákærði kvaðst síðan hafa undirritað og farið í bankann.

Vitnið Hrafnhildur Guðmundsdóttir sagði, að hún hefði uppgötvað tilvist bréfsins þannig, að hún hefði fengið tilkynningu frá banka. Hún hefði farið í bankann og verið sagt, að hún hefði skrifað upp á skuldabréf. Hún hefði séð, að undirskrift sín á bréfinu var fölsuð. Hún sagði, að alls ekki hefði komið til tals með þeim ákærða, að hún tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir ákærða.

Fram kemur í málinu, að ákærði greiddi bréfið.

Fyrir liggur, að ákærði ritaði nafn Hrafnhildar Guðmundsdóttur á umrætt skuldabréf og notaði það í viðskiptum. Með því að hún ber eindregið á móti því, að ákærði hafi haft heimild sína til nafnritunarinnar, og skýringar hans á aðdraganda þess, að hann ritaði nafn hennar, eru ótrúverðugar, er

sannað, að hann hefur brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, eins og hann er ákærður fyrir.

Um II. kafla ákæru.

Mánudaginn 26. apríl 1993 kl. 5.30 kom ákærði til landsins frá Orlando í Bandaríkjunum með flugvél Flugleiða. Hann var tekinn til skoðunar í leitarklefa tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. Við leit fundust á honum og í föggum hans samtals 30.343 bandaríkjadalir. Hafði hann vafið utan um sig límbandi, þar sem voru 23.843 dalir, í sokkum hans voru 3.550 dalir, í buxnavösum 950 dalir og í axlartösku 2.000 dalir. Þá hafði hann meðferðis 1 armbandsúr, 5 gullkrossa með steinum, 2 sett af gulleyrnalokkum með steinum, 1 gullhálsmen með 5 skjöldum, 1 gullhring með steini, 1 armband samsett úr 9 gullskjöldum, og er steinn í hverjum þeirra, 1 grófgerða gullhálsfesti, 1 fíngerða gullhálsfesti, 1 stórt gullnisti, alsett steinum, og 1 stórt sverð.

Í skýrslu tollgæslunnar, dagsettri 26. apríl 1993, segir, að ákærði hafi haft meðferðis kvittun, sem hann sagði vera yfir hluta af skartgripum þeim, er hann var með, og sagði, að uppgefið verð á þeirri kvittun væri í íslenskum peningum um 100.000 kr.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærða af lögreglunni í Reykjavík sama dag, segir m. a.:

„Snæbjörn er beðinn að gera grein fyrir því gulli, er fannst á honum við leit. Hann segist hafa keypt gullið í Bogota. Hann segist hafa ætlað að gefa kærustu sinni og ættingjum það, og hafi einhver afgangur verið eftir, ætlaði hann að selja það."

Síðar þennan dag var tekin skýrsla af ákærða í rannsóknardeild ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli. Þar er haft eftir ákærða, að hann hafi „komið með flugvél frá Bandaríkjunum í morgun, og segist hann hafa farið í gegnum vegabréfaskoðun og þaðan í Fríhöfnina að versla. Hann segist hafa tekið kerru og sett á hana farangur sinn og varninginn úr Fríhöfninni. Áður en hann hafði tækifæri á að velja hlið (rautt eða grænt), var hann stöðvaður af tollverði, sem benti honum á leitarherbergi, þar sem annar tollvörður beið inni. Þar var honum bannað að taka hluti úr vösunum, en þess í stað skipað að klæða sig úr".

Í skýrslu ákærða, sem tekin var af honum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 11. mars 1994, segir, að er hann hafi komið frá því að versla í Fríhöfn, „hafi hann fengið sér farangursvagn og gengið að færibandi, sem farangur var á. Þar hafi hann tekið farangur sinn og sett á vagninn og verið á leið að tollhliði án þess að hafa tekið stefnu á ákveðið hlið, þegar kona, sem hann taldi lögreglu eða tollvörð, hafi kallað til sín og bent sér á að koma til henn-

ar. Hann segist ekki muna, hvaða hlið eða nákvæmlega hvar þessi kona stóð að öðru leyti en því, að hún var sér á hægri hlið, er hann gekk meðfram borði því, sem hún stóð við. Hann hafi farið til hennar með farangursvagninn á undan sér og sagt góðan daginn við konuna. Hún hafi ekki tekið undir kveðju sína, heldur bent sér og sagt sér um leið að fara inn í herbergi, sem þarna var innan við".

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði ekki gengið í gegnum tollhlið merkt grænu skilti. Einhver lögreglukona hefði kallað á sig. Hann hefði farið út að glugganum, þar sem fólkið, sem er að sækja farþega, bíður, og gefið vini sínum merki um, að hann væri kominn. Síðan hefði hann farið þaðan, og þá hefði stúlkan kallað í sig og sagt sér að koma. Hún hefði verið bak við borð, sem ákærði sagði, að sjáist á ljósmynd á dskj. nr. 6, og ör, sem teiknuð er lengst til vinstri á myndinni, bendi á. Síðan hafi verið leitað á sér.

Ákærði sagði fyrir dómi, að flestir skartgripirnir væru frá föður sínum og móður. Hann áætlaði, að verðmæti þeirra væri um 30–35.000 krónur. Er ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði borið hjá lögreglu 26. apríl 1993, að hann hefði keypt það í Bogota, svaraði hann því til, að hann hefði keypt skartgripi handa börnunum og það séu aðeins nokkrir af þessum skartgripum.

Vitnið Bjarnhildur Helga Lárusdóttir tollvörður sagði, að hún hefði staðið við lágt borð, sem farþegar láta töskur sínar á, er þær eru skoðaðar. Hún hefði staðið mjög innarlega við borðið, svo að ákærði hefði hreinlega gengið beint inn í græna hliðið og hún þá beðið hann að stansa, til þess að tollverðir gætu litið nánar á farangur hans. Aðrir hefðu tekið við leitinni. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið kominn alveg inn á græna svæðið, vel inn fyrir miðju, eða inn á grænt hlið. Þau hefðu ekki átt nein samskipti, hún einungis stöðvað hann, en þau ekki talast við. Hún hefði verið búin að fá fyrirmæli um að stöðva ákærða, er hann kæmi í hliðið. Vitnið sagði, að það væri andstætt starfsreglum þeirra, er við tollgæslu vinna, að kalla menn inn í hliðin. Skýrsla var tekin af vitni þessu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli 27. apríl 1993, þar sem hún bar, að ákærði hefði komið í græna hliðið sjálfur og hann ekki verið stöðvaður og færður í grænt hlið. Ekki hefði verið talað við ákærða, fyrr en hann kom í grænt hlið.

Vitnið Bjarni Geirsson, starfsmaður tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, sagði, að ákærði hefði verið kominn langt inn fyrir hliðið, er hann var stöðvaður. Ákærði hefði aldrei nefnt, að hann væri með tollskyldan farangur. Vitnið sagðist hafa gefið vitninu Bjarnhildi fyrirmæli um að stöðva ákærða, enda hefðu sér verið gefin fyrirmæli um það frá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík.

Vitnið Ívar Björnsson gullsmiður kom fyrir dóminn og staðfesti það mat sitt, að verðmæti skartgripanna væri 425.857 krónur. Við það mat væri tekið tillit til verðmætis efnis í skartgripunum, vinnulauna og markaðsverðs.

Með framburði vitnanna Bjarnhildar Helgu Lárusdóttur og Bjarna Geirssonar er sannað, að ákærði var kominn inn í svonefnt „grænt hlið", er hann var stöðvaður og leitað í farangri hans og á honum sjálfum. Með því að fara inn í hliðið gaf ákærði í skyn, að hann hefði ekki meðferðis tollskyldan varning, enda þótt hann hefði meðferðis skartgripi og sverð, að verðmæti 427.067 krónur. Með verknaði sínum braut ákærði gegn þeim ákvæðum, sem greinir í þessum kafla ákæru.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Brot ákærða voru framin í maí 1992 og apríl 1993, en ákæra gefin út 20. desember 1994.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði og með tilliti til þess tíma, sem liðinn er, frá því að brotin voru kærð, og þess, að rannsókn þeirra er ekki flókin, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá ber að gera skartgripi þá og sverð, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, upptæk samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992 i. f.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 65.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snæbjörn Snæbjörnsson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga.

Framangreindir skartgripir og sverð skulu gerð upptæk til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 65.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 24/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Sýkna. Sýnileg sönnunargögn. Málsvarnarlaun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1996. Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá verði hann dæmdur til að greiða K miskabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar. Loks verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákærði krefst sýknu af refsikröfum ákæruvalds og frávísunar á miskabótakröfu K. Þá er þess krafist, að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði.

I.

Rannsókn máls þessa í upphafi var ábótavant í nokkrum atriðum. Þrátt fyrir áverka á kæranda og lýsingar hennar á átökum og samförum á hrjúfu stálgólfi um borð í b/v Þerney, RE 101, var enginn reki gerður að læknisskoðun á ákærða. Liggur þannig ekkert fyrir um það, hvort áverkar voru á honum. Aðeins einn skipsfélagi ákærða var yfirheyrður, og var sú yfirheyrsla mjög takmörkuð. Verður ekki séð, að reynt hafi verið að grennslast fyrir um, hvenær ákærði kom um borð í skip sitt. Þá var ekki rætt við vaktmann um borð í b/v Þerney fyrr en 25. október 1995, en hann ræddi fyrstur við

kæranda að morgni 8. október. Var hér ekki um formlega yfirheyrslu að ræða.

II.

Í héraðsdómi er greint frá niðurstöðum DNA-rannsóknar, sem fram fór á frumulíffræðideild Rannsóknastofu háskólans í meinafræði á sýni, sem tekið var úr verju, er kærandi afhenti lögreglu um borð í b/v Þerney að morgni 8. október 1995. Samkvæmt niðurstöðunum voru yfirgnæfandi líkur á því, að sæði, er greindist í verjunni, væri úr ákærða.

Í héraðsdómi kemur einnig fram, að sýni frá ytra og innra byrði umræddrar verju voru send til Rettsmedisinsk Institutt í Osló til rannsóknar, en niðurstöður þeirrar rannsóknar höfðu ekki borist, er héraðsdómur gekk. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, sem þetta varða. Þar á meðal er ljósrit af skýrslu framangreindrar stofnunar í Osló, sem fylgdi bréfi Rannsóknastofu háskólans í meinafræði til Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1996. Í bréfinu, sem undirritað er af Gunnlaugi Geirssyni prófessor, segir svo:

„Rannsóknarskýrslan frá Oslo barst 22. 12. 1995, og var niðurstaða á þá leið, að sýnið, sem var tekið frá ytra byrði smokks, samrýndist því að koma frá kæranda, en sæðið, sem fannst inni í smokknum, gat ekki samrýnst því að stafa frá ákærða.

Til sannprófunar á niðurstöðum var sent blóðsýni frá ákærða, sem tekið var á Rannsóknastofu í réttarlæknisfræði 28. 11. 1995, og rannsókn endurtekin. Niðurstaða barst í dag, og er hún á þá leið, að fyrri niðurstaða er staðfest.

Rannsóknaraðilum í Noregi var kynnt, að fundist hefði lítið eitt af hrörnandi sæði í leggöngum konunnar, en það breytir ekki niðurstöðu um útilokun ákærða frá því að eiga sæði það, sem í smokknum fannst.

Lokaniðurstaða.

Samkvæmt framanskráðu útilokast ákærði frá því að eiga sæði í smokki þeim, sem fyrir liggur í máli Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 4311/95. Niðurstaðan byggist á rannsóknum, sem framkvæmdar voru á Rettsmedisinsk Institutt í Oslo og tekur til fleiri þátta en áður voru gerðar í máli þessu og telst því fullnaðarrannsókn."

Með greinargerð til Rannsóknarlögreglu ríkisins 17. janúar sl.

rekur Gunnlaugur Geirsson prófessor ýtarlega, hvernig háttað var móttöku, meðhöndlun og sendingu umræddra sýna á Rannsóknastofu í réttarlæknisfræði. Segir í niðurstöðu greinargerðarinnar, að fylgt hafi verið til hlítar reglum um vörslu og meðferð sýnanna á rannsóknastofunni. Ekki verði sýnt fram á neina misfellu, sem rýri gildi hinna norsku rannsókna vegna vanhalda á varðveislu, höndlun eða sendingu sýnanna.

Í bréfi dr. Sigurðar Ingvarssonar hjá frumulíffræðideild Rannsóknastofu háskólans í meinafræði til Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. janúar sl. kemur fram það álit hans, að ástæða til mismunandi niðurstöðu frá rannsóknastofunum tveimur sé sú, að unnið hafi verið með tvö ólík sýni. Hann bendir einnig á, að blanda af frumum frá leggöngum konunnar hafi getað verið í innanverðri verju, og þar hafi getað verið sæðisfrumur frá þriðja aðila.

III.

Með hliðsjón af hinum nýju gögnum og farbanni ákærða, sem markaður var tími til 8. febrúar nk. með dómi Hæstaréttar 19. janúar sl., ákvað Hæstiréttur að taka mál þetta til munnlegs málflutnings, þegar er málsgögn hefðu borist. Með bréfi réttarins til ríkissaksóknara og skipaðs verjanda ákærða 23. janúar sl. var tilkynnt, að málflutningur færi fram 25. janúar. Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar 22. janúar gerði hann grein fyrir ýmsum gögnum, sem aflað hafði verið í tilefni hinnar nýju niðurstöðu frá Noregi, og liggja þau fyrir í málinu. Í lok greinargerðarinnar sagði og: „Í viðræðum við rannsóknarlögreglustjóra hefi ég og hvatt til þess, að leitast yrði við að afla enn frekari upplýsinga og gagna í þessu efni, sem mættu verða til þess að varpa enn frekara ljósi á þessi efni. Verður gerð nánari grein fyrir þessu við flutning málsins."

Við munnlegan málflutning 25. janúar lagði ríkissaksóknari fram dagbók rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um aðgerðir í máli þessu 16. janúar til 25. janúar 1996. Kemur þar meðal annars fram, að 18. janúar var ákveðið af hálfu ákæruvalds og rannsóknarlögreglu í samráði við Gunnlaug Geirsson prófessor að leita umsagnar dansks sérfræðings um fyrirliggjandi rannsóknir. Þá var 19. janúar haft samband við DNA-greiningadeild Alríkislögreglunnar (FBI) í Bandaríkjum Norður-Ameríku um, að hún tæki að sér að rannsaka fyrir-

liggjandi sýni úr málinu. Fór Gunnlaugur Geirsson með sýni til FBI 22. janúar og kom úr þeirri ferð 25. janúar.

Við málflutninginn sagði ríkissaksóknari, að venjulega tæki 6–8 mánuði að rannsaka mál af þessu tagi í rannsóknarstofu FBI, en vilyrði hafi verið gefið fyrir því, að mál þetta yrði tekið fram fyrir önnur mál. Niðurstöðu væri að vænta í fyrsta lagi eftir eina til tvær vikur, ef vel gengi. Óskaði ríkissaksóknari þess, að dómsuppsögu í málinu yrði frestað, uns ný gögn lægju fyrir. Var því mótmælt af hálfu verjanda ákærða.

Málið var munnlega flutt og dómtekið 25. janúar sl., enda hafði engin formleg beiðni komið fram um frestun á málflutningi. Frestur á dómsuppsögu eftir dómtöku máls til að veita ákæruvaldi frekari tækifæri til gagnaöflunar á ekki stoð í lögum og stríðir gegn rétti sakbornings. Beiðni ákæruvalds um frestun er því hafnað. Ekki eru hér heldur skilyrði til að ákveða framhaldsmeðferð samkvæmt 131. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

IV.

Þótt ljóst sé, að héraðsdómur byggi niðurstöðu sína um sakfellingu ákærða að nokkru á mati á trúverðugleika framburðar kæranda annars vegar og ákærða hins vegar, þykir engu að síður sýnt, að sönnunarmat studdist einnig sýnilegum sönnunargögnum, einkum læknisrannsókn á áverkum kæranda og að einhverju leyti niðurstöðu þeirrar DNA-rannsóknar, sem fyrir dóminum lá. Eins og rakið er hér að framan, liggur nú fyrir niðurstaða rannsóknar frá Rettsmedisinsk Institutt í Osló, sem gengur þvert á fyrri niðurstöðu. Samkvæmt henni telst útilokað, að sæði, er fannst í umræddri verju og rannsakað var í Osló, sé frá ákærða komið. Jafnframt eru taldar yfirgnæfandi líkur á, að sýni af ytra byrði verjunnar komi frá kæranda. Það er álit Gunnlaugs Geirssonar prófessors, að hin norska rannsókn teljist fullnaðarrannsókn, sem náð hafi til fleiri þátta en hin fyrri. Jafnframt telur hann ekki hafa verið sýnt fram á neina misfellu í vörslu, meðhöndlun og sendingu sýna, sem rýri gildi hennar. Þegar til þessa er litið og þeirra galla á rannsókn málsins, sem áður var getið, þykir vera sá vafi um sekt ákærða, að önnur þau atriði, sem byggt var á í héraðsdómi, nægi ekki til sakfellingar hans, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991. Verður hann því sýknaður af kröfum

ákæruvalds í málinu. Samkvæmt 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ber þá að vísa miskabótakröfu kæranda frá dómi.

Sakarkostnað allan í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjenda ákærða, eins og nánar segir í dómsorði. Tímaskráning verjanda ákærða í héraði þykir úr hófi, og verður ekki á henni byggt.

Dómsorð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kröfu K um miskabætur er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995.

Ár 1995, mánudaginn 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Guðjóni St. Marteinssyni og Skúla J. Pálmasyni, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1101/1995: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 1. nóvember sl. gegn ákærða, X, breskum ríkisborgara fæddum 1972 [...], Englandi, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. október 1995 með líkamlegu ofbeldi þröngvað konunni K [f. 1954] til holdlegs samræðis í leggöng og endaþarm í vökvadæluherbergi í skuttogaranum Þerney, RE 101, sem lá við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Sif Konráðsdóttir hdl. fyrir hönd ofangreindrar K kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. október 1995 til 8. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk

kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómara eða síðar fram lögðum reikningi“.

Málavextir.

Um kl. 9.53 að morgni sunnudagsins 8. október sl. var óskað lögregluaðstoðar að Þerney, RE, sem lá við Grandagarð í Reykjavík. Í frumskýrslu Árna Pálssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, kemur fram, að þeir lögreglumennirnir höfðu tal af Guðjóni Þorleifssyni, vaktmanni skipsins, um borð. Kvaðst hann hafa orðið var við umgang í skipinu um nóttina, en síðan einskis orðið var, fyrr en hann vaknaði um morguninn og sá þá konu við inngang inn í skipið. Konan, K, var enn um borð og hafði þá skömmu áður hringt í lögreglu. Sagði hún lögreglumönnum, að sér hefði verið nauðgað um borð í skipinu um nóttina. Vaktmaðurinn vísaði lögreglu á klefa fyrir vökvadælukerfi stjórnborðs megin miðskipa, og kvað hann konuna hafa sagt, að þarna hefði sér verið nauðgað. K var róleg, en hafði greinilega grátið mikið. Hún dró upp smokk í viðurvist lögreglumannanna, sem hún sagðist hafa fundið á gólfinu í klefanum. Smokkurinn var síðar afhentur neyðarmóttöku á slysadeild Borgarspítalans. Hún sagði, að maðurinn, sem nauðgaði sér, hefði verið Englendingur. Frásögn hennar um atburðinn var samhengislaus, en hún gaf nokkuð greinargóða lýsingu á manninum. Benti hún meðal annars á, að hann hefði gefið sér gulleyrnalokk, sem hún var með í eyra, og hefði hann sjálfur verið með annan slíkan í eyra. Er lögreglumenn voru að ganga frá borði, benti hún á mann í hópi Englendinga, sem hún sagði, að gæti gefið upplýsingar um mann þann, sem nauðgaði henni. Stuttu síðar var ákærði handtekinn um borð í togaranum Arctic Corsair, sem hann var skipverji á. Kom lýsing stúlkunnar á honum heim og saman við útlit hans. Þá var hann með eyrnalokk í eyra, er virtist vera sams konar og sá, sem K var með.

– – –

Niðurstaða.

Ákærða og K ber að mestu saman um ferðir þeirra og samveru, áður en þau komu um borð í Þerney, RE, þótt þau greini á um, hvort hún hafi sýnt ákærða einhver atlot, áður en þau fóru þar um borð, og í hvaða tilgangi þau fóru þangað. Þá ber þeim einnig saman um, að þau hafi farið á leið sinni í vökvadæluklefann yfir net og troll og hún hrasað á leiðinni. K minntist þess ekki að hafa meitt sig á leiðinni, en ákærði taldi, að svo hefði verið. Báðum ber saman um, að þau hafi verið drukkin. K kveður þó, að farið hafi verið að renna af sér, er hér var komið sögu. Bæði hafa haldið fast við framburð sinn frá fyrstu yfirheyrslu við rannsókn málsins.

Í fyrstu var frásögn kæranda samhengislaus, en þegar hún skýrði nánar

frá atburðum, varð framburður hennar í samhengi. Á þetta jafnt við um frásögn hennar fyrir vaktmanni um borð og á neyðarmóttöku. Framburður hennar við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi er í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við fyrstu frásögn hennar, frá henni hefur hún ekki hvikað. Í framhaldi af viðtali sínu við vaktmanninn hringdi hún í eiginmann sinn. Er lögreglumenn komu á staðinn skömmu seinna, afhenti hún þeim smokk, sem hún kvaðst hafa fundið á gólfi dæluklefans, og lagði fram kæru á hendur ákærða. Niðurstaða DNA-rannsóknar sýnir, að yfirgnæfandi líkur eru á því, að sæði það, er greindist í smokknum, sé úr ákærða, en hann hefur frá upphafi sagt, að hann myndi ekki eftir að hafa haft samfarir við konuna.

Við yfirheyrslur mundi ákærði eftir atvikum í smáatriðum, allt þar til hann var kominn inn í dæluklefann með konunni, en eftir það mundi hann nær ekkert fram til þess tíma, að hann vaknaði. Framburður hans um minnisleysi, nær strax og hann kom inn í klefann, þykir ótrúverðugur, þótt ekki verði bornar brigður á, að hann hafi verið drukkinn.

K bar, að ákærða hefði tekist að koma lim sínum í endaþarm hennar gegn vilja hennar og reynt að hafa við hana samfarir í leggöng, en ekki tekist. Er því lýst í læknisvottorði, að hún hafi verið hvellaum í endaþarmi og átt erfitt með setu. Þótt sumir þeir áverkar, sem lýst er í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, geti komið heim og saman við frásögn ákærða um, að hún hafi hrasað og meitt sig, áður en í dæluklefann kom, þykir fjöldi áverkanna og staðsetning svo og, að hluti þeirra var enn að koma út við læknisskoðun, styðja frásögn hennar um, að kynmökin hafi verið gegn vilja hennar og ákærði beitt hana harðræði. Þessa frásögn hennar styður einnig sá framburður kvensjúkdómalæknisins, að til þess að fá svo marga marbletti hefði K þurft að detta oft og „mikið“ og frásögn hennar væri í samræmi við þá áverka hennar, sem nýlegir voru. Lýsing lögreglumanna þeirra, er tal höfðu af konunni á vettvangi, og starfsfólks neyðarmóttöku á andlegu ástandi konunnar styður og framburð hennar.

Þegar litið er til alls framangreinds, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi þröngvað K með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis í endaþarm og reynt að hafa við hana samræði í leggöng. Með háttsemi sinni hefur hann gerst sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði er erlendur ríkisborgari. Hann hefur sætt farbanni í tvo mánuði, meðan á rannsókn og meðferð málsins hefur staðið. Við ákvörðun refsingar þykir rétt að taka tillit til þessa. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullri dagatölu frá 9. október til 17. október 1995.

Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður hefur lagt fram miskabótakröfu fyrir hönd K, að fjárhæð 1.000.000 króna, með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember sama ár, en dráttarvaxta samkvæmt 15. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni. Gögn málsins bera með sér, að K hefur orðið fyrir miska. Telur dómurinn, að henni beri miskabætur eftir 26. gr. skaðabótalaga, sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærða til að greiða henni kostnað vegna lögmannsaðstoðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 175.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar refsingu komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 9. október til 17. október 1995.

Ákærði greiði K 300.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og kostnað vegna lögmannsaðstoðar, 50.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 175.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 110/1994. **Bjarni Þ. Guðmundsson**
Sigríður B. Guðmundsdóttir
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og
Þóra Guðmundsdóttir
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
dánarbúi Elínborgar Brynjólfsdóttur
(Ingimundur Einarsson hrl.)

Afsal. Lífsgerningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1994. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að afsal 15. júní 1990 til Elínborgar Brynjólfsdóttur um jörðina Gölt í Grímsneshreppi í Árnessýslu, þ. e. fyrir 1/4 hluta jarðarinnar ásamt 1/4 hluta hlunninda og ræktunar og helmingi íbúðarhúss og útihúsa, verði dæmt ógilt og það staðfest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar, sem andaðist 27. júní 1990. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda í héraði, Elínborg Brynjólfsdóttir, andaðist 16. janúar 1995. Hefur dánarbú hennar, sem er undir einkaskiptum, tekið við aðild að málinu hér fyrir dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kristinn Brynjólfsson, föðurbróðir áfrýjenda og bróðir Elínborgar heitinnar, var ókvæntur og barnlaus og hafði þannig óskoraða arfleiðsluheimild. Nægilega er í ljós leitt, að hann hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum, en einnig gert sér grein fyrir, að hann ætti skammt ólifað. Fyrir liggur, að hann hafi haft uppi ráðagerðir um að ráðstafa jörð sinni eða hlutum hennar með

afsali í lifanda lífi, eftir að hann greindist með krabbamein haustið 1989, án þess að til endanlegrar ákvörðunar væri komið, þegar hann lagðist á sjúkrahús vorið eftir. Er það sama form og haft var á gerningi hans á sjúkrahúsinu. Telja verður eftir því, sem fram er komið, að hið umdeilda afsal og efni þess hafi verið í samræmi við vilja hans. Hafi hann meðal annars metið samskipti sín og systur sinnar á þann veg, að afhending eignanna til hennar væri ekki án endurgjalds, en fyrir liggur, að hann hafði um árabil notið stuðnings hennar við búskap sinn á jörðinni. Verður ekki á það fallist, að ráðstöfun eignanna eigi að teljast gjöf að undirstöðu til. Þegar litið er til þessa og þeirra atvika að frágangi afsalsins, sem lýst er í forsendum héraðsdóms, verður að meta það sem gildan lífsgerning, er orðið hafi bindandi þá þegar.

Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti eru héraðsdómara að ástæðulausu borin á brýn ámælisverð vinnubrögð við úrlausn málsins og einnig farið óviðurkvæmilegum orðum um framburð eins vitnis. Verður að átelja þetta, þótt ummælin væru ekki ítrekuð við munnlegan flutning málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Þ. Guðmundsson, Sigríður B. Guðmundsdóttir, Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og Þóra Guðmundsdóttir, greiði stefnda, dánarbúi Elínborgar Brynjólfsdóttur, 80.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 15. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 3. apríl 1993, af Bjarna Þ. Guðmundssyni, kt. 120841-7269, Keilufelli 11, Reykjavík, Sigríði B. Guðmundsdóttur, kt. 130842-4459, Kópavogsbraut 78, Kópavogi, Ragnhildi I. Guðmundsdóttur, kt. 211048-7199, Álfheimum 38, Reykjavík, og Þóru Guðmundsdóttur, kt. 230759-3249, Seylugranda 1,

Reykjavík, á hendur Elínborgu Brynjólfsdóttur, kt. 020819-4569, Gelti, Grímsneshreppi, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að afsal til stefndu, dags. 15. júní 1990, fyrir 1/4 hluta jarðarinnar Galtar í Grímsneshreppi ásamt nánar tilgreindum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar verði dæmt ógilt og staðfest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu.

Endanleg efniskrafa stefndu í máli þessu er sú, að hún verði alsýknuð af kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Upphaflega var af hálfu stefndu krafist frávísunar málsins, en í þinghaldi 18. október sl. var fallið frá þeirri kröfu.

II.

Í máli þessu er um það deilt, hvort yfirfærsla á eignarrétti að fjórðungi jarðarinnar Galtar í Grímsneshreppi ásamt tilteknum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar samkvæmt afsali frá 15. júní 1990 sé gild að lögum. Í afsali þessu segir m. a.: „Ég undirritaður, Kristinn Brynjólfsson, kt. 180613-3319, bóndi í Gelti í Grímsneshreppi, sel hér með og afsala systur minni, Elínborgu Brynjólfsdóttur, kt. 020819-4569, til heimilis á sama stað 1/4 hluta jarðarinnar Göltur í Grímsneshreppi ásamt 1/4 hluta hlunninda og ræktunar, 1/2 íbúðarhúsi í Gelti og 1/2 öðrum útihúsum í minni eigu í Gelti. Kaupverð eignarinnar er að fullu greitt við undirskrift afsals þessa. ... Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég kaupandann, Elínborgu Brynjólfsdóttur, réttan og löglegan eiganda hinnar seldu eignar frá deginum í dag að telja. ... Til staðfestu handsala ég nafn mitt í votta viðurvist til Böðvars Pálssonar sem og votta rétta dagsetningu og lögræði aðila.“ Í samræmi við framangreint er afsal þetta undirritað af Böðvari Pálssyni f. h. Kristins Brynjólfssonar. Þá er rétt dagsetning og lögræði aðila staðfest af tveimur vottum, þeim Herborgu Pálsdóttur og Aðalheiði Guðmundsdóttur. Var afsalið afhent sýslumanninum í Árnessýslu til þinglýsingar þegar á útgáfudegi þess, 15. júní 1990, og innfært í þinglýsingabók 16. næsta mánaðar. Hinn 13. nóvember sama ár ritaði nefndur sýslumaður stefndu bréf, þar sem henni var tilkynnt, að þinglýsing afsalsins hefði verið felld úr gildi og færsla í fasteignabók strikuð út. Var sú ráðstöfun byggð á því mati sýslumanns, að skjalið fullnægði ekki ákvæðum 22. gr. þinglýsingalaga, þar eð ekki hefði komið fram í áritun vottanna, að þeir staðfestu handsal útgefanda afsalsins og undirskrift þess, er undir afsalið ritaði fyrir hans hönd. Úr þessum ágalla var síðar bætt. Var þá ritaður á afsalið svohljóðandi texti: „Við undirritaðir vottar að réttri dagsetningu og lögræði aðila, sem að ofan greinir, vottum einnig, að Krist-

inn Brynjólfsson, bóndi í Gölt í Grímsnesi, handsalaði Böðvari Pálssyni, Búrfelli, Grímsnesi, umboði til að undirrita ofanskráð afsal fyrir sína hönd. Jafnframt vottum við, að Böðvar Pálsson undirritaði afsalið í okkar viðurvist.“ Undir þetta rita þær Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir, en þær höfðu, svo sem fyrr greinir, áður vottað rétta dagsetningu afsals og lögræði aðila. Var afsalið þessu næst afhent til þinglýsingar 3. desember 1990 og það innfært í þinglýsingabók að nýju 17. sama mánaðar.

Kristinn Brynjólfsson lést á sjúkrahúsinu á Selfossi 27. júní 1990, tæpum tveimur vikum eftir að afsal það, sem hér um ræðir, var undirritað. Hafði hann haustið 1989 greinst með krabbamein, er dró hann til dauða. Hann var ókvæntur og barnlaus og hafði ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Þau Kristinn Brynjólfsson og Elínborg Brynjólfsdóttir, stefnda í máli þessu, eignuðust jörðina Gölt ásamt systkinum sínum, Guðmundi og Borghildi, 18. desember 1965. Kom fjórðungur jarðarinnar í hlut hvers við skipti á dánarbúi föður þeirra, Brynjólfs Þórðarsonar. Sama dag afsöluðu þau Guðmundur og Borghildur sínum eignarhlutum til Kristins. Var hann þar með orðinn eigandi jarðarinnar að 3/4 hlutum. Þeim eignarhluta sínum afsalaði hann síðan annars vegar til stefndu með framangreindu afsali 15. júní 1990 og hins vegar til sonar stefndu, Guðmundar Pálma Kragh, með afsali, dagsettu sama dag. Hefur gildi þessara síðastgreindu afsala verið vefengt af hálfu stefnenda málsins, en þau eru börn Guðmundar Brynjólfssonar og þar með lögerfingjar Kristins. Er samhliða því máli, sem hér er til úrlausnar, rekið annað mál til ógildingar á heimildarbréfi Guðmundar Pálma.

Dánarbú Kristins Brynjólfssonar var tekið til opinberrar skiptameðferðar sem skuldafrágöngubú. Er skiptum ekki lokið. Fór skiptaráðandinn í Árnessýslu með málefni búsins í upphafi, en 18. maí 1992 vék hann sæti að kröfu stefnenda. Var Helgi Jóhannesson héraðsdómslögmaður þá skipaður til að gegna starfi skiptastjóra í dánarbúinu. Á skiptafundi 8. janúar 1993 var lýst yfir því af hálfu skiptastjórans, að búið myndi ekki hlutast til um riftun á þeim gerningi, sem hér er til umfjöllunar. Hafa stefnendur höfðað mál þetta í eigin nafni og búinu til hagsbóta, sbr. 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991.

III.

Meginmálsástæða stefnenda í máli þessu er sú, að hin umþrætta eignayfirfærsla sé dánarbeðsgjöf, sbr. 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og þar sem ekki hafi verið gætt formreglna 4. kafla laganna við gerð hennar, sé hún ógild og að engu hafandi. Telja stefnendur sannað, að stefnda hafi aldrei greitt fyrir eignir þær, sem hér um ræðir, enda hafi hún jafnan vikið sér undan því að

svara spurningum þar um. Þá hafi engin gögn fundist í vörslum dánarbúsins, sem bendi til þess, að greiðsla hafi komið fyrir hinar afsöluðu eignir. Jafnframt telja stefnendur ljóst, að 15. júní 1990 hafi heilsufar Kristins Brynjólfssonar verið með þeim hætti, að óhugsandi sé, að hann hafi gert sér grein fyrir efni afsalsins. Það sé reyndar ekki skilyrði fyrir því, að á greinda ráðstöfun verði litið sem dánarbeðsgjöf, heldur sé nægilegt að leiða í ljós, að Kristinn hafi umræddan dag verið undir áhrifum dauðakenndar. Fyrir liggi, að hann hafi þá verið orðinn fársjúkur og dauðvona sökum þess sjúkdóms, sem hann var haldinn. Hafi engum dulist og þá ekki Kristni sjálfum, að hann ætti skammt eftir ólifað. Fór svo, að hann lést aðeins 12 dögum eftir, að undirritun þess afsals, sem hér er um deilt, fór fram. Samkvæmt framangreindu er það mat stefnenda, að líta verði á greint eignaafsal sem gjöf á dánarbeði í skilningi 54. gr. erfðalaga. Það leiði til þess, að við stofnun gerningsins hafi borið að gæta formreglna 4. kafla erfðalaganna. Það hafi hins vegar ekki verið gert, og því beri að ógilda þá ráðstöfun, sem í gerningnum felst.

Til vara reisa stefnendur dómkröfur sínar á því, að umrætt afsal sé samkvæmt efni sínu ógilt, þar sem ekki sé að finna þar yfirlýsingu frá Kristni sjálfum þess efnis, að hann afsali sér þeim eignum, sem þar eru tilgreindar. Viðurkenna stefnendur með öðrum orðum ekki „umboð“ eða „handsal“ til undirskriftar til Böðvars Pálssonar og halda því sérstaklega fram, að Böðvar hafi enga heimild haft til að rita undir þann gerning, sem hér um ræðir. Þá hafi ekki verið gætt ákvæða laga nr. 86/1989 um lögbókandagerðir við undirritun gerningsins. Leiði sú vanræksla til þess, að ósannað verði að teljast, að Kristinn hafi gert sér grein fyrir efni hans, enda beri gerningurinn það ekki með sér, að efni hans hafi verið lesið fyrir Kristni. Vísa stefnendur framangreindu til stuðnings til III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, einkum 11. gr.

IV.

Í greinargerð sinni tekur stefnda fram, að Kristinn Brynjólfsson hafi búið að Gelti alla sína tíð. Hið sama megi segja um stefndu og systur þeirra Kristins, Borghildi. Þar hafi einnig búið börn stefndu, þar á meðal sonur hennar, Guðmundur Pálmi. Kristinn hafi aldrei haft ráðskonu á heimilinu, og því hafi það komið í hlut þeirra systra, stefndu og Borghildar, að annast heimilishaldið og aðdrætti og aðstoða við búskapinn að öðru leyti kvölds og morgna. Hafi þær gengið til allra búverka ásamt Kristni, svo lengi sem heilsa og kraftar leyfðu. Kristinn hafi rekið fjárbú og kúabú á jörðinni. Þá hafi hann einnig átt töluvert af hrossum. Guðmundur Pálmi, sonur stefndu, hafi aðstoðað heimilisfólkið að Gelti við búskapinn, og hafi búskapurinn

hvílt æ þyngra á herðum hans, eftir því sem fram liðu stundir og heilsa þeirra systkina tók að bila. Er framangreint í fullu samræmi við framburð vitnisins Borghildar Brynjólfsdóttur fyrir dómi.

Sýknukröfu sína í málinu reisir stefnda á því, að Kristinn Brynjólfsson hafi haft fulla heimild til ráðstöfunar á eignum sínum 15. júní 1990 og sú ráðstöfun hans, sem hér er um deilt, hafi verið í samræmi við einlægan vilja hans. Mótmælir stefnda sem ósannaðri þeirri staðhæfingu stefnenda, að Kristinn hafi á þeim tíma, sem hér um ræðir, ekki gert sér grein fyrir þeirri ráðstöfun eigna sinna, sem kveðið er á um í greindu afsali. Þá hafi á allan hátt verið staðið að afsalsgerð með eðlilegum og lögboðnum hætti. Kristni hafi þannig verið lesið efni afsalsins lið fyrir lið, og það, sem fram hafi farið, sé vottað lögum samkvæmt.

Þá mótmælir stefnda sem rangri þeirri málsástæðu stefnenda, að engin greiðsla hafi komið fyrir hið afsalaða og því beri að líta á afsalið sem dánarbeðsgjöf samkvæmt 54. gr. erfðalaga. Í nefndu afsali sé tekið fram berum orðum, að kaupverð eignarhlutans sé að fullu greitt. Telur stefnda það engu máli skipta, hvort greitt hafi verið fyrir hið selda með peningum eða öðru. Það sé einungis mál stefndu og Kristins heitins, hvert hafi verið form greiðslunnar, og öðrum komi það hreinlega ekki við. Öllu máli skipti hins vegar, að því sé lýst yfir af hálfu Kristins í afsalinu, að kaupverðið sé að fullu greitt. Þá sé enn fremur lýst yfir þar, að stefnda teljist réttur og löglegur eigandi hinnar seldu eignar frá 15. júní 1990 að telja. Það hafi því verið vilji Kristins, að eigendaskipti færu fram þá þegar, þannig, að vörslur og umráð eignarinnar gengju strax til stefndu. Þá hafi stefnda án tafar gert reka að því að fá heimildarbréfi sínu þinglýst. Samkvæmt þessu eigi það sér enga stoð að telja afsal Kristins heitins til stefndu vera dánarbeðsgjöf í skilningi hins tilvitnaða ákvæðis erfðalaga.

V.

Í máli þessu er, svo sem að framan er rakið, deilt um gildi afsals, sem samkvæmt efni sínu kveður á um tiltekna eignayfirfærslu til stefndu, Elínborgar Brynjólfsdóttur.

Afstöðu málsaðila til sakarefnis er áður lýst.

Telja verður nægilega í ljós leitt, að Kristinn Brynjólfsson hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum. Hins vegar bendir flest til þess, að hann hafi þá gert sér fyllilega grein fyrir því, að hann ætti skammt eftir ólifað.

Í framburði Böðvars Pálssonar hér fyrir dómi kom fram, að hann hefði kynnt Kristni heitnum efni hins umdeilda afsals með því að lesa það í áheyrn hans. Hefði Kristinn lýst yfir, að þar greind ráðstöfun væri í sam-

ræmi við vilja sinn. Þá hafa vottarnir Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir staðfest fyrir dómi, að Böðvar hafi undirritað afsalið í viðurvist þeirra, eftir að Kristinn hafi falið honum að annast þá gerð fyrir sína hönd. Þá er ráðstöfun sú, sem hér um ræðir, í fullu samræmi við skilmerkilegan vitnisburð Borghildar Brynjólfsdóttur. Loks ber að hafa það í huga, að ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að Kristinn heitinn hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, viljað ráðstafa þeim eignum, sem tilgreindar eru í afsalinu, á annan hátt en þar kemur fram. Þá er hin umdeilda ráðstöfun ekki óeðlileg miðað við aðstæður.

Í umræddu afsali er skýrt tekið fram, að kaupverð hinna seldu eigna sé að fullu greitt. Kaupverðið er hins vegar ekki tilgreint sérstaklega. Samkvæmt orðum sínum ber afsalið þannig ótvírætt með sér, að endurgjald hafi komið fyrir þær eignir, sem afsalað var. Með því, sem áður er rakið og svo sem hér hagar til, þykja ekki vera efni til að hnekkja þessu ákvæði afsalsins. Af sömu ástæðu verður ekki litið svo á, að endurgjaldið hafi verið þess eðlis, að jafna megi umræddu eignaafsali við gjafagerning. Að þessu virtu telst hin greinda ráðstöfun ekki vera gjöf á dánarbeði í skilningi 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið tilfært, er það álit dómsins, að ekki séu efni til að ógilda þá ráðstöfun, sem um er deilt í máli þessu. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnenda.

Rétt er, að stefnendur greiði stefndu óskipt 130.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

VI.

Stefna í máli þessu brýtur stórlega í bága við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þannig er í stefnunni fjallað ýtarlega og í löngu máli um atriði, sem ekki hafa beina þýðingu fyrir úrlausn málsins. Dregur málatilbúnaður stefnenda að öðru leyti nokkurn dám af þessu. Ber að átelja þetta.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Elínborg Brynjólfsdóttir, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnenda, Bjarna Þ. Guðmundssonar, Sigríðar B. Guðmundsdóttur, Ragnhildar I. Guðmundsdóttur og Þóru Guðmundsdóttur.

Stefnendur greiði óskipt stefndu 130.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 111/1994. **Bjarni Þ. Guðmundsson**
Sigríður B. Guðmundsdóttir
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og
Þóra Guðmundsdóttir
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Guðmundi Pálma Kragh
(Ingimundur Einarsson hrl.)

Afsal. Lífsgerningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1994. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að afsal 15. júní 1990 til stefnda um jörðina Gölt í Grímsneshreppi í Árnessýslu, þ. e. fyrir hálfri jörðinni ásamt helmingi hlunninda og ræktunar og helmingi íbúðarhúss og útihúsa, verði dæmt ógilt og það staðfest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar, sem andaðist 27. júní 1990. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kristinn Brynjólfsson, föðurbróðir áfrýjenda og móðurbróðir stefnda, var ókvæntur og barnlaus og hafði þannig óskoraða arfleiðsluheimild. Nægilega er í ljós leitt, að hann hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum, en einnig gert sér grein fyrir, að hann ætti skammt ólifað. Fyrir liggur, að hann hafi haft uppi ráðagerðir um að ráðstafa jörð sinni eða hlutum hennar með afsali í lifanda lífi, eftir að hann greindist með krabbamein haustið 1989, án þess að til endanlegrar ákvörðunar væri komið, þegar hann lagðist á sjúkrahús vorið eftir. Er það sama form og haft var á gerningi hans á sjúkrahúsinu. Telja verður, eftir því sem fram er komið, að hið

umdeilda afsal og efni þess hafi verið í samræmi við vilja hans. Hafi hann meðal annars metið samskipti sín og stefnda á þann veg, að afhending eignanna væri ekki án endurgjalds, en fyrir liggur, að hann hafði um árabil notið stuðnings stefnda í ýmsum efnum við búskap sinn á jörðinni. Verður ekki á það fallist, að ráðstöfun eignanna eigi að teljast gjöf að undirstöðu til. Þegar litið er til þessa og þeirra atvika að frágangi afsalsins, sem lýst er í forsendum héraðsdóms, verður að meta það sem gildan lífsgerning, er orðið hafi bindandi þá þegar.

Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti eru héraðsdómara að ástæðulausu borin á brýn ámælisverð vinnubrögð við úrlausn málsins og einnig farið óviðurkvæmilegum orðum um framburð eins vitnis. Verður að átelja þetta, þótt ummælin væru ekki ítrekuð við munnlegan flutning málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Þ. Guðmundsson, Sigríður B. Guðmundsdóttir, Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og Þóra Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Guðmundi Pálma Kragh, 80.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 15. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 3. apríl 1993, af Bjarna Þ. Guðmundssyni, kt. 120841-7269, Keilufelli 11, Reykjavík, Sigríði B. Guðmundsdóttur, kt. 130842-4459, Kópavogsbraut 78, Kópavogi, Ragnhildi I. Guðmundsdóttur, kt. 211048-7199, Álfheimum 38, Reykjavík, og Þóru Guðmundsdóttur, kt. 230759-3249, Seylugranda 1, Reykjavík, á hendur Guðmundi Pálma Kragh, kt. 050653-4639, Borgarbraut 10, Minni-Borg, Grímsneshreppi, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að afsal til stefnda, dags. 15. júní 1990, fyrir hálfri jörðinni Gelti í Grímsneshreppi ásamt nánar tilgreindum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar verði dæmt ógilt og stað-

fest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Endanleg efniskrafa stefnda í máli þessu er sú, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Upphaflega var af hálfu stefnda krafist frávísunar málsins, en í þinghaldi 18. október sl. var fallið frá þeirri kröfu.

II.

Í máli þessu er um það deilt, hvort yfirfærsla á eignarrétti að hálfri jörðinni Gelti í Grímsneshreppi ásamt tilteknum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar samkvæmt afsali frá 15. júní 1990 sé gild að lögum. Í afsali þessu segir m. a.: „Ég undirritaður, Kristinn Brynjólfsson, kt. 180613-3319, bóndi í Gelti í Grímsneshreppi, sel hér með og afsala systursyni mínum, Guðmundi Pálma Kragh, kt. 050653-4639, Gelti í Grímsneshreppi, eftirtalda eign. Hið selda er ½ jörðin Göltur í Grímsneshreppi ásamt ½ hlunnindum, ½ ræktun jarðarinnar og girðingu, ½ íbúðarhús í Gelti og ½ allra annarra útihúsa í Gelti í minni eigu. Kaupverð eignarinnar er að fullu greitt við undirskrift afsals þessa. . . . Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég kaupandann, Guðmund Pálma Kragh, réttan og löglegan eiganda hinnar seldu eignar frá deginum í dag að telja. . . . Til staðfestu handsala ég nafn mitt í votta viðurvist til Böðvars Pálssonar sem og votta rétta dagsetningu og lögræði aðila.“ Í samræmi við framangreint er afsal þetta undirritað af Böðvari Pálssyni f. h. Kristins Brynjólfssonar. Þá er rétt dagsetning og lögræði aðila staðfest af tveimur vottum, þeim Herborgu Pálsdóttur og Aðalheiði Guðmundsdóttur. Var afsalið afhent sýslumanninum í Árnessýslu til þinglýsingar 19. júní 1990 og innfært í þinglýsingabók 20. næsta mánaðar. Hinn 13. nóvember sama ár ritaði nefndur sýslumaður stefnda bréf, þar sem honum var tilkynnt, að þinglýsing afsalsins hefði verið felld úr gildi og færsla í fasteignabók strikuð út. Var sú ráðstöfun byggð á því mati sýslumanns, að skjalið fullnægði ekki ákvæðum 22. gr. þinglýsingalaga, þar eð ekki hefði komið fram í áritun vottanna, að þeir staðfestu handsal útgefanda afsalsins og undirskrift þess, er undir afsalið ritaði fyrir hans hönd. Úr þessum ágalla var síðar bætt. Var þá ritaður á afsalið svohljóðandi texti: „Við undirritaðir vottar að réttri dagsetningu og lögræði aðila, sem að ofan greinir, vottum einnig, að Kristinn Brynjólfsson, bóndi í Gölt í Grímsnesi, handsalaði Böðvari Pálssyni, Búrfelli, Grímsnesi, umboð til að undirrita ofanskráð afsal fyrir sína hönd. Jafnframt vottum við, að Böðvar Pálsson undirritaði afsalið í okkar viðurvist.“ Undir þetta rita þær Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir, en þær höfðu, svo sem fyrr greinir, áður

vottað rétta dagsetningu afsals og lögræði aðila. Var afsalið þessu næst afhent til þinglýsingar 3. desember 1990 og það innfært í þinglýsingabók að nýju 17. sama mánaðar.

Kristinn Brynjólfsson lést á sjúkrahúsinu á Selfossi 27. júní 1990, tæpum tveimur vikum eftir að afsal það, sem hér um ræðir, var undirritað. Hafði hann haustið 1989 greinst með krabbamein, er dró hann til dauða. Hann var ókvæntur og barnlaus og hafði ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Þau Kristinn Brynjólfsson og Elínborg Brynjólfsdóttir, móðir stefnda í máli þessu, eignuðust jörðina Gölt ásamt systkinum sínum, Guðmundi og Borghildi, 18. desember 1965. Kom fjórðungur jarðarinnar í hlut hvers við skipti á dánarbúi föður þeirra, Brynjólfs Þórðarsonar. Sama dag afsöluðu þau Guðmundur og Borghildur sínum eignarhlutum til Kristins. Var hann þar með orðinn eigandi jarðarinnar að ¾ hlutum. Þeim eignarhluta sínum afsalaði hann síðan annars vegar til stefnda með framangreindu afsali 15. júní 1990 og hins vegar til systur sinnar og móður stefnda, Elínborgar, með afsali, dagsettu sama dag. Hefur gildi þessara síðastgreindu afsala verið vefengt af hálfu stefnenda málsins, en þau eru börn Guðmundar Brynjólfssonar og þar með lögerfingjar Kristins. Er samhliða því máli, sem hér er til úrlausnar, rekið annað mál til ógildingar á heimildarbréfi Elínborgar.

Dánarbú Kristins Brynjólfssonar var tekið til opinberrar skiptameðferðar sem skuldafrágöngubú. Er skiptum ekki lokið. Fór skiptaráðandinn í Árnessýslu með málefni búsins í upphafi, en 18. maí 1992 vék hann sæti að kröfu stefnenda. Var Helgi Jóhannesson héraðsdómslögmaður þá skipaður til að gegna starfi skiptastjóra í dánarbúinu. Á skiptafundi 8. janúar 1993 var lýst yfir því af hálfu skiptastjórans, að búið myndi ekki hlutast til um riftun á þeim gerningi sem hér er til umfjöllunar. Hafa stefnendur höfðað mál þetta í eigin nafni og búinu til hagsbóta, sbr. 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991.

[Sbr. III.–IV. kafla í dómi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. E 153/1993: Bjarni Þ. Guðmundsson o. fl. gegn Elínborgu Brynjólfsdóttur, bls. 358–364 hér að framan.]

V.

Í máli þessu er, svo sem að framan er rakið, deilt um gildi afsals, sem samkvæmt efni sínu kveður á um tiltekna eignayfirfærslu til stefnda, Guðmundar Pálma Kragh.

Afstöðu málsaðila til sakarefnis er áður lýst.

Telja verður nægilega í ljós leitt, að Kristinn Brynjólfsson hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum. Hins vegar bendir flest til

þess, að hann hafi þá gert sér fyllilega grein fyrir því, að hann ætti skammt eftir ólifað.

Í framburði Böðvars Pálssonar hér fyrir dómi kom fram, að hann hefði kynnt Kristni heitnum efni hins umdeilda afsals með því að lesa það í áheyrn hans. Hefði Kristinn lýst yfir, að þar greind ráðstöfun væri í samræmi við vilja sinn. Þá hafa vottarnir Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir staðfest fyrir dómi, að Böðvar hafi undirritað afsalið í viðurvist þeirra, eftir að Kristinn hafi falið honum að annast þá gerð fyrir sína hönd. Þá er ráðstöfun sú, sem hér um ræðir, í fullu samræmi við skilmerkilegan vitnisburð Borghildar Brynjólfsdóttur. Loks ber að hafa það í huga, að ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að Kristinn heitinn hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, viljað ráðstafa þeim eignum, sem tilgreindar eru í afsalinu, á annan hátt en þar kemur fram. Þá er hin umdeilda ráðstöfun ekki óeðlileg miðað við aðstæður.

Í umþrættu afsali er skýrt tekið fram, að kaupverð hinna seldu eigna sé að fullu greitt. Kaupverðið er hins vegar ekki tilgreint sérstaklega. Samkvæmt orðum sínum ber afsalið þannig ótvírætt með sér, að endurgjald hafi komið fyrir þær eignir, sem afsalað var. Með því, sem áður er rakið og svo sem hér hagar til, þykja ekki vera efni til að hnekkja þessu ákvæði afsalsins. Af sömu ástæðu verður ekki litið svo á, að endurgjaldið hafi verið þess eðlis, að jafna megi umræddu eignaafsali við gjafagerning. Að þessu virtu telst hin greinda ráðstöfun ekki vera gjöf á dánarbeði í skilningi 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið tilfært, er það álit dómsins, að ekki séu efni til að ógilda þá ráðstöfun, sem um er deilt í máli þessu. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnenda.

Rétt er, að stefnendur greiði stefnda óskipt 130.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

VI.

Stefna í máli þessu brýtur stórlega í bága við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þannig er í stefnunni fjallað ýtarlega og í löngu máli um atriði, sem ekki hafa beina þýðingu fyrir úrlausn málsins. Dregur málatilbúnaður stefnenda að öðru leyti nokkurn dám af þessu. Ber að átelja þetta.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Pálmi Kragh, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnenda, Bjarna Þ. Guðmundssonar, Sigríðar B. Guðmundsdóttur, Ragnhildar I. Guðmundsdóttur og Þóru Guðmundsdóttur.

Stefnendur greiði óskipt stefnda 130.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 2. febrúar 1996.

Nr. 52/1996. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Kaupþingi hf.
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og
Sameinaða lífeyrissjóðnum
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Skattar og gjöld. Lögveðsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. janúar 1996, þar sem frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar Starmýrar 2, eignarhluta 030101, var breytt þannig, að ekki var tekin til greina krafa sóknaraðila um úthlutun af söluverðinu. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og tekin til greina krafa hans um úthlutun af söluverði umræddrar fasteignar, að fjárhæð 1.545.466 krónur. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að úthlutun söluverðs til sóknaraðila lækki um 529.414 krónur. Til þrautavara er þess krafist, að úthlutunin lækki um 481.803 krónur, og til ýtrustu þrautavara, að úthlutunin lækki um 379.703 krónur. Í öllum tilfellum hækki úthlutun til varnaraðila að sama skapi. Þá er krafist hækkunar á úrskurðuðum málskostnaði í héraði og kærumálskostnaðar.

I.

Hinn 30. september 1993 seldi sýslumaðurinn í Reykjavík á nauðungarsölu fasteignina Starmýri 2, eignarhluta 030101. Hæsta boð, að

fjárhæð 5.000.000 krónur, kom frá varnaraðilum sameiginlega, og var það samþykkt. Sóknaraðili gerði kröfu í söluandvirðið vegna fasteignagjalda, að fjárhæð 1.545.466 krónur. Einnig lýstu varnaraðilar kröfum sínum á grundvelli samningsveða, áhvílandi samhliða á 1. veðrétti í eigninni. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns að úthlutun söluandvirðis eignarinnar 3. desember 1993 var krafa sóknaraðila tekin til greina sem lögveðskrafa framar öðrum veðkröfum. Að baki honum skyldu varnaraðilar fá greiðslu upp í veðkröfur sínar, sem yrðu þó ekki greiddar að fullu. Í kjölfar andmæla varnaraðila breytti sýslumaður frumvarpinu með ákvörðun 30. sama mánaðar og lækkaði úthlutun til sóknaraðila um 286.952 krónur, en hækkaði úthlutun til varnaraðila sem því nam. Leitað var úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun þessa, og með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1995 var úthlutun sýslumanns ómerkt, svo sem nánar er rakið í hinum kærða úrskurði.

Málefnið var að nýju tekið til meðferðar hjá sýslumanni 26. júlí 1995, og tók þá sýslumaður ákvörðun um að lækka úthlutun til sóknaraðila um 529.414 krónur. Í máli þessu er leitað úrlausnar um þá ákvörðun.

II.

Fasteignin Starmýri 2 í Reykjavík skiptist í aðalhús og tvö minni hús. Mál þetta varðar einungis úthlutun söluverðs eignarhluta í aðalhúsinu, en hann er nánar tiltekið verslunarhúsnæði á 1. hæð og hluti af jarðhæð hússins. Samkvæmt gögnum málsins byggðist fasteignamat aðalhússins 1. desember 1991 og 1. desember 1992 að stofni til á mati Fasteignamats ríkisins frá 4. október 1969, en samkvæmt því taldist hið metna í heild vera 1438 fermetrar, sem skiptist í jarðhæð og 1. hæð, hvora um sig 719 fermetrar.

Með skiptayfirlýsingu, þinglýstri 3. júní 1986, var aðalhúsinu í Starmýri 2 skipt í fjóra hluta. Samkvæmt skiptayfirlýsingunni er aðalhúsið 1432,7 fermetrar, nánar tiltekið jarðhæð, 721 fermetri, og 1. hæð, 711,7 fermetrar. Flatarmál þess eignarhluta í húsinu, sem hér er til umfjöllunar, er reiknað 920,3 fermetrar og skiptist í 474,7 fermetra á jarðhæð og 445,6 fermetra á 1. hæð.

Hinn 9. apríl 1991 var gerður nýr eignaskiptasamningur fyrir heildareignina Starmýri 2. Samningurinn er áritaður um samþykki

byggingarfulltrúans í Reykjavík og Fasteignamats ríkisins 15. október 1991, og var honum þinglýst 24. sama mánaðar. Samkvæmt samningnum er aðalhúsið 1432,7 fermetrar, nánar tiltekið 721 fermetri á jarðhæð og 711,7 fermetrar á 1. hæð. Auk þess er gert ráð fyrir 721 fermetra skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, sem samkvæmt gögnum málsins mun ekki hafa verið reist. Eignarhlutinn, sem seldur var nauðungarsölu, er reiknaður 945,4 fermetrar að flatarmáli, sem skiptist í 480,8 fermetra á jarðhæð, 455,5 fermetra á 1. hæð og 9,1 fermetra hlutdeild í sameign.

III.

Krafa sóknaraðila um úthlutun af söluverði eignarinnar er vegna fasteignagjalda, sem lögð voru á 1992 og 1993, en álagning er í báðum tilvikum studd við gildandi fasteignamat frá 1. desember á næstliðnu ári. Varnaraðilar hafa ekki andmælt útreikningi kröfunnar, en hún sundurliðast þannig: fasteignaskattur 900.878 krónur, vatnsskattur 131.068 krónur, brunatryggingariðgjald 90.654 krónur, iðgjald vegna viðlagatryggingar 37.773 krónur, brunavarnargjald 6.799 krónur, aukavatnsskattur 64.350 krónur, tunnuleiga 67.670 krónur, dráttarvextir 236.489 krónur og kostnaður 9.785 krónur, samtals 1.545.466 krónur.

Í fasteignamati, sem tók gildi 1. desember 1991 og 1. desember 1992, var fasteignin skráð hjá Fasteignamati ríkisins í samræmi við fyrrgreinda matsgerð frá 1969. Var þar hvorki tekið tillit til skiptayfirlýsingarinnar frá 1986 né eignaskiptasamningsins frá 1991. Var aðalhúsið því skráð ósundurgreint 1438 fermetrar. Beindist öll álagningin að eiganda þess eignarhluta, sem mál þetta varðar, en á aðra eigendur aðalhússins virðast engin fasteignagjöld hafa verið lögð. Sóknaraðili krefst því fasteignagjalda vegna alls aðalhússins af söluverði þess eignarhluta, sem seldur var nauðungarsölu.

IV.

Álagning fasteignagjalda beinist að eiganda viðkomandi eignar, og er hann skuldari þeirra. Ef gjaldandi unir ekki álagningu, er honum meðal annars tækt það úrræði, sem nú greinir í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, en þar segir, að ágreiningi um gjaldstofn skuli vísað til úrskurðar Fasteignamats ríkisins og að fengnum þeim úrskurði megi skjóta ágreiningnum til yfirfasteigna-

matsnefndar ríkisins. Þessi réttur gjaldanda er hins vegar óviðkomandi kröfuhöfum, sem eiga réttindi í viðkomandi eign og leita fullnustu þeirra við nauðungarsölu. Sýslumaður leysir úr ágreiningi um þau réttindi, og er unnt að leita úrlausnar dóms um ákvörðun hans eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/1991. Í málinu er réttmæti álagningar umræddra fasteignagjalda því ekki til úrlausnar, heldur, að hvaða marki sóknaraðili nýtur lögveðsréttar í hinu selda til tryggingar gjöldunum, sem gangi framar samningsbundnum veðrétti varnaraðila.

Á það verður ekki fallist með sóknaraðila, að varnaraðilar þurfi að þola ríkari lögveðsrétt til tryggingar fasteignagjöldum í hinum selda eignarhluta en nemur hlutfalli hans af aðalhúsinu í Starmýri 2. Koma því til úthlutunar upp í kröfu sóknaraðila 1.019.811 krónur (1.545.466 × 945,4/1432,7 = 1.019.811).

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað verða staðfest, en varnaraðilar hafa ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að sóknaraðili lýsti ekki kröfu í söluverð hins selda eignarhluta í samræmi við ákvæði 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991, heldur lét við það eitt sitja að láta sýslumanni í té yfirlit um greiðslustöðu fasteignagjalda vegna eignarinnar. Hefði sýslumaður með réttu átt að virða kröfulýsingu í þessu horfi að vettugi.

Dómsorð:

Frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar á söluverði eignarhluta 030101 í fasteigninni Starmýri 2 í Reykjavík er breytt á þann hátt, að sóknaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, skal úthlutað 1.019.811 krónum til greiðslu kröfu, sem gengur framar veðkröfum varnaraðila, Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað skulu vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. janúar 1996.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 8. september sl., var tekið til úrskurðar 15. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili þessa máls er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík. Varnaraðilar eru Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., kt. 590789-2089, Hafnarstræti 7, Reykjavík, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, og Tónco hf. (nú Fróm hf.), kt. 700492-2579, Grensásvegi 44, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að staðfest verði upphaflegt frumvarp sýslumannsins í Reykjavík frá 3. des. 1993 um úthlutun söluandvirðis fasteignarinnar að Starmýri 2 og varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðilar, Kaupþing hf., Fjárfestingarfélagið Skandia hf. og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, gera eftirfarandi dómkröfur: aðallega, að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík um úthlutun af uppboðsandvirði í eigninni Starmýri 2, eignarhluta 030101, verði hafnað með vísun til 3. mgr. (sic) 2. gr. laga nr. 94/1976, sbr. 3. gr. laga nr. 90/1990 og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991, – til vara, að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 26. júlí 1995 um að lækka úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík um 529.414 krónur og hækka því úthlutun af uppboðsandvirði til Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins um þessa fjárhæð, sem skiptist hlutfallslega á milli þeirra, – til þrautavara, að úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík verði lækkuð um 481.803 krónur og úthlutun af uppboðsandvirði til Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins hækki því um þessa fjárhæð, sem skiptist hlutfallslega á milli þeirra, – til þrautaþrautavara, að úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík verði lækkuð um 379.703 krónur og úthlutun af uppboðsandvirði til Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins hækki því um þessa fjárhæð, sem skiptist hlutfallslega á milli þeirra.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, þ. m. t. vsk. á málflutningsþóknun.

Ekki var sótt þing af hálfu Tónco hf., og engar kröfur voru hafðar uppi af þess hálfu.

II.

Hinn 30. september 1993 var hluti fasteignarinnar Starmýrar 2 í Reykjavík seldur á nauðungaruppboði, það er að segja verslunarhúsnæði á fyrstu

hæð og í kjallara. Var hann sleginn Kaupþingi hf., Sameinaða lífeyrissjóðnum og Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. á 5.000.000 kr. Uppboðshaldari samþykkti þetta kauptilboð á staðnum.

Frumvarp til úthlutunar uppboðsandvirðis er dagsett 3. desember 1993, og var lögveðskrafa sóknaraðila þar að fullu tekin til greina. Af hálfu Kaupþings hf. var úthlutuninni mótmælt og þess krafist, að krafa sóknaraðila yrði lækkuð, þar sem hinn seldi eignarhluti væri einungis 44,6251%, en ekki 54,8% af heildareigninni.

Sýslumaður ákvað 30. desember 1993 að taka mótmælin til greina og hækkaði úthlutun til veðhafa á fyrsta veðrétti um 286.952 kr. og lækkaði úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík sem því nam.

Sóknaraðili skaut þessari ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi, sem barst 24. janúar 1994. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1994 var staðfest ákvörðun sýslumanns. Með kæru 28. júní 1994 var málinu skotið til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 28. september 1994 var hinn kærði úrskurður ómerktur og ómerkt meðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með 25. maí 1994 og málinu vísað heim.

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.: „Í héraðsdómi voru ekki lögð fram nein gögn um álagningu hinna umdeildu fasteignagjalda eða grundvöll hennar, sbr. 3. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er fasteignaskatt varðar, og eldri gagna en samningsins frá 9. apríl 1991 nýtur ekki við um skiptingu fasteignarinnar milli eigenda. Verður meðal annars ekki ráðið af skjölum málsins, hvernig skráningu og mati fasteignarinnar hjá Fasteignamati ríkisins hafi verið háttað á þeim tíma, er máli skipti, og ekki verður séð með vissu, hvaða breytingar hafi orðið á eignarhlutum við gerð samningsins og hverju þær ættu að varða. Málið er því of vanreifað til þess, að unnt sé að skera úr ágreiningi málsaðila, og hefði héraðsdómara verið rétt að benda þeim á nauðsyn frekari skýringar, sbr. 3. mgr. 101. gr. og 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála."

III.

Málið var nú aftur tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. nóvember 1994 og var síðan munnlega flutt 10. janúar 1995 og tekið til úrskurðar sama dag. Og með úrskurði 25. sama mánaðar var úthlutun sýslumannsins í Reykjavík frá 30. desember 1993 ómerkt. Forsendur eru eftirfarandi: „Á nauðungaruppboði 30. september 1993 var ofangreindum varnaraðilum selt verslunarhúsnæði á fyrstu hæð og í kjallara, merkt 030101, sem taldist vera 44,625 % aðalhúss í húseigninni nr. 2 við Starmýri í Reykjavík. Við fyrri út-

hlutun á uppboðsandvirði eignarhlutans var gert ráð fyrir að greiða sóknaraðila 1.545.466 kr. samkvæmt lögveðskröfu hans vegna álagðra fasteignagjalda af eignarhlutanum. Fram er komið, að sú álagning er miðuð við 54,8 % heildareignarinnar að Starmýri 2. Samkvæmt þinglýstum eignaskiptasamningi fyrir eignina, dagsettum 9. apríl 1991, er umræddur eignarhluti skráður vera 44,6251, og við þann hundraðshlutaútreikning var miðað, er eignarhlutinn var seldur á nauðungaruppboðinu. Samkvæmt þinglýstri skiptayfirlýsingu frá því í apríl 1986 er eignarhluti tilgreindur með öðrum hætti og er þar skipt upp í tvo hluta.

Aðilar málsins hafa lagt fram frekari gögn um álagningu hinna umdeildu fasteignagjalda og grundvöll hennar og enn fremur ljósrit skiptayfirlýsingar húseignarinnar Starmýrar 2, sem gerð er í apríl 1986 af Gunngeiri Péturssyni.

Álagning fasteignagjalda er miðuð við mat Fasteignamats ríkisins á viðkomandi fasteign. Í fram lögðu bréfi Eyþórs Fannberg, forstöðumanns skráningardeildar fasteigna hjá Reykjavíkurborg, segir, að samkvæmt gögnum frá Fasteignamati ríkisins hafi húseignin Starmýri 2 verið metin eins og byggingarstig hússins segir til um á hverjum tíma og fasteignagjöld lögð á í samræmi við það. Því sé eignaskiptasamningur frá 9. apríl 1991 óraunhæfur, hvað varðar álagningarstofn og stærðarhlutföll fyrir álagningu gjalda á þann hluta eignarinnar, sem þegar hefur verið byggður, enda sé hann gerður eftir teikningum af samþykktum byggingarrétti.

Í bréfi Magnúsar Ólafssonar, forstjóra Fasteignamats ríkisins, til Gjaldheimtunnar í Reykjavík 29. október 1994 kemur fram, að að baki fasteignamati á eignarhluta þeim, sem hér um ræðir í fasteignaskrám frá 1. desember 1991 og 1. desember 1992, standi matsgerð, dagsett 4. október 1969. Matið í þessum fasteignaskrám sé framreiknað frá þeim tíma. Hið metna sé kjallari, að stærð 719 fermetrar, og 1. hæð, einnig að stærð 719 fermetrar, samtals 1438 fermetrar. Í fram lögðu bréfi sama aðila til sóknaraðila, dagsettu 19. desember sl., kemur fram, að samkvæmt fram lögðu ljósriti af skiptayfirlýsingu frá 1986 séu stærðir þessara eignarhluta tilgreindar með öðrum hætti, það er að segja kjallari, talinn 721 fermetri, en 1. hæð 711,7 fermetrar. Þá segir í bréfinu, að við þessa skekkju bætist, að samkvæmt matsgerðinni hafi með flatarmáli 1. hæðar verið talið yfirbyggt innskot við aðaldyr, 9,24 fermetrar að stærð. Hafi sá háttur verið í samræmi við reglu, sem notuð hafi verið fram til ársins 1977. Samkvæmt nýrri reglum beri að draga þessa 9,24 fermetra frá því flatarmáli, sem fékkst samkvæmt hinum eldri reglum. Flatarmál 1. hæðar sé því 711,7464 fermetrar. Samanlagt flatarmál 1. hæðar og kjallara samkvæmt þessu er 1432,7 fermetrar, en að baki fasteignamatinu

standa samkvæmt framanskráðu 1438 fermetrar. Af framangreindu þykir ljóst, að grundvöllur álagningar hinna umþrættu fasteignagjalda að þessu leyti er rangur. Verður þó ekki séð, að hve miklu leyti það breytir álagningu fasteignagjalda á þann eignarhluta, sem hér um ræðir, enda ekki hlutverk dómsins að leggja á slík gjöld. Hins vegar þykir rangur grunnur fasteignagjaldanna valda því, að við hann verður ekki miðað.

Sóknaraðili bendir á það kröfum sínum til stuðnings, að hvorki uppboðskaupandi né uppboðsþoli, varnaraðilar máls þessa, hafi nýtt sér kæruheimild samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 vegna lögveðs sóknaraðila. Hefðu varnaraðilar átt að nýta sér heimild 4. greinar áðurnefndra laga til að hnekkja því, að fjárhæð álagningarinnar væri rétt útreiknuð og á lögð. Ekki verður fallist á það með sóknaraðila, að vannýting á þessari leið eyði heimild varnaraðila til að hafa uppi mótmæli gegn úthlutun á uppboðsandvirði að þessu leyti.

Í 1. mgr. 77. gr. laga nr. 90/1991 segir, að í úrskurði héraðsdómara skuli kveðið á um staðfestingu, breytingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns. Með vísan til ofanritaðs þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja úthlutun sýslumannsins í Reykjavík á söluverði fasteignarinnar Starmýrar 2, eignarhluta 030101, sem seld var á nauðungaruppboði 30. september 1993.“

IV.

Hinn 26. júlí 1995 er fundur haldinn hjá sýslumanninum í Reykjavík „um mótmæli gegn frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar Starmýrar 2, ...“. Af hálfu varnaraðila þess máls var mótmælt „kröfugerð“ Gjaldheimtunnar í Reykjavík, þ. e., að úthlutað væri umdeildri lögveðskröfu skv. frumvarpi sýslumanns frá 3. desember 1993.

Í gerðabók sýslumanns segir svo um þetta: „... mótmælir kröfugerð Gjaldheimtunnar í Reykjavík með vísan til 3. mgr. (sic) 2. gr. l. nr. 94/1976, og fullnægir því kröfugerð Gjaldheimtunnar ekki skilyrðum 2. mgr. 49. gr. l. nr. 90/1991, ... Til vara er þess krafist, að krafan verði lækkuð, því að hún sé augljóslega studd röngum forsendum, og að álagningin verði miðuð við fermetrastærð, sem miðað er við ... þ. e. 989,7 fm. ...“. Fulltrúi Gjaldheimtunnar í Reykjavík taldi á hinn bóginn skylt að falla ekki frá innheimtu álagðra gjalda, enda væri það ekki hlutverk innheimtunnar að breyta álagningu eða álagningarstofni né að hlutast til um, að það væri gert. Þá segir í bókun, að fulltrúi sýslumanns ákveði að taka til greina mótmæli Helga Sigurðssonar hdl. og Árna Einarssonar hdl. og miða við varakröfu þeirra og lækka úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík um 529.414 kr. og hækka því hlutfallslega úthlutun til 1. veðréttarhafa um þessa fjárhæð.

Með bréfi, sem barst 9. ágúst 1995, var ágreiningi um ákvörðun sýslumanns skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur.

V.

Sóknaraðili vitnar til, að lögð hafi verið fasteignagjöld fyrir árin 1992 og 1993 á eignarhluta uppboðsþola. Álagning hafi ekki verið kærð, eins og heimilt sé skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, en gjöldunum fylgi lögveð í viðkomandi eign skv. 7. gr. sömu laga. Miðað er við, að til grundvallar álagningu fasteignagjalda 1992 og 1993 liggi lögmæt ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 4. gr. sömu laga, en upplýst sé, að álagningin miðist við skiptayfirlýsingu frá því í apríl 1986, þar sem eignarhluti uppboðsþola er talinn 54,8%. Þá er talið rangt, að við úthlutun uppboðsandvirðis beri að miða við eignaskiptasamning frá 9. apríl 1991, þar sem eignarhluti uppboðsþola er talinn 44,6251%, enda sé mælt fyrir um álagningargrunn fasteignagjalda í 3. gr. laga nr. 90/1990, sbr. 2. mgr. i. f., sem segi, að stofn til álagningar skuli vera fasteignamat. Því er mótmælt, að það sé á færi eða í verkahring sýslumannsins í Reykjavík að endurmeta ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu fasteignagjalda. Þá var við munnlegan flutning málsins staðhæft, að varnaraðilum þessa máls hefði við uppboðið verið ljóst, að hverju þeir gengju varðandi álögð gjaldfallin fasteignagjöld, er fylgdu eigninni sem lögveð, og hafi þeir því getað tekið mið af því, er þeir buðu í eignina.

VI.

Varnaraðilar skírskota til þess, að eignin Starmýri 2 skiptist í aðalhús og litla hús, en heildarfermetrafjöldi aðalhússins sé 1438 m^2. Þá hafi skv. skiptayfirlýsingu frá því í apríl 1986 aðalhúsinu verið skipt í fjóra sérgreinda eignarhluta, sem skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1976 hafi verið skylt að fara með sem fjórar fasteignir, þannig, að álagningarstofn hvers eignarhluta fyrir sig yrði sérstakur. Þessum reglum hafi hins vegar ekki verið fylgt. Fasteignamat ríkisins hafi gefið upp álagningarstofn fasteignaskatts varðandi eignarhluta, er hér um ræðir, eins og samanlagður fermetrafjöldi allra eignarhluta í húsinu stæði honum að baki, og ekkert tillit tekið til skiptingar eignarinnar, eins og lög gera ráð fyrir. Staðhæfing sóknaraðila um, að upplýst sé, að álagningin sé miðuð við skiptayfirlýsinguna, sé röng. Það sé hins vegar upplýst, að álagningin sé miðuð við heildarfermetrafjölda, eins og eigninni hafi ekki verið skipt í fjóra hluta. Engin sérgreind álagning sé því á þeim hluta fasteignarinnar, sem seldur var á uppboðinu. Þau gögn, sem fylgja kröfulýsingu sóknaraðila í uppboðsandvirðið, varði álagningarstofn á fasteignina, eins og henni hafi ekki verið skipt í apríl 1986. Sóknar-

aðili eigi því ekki tilkall til greiðslu á þessum grundvelli, og beri því að hafna kröfu hans um úthlutun af uppboðsandvirði.

Varakröfu sína reisa varnaraðilar á því, að taka eigi mið af eignaskiptasamningi, sem þinglýst var 24. október 1991, um grundvöll álagningar fasteignagjalda, en þessi eignaskiptasamningur sé samkvæmt útreikningum byggingarfulltrúans í Reykjavík. Við nauðungarsöluna hafi eignarhlutanum verið lýst sem 44,6251%, sem vísi beint til þessa eignaskiptasamnings. Sá eignarhluti, sem seldur var á nauðungaruppboðinu, sé því minni en fasteign, sem útreikningur álagningar fasteignagjalda er miðaður við. Varnaraðilar staðhæfa, að sveitarfélagið hafi lagt á gjöld óháð þessum eignaskiptasamningi, sem þó hafi verið staðfestur. Alkunna sé, að söluverð atvinnuhúsnæðis sé miðað við fermetraverð, og sé því varakrafan byggð á því, að rýrnun á fermetrafjölda hafi hlutfallsleg áhrif til lækkunar fasteignagjalda, eða 1.545.466 × 935/1438 = 1.016.052, sem sé lækkun, er nemi 529.414 krónum.

Þrautavarakröfu sína segjast varnaraðilar byggja á því, að skv. núgildandi skráningu Fasteignamats ríkisins sé hinn seldi eignarhluti alls 985,7 fermetrar, og beri því að lækka álagninguna miðað við þá leiðréttingu, sem gerð hafi verið við endurmat, eftir að eignin var seld frjálsri sölu eftir nauðungaruppboðið. Færri fermetrar eigi því að leiða til hlutfallslegrar lækkunar fasteignagjalda eða 1.545.466 × 989,7/1438 = 1.063.663, sem sé lækkun, er nemi 481.802 krónum.

Þrautaþrautavarakröfu sína segjast varnaraðilar byggja á því, að skv. skiptasamningi frá apríl 1986 hafi samanlagður fermetrafjöldi fyrir skiptingu eignarinnar verið 1.084,7 fermetrar. Færri fermetrar eigi því að leiða til hlutfallslegrar lækkunar fasteignagjalda eða 1.545.466 × 1.084,7/1438 = 1.165.763, sem sé lækkun, er nemi 379.703 krónum.

Varnaraðilar mótmæla þeirri málsástæðu sóknaraðila, að útilokað sé að hafa uppi mótmæli við úthlutun uppboðsandvirðis að því leyti, sem um áhvílandi fasteignagjöld sé að ræða, hafi álagning þeirra ekki verið kærð skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, enda hafi héraðsdómur ekki fallist á þessa málsástæðu sóknaraðila í úrskurði 25. janúar 1995.

Um lagarök vísa varnaraðilar til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1976, 3. gr. laga nr. 90/1990 og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1992. Um málskostnað er vísað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, og þar sem varnaraðilar séu ekki virðisaukaskattsskyldir samkvæmt lögum nr. 50/1988, beri því nauðsyn til, að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar, eigi þeir að vera skaðlausir.

VII.

Í máli þessu er ágreiningur um gjaldstofn fasteignagjalda, sem lögð voru á hluta fasteignarinnar Starmýrar 2 í Reykjavík árin 1992 og 1993. Ekki er ágreiningur um, að hér er um verslunarhúsnæði á 1. hæð og í kjallara svonefnds aðalhúss að ræða, merkt 030101. Hluti þessi var seldur á nauðungaruppboði 30. september 1993, eins og greint hefur verið frá.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér á við, segir, að verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr., skuli vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þá segir, að þeim úrskurði megi skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Síðan segir, að verði ágreiningur um gjaldskyldu, skeri yfirfasteignamatsnefnd úr, en úrskurðum nefndarinnar megi skjóta til dómstóla.

Af þessu mætti ætla, að Fasteignamat ríkisins ætti að fjalla formlega um álagningarstofna fasteignaskatts, áður en ágreiningur um þá verður borinn undir dómstóla, enda er það í samræmi við nokkra hefð í þeim efnum, að stjórnvöld taki fyrst formlega á slíkum ágreiningi og geti með því móti leiðrétt þegar í stað augljóslega rangan grundvöll álagningar, áður en dómstólar skera úr málum, og mætti það teljast hluti af eðlilegri gagnaöflun fyrir úrlausn dómstóla, komi til þeirra kasta.

Í þessu sambandi skal vísað til hrd. frá 5. maí 1975 í máli nr. 87/1974, þar sem deilt var um réttmæti álagningar fasteignaskatts. Í forsendum dómsins segir m. a.: „Gjaldheimta þessi byggist á ákvæðum II. kafla laga nr. 8/1972. Í 3. mgr. 4. gr. laganna segir: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna“. – Ágreiningsefni það, sem hér er um fjallað, hefur ekki verið lagt til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Verður það því að svo vöxnu máli eigi borið undir dómstóla, ...“ Til þessa dóms hefur verið horft í þessu efni hingað til.

Nú ber svo við, að Hæstiréttur tekur þá afstöðu í dómi sínum 28. september 1994 í málinu nr. 317/1994, að héraðsdómaranum beri að ganga eftir, að lögð verði fram í málinu gögn um álagningu umdeildra fasteignagjalda eða grundvöll hennar. Af því verður ráðið, að héraðsdómaranum var rétt að fjalla um ágreiningsefni aðila, þegar umræddra gagna hafði verið aflað, þótt ljóst væri, að Fasteignamat ríkisins hafði ekki lagt úrskurð sinn á málið. Var það og gert og úrskurður kveðinn upp 25. janúar 1995. Niðurstaðan varð sú, að úthlutun sýslumannsins frá 30. desember 1993 var ómerkt, þar eð grundvöllur álagningar væri rangur, eins og greint var frá.

Þó að málum væri svo komið, taldi sóknaraðili sér ekki skylt að hlutast til um, að álagningarstofni og þá álagningu yrði breytt, og krafðist enn

óbreyttrar úthlutunar af uppboðsandvirði skv. upphaflegu frumvarpi. Ekki var við því að búast, að varnaraðilar sættu sig við það frekar en áður, eins og kom á daginn. Sýslumaður ákvað þá 26. júlí 1995 að taka til greina kröfu varnaraðila um, að úthlutun til sóknaraðila yrði miðuð við, að álagning gjalda væri reiknuð á grundvelli þess, að hinn seldi eignarhluti væri 945,4 fermetrar, eins og skiptasamningur frá 9. apríl 1991 sagði til um, og lækkaði því úthlutun til sóknaraðila um 529.414 krónur og hækkaði úthlutun til 1. veðréttarhafa um þessa fjárhæð, og skyldi hún skiptast hlutfallslega á milli veðréttarhafa.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990 segir um fasteignaskatt í 4. gr. II. kafla laganna, að sveitarstjórn annist álagningu skattsins. Dómstólar eiga aftur á móti úrskurðarvald um embættistakmörk stjórnvalda og eru því bærir til að kveða á um, hvort álagning fer fram með löglegum hætti eða ekki, en geta á hinn bóginn skv. viðurkenndri skilgreiningu ekki lagt á skatta í stað sveitarstjórnar. Formleg ákvörðun sveitarstjórnar um nýja álagningu vegna endurmats á álagningarstofni varð því til að koma, svo að sýslumanni væri heimilt að úthluta annarri greiðslu af uppboðsandvirði eignarinnar vegna umdeildrar lögveðskröfu sóknaraðila en sóknaraðili krafðist að stofni til.

Nú verður að telja, að varnaraðilar hafi sýnt fram á og fengið viðurkennt með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. janúar 1995, sem ekki hefur verið hnekkt, að grundvöllur álagningar umþrættra fasteignagjalda sé rangur, eins og þar segir. Verður því ekki fallist á, að sýslumanni beri að úthluta óbreyttum fasteignagjöldum frekar en að honum sé heimilt að breyta þeim án ákvörðunar sveitarstjórnar. Er þá ekki annað fyrir hendi en að fallast á aðalkröfu varnaraðila, að hafnað verði kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík um úthlutun af uppboðsandvirðinu.

Samkvæmt framansögðu verður úthlutun sýslumannsins í Reykjavík frá 26. júlí 1995 á söluverði fasteignarinnar Starmýrar 2, eignarhluta 030101, sem seld var á nauðungaruppboði 30. september 1993, breytt í þá veru, að hafnað er kröfu sóknaraðila um úthlutun.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Úthlutun sýslumannsins í Reykjavík frá 26. júlí 1995 á söluverði fasteignarinnar Starmýrar 2, eignarhluta 030101, er breytt þannig, að hafnað er kröfu sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, um úthlutun.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum, Kaupþingi hf., Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðnum 50.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1996.

Nr. 59/1996. **Ásgeir Lúðvíksson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Berthu Þórarinsdóttur
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Óvígð sambúð. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1996, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að fram færu opinber skipti til fjárslita milli hennar og sóknaraðila vegna slita á óvígðri sambúð. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um opinber skipti til fjárslita milli málsaðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Opinber skipti til fjárslita milli varnaraðila, Berthu Þórarinsdóttur, og sóknaraðila, Ásgeirs Lúðvíkssonar, skulu fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 18. desember 1995.

Sóknaraðili er Bertha Þórarinsdóttir, kt. 150345-3759, Gnoðarvogi 38, Reykjavík.

Varnaraðili er Ásgeir Lúðvíksson, kt. 240337-4449, Stórageröi 36, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að opinber skipti fari fram til fjárslita á milli aðila málsins vegna slita á óvígðri sambúð. Þá krefst hún málskostnaðar að við bættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun auk refsimálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og varnaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati dómsins að við bættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

II.

Málsaðilar hófu sambúð árið 1974, en varnaraðili skráði þó lögheimilisfang sitt á starfsstöð fyrirtækisins Vísis hf. í Grindavík til 15. ágúst 1990, að hann flutti það í Gnoðarvog 38 hér í borg. Aðilar slitu sambúð á árinu 1994, og flutti varnaraðili lögheimilisfang sitt frá sóknaraðila 31. maí 1995.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að útgerðarfyrirtæki varnaraðila, Vísir hf., hafi eflst mjög á sambúðartíma aðila, en varnaraðili hafi selt fyrirtækið í árslok 1989. Sóknaraðili hafi hins vegar við upphaf sambúðar átt íbúð sína að Gnoðarvogi 38 hér í borg. Varnaraðili hafi á sambúðartímanum keypt fasteignina nr. 7 við Stjörnusteina, Stokkseyri, og þá hafi hann nýlega keypt íbúð að Stórageröi 36 hér í borg. Enn fremur hafi varnaraðili erft hluta húsnæðis að Kleppsvegi 150-152 eftir föður sinn, áður en til sambúðar stofnaðist. Varnaraðili hafi ekki orðið við ítrekuðum tilmælum um að ganga til samninga um fjárslit vegna sambúðarslitanna þrátt fyrir áskoranir þess efnis og sóknaraðila því nauðugur einn kostur að beiðast opinberra skipta, en hún telji sig eiga kröfur á hendur varnaraðila vegna eignamyndunar á sambúðartímanum.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að ekki hafi verið fjárfélag með aðilum, en ljóst sé af 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 og eðli máls, að um fjárslit samkvæmt 100. gr. sömu laga geti ekki verið að ræða, nema fjárfélag hafi verið með þeim, sem skipta krefst, og þeim, er krafan beinist að. Í kröfu sóknaraðila komi fram, að aðilar hafi ekki verið í skráðri sambúð, og þá hafi við þingfestingu málsins verið bókuð yfirlýsing eftir sóknaraðila um, að málsaðilar hafi ekki talið fram saman. Loks sé upplýst, að varnaraðili hafi

átt lögheimilisfang í Grindavík til 15. ágúst 1990, en á heimili sóknaraðila frá þeim tíma til 31. maí 1995. Sameiginlegt heimilisfang sé á hinn bóginn hvorki sönnun að fjárfélagi né leiði það líkur að því. Auk þess leggi varnaraðili einnig sérstaka áherslu á, að samkvæmt skýrum og ótvíræðum ákvæðum 1. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 taki þau lög ekki til óvígðrar sambúðar, og séu fræðimenn sammála um, að þeim verði ekki beitt með lögjöfnun um slíka sambúð. Til þess að fjárfélag stofnist með sambúðarfólki, þurfi því að vera um sameiginlega eignamyndun að ræða.

IV.

Úrlausn í máli þessu lýtur einvörðungu að því, hvort skilyrðum 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. sé fullnægt, þannig, að krafa sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita milli aðila nái fram að ganga.

Samkvæmt fyrrnefndri lagagrein getur sambúðarfólk, annað þeirra eða þau bæði, krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra, hafi þau búið saman að minnsta kosti tvö ár. Óumdeilt er, að málsaðilar voru í sambúð um tuttugu ára skeið, frá árinu 1974 til ársins 1994. Er því fullnægt lagaskilyrðum til þess, að krafa sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita á milli aðila verði tekin til greina. Við eftirfarandi skiptameðferð mun hins vegar meðal annars reyna á, hvort fjárfélag hafi stofnast með aðilum og hvernig farið verður með skiptingu eigna og skulda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla skiptalaga.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita milli aðila til greina.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 25.000 kr. án virðisaukaskatts, en eigi þykja efni til að úrskurða varnaraðila til greiðslu refsimálskostnaðar, svo sem sóknaraðili krefst.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Tekin er til greina krafa sóknaraðila, Berthu Þórarinsdóttur, að opinber skipti fari fram á búi hennar og varnaraðila, Ásgeirs Lúðvíkssonar, vegna slita á óvígðri sambúð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 64/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Benedikt Orra Viktorssyni
(Ásgeir Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 2. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Benedikt Orra Viktorssyni, kt. 221067-4529, til lögheimilis að Torfufelli 34, dvalarstaður Drápuhlíð 4, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 9. febrúar nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 248., 120. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 18. f. m. vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans og annarra manna með sviðsetningu nokkurra umferðarslysa, þjófnaðar bifreiðar og síðan íkveikju hennar og þannig svikið

út tryggingafé. Auk þess liggur hann undir grun um að hafa undirbúið sviðsetningu fjórða umferðarslyssins í fjársvikaskyni.

Kærði hefur nú játað aðild sína að öllum framangreindum málum; síðast nú í dóminum játaði hann að hafa sviðsett umferðarslys á Reykjanesbraut í október 1993 og að hafa svikið út u. þ. b. tvær og hálfa milljón króna vegna þess. Hvað önnur tilvik varðar, sem til rannsóknar eru, gerir kærði minna úr hlut sínum en meðkærðu hafa borið, en þeir hafa greint frá því, að kærði hafi verið aðalskipuleggjandi í þeim tilvikum.

Samkvæmt framansögðu er rökstuddur grunur um brot kærða gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókn þessara mála sýnist hins vegar svo vel á veg komin, að ekki þykir ástæða til að ætla, að kærði muni torvelda rannsókn, verði hann látinn laus. Verður því ekki fallist á að láta kærða sæta gæsluvarðhaldi vegna þessa á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að undanförnu einnig unnið að rannsókn vopnaðs ráns, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu 54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit þeirra, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu að svo búnu á braut með peningana.

Kærði hefur staðfastlega neitað því að hafa átt nokkurn þátt í ofangreindu ráni með einum eða öðrum hætti. Við rannsókn málsins hefur komið fram, að kærði hefur leitað eftir að fá til liðs við sig menn til að fremja vopnað rán í bankaútibúi á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í gögnum málsins, að kærði hefur lagt fyrir menn þessa áætlun um ránið og þeir verið búnir að hrinda hluta áætlunarinnar í framkvæmd, er þeir hurfu frá þátttöku. Félagar kærða hafa skýrt frá því, að áætlun sú, sem kærði kynnti þeim, sé í öllum grundvallaratriðum hin sama og gekk fram samkvæmt fréttum, þegar ránið var framið 18. desember sl. Sem fyrr segir, hefur kærði neitað aðild að ráninu.

Þegar rannsóknargögn málsins eru virt, þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindu ráni nægilega sterkur, til að telja megi hann rökstuddan. Myndi brotið, ef sannaðist, geta varðað kærða fangelsisrefsingu skv. 252. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókn á aðild kærða að framangreindu bankaráni er enn á frumstigi. Ljóst er, að um umfangsmikla og tímafreka rannsókn er að ræða, þar sem þrír aðrir menn hafa til skamms tíma setið í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar, auk þess sem fjöldi

fólks hefur verið yfirheyrður. Þá hafa lögreglu borist tugir vísbendinga vegna bankaránsins, og telur lögregla sumar þeirra tengjast kærða eða einstaklingum, sem tengjast honum með einum eða öðrum hætti. Veruleg hætta þykir því á, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, m. a. með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Benedikt Orri Viktorsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 9. febrúar nk. kl. 16.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 209/1994. **Hallgrímur Viggó Marinósson**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1994 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með vöxtum eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. febrúar 1992 til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1993 sýknaður af öllum kröfum, sem ákæruvald gerði á hendur honum vegna eldsvoða í húsinu Borgartúni 32 aðfaranótt 3. febrúar 1992. Í sýknudóminum eru töluverðar líkur taldar fyrir sekt áfrýjanda, en jafnframt segir þar, að varhugavert þyki að slá því föstu, að hann sé sekur um það, sem honum var gefið að sök í ákæru.

II.

Þegar bruninn varð, hafði áfrýjandi rekið Sportklúbbinn frá 1. nóvember 1991 eða í þrjá mánuði. Keypti hann aðstöðu, áhöld og tæki til rekstrarins og greiddi kaupverðið með skuldabréfum og víxlum. Hluti kaupverðsins og nokkrar aðrar skuldir tengdar rekstri áfrýjanda féllu í gjalddaga 1. febrúar 1992. Eftir gögnum málsins

gekk rekstur Sportklúbbsins illa, og verður ekki annað séð en rekstur hans hafi verið kominn í ógöngur fjárhagslega. Áfrýjandi keypti 17. janúar 1992 vátryggingu á lausafé, að fjárhæð 30.500.000 krónur, rekstrarstöðvunartryggingu og fleiri vátryggingar vegna Sportklúbbsins. Gögn um greiðslu vátryggingarbóta liggja ekki fyrir í málinu.

Leggja verður til grundvallar þá niðurstöðu dómsins 11. mars 1993, að orsök eldsvoðans hafi verið sú, að eldur var lagður í húsið með „rokfimum lífrænum efnum“ á þremur stöðum á fyrstu hæð. Áfrýjandi segir húsið hafa verið mannlaust, þegar hann fór úr húsinu og hélt heimleiðis. Mikill eldur var í húsinu, skömmu eftir að áfrýjandi fór þaðan, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Ekki eru fyrir hendi ákveðnar vísbendingar um, að aðrir hafi farið inn í húsið á þeim stutta tíma, sem hér um ræðir. Þegar litið er til þess og jafnframt haft í huga það, sem áður greinir um fjárhagserfiðleika áfrýjanda, verður ekki talið líklegra, að áfrýjandi sé saklaus en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var ákærður fyrir, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú b-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hallgrímur Viggó Marinósson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun lögmanns hans, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 12. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Hallgrími Viggó Marinóssyni, kt. 160744-3329,

Dragavegi 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 3. september 1993, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 kr., ásamt [vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilfelli verði málskostnaður látinn niður falla.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 3. febrúar 1992 kom upp eldur í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík, sem stefnandi rak, og hafði hann á leigu húsnæðið að Borgartúni 32. Sömu nótt var stefnandi færður til yfirheyrslu til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hinn 4. febrúar 1992 kom stefnandi fyrir sakadóm Reykjavíkur til yfirheyrslu vegna kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum sama dag, var stefnandi úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. febrúar kl. 16.00. Þann dag framlengdi sakadómur gæsluvarðhaldsvistina að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 14. sama mánaðar kl. 16.00, en þann dag var stefnandi látinn laus úr haldi.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 22. desember 1992, var stefnandi ákærður fyrir brennu með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar 1992 lagt eld að þremur stöðum á fyrstu hæð í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík, í anddyri neðst í stigagangi, á bar og við sviðshorn, þar sem ruslapokar stóðu, og notað til þess rokfim efni. Var brotið talið varða við 164. gr. l. nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. s. l.

Ákærða var einnig gefið að sök að hafa með framangreindum eldsvoða gert tilraun til vátryggingarsvika, en hann hafði keypt samsetta vátryggingu, sem í var m. a. fólgin rekstrarstöðvunartrygging, að vátryggingarfjárhæð 14.730.000 kr., hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., og tók tryggingin gildi 17. janúar 1992. Var brotið talið varða við 248. gr., sbr. 20. gr. l. nr. 19/1940.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 11. mars 1993, var stefnandi sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds.

Stefnandi krefst miskabóta fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa þjáðst bæði andlega og líkamlega í einangrun gæsluvarðhaldsins. Hann hafi gersamlega misst matarlyst og lést um 10 kg. Gerir hann kröfu um 1.500.000 kr. í miskabætur.

Þegar fréttist um handtöku stefnanda í tengslum við brunann, hafi upp hafist mikið fjölmiðlafár gegn honum, þar sem segja megi, að hann hafi raunverulega verið sakfelldur án dóms og laga. Allt hafi þetta valdið stefnanda og fjölskyldu hans miklum sárindum, þjáningum og röskun á stöðu og högum. Stefnandi hafði bundið miklar vonir við ábatasaman rekstur Sportklúbbsins, og hafi hann haft tiltekin áform á prjónunum í þeim efnum. Allt hafi þetta orðið að engu við brunann, og nú vinni hann sem sendibílstjóri í Reykjavík, og sé hætt við, að hann missi hús sitt vegna þessa áfalls.

Um bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju vísar stefnandi til 150. gr., 152. gr., sbr. 155. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. ákvæði 175. gr., 176. gr. og 179. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður bótaskilyrði a-liðar 176. gr. l. nr. 19/1991 vera þau, að lögmæt skilyrði hafi brostið til þeirra aðgerða, sem þar um ræðir. Engu slíku sé til að dreifa, og verði að líta svo á, að ekki sé á því byggt skv. stefnu í málinu.

Bótaskilyrði b-liðar 176. gr. sé, að ekki hafi verið nægilegt tilefni til frelsissviptingarinnar eða framkvæmd hennar hafi verið áfátt, eins og þar greini. Að því er taki til þess, hvort nægilegt tilefni hafi verið til gæsluvarðhalds, sé nær að spyrja, hvort það hefði ekki verið mikill galli á lögreglurannsókn, hefði stefnandi ekki verið látinn sæta einangrun. Svarið hljóti að vera játandi. Megi glöggt sjá þetta af dskj. nr. 3.

Af hálfu stefnanda sé því ekki haldið fram í stefnu, að gæsluvarðhald hafi verið framkvæmt á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, eins og segi í b-lið greinarinnar. Í málinu liggi ekki annað fyrir en stefnandi hafi sætt venjulegri vist gæslufanga, og lýsing hans á líðan sinni í fangelsinu sé ósönnuð. Stefndi beri enga ábyrgð á henni. Sama sé um umræðu í fjölmiðlum um mál stefnanda. Slík umræða sé ekki á ábyrgð ríkissjóðs.

Forsendur héraðsdómara á bls. 31–34 á dskj. nr. 3 beri glögglega með sér, að meiri líkur verði að telja til þess, að stefnandi málsins sé sekur um þá háttsemi, sem hann var ákærður fyrir, heldur en saklaus. Af hálfu stefnanda í stefnu sé ekki vísað til þess, að skilyrðum 175. gr. sé fullnægt.

Ljóst sé, að ekki sé til að dreifa bótaábyrgð ríkissjóðs í málinu. Af hálfu

stefnda sé gerð krafa um málskostnað skv. 178. gr. oml. og 130. gr. eml. Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á stefnukröfum. Dómkrafan sé fjarri lagi og ekki í samræmi við dómvenju.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 150., 152. og 155. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, eins og áður hefur komið fram. Ekki liggur fyrir, að um skilyrði 1. mgr. 152. gr. laganna sé að ræða. Samkvæmt 2. mgr. 152. gr. segir, að um bætur fyrir gæsluvarðhald annars fari eftir 150. gr. Samkvæmt 2. tl. 150. gr. eru skilyrði þess, að bótakröfur megi taka til greina, þau, að rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin, vegna þess að sú háttsemi, sem sökunautur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Eins og áður hefur komið fram, var stefnandi máls þessa sýknaður af ákæru um íkveikju með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 11. mars 1993. Í dóminum, sem lagður hefur verið fram sem dómskjal nr. 3 í máli þessu, kemur fram, að sannað sé, að eldur hafi ekki kviknað af völdum rafmagns og að lagður hafi verið eldur í húsið með rokfimum, lífrænum efnum. Kemur enn fremur fram, að stefnandi (ákærði í því máli) hafi verið einn í húsinu, eftir að síðustu gestir fóru um kl. 23.30. Ekki var samræmi í framburði ákærða um tímasetningu á því, hvenær hann hvarf á brott úr húsinu, og kemst dómarinn að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt framburði ákærða svo og samkvæmt framburði eiginkonu hans og dóttur hafi hann farið úr húsinu í fyrsta lagi kl. 23.50 og í síðasta lagi kl. 0.10, en fyrsta tilkynning um eldsvoðann barst um kl. 0.22. Segir svo m. a. í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins: „Þegar lögregla kom á staðinn eftir tilkynningu til hennar, væntanlega 2–3 mínútum eftir kl. 0.25, virtist húsið fullt af reyk, og rauk út um hverja glufu og hvert gat á húsinu.“ Síðar í forsendunum segir svo:

„Þegar allt er virt, sem nú hefur verið rakið, hafa verið færðar fram töluverðar líkur fyrir því, að ákærði hafi kveikt í húsinu eða átt hlut að því, að það var gert, enda með ólíkindum, hve eldur var magnaður í húsinu skömmum tíma eftir brottför hans úr því, aðeins 10–20 mínútum síðar. Hins vegar var ekki kannað, að allar dyr hússins væru læstar, og fram er komið, að tvennar dyr á því hafi verið ólæstar, aðrar hugsanlega vegna elds, sem leikið hafði um þær. Þá er komið fram, að einhverjir, sem ekki er vitað, hverjir eru, hafi verið á ferð við húsið um það leyti, sem ákærði yfirgaf það, eða

eftir það. Þá verður ekki byggt um sök ákærða á áfenginu né sjónvarpsbúnaðinum í bifreið hans, enda hefur ákærði sýnt fram á, að hann hefði alveg eins getað fjarlægt ýmislegt annað verðmætt úr húsinu, sem þar hafi brunnið inni.

Þrátt fyrir töluverðar líkur fyrir sekt ákærða, þykir varhugavert að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi og áðurgreindum vafaatriðum, að nægjanlega margt sé fram komið, svo að fullvíst sé, að ákærði sé sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru, enda ber að meta allan vafa í málinu ákærða í hag. Ber því að sýkna ákærða af því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og þar með af brotum á 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga."

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, svo og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, er ekki fallist á, að skilyrði niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. l. nr. 74/1974, sbr. b-lið 2. tl. 175. gr. l. nr. 19/1991, séu fyrir hendi, og ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Samkvæmt 178. gr. l. nr. 19/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Magnúsar Thoroddsen hrl., 85.000 kr., úr ríkissjóði.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hallgríms Viggós Marinóssonar, Dragavegi 6, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Magnúsar Thoroddsen hrl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 372/1994. **Vilborg Soffía Karlsdóttir**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Ríkisútvarpinu
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1994 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 356.794 krónur, með tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, til vara, að dráttarvextir verði ekki dæmdir fyrr en frá þingfestingardegi í héraði 2. nóvember 1993 og málskostnaður falli þá niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi kveður málinu áfrýjað í því skyni að fá hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að skýra beri 7. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof og 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins með þeim hætti, að vinnuveitandi barnshafandi konu þurfi að vita um þungunina, til þess að hún geti notið þeirrar verndar, sem felst í þessum ákvæðum. Áfrýjandi unir við þá niðurstöðu héraðsdómara, að ósannað sé í málinu, að forsvarsmenn stefnda hafi haft vitneskju um þungun hennar, þegar uppsögn var tilkynnt henni.

Fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 57/1987 hljóðar svo: „Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.“ Í síðari málsgrein er kveðið á um bótaskyldu atvinnurekanda, brjóti hann gegn ákvæðum hinnar fyrri. 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 er samhljóða fyrsta málslið 1. mgr. lagagreinarinnar.

Lagaákvæði samhljóða 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 kom fyrst í

lög með 1. gr. laga nr. 97/1980 um fæðingarorlof og breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 og varð 9. mgr. 16. gr. síðast greindra laga. Í athugasemdum við frumvarp til laganna er ekki að finna skýringu á lagaákvæðinu. Hana er ekki heldur að finna í frumvarpi, er varð að lögum nr. 57/1987.

Almennt þarf atvinnurekandi ekki að greina ástæður fyrir uppsögn úr starfi. Með umræddu lagaákvæði var barnshafandi konum veitt sú réttarbót að vera verndaðar fyrir uppsögn úr starfi nema af gildum ástæðum. Eðlilegust skýring á lagaákvæði þessu, sem og á sér nokkra stoð í lögskýringargögnum, er, að ekki megi láta konu gjalda þess, að hún sé barnshafandi. Þungun konu má því ekki vera ástæða uppsagnar, heldur verða aðrar og gildar ástæður að koma til. Ef vinnuveitandi hefur ekki vitneskju um þungun konu, þegar henni er sagt upp starfi, getur þungunin ekki verið ástæða uppsagnarinnar. Reglan getur því ekki átt við, þegar um vitneskju vinnuveitandans er ekki að ræða. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. október 1993, af Vilborgu Soffíu Karlsdóttur, Miðbraut 16, Seltjarnarnesi, gegn Ríkisútvarpinu, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar, að fjárhæð 356.794 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 83.713 kr. frá 1. júní 1991 til 1. júlí 1991, af 175.524 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1991, af 262.444 kr. frá þeim degi til 1. september 1991, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, þ. á m. kostnaðar stefnanda af virðisaukaskatti. Enn fremur er gerð krafa um, að áfallna dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. heimild í 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Verði ekki á sýknukröfuna fallist, er til vara krafist sýknu af dráttarvaxtakröfu stefnanda fram til þingfestingardags máls þessa eða dæmt, að hún beri dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Málavextir.

Stefnandi réð sig til starfa hjá stefnda, Ríkisútvarpinu, tónlistardeild, með skriflegum ráðningarsamningi dags. 20. september 1990. Um tímabundna ráðningu var að ræða, og skyldi starf hefjast 1. september 1990, en ljúka 31. ágúst 1991. Í ráðningarsamningi segir, að ef ráðning er tímabundin, skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður, ef slíta skal ráðningu, áður en hún fellur úr gildi af sjálfu sér.

Hinn 21. janúar 1991 fékk stefnandi uppsagnarbréf frá stefnda, þar sem henni var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. febrúar 1991. Skyldi uppsögnin því koma til framkvæmda um mánaðamót apríl/maí 1991. Engar ástæður fyrir uppsögn voru tilgreindar í uppsagnarbréfinu.

Stefnandi hafði orðið barnshafandi í nóvember 1990, og ól hún barn í ágúst 1991.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 10. apríl 1991, var uppsögninni mótmælt og skorað á stefnda að draga hana til baka. Uppsögninni var mótmælt á þeim forsendum, að óheimilt væri skv. 13. gr. reglugerðar um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989 og skv. 7. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður væru til. Auk þess hafi Soffía verið ráðin tímabundinni ráðningu til loka ágúst 1991. Hafi aldrei verið minnst á það við hana, að ráðningu mætti rjúfa með uppsagnarfresti, enda tíðkist slíkt ekki, þegar um tímabundna ráðningu vinnusamninga til skamms tíma sé að ræða.

Af hálfu stefnda var þessu mótmælt með bréfi, dags. 2. maí 1991, og því haldið fram, að yfirmönnum stefnda hefði ekki verið kunnugt um, að stefnandi væri barnshafandi.

Stefnandi telur hins vegar, að vissum yfirmönnum stofnunarinnar hafi verið kunnugt um, að hún væri barnshafandi, þegar henni var sagt upp. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hvorki í bréfinu frá 2. maí né síðar hafi verið gerð tilraun til þess að tilgreina gildar ástæður fyrir uppsögninni.

Af hálfu stefnda er að því vikið í greinargerð um málavexti, að skömmu eftir að stefnandi fékk uppsagnarbréf sitt, hafi hún rætt við starfsmanna-

stjóra stefnda á skrifstofu hans. Hafi stefnandi verið ósátt við uppsögnina og haft aðrar meiningar en yfirmenn stefnda um frammistöðu sína í starfi.

Stefnandi hafi starfað sem umsjónarmaður með morgunútvarpi og komið fram í beinni útsendingu. Mat yfirmanna Ríkisútvarpsins hafi verið, að stefnandi réði ekki við starf sitt, sem falist hafi í vali og kynningu tónlistaratriða, tímaskipulagningu og kynningu annarra dagskráratriða morgunútvarpsins á Rás 1 milli kl. 7 og 9 á morgnana.

Þegar stefnandi hafi lýst ósætti sínu vegna uppsagnarinnar, hafi hún ekki minnst einu orði á þungun sína. Hafi forsvarsmenn stefnda fyrst frétt af þungun stefnanda frá Gesti Jónssyni hrl., sem hringt hafi til starfsmannastjóra nokkuð á undan bréfi því, er hann ritaði 10. apríl 1991.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að skv. 7. gr. laga nr. 57/1987 og 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins sé óheimilt að segja barnshafandi konu upp störfum án þess að tilgreina gildar ástæður.

– – –

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að þar sem forsvarsmönnum hans hafi verið ókunnugt um þungun stefnanda, þegar ráðningarrof voru ákveðin, sé ljóst, að hvorki hafi þungunin verið ástæða uppsagnarinnar né aðstæður eða ástæður, sem tengdust eða vörðuðu þungun stefnanda.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram er komið, er í máli þessu deilt um túlkun á 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 og hvort stefnandi í því tilviki, sem hér um ræðir, njóti réttarverndar skv. greininni.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 er óheimilt að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Telja verður, að með ákvæði þessu sé verið að koma í veg fyrir, að konu verði sagt upp starfi af þeirri ástæðu, að hún er barnshafandi. Líta verður því svo á, að skilyrði fyrir því, að greininni verði beitt, sé, að vinnuveitanda konunnar sé kunnugt um þungun hennar.

Ágreiningur er um það í málinu, hvort forsvarsmönnum stefnda var kunnugt um þungun stefnanda eða ekki. Telst stefnandi bera sönnunarbyrðina fyrir því, að forsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um þungun hennar, enda var það á valdi stefnanda að veita yfirmönnum sínum upplýsingar þar að lútandi.

Stefnandi bar fyrir dómi, að hún hefði um jólaleytið 1990 skýrt Guðmundi Emilssyni, tónlistarstjóra Ríkisútvarpsins, frá þungun sinni. Með

hliðsjón af framburði Guðmundar hér fyrir dómi telst þessi fullyrðing stefnanda ósönnuð. Dóra Ingvadóttir, þáverandi starfsmannastjóri, bar fyrir dómi, að hún hefði ekki vitað um þungun stefnanda, þegar ákvörðun um uppsögn var tekin.

Þegar framburður þessara aðila er virtur svo og gögn málsins, telst stefnanda ekki hafa tekist að sýna fram á, að forsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um það, að hún var barnshafandi, þegar henni var sagt upp störfum. Verður 7. gr. laga nr. 57/1987 því ekki beitt um það tilvik, sem hér er til umfjöllunar, og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vilborgar Soffíu Karlsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 257/1994. **Saltkaup hf.**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Samskipum hf.
(Valgarð Briem hrl.)

Farmsamningur. Fyrning. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1994 og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10.466.683 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 17. desember 1991. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, fór hinn umdeildi farmflutningur fram samkvæmt flutningssamningi, sem áfrýjandi gerði við forvera stefnda 7. desember 1990.

Ekki er leitt í ljós, að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni af atvikum, sem stefndi ber ábyrgð á eftir almennum skaðabótareglum.

Áfrýjandi reisir bótakröfur einnig á ákvæðum 68.-73. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Telur hann, að tjónið, sem mál þetta er risið af, verði rakið til koparmengunar salts í flutningi með skipinu Vakri frá Vestmannaeyjum til Hafnar í Hornafirði. Beri stefndi sem farmflytjandi ábyrgð á menguninni samkvæmt 68. gr. siglingalaga.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því fram, að bótakrafa sín sé ekki fyrnd, þar sem um sé að ræða endurkröfu, sem lúti reglum 216. gr. siglingalaga. Í því sambandi verður þó að líta til þess, að hér deila farmsamningshafi og farmflytjandi um réttarstöðu sína samkvæmt samningi, sem þeir gerðu með sér, og styður áfrýjandi bótakröfur sínar á hendur stefnda sem farmflytjanda við 68. gr. siglingalaga, eins og fyrr segir. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur 7. tl. 215. gr. siglingalaga beinlínis til þess. Hins vegar fjallar 216. gr. um

„Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt . . . 7. tölulið 215. gr. . . .“. Verður ekki fallist á, að krafa áfrýjanda sé endurkrafa í skilningi 216. gr. siglingalaga.

Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til röksemda héraðsdómara verður að telja, að kröfur áfrýjanda séu fyrndar samkvæmt 7. tl. 215. gr. siglingalaga. Þarf þá ekki að skera úr um, hvort bótaskilyrði 68. gr. laganna hafi annars verið fyrir hendi. Ber því að staðfesta héraðsdóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Saltkaup hf., greiði stefnda, Samskipum hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. maí 1992, af Saltkaupum hf., Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, gegn Samskipum hf., Sambandshúsinu, Kirkjusandi, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.466.683 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Til vara er gerð sú krafa, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og honum gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 7. desember 1990, gerðu Skipadeild Sambandsins og Saltkaup hf. með sér samning, þar sem Skipadeildin tekur að sér að flytja salt frá Spáni til Íslands svo og milli íslenskra hafna. Stefndi, Samskip hf., mun hafa tekið við réttindum og skyldum Skipadeildar Sambandsins, og er ekki ágreiningur um aðild málsins.

Saltið var annars vegar flutt með m/v Thiesa, sem stefndi hafði á leigu. Saltið var losað í Keflavík, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Grindavík. Þegar skipið var í Keflavík, voru losuð úr því 422 tonn af salti og það fært yfir í annað skip á vegum stefnda, m/s Vakur, sem flutti saltið í tveimur ferðum til Hornafjarðar og landaði saltinu þar 30. mars og 4. apríl 1991. Kaupandi saltsins var Kaupfélag Austur-Skaftfellinga (KASK), sem meðal annars starfrækir saltfisksverkun, og var saltið notað til þeirrar vinnslu. Þar uppgötvaðist svokölluð koparmengun í saltfiskinum, sem gerði það að verkum, að töluvert magn saltfisks skemmdist.

Hins vegar voru 3.300 tonn af salti flutt með m/v Aquila frá Spáni og því landað í Vestmannaeyjum, á Hornafirði, Eskifirði og Norðfirði. Var saltinu landað á Hornafirði 16. eða 22. apríl 1991.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Eins og áður er rakið, krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna tjóns, er hann telur sig hafa orðið fyrir, er saltfarmur í eigu hans skemmdist í flutningi skips á vegum stefnda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 68. gr. - 73. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en þar er fjallað um ábyrgð farmflytjanda á farmi. Í 1. mgr. 68. gr. laganna segir: „Skemmist farmur eða glatist, meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi, ber honum að bæta tjón, sem af því hlýst, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu."

Samkvæmt 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985 fellur skaðabótakrafa skv. 68. gr. laganna niður vegna fyrningar, ef henni er ekki fylgt eftir með lögsókn innan árs, frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.

Samkvæmt fullyrðingum stefnanda í sóknargögnum var fyrri saltfarminum landað 30. mars og 4. apríl 1991, en síðari farminum í síðasta lagi 22. apríl 1991, en þá fullyrðir stefnandi, að koparmengun hafi komið upp, eftir að búið var að landa farminum.

Mál telst höfðað með birtingu stefnu, sbr. 93. gr. laga nr. 91/1991. Stefna í máli þessu var birt 25. maí 1992. Var þá liðið meira en ár, frá því að seinni saltfarmurinn var afhentur, og krafa stefnanda því niður fallin fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985. Ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en stefndi hefur ekki gert grein fyrir því, hvort hann er virðisaukaskattsskyldur aðili eða ekki.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Saltkaupa hf.
Stefnandi greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 135/1995. **Landsbanki Íslands**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar
(Magnús Norðdahl hdl.)
(Atli Gíslason hrl.) **og**
til réttargæslu
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
sýslumanninum í Reykjavík
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.) **og**
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar
gegn
Landsbanka Íslands

Verðbréfaviðskipti. Fasteign. Veðbókarvottorð. Matsgerð. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 10. maí 1995. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 10.000.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.000.000 krónum frá 29. desember 1987 til 13. janúar 1988, en frá þeim degi af 10.000.000 krónum til greiðsludags. Varakröfur gagnáfrýjanda eru fimm. Í fyrsta lagi er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði verði hækkaður; í öðru lagi er krafist 17.966.017 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 10. mars 1990 til greiðsludags; í þriðja lagi er krafist 12.018.090 króna með sömu vöxtum frá 25. september 1989 til greiðsludags; í fjórða lagi er krafist annarrar lægri fjárhæðar með sömu vöxtum frá 13. janúar 1988 til greiðsludags; í fimmta lagi er krafist viðurkenningar

á „bótaábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda vegna kaupa hans hinn 29. desember 1987 og 13. janúar 1988 á 20 veðskuldabréfum, út gefnum af Guðjóni Pálssyni 22. desember 1987 og 5. janúar 1988, samtals að höfuðstól 10.000.000 kr.“. Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu, og láta þeir málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

Málið var höfðað á hendur aðaláfrýjanda vegna Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans, en þessi deild í Landsbanka Íslands heitir nú Samvinnubréf Landsbankans.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Samkvæmt verðmati 17. desember 1987 á jarðhæð fasteignarinnar nr. 27 við Fossháls í Reykjavík, sem aðaláfrýjandi kvaddi fasteignasala til að gera, var verð hennar talið vera 47.600.000 krónur, 34.000 krónur á fermetra. Var þá við það miðað, að um væri að ræða um það bil 1.400 fermetra jarðhæð með mikilli lofthæð. Við verðmat sama fasteignasala 9. nóvember 1989 var jarðhæðin sögð vera um það bil 1.050 fermetrar „á neðra gólfi og ca. 115 m^2 á efra gólfi, samtals 1165 m^2“. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna á verðmæti eignarinnar miðað við verðlag á uppboðsdegi hennar 25. september 1989 segir, að við mat beri að taka tillit til stærðar eignarinnar, almenns ástands hennar og upphaflegra efnisgæða. Síðan segir: „Eðlileg lækkun á verðmati eignarinnar miðað við að hún sé talin 1.400 m^2 í stað 1.050 m^2 miðast við 32.190 kr./m^2 og er 10,6 milljón krónur miðað við staðgreiðsluverð á verðlagi 25. september 1989.“ Þessari matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna frá 20. mars 1991 hefur ekki verið hnekkt. Verður að telja, eftir því sem fram er komið, að fasteignin og sannvirði hennar hafi ekki verið á þann veg, sem gagnáfrýjandi mátti gera ráð fyrir, þegar hann átti viðskipti við aðaláfrýjanda um veðskuldabréf í desember 1987 og janúar 1988. Aðaláfrýjandi ber í þessu tilliti ábyrgð gagnvart honum á þeirri sérfræðilegu álitsgerð, sem unnin var á hans vegum.

II.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að forstöðumaður verðbréfaviðskipta aðaláfrýj-

anda hafi eigi sýnt næga aðgæslu við meðferð þeirra veðskuldabréfa, sem gagnáfrýjandi keypti fyrir milligöngu hans. Forstöðumaðurinn bjó yfir sérfræðilegri þekkingu og reynslu í verðbréfaviðskiptum, og mátti gagnáfrýjandi því treysta á ráðgjöf hans. Samkvæmt þessu og þeirri niðurstöðu, sem greinir í I. kafla, ber aðaláfrýjandi fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, sbr. 14. gr. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, sem í gildi voru á þeim tíma, er viðskiptin fóru fram.

III.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna nam sannvirði fasteignarinnar á uppboðsdegi 25. september 1989 miðað við staðgreiðsluverð 35.400.000 krónum. Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna var hæstbjóðandi við nauðungarsöluna með 25.000.000 króna boð, og leysti gagnáfrýjandi það til sín skömmu síðar. Hann hefur gert grein fyrir því í málinu, að hann hafi af þessum sökum þurft að greiða og yfirtaka veðskuldir og uppboðskostnað, samtals að fjárhæð 34.686.591 krónu. Þá hafi hann og borið margvíslegan kostnað vegna kaupa á eigninni, samtals að fjárhæð 905.912 krónur. Aðaláfrýjandi hefur ekki sérstaklega borið brigður á þessar fjárhæðir. Verður því að telja, að gagnáfrýjandi hafi fengið eignina nánast á því verði, er dómkvaddir matsmenn töldu sannvirði á uppboðsdegi. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á það með matsgerð eða öðrum hætti, að þetta hlutfall milli sannvirðis eða markaðsverðs annars vegar og raunvirðis í hendi gagnáfrýjanda hins vegar hafi raskast. Verður tjón hans vegna viðskiptanna við aðaláfrýjanda því talið nema því tapi, sem felst í því, að gagnáfrýjandi fær ekkert endurgjald fyrir veðskuldabréfin á móti greiðslu sinni fyrir þau. Gagnáfrýjandi keypti þau með afföllum og tók áhættu á því, hvort hann fengi innheimt fullt endurgjald bréfanna eftir efni þeirra. Eins og hér háttar til og með hliðsjón af óvissu á verðbréfamarkaði og í fasteignaviðskiptum, þykir hann verða að bera þá áhættu sjálfur. Verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi eigi að fá endurgreitt kaupverð bréfanna. Hins vegar þykir rétt, að bótakrafa, sem þannig er vaxin, beri vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 fram til þess tíma, er fullnægjandi upplýsingar lágu fyrir um sennilegt umfang tjónsins, en dráttarvexti eftir það, sbr. 15. gr. lag-

anna. Þær komu ekki fram fyrr en í bréfi gagnáfrýjanda til lögmanns aðaláfrýjanda 28. ágúst 1991, eftir að matsgerð dómkvaddra matsmanna var fengin, en fyrsta kröfubréf gagnáfrýjanda 10. febrúar 1990 var ófullnægjandi að þessu leyti.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði gagnáfrýjanda, Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, 8.782.799 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 4.372.927 krónum frá 29. desember 1987 til 13. janúar 1988, en af 8.782.799 krónum frá þeim degi til 28. september 1991 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 950.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. apríl sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 12. nóvember 1991.

Dómur gekk í máli þessu 6. apríl 1993, en með dómi Hæstaréttar 28. mars sl. var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Stefnandi er Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, kt. 600870-0179, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefndu eru Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, vegna Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans, kt. 571162-0169, Bankastræti 7, Reykjavík, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík, og borgarfógetaembættið í Reykjavík, kt. 480169-6039, nú embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 10.000.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.000.000 krónum frá 29. desember 1987 til 13. janúar 1988, en frá þeim degi af 10.000.000 krónum til greiðsludags.

Til vara:

1. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 8.782.799 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 4.372.927 krónum frá 29. desember 1987 til 13. janúar 1988, en frá þeim degi af 8.782.799 krónum til greiðsludags.

2. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 17.966.017 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 10. mars 1990 til greiðsludags.

3. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 12.018.090 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 25. september 1989 til greiðsludags.

4. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 13. janúar 1989 til greiðsludags.

Við aðalmeðferð málsins 26. janúar sl. gerði stefnandi þá varakröfu, að viðurkennd yrði með dómi solidarisk bótaábyrgð stefndu á tjóni stefnanda vegna kaupa hans 27. janúar 1987 og 13. janúar 1988 á 20 veðskuldabréfum, út gefnum af Guðjóni Pálssyni 22. desember 1987 og 5. janúar 1988, samtals að höfuðstól 10.000.000 krónur.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs var varakröfu þessari mótmælt sem of seint fram kominni, en af hálfu stefnda Landsbanka Íslands var því ekki mótmælt, að hún fengi að komast að. Talsmaður stefnanda féll síðan frá kröfu þessari á hendur ríkissjóði og borgarfógetaembættinu.

Undir öllum kröfum stefnanda er gerð krafa um, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað í samræmi við málskostnaðarreikning, sem lagður var fram við aðalflutning málsins, og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Af hálfu stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og yfirborgarfógetans í Reykjavík er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á stefnukröfu og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands v/Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans er þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður af öllum köfum stefnanda á hendur sér, jafnframt því, sem stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Málavextir.

Stefnandi keypti 27. desember 1987 og 13. janúar 1988 20 veðskuldabréf af Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans, hvert að fjárhæð 500.000 krón-

ur, samtals að nafnverði 10.000.000 krónur, sem svarar til aðalkröfu. Helmingur bréfanna var út gefinn 22. desember 1987 og hinn helmingurinn 5. janúar 1988. Útgefandi var Guðjón Pálsson, kt. 170943-3769, Torfufelli 12, Reykjavík, og voru bréfin gefin út til Verslunarhússins sf., kt. 641086-1859, Gerðubergi 1, Reykjavík. Veðskuldabréfin voru tryggð með 9. og 10. veðrétti í 1. hæð fasteignarinnar nr. 27 við Fosshálsí Reykjavík. Kaupverð bréfanna var 8.782.799 krónur, sem jafngilda 1. varakröfu stefnanda. Hafði Guðjón Pálsson útbúið bréfin og farið með þau til þinglýsingar.

Stefnandi heldur því fram, að fyrir og við kaup stefnanda á bréfunum hafi stefndi Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans veitt rangar upplýsingar, annars vegar um stærð hinnar veðsettu fasteignar og hins vegar um skuldir tryggðar með veði í Fosshálsi 27 á undan hinum keyptu veðskuldabréfum. Var fasteignin sögð vera 1400 fermetrar og verðmat hennar reist á því, en síðar hafi komið í ljós, að eignin var 1050 fermetrar og að verðmatið hafi byggst á teikningum af allt annarri fasteign.

Þá fóru Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans fyrir kaupin eftir veðbókarvottorði frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík, dagsettu 14. desember 1987, þar sem ekki var getið veðskuldar við Iðnlánasjóð á 1. veðrétti samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 17. júlí 1979, upphaflega að höfuðstól 1.000.000 krónur, en þinglýst á Fosshálsi 27 6. maí 1981, að höfuðstól 626.159 krónur.

Bréf þau, er stefnandi keypti, lentu í vanskilum á fyrstu gjalddögum þeirra 1. maí 1989 og 1. ágúst 1989. Hin veðsetta eign að Fosshálsi 27 var síðan seld á nauðungaruppboði að kröfu annarra veðhafa 25. september 1989 fyrir 25.000.000 auk uppboðskostnaðar. Uppboðskaupandi var Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, og gekk stefnandi inn í boð sjóðsins gegn greiðslu uppboðsverðs, kostnaðar og með því að taka að sér eftirstöðvar veðláns sjóðsins, hvílandi á eigninni, á undan veðlánum stefnanda. Kveðst stefnandi hafa með þessu reynt að takmarka tjón sitt. Af uppboðsverðinu gengu 15.557.064 krónur til greiðslu veðskulda á 1. og 2. veðrétti, þar af 12.018.090 krónur til greiðslu veðskuldar, sem ekki var getið á áðurnefndu veðbókarvottorði, en síðastnefnda fjárhæðin samsvarar 3. varakröfu.

Með matsbeiðni, dagsettri 22. október 1990, óskaði stefnandi eftir mati dómkvaddra matsmanna á sannvirði fasteignarinnar Fosshálsi 27 á uppboðsdegi, 25. september 1989, og enn fremur mati á eðlilegri lækkun á verðmati eignarinnar vegna rangra upplýsinga um stærð. Í niðurstöðu matsgerðar, dagsettrar 20. mars 1991, er sannvirði eignarinnar á uppboðsdegi talið vera 35.400.000 krónur og verðlækkun á fermetra 32.190 krónur, alls 10.600.000 krónur, vegna rangra upplýsinga um fermetrastærð. Tekið er

fram, að stefnandi hefur, allt frá því að hann fékk uppboðsafsal fyrir eigninni, reynt að selja eignina, en án árangurs.

Innheimta var reynd gagnvart skuldara veðskuldabréfanna, Verslunarhúsinu sf. og eigendum þess. Þeim tilraunum lauk með gjaldþrotaskiptum á búum þessara aðila, þar sem ekkert kom upp í kröfur stefnanda. Innheimtu- og sáttatilraunir gagnvart stefndu hafa reynst árangurslausar, og er málsókn því óhjákvæmileg. Landsbanki Íslands hefur með samningum tekið við eignum, skuldum, réttindum og skyldum Samvinnubanka Íslands hf. og Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans.

2. varakrafa reiknast þannig:

Höfuðstóll veðskuldabréfa 1. janúar 1988	10.000.000 krónur
Hækkun vegna lánskjaravísitölu frá 1. janúar 1988 til 10. mars 1990, 2844/1913	4.866.597 krónur
9,5% ársvextir 1. janúar 1988 til 10. mars 1990 af höfuðstól og verðbótum	3.099.320 krónur
	Samtals 17.966.017 krónur (?)

Þessi varakrafa er miðuð við stöðu veðskuldabréfanna með áföllnum verðbótum og vöxtum mánuði eftir, að innheimtubréf var sent út, sem var 10. febrúar 1990.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar miða við.

Rök stefnanda fyrir dómkröfum sínum eru aðallega þau, að starfsmenn Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans hafi veitt rangar upplýsingar fyrir og við kaup stefnanda á umræddum veðskuldabréfum. Þannig hafi ekki verið gefnar réttar upplýsingar um veðskuldir á hinni veðsettu fasteign, sem hvíldu framar á eigninni, með því að framvísa röngu veðbókarvottorði. Heldur stefnandi því fram, að stefndi beri ábyrgð á þessum röngu upplýsingum, leyndu göllum á bréfunum, en eigi hugsanlega endurkröfu á hendur meðstefndu. Einnig hafi fyrirliggjandi verðmat, verðmat, sem stefndi útbjó og lagði fram fyrir kaupin, sem var meginforsenda kaupanna, verið 11.900.000 krónum of hátt miðað við upp gefna fermetrastærð. Eignin hafi því verið veðsett langt umfram 50% af leiðréttu verðmati Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans. Upp gefið verðmat nam 47.600.000 krónum, 34.000 krónum á fermetra, miðað við, að stærð eignarinnar væri 1400 fermetrar, en miðað við rétta fermetrastærð, 1050 fermetra, 35.700 krónur. Upp gefnar veðskuldir námu 22.791.811 krónum, sem eru 63,84% af réttu mati. Dæmið líti enn verr út, þegar litið sé til skuldar á 1. veðrétti, upphaflega að höfuðstól 1.000.000 króna, sem upplýsingar voru ekki veittar um. Upp í þá skuld gengu 12.018.090 krónur af uppboðsverði. Megi ljóst vera, að eignin var fyrir veðsetningu fyrir hinum keyptu veðskuldabréfum einnig

veðsett langt umfram 50% af brunabótamati 1. janúar 1988, sem var 49.730.000 krónur. Samkvæmt reglugerð stefnanda er honum óheimilt að kaupa veðskuldabréf, ef veðsetning fer yfir 50%. Það hefði því aldrei komið til kaupa á bréfunum, ef réttar upplýsingar hefðu komið fram um áhvílandi veðskuldir, stærð fasteignarinnar og verðmat miðað við hana.

Af framansögðu telur stefnandi ljóst, að fasteignin hafi verið yfirveðsett við kaup stefnanda á veðskuldabréfunum og þar með engin raunveruleg verðtrygging að baki þeim. Andvirði bréfanna sé og hafi verið tapað, auk þess sem stefnandi hafi orðið af hagnaði vegna affalla við kaupin. Þá hafi stefnandi orðið fyrir tjóni vegna umtalsverðs kostnaðar við að sannreyna tjón sitt og ógjaldfærni skuldara hinna keyptu veðskuldabréfa. Skaðabótaskylda stefnda er jafnframt reist á almennu skaðabótareglunni, gáleysi stefnda. Þá hafi hin seldu veðbréf ekki þá kosti, sem áskildir voru. Er í þessu sambandi einnig vísað til 12. og 14. gr. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, sbr. einnig 1. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem fela í sér ríkari skaðabótaábyrgð verðbréfasala en raunin var fyrir setningu laganna. Er og byggt á því, að hann og yfirborgarfógeti beri hlutlæga ábyrgð á veittum upplýsingum. Þá er einnig skírskotað til ákvæða a-liðar 1. mgr. 49. gr., sbr. 3. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, en ótvírætt sé, að tjón stefnanda sé bein afleiðing af röngu veðbókarvottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík. Loks er því haldið fram, að yfirborgarfógeti beri ábyrgð á mistökum starfsmanna sinna, sem ríkissjóði beri jafnframt að svara fyrir, sbr. einnig 34. gr. l. nr. 85/1936.

Um sönnun fyrir tjóni stefnanda vísar hann til þess, að ekkert greiddist upp í veðskuldabréf hans við úthlutun uppboðsandvirðis, og jafnframt til matsgerðar, sbr. einnig 3. og 4. mgr. 32. gr. laga nr. 54/1979.

Stefndi Landsbanki Íslands.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands v/Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans er á það bent, að stefnandi reisi kröfur sínar á hendur þessum stefnda í fyrsta lagi á almennu skaðabótareglunni og jafnframt á reglu 12. og 14. gr. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, sbr. 1. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20/1989. Lagagreinar þessar séu að mestu samhljóða og í eðli sínu lögfesting á saknæmisreglunni. Alkunna sé, að saknæmisreglan sé í því fólgin, að unnt sé að sýna fram á, að tjón megi rekja til saknæms hátternis, athafna eða athafnaleysis, þar með talið gáleysi.

Stefndi telur, að starfsmenn stefnda hafi í öllu staðið rétt og eðlilega að sölumeðferð umræddra veðskuldabréfa. Það, sem valdi því, hvernig fór, megi mestmegnis rekja til rangs veðbókarvottorðs, þar sem láðist að geta um lán, sem varð þess valdandi, að stefnandi varð fyrir tjóni. Stefndi geti á

engan hátt borið ábyrgð á því, að opinbert skjal, sem sérstaklega er samið í því skyni að veita réttar og öruggar upplýsingar um stöðu áhvílandi veðskulda á tilgreindri eign, sé rangt. Ekki hafi verið nokkur ástæða fyrir stefnda til að efast um sannleiksgildi vottorðsins. Starfsmenn stefnda hafi leitað til allra eigenda og/eða vörsluhafa áhvílandi veðskulda, og þar hafi ekkert komið fram, sem vakið gat grun um það, að umrætt veðbókarvottorð væri rangt. Því sé enga sök að finna hjá starfsmönnum stefnda að þessu leyti við milligöngu um sölu viðkomandi veðskuldabréfa.

Um verðmat á eigninni telur stefndi, að ekkert liggi fyrir um, að það sé ranglega metið.

Í mati Hilmars Óskarssonar fasteignasala er þess getið, að það sé reist á skoðun viðkomandi fasteignasala á eigninni sjálfri, og megi því ætla, að áætlað verðmæti styðjist við þá skoðun, en ekki eingöngu við tilgreint verð á hvern fermetra. Niðurstaða matsins hafi ekki verið óeðlileg miðað við verðlag á atvinnuhúsnæði á þessum tíma, sem fylgdi nokkurn veginn brunabótaverði þeirra. Hins vegar hafi verð á atvinnuhúsnæði lækkað meira en verðlag almennt í landinu, og þar með hafi áhvílandi verðtryggðar veðskuldir hækkað. Því verði að líta til aðstæðna, eins og þær voru, þegar veðskuldabréfin voru keypt, en ekki til þess, hvernig þær voru á uppboðsdegi, eða til núverandi ástands.

Þá tekur stefndi fram um matsgerð þessa, að fasteignasali sá, er þar stóð að verki, sé sjálfstæður aðili og í engu sambandi við stefnda. Geti hann því á engan hátt talist bera ábyrgð á mistökum, sem viðkomandi matsaðili hafi gert. Telji stefnandi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna mistaka umræddrar fasteignasölu, verði hann að sækja rétt sinn þangað, en ekki herja á stefnda í því efni.

Fjármálaráðherra og borgarfógetaembættið.

Miðað er við, að ábyrgð ríkissjóðs vegna þinglýsingarmistaka geti ekki náð lengra en vera varaábyrgð. Ekki reyni á ábyrgð ríkissjóðs, fyrr en allar aðrar leiðir hafi verið tæmdar. Þetta sé í reynd viðurkennt af hálfu stefnanda, bæði með því, að sýnt hefur verið fram á, að Verslunarhúsið sf., Guðjón Pálsson og Birgir Guðjónsson eru allir gjaldþrota, og einnig því, að stefnandi telur, að meðstefndi eigi hugsanlega endurkröfu á stefndu. Veðbókarvottorð sem slíkt stofni ekkert réttarsamband milli stefnanda og stefndu. Meðstefndi beri aftur á móti mjög víðtæka ábyrgð samkvæmt lögum um verðbréfamiðlun nr. 27/1986 og skv. lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði nr. 20/1989. Þegar af þessari ástæðu komi ekki til bótaábyrgðar af hálfu stefnda Landsbankans. Beri því að sýkna hann vegna aðildarskorts.

Þá sé því haldið fram af hálfu stefnanda, að tjón hans sé „bein afleiðing af röngu veðbókarvottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík". Sé sú krafa studd 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga sé það skilyrði þess, að bótaábyrgð komi til greina af hálfu ríkissjóðs, að um endanlegt tjón sé að ræða. Tjónið verði að vera sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara, og bótakrefjandi verði að vera grandlaus og megi ekki sjálfur eiga sök á tjóninu. Sama sé um þann, sem hann leiðir rétt sinn frá. Þessum skilyrðum verði öllum að vera fullnægt. Jafnframt verði tjónið að stafa frá einhverju þeirra atriða, sem upp eru talin í a – e-lið greinarinnar. Í máli þessu er vitnað til a-liðar 49. gr. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að skilyrðum greinarinnar sé ekki fullnægt, og því algerlega hafnað, að um bótaábyrgð sé að ræða af hálfu stefndu.

Jafnframt þessu er vitnað til þess, að eitt af skilyrðum bótaábyrgðar ríkissjóðs sé það, að bótakrefjandi eða sá, sem hann leiðir rétt sinn frá, megi ekki eiga sök á tjóninu og verði að vera grandlaus. Stefnandi getur ekki átt bótakröfu á ríkissjóð, ef sá, er hann leiðir rétt sinn frá, á hana ekki. Guðjón Pálsson sé skuldari samkvæmt bréfunum og eigandi hinnar veðsettu eignar, kröfuhafi, Verslunarhúsið sf., sameignarfélag Guðjóns og sonar hans. Guðjón hafi prókúru fyrir Verslunarhúsið og samdi veðskuldabréfin. Hann verði því alls ekki talinn grandlaus um þá veðskuld, sem vantaði á veðbókarvottorðið og veðskuldabréfin. Auk þess sem Guðjón Pálsson eigi að vita um skuldir sínar, er vísað til þess, að í lok nóvember 1987 tilkynnti borgarfógeti Guðjóni um uppboðsbeiðni frá Iðnlánasjóði, dagsetta 23. október 1987. Því kæmi aldrei til bótaábyrgð ríkissjóðs Guðjóni Pálssyni eða Verslunarhúsinu sf. til handa né heldur til þess, er leiðir rétt sinn frá þeim, en Veðbréfaviðskipti framseldu bréfin í umboði hans. Stefnandi eigi því ekki víðtækari rétt en Guðjón Pálsson eða Verslunarhúsið sf. átti. Beri þegar af þessari ástæðu að sýkna stefndu í málinu.

Í þriðja lagi er bent á, að tjón sé alveg ósannað af hálfu stefnanda, auk þess sem stefnandi sé einn eigandi að fasteigninni Fosshálsi 27 og ekki sé vitað, hvernig mál ljúkist. Þegar kaupin á skuldabréfunum fóru fram, hafi fasteignin í raun verið yfirveðsett, og sé það viðurkennt af stefnanda. Komi það fram í því, að verðmat hennar miðað við 1.050 fermetra í janúar 1988 hafi verið 35.700.000 króna. Á sama tíma hafi eignin verið veðsett fyrir meira en 22 milljónir, um 62%. Verði að telja, að eignin hafi ekki borið slíka veðsetningu. Þá er bent á, að matsmenn hafi metið verðmæti eignarinnar 35.400.000 króna í september 1989, og jafnframt, að eignin var seld á 25.000.000 króna á uppboði í september 1989. Stefnandi sé að reyna að stofna bótakröfu á hendur stefndu vegna þess eigin gáleysis að kaupa skuldabréf með tryggingu í yfirveðsettri eign.

Ekki verði skilið við mál þetta án þess að benda á gáleysi stefnanda sjálfs og Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans. Er hér bent á bréf Þorsteins Ólafs f. h. Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans til stefnanda frá 15. janúar 1988. Þar komi fram, að á 5. til 7. veðrétti séu lán uppgreidd í janúar 1987. Að þeirri forsendu gefinni séu reiknaðar upp eftirstöðvar áhvílandi lána. Hins vegar komi fram í bréfi yfirborgarfógeta til lögmanns stefndu, dagsettu 12. desember 1991, að bréf þessi hafi verið greidd upp á tímabilinu desember 1987 til og með september 1988. Það séu því augljóslega rangar upplýsingar, sem Verðbréfamarkaðurinn sé að gefa um uppreiknaðar eftirstöðvar. Meira hafi hvílt á eigninni en tilgreint er. Þá er vakin athygli á því, að stefnandi keypti skuldabréfin 27. desember 1987 og 13. janúar 1988, en uppreikningur á áhvílandi lánum skv. bréfinu sé 15. janúar 1988. Virðist sem stefnandi hafi verið að kynna sér eftir á, hve mikið hvíldi á eigninni. Þá er einnig bent á, að fram kemur, að 6. janúar 1988 var auglýst uppboð á hinni veðsettu eign, og verði það að teljast stórkostlegt gáleysi bæði hjá meðstefnda, Verðbréfamarkaði Samvinnubankans, og stefnanda að festa kaup á skuldabréfum, sem tryggð voru með eign, sem búið var að fara fram á, að seld yrði á nauðungaruppboði.

Af því, sem að framan er rakið, verður niðurstaðan sú, að ekki sé um neina sök að ræða hjá stefndu. Ef talið yrði, að svo væri, yrði sökin hverfandi, þegar litið er til eigin sakar stefnanda og sakar meðstefnda, Verðbréfamarkaðarins, og ber því að sýkna stefndu.

Því er algerlega hafnað, að um hlutlæga ábyrgð geti verið að ræða af hálfu stefndu. Með sama hætti verði ekki séð, að ákvæði 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála sérstaklega í ljósi þess, að felld hefur verið niður málsókn á hendur fyrrverandi yfirborgarfógeta persónulega.

Því er algerlega mótmælt, að stefndu hafi vitað eða mátt vita, að upplýsingar þeirra hafi verið rangar. Stefndu vissu hvorki né máttu vita, að ágallar væru á veðbókarvottorði því, sem gefið var út 14. desember 1987.

Til vara er gerð krafa um verulega lækkun á stefnukröfum og að í því tilviki verði málskostnaður felldur niður. Ef fallist yrði á það, að stefndu ættu einhverja sök á tjóninu, hefðu stefnandi og meðstefndi sýnt verulegt gáleysi við kaupin á skuldabréfunum, eins og áður hefur verið bent á, og kæmi því til skiptingar sakar og hluti stefnanda og meðstefnda þá verulegur. Þá er vöxtum og upphafstíma vaxta sérstaklega mótmælt.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt verðmati, sem stefndi Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans lét gera, var verðmæti hins veðsetta eignarhluta að Fosshálsi 27, Reykjavík,

47.600.000 krónur 17. desember 1987, en brunabótamat var þá 49.729.621 króna. Samkvæmt útreikningum á dskj. nr. 62, sem lagt var fram af stefnda, og þar sem reiknað er með skuld þeirri við Iðnlánasjóð, sem hvíldi á eigninni, en ekki var getið í bréfum þeim, sem stefnandi keypti, var veðsetningarhlutfall 44,8%, áður en fyrri bréfin voru keypt, en eftir kaup þeirra var hlutfallið komið í 56,4% af matsverði. Var því veðhæfni eignarinnar undir þeim mörkum, sem stefnandi áskildi sér í viðskiptum sem þessum þegar við kaupin á bréfunum 27. desember 1987. Það athugast í þessu sambandi, að samkvæmt skýrslu vitnisins Hilmars Óskarssonar, sem vann umrætt mat, kvaðst hann hafa metið heildarverð eignarinnar, en ekki verð á hverjum fermetra, og er matsfjárhæðin því ekki háð stærð eignarinnar.

Fram kemur í málinu, að 15. desember 1987 gaf Guðjón Pálsson út 10 veðskuldabréf, tryggð með 9. veðrétti í Fosshálsi 27, til Verslunarhússins sf., hvert að fjárhæð 500.000 krónur, og að Rafiðnaðarsamband Íslands keypti bréf þessi hjá Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans. Bréfin bárust til þinglýsingar 16. desember 1987, og þinglýsingardómari ritaði athugasemd á þau þess efnis, að jafnframt hvíldu á 1. veðrétti 626.159,06 krónur.

Í skýrslu forsvarsmanns Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans, Þorsteins Ólafs, kom fram, að honum hefði verið kunn þessi athugasemd. Hann taldi þó ekki ástæðu til að afla nýs veðbókarvottorðs, þar sem skuldabréfum þeim, sem stefnandi keypti og voru tryggð með 10. og 11. veðrétti á eftir nýnefndum bréfum, hafði verið þinglýst athugasemdalaust og næg trygging að mati hans að hafa athugasemdalaus skuldabréf í höndum. Hann kvaðst í framhaldi af þessu hafa haft samband við Iðnlánasjóð og fengið staðfestingu á áhvílandi skuldum á Fosshálsi 27, ekki eingöngu skuldum Guðjóns Pálssonar, heldur einnig þeim skuldum, sem hvíldu á Fosshálsi 27, og þá fengið sent frá Iðnlánasjóði afrit af greiðsluseðlum, sem eru v/Fosshals 27, og látið það duga. Kvaðst hann hafa ætlað, að bréfin hefðu verið uppgreidd, en óaflýst í fyrra tilvikinu, en síðan hefði verið búið að aflýsa þeim, þegar kom að seinni bréfunum.

Þá kemur fram í málinu, að nauðungarsala á hinni veðsettu fasteign hafði verið auglýst 6. janúar 1988. Þetta ásamt áðurgreindri athugasemd þinglýsingardómara gaf starfsmönnum stefnda, Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans, tilefni til þess að kanna sérstaklega, hvernig veðsetningum væri háttað á umræddri eign, og fá um það upplýsingar úr þinglýsingabókum. Af hálfu stefnda Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans var þessa ekki gætt, og samkvæmt reglu þeirri, sem fram kemur í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20/1989, áður 12. og 14. gr. l. nr. 27/1986, verður fallist á það með stefnanda, að meta verði stefnda Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans það til gáleysis, að

það uppgötvaðist ekki, að veðskuldabréf þau, er stefnandi keypti, svöruðu ekki kröfum stefnanda um veðhæfni, en stefnda voru þær kunnar. Samkvæmt þessu verður fallist á það með stefnanda, að stefnda Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans beri að greiða honum bætur, vegna þess að veðskuldabréf þau, er stefnandi keypti 27. desember 1987 og 13. janúar 1988, skorti áskilda kosti, en eins og rakið er að framan, fékkst ekkert greitt af bréfum þessum við úthlutun uppboðsandvirðis hinnar veðsettu eignar og skuldari og framseljandi bréfanna gjaldþrota.

Við mat á tjóni stefnanda er til þess að líta, að mikil óvissa er jafnan um, hver þróun verði á verðmæti verðbréfa, og þykir því verða að miða við það, að með því að stefnandi fái endurgreitt kaupverð bréfanna auk dráttarvaxta frá kaupdegi hafi hann fengið það tjón sitt bætt, sem séð varð fyrir, er kaupin voru gerð. Verður því stefndi, Landsbanki Íslands f. h. Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans dæmdur til að greiða stefnanda kaupverð bréfanna ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Í skýrslu forsvarsmanns stefnanda, Karls Benediktssonar, fyrir dómi kom fram, að hann hafði hvorki fengið veðbókarvottorðið frá 14. desember í hendur né heldur séð margnefnd veðskuldabréf, áður en hann keypti þau fyrir stefnanda. Ákvörðun hans um kaup bréfanna var reist á upplýsingum og fullyrðingum stefnda Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans, en ekki á gögnum frá borgarfógetaembættinu, og verða stefndu ríkissjóður og sýslumannsembættið í Reykjavík því sýknuð af kröfum stefnanda sökum aðildarskorts og stefnanda gert að greiða ríkinu 85.000 krónur í málskostnað.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans til að greiða stefnanda, Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, 650.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Landsbanki Íslands vegna Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans greiði stefnanda, Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, 8.782.799 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 4.372.927 krónum frá 29. desember 1987 til 13. janúar 1988, en frá þeim degi af 8.782.799 krónum til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 650.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu.

Stefndu ríkissjóður og sýslumannsembættið í Reykjavík skulu sýkn af öllum kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar, og greiði stefnandi þeim 85.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 160/1995. **Hjalti Hauksson**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Granda hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Skaðabætur. Örorka. Miskabætur. Sjómenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 2.499.926 krónur, með tilteknum almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi 1. mars 1989 til 16. maí 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara verði stefnda gert að greiða sér 5.887.716 krónur með sparisjóðsvöxtum frá 1. mars 1989 til 15. janúar 1996 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 4. maí 1995 var áfrýjanda veitt gjafsókn hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þar á meðal er nýr líkindareikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 15. janúar 1996, sem varakrafa áfrýjanda er studd, og er þar miðað við kauplag á útreikningsdegi og 4,5% framtíðarávöxtun bótafjár. Enn fremur er lagt fram vottorð heilsugæslulæknis sama dag, er sýnir, að breyting til batnaðar á heilsufari áfrýjanda sé lítil sem engin. Þá liggur fyrir endurrit af nýrri skýrslu vitnisins Jóhanns Magnúsar Elíassonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 22. janúar 1996.

I.

Ágreiningslaust er með aðilum, að áfrýjandi hafi slasast 1. mars 1989 um borð í skipi stefnda, b/v Ásgeiri, RE 60, meðan það var að veiðum úti fyrir Vesturlandi. Hafi hann verið á leið frá vinnu á efra þilfari og ætlað um járnstiga bakborðs megin niður á milliþilfar, þegar honum varð fótaskortur á palli ofan stigans, í því að hann var að snúa sér þar við. Hafi hann gripið hægri hendi í stigahandriðið, en fallið niður í stigann án þess að ná fótfestu, svo að hann tognaði í axlarlið. Hann var háseti og ekki ráðinn lengur en til þessarar veiðiferðar, sem stóð frá 23. febrúar til 3. mars.

Við það þykir mega miða, að slysið hafi orðið um kl. 22.00, þegar áfrýjandi hafði verið á vakt frá kl. 18.00. Hafi hann sagt matsveini skipsins og einhverjum félögum sínum frá atvikinu skömmu á eftir, en ekki tilkynnt það skipstjóra eða yfirmönnum á þilfari. Gekk hann til vinnu það, sem eftir var veiðiferðarinnar. Hann leitaði læknis, þegar er hann kom í land, og greindi starfsmannastjóra útgerðarinnar frá slysinu á fyrsta eða öðrum virkum degi þar á eftir. Starfsmannastjórinn hringdi í skipstjóra, sem kannaðist ekki við atvikið að svo komnu, en skipið var þá á förum eða farið úr höfn. Samkvæmt læknisvottorðum var ekki komið í ljós, að varanlegt mein yrði af slysinu. Áfrýjandi fékk greidd slysalaun frá útgerðinni í samræmi við kjarasamning, og tilkynnti hún Tryggingastofnun um slysið í ágúst 1989 vegna endurkröfu sinnar. Hins vegar var ekki gerður reki að rannsókn á slysinu fyrr en í júní 1990, þegar áfrýjandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og sjópróf voru haldin. Hafði áfrýjandi þá borið fram bótakröfu vegna varanlegrar örorku með bréfi 10. apríl 1990, en krafan var áður boðuð með bréfi 20. nóvember 1989.

II.

Krafa áfrýjanda er einkum á því reist, að hann hafi fallið í hálku af völdum olíubleytu, sem verið hafi á stigapallinum. Fyrir liggur, að hann tilgreindi þessa orsök slyssins, þegar hann leitaði læknis, og kvaðst hafa fallið vegna olíunnar, þegar hnykkur kom á skipið í veltingi. Um ástæður hálkunnar heldur hann því fram, að aðstæður um borð hafi verið óvenjulegar og óviðunandi vegna olíuleka frá mörgum tækjum skipsins, þar á meðal frá vindu stjórnborðs megin á

efra þilfari, sem notuð var til að hífa í poka vörpunnar, þegar hún var tekin inn. Vann áfrýjandi við þá vindu ásamt öðrum skipverja. Um ástand tækjanna á þessum tíma er meðal annars fram komið, að háþrýstirör neðan þilja hafði sprungið 26. febrúar og bilun varð á umræddri vindu 10. mars, svo að olía tæmdist af henni. Einnig er fram komið, að stjórnendur skipsins hafi ekki haldið uppi sérstökum varnaðaraðgerðum vegna leka frá tækjunum umfram það að láta hreinsa tiltekin lekasvæði, ef um þau var kvartað af hálfu skipverja.

Að áliti héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, verður að leggja það til grundvallar í málinu, að alvarleg bilun hafi verið á olíukerfum skipsins, sem valdið hafi hættu fyrir skipverja að missa fótanna, þegar þeir stigu á olíubletti eða í eðju. Sé líklegt, að eitthvert olíusmit hafi verið á þilfari skipsins, þegar slysið varð, auk þess sem olía á stígvélasólum áfrýjanda hafi getað haldist við þann spöl, sem hann gekk frá vindunni að stigapallinum. Að sögn skipstjóra lá leið skipverja yfirleitt um þennan stiga, þegar þeir fóru af efra þilfari. Að þessu virtu þykir ekki óvarlegt að treysta þeirri frásögn áfrýjanda, að hann hafi runnið til á stigapallinum í hálku af völdum olíusmits. Verður að telja sannað, að stefndi hafi ekki látið gæta þess sem skyldi, að göngum og stigum á þilfari væri haldið hreinum af olíu, sbr. 1. gr. reglna nr. 413/1988 um vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 m að lengd. Verður hann því að lögum talinn bera ábyrgð á slysi áfrýjanda. Þykja ekki leidd í ljós nein sérstök atvik varðandi áfrýjanda, er hafi áhrif á þessa niðurstöðu. Hann var að koma frá venjulegri vinnu við veiðarfæri skipsins, er slysið varð. Verður ekki talið skipta meginmáli, hvort varpan hafði verið hífð inn fyrr á vaktinni, en ljóst er, að skipið var nær samfellt að veiðum. Þá verður honum ekki lagt til lasts, eins og ráðningu hans og starfsferli var háttað, að hann hafði ekki orðið sér úti um þau sérstöku stígvél, sem unnt var að kaupa um borð. Hins vegar mátti honum vera ljós sú hætta, sem olíulekanum var tengd. Samkvæmt dagbók skipsins og opinberum gögnum var veður ekki tiltakanlega óhagstætt þetta kvöld. Verður þannig að telja, að áfrýjandi hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu á stigapallinum og beri því sjálfur nokkra sök á slysinu.

Eins og meiðsl áfrýjanda litu út í upphafi, á það sér nokkra afsök-

un, að hann gætti þess ekki að gera skipstjóra viðvart um slysið. Verða báðir aðilar að bera hallann af þeim drætti, sem varð á rannsókn þess.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, er rétt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans að hálfu, en áfrýjandi beri tjón sitt að hálfu.

III.

Í slysinu hlaut áfrýjandi meiðsl á hægri öxl, sem reyndust alvarleg. Var honum veitt meðferð á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, sem lýst er í vottorði 19. mars 1990 frá Brynjólfi Mogensen lækni. Segir þar, að áfrýjandi hafi í upphafi verið álitinn hafa fengið tognun á öxlina og meðhöndlaður samkvæmt því. Þegar óþægindi hans minnkuðu ekkert við venjulega meðferð og sjúkraþjálfun, var gerð aðgerð á öxlinni 25. september 1989 til að auka rými fyrir lyftihulsu á axlarliðnum. Kom í ljós, að mjög mikil þrengsli voru um hulsuna og hún öll mjög ert. Síðan segir: „Við aðgerðina jókst mjög hreyfingin í öxlinni og hreyfingin í dag nánast eðlileg. Hvíldarverkirnir minnkuðu, en sjúklingur er með verulegan hreyfiverk, svo og þreytist hann mjög mikið. Þessi hreyfióþægindi hafa ekkert breyst þrátt fyrir mjög stífa þjálfun. . . . Það er erfitt að skýra, hvers vegna óþægindi Hjalta eru ennþá jafnmikil og raun ber vitni. Langsennilegast er, að áverkinn hafi verið miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi. . . . Hjalti hefur . . . fengið áverka á eina af taugum axlarinnar (nervus axillaris), og má vera, að sá áverki eigi þátt í miklum verkjum sjúklings. Hjalti getur ekki unnið sjómennsku og sinnt sömu störfum og hann gerði fyrir slys.“

Stefán Bogason læknir mat örorku áfrýjanda 16. mars 1990 á grundvelli eigin skoðunar og vottorðs 22. febrúar 1990 frá Stefáni Finnssyni heilsugæslulækni. Telur hann tímabundna örorku af slysinu vera 100% í tólf mánuði, en varanlega örorku 35%. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun bóta.

Eins og málið er lagt fyrir, þykir mega miða úrlausn um bætur í meginatriðum við þær forsendur, sem fylgt er í kröfugerð áfrýjanda í héraði og aðalkröfu hans hér fyrir dómi. Styðst kröfugerðin við líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar 5. apríl 1990, þar sem tap á vinnutekjum er áætlað á grundvelli tekna áfrýjanda sjálfs árin

1986-1988, sem taldar voru nema 1.219.000 krónum að meðaltali á ári eftir umreikning til kauplags á útreikningsdegi. Er tap áfrýjanda reiknað í hlutfalli við fyrrgreinda örorku. Við ákvörðun höfuðstólsverðmætis á slysdegi eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands fram að útreikningsdegi, en eftir það 6% ársvextir og vaxtavextir. Er niðurstaða reikningsins sú, að tjón á slysdegi vegna tímabundinnar örorku nemi 1.129.200 krónum, en varanlegrar örorku 5.552.300 krónum.

Krafa áfrýjanda hljóðar um greiðslu þessara fjárhæða ásamt 350.000 krónum í miskabætur vegna slyssins. Hann gerir ráð fyrir, að höfuðstóll örorkubóta eigi að sæta lækkun með tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Þá beri að draga frá bótunum þær greiðslur, sem hann hafi fengið úr lögmæltri slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins og slysatryggingu stefnda hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ásamt veikindalaunum hans frá stefnda. Er krafa hans í heild sundurliðuð þannig:

Bætur fyrir tímabundna örorku			kr.	1.129.200
Bætur fyrir varanlega örorku			–	5.552.300
			kr.	6.681.500
Lækkun vegna hagræðis, 30%			kr.	2.004.450
Örorkubætur samtals			kr.	4.677.050
Dagpeningar frá Tryggingastofnun	kr.	213.500		
Örorkubætur frá Tryggingastofnun	–	693.434		
Greiðsla úr slysatryggingu	–	986.024		
Veikindalaun frá stefnda	–	634.166	kr.	2.527.124
Óbætt fjártjón samtals			kr.	2.149.926
Miskabætur			–	350.000
		Samtals	kr.	2.499.926

Með hliðsjón af þessu og öðru, er máli skiptir, þykja bætur til áfrýjanda fyrir fjártjón vegna örorku hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna, en miskabætur 200.000 krónur. Verður stefnda gert að greiða honum hálfa samtölu þessara fjárhæða, 1.100.000 krónur, með vöxtum, eins og krafist er.

Rétt er, að stefndi greiði samtals 631.740 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og renna þær í ríkissjóð. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað í héraði á að vera óraskað. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem um er mælt í dómsorði. Við ákvörðun þess kostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Grandi hf., greiði áfrýjanda, Hjalta Haukssyni, 1.100.000 krónur með ársvöxtum sem nemur 10% frá 1. mars 1989 til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár og 5% frá þeim degi til 16. maí sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði í ríkissjóð 631.740 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 220.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Hrafns Bragasonar og
Péturs Kr. Hafstein

Fallast ber á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, að alvarleg bilun hafi verið á olíukerfum skipsins, sem gat valdið því, að skipverjum skrikaði fótur í olíublettum eða að olía bærist á skófatnað þeirra með hættu á sömu afleiðingum. Stefndi bar samkvæmt 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ábyrgð á tjóni, sem af þessari bilun gat leitt. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, hversu mikil brögð voru að þessum olíuleka í umrætt sinn. Hefur vélstjóri skipsins borið, að sjór hafi ýmist þvegið olíublettina af eða þeir verið hreinsaðir, ef kvartað hafi verið undan hálku af þeirra völdum. Liggur fyrir, að ekkert hafði verið kvartað í greint sinn. Nokkur leið er frá þeim tækjum, sem láku olíu, og að stiganum, þar sem áfrýjandi hugðist fara niður, þegar hann féll. Áfrýjandi tilkynnti ekki skipstjóra eða fyrsta stýrimanni strax um slysið, svo að ganga mætti úr skugga um, hvort þilfarið væri verulega hált af olíusmiti eða hvort olía væri á stígvélum áfrýjanda eða á stigapallinum, þar sem áfrýjanda skrikaði fótur. Það var ekki fyrr en skipið var að fara út á ný eða farið út, að hann tilkynnti útgerðinni um slysið. Þá var orðið of seint að hlutast til um rannsókn, sem að gagni gat komið að þessu leyti. Áfrýjandi hefur sjálfur borið, að hann hafi misst fótanna, er hnykkur kom á skipið. Að þessu athuguðu verður að telja, að ekki sé annað fram komið en að slysið hafi orðið fyrir tilviljun, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 21. mars, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 7681/1991: Hjalti Hauksson gegn Granda hf. í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Hjalti Sigurjón Hauksson sjómaður, Drápuhlíð 10, Reykjavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur 14. júní 1991 á hendur Granda hf., Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hann varð fyrir 1. mars 1989 um borð í botnvörpungnum Ásgeiri, RE-60, eign stefnda. Stefnandi var þá 28 ára að aldri, fæddur 16. júlí 1960. Stefnandi féll í stiga, greip í handrið og

tognaði í hægri axlarlið með þeim afleiðingum, að hann hlaut 35% varanlega örorku. Tímabundin örorka hans var metin 100% í eitt ár eftir slysið.

Höfuðstólskrafa stefnanda er um örorku- og miskabætur. Miskann metur stefnandi á 1.318.500 kr.

Tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 5. apríl 1990:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.129.200
Vegna varanlegrar örorku	–	5.552.300
Samtals	kr.	6.681.500

Stefnandi hefur fengið greiðslu úr samningsbundinni slysatryggingu, þ. m. t. kostnað

vegna örorkumats	kr.	986.024
eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins	–	. 693.434
slysadagpeninga	–	213.500
og veikindalaun frá stefnda	–	634.166
Samtals	kr.	2.527.124

Stefnandi tilkynnti starfsmannastjóra stefnda um slysið, þegar hann kom í land 3. mars og leitaði læknis. Hinn 25. september 1989 var gerð aðgerð á axlarliðnum, sem gerði aðeins illt verra. Sjópróf fóru fram í júní og júlí að beiðni stefnda.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.000.000 kr. með 10% ársvöxtum frá 1. mars 1989 til 21. mars s. á., frá þeim degi með 13% ársvöxtum til 11. apríl s. á., frá þeim degi með 15% ársvöxtum til 11. júní s. á., frá þeim degi með 17% ársvöxtum til 21. júlí s. á., frá þeim degi með 12% ársvöxtum til 1. ágúst s. á., frá þeim degi með 10% ársvöxtum til 1. september s. á., frá þeim degi með 6% ársvöxtum til 21. september s. á., frá þeim degi með 8% ársvöxtum til 21. október s. á., frá þeim degi með 9% ársvöxtum til 1. nóvember 1989, frá þeim degi með 11% ársvöxtum til 1. janúar 1990, frá þeim degi með 9% ársvöxtum til 21. janúar s. á., frá þeim degi með 7% ársvöxtum til 1. mars s. á., frá þeim degi með 5% ársvöxtum til 16. maí s. á., en frá þeim degi með vöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk lögmælts virðisaukaskatts og dráttarvaxta 15 dögum eftir uppkvaðningu dómsins, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsóknarleyfi 23. janúar 1991.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en lækkunar til vara og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda auk vaxta.

Málið var flutt á bæjarþingi Reykjavíkur 22. apríl 1992. Það var síðan endurupptekið, dómtekið að nýju og dæmt 1. september 1992. Stefnandi áfrýjaði málinu, en dómurinn var ómerktur og málinu vísað heim í hérað með dómi Hæstaréttar 6. febrúar sl. Málið var síðan endurflutt, lagt í dóm og dómtekið í dag.

Stefnandi telur, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni sínu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um bótaábyrgð utan samninga og 171. gr. siglingalaga vegna óverjandi vinnuaðstæðna, þar sem olíuleki, sem stefndi beri ábyrgð á, hafi valdið slysinu eða verið meðverkandi orsök þess. Hann telur olíu hafa lekið með bilaðri pakkdós í togvindu, loðað við stígvélasóla og borist upp á pallinn, þar sem hann hrasaði. Þá telur hann stigann, sem hann var á leið um, mjög hættulegan. Fram hefur komið, að fáanleg voru sérstök stígvél í skipsversluninni, stamari en stígvél stefnanda. Stefnandi sakar stefnda um, að sér hafi ekki verið sagt frá þessum stígvélum. Loks bendir stefnandi á, að hann hafi verið óvanur sjómennsku, verið í annarri veiðiferð sinni og að langur tími hafi liðið milli ferða hjá sér. Vegna reynsluleysis síns hafi skipstjórnarmönnum borið að leiðbeina sér um starfið og starfsaðstæður. Þessi skylda hafi verið vanrækt.

Stefndi telur ósannað, að stefnandi hafi slasast um borð í skipi sínu og hlotið heilsutjón sitt með þeim hætti, að rakið verði til saknæmrar háttsemi forráðamanna eða starfsmanna stefnda. Hann telur ósannað og mjög ólíklegt, að olía hafi lekið úr spilinu og olíubleyta verið á þilfari. Jafnvel þótt talið verði, að svo hafi verið, telur stefndi ósannað, að olían hafi valdið því, að hálla hafi orðið en vant er um borð í fiskiskipum. Loks telur stefndi, að þótt talið yrði, að olían væri þáttur í orsökum tjónsins, verði skóbúnaður stefnanda, sem hann beri sjálfur ábyrgð á, að teljast meginþáttur auk aðgæsluleysis hans sjálfs. Fyrir öllu þessu telur stefndi stefnanda bera sönnunarbyrði. Stefndi leggur stefnanda til lasts að hafa ekki tafarlaust gert skipstjórnarmönnum viðvart um slysið. Með því hafi hann komið í veg fyrir, að unnt væri að rannsaka tildrög þess. Um eigin sök stefnanda bendir stefndi á, að hafi olíubleyta verið á þilfari, hafi stefnanda borið að gera viðvart eða hreinsa þilfarið.

Stefnandi hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu, og fram hafa farið ýtarlegar aðila- og vitnayfirheyrslur. Af þessum gögnum, fram lögðum skjölum og öðru því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir mega draga eftirfarandi ályktanir um orsakir slyssins og ábyrgð á því:

Samkvæmt framburði vélstjóra og skipstjóra var skipið komið til ára sinna, 12 – 13 ára gamalt. Í því var háþrýstiglussakerfi, sem ekki hafði verið endurnýjað, frá því að skipið var smíðað. Það var því orðið slitið og á því

stöðugur leki, svo að bæta þurfti á það um 50 lítrum af olíu í hverri veiðiferð. Alltaf var einhver smáleki á kerfinu, sem reynt var að stöðva, jafnóðum og hans varð vart og kvartað var. Einkum vildi smita með pakkdósum, og fyrir kom, að þær sprungu, m. a. á togspilinu stjórnborðs megin 10. mars 1989, en við það var að jafnaði einhver olía, þ. á m. þar, sem sá stóð, er stjórnaði því. Framan við spilið var löndunarkrani með sjálfstæðu glussakerfi. Á því var leki eins og öðrum kerfum. Leið skipsmanna lá við kranann, þegar þeir fóru fram eftir þilfarinu stjórnborðs megin. Samkvæmt þessu þykir verða að leggja til grundvallar, að alvarleg bilun hafi verið á olíukerfum skipsins, sem olli hættu fyrir skipsmenn á að missa fótanna, þegar þeir höfðu stigið á olíubletti og í eðju. Stefndi bar ábyrgð á tjóni, sem af biluninni leiddi, samkvæmt 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985, reglum skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnufyrirtækja á vanrækslu forráðamanna sinna og um bótaábyrgð vegna bilunar í tækjum.

Smurolíu er ætlað að draga úr viðnámi flata, sem snertast, og gerir þannig fleti hála, sem hún kemur á. Hún hefur mikla viðloðunareiginleika. Þegar hún blandast vatni, myndar hún eðju, sem hefur sömu eiginleika, þótt í minna mæli sé, en dreifist þá gjarna víðar en hrein olía. Samkvæmt þessu þykir mega telja líklegt, að eitthvert olíusmit hafi verið á þilfari skipsins, þegar slysið varð. Hafi olía loðað við stígvélasóla stefnanda, hefur hún getað haldist við þann spöl, sem stefnandi fór, áður en hann kom á stigapallinn, og átt þátt í því, að hann missti fótanna. Kemur því vel til álita að leggja sönnunarbyrðina á stefnda fyrir því, að olían hafi ekki verið þáttur í orsökum slyssins.

Þegar gætt er þess framburðar matsveins og starfsmannastjóra, að stefnandi leitaði strax læknis eftir landtöku, og annarra atvika, þykja engin efni til að draga í efa, að orsakir örorku stefnanda verði raktar til þess, að hann féll í stiga um borð í skipi stefnda, eins og áður greinir. Af framburði stefnanda, sem er einn til frásagnar, virðist mega ráða, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að hann hafi stigið yfir háan þröskuld og verið að snúa sér við til að fara niður stigann, þegar hann missti fótanna, er hnykkur kom á skipið, áður en hann hafði náð handfestu. Hann hafi eðlilega reynt að ná í handriðið, þegar hann missti fótanna, en við það hafi slysið orðið. Það virðist þannig vel hafa getað orðið, án þess að annað kæmi til en sú tilviljun, að hnykkur kom á skipið í þann mund, sem stefnandi var að snúa sér við á stigapallinum, en bleyta, slor, olía eða eðja, sem stefnandi eða aðrir kunna að hafa borið á skósólum inn á stigapallinn, hafa getað verið meðverkandi þáttur. Úr því álitaefni verður þó ekki skorið með vissu, þar sem ekki var strax gengið úr skugga um, hvers kyns var í þeim efnum.

Svo virðist sem stefnandi hafi misst fótanna, áður en hann hafði stigið niður í stigann, svo að ástand stigans þykir ekki skipta máli.

Stefnandi átti kost á betri skófatnaði, sem hugsanlega hefði getað komið í veg fyrir slysið. Stefnda bar ekki að leggja stefnanda til skó, og verður stefnandi að bera alla áhættu af því sjálfur, að hann aflaði sér ekki besta skófatnaðar, sem völ var á.

Fram er komið, að olía lak ekki af togvindunni, nema hún væri í gangi. Ekkert hafði verið togað á vaktinni, og stefnandi virðist ekki hafa verið að vinna við togvinduna þá, svo að hann var ekki í meiri hættu en aðrir af olíusmiti.

Forráðamönnum stefnda var ekki kunnugt um slysið, fyrr en stefnandi tilkynnti starfsmannastjóra um það, og ekki var ljóst fyrr en síðar, hversu afleiðingar þess voru alvarlegar, en þá hlutaðist stefndi til um sjópróf, svo að honum verður ekki kennt um, ef mikilvæg gögn hafa farið forgörðum. Hefði stefnandi tilkynnt yfirmönnum sínum tafarlaust um slysið, hefði mátt ganga úr skugga um, hvort þilfarið var verulega hált af olíusmiti og hvort olía var á stígvélum stefnanda eða stigapallinum. Stefnandi hefur ekki gefið frambærilega skýringu á vanrækslu sinni á að tilkynna slysið, og verður hann að taka afleiðingum þeirrar vanrækslu.

Þegar alls þessa er gætt, verður að telja, að stefnda hafi tekist að hnekkja þeim líkum, sem á því máttu virðast, að rekja mætti orsakir slyssins til þess óverjandi ástands, sem virðist hafa verið á olíukerfum skipsins. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að heilsutjón hans hafi orðið fyrir atvik, sem stefndi beri ábyrgð á. Ber þá að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Kjærnested, fyrrverandi skipherra, og Ragnari Bjarnasyni vélfræðingi.

Samkvæmt 114. gr. laga nr. 91/1991 skulu dómar vera stuttir og glöggir. Greina skal í forsendum dóms stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður og réttarheimildir, sem byggt er á, og rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði. Dómurinn er saminn eftir þessum fyrirmælum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Grandi hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hjalta Haukssonar. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Elínborgar Björnsdóttur, 380.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 164/1994. **Árný Arnþórsdóttir og**
Ingi S. Helgason
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Vátryggingarsamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1994. Krefjast þau þess, að stefnda verði gert að greiða sér 8.441.147 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 25. október 1991 til 4. júní 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Árný Arnþórsdóttir og Ingi S. Helgason, greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 150.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 1994.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 9. mars sl., hafa Árný Arnþórsdóttir, kt. 221041-3059, og Ingi S. Helgason, kt. 031041-4659, bæði

til heimilis að Miðleiti 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 4. júní 1992, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að hið stefnda vátryggingafélag verði dæmt til þess að greiða stefnendum 8.441.147 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af 6.152.000 kr. frá 25. október 1991 til 7. maí 1992, en af 8.441.147 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, og er gerð krafa um, að málskostnaður beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi að mati réttarins auk virðisaukaskatts, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi og kaupleigusamningi til fjögurra ára, dags. 15. nóvember 1990, seldu stefnendur Sturlu Birgissyni allan rekstur veitingastaðarins Hollywoods ásamt lausafjármunum, búnaði og tækjum. Áskildu stefnendur sér í leigusamningum eignarrétt að leigumunum til loka leigutímans. Höfðu stefnendur tveimur mánuðum fyrr keypt veitingastaðinn af Ólafi Laufdal. Samkvæmt samningi stefnenda við Sturlu bar honum meðal annars að vátryggja leigumuni bruna-, vatns- og innbrotsþjófnaðartryggingu. Keypti Sturla hjá stefnda vátryggingu, sem meðal annars tók til þessa, og eftir að nafni veitingastaðarins var breytt í Yfir strikið og sameignarfélag Sturlu og Axels Ólafssonar, Fiða sf., varð rekstraraðili staðarins, keypti Fiða sf. samsetta vátryggingu hjá stefnda fyrir tímabilið 1. febrúar 1991 til 1. janúar 1992, sem meðal annars tók til lausafjártryggingar vegna bruna, vatnstjóns og innbrota ásamt rekstrarstöðvunartryggingu. Giltu um hina samsettu tryggingu Fiðu sf. sameiginlegir vátryggingarskilmálar stefnda frá 1. janúar 1990 auk sérskilmála um einstakar tegundir vátrygginga, sbr. skilmála um lausafjártryggingu og rekstrarstöðvunartryggingu. Fiða sf. greiddi ekki iðgjöld af samsettu tryggingunni þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um greiðslu, meðal annars 20. júní 1991 og 22. júlí 1991.

Stefndi segir það ekki vera rétt, sem haldið er fram í bréfi lögmanns

stefnenda til stefnda, dags. 1. október 1991, að stefnendum hafi verið tjáð, áður en þau fóru til Bandaríkjanna vorið 1991, að Sturla hefði samið um iðgjaldsskuldir sínar. Ekki hafi stefnendum heldur verið lofað, að þeim yrði tilkynnt um hugsanleg vanskil Sturlu eða að tryggingunni yrði við haldið þrátt fyrir vanskil.

Miðvikudaginn 25. september 1991 um kl. 10.30 kom stefnandinn Ingi S. Helgason til stefnda. Hafði hann í byrjun sama mánaðar rift samningum þeirra stefnenda við Sturlu sökum vanskila, samið við nýja aðila um viðtöku á skuldbindingum Sturlu, en þeir gefist upp á rekstrinum eftir tvær vikur. Stefndi segist hafa tjáð stefnandanum Inga, að sökum iðgjaldsvanskila Sturlu væri stefndi laus úr ábyrgð á hinum vátryggðu munum. Hafi stefnandinn Ingi þá óskað eftir lausafjártryggingu á hinum sömu munum og stefndi samdægurs gefið út lausafjártryggingu til stefnanda fyrir tímabilið 25. september 1991 til 1. janúar 1992, er tók til tjóns af völdum bruna, vatns og innbrota. Hafi um trygginguna gilt almennir vátryggingarskilmálar um brunatryggingu lausafjár frá 17. júlí 1989 auk sérskilmála.

Sama dag og stefnandi Ingi S. Helgason tók vátryggingu, 25. september 1991, kærði hann kl. 14.19 innbrot og þjófnað á hinum vátryggðu munum til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins tjáði stefnandi lögreglunni, að innbrotið hlyti að hafa verið framið aðfaranótt 25. september eða morguninn sama dag. Hafi hann komið á innbrotsstað um kl. 14.00 og þá séð, að brotist hafði verið inn og nánast hreinsað út allt verðmæti. Að sögn starfsmanna stefnda tilkynnti Ingi stefnda um innbrotið um kl. 13.30. Í ljósi þessa hafi vaknað grunur um, að stefnandinn Ingi hefði vitað um innbrotið, er hann tók trygginguna, og hefði stefndi því hafnað tryggingunni þennan sama dag kl. 16.38. Hefði síðar orðið samkomulag um, að tryggingin teldist gilda tímabilið 25. september til 26. september 1991 og stefnandi greitt iðgjald fyrir þann tíma.

Stefnendur skýra svo frá, að þegar 25. september 1991 hafi verið haft samband við Rannsóknarlögreglu ríkisins og málið kært. Rannsóknarlögreglumenn hafi strax komið á staðinn og gert kæruskýrslu. Jafnframt hafi verið haft samband við hið stefnda tryggingafélag og fulltrúi þess komið á staðinn til skoðunar og skýrslugerðar. Eftir að fulltrúi hins stefnda vátryggingafélags hafi komið og staðreynt tjón stefnanda, hafi það sent stefnanda skeyti síðar sama dag þess efnis, „að beiðni um lausafjártryggingu á ýmsum munum að Ármúla 5 hafi verið hafnað".

Stefnendur skýra enn fremur frá því, að 1. október 1991 hafi lögmaður stefnenda ritað stefnda mjög ýtarlegt bréf vegna þessa máls, þar sem gerð sé rækileg grein fyrir málsatvikum, jafnframt því sem „skeytasendingunni"

hafi verið harðlega mótmælt og þess farið á leit, að hið stefnda vátryggingafélag tæki afstöðu sína til endurmats. Lögmaður stefnenda hafi ritað Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf 9. október 1991, þar sem þess hafi verið farið á leit, að öllum tækjum og búnaði, sem hafi horfið við innbrotið og kæmi í leitirnar, yrði skilað aftur til stefnenda. Lögmaður stefnenda hafi sent hinu stefnda vátryggingafélagi ítrekunarbréf 21. október 1991. Sama dag hafi lögmaður stefnenda ritað Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf, þar sem óskað hafi verið eftir upplýsingum um stöðu rannsóknar málsins.

Stefnendur upplýsa enn fremur, að 1. nóvember 1991 með bréfi tryggingafélagsins til lögmanns stefnenda hafi hið stefnda félag ítrekað fyrri afstöðu sína þess efnis, að lausafé að Ármúla 5 væri ekki tryggt hjá félaginu. Við rannsókn málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi nokkur hluti þeirra tækja og verðmæta, sem hafi horfið í innbrotinu, komið í leitirnar, og hafi þeim munum verið komið til stefnenda, sbr. bréf Rannsóknarlögreglu ríkisins til lögmanns stefnenda, dags. 2. desember 1991, ásamt skrá, en því beri ekki að leyna, að stór hluti þeirra tækja og muna, sem stefnendur hafi þannig fengið aftur, hafi verið mikið skemmdur. Hinn 6. desember 1991 hafi lögmaður stefnenda enn ritað hinu stefnda vátryggingafélagi, þar sem ýtarlega hafi verið greint frá viðhorfum stefnenda til málsins, og vísist í því sambandi til bréfs, dags. 6. desember 1991, ásamt átta fylgiskjölum, sem því fylgdu.

Stefnendur segja, að eftir fund stefnanda Inga S. Helgasonar og lögmanns stefnenda með fulltrúum hins stefnda vátryggingafélags 13. janúar 1992 hafi hið stefnda vátryggingafélag breytt afstöðu sinni til þessa máls á þann veg, að viðurkenning hafi fengist á því, að vátryggingarsamningur félagsins við stefnendur væri í fullu gildi. Með öðrum orðum hafi hið stefnda vátryggingafélag viðurkennt bótaskyldu sína á grundvelli vátryggingarsamnings við stefnendur, en hafnað því, að vátryggingarsamningur Sturlu Birgissonar og Fiðu sf. væri í gildi. Í þessu sambandi vísist til vátryggingarskírteinis, dags. 11. mars 1992, svo og greiðslukvittunar, dags. 30. apríl 1992.

Stefnendur segjast enn hafa ritað hinu stefnda vátryggingafélagi 5. mars 1992 til þess að knýja á um viðræður um bætur stefnendum til handa, en án árangurs. Þar sem hið stefnda vátryggingafélag hafi eigi fengist til raunhæfra viðræðna um bætur stefnendum til handa vegna þess gífurlega tjóns, sem stefnendur hafi orðið fyrir við greint innbrot, hafi stefnendum verið nauðugur sá einn kostur að höfða mál þetta.

Stefndi skýrir svo frá, að með bréfi til Rannsóknarlögreglu ríkisins 3. október 1991 hafi stefnandi áætlað, að verðmæti horfinna muna næmi 5.552.000 kr., og merkt við á búnaðarskrá það, sem hann teldi hafa horfið.

Rannsóknarlögregla ríkisins hafi lagt hald á hluta munanna í veitingahúsinu Tunglinu og skilað stefnanda. Hafi stefndi og ekki fengið í hendur fullnægjandi gögn til að staðreyna, hvert sé raunverulegt tjón stefnanda. Stefnendur eða lögmaður þeirra hafi eigi viljað bíða þess, að rannsókn málsins lyki og tjón væri staðreynt, heldur höfðað mál þetta til þingfestingar 4. júní 1992. Hafi þeim þó verið tjáð, að ekki væri unnt að taka endanlega afstöðu til bótaskyldu og ákvarða bætur, fyrr en rannsókn málsins væri lokið, og bótakröfur ekki gjaldkræfar fyrr en eftir þann tíma samkvæmt vátryggingarskilmálum.

Í fram lögðu bréfi ríkissaksóknara, dags. 1. nóvember 1993, segir, að honum hafi borist rannsóknargögn, sem hafi fylgt bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 24. apríl 1993, um kærur á hendur Sturlu Birgissyni og Axel Ólafssyni fyrir þjófnað í september 1991. Engin vettvangskönnun hafi farið fram, er málið var kært til lögreglu, og í málinu hafi ekki verið upplýst, hvað hafi verið tekið af innbúi skemmtistaðarins Yfir strikið, áður Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík, sem þar hafi átt að vera og verið í eigu kæranda. Þá verði ekki ráðið af gögnum, að sá búnaður, sem lögreglan hafi lagt hald á í málinu, sé eign kæranda, sbr. búnaðarskrá Hollywood-kaupleigusamnings, sbr. skjal 3–1, og kærandinn hafi ekki verið yfirheyrður. Eins og mál þetta liggi fyrir, verði eigi af ákæruvaldsins hálfu krafist í því frekari aðgerða, sbr. 112. gr. laga nr. 19/1991.

3.0.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur segjast reisa kröfur sínar í máli þessu meðal annars á því, að þau hafi orðið fyrir tjóni vegna innbrots, sem þau hafi sannanlega verið tryggð fyrir hjá hinu stefnda vátryggingafélagi. Stefnendur styðja og kröfur sínar með hliðsjón af málsatvikum öllum við það, að hið stefnda vátryggingafélag sé að fullu bótaskylt vegna alls þess tjóns, sem stefnendur hafi orðið fyrir við umrætt innbrot í veitingahúsið að Ármúla 5, Reykjavík, 25. september 1991.

Stefnendur segjast vitna til vátryggingarsamnings milli hins stefnda vátryggingafélags og Sturlu Birgissonar og Fiðu sf., sem hafi rekið veitingastaðinn Yfir strikið að Ármúla 5, Reykjavík. Vísað sé til vátryggingarskírteinis nr. STO-7123, dags. 23. apríl 1991, vegna tímabilsins 1. febrúar 1991 til 1. janúar 1992 í því sambandi. Um sé að ræða samsetta vátryggingu, þar á meðal lausafjártryggingu, sbr. vátryggingarskilmála, og rekstrarstöðvunartryggingu, sbr. vátryggingarskilmála. Stefnendur reisi kröfur sínar á því, að greindir vátryggingarskilmálar taki ótvírætt til þess tjónsatburðar,

sem mál þetta sé sprottið af. Stefnendur hafi í raun verið eigendur að öllum innréttingum og því lausafé, sem hafi fylgt veitingahúsinu að Ármúla 5, Reykjavík (Yfir strikið).

Rekstrarstöðvunartrygging Sturlu Birgissonar og Fiðu sf. hafi meðal annars verið í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu á húsaleigu, sbr. kaupsamning/kaupleigusamning, dags. 15. nóvember 1990, sbr. og húsaleigusamning, dags. 24. nóvember 1990. Þar sé skýrt kveðið á um það, að það séu stefnendur, sem séu leigutakar, þ. e. standi í ábyrgð fyrir greiðslu húsaleigu til húseigenda, jafnframt því sem húseigendur, leigusalar, samþykki Sturlu Birgisson fyrir sitt leyti sem rekstraraðila, sbr. 7. gr. nefnds húsaleigusamnings.

Það sé málsástæða stefnenda, að hinu stefnda vátryggingafélagi hafi frá upphafi verið fullkunnugt um það, hver hafi í raun verið eigandi alls þess, sem tryggt hafi verið með lausafjártryggingunni, þar sem Sturla Birgisson hafi afhent hinu stefnda vátryggingafélagi eintak af samningi þeim, sem hafi legið til grundvallar tryggingunni, sbr. áðurgreindan kaupleigusamning/kaupsamning. Hinu stefnda vátryggingafélagi hafi jafnframt mátt vera ljóst, að Sturla Birgisson og Fiða sf. hafi tekið greinda rekstrarstöðvunartryggingu umfram allt í þágu stefnenda, þar sem stefnendur hafi staðið í ábyrgð fyrir greiðslu húsaleigunnar og séu því lögmætir rétthafar samkvæmt henni.

Verði eigi á það fallist, að áðurgreindur vátryggingarsamningur Sturlu Birgissonar og Fiðu sf. við hið stefnda vátryggingafélag hafi verið í gildi, er tjónsatburðurinn varð, reisi stefnendur kröfur sínar á vátryggingarsamningi stefnanda Inga S. Helgasonar við hið stefnda vátryggingafélag, sbr. vátryggingarskírteini, dags. 25. september 1991, sbr. og vátryggingarskírteini, dags. 11. mars 1992. Vátryggingu þessa hafi hið stefnda vátryggingafélag viðurkennt og metið gilda, enda hafi stefnendur greitt tilskilið iðgjald athugasemdalaust vegna hennar, sbr. greiðslukvittun, dags. 30. apríl 1992.

Svo sem áður sé fram komið, hafi stefnandi Ingi S. Helgason strax haft samband við Rannsóknarlögreglu ríkisins, er hann hafi orðið þess áskynja, að brotist hafði verið inn í Ármúla 5, Reykjavík, 25. september 1991, jafnframt því sem hann hafi strax haft samband við fulltrúa hins stefnda vátryggingafélags, sem hafi sent fulltrúa sinn umsvifalaust á staðinn til skoðunar og skýrslugerðar.

Að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi stefnandi Ingi S. Helgason yfirfarið búnaðarskrá þá, sem hafi verið hluti kaupleigusamnings/kaupsamnings hans og Sturlu Birgissonar, dags. 15. nóvember 1990. Svo sem fram komi í bréfi stefnanda Inga S. Helgasonar til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 3. október 1991, hafi hann auðkennt þau tæki og þá muni, sem

horfið hafi úr húsinu Ármúla 5. Í því sambandi vísist til greindrar búnaðarskrár vegna kaupleigusamnings.

Dómkröfur stefnenda grundvallist að hluta til á mati stefnandans Inga S. Helgasonar á verðmæti þeirra muna, sem horfið hafi úr húsinu Ármúla 5 samkvæmt framansögðu, en sundurliðun þess mats sé að finna í áður tilvitnuðu bréfi til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 3. október 1991. Niðurstöðutala þess sé 5.552.000 kr. Greint verðmat taki annars vegar mið af kaupsamningi/kaupleigusamningi, þar sem heildarverð fyrir Hollywood sé 24.465.712 kr., svo og þeirri staðreynd, að um notaða muni sé að ræða.

Í rannsókn málsins hafi komið í leitirnar hluti af tækjum og munum, sem hafi horfið í innbrotinu og ekki séu í áðurgreindri búnaðarskrá, þar sem þau hafi væntanlega verið viðbót við þau tæki, sem hafi verið á staðnum, og ef til vill komið að einhverju leyti í stað þeirra. Tæki þessi hafi verið afhent Inga S. Helgasyni.

Við innbrotið hafi margvíslegur búnaður, s. s. ljós og hátalarar, verið rifinn niður og leiðslur slitnar og innréttingar skemmdar. Gerð sé krafa um, að hið stefnda vátryggingafélag bæti stefnendum tjón vegna þessa með 600.000 kr. til greiðslu á beinu tjóni á innréttingum, lögnum og leiðslum svo og greiðslu vinnulauna við lagfæringar í því sambandi.

Með vísan til yfirlits yfir stöðu húsaleigugreiðslna, dags. 7. maí 1992, hafi stefnendur orðið að greiða húseigendum að Ármúla 5 húsaleigu og kostnað vegna innbrotsins, allt þar til nýr leigutaki hafi tekið við húsnæðinu aftur í febrúar 1992. Á kostnaði þessum, 2.289.147 kr., beri hinu stefnda vátryggingafélagi að standa stefnendum skil, þar sem hann falli tvímælalaust undir skilmála vátrygginga vegna rekstrarstöðvunar.

Stefnendur sundurliða dómkröfur sínar þannig:

Tjón vegna horfinna muna og tækja, sbr. sundurliðun í bréfi Inga S. Helgasonar til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 3. október 1991	kr.	5.552.000
Tjón vegna skemmda á innréttingum, leiðslum og raflögnum auk kostnaðar við að koma tækjum og ljósabúnaði fyrir	–	600.000
Húsaleiga og kostnaður, sbr. yfirlit yfir stöðu húsaleigugreiðslna, dags. 7. maí 1992	–	2.289.147
Stefnukröfur samtals	kr.	8.441.147

Svo sem skýrt komi fram í bréfi Inga S. Helgasonar til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 3. október 1991, sbr. búnaðarskrá vegna kaupleigu-

samnings, sé meginverðmæti þess, sem horfið hafi við innbrotið, fólgið í hljómflutnings- og ljósabúnaði í efri sal svo og hljómflutnings- og ljósabúnaði í neðri sal. Samkvæmt greindu bréfi sé tjón þetta samtals 4.000.000 kr. af heildartjóninu 5.552.000 kr. Nýviði þessara tækja samkvæmt verðlista sé samtals 7.315.643 kr., jafnframt því sem það kosti 1.500.000 kr. að tengja þessi tæki og koma þeim fyrir. Með öðrum orðum kosti það 8.815.643 kr. að koma nýjum tækjum fyrir í stað þeirra, sem horfið hafi við innbrotið.

Stefnendur reisi kröfur sínar í máli þessu á reglum íslensks skaðabótaréttar svo og reglum kröfu- og samningaréttar, eftir því sem við geti átt. Stefnendur styðji kröfur sínar jafnframt lögum nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Í því sambandi sé meðal annars vísað til 54., 56. og 57. gr. laganna. Krafa um vexti sé samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1989. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnendur séu ekki virðisaukaskattsskyldir.

4.0.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að ábyrgð stefnda samkvæmt vátryggingu Fiðu sf. hafi, þegar umstefnt tjón hafi orðið, verið fyrir löngu fallin niður samkvæmt 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga sökum vanskila á greiðslu iðgjalds af vátryggingunni og ósannað sé, að ætlað tjón hafi orðið á gildistíma tryggingar stefnanda Inga S. Helgasonar.

Stefndi vísar til fram lagðrar yfirlýsingar og tölvuútprentunar á greiðslukröfu, dags. 27. júlí 1992, um kröfur um greiðslu iðgjalds af vátryggingu Fiðu sf., og því sé sérstaklega mótmælt, að stefnendum hafi verið tjáð, að samið hefði verið um greiðsluvanskil Sturlu eða Fiðu sf. Því sé einnig andmælt, að stefnendum hafi verið lofað, að þau yrðu látin vita, „ef slík vanhöld yrðu á greiðslu iðgjalda af hálfu Sturlu, að segja ætti tryggingunni upp". Hafi uppsögn ekki heldur verið skilyrði brottfalls ábyrgðar félagsins og niðurfalls vátryggingarsamnings samkvæmt vátryggingarskilmálum, heldur hafi gilt um það ákvæði 14. og 15. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Með vísan til skýrslu stefnanda Inga S. Helgasonar, dags. 26. september 1991, virðist tjónsatburður hafa orðið, áður en vátrygging hans hafi gengið í gildi 25. september 1991, sbr. og 11. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Sé annað ósannað. Falli tjónið því utan gildistíma tryggingarinnar og bætist ekki úr tryggingunni þegar af þeim sökum.

Loks beri að sýkna stefnda af þeirri ástæðu, að greiðsluskylda hans sé ókomin, hvað sem öðru líði, sbr. 7. gr. skilmála frá 1. janúar 1990 og 20. gr. skilmála frá 17. júlí 1989. Sé stefnda enda ókleift að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna, ef um bótaskyldu reyndist að ræða.

Séu því ekki um að ræða skilyrði 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 til bótagreiðslu.

Stefnufjárhæð, 8.441.147 kr., sé andmælt bæði tölulega og efnislega. Hafi engin hlutlaus og haldbær sönnunargögn verið lögð fram um raunverulegt tjón stefnanda, heldur byggist stefnufjárhæð einkum á eigin áætlun hans. Verðmæti þeirra muna, sem sagt hafi verið, að hefðu horfið, og þeirra muna, sem hafi verið skilað aftur, hafi ekki verið staðreynt eða borið saman, og hugsanlegt sé, að verðmæti hafi horfið eða verið flutt brott fyrir 24.–25. september 1991, sbr. skýrslu stefnanda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 26. september 1991. Sé því engin leið að ákveða tjónsfjárhæð muna, sem stefnandi áætli 5.552.000 kr., eins og málið liggi fyrir, og ætti að vísa kröfunni frá ex officio sökum vanreifunar.

Kröfulið, að fjárhæð 2.289.147 kr., vegna rekstrarstöðvunar beri með öllu að hafna, en rekstrarstöðvunartrygging bæti aðeins tjón vátryggingartaka sjálfs, þ. e. Fiðu sf., en ekki annarra, sbr. tryggingarskilmálana.

Þá verði ekki annað séð en enginn rekstur hafi verið í veitingahúsinu á þeim tíma, sem tjónsatburður varð, en síðustu viðsemjendur stefnenda hafi þá nýgefist upp á rekstrinum, og enginn rekstur Fiðu sf. eða stefnanda sjálfs hafi þar stöðvast. Hafi innbrot þetta því ekki valdið rekstrarstöðvun staðarins, heldur rekstrarerfiðleikar fyrir þann tíma. Sé vandséð að framangreindu virtu, hvernig kröfuliður um húsaleigu og kostnað, 2.289.147 kr., sbr. yfirlit um stöðu húsaleigugreiðslna, dags. 7. maí 1992, eigi rétt á sér, jafnvel þó að rekstrarstöðvunartrygging væri í gildi fyrir vátryggingartaka. Slík trygging taki ekki heldur til dráttarvaxta og kostnaðar. Þá hafi stefndi uppi til skuldajafnaðar á kröfum stefnenda kröfu á Fiðu sf., að fjárhæð 361.103 kr., vegna hins ógreidda iðgjalds af tryggingunni. Kröfuliður, að fjárhæð 600.000 kr., fyrir ætlað tjón á innréttingum o. fl. sé alls engum gögnum studdur, og beri því einnig að hafna honum.

Kröfum um vexti og dráttarvexti sé algerlega mótmælt, en bótakröfur úr hinum umstefndu vátryggingum séu ekki gjaldfallnar samkvæmt 24. gr. laga um vátryggingarsamninga, sbr. 7. gr. skilmála frá 1. janúar 1990 og 20. gr. skilmála frá 17. júlí 1989.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt áðurgreindum samningi stefnenda við Sturlu Birgisson, dags. 15. nóvember 1990, mun hann hafa keypt hjá stefnda vátryggingu, sem m. a. tók til bruna-, vatns- og innbrotsþjófnaðartryggingar á leigumununum. Eftir að nafni veitingastaðarins var breytt í Yfir strikið og sameignarfélag Sturlu Birgissonar og Axels Ólafssonar, Fiða sf., varð rekstraraðili staðar-

ins, keypti Fiða sf. samsetta vátryggingu hjá stefnda fyrir tímabilið 1. febrúar 1991 til 1. janúar 1992, sem meðal annars tók til lausafjártryggingar vegna bruna- og vatnstjóns og innbrota ásamt rekstrarstöðvunartryggingu. Tók þessi síðargreinda trygging við af hinni fyrrgreindu, og giltu um hana sameiginlegir vátryggingarskilmálar stefnda frá 1. janúar 1990 auk sérskilmála um einstakar tegundir vátrygginga.

Fyrir liggur í málinu, að Fiða sf. greiddi ekki iðgjöld af þessari samsettu tryggingu þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um greiðslu, meðal annars með gíróseðli, sem sendur var 29. apríl 1991, og ítrekunum 20. júní og 22. júlí 1991, en telja verður löglíkur fyrir því, að innheimtuaðgerðir þessar hafi farið fram, þar sem ekkert hefur komið fram í málinu, er bendir til hins gagnstæða.

Stefndi mótmælir því sérstaklega, að stefnendum hafi verið tjáð, að samið hefði verið um greiðsluvanskil Sturlu eða Fiðu sf. Stefndi andmælir því einnig, að stefnendum hafi verið lofað, að þeir yrðu látnir vita, „ef slík vanhöld yrðu á greiðslu iðgjalda af hálfu Sturlu, að segja ætti tryggingunni upp". Þar sem stefnendur hafa ekkert fært frekar fram þessum fullyrðingum sínum til stuðnings, verða þær ekki lagðar til grundvallar við úrlausn um gildi vátryggingarsamningsins.

Fallast verður því á það með stefnda, að uppsögn hafi ekki verið skilyrði brottfalls ábyrgðar félagsins og niðurfalls vátryggingarsamnings samkvæmt vátryggingarskilmálum, heldur hafi gilt um hann ákvæði 14. og 15. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. og 22. gr. vátryggingarskilmála fyrir lausafjártryggingu og 8. gr. almennra vátryggingarskilmála fyrir brunatryggingu lausafjár. Fellst dómurinn á þá málsástæðu stefnda, að samkvæmt greindum ákvæðum hafi samningurinn verið úr gildi fallinn uppsagnarlaust og ábyrgð félagsins niður fallin sökum vanskila á greiðslu iðgjalds af vátryggingunni, en tæpir fimm mánuðir líða, frá því að greiðslu iðgjalds er fyrst krafist, þar til vátryggingaratburður gerist. Þegar af þessari ástæðu verður andvirði lausafjár og annað tjón vegna rekstrarstöðvunar ekki bætt af stefnda vegna þessarar tryggingar. Önnur álitaefni um þessa tryggingu koma því ekki til úrlausnar.

Stefnendur styðja kröfur sínar enn fremur með vátryggingarsamningi stefnanda Inga S. Helgasonar við hið stefnda vátryggingafélag, sbr. vátryggingarbeiðni, dags. 25. september 1991, sbr. og vátryggingarskírteini, dags. 11. mars 1992. Vátryggingu þessa hefur hið stefnda vátryggingafélag viðurkennt og metið gilda, enda hafa stefnendur greitt tilskilið iðgjald vegna hennar, sbr. greiðslukvittun, dags. 30. apríl 1992. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að samkomulag hafi orðið um það milli málsaðila, að tryggingin teldist gilda tímabilið 25. til 26. september 1991 og þá frá morgni

hins fyrrgreinda dags, þ. á m., meðan á hinni umdeildu töku muna stóð um hádegisbil þann dag.

Hér er um að ræða tryggingu á lausafjármunum samkvæmt fram lögðum lista, þ. e. bruna-, vatns- og innbrotstryggingu, en ekki rekstrarstöðvunartryggingu. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda vegna tjóns, er þeir telja sig hafa orðið fyrir af völdum rekstrarstöðvunar.

Trygging þessi er bundin við tiltekna lausafjármuni samkvæmt ákveðnum lista, þ. e. fram lagðri búnaðarskrá Hollywoods vegna kaupleigusamnings. Ekki verður fallist á, að aðrir hlutir, sem í stað þessara lausafjármuna hafa komið, séu tryggðir, nema þeir hafi sérstaklega verið tilgreindir með einhverjum hætti, t. d. skráðir eða tilkynntir stefnda sem breytingar á listanum, enda ókleift með öðru móti að henda reiður á því, um hvaða muni sé að ræða eða hvort munir komi í stað annarra. Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi upplýsti Ingi S. Helgason, að engin slík tilgreining eða sérgreining þeirra muna, sem endurnýjaðir voru, hafi verið gerð. Treystir dómurinn sér því ekki til að taka til greina sem tryggða muni aðra en þá, er skýrlega eru tilgreindir á umræddri búnaðarskrá.

Kaupleigusamningur stefnenda og Sturlu Birgissonar var gerður 15. nóvember 1990. Samningi þessum var síðar rift, og Fiða sf. í eigu Sturlu Birgissonar og Axels Ólafssonar tók við rekstrinum. Hafði Fiða sf. reksturinn á hendi, þar til Sveinn Eyland Garðarsson, kt. 040670-5219, og Stefán Ingi Guðmundsson, kt. 050269-4189, tóku við rekstrinum 28. ágúst 1991. Eftir að þeir höfðu rekið staðinn tvær eða þrjár helgar, kom í ljós, að þeir höfðu eigi fjárhagslegt bolmagn til þess að halda rekstri áfram. Þriðjudaginn 24. september 1991 afhentu þeir svo stefnendum lyklana að staðnum. Segir svo m. a. orðrétt í bréfi lögmanns stefnenda til stefnda, dags. 1. október 1991: „. . . og réðust umbj. m. strax í það að skipta um skrár á öllum dyrum staðarins, þar sem ekki var vitað um það, hverjir höfðu lykla að staðnum, en fyrrum starfsmenn höfðu gert sig líklega til þess að taka í burtu af staðnum ýmis tæki og áhöld, sem þeir töldu sig eiga.“ Enginn rekstur virðist hafa verið á staðnum dagana 25. og 26. september 1991, en tveir aðrir menn, Benedikt Páll Jónsson, kt. 050468-4459, og Birgir Helgi Birgisson, kt. 180168-4869, munu hafa rekið veitingastaðinn að einhverju leyti í október 1991.

Þannig liggur fyrir, að öðrum var leigður rekstur veitingahússins, eftir að Fiða sf. hætti rekstri, þar til tryggingin tók gildi 25. september 1991. Á þeim tíma, frá því að hinn upphaflegi kaupleigusamningur var gerður, þar til tryggingin tók gildi, munu rekstraraðilar hafa endurnýjað tæki og gert að-

ar endurbætur á staðnum í einhverjum mæli. Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi töldu forsvarsmenn Fiðu sf. hluta af hinum upphaflega búnaði úreltan og úr sér genginn. Mjög svo óljóst var um vörslu munanna á þessum langa tíma, og lítið eftirlit virðist hafa verið haft með því, hvað rekstraraðilar komu með og tóku af staðnum. Þá mun enginn rekstur hafa verið á staðnum þennan umrædda dag. Þegar þetta er virt, telur dómurinn, að stefnendur hafi fulla sönnunarbyrði um það, hvaða munir hafi horfið úr húsnæðinu 25. september 1991, þ. e. stefnendum beri að sýna fram á, að bótaskylt tjón hafi orðið þennan dag og að munirnir hafi ekki horfið með öðrum hætti á öðrum tíma.

Í kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins 26. september 1991 segir stefnandinn Ingi S. Helgason, að „innbrotið hljóti að hafa verið framið aðfaranótt 25. september eða nú í morgun". Í sömu kæru segir enn fremur svo orðrétt m. a.: „Kvaðst kærandi hafa farið ásamt lögmanninum á staðinn og þar hitt fyrir tvo unga menn, sem sögðust hafa unnið sem plötusnúðar fyrir kaupleigutakann, Sturlu Birgisson. Virtust menn þessir hafa safnað saman öllum verðmætum, sem verið höfðu í húsinu, á dansgólfið, sem er á fyrstu hæð. Um það spurðir höfðu menn þessir engar skýringar á framferði sínu, en kærandi kveðst vilja taka það fram, að hann sé réttmætur eigandi alls tækjabúnaðar, sem verið hafi í húsinu. Þeir Ingi og Sigmundur kváðust hafa séð, að Sturla Birgisson var í bifreið fyrir utan húsið (Ford Explorer), á meðan þeir ræddu við plötusnúðana. Kærandi segir, að atburðir þessir hafi gerst í gær, þriðjudaginn 24. september, um kl. 18.20, og hafi hann í framhaldi af því skipt um allar læsingar í húsinu."

Síðan segir svo í kærunni: „Kærandi segir, að Sturla Birgisson hafi verið boðaður á fund í húsnæðinu að Ármúla 5 nú í dag, 25. sept., og hafi lögmaður kæranda einnig ætlað að sækja þann fund, en ræða átti riftun kaupleigusamnings. Kærandi kvaðst hafa komið að Ármúla 5 um kl. 14.00 og þá séð, að brotist hafði verið inn í húsnæðið og nánast hreinsað út um allt verðmæti, sem hann segir, að skipti milljónum. Hann kvaðst einnig vilja taka það fram, að Sturla hefði ekki látið sjá sig á þeim tíma, sem þeir höfðu mælt sér mót."

Samkvæmt þessu virðist Inga S. Helgasyni hafa verið ljóst, að verið var að undirbúa brottflutning á munum daginn áður en tryggingin tók gildi. Benda líkur til, að hann hafi séð, hvað í vændum var.

Ásgrímur Guðmundsson, kt. 010357-7999, segir í skýrslu, er hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. október 1991, að hann hafi skráð muni, sem teknir voru, og tilgreinir þá í skýrslunni, en munir þessir hafi getað verið á umræddri búnaðarskrá. Á hinn bóginn fullyrtu forsvarsmenn Fiðu sf.,

þeir Sturla Birgisson og Axel Ólafur Ólafsson, við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að ekkert af því, sem var á umræddri búnaðarskrá, hefði verið numið brott 25. september 1991. Um hefði verið að ræða ljósasamstæðu, er tekin var á leigu, og aðra muni í eigu þeirra. Virtist vitnisburður Jóns Sigurbjörns Ólafssonar, kt. 030961-3749, sem var bifreiðarstjóri annarrar þeirrar sendibifreiðar, er varninginn flutti, og gaf munnlega skýrslu fyrir dómi um flutning þennan, styðja þessa fullyrðingu þeirra. Ekki verður því talið, að stefnendur hafi með þessum vitnisburði Ásgríms Guðmundssonar einum sýnt fram á, að í þetta skipti hafi verið brott numdir munir, sem tryggðir voru samkvæmt áðurgreindri búnaðarskrá.

Svo sem að framan greinir, hafði Sturla Birgisson verið boðaður á fund í húsnæðinu að Ármúla 5 þennan morgun af Inga S. Helgasyni, og gat Sturla því vænst þess, að Ingi yrði þar staddur. Hringt var í tvær sendibifreiðir til flutninganna. Eins og áður er rakið, segist Ásgrímur Guðmundsson hafa skráð muni, sem teknir voru. Flutningurinn fór fram um hábjartan dag. Munirnir virðast því ekki hafa verið teknir með leynd, en samkvæmt 16. gr. vátryggingarskilmálanna fyrir lausafjártryggingunni fól tryggingin í sér innbrotsþjófnaðartryggingu.

Hinn 1. nóvember 1991 fóru tveir rannsóknarlögreglumenn að veitingastaðnum Tunglinu, Lækjargötu 2, Reykjavík, og fóru fram á það við rekstraraðila þess, Guðjón Sverri Rafnsson, kt. 220567-3709, að hann afhenti þeim tæki þau, sem Guðjón kvaðst geyma fyrir þá Sturlu Birgisson og Axel Ólaf Ólafsson. Féllst Guðjón á það, og voru greind tæki að sögn Guðjóns þau, sem hann fékk til varðveislu frá þeim um mánaðamót september/ október 1991. Tæki þessi voru síðan afhent Inga S. Helgasyni. Mun eitthvað af þessum tækjum hafa verið á greindri búnaðarskrá, en önnur ekki. Tók Ingi S. Helgason tæki þessi upp í tjón sitt.

Engin vettvangskönnun varð gerð, er málið var kært til lögreglu. Eftir lögregluranns6kn málsins segir ríkissaksóknari í bréfi sínu til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 1. nóvember 1993, að í málinu hafi ekki verið upplýst, hvað hafi verið tekið af innbúi skemmtistaðarins Yfir strikið, áður Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík, sem þar hafi átt að vera og var í eigu kæranda. Enn fremur segir í bréfinu m. a.: „Þá verður ekki ráðið af gögnum, að sá búnaður, sem lögreglan lagði hald á í málinu, sé eign kæranda, sbr. búnaðarskrá Hollywood-kaupleigusamningsins, sbr. skjal 3–1, og kærandinn hefur ekki verið yfirheyrður. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður eigi af ákæruvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða, sbr. 112. gr. laga nr. 19/ 1991.“ Í bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins til lögmanns stefnenda, dags. 29. nóvember 1993, er tilkynnt, að ákæruvaldið krefjist ekki frekari aðgerða

vegna þessa máls. Verður því að ályktа, að ákæruvaldið hafi ekki treyst sér til að kæra viðkomandi fyrir gripdeild eða þjófnað.

Samkvæmt framansögðu liggur ekki ljóst fyrir, hvort munir hafi horfið úr eigu stefnenda samkvæmt áðurgreindri búnaðarskrá 25. september 1991 án þess að vera skilað eigendum. Þótt eigendur munanna sakni þeirra, hafa þeir með engu móti sýnt fram á, að þeir hafi horfið umræddan dag. Verða þeir að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Þegar því framangreint er virt í heild sinni, telur dómurinn, að stefnendum hafi ekki tekist að sýna fram á, að þau hafi orðið fyrir tjóni með þeim hætti, að stefndi beri á því bótaábyrgð. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnenda.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Árnýjar Arnþórsdóttur og Inga S. Helgasonar, í máli þessu.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 73/1994. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Ásgeiri B. Ólafssyni
(Gestur Jónsson hrl.)

Vátryggingarsamningar. Bifreiðir. Ölvun við akstur. Gáleysi. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1994. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Hann gerir þá kröfu, að dæmd fjárhæð vegna slysatryggingar stefnda beri aðeins vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. september 1992 til greiðsludags, en dæmd fjárhæð samkvæmt gullkortatryggingu stefnda beri aðeins vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 27. september 1991 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 22. apríl 1994 var stefnda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Áfrýjandi hefur m. a. lagt fram ákæru, dagsetta 15. ágúst 1990, ásamt fylgiskjölum í máli ákæruvaldsins gegn Helga Þorsteinssyni, sem dæmt var í héraðsdómi Falköping 7. maí 1991 og fjallað er um í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að vínandamagn í blóði Helga, er blóðsýni var tekið kl. 04.05, hafi verið a. m. k. 2,47‰, en slysið varð um kl. 03.00. Lögmaður stefnda mótmælti bæði framlagningu og innihaldi nýrra gagna áfrýjanda með vísan til 160. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð

einkamála. Gögn þau, sem varða lögreglurannsókn slyssins í Svíþjóð, svo og ákæra og fylgiskjöl hennar, fjalla um staðreyndir, sem liggja eiga fyrir í málinu, og fá þau komist að hér fyrir dómi.

II.

Stefndi byggir kröfur sínar á tveimur vátryggingarsamningum við áfrýjanda. Önnur tryggingin er almenn slysatrygging, en hin er slysatrygging gullkortahafa hjá Eurocard. Í vátryggingarskilmálum fyrir almennu slysatryggingunni er tekið fram, að félagið bæti ekki slys, sem verði vegna stórkostlegs gáleysis þess, sem tryggður er. Í tryggingarskilmálum fyrir Eurocard-gullkort segir, að félagið bæti ekki tjón, sem rakið verði til neyslu áfengis. Jafnframt er tekið fram, að lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga gildi um vátryggingarnar, ef annað leiði ekki af skilmálunum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamningsins.

III.

Eins og lýst er í héraðsdómi, fjallar mál þetta um umferðarslys, sem stefndi varð fyrir í Svíþjóð aðfaranótt 22. júlí 1989, er hann var farþegi í bifreið, sem mágur hans, Helgi Þorsteinsson, ók. Helgi var ákærður fyrir ölvunarakstur og fyrir að hafa sýnt gáleysi í umferð. Með dómi héraðsdóms Falköping 7. maí 1991 var Helgi dæmdur fyrir grófan ölvunarakstur, en sýknaður af ákæru um gáleysi í umferð. Ekki var talið sannað, að hann hefði sýnt af sér óvarkárni í akstri.

Sönnunarmatið í þessum sænska refsidómi er ekki bindandi í bótamáli því, sem hér liggur fyrir, en óhjákvæmilegt er að rekja nokkuð það, sem fram kom við rannsókn sakamálsins.

Í framburði sínum hjá sænsku lögreglunni 10. maí 1990 viðurkenndi Helgi Þorsteinsson ölvunarakstur, en neitaði gáleysi í umferð. Hann sagði, að bíllinn hefði tekið að láta einkennilega og svo hefði virst sem sprungið væri á öðru hjólinu hægra megin. Hann hefði reynt að halda bílnum á veginum, en það ekki tekist og bíllinn farið niður í skurð og áfram út á akur, þar sem hann endaði á hliðinni. Ólafur Ásgeirsson, sonur stefnda, sem einnig var farþegi í bifreiðinni, sagði í yfirheyrslu hjá lögreglu 11. janúar 1990, að bíllinn hefði allt í einu byrjað að sveiflast til hægri og vinstri. Helgi hefði

reynt að bregðast við hreyfingum bílsins með því að beygja til hægri og vinstri, en það ekki gengið, og hefði bíllinn farið út af ofan í skurð og áfram út á akurinn og farið nokkrar veltur. Stefndi bar fyrir dómi í þessu máli, að hann myndi ekkert eftir ökuferðinni eða slysinu, en hann missti meðvitund við það. Fjórði maðurinn, sem var í bifreiðinni, Þjóðverji að nafni Rudolf Büttner, virðist ekki hafa verið yfirheyrður af lögreglu, en Ólafur Ásgeirsson kvað hann hafa verið slappan á leiðinni og hálfsofandi. Björgunarbílstjóri sá, sem náði í bifreiðina eftir slysið, sagði í yfirheyrslu 31. janúar 1990, að sprungið hefði verið á a. m. k. tveimur hjólum, þar af einu afturhjóli. Hann sagði einnig, að ætíð spryngi á einu eða fleiri hjólum, þegar fólksbíll ylti á sama hátt og umrædd bifreið gerði. Engin rannsókn virðist hafa verið gerð á bifreiðinni. Þegar það, sem að framan er rakið, er virt, verður að telja ósannað, að slysið hafi orðið vegna þess, að sprungið hafi á hjólbarða bifreiðarinnar.

IV.

Í héraðsdómi er því lýst, að stefndi var ásamt konu sinni, syni og fleira fólki gestkomandi í sumarbústað Helga Þorsteinssonar. Vín var veitt með matnum, og þegar klukkan var langt gengin í eitt, fóru konur og börn að sofa, en karlarnir sátu eftir og neyttu áfengis. Í vitnaskýrslu lýsir Helgi því, að hann hafi verið búinn að „sulla í víni um daginn", áður en gestirnir komu, en hafi ekki drukkið sterkt áfengi. Hann hafi mikið þol gagnvart áfengi og ekki fundið mikið á sér. Upp úr kl. 02.00 stakk Helgi upp á því, að þeir kæmu með sér í ökuferð um nágrennið, og varð slysið kl. 03.00.

Eins og að framan greinir, var tekið blóðsýni úr Helga kl. 04.05, og mældist vínandamagn í blóði hans a. m. k. 2,47‰. Telst hann því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Stefndi hafði verið samvistum við Helga allt kvöldið. Fer ekki hjá því, að hann hafi tekið eftir því, að Helgi neytti áfengis, og þegar litið er til þess áfengismagns, sem mældist í blóði Helga, orðið þess var, að hann var undir áfengisáhrifum.

V.

Eins og að framan er rakið, verður að telja ósannað, að slysið megi rekja til þess, að sprungið hafi á hjólbarða bifreiðarinnar. Ekki

hafa verið leiddar líkur að því, að bifreiðin hafi bilað. Langlíklegast er, að slysið hafi orðið vegna ölvunar ökumanns, enda er svo ölvaður maður óhæfur til að bregðast við hinu óvænta, sem upp á kann að koma við aksturinn. Verður að virða stefnda það til stórkostlegs gáleysis að fara í ökuferðina með Helga. Áfrýjandi hefur undanskilið sig ábyrgð við þessar aðstæður í fyrrgreindum vátryggingarskilmálum, sbr. og 124. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs B. Ólafssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans, Ólafs Axelssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur, og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Í sakamáli gegn mági stefnda fyrir héraðsdómi í Falköping var hann sýknaður af ákæru um óvarlegan akstur, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Var sú niðurstaða einkum byggð á þeim gögnum sakamálsins, sem bentu til þess, að sprungið hefði snögglega á hjóli bifreiðar hans hægra megin, þar sem hún var á ferð eftir þjóðveginum til Falköping, og það orðið orsök að því, að hún rásaði út af veginum. Voru gögnin greinilega metin í ljósi þess, að bifreiðin var stödd á beinni og þurri akbraut með bundnu slitlagi og ekki ætlandi, að truflun frá annarri umferð væri til að dreifa. Slysið hafði sætt rannsókn af hálfu lögreglu á staðnum, sem kom á vettvang og

kannaði atvik þess. Er ekki leitt í ljós, að þeirri könnun hafi verið ábótavant. Ekki verður heldur séð, að ökumaðurinn hafi við rannsóknina viðurkennt annað en ölvun sína.

Samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglumanns og vitnisburði hans mátti sjá löng för eftir bifreiðina, þar sem hún hafði rásað eftir akbrautinni sjálfri, áður en hún lenti út af veginum. Styður þetta eindregið frásögn ökumanns og sonar stefnda af aðdraganda slyssins. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum ásamt niðurstöðu sakamálsins er ekki varhugavert að leggja það til grundvallar í þessu máli milli stefnda og vátryggjanda hans, að frumorsök slyssins, er olli líkamstjóni stefnda, hafi verið sú, að sprungið hafi á hjóli bifreiðarinnar inni á akbrautinni. Samkvæmt fram komnum gögnum um ölvun ökumanns var hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki eftir þeim mælikvarða, sem við átti samkvæmt íslenskri og sænskri umferðarlöggjöf. Verður að ætla, að þetta ástand hans hafi ráðið því að einhverju leyti, að honum tókst ekki að afstýra því, að bifreiðin rásaði út af veginum og valt. Hins vegar verður ekki á það fallist, að ölvunin hafi verið meginorsök slyssins í þeim skilningi, er á reynir samkvæmt skilmálum þeirra vátrygginga, sem málið snýst um.

Eins og samvistum stefnda og ökumannsins var háttað þetta kvöld, hlýtur stefndi að hafa orðið þess var, að hann væri undir áfengisáhrifum, áður en lagt var upp í ökuferðina, sem farin var að nauðsynjalausu. Að virtum öllum atvikum verður að meta stefnda það til stórkostlegs gáleysis að taka þátt í ferðinni. Á sú niðurstaða við, eins og hér stendur á, þótt málið snúist um vátryggingu, en ekki skaðabótaskyldu. Samkvæmt skilmálum hinnar almennu slysatryggingar stefnda hjá áfrýjanda var félaginu því rétt að hafna bótagreiðslu fyrir líkamstjón stefnda að því leyti, sem rekja mátti slysið til ölvunar ökumanns. Í skilmálum ferðaslysatryggingar stefnda sem handhafa Eurocard-gullkorts var stórkostlegt gáleysi ekki tilgreint sem bótaleysisástæða, en undanþága var áskilin vegna tjóns, sem rakið yrði til neyslu áfengis, lyfja eða annarra ávana- og fíkniefna. Einnig var tekið fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga ættu við um tryggginguna. Með hliðsjón af ákvæðum 124. gr. þeirra laga ásamt því, að ökuferð stefnda mátti heita tengd áfengisneyslu hans og ökumanns, verður að telja áfrýjanda rétt að

hafna bótagreiðslu úr þessari tryggingu að sama leyti og vegna hinnar fyrrnefndu.

Á grundvelli þess, sem hér var rakið, er það niðurstaða mín, að áfrýjanda beri að greiða stefnda 3/5 hluta þeirra bótafjárhæða, sem við áttu um tjón hans samkvæmt umræddum vátryggingum. Eru það 6.754.880 krónur annars vegar og 9.462.000 krónur hins vegar, eftir því sem málsaðilar hafa tilgreint, samtals 16.216.880 krónur. Að auki greiði hann vexti af bótafjárhæðinni og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 26. mars 1992, af Ásgeiri Braga Ólafssyni, Hjarðarhaga 48, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 27.028.133 kr., með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti þá, að sumarið 1989 hafi stefnandi farið ásamt fjölskyldu sinni í sumarfrí til Svíþjóðar. Hafi hann heimsótt skyldmenni, sem þar búa. Hinn 21. júlí þ. á. hafi Helgi Þorsteinsson, mágur stefnanda, boðið þeim í sumarhús skammt frá Falköping. Skömmu eftir miðnætti á komudegi hafi Helgi boðið stefnanda ásamt syni hans og öðrum manni þeim tengdum í ökuferð um næsta nágrenni. Hafi m. a. átt að skoða á, sem þeir hugðust veiða í daginn eftir. Hafi verið ekið að á þessari, sem var í nágrenninu, og staðið þar við í 5 til 10 mínútur. Síðan hafi verið haldið heim á leið. Eftir að eknar höfðu verið u. þ. b. 1,5 til 2 mílur, hafi bifreiðin skyndilega farið að rása til hliðanna. Hafi Helgi reynt að ná valdi á henni, en án árangurs. Bifreiðin hafi farið út af veginum og oltið með þeim afleiðingum, að stefnandi stórslasaðist. Sé hann metinn 100% varanlegur öryrki vegna þessa slyss.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 komi fram, að umrætt kvöld hafi verið veitt vín með kvöldmat, en þegar klukkan var langt gengin í eitt, hafi konur og börn gengið til náða. Karlmenn þeir,

er í boðinu voru, hafi setið eftir á verönd og drukkið bjór og brennivín. Eftir nokkra stund, þ. e. um það bil kl. 2.30, hafi gestgjafinn, Helgi Þorsteinsson, stungið upp á því, að farið yrði í bílferð um nágrennið. Hafi Helgi ekið bifreiðinni. Um það er lauk, hafi Helgi ekið þjóðveginn til Falköping, og telji vitnið Ólafur Árnason, að ekið hafi verið á 90 til 100 km hraða á klukkustund, en vegalengdin hafi verið um 15 til 20 km. Hafi farið svo, að Helgi missti stjórn á bifreiðinni og hún farið út af með hörmulegum afleiðingum, og hafi stefnandi þar hlotið örkuml sín.

Hafi Helgi hlotið dóm, sbr. dskj. nr. 7. Segi þar, að ósannað sé, að Helgi hafi sýnt óvarkárni í akstri, en hann fundinn sekur um grófan ölvunarakstur, en skv. sænskum lögum þýði það meira en 1,5‰ vínanda í blóði.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að ferðina til Svíþjóðar hafi stefnandi greitt með Euro-greiðslukorti, gullkorti, og hafi hann því notið þeirrar slysatryggingar, sem fylgi handhöfn og notkun kortsins. Á þessum tíma hafi verið í gildi samningur á milli Kreditkorta hf. og stefnda, sem m. a. hafi falið í sér ferðaslysatryggingu fyrir handhafa Euro-korta. Samkvæmt tryggingarskilmálum skyldu bætur til tjónþola vegna slyss nema jafnviði USD 250.000 miðað við 100% varanlega örorku.

Þá hafi Miðnes hf., fyrirtæki, sem stefnandi vann hjá, slysatryggt hann hjá stefnda. Samkvæmt skilmálum þessarar tryggingar hafi tjónþola borið miðað við 1. júlí 1991 11.258.233 kr. við algjöra örorku.

Við það er miðað í málinu, að á grundvelli ofangreindra trygginga beri stefnda að greiða stefnanda bætur samkvæmt nefndum skilmálum, sem samsvari stefnufjárhæð.

Stefnufjárhæð myndi ofangreindar tryggingar, eins og þær voru 1. júlí 1991, þ. e. tæpum hálfum mánuði eftir, að örorka stefnanda lá fyrir og krafa hafði verið gerð á hendur félaginu, Euro-tryggingin USD 250.000 á gengi 63,08, slysatryggingin 11.258.133 kr.

Enginn ágreiningur eigi að vera um ofangreinda málavexti og málsástæður. Stefndi hafi hins vegar synjað stefnanda um greiðslu með þeim rökum, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, og eigi stefnandi því engan bótarétt með vísan til 124. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Hvað varðar þessa málsástæðu stefnda, skuli tekið fram, að slysið verði ekki rakið til áfengisneyslu ökumanns. Samkvæmt dómi á hendur honum, sem gekk í undirrétti í Svíþjóð (Falköping Tingsrätt), hafi verið talið upplýst, að skýringin á því, að bifreiðin fór út af veginum, væri sú, að á einum eða fleiri hjólbörðum hennar sprakk, og við það hafi ökumaður misst vald

á bifreiðinni. Samkvæmt þessum dómi varð slysið ekki rakið til áfengisneyslu ökumanns, heldur óhapps.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að 124. gr. vsl. eigi ekki við í máli þessu. Því sé sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um, að Helgi Þorsteinsson væri undir áhrifum áfengis, og einnig, að það hafi verið stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að stíga upp í bifreiðina.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að Helgi Þorsteinsson hafði neytt áfengis umrætt kvöld og verið undir áfengisáhrifum, þegar lagt var af stað í hina örlagaríku ökuferð. Samkvæmt sakargögnum var áfengismagn í blóði Helga meira en 1,5‰ og hann því óhæfur til aksturs skv. umferðarlögum. Sé það íslensk réttarvenja, að farþegar, er slasast í ferð með drukknum ökumönnum, fái ekki tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, þar sem þeir séu taldir hafa sýnt af sér vítavert gáleysi með því að slást í för hins drukkna manns og tekið á sig áhættuna af því, ef illa færi.

Á sama hátt hafi stefnandi fyrirgert bótarétti sínum úr þeim vátryggingum, er hann hafði keypt, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. einnig gr. 9-2 í skilmálum almennrar slysatryggingar og hina sameiginlegu vátryggingarskilmála fyrir handhafa Eurocard-gullkorts frá 1. janúar 1989.

Þá er því haldið fram, að tjónsbætur úr gullkortatryggingunni eigi að greiða í USD á greiðsludegi.

Verði ekki fallist á sýknu, er því haldið fram, að draga eigi frá bótum stefnanda vegna vítaverðs gáleysis hans og aðeins greiða honum hluta umstefndrar fjárhæðar.

Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og vaxtafæti. Sé það almenn regla, að vextir af skaðabótakröfum skuli vera skv. 7. gr. vaxtalaga, en dráttarvöxtum skuli í fyrsta lagi beita við dómsuppsögu, enda ekki fyrr búið að leiða til lykta ágreining um tjónið.

Ágreiningur er ekki um aðild í málinu.

Forsendur og niðurstaða.

Upplýst er, að stefnandi, sem var á ferðalagi í Svíþjóð, slasaðist, er bifreið, sem hann var farþegi í, valt. Ökumaður bifreiðarinnar var Helgi Þorsteinsson, mágur stefnanda. Fram hefur komið, að Helgi var ákærður þar fyrir að hafa umrætt sinn gerst sekur um ölvunarakstur og fyrir að hafa sýnt gáleysi í umferð. Í málinu hefur verið lagður fram í þýðingu löggilts skjalaþýðanda dómur héraðsdóms í Falköping, upp kveðinn 7. maí 1991, þar sem

tekið er á þessum ákæruatriðum. Í dóminum kemur fram, að Helgi viðurkenndi að hafa gerst sekur um ölvunarakstur, en neitaði að hafa sýnt gáleysi í umferð. Í dóminum kemur jafnframt fram, að Helgi telur, að á leiðinni hafi eitthvað komið fyrir bílinn. Telur hann sennilegt, að sprungið hafi á honum og við það ekki verið lengur hægt að stýra honum. Jafnframt kemur þar fram, að hann hafi ekki orðið var við, að hann væri undir áhrifum áfengis. Samkvæmt framburði Ólafs Ásgeirssonar, sonar stefnanda, sem var farþegi í bílnum, gekk aksturinn vel, þar til bíllinn fór allt í einu að sveiflast til og hann sá, að Helgi átti erfitt með að hafa stjórn á honum. Hafi hraðinn á bílnum þá verið 80–90 km á klukkustund. Lögregluþjónn, Tony Persson að nafni, sem var vitni í málinu, skýrði frá því, að björgunarbílstjórinn, sem náði í bílinn, hefði tjáð honum, að sprungið hefði verið á a. m. k. tveimur hjólum og að oft spryngi á bíl, þegar hann ylti, eins og í tilviki því, sem hér um ræðir.

Í niðurstöðu héraðsdóms í Falköping segir m. a.: „Frásögn Ólafs og vitnisburður Perssons einnig að vissu marki styðja orð Helga um, að það hafi sprungið á bílnum og það valdið því, að hann fór út af veginum. Með hliðsjón af því telur héraðsdómur ekki sannað, að Helgi hafi sýnt óvarkárni í akstri, hvorki með því að aka ótilhlýðilega hratt né heldur með því að veita vegi og akstri ónóga athygli. Því ber að hafna ákæru fyrir gáleysi í umferð."

Í umfjöllun dómsins um það ákæruatriði, að Helgi hafi gerst sekur um ölvunarakstur, segir þar m. a.: „Vínandamagnið, sem mældist í blóði Helga um klukkustundu eftir aksturinn, var vissulega mjög hátt. Eins og áður segir um ákæruna fyrir gáleysi í umferð, hefur þó ekki verið sýnt fram á, að það atriði hafi átt þátt í slysinu."

Þegar litið er til dóms héraðsdómsins í Falköping svo og annarra gagna málsins, þykir gegn andmælum stefnanda ósannað, að orsök slyssins verði rakin til áfengisneyslu ökumanns bifreiðarinnar, Helga Þorsteinssonar, eða gálauss aksturs hans. Þegar af þeim sökum ber að hafna þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi með því að taka sér far með Helga Þorsteinssyni umrætt sinn sýnt af sér vítavert gáleysi og þar með fyrirgert bótarétti sínum, en á því reisir stefndi sýknukröfu sína, eins og áður greinir.

Ber því samkvæmt framansögðu að fallast á, að stefnda beri að greiða stefnanda bætur samkvæmt skilmálum þeirra vátryggingarsamninga, er í gildi voru milli málsaðila.

Ágreiningur er ekki um fjárhæðir í málinu að öðru leyti en því, að af hálfu stefnda er því haldið fram, að tjónsbætur úr gullkortatryggingunni eigi að greiða í dollurum á því gengi, sem verður á greiðsludegi. Í tryggingarskilmálum umræddrar tryggingar er ekki að finna ákvæði, er lúta að

þessu. Fallast ber því á, að miða eigi við gengi 1. júlí 1991, er örorkumat lá fyrir, enda hefur stefndi ekki fært að því nein rök, að miða beri við gengi dollars á greiðsludegi.

Fallast ber á, að krafa stefnanda beri dráttarvexti skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Hinn 27. ágúst 1991 sendi lögmaður stefnanda stefnda bréf ásamt örorkumati og fór þess á leit, að félagið endurmæti afstöðu sína til stefnanda. Með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 þykir rétt að miða upphafsdag vaxta við 27. september 1991.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir dæmast frá 27. september 1991, eins og áður greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða 1.222.352 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, 1.222.352 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Axelssonar hrl., 1.200.000 kr., en 22.352 kr. eru vegna útlagðs kostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, og hefur þeim kostnaði ekki verið mótmælt.

Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Ásgeiri Braga Ólafssyni, 27.028.133 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. september 1991 til greiðsludags.

Þá greiði stefndi enn fremur 1.222.352 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 1.222.352 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Axelssonar hrl., 1.200.000 kr.

Föstudaginn 9. febrúar 1996.

Nr. 57/1996. **Jón Kristján Ólafsson**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám að hluta fellt úr gildi. Fyrning. Ábyrgð. Sameignarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 1995, þar sem staðfest er fjárnám hjá sóknaraðila, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði 17. febrúar 1995 samkvæmt beiðni varnaraðila fyrir kröfu, að fjárhæð 3.991.169 krónur. Var fjárnámið gert í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Fjarðarási 11 í Reykjavík og bifreiðinni IY 641. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og meðferð málsins í héraði allt frá 6. desember 1994. Til vara er þess krafist, að fyrrgreint fjárnám verði ógilt, en til þrautavara, að því verði breytt þannig, að það nái einungis til mun lægri fjárhæðar. Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Engin efni eru til að fallast á kröfu sóknaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hin kærða úrskurðar verður hafnað kröfu sóknaraðila um ógildingu fjárnámsins í heild.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, er krafa varnaraðila vegna opinberra gjalda Barmahlíðar sf., en hann leitar fullnustu á kröfunni hjá sóknaraðila í skjóli ábyrgðar hans sem eins af félags-

mönnum. Hinn 10. desember 1985 var gert lögtak hjá félaginu fyrir opinberum gjöldum, á lögðum 1984 og 1985. Gerðinni var beint að Barmahlíð sf., og rauf hún þannig fyrningu kröfunnar gagnvart félaginu. Með því var fyrning hins vegar ekki rofin gagnvart sóknaraðila sem ábyrgðarmanni fyrir skuldinni. Hafa ekki verið leidd í ljós önnur atvik, sem hefðu getað slitið fyrningu kröfunnar, hvað sóknaraðila varðar. Í því sambandi er þess að gæta, að innborganir til varnaraðila árið 1992, sem vikið er að í hinum kærða úrskurði, voru inn á gjaldaskuld Barmahlíðar sf., auk þess að ekki verður séð af gögnum málsins, að sóknaraðili hafi innt þær greiðslur af hendi.

Samkvæmt þessu var ábyrgð sóknaraðila á kröfu varnaraðila fyrir opinberum gjöldum, sem lögð voru á Barmahlíð sf. árin 1984 og 1985, fallin niður fyrir fyrningu, þegar fjárnám var gert hjá sóknaraðila 17. febrúar 1995. Verður því tekin til greina þrautavarakrafa sóknaraðila og fjárnámið fellt úr gildi að því leyti. Fjárnámið skal hins vegar standa óhaggað fyrir opinberum gjöldum umræddss félags, á lögðum 1993 og 1994. Er krafa um þau samtals að fjárhæð 13.492 krónur, og nær fjárnámið að auki til dráttarvaxta af þeirri fjárhæð og kostnaðar af gerðinni, sem svarar til þeirrar kröfufjárhæðar.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er höfð hliðsjón af því, að með dómi Hæstaréttar 28. mars 1995 í málinu nr. 94/1995, sem varnaraðili átti aðild að, var leyst úr sama lagaatriði og ræður framangreindri niðurstöðu um þrautavarakröfu sóknaraðila.

Dómsorð:

Fjárnámi, sem var gert 17. febrúar 1995 að kröfu varnaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, hjá sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni, er breytt þannig, að það standi til tryggingar 13.492 krónum, auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð og kostnaðar af gerðinni, sem til þess svarar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 180.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 1995.

I.

Sóknaraðili skaut máli þessu til héraðsdóms með bréfi, dags. 9. mars 1995, og kærði fjárnám, er gert var hjá honum 17. febrúar 1995 í eignarhluta hans í Fjarðarási 11, Reykjavík, og í bifreiðinni IY-641. Málið var þingfest 25. mars sl. og úrskurður kveðinn upp 10. maí sl. Með dómi Hæstaréttar, dags. 2. júní sl., var úrskurðurinn felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Málið var tekið til úrskurðar að nýju 21. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Jón Kristján Ólafsson, kt. 211247-4019, Breiðabakka, Holta- og Landhreppi, Rangárvallasýslu.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fram fór 17. febrúar sl. að kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, verði úrskurðuð ógild. Til vara er gerð sú krafa, að ofangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi að hluta til og fjárnám einungis heimilað fyrir gjöldum, að höfuðstól 7.385 kr., vegna gjaldársins 1993, og 6.107 kr. vegna gjaldársins 1994. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

II.

Með aðfararbeiðni, dags. 24. nóvember 1994, krafðist varnaraðili fjárnáms hjá sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni, Fjarðarási 11, Reykjavík, til lúkningar vangoldnum opinberum gjöldum v/Barmahlíðar sf., en sóknaraðili var annar tveggja sameigenda þess fyrirtækis.

Krafan var í gerðarbeiðni sundurliðuð svo:

Höfuðstóll		kr.	679.993
Dráttarvextir til 31. 10. 1994		–	3.306.456
Kostnaður (eldri)		–	1.720
Kostn. v/áritunar héraðsdóms		–	3.000
	Samtals	kr.	3.991.169
Kostnaður v/aðfararbeiðni		–	10.000
	Samtals	kr.	4.001.169

Höfuðstóll kröfunnar var samkvæmt meðfylgjandi gjaldseðli þannig til kominn:

Álagning 1984		kr	282.591
Álagning 1985		–	383.910
Álagning 1993		–	7.385
Álagning 1994		–	6.107
	Samtals	kr.	679.993

Varnaraðili beindi aðfararbeiðninni til Héraðsdóms Reykjavíkur til áritunar á grundvelli 4. tl. 11. gr. laga nr. 90/1991. Dómarafulltrúi, sem með málið fór, óskaði frekari skýringa á aðfararbeiðni þessari, og gaf varnaraðili þær með bréfi, dags. 6. desember 1994. Þar kom fram, að gert hafði verið fjárnám 10. desember 1985 í Fjarðarási 11, þinglýstri eign sóknaraðila og Guðlaugar Steingrímsdóttur, fyrir opinberum gjöldum Barmahlíðar sf. vegna gjaldáranna 1984 og 1985 með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði. Á grundvelli þessa lögtaks hafi verið beðið um uppboð á eigninni, sem lauk án árangurs 29. september 1994.

Að fengnum þessum upplýsingum áritaði dómarafulltrúi beiðnina 10. janúar 1995 um, að aðför mætti gera samkvæmt henni.

Hinn 17. febrúar 1995 var gert fjárnám á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík hjá sóknaraðila á grundvelli umræddrar aðfararbeiðni. Af hálfu gerðarþola var enginn viðstaddur. Af hálfu varnaraðila var þar Harri Ormarsson lögfræðingur. Að ábendingu gerðarbeiðanda var gert fjárnám fyrir kröfum varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Fjarðarási 11, Reykjavík, og bifreiðinni IY-641.

III.

Sóknaraðili kveðst í greinargerð sinni miða við, að krafan hafi ekki verið aðfararhæf. Vísar hann til þess, að heimilisvarnarþing sitt sé að Breiðabakka, Rangárvallasýslu. Því hafi ekki verið heimilt að framkvæma gerðina í Reykjavík, nema tilgreint væri, hverju skilyrða 1.-5. tl. 1. mgr. 16. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 væri fullnægt. Varnaraðila hafi borið að sanna með afgerandi hætti, að þar væri ekki heimilisvarnarþing sóknaraðila. Það hafi ekki verið gert. Þá segir sóknaraðili, að kröfur varnaraðila hafi verið tölulega vanreifaðar í aðfararbeiðni og séu enn. Ekki komi fram, frá hvaða tíma vextir séu reiknaðir og hver vaxtafótur sé. Vísar sóknaraðili til 10. gr. aðfararlaga í þessu sambandi.

Sóknaraðili bendir á, að aðfararbeiðnin hafi ekki fallið undir 11. gr. aðfararlaga, sem hafi að geyma tæmandi talningu á því, hvenær aðfararbeiðni skuli send héraðsdómara. Þá hafi ekki verið birt almenn greiðsluáskorun í fjölmiðlum skv. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför.

Sóknaraðili segir, að aðfararbeiðni beri með sér, að aðfarar sé beiðst hjá

Jóni Kr. Ólafssyni vegna Barmahlíðar sf. Af orðalaginu megi ráða, að ekki sé beiðst aðfarar hjá Jóni persónulega, heldur hjá Barmahlíð sf. Áritun dómara hafi því einungis heimilað aðför í eignum félagsins. Verði ekki á þetta fallist, heldur sóknaraðili því fram, að ganga hefði þurft að öllum eigendum félagsins með einni aðfararbeiðni.

Loks fjallar sóknaraðili um, að kröfur varnaraðila skorti aðfararhæfi. Nefnir hann í því sambandi aldur þeirra og að þær styðjist ekki við réttindaskjöl. Þá leiði af meginreglum einkamálaréttarfars, að leggja skuli fram frumgögn, sé þess kostur. Ekki sé nægilegt að leggja fram reikningsyfirlit. Loks vísar sóknaraðili til 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Varakröfu reisir sóknaraðili á því, að krafa vegna gjaldáranna 1984 og 1985 sé fyrnd.

Í greinargerð lýsir varnaraðili því, að nauðungarsala á fasteigninni Fjarðarási 11, er fram fór 29. september 1994, hafi orðið árangurslaus. Með þeirri sölu hafi hann leitað lúkningar á opinberum gjöldum Barmahlíðar sf. gjaldárin 1984 og 1985. Með því að ekki hafi tekist að fá greiðslu skuldarinnar, hafi verið leitað fjárnáms hjá sameigendum að félaginu, sóknaraðila og Guðlaugu Steingrímsdóttur. Fjárnám hafi verið gert í eignum sóknaraðila 17. febrúar sl. á grundvelli 5. tl. 66. gr., sbr. 4. tl. 11. gr. laga um aðför. Um leið hafi verið afturkölluð fjárnámsbeiðnin á Guðlaugu Steingrímsdóttur.

Varnaraðili telur, að rök þau, er sóknaraðili tefli fram til stuðnings ómerkingarkröfu, geti ekki leitt til ómerkingar. Þau stafi af misskilningi um efni aðfararlaga og annarra lagaákvæða, er vísað sé til.

Varnaraðili vísar til 4. tl. 1. mgr. 11. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um aðför, einnig 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr., sbr. 3. mgr. 13. gr., og 14. gr. sömu laga.

Af hálfu varnaraðila kemur fram, að lögmaður sóknaraðila hafi fengið sérstakt leyfi yfirmanns varnaraðila til að greiða inn á skuld sóknaraðila í janúar 1992, þar sem ágreiningur hafi verið um eldri gjöld (1982 og 1983). Hinn 31. janúar hafi verið greiddar 300.000 kr. inn á gjaldárið 1984 og 19. maí s. á. 200.000 kr. vegna gjaldársins 1985. Báðar þessar greiðslur hafi verið án fyrirvara og teljist því viðurkenning á skuld sóknaraðila við varnaraðila, sem hafi verið ófyrnd, þegar hið kærða fjárnám var gert 17. febrúar 1995.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 90/1989 um aðför skal aðför að jafnaði fara fram í því umdæmi, sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Þó er heimilt að

beina aðfararbeiðni til sýslumanns í því umdæmi, sem rökstudd ástæða er til að ætla, að gerðarþoli muni hittast fyrir, sbr. 1. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Greiðsluáskorun vegna umræddrar skattskuldar sóknaraðila sem eins eiganda sameignarfélagsins Barmahlíðar sf., Reykjavík, var beint að sóknaraðila á dvalarstað hans að Fjarðarási 11, Reykjavík, og birt þar Guðlaugu Steingrímsdóttur, sem samkvæmt birtingarvottorði upplýsti, að hún væri sambýliskona sóknaraðila. Er því fullnægt skilyrði 1. tl. 1. mgr. 16. gr. til að fara með gerðina í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík, þrátt fyrir það að sóknaraðili hafi verið skráður með lögheimili að Breiðabakka, Hellu.

Sundurliðun á höfuðstól kröfu varnaraðila er skýrlega greind, en áður hafði verið gert lögtak fyrir þessum kröfum og uppboðsmál rekið á hendur sóknaraðila vegna þeirra. Telst nægjanleg grein hafa verið gerð fyrir kröfunni í aðfararbeiðni að þessu leyti. Þá verður gerðin ekki ógilt, þó að krafist sé vaxta að tiltekinni fjárhæð, án þess að vaxtafótur hvert tímabil sé greindur, enda hefur varnaraðili ekki haldið því fram, að vaxtareikningur varnaraðila sé rangur.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðila, að aðfararbeiðnin beinist eftir orðum sínum eingöngu að Barmahlíð sf. Þvert á móti er berum orðum krafist fjárnáms hjá sóknaraðila vegna opinberra gjalda, er lögð hafi verið á sameignarfélagið. Með því að sameigendur bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags, gat varnaraðili leitað fullnustu í eignum sóknaraðila, enda beindist aðfararheimildin að honum.

Í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989 kemur fram, að gerðarbeiðanda sé heimilt að beina aðfararbeiðni til héraðsdómstóls, þótt það sé óskylt samkvæmt 1.-5. tl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Sú málsástæða sóknaraðila, að 11. gr. laga um aðför hafi að geyma tæmandi talningu þeirra tilvika, sem senda skuli aðfararbeiðni héraðsdómi, fær því ekki staðist. Þá verður gerðin ekki ógilt vegna þess, að sóknaraðila hafi ekki verið gefinn kostur á því að gæta réttar síns fyrir héraðsdómi, enda ekki þörf á að tilkynna honum um meðferðina né heldur er þörf nærveru hans, sbr. 14. gr. laga um aðför, en undantekningartilfelli þau, sem þar er getið, eiga hér ekki við. Þá var ekki nauðsyn á að birta almenna greiðsluáskorun í dagblöðum fyrir kröfu varnaraðila, eins og hér stóð á, enda hafði skilyrði aðfarar verið metið við lögtak, sem gert var fyrir kröfunni árið 1985, og mátti sóknaraðila því vera kunnugt um hana.

Lögtak var gert 10. desember 1985 til lúkningar gjöldum áranna 1984 og 1985 í Fjarðarási 11, en sóknaraðili var þá og er enn þinglýstur eigandi eignarinnar ásamt sambýliskonu sinni. Fullnustu þeirrar kröfu lauk með nauðungarsölu 29. september 1994, sem varð árangurslaus fyrir varnar-

aðila, eins og áður greinir. Með lögtaksgerðinni var slitið fyrningu gagnvart sameignarfélaginu og félagsmönnum þess, sbr. 12. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 90. gr. laga nr. 90/1991. Þá greiddi sóknaraðili inn á kröfuna í janúar 1992 og maí s. á. samtals 500.000 kr. Er því ekki fallist á með sóknaraðila, að krafan hafi verið fyrnd, er umdeilt fjárnám var gert.

Í endurriti úr gerðabók segir, að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1987 sé fullnægt, til að gerðin geti farið fram án nærveru gerðarþola. Í því felst fullyrðing um, að sóknaraðila hafi sannanlega verið send tilkynning um aðförina að hætti 21. gr. laganna. Verður að miða við, að svo hafi verið gert, enda ber sýslumanni að gæta þess af sjálfsdáðum, að gerðin brjóti ekki gegn rétti sóknaraðila að þessu leyti.

Þar sem ekki teljast neinir þeir annmarkar á gerðinni, að varði ógildingu hennar, ber að staðfesta hana.

Sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 60.000 kr.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málið frá 1. september sl.

Úrskurðarorð:

Staðfest er fjárnámsgerð, er fram fór hjá sýslumanninum í Reykjavík 17. febrúar sl. að kröfu varnaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, á hendur sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, 60.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 9. febrúar 1996.

Nr. 58/1996. **Kreditkort hf.**
(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)
gegn
Elísabetu Gunnarsdóttur
(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Fjárnám að hluta fellt úr gildi. Kaupmáli. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fellt yrði úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði 14. ágúst 1995 samkvæmt beiðni sóknaraðila hjá Júlíusi P. Guðjónssyni. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreint fjárnám verði staðfest og varnaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu leitar varnaraðili ógildingar á fyrrnefndu fjárnámi sem eiginkona gerðarþola, Júlíusar P. Guðjónssonar. Hún reisir þá kröfu aðallega á því, að hún sé eigandi munanna, sem fjárnám var gert í. Með vísan til 1. mgr. 92. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 90/1989, verður varnaraðila talið heimilt að leita úrlausnar um kröfu sína á þessum grunni, þótt hún hafi ekki sjálf verið aðili að fjárnámsgerðinni.

Fjárnámið fyrir kröfu sóknaraðila var gert í píanói af gerðinni Wolfram og sex málverkum á heimili varnaraðila og gerðarþola. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, eru þrjú málverkanna eftir Pétur Friðrik, eitt af Vífilsfelli, annað af blómauppstillingu og hið þriðja landslagsmynd, en öll eru þetta olíumálverk. Tvö málverk eru í fjárnámsgerðinni sögð vera „landslagsmyndir eftir I. K. Jónsson“, en sjötta málverkið er auðkennt sem olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar. Varnaraðili vísar um eignarrétt sinn yfir tveimur fyrstnefndu málverkunum eftir Pétur Friðrik, landslagsmyndunum

tveimur og píanóinu til þess, að hún hafi fengið þessa muni að gjöf frá tilteknum ættingjum sínum. Um þriðja málverkið eftir Pétur Friðrik og síðastnefnda verkið eftir Baltasar vísar varnaraðili um eignarrétt til ákvæðis í kaupmála sínum við Júlíus P. Guðjónsson frá 20. maí 1976. Þar er gerð að séreign hennar „húsbúnaður allur" í þeirri fasteign, þar sem þau hjón halda heimili.

Fallist verður á þá niðurstöðu héraðsdómara, að varnaraðila hafi tekist að sýna nægilega fram á eignarrétt sinn að tveimur olíumálverkum eftir Pétur Friðrik, af Vífilsfelli og blómauppstillingu, svo og að umræddu píanói. Þá verður einnig fallist á það mat héraðsdómara, að varnaraðila hafi ekki tekist að sanna, að hún hafi fengið að gjöf frá ættingja tvær „landslagsmyndir eftir I. K. Jónsson", sem svo eru nefndar.

Fyrirmæli í kaupmála varnaraðila og eiginmanns hennar, þar sem „húsbúnaður" er gerður að séreign hennar, eru svo óákveðin, að þau koma henni ekki að haldi sem stoð fyrir eignarrétti yfir þeim málverkum, sem fjárnám var gert í og hún hefur ekki sannanlega eignast að gjöf samkvæmt framansögðu. Við fjárnámið var því rétt að líta svo á, að munir þessir, sem voru í sameiginlegum vörslum varnaraðila og gerðarþola við gerðina, tilheyri hinum síðarnefnda í þeim skilningi, sem um ræðir í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 90/1989.

Með 1. mgr. 43. gr. laga nr. 90/1989 er lagt bann við, að fjárnám verði gert í lausafjármunum, sem geta talist nauðsynlegir til að halda látlaust heimili. Þótt fram komi í ákvæðinu, að sú nauðsyn geti jöfnum höndum varðað gerðarþola og heimilismenn hans, verður ekki litið svo á, að það veiti heimilismanni gerðarþola sjálfstæðan málsóknarrétt samkvæmt 1. mgr. 92. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 90/1989, til að fá hnekkt fjárnámi, sem gert væri í andstöðu við umrætt bann. Þar sem varnaraðili leitar ein ógildingar á fjárnáminu frá 14. ágúst 1995 í máli þessu, getur ekki komið til úrlausnar, hvort þar hafi verið brotið gegn fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 43. gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt þessu verður krafa varnaraðila um ógildingu umræddrar fjárnámsgerðar tekin til greina, hvað varðar þá muni, sem teljast samkvæmt áðursögðu sannanlega í eigu hennar, en við gerðinni verður ekki raskað að öðru leyti. Er eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík 14. ágúst 1995 hjá Júlíusi P. Guðjónssyni samkvæmt kröfu sóknaraðila, Kreditkorta hf., er felld úr gildi, að því er varðar fjárnám í olíumálverki af Vífilsfelli og olíumálverki af blómauppstillingu, báðum eftir Pétur Friðrik, svo og píanói af gerðinni Wolfram.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 16. október sl. og tekið til úrskurðar öðru sinni 5. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Elísabet Gunnarsdóttir, kt. 301234-4659, Kvistalandi 19, Reykjavík.

Varnaraðili er Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1995/08123, sem fram fór á heimili sóknaraðila 14. ágúst 1995 að kröfu lögmanns varnaraðila, verði ógilt með úrskurði dómsins. Þá er krafist hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að ofangreind aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík frá 14. ágúst 1995 verði staðfest og sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.

II.

Hinn 18. desember 1984 var gerð sátt í bæjarþingi Reykjavíkur milli varnaraðila og eiginmanns sóknaraðila, Júlíusar P. Guðjónssonar. Samkvæmt sáttinni skyldi Júlíus greiða varnaraðila skuld, að fjárhæð 233.078,11 kr., ásamt vöxtum og kostnaði. Að kröfu varnaraðila var 7. mars 1985 gert fjárnám hjá Júlíusi í bifreiðinni R-1323 til tryggingar kröfu varnaraðila.

Með bréfi 28. mars 1995 krafðist varnaraðili endurupptöku fyrrgreindrar fjárnámsgerðar með vísan til 6. mgr. 66. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Í málinu liggur fyrir endurrit úr gerðabók sýslumanns um fyrirtöku málsins á heimili gerðarþola, Júlíusar P. Guðjónssonar, að Kvistalandi 19 hér í borg 14. ágúst 1995. Samkvæmt endurritinu var sóknaraðili þar fyrir gerðarþola. Varð sóknaraðili ekki við áskorun um að greiða kröfu gerðarbeiðanda og kvað gerðarþola engar eignir eiga. Því var mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda og að kröfu hans gert fjárnám í eftirtöldum munum: 1) olíumálverki af Vífilsfelli eftir Pétur Friðrik frá 1979, um 1 × 1 metri, 2) olíumálverki af blómaútstillingu, um 90 cm × 90 cm, eftir sama höfund, 3) olíumálverki, um

1 × 1 metri, landslagsmynd eftir sama, 4) – 5) tveimur landslagsmyndum eftir I. K. Jónsson, 6) olíumálverki af rekaviði, höfundarnafn ólæsilegt, ártal 1973, og 7) pianói, H. Wolfram. Gerðarþoli, sem þá var viðstaddur, kvað sóknaraðila eiga alla ofangreinda muni samkvæmt kaupmála milli hans og sóknaraðila, og áskildi gerðarþoli sér rétt til að bera gerðina undir héraðsdóm.

Með úrskurði dómsins 17. nóvember sl. var ofangreind fjárnámsgerð sjálfkrafa felld úr gildi á þeim grundvelli, að ekki hefðu verið nein lagaskilyrði til endurupptöku fjárnámsins frá 7. mars 1985 samkvæmt 51. gr. eldri aðfararlaga nr. 19/1887, er dómurinn taldi eiga að gilda um endurupptökuna, sbr. 105. gr. laga nr. 90/1989, þar eð ekki hefði verið gengið úr skugga um það með virðingargerð, hvort fjárnám hefði verið gert „fyrir fullri kröfu" greint sinn. Öðrum haldbærum sönnunargögnum um verðmæti bifreiðarinnar væri ekki til að dreifa, og nauðungaruppboð hefði ekki farið fram til þess að staðreyna, hvort uppboðsandvirðið hrykki til fullnustu við kröfum varnaraðila. Úrskurð þennan kærði varnaraðili til Hæstaréttar og lagði þá fyrst fram gögn um, að nauðungaruppboð hefði farið fram á umræddri bifreið árið 1987, og hefði varnaraðili þá fengið greiddar 32.590 kr. inn á kröfuna. Voru því brostnar forsendur fyrir áðurnefndri niðurstöðu héraðsdóms, og með dómi Hæstaréttar 14. desember sl. var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim til munnlegs málflutnings.

III.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess, að sóknaraðili og Júlíus P. Guðjónsson hafi gert með sér kaupmála 20. maí 1976. Samkvæmt kaupmála þessum skyldi m. a. allur húsbúnaður á heimili þeirra hjóna að Kvistalandi 19 hér í borg vera séreign sóknaraðila. Sóknaraðili sé eigandi umræddra lausafjármuna, sem fjárnám var gert í, og sé eignarhald sóknaraðila til komið sem hér segir:

1. Olíumálverk af Vífilsfelli frá 1979 eftir Pétur Friðrik. Mynd þessi hafi verið í eigu Jóhönnu Gunnarsdóttur, systur sóknaraðila, og verið dánargjöf til sóknaraðila.

2. Hið sama eigi við og að ofan greinir um olíumálverk af blómaútstillingu eftir Pétur Friðrik.

3. Olíumálverk, landslagsmynd eftir Pétur Friðrik. Mynd þessa hafi gerðarþoli, Júlíus P. Guðjónsson, keypt á málverkauppboði hjá Lionsklúbbnum Niði árið 1966. Hafi myndin fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt áðurnefndum kaupmála.

4. Landslagsmynd eftir I. K. Jónsson. Mynd þessa hafi faðir sóknaraðila, Gunnar Ólafsson, gefið henni árið 1986.

5. Landslagsmynd eftir I. K. Jónsson. Hið sama gildi um þessa mynd og myndina í 4. tl.

6. Olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar frá 1973. Mynd þessa hafi gerðarþoli og sóknaraðili keypt á sýningu Baltasars árið 1974 og hún fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt nefndum kaupmála.

7. H. Wolfram-píanó. Sóknaraðili kveður föður sinn hafa keypt píanóið árið 1967 og gefið henni það.

Um lagarök fyrir kröfu sinni um ógildingu nefndrar fjárnámsgerðar vísar sóknaraðili til 36. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Við munnlegan málflutning hélt lögmaður sóknaraðila því jafnframt fram, að krafa varnaraðila á hendur Júlíusi P. Guðjónssyni væri fyrnd, og þá kom einnig fram sú málsástæða, að endurupptaka fjárnámsins hefði verið óheimil hjá sýslumanni, þar sem á því tímamarki hefðu ekki legið fyrir gögn um uppboð á bifreiðinni R-1323 árið 1987.

Varnaraðili bendir á, að ofangreint lausafé, sem fjárnám var gert í, sé gilt aðfararandlag fyrir kröfum á hendur eiginmanni sóknaraðila. Hugtakið „húsbúnaður" sé óskilgreint í kaupmála, og engin skrá fylgi honum um lausafé, sem verði séreign sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir staðhæfingum sóknaraðila um, hvernig eignarhaldi á greindu lausafé sé háttað, og telur það hjúskapareign. Þá mótmælir varnaraðili sérstaklega lagagildi yfirlýsinga um eignarrétt og telur þær gerðar eftir á og til þess eins fallnar að koma í veg fyrir framgang fullnustu á kröfum varnaraðila á hendur eiginmanni hennar. Enn fremur telur varnaraðili, að bæklingur um málverkasýningu og ljósmyndir, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sanni á engan hátt, að tilgreindir munir séu séreign sóknaraðila, þar sem sönnunargildi skorti, en sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi margreynt að koma eignum sínum undan aðför og fullnustu á þeim tíma, sem liðinn sé, frá því að krafan varð til.

Sérstaklega er mótmælt, að 36. gr. laga nr. 90/1989 um aðför eigi hér við. Þá var mótmælt af hálfu varnaraðila við munnlegan málflutning nýjum málsástæðum sóknaraðila um fyrningu og endurupptöku, bæði sem of seint fram komnum og efnislega.

IV.

Hin umdeilda fjárnámsgerð fór fram til endurupptöku á fjárnámi frá 7. mars 1985, svo sem áður er lýst. Beindist fjárnámið að eiginmanni sóknaraðila, Júlíusi P. Guðjónssyni. Telur sóknaraðili sig eiga muni þá, sem fjárnám var gert í greint sinn, og vísast um aðild hennar að máli þessu til 28. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Með því að nauðungaruppboð á bifreiðinni R-1323 fór fram árið 1987 og uppboðsandvirði hrökk einungis til greiðslu á kröfu varnaraðila að hluta til, var fullnægt skilyrðum fyrir endurupptöku umrædds fjárnáms samkvæmt 105. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1887. Þá verður að telja, að miðað við gögn málsins sé umrædd krafa varnaraðila á hendur Júlíusi P. Guðjónssyni ekki fyrnd samkvæmt 6. gr., sbr. 1. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nema að hluta til, hvað vexti varðar, sbr. 2. tl. 3. gr. s. l., vegna greiðslu inn á kröfuna í framhaldi af nauðungaruppboði á bifreiðinni á árinu 1987, sem líta verður á sem viðurkenningu á kröfunni, og að með innborguninni hafi fyrningarfrestur því verið rofinn.

Verður nú tekin afstaða til hvers fjárnámsandlags um sig.

1-2. Olíumálverk af Vífilsfelli frá 1979 eftir Pétur Friðrik og olíumálverk, blómauppstilling, eftir sama málara. Sóknaraðili heldur því fram, að systir sín, Jóhanna Gunnarsdóttir, hafi gefið sér þessi málverk sem dánargjöf. Fyrir dóminn hefur komið Gunnar Gunnarsson, sonur Jóhönnu heitinnar, og borið, að hann hafi verið einkaerfingi móður sinnar og haft um það fyrirmæli, að eftir hennar dag skyldi systir hennar, sóknaraðili, eignast ofangreind málverk.

Á það hafa eigi verið bornar brigður af hálfu varnaraðila, að ofangreind systir sóknaraðila hafi átt umrædd málverk og að nefndur systursonur sóknaraðila hafi verið einkaerfingi hennar. Þegar það er virt, að framburður vitnisins er andstæður hagsmunum þess, hvað varðar eignarrétt að málverkunum í skjóli erfðaréttar, þykir því ekki verða hafnað þrátt fyrir tengsl ofangreinds vitnis og sóknaraðila, að sóknaraðili sé kominn að ofangreindum málverkum með þeim hætti, sem vitnið ber um, og verði því að telja þær til hjúskapareignar sóknaraðila.

3. Olíumálverk, landslagsmynd, eftir Pétur Friðrik. Sóknaraðili heldur því fram, að eiginmaður sinn hafi keypt málverk þetta á málverkauppboði árið 1966 og það því fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt nefndum kaupmála.

Í 2. gr. kaupmálans kemur fram, að allur húsbúnaður á heimili þeirra hjóna, sem þá var metinn á 1.000.000 kr., skyldi vera séreign sóknaraðila. Í kaupmálanum er ekki gerð grein fyrir þeim húsbúnaði, sem kaupmálinn tekur til, en leggja verður þann almenna skilning í hugtakið „húsbúnaður", að átt sé við innanstokksmuni, þ. á m. húsgögn og venjuleg málverk. Hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að verðgildi málverks þessa sé meira en svo, að það geti talist til húsbúnaðar hvers látlauss heimilis. Er það því niðurstaða dómsins, að málverk þetta falli undir skilgreininguna „húsbúnaður" samkvæmt nefndum kaupmála og teljist því séreign sóknaraðila.

4-5. Landslagsmyndir eftir I. K. Jónsson. Vitnið Ólafur Gunnarsson, bróðir sóknaraðila, hefur í skýrslu sinni fyrir dómi borið, að faðir þeirra systkina hafi gefið sóknaraðila myndir þessar í ágúst 1986, er hann hafi brugðið búi, og mælt svo fyrir, að þær yrðu séreign sóknaraðila. Vegna skyldleika ofangreinds vitnis og sóknaraðila þykir eigi fært að leggja framburð vitnisins um eignarrétt sóknaraðila á nefndum málverkum til grundvallar um eignarrétt að ofangreindum landslagsmyndum. Á hinn bóginn þykir varnaraðili ekki hafa leitt líkur að því, að verðmæti myndanna sé slíkt, að þær séu ekki undanþegnar fjárnámsbanni 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga, og verður þess vegna gert ráð fyrir því, að svo sé.

6. Olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar. Sóknaraðili heldur því fram, að þau hjónin hafi keypt málverk þetta, Skagatá, á sýningu málarans árið 1974 og það því fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt umræddum kaupmála. Því til sönnunar hefur sóknaraðili lagt fram sýningarskrá og yfirlýsingu málarans, dagsetta 13. nóvember sl., þar sem staðfest er, að málverkið hafi verið selt þeim hjónum á sýningu listamannsins á Kjarvalsstöðum 2. mars 1974.

Samkvæmt ofanskráðu og að öðru leyti með vísan til umfjöllunar um 3. tl. hér að ofan þykir sóknaraðili hafa sýnt fram á með fullnægjandi hætti, að málverk þetta sé séreign hennar samkvæmt fyrrnefndum kaupmála.

7. Wolfram-píanó. Sóknaraðili fullyrðir, að faðir sinn, Gunnar Ólafsson, hafi keypt píanó þetta árið 1967 og gefið sér. Fyrir dóminn hefur komið Gunnar Helgason hrl. og staðfest, að hann hafi aðstoðað föður sinn, Helga Hallgrímsson, sem nú sé látinn, við sölu á ofangreindu píanói til föður sóknaraðila, og þar sem vitnið hafi þekkt föður sóknaraðila mjög vel, sé því kunnugt um, að hann hafi gefið það dóttur sinni, sóknaraðila í máli þessu.

Engin ástæða þykir til að efast um sannleiksgildi ofangreinds vættis Gunnars Helgasonar hrl., og ber samkvæmt því að telja píanóið til hjúskapareignar sóknaraðila.

Engin virðing fór fram á ofangreindum lausafjármunum við fjárnámið, og liggur því ekkert fyrir um, að verðgildi þeirra sé meira en svo, að þeir geti talist til venjulegs húsbúnaðar látlauss heimilis. Var því einnig af þessum sökum óheimilt að gera fjárnám í umræddum lausafjármunum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga. Að auki verður að telja, að málverkin undir tl. 1-2 og píanóið í 7. tl. hér að ofan séu undanþæg fjárnámi samkvæmt meginreglu 1. tl. 2. mgr. 43. gr. nefndra laga, enda telst varnaraðili samkvæmt framansögðu ekki hafa sýnt fram á, að verðgildi þessara muna sé slíkt, að undanþáguregla þessi sé ósanngjörn gagnvart honum.

Samkvæmt framansögðu ber að ógilda fjárnámsgerð þá, er fram fór í

ofangreindum lausafjármunum á heimili sóknaraðila 14. ágúst 1995 að kröfu lögmanns varnaraðila, og dæma varnaraðila til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1995/08123, sem fram fór á heimili sóknaraðila, Elísabetar Gunnarsdóttur, að Kvistalandi 19, Reykjavík, 14. ágúst 1995, er ógilt.

Varnaraðili, Kreditkort hf., greiði sóknaraðila 50.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1996.

Nr. 15/1996. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Sigríður Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Olíufélaginu hf.
(Jón Finnsson hrl.)

Kærumál. Aðfarargerðir. Skattar. Eftirlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1995. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest verði aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fram fór 8. september 1994 að kröfu sóknaraðila í fasteign Olíufélagsins hf. að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fyrir 117.108.384 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili kærði einnig úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar 29. desember 1995. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði „staðfestur að niðurstöðu til með þeirri breytingu, að niðurfellingin taki einnig til opinberra gjalda sóknaraðila gjaldáranna 1992 og 1993, þ. e. alls 36.136.810 kr., auk dráttarvaxta og kostnaðar". Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að aðfarargerðin verði ekki látin ná til 9.813.628 króna, þ. e. vegna opinberra gjalda gjaldársins 1993, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 1. desember 1995 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Olíufélagið hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139, sem fram fór í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, verði felld úr gildi, en til vara, að henni verði breytt þannig, að hún verði einungis látin taka til tilgreindra opinberra gjalda vegna gjaldáranna 1992 og 1993, en til þrautavara, að hún verði ekki látin taka til gjalda vegna gjaldársins 1993.

Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu að mati réttarins, og verði í því efni tekið tillit til málareksturs fyrir skattyfirvöldum hingað til.

Þá er gerð sú krafa, verði aðfarargerðin staðfest að einhverju leyti, að í úrskurði dómsins verði kveðið á um, að málskot úrskurðarins fresti frekari fullnustugerðum.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að dómurinn staðfesti með úrskurði aðfargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139, sem fram fór 8. september 1994 að kröfu varnaraðila í máli þessu, í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fyrir 117.108.384 kr., auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Þá gerir varnaraðili kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Málavextir.

Sóknaraðili er sjálfstæður skattaðili samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Félagið taldi fram til skatts og skilaði undirrituðum og staðfestum skattframtölum til skattstjórans í Reykjavík til álagningar opinberra gjalda gjaldárin 1987, 1988, 1989, 1990, 1991, 1992 og 1993 ásamt fylgiskjölum, þar á meðal ársreikningum fyrir viðkomandi rekstrarár. Í ársreikningi sóknaraðila fyrir árið 1986, sem fylgdi skattframtali árið 1987, voru eftirlaunaskuldbindingar í fyrsta skipti færðar með svofelldum skýringum í áritun félagsstjórnar, dags. 19. mars 1987: „Félagið hefur látið gera tryggingafræðilega úttekt á skuldbindingum þess vegna áunninna lífeyrisréttinda fyrrverandi og núverandi starfsmanna. Námu skuldbindingar þessar um 150 milljónum kr. í árslok 1986 miðað við 2% vexti. Ákveðið hefur verið að mynda sérstakan sjóð til að mæta þessum skuldbindingum, og er nú í fyrsta sinn gjaldfært framlag í sjóðinn, sem nem-

ur 15% af launum ársins til viðbótar því 7% iðgjaldi, sem greitt hefur verið. Sjóðurinn er færður meðal skulda í efnahagsreikningi.“ Skuldbindingar þessar voru reiknaðar út af tryggingastærðfræðingi.

Í ársreikningi sóknaraðila fyrir árið 1987, sem fylgdi skattframtali árið 1988, er í áritun félagsstjórnar getið um framlag í sjóð vegna eftirlaunaskuldbindinga. Jafnframt er í skýringum með ársreikningum gerð grein fyrir færslutilhögun með svofelldum hætti: „Félagið hefur látið gera tryggingafræðilega úttekt á skuldbindingum þess vegna áunninna lífeyrisréttinda fyrrverandi og núverandi starfsmanna. Námu skuldbindingar þessar um 150 millj. kr. í árslok 1986 miðað við 2% vexti. Framreiknuð með hækkun á lánskjaravísitölu til ársloka 1987 og 2% vöxtum næmi upphæðin 190 millj. kr. í árslok 1987. Myndaður hefur verið sérstakur sjóður til að mæta þessum skuldbindingum, og er hann færður meðal skulda í efnahagsreikningi.“

Í ársreikningum sóknaraðila fyrir árin 1988, 1989, 1990, 1991 og 1992 er sambærileg grein gerð fyrir færslutilhögun eftirlaunaskuldbindinganna og í ársreikningi 1987.

Með bréfi, dags. 18. mars 1993, fór skattstjórinn í Reykjavík þess á leit við sóknaraðila, að látin yrðu í té tiltekin gögn og skýringar á gjaldfærðu framlagi í sjóð vegna eftirlaunaskuldbindinga, er fram kæmi í framtalsgögnum gjaldáranna 1987-1992. Því erindi var svarað með bréfi sóknaraðila, dags. 16. apríl 1993.

Hinn 3. september 1993 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík sóknaraðila, að hann hefði í hyggju að taka opinber gjöld vegna gjaldáranna 1987, 1988, 1989, 1990, 1991, 1992 og 1993 til endurákvörðunar og veitti sóknaraðila færi á að gera athugasemdir. Af hálfu sóknaraðila var athugasemdum skilað með bréfi, dags. 25. nóvember 1993.

Með bréfi, dags. 15. desember 1993, tilkynnti skattstjóri að hann hefði endurákvarðað áður álögð opinber gjöld sóknaraðila fyrir gjaldárin 1988, 1989, 1990, 1991, 1992 og 1993 skv. 96. gr. laga nr. 75/1981. Endurákvörðunin var kærð til skattstjóra og krafist niðurfellingar hennar. Skattstjóri synjaði kröfu sóknaraðila með kæruúrskurði, dags. 17. maí 1994, og tilkynnti varnaraðila jafnframt um gjaldhækkanirnar. Með kæru, dags. 14. júní 1994, var kæruúrskurði skattstjóra skotið til yfirskattanefndar og þar áfram kröfu um niðurfellingu á endurákvörðunum skattstjóra. Af hálfu gjaldkrefjenda skilaði ríkisskattstjóri kröfugerð sinni í kærumálinu 25. nóvember 1994, og með bréfi yfirskattanefndar, dags. 28. nóvember 1994, var sóknaraðila veitt færi á að gera athugasemdir við þá kröfugerð skattstjóra, og var það gert af hálfu sóknaraðila með bréfi, dags. 23. desember 1994.

Sóknaraðili greiddi ekki gjaldhækkanir þær, sem kveðið var á um í úr-

skurði skattstjóra. Varnaraðili hóf þá innheimtuaðgerðir, og var aðfararbeiðni hans tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík 8. september 1994. Var gerðarþoli þar viðstaddur, en fulltrúi sýslumanns ákvað, að gerðinni yrði fram haldið þrátt fyrir mótmæli gerðarþola við framgangi gerðarinnar. Lögmaður gerðarþola krafðist þess þá, að fulltrúi sýslumanns rökstyddi ákvörðun sína, en hann varð ekki við því. Var þá að ábendingu lögmanns gerðarþola gert fjárnám í eign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík fyrir kröfum samkvæmt úrskurði skattstjóra.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 31. október 1994, fór sóknaraðili þess á leit, að aðfaragerð þessi yrði ógilt skv. 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Úrskurður í málinu var kveðinn upp 2. júní 1995 og kærður til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar frá 3. júlí 1995 var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og öll meðferð málsins frá og með 10. maí 1995 og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst leggja málið fyrir héraðsdóm til úrlausnar um aðfaragerð, sbr. 15. kafla laga nr. 90/1989, sbr. 92.-95. gr. þeirra laga. Hann kveður unnt að reisa kröfur sínar á hverju atriði, sem er, sem varðar gerðina frá upphafi til enda eða efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda að því leyti, sem dómstóll hefur ekki áður tekið afstöðu til málefnisins. Því kveðst sóknaraðili krefjast þess, að tekin verði afstaða til efnislegs réttar.

Sóknaraðili lítur svo á, að sýslumanni hafi borið að taka mótmæli sóknaraðila við framgangi umræddrar aðfaragerðar til rökstuddrar og skriflegrar úrlausnar, sbr. 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga. Þetta komi m. a. fram í greinargerðinni, sem fylgdi frumvarpinu að þeim lögum, þar sem vikið sé að nefndri lagagrein, svo og leiði þá skyldu af almennum reglum stjórnarfarsréttar um rökstuðning stjórnvaldsákvarðana. Í því sambandi hefði og sýslumaður þurft að líta til þess, að dómstóll hafði ekki áður tekið afstöðu til ágreiningsefnisins og fullnaðarúrskurður skattyfirvalda um það enn ekki genginn. Hafi sóknaraðili litið svo á, að hinar umdeildu skattkröfur lægju ekki nægilega skýrt fyrir, til að sýslumaður hefði getað gert aðför. Með því að sýslumaður hafi ekki gætt þessa, eigi það að leiða til þess, að krafa um ógildingu aðfaragerðarinnar verði tekin til greina.

Hvað varði hinn efnislega grundvöll skatthækkana skattstjórans í Reykjavík, líti sóknaraðili svo á, að hann hafi verið rangur. Sóknaraðili telur, að sér hafi verið heimilt skv. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt að gjaldfæra og draga frá tekjum umræddar eftirlauna-

skuldbindingar með þeim hætti, sem gert var, áður en skattur var á þær tekjur lagður nefnd gjaldár. Sóknaraðili kveður engar deilur hafa risið milli sín og skattyfirvalda um fjárhæðir eftirlaunaskuldbindinganna og að þær hafi verið færðar í reikningsskilin öll árin eftir réttum reikningsskilareglum, bæði lögfestum og ólögfestum. Skattyfirvöld hafi hins vegar litið svo á, að við ákvörðun skattstofna kæmu umræddar fjárhæðir ekki til frádráttar með þeim hætti, sem sóknaraðili hafi fært í skattskilum sínum, með því að skattalagaheimildir stæðu ekki til þess.

– – –

Varakröfu sína reisir sóknaraðili á því, að skattstjóri hafi ekki gætt tímamarka ákvæða 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 við endurákvörðun áður álagðra opinberra gjalda sóknaraðila gjaldárin 1988, 1989, 1990 og 1991, sem skattstjóri framkvæmdi og tilkynnti sóknaraðila með bréfi, dags. 15. desember 1993. Réttur skattstjóra til endurákvörðunar skatta vegna tekna og eigna rekstraráranna 1987, 1988, 1989 og 1990 hafi því verið fallinn niður vegna tómlætis skattstjóra, þegar hún hafi farið fram, og sé því ógildanleg að kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili áréttar, að í skattskilum sínum öll nefnd gjaldár hafi sóknaraðili gert glögga grein fyrir því, að eftirlaunaskuldbindingar hafi í samræmi við lög verið dregnar frá tekjum og eignum í ársreikningum, er fylgt hafi skattframtölum til skattstjóra. Hafi góðum og gegnum skattstjóra ekki getað dulist, hvað væri á ferðinni, og ekki hafi hann breytt sambærilegum lið í ársreikningi 1986, sem fylgt hafi skattframtali árið 1987. Hafi honum þá þegar verið kunnugt um færslu eftirlaunaskuldbindinga í reiknings- og skattskilum annarra skattaðila, en ekki gert athugasemdir við þann lið í skattframtölum sóknaraðila árin 1988, 1989, 1990 og 1991 fyrr en á árinu 1993.

Sóknaraðili reisir þrautavarakröfu sína á því, að skattstjóri hafi ekki gætt réttra aðferða við breytingu á skattframtali sóknaraðila árið 1993, sbr. 1. og 4. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981. Þannig hafi skattstjóri ekki gætt þeirrar reglu að krefja sóknaraðila um skýringar og gögn um gjalda- og skuldaliðinn eftirlaunaskuldbindingar í framtalsgögnunum, áður en hann ákvað að fella niður þann lið til endurákvörðunar skatta árið 1993, en það ár hafði ekki áður borið á góma. Sé endurákvörðun skattstjóra á sköttum þess gjaldárs því ógild.

Sóknaraðili styður kröfu sína um, að í úrskurði dómsins verði kveðið á um, að málskot sitt fresti frekari fullnustugerðum, ákvæðum 2. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili hafnar þeim skilningi sóknaraðila, að neitun sýslumanns á rökstuddri og skriflegri úrlausn vegna mótmæla hans við framgangi að-

farargerðarinnar eigi að leiða til þess, að krafa hans um ógildingu aðfarargerðarinnar verði tekin til greina. Ekki verði séð af endurriti fjárnámsgerðar, að neinn ágreiningur hafi verið um réttarfarslega framkvæmd aðfararinnar. Öll andmæli sóknaraðila byggist á því, að fjárnámskrafan sé ólögmæt. Um það atriði hafi sýslumaður ekkert úrskurðarvald. Því hafi frekari rökstuðningur en fram komi í fjárnámsgerðinni verið tilefnislaus. Þá verði ekki séð, að 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga né reglur stjórnarfarsréttar geri ráð fyrir því, að sýslumenn taki mótmæli gerðarþola til rökstuddrar skriflegrar úrlausnar. Aðfarargerðir eigi að ganga hratt, og engir frestir eigi að vera á þeim.

Vegna dóms Hæstaréttar frá 3. júlí 1995 í máli þessu féll varnaraðili frá þeim málsástæðum sínum, að ekki bæri að túlka 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga á þann hátt, að dómari í ágreiningsmáli um aðfarargerð ætti að fara ofan í framtalsgögn sóknaraðila og í raun að endurskoða álagningu og úrskurði, sem kveðnir hafi verið upp af skattyfirvöldum.

Varnaraðili kveður efnislegan ágreining lúta að því, hvort starfsmenn þeir, er í málinu greinir, hafi öðlast samningsbundinn rétt á hendur sóknaraðila til eftirlauna. Í annan stað snúist málið um það, hvort 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 rúmi heimild til að leggja tillög í sjóð til að standa straum af greiðslum eftirlauna síðar meir og draga tillögin frá skattskyldum tekjum á þeim tíma, sem starfsmenn inna vinnuna af hendi.

Gjald- og skuldfærðu fjárhæðirnar, sem í málinu greini, styðjist ekki við settar laga- eða stjórnvaldsreglur og beinist ekki að lífeyrissjóði, sem viðurkenningu hafi hlotið eftir ákvæðum laga nr. 55/1980. Í málinu liggi ekki fyrir reglur um starfsemi eftirlaunasjóðs sóknaraðila í formi reglugerðar eða samþykktar. Í skjölum málsins sé að finna tvær stjórnarsamþykktir um stofnun sjóðsins, framlög til hans og greiðslur úr honum, sem ætlað hafi verið að vera sambærilegar greiðslum til starfsmanna Samvinnubankans. Af þessu verði ekki annað ráðið en sjóðurinn sé einhliða undir ákvörðunarvaldi stjórnar sóknaraðila. Ekki liggi fyrir í málinu, að um neina aðild starfsmanna sé að ræða að slíkum ákvörðunum. Sjóðurinn starfi ekki á neinum tryggingagrundvelli. Um annað sýnist því ekki að ræða en sóknaraðili hafi einhliða áætlað nokkuð af fé sínu í því skyni að greiða með því eftirlaun.

Vegna eftirlaunasamnings framkvæmdastjóra sóknaraðila og sóknaraðila, sem lagður hefur verið fram í málinu, verði að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu, hvort heimilt sé að gjaldfæra fyrir fram tillög í sjóð til að mæta eftirlaunagreiðslum til hans síðar. Sama eigi við um aðra starfsmenn, verði framangreind sýknuástæða ekki tekin til greina.

Ágreiningur lúti að því, hvort 31. gr. laga nr. 75/1981 geymi heimild til að leggja fyrir fé til framtíðarútgjalda. Skilyrði skv. 31. gr. fyrir gjaldfærslu sé, að gjöldin gangi til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Augljóst sé, að myndun sjóðs til að mæta óvissum útgjöldum falli ekki hér undir.

– – –

Niðurstaða.

Mál þetta er rekið til úrlausnar ágreiningi eftir lok aðfarargerðar, og eiga því reglur 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför við um málsmeðferðina. Samkvæmt 95. gr. laganna á úrskurður dómara að kveða á um, hvort aðfargerðin skuli staðfest, hún ógilt eða henni breytt, en kröfur málsaðila í málum þessum geta lotið að hverju atriði, sem er, sem varðar gerðina frá upphafi til enda eða efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi dómstóll ekki áður tekið afstöðu til málefnisins.

Aðalkrafa sóknaraðila í máli þessu beinist í fyrsta lagi að því, að sýslumanni hafi borið að taka mótmæli sóknaraðila til rökstuddrar og skriflegrar úrlausnar, og vísar hann í því sambandi til 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga. Ákvæði laganna gera ráð fyrir hraðri og einfaldri meðferð aðfararbeiðna hjá sýslumanni, og er sérstaklega kveðið á um meðferð sýslumanns á mótmælum, sem fram koma af hálfu gerðarþola við framgangi aðfarargerðar, í 27. gr. laganna. Í 1. mgr. 27. gr. þeirra er kveðið á um, að sýslumaður skuli taka afstöðu til mótmælanna með ákvörðun sinni þegar í stað, er þau hafa komið fram. Mótmæli gerðarþola, þ. e. sóknaraðila í máli þessu, voru lögð fram við fyrirtekt aðfarargerðar, og tók sýslumaður í þeirri fyrirtöku afstöðu til mótmælanna, enda er gert ráð fyrir því, að ákvörðun sé tekin án umhugsunarfrests. Telja verður eðlilegt og í samræmi við þá hröðu málsmeðferð, sem lögin um aðför eiga að tryggja, að ekki sé unnt að gera þær kröfur, að slíkar ákvarðanir sýslumanns séu rökstuddar og skriflegar. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga á sýslumaður einungis í undantekningartilvikum að stöðva framgang gerðar vegna mótmæla gerðarþola, m. a., þegar veruleg líkindi eru fyrir því, að krafa gerðarbeiðanda standist ekki lög. Samkvæmt athugasemdum með 27. gr. laganna kemur fram, að ekki sé nægilegt, að gerðarþoli dragi í efa réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, heldur verði hann að færa rök fyrir því, að líklegra sé en ekki, að hún sé röng. Fram kemur í gögnum málsins, að greiðslustöðuyfirlit ásamt skuldbreytingarseðlum, sem sýndu breytingu gjalda í samræmi við úrskurð skattstjóra, lágu frammi við fyrirtöku sýslumanns á aðfararbeiðninni. Með hliðsjón af eðli kröfu varnaraðila, sem er krafa vegna opinberra gjalda, er skattstjóri hefur úrskurðað um, svo og með skírskotun til 2. mgr. 27. gr. aðfararlaga

verður að telja, að ákvörðun sýslumanns um að stöðva ekki framgang gerðarinnar hafi verið lögmæt, enda er það í samræmi við þá meginreglu laganna, að ágreiningi um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda eigi fyrst að ráða til lykta fyrir dómi, eftir að gerðinni er lokið.

Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 koma hér ekki til greina, enda er sérstaklega kveðið á um í 2. gr. þeirra, að þau gildi ekki um aðfarargerðir.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína einnig á því, að efnislegur grundvöllur skatthækkana skattstjórans í Reykjavík hafi verið rangur, er hann endurákvarðaði sóknaraðila opinber gjöld, og aðfarargerðin af þeim sökum ógildanleg.

Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit af bókunum á stjórnarfundum sóknaraðila 25. mars 1987 og 12. apríl 1988. Á stjórnarfundi 25. mars 1987 kemur fram, að stjórnin hafi samþykkt að mynda sérstakan sjóð til þess að svara lífeyrisskuldbindingum félagsins og að gjaldfært framlag í sjóðinn skuli nema 15% af launum ársins. Jafnframt var bókað, að sjóðurinn skyldi færður meðal skulda í efnahagsreikningi. Á stjórnarfundi 12. apríl 1988 er m. a. bókað: „Forstjóri félagsins lagði fram tillögu um, að reglur um greiðslur eftirlauna fyrir starfsmenn Olíufélagsins hf. yrðu sami hundraðshluti og gildir í sambærilegum greiðslum til starfsmanna Samvinnubankans. Tillagan var samþykkt samhljóða."

Af ofangreindu er ljóst, að til þessa sjóðs var stofnað einhliða af hálfu sóknaraðila. Um var að ræða ákvörðun sóknaraðila gagnvart starfsmönnum sínum um hugsanlega greiðslu eftirlauna til þeirra, ákvörðun, sem var reist á reiknuðum lífslíkum hvers einstaks starfsmanns og bæði var óvíst um, hversu há yrði og hvort eða hvenær til hennar kæmi. Með hliðsjón af eðli þessara skuldbindinga verða þær ekki taldar falla undir rekstrarkostnað samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Í öðrum töluliðum 31. gr. laga nr. 75/1981 er sérstaklega getið um þær heimildir, sem til greina koma til frádráttar. Þar er þó ekki að finna ákvæði, er lúti að frádrætti vegna eftirlaunaskuldbindinga. Það er álit dómsins, að til þess að sá sérstaki kostnaður, sem í máli þessu er til umfjöllunar, verði frádráttarbær, þurfi skýra lagaheimild til. Slíka heimild er hvorki að finna í 31. gr. laga nr. 75/1981 né í öðrum ákvæðum þeirra laga. Í samræmi við ofangreint og með vísan til 76. gr. laga nr. 75/1981 er ekki heldur talið, að heimilt hafi verið að færa fjárhæðina sem skuld til frádráttar eignum.

Með skírskotun til óvissuþáttar eftirlaunaskuldbindingar sóknaraðila og þess, sem að framan var rakið um frádráttarbæran kostnað, á framangreind niðurstaða einnig við um eftirlaunaskuldbindingu þá, sem sóknaraðili gerði við framkvæmdastjóra sóknaraðila.

Sóknaraðili styður varakröfu sína því, að skattstjóri hafi ekki gætt tímamarka ákvæða 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt við endurákvörðun áður álagðra opinberra gjalda gjaldárin 1988, 1989, 1990 og 1991.

Í 95. gr. laga nr. 75/1981 kemur fram, að skattstjóri geti leiðrétt augljósar reikningsskekkjur og fjárhæðir einstakra liða framtals, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals, ef telja má, að um óyggjandi upplýsingar sé að ræða. Í 96. gr. laganna er kveðið á um heimild til endurákvörðunar skatts að undangenginni upplýsingaöflun hjá viðkomandi. Í 1. mgr. 97. gr. er kveðið á um heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. og að heimildin nái til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára, sem næst eru á undan því ári, þegar endurákvörðun fer fram, en í 2. mgr. 97. gr. laganna segir: „Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára, sem næst eru á undan því ári, þegar endurákvörðun fer fram, þótt í ljós komi, að álagning hafi verið of lág."

Með hliðsjón af þeim gögnum, sem fylgdu skattframtölum sóknaraðila nefnd gjaldár, þar sem m. a. kom skýrt fram, að sérstakur sjóður hafði verið myndaður til að mæta skuldbindingum vegna eftirlaunaréttar starfsmanna sóknaraðila, tilgreindar fjárhæðir væru byggðar á tryggingafræðilegri úttekt og fjárhæðir væru framreiknaðar með hækkun á lánskjaravísitölu, verður að telja, að óyggjandi upplýsingar hafi verið fram komnar til þess, að skattstjóra væri unnt að haga álagningu í samræmi við 95. gr. laganna, hafi hann þá talið, að færsla sóknaraðila bryti í bága við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda. Engar athugasemdir voru þó gerðar af hans hálfu við færslu eftirlaunaskuldbindinga á skattframtölum sóknaraðila fyrr en árið 1993. Verður því að telja með skírskotun til ofangreinds og vísan til 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, að skattstjóra hafi ekki verið heimilt að endurákvarða sóknaraðila skatt nema vegna opinberra gjalda gjaldáranna 1992 og 1993.

Samkvæmt ofangreindu er varakrafa sóknaraðila tekin til greina og fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139, sem fram fór að kröfu varnaraðila í fasteign sóknaraðila að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, breytt þannig, að hún nær einungis til opinberra gjalda vegna gjaldáranna 1992 og 1993.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 er rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Í málinu þykja ekki efni til að fallast á kröfu sóknaraðila um, að málskot úrskurðar til æðra dóms fresti fullnustugerðum, og er henni því hafnað.

Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, ásamt meðdómsmönnunum Arngrími Ísberg héraðsdómara og Stefáni Svavarssyni dósent kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/15139 frá 8. september 1994 er breytt þannig, að hún nái til opinberra gjalda sóknaraðila vegna gjaldáranna 1992 og 1993.

Kröfu sóknaraðila um, að málskot úrskurðar til æðra dóms fresti fullnustugerðum, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 190/1994. **Sameinaði lífeyrissjóðurinn**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota
(Jónatan Sveinsson hrl.)
og gagnsök

Ábyrgð á lífeyrisiðgjöldum. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1994. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði sér 204.232 krónur með dráttarvöxtum frá 18. desember 1992 til greiðsludags, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. maí 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að málskostnaður í héraði falli niður og þá einnig fyrir Hæstarétti.

Við meðferð frumvarps þess, er varð að lögum nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, sagði félagsmálaráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpinu, að í lögum nr. 52/1992 væri miðað við úrskurðardag. Af hálfu lífeyrissjóða hefði hins vegar verið litið svo á, að eðlilegt væri að miða við frestdag, og væri gerð tillaga um slíka breytingu á lögunum í 5. gr. frumvarpsins. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sameinaða lífeyrissjóðnum, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, gegn Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, kt. 450193-2759, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, með stefnu, dagsettri 6. september sl., en birtri áttunda og níunda sama mánaðar.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 204.232 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. september 1992, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 86.888 krónur ásamt vöxtum skv. 5. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 og málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 86.888 krónur auk vaxta samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, en frá þeim degi til greiðsludags dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga af samtölu höfuðstóls og vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga fyrir framangreint tímabil, en málskostnaður verði felldur niður.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Í stefnu segir m. a.: „Garðasmiðjan Galax sf., kt. 701286-1629, greiddi ekki lögboðin lífeyrissjóðsiðgjöld til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna starfsmanna sinna og ekki heldur sjúkra- og orlofssjóðsgjöld, félagsgjöld til stéttarfélags né gjald í endurmenntunarsjóð. Fól sjóðurinn lögmanni innheimtu gjaldanna, en innheimtan bar ekki árangur. Bú Garðasmiðjunnar Galax sf. auk búa sameigenda félagsins, þeirra Höskulds Hildibrandssonar og Sigurþórs N. Hafsteinssonar, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 9. júní 1992. Frestdagur við skiptin var 25. mars 1992. – Ofangreindum kröfum var lýst að hluta sem forgangskröfum í þrotabú félagsins af hálfu Sameinaða lífeyrissjóðsins, sem þá hafði tekið við öllum réttindum og skyldum Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. [...] Lýsti lífeyrissjóðurinn sem forgangskröfum iðgjöldum til sjóðsins samkvæmt skilagreinum fyrir tímabilið september 1990 til janúar 1992 auk gjalda í sjúkra- og orlofssjóð, félagsgjalda og gjalds í endurmenntunarsjóð fyrir sama tímabil, samtals

2.568.169 kr., með dráttarvöxtum til 9. júní 1992. Auk þessa var lýst kröfum vegna innheimtukostnaðar af sömu kröfum, 198.668 kr. – Skiptastjóri viðurkenndi forgangskröfu sjóðsins, eins og henni var lýst, [...], og í samræmi við 11. gr. laga nr. 52/1992, er þá giltu um Ábyrgðasjóð launa, sendi hann þeim sjóði umsögn sína um kröfuna í bréfi, dags. 30. sept. 1992. Sameinaði lífeyrissjóðurinn sendi kröfu sína um greiðslu úr Ábyrgðasjóði með bréfi, dags. 17. júlí 1992, og krafðist í samræmi við 5. gr. laga nr. 52/1992 greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjöldum annarra en eigenda fyrirtækisins, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 52/1992, og nam höfuðstóll iðgjalda fyrir tímabilið sept. 1990 til jan. 1992 samtals 1.234.997 kr. Jafnframt var krafist dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 25/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992. – Með bréfi, dags. 11. des. 1992, hafnaði Ábyrgðasjóður kröfu lífeyrissjóðsins um iðgjöld fyrir september, október og nóvember 1990, en samþykkti greiðslu iðgjalda fyrir tímabilið frá desember 1990 til janúar 1992, alls 14 mánuði. Hinn 14. desember 1992 sendi Ábyrgðasjóður launa lögmanni stefnanda afrit bréfs til fjármálaráðuneytisins, þar sem fram kemur, að Ábyrgðasjóður telji iðgjöld, að fjárhæð 1.069.818 kr., falla innan ramma laga nr. 52/1992, og beri sjóðnum því að greiða Sameinaða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð ásamt vöxtum. Lögmaður lífeyrissjóðsins ritaði Ábyrgðasjóði bréf 18. desember 1992 og mótmælti þar þeim skilningi sjóðsins að miða tímamörk ábyrgðar sjóðsins við úrskurð um gjaldþrotaskipti, en ekki frestdag [...]. – Krafa stefnanda á hendur stefnda var upphaflega 1.234.977 kr. auk vaxta skv. 5. gr. laga nr. 25/1987. Vextir af kröfu stefnanda námu 273.565 kr. 14. desember 1992, en þann dag greiddi stefndi honum 1.069.818 kr. auk vaxta af þeirri fjárhæð til þessa dags, 234.492 kr. Dómkrafa stefnanda er því mismunurinn, 204.232 kr. Krafist er dráttarvaxta af kröfunni frá 18. desember 1992, er stefnandi mótmælti afstöðu stefnda með bréfi."

Í greinargerð stefnda segir m. a.: „Aðdraganda kröfugerðar stefnanda á hendur stefnda er réttilega lýst í stefnu málsins á dskj. 1. Gengið er út frá því, að ekki sé ágreiningur með aðilum um, að greiðsluábyrgð stefnda markist í þessu tilviki af lögum nr. 52/1992, sem voru í gildi, er stefnandi lýsti kröfum sínum á hendur stefnda í bréfi, dagsettu 17. júlí 1992, sbr. dskj. 3. Þá er þess að geta, að stefnandi hefur ekki athugasemdir fram að færa við sjálfa stefnufjárhæðina."

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda beri að greiða honum vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld þrotabús Garðasmiðjunnar Galax sf. fyrir

tímabilið frá og með september 1990 til og með janúar 1992 vegna ábyrgðar stefnda á grundvelli ákv. c-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, er þá voru í gildi. Á því er byggt, að ábyrgð sjóðsins taki til krafna stefnanda, sem fallið höfðu í gjalddaga síðustu 18 mánuði fyrir frestdag þrotabúsins, sem sé 25. mars 1992, en ekki beri að miða við 9. júní 1992, þegar úrskurður gekk um gjaldþrotaskipti, eins og lýst hafi verið yfir af hálfu stefnda, þar sem orð lagatextans „fyrir gjaldþrot" beri að skýra á þann hátt, að miðað sé við frestdag.

Þennan lögskýringarkost kveður stefnandi mega leiða af fordæmum, forsögu viðkomandi lagaákvæðis og samanburðarskýringu við gjaldþrotaskiptalög. Hann vísar í þessu sambandi til 84. gr. l. nr. 3/1878 um skipti dánarbúa, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, 2. gr. l. nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum, 8. gr. l. nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 4. gr. l. nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum og almennra athugasemda með frumvarpinu, 4. gr. l. nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum, 112. gr. l. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, athugasemda við frumvarp að fjárlögum fyrir árið 1992 í Alþt. 1991, bls. 327, 6.–8. gr., og 62. gr. l. nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 ásamt athugasemdum með 10. gr. frumvarpsins í Alþt. 1991, bls. 1563, 5. gr., og III. kafla l. nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og athugasemda með frumvarpinu um III. kafla laganna og í því sambandi umræður á Alþingi, Alþt. 1991–1992, bls. 9571–9581, 5. gr. l. nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og athugasemdir með þeirri grein frumvarpsins ásamt almennum athugasemdum með því og umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á fylgiskjali með frumvarpinu og að lokum til tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum, verði vinnuveitandi gjaldþrota (80/987/EBE). Þá vísar stefnandi til Hrd. 1974, 660, 1979, 403, og 1988, 43.

Um varakröfu sína er staðhæft af hálfu stefnanda, að gjalddagi fyrir iðgjöld nóvembermánaðar 1990 falli innan átján mánaða tímamarksins, hvort sem miðað sé við frestdag eða úrskurðardag.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að með því að greiða stefnanda iðgjöld, samtals að fjárhæð 1.069.818 krónur, auk vaxta, að fjárhæð 234.492 krónur, samtals 1.304.310 krónur, hafi stefndi að fullu efnt þá greiðsluskyldu, sem á honum hvíldi gagnvart stefnanda samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992, því að með greiðslu þessari hafi verið inntar af hendi

lýstar og samþykktar lífeyrisgreiðslur í þrotabú Garðasmiðjunnar Galax sf., sem fallið höfðu í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir gjaldþrot félagsins, þ. e. frá úrskurðardegi 9. júní 1992.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sjónarmið stefnanda um frestdag í þessu sambandi og hér hefur verið lýst, eigi sér ekki stoð í greinargerð með frumvarpi laga nr. 52/1992 eða í umræðum á Alþingi um það. Aftur á móti megi berlega ráða af ummælum félagsmálaráðherra, er hún mælti fyrir frumvarpi til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, sem urðu lög nr. 53/1993, hver skoðun ráðherrans var á þessu, en þar segir m. a.: „Í lögum um ríkisábyrgð á launum miðaðist lífeyrisiðgjaldaábyrgðin við það tímabil, er félli innan tímamarka þeirra, sem vinnulaunakröfu fylgdi forgangsréttur í búi. Túlkun félmrn. á þessu ákvæði var sú, að hér skyldi miða tímamörk við þann dag, sem bú var úrskurðað gjaldþrota, þ. e. úrskurðardag. Með lögum nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota var ákvæðinu vegna lífeyrissjóðsiðgjalda breytt á þann veg, að ábyrgð sjóðsins næði til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsgjöld, sem fallið hefðu í gjalddaga síðustu 18 mánuði fyrir gjaldþrot. Ráðuneytið sem og Tryggingastofnun ríkisins hafa, eins og við ríkisábyrgð á launum, miðað við úrskurðardag. Talsmenn lífeyrissjóðanna hafa hins vegar litið svo á, að eðlilegt væri að miða við svokallaðan frestdag [...]. Lög um ábyrgðasjóð launa miða við það, þegar fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota, þ. e. 18 mánuðum áður en það á sér stað. [...] Í 5. gr. frv. er að finna tvö nýmæli. Annað er, að ábyrgð sjóðsins taki til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna síðustu 18 mánaða fyrir frestdag, en ekki úrskurðardag, eins og tíðkast hefur. ...“

Sjónarmið stefnda varðandi varakröfur koma fram á dskj. nr. 16, en þar segir m. a.: „Varðandi iðgjöld í nóvember 1991 (sic) þá voru þau talin falla utan ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa, þar sem ávallt hefur verið miðað við, hvenær stofnað er til iðgjaldanna, þegar ákvarða á, hvort þau njóta ábyrgðar. Við afgreiðslu á iðgjaldakröfum skv. l. nr. 52/1992 var sá mánuður, sem félag er úrskurðað gjaldþrota, settur sem síðasti mánuður, sem ábyrgðasjóðurinn bar ábyrgð á, og síðan taldir 17 mánuðir til viðbótar aftur í tímann. Þar sem Galax sf. var úrskurðað gjaldþrota svo snemma í júní 1992, var júní ekki talinn með og maí 1992 settur sem síðasti mánuður, sem féll undir ábyrgð sjóðsins. Ef krafist hefði verið iðgjalda fyrir júní 1992, hefði desember 1990 fallið út líka, þ. e. nóvember 1990 gat aldrei fallið undir ábyrgð sjóðsins skv. þeirri túlkun á lögunum, sem beitt hefur verið hjá Ábyrgðasjóðnum. – Munurinn á túlkun Sameinaða lífeyrissjóðsins og Ábyrgðasjóðs felst aðallega í því, að Ábyrgðasjóður telur gjaldamánuðina, en S. l. gjalddagana. Stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur hafnað því algerlega að miða

eingöngu við gjalddagana, því að það myndi yfirleitt leiða til ábyrgðar á iðgjöldum í alls 19 mánuði, þegar síðasti mánuður gjaldfellur, um leið og úrskurður um skipti er upp kveðinn. ..."

IV.

Niðurstaða.

Í 5. gr. laga nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota segir: „Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum: [...] c. kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld, sem fallið hafa í gjaldaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot, að uppfylltum skilyrðum II. kafla laga þessara. ..."

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að með orðinu gjaldþrot í lagatextanum sé átt við frestdag í skilningi gjaldþrotaskiptalaga. Miklu heldur má ætla, að með núgildandi lögum nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota hafi löggjafinn breytt fyrri skipan mála að þessu leyti með því að setja orðið frestdagur í stað orðsins gjaldþrot inn í annars óbreytta setningu frá eldri lagatexta. Þá þykir ljóst, að með orðinu gjaldþrot sé átt við tímamark, þegar bú vinnuveitanda er úrskurðað gjaldþrota.

Bú Garðasmiðjunnar Galax sf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 9. júní 1992. Frá 9. desember 1990 til 9. júní 1992 eru átján mánuðir. Hinn 10. desember 1990 gjaldféllu lífeyrissjóðsiðgjöld nóvembermánaðar 1990. Teljast því þau gjöld meðal iðgjalda, „sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot".

Samkvæmt framangreindu er fallist á dómkröfur stefnanda, sem hann gerði til vara, en þær eru efnislega samhljóða varakröfum stefnda að undanskildum kröfum um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 66.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, greiði stefnanda, Sameinaða lífeyrissjóðnum, 86.888 krónur ásamt vöxtum skv. 5. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 66.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 33/1995. **Ólöf Ingibjörg Jónsdóttir**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Jens Ingólfssyni
(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Víxilmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1995 og krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara ómerkingar dómsins og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að sér verði dæmt að greiða stefnda eina krónu. Jafnframt skaut áfrýjandi til Hæstaréttar úrskurði, sem kveðinn var upp 19. október 1994, þegar málið var rekið í héraði. Auk þess krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir kröfu áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms hafa ekki verið færð nein haldbær rök.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti er þess getið, að víxillinn, sem deilt er um í málinu, sé ekki stimplaður, eins og skylt er samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald. Vanræksla í því efni haggar ekki gildi víxilsins.

Með þessum athugasemdum og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Það athugast, að áfrýjun máls þessa er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Ólöf Ingibjörg Jónsdóttir, greiði stefnda, Jens Ingólfssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 28. apríl 1994, af Jens Ingólfssyni, Framnesvegi 20, Reykjavík, gegn Ólöfu Jónsdóttur, Stigahlíð 46, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1994 til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að henni verði gert að greiða eina krónu, en hún verði sýknuð af kröfum stefnanda að öðru leyti. Þá er gerð krafa um málskostnað að mati dómsins henni til handa.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, að fjárhæð 2.000.000 kr., út gefnum 1. febrúar 1994 með gjalddaga 18. apríl 1994. Stefnandi er útgefandi víxilsins og hefur framselt hann, og er víxillinn út gefinn og framseldur með árituninni „án afsagnar". Greiðslustaður er Íslandsbanki hf., Reykjavík. Stefnda er samþykkjandi á víxlinum.

Stefnandi rekur málið á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefndu eru þær, að Jens Ingólfsson sé ekki réttur eigandi víxilsins og að víxillinn hafi verið útfylltur án heimildar, og hafi sú útfylling ekki verið í samræmi við þann samning, sem að baki víxlinum hafi staðið.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins bar lögmaður stefndu fram þá málsástæðu, að þar sem fjárhæð víxilsins væri ekki tilgreind í bókstöfum, mætti með vísan til 6. gr. víxillaga nr. 93/1933 skilja þetta sem tilmæli um að greiða eina krónu.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Lögmaður stefndu gat borið fram málsástæðu þessa þegar í greinargerð sinni, og er á það fallist, að málsástæða þessi sé of seint fram komin við munnlegan málflutning, og verður ekki á henni byggt.

Stefnandi hefur lagt fram lögformlegan víxil, sem hann er réttur handhafi að skv. framsalsröð, sbr. 16. gr. laga nr. 93/1933. Fullyrðingar stefndu um, að víxillinn hafi verið útfylltur án heimildar og í ósamræmi við samning aðila, eru með öllu ósannaðar.

Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ólöf Jónsdóttir, greiði stefnanda, Jens Ingólfssyni, 2.000.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1994 til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 23/1995. **Einar Sigurvinsson**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Sigurjónsdóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Riftun. Uppgjör. Fyrning. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1995. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 893.188 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. júlí 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Áður en aðaláfrýjandi lýsti yfir riftun kaupa gagnáfrýjanda á fasteigninni Löngufit 14 í Garðabæ, hafði hún greitt aðaláfrýjanda 1.250.000 krónur af umsaminni útborgun auk þess að greiða afborgun, vexti og verðbætur af áhvílandi veðskuldum, samtals 195.104 krónur. Voru þessar greiðslur gagnáfrýjanda því alls 1.445.104 krónur. Hún krefur aðaláfrýjanda um endurgreiðslu þessarar fjárhæðar með innlánsvöxtum, 87.667 krónum, sem hún kveðst reikna, frá því að greiðslur voru inntar af hendi til 25. maí 1990, þegar hún skuldbatt sig til að rýma húseignina. Frá þessu viðurkennir gagnáfrýjandi til frádráttar húsaleigu, 467.833 krónur, sölulaun handa fasteignasala, að fjárhæð 134.400 krónur, og 37.350 krónur í málskostnað í útburðarmáli aðaláfrýjanda á hendur henni, samtals 639.583 krónur. Stendur þá eftir framangreind dómkrafa hennar.

Aðaláfrýjandi reisir sýknukröfu sína aðallega á því, að kröfur gagnáfrýjanda séu fyrndar eða fallnar niður vegna tómlætis. Verði ekki á það fallist, ber aðaláfrýjandi fyrir sig, að hann eigi gagnkröfur til skuldajafnaðar á hendur gagnáfrýjanda, samtals 1.641.115 krónur, auk áðurgreindrar kröfu um málskostnað í útburðarmáli, 37.350 krónur. Í fyrrnefndu fjárhæðinni reiknar aðaláfrýjandi sér húsaleigu, sem hann telur hæfilega ákveðna 980.000 krónur, og hins vegar bætur, að fjárhæð 661.115 krónur, vegna beins og óbeins tjóns, sem hann kveður sig hafa orðið fyrir sökum vanefnda gagnáfrýjanda.

II.

Ekki verður fallist á það með aðaláfrýjanda, að ákvæði 1. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda eigi við um kröfu gagnáfrýjanda. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til þess, sem greinir í forsendum héraðsdóms, verður ekki talið, að kröfur gagnáfrýjanda séu fallnar niður, hvorki fyrir fyrningu né tómlæti.

Aðaláfrýjandi hefur ekki fært fram sérstök mótmæli gegn áðurgreindri kröfu gagnáfrýjanda um innlánsvexti af greiðslum hennar fram til þess, að umræddum kaupum var rift. Verður krafan því tekin til greina með 87.667 krónum auk kröfu gagnáfrýjanda um endurgreiðslu á 1.445.104 krónum, sem er óumdeilt, að hún hafi innt af hendi samkvæmt kaupsamningi sínum við aðaláfrýjanda, en samtals eru þessir kröfuliðir 1.532.771 króna.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að frá þessari endurgreiðslukröfu beri að draga gagnkröfur aðaláfrýjanda vegna sölulauna og málskostnaðar í útburðarmáli, en þó þannig, að krafa um sölulaun verði 134.400 krónur í stað 156.800 króna, sem aðaláfrýjandi leggi til grundvallar. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að umræddur mismunur á fjárhæð sölulauna sé gagnáfrýjanda viðkomandi. Verða þessir kröfuliðir aðaláfrýjanda því teknir til greina, eins og gagnáfrýjandi hefur viðurkennt þá, en þannig nema þeir samtals 171.750 krónum.

Fallist verður á það mat héraðsdómara, að húsaleiga handa aðaláfrýjanda úr hendi gagnáfrýjanda sé hæfilega ákveðin 50.000 krónur á mánuði í fjórtán mánuði, alls 700.000 krónur. Með vísan til þess,

sem greinir í héraðsdómi, verður einnig fallist á, að aðaláfrýjandi eigi rétt á að fá bættan kostnað vegna vanskila gagnáfrýjanda á veðskuldum áhvílandi á fasteigninni Löngufit 14 svo og kostnað vegna vanskila á fasteignagjöldum. Eru þeir kröfuliðir samtals 103.362 krónur.

Aðaláfrýjandi aflaði ekki mats dómkvaddra manna um ástand fasteignarinnar, þegar hann tók aftur við henni úr hendi gagnáfrýjanda, eða um kostnað af nauðsynlegum viðgerðum. Hefur hann ekki gert reka að því að sýna á annan viðhlítandi hátt fram á tjón af þessum sökum. Verður gagnkröfum hans á þessum grunni því hafnað.

Gagnkröfur aðaláfrýjanda eru að öðru leyti á því reistar, að vanefndir gagnáfrýjanda á kaupsamningi þeirra hafi bakað sér tjón, þar sem hann hafi í aðgerðum sínum í kjölfar samningsgerðar byggt á því, að gagnáfrýjandi myndi efna skuldbindingar sínar. Kveðst aðaláfrýjandi í þessu sambandi einkum hafa orðið fyrir tjóni sökum þess, að hann hafi þurft að hverfa frá kaupum á annarri fasteign vegna vanefnda gagnáfrýjanda. Ekki eru efni til að fallast á kröfur aðaláfrýjanda á þessum grunni, enda verður að telja, að áhættan af slíkum eftirfarandi viðskiptum hans hafi ekki hvílt á gagnáfrýjanda.

Samkvæmt framangreindu eru teknar til greina gagnkröfur aðaláfrýjanda, að fjárhæð samtals 975.112 krónur, sem dragast frá endurgreiðslukröfu gagnáfrýjanda, að fjárhæð 1.532.771 króna. Verður aðaláfrýjandi því dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda mismuninn, 557.659 krónur, með dráttarvöxtum frá 25. júlí 1990. Þá verður aðaláfrýjandi einnig dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Einar Sigurvinsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Sigurjónsdóttur, 557.659 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. júlí 1990 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. október 1994.

Ár 1994, mánudaginn 22. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-883/1994: Guðrún Sigurjónsdóttir gegn Einari Sigurvinssyni.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 24. maí sl., og var dómtekið 26. september sl. að loknum munnlegum flutningi þess.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Stefnandi er Guðrún Sigurjónsdóttir, kt. 171246-2889, Leirubakka 8, Reykjavík, en stefndi er Einar Sigurvinsson, kt. 060727-3179, Álfhólsvegi 43, Kópavogi.

Umboðsmaður stefnanda er Pétur Þór Sigurðsson hdl., en umboðsmaður stefnda Björn Jónsson hdl.

I. Dómkröfur.

1. Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 1.027.588 króna auk dráttarvaxta samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. maí 1990 til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar samkv. málskostnaðarreikningi.

2. Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hennar hendi að skaðlausu að við bættum lögmæltum virðisaukaskatti á málskostnað.

Til vara er krafist viðurkenningar á gagnkröfu stefnda, að fjárhæð 1.939.541 kr., til skuldajafnaðar við stefnukröfu stefnanda, allt vegna vanefnda og kostnaðar vegna riftunar á kaupsamningi aðila. Þá er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Við munnlegan flutning málsins var stefnufjárhæð lækkuð í 893.188 kr. og gagnkrafan í 1.641.115 kr.

II. Málavextir stefnanda.

Stefnandi keypti af stefnda fasteignina nr. 14 við Löngufit í Garðakaupstað 9. júní 1989. Heildarkaupverð skv. kaupsamningi var 8.900.000 kr. Kaupverð skyldi greiða annars vegar með útborgun á tímabilinu 9. júní 1989 – 15. nóvember 1990, samtals 4.099.667 kr., og hins vegar með yfirtöku eftirstöðva áhvílandi lána, að fjárhæð samtals 4.800.333 kr. Við undirritun kaupsamnings greiddi stefnandi 500.000 kr. og 15. 9. 1989 250.000 kr., svo sem hinn tilvitnaði kaupsamningur kvað á um. Hinn 15. 12. 1989 átti stefnandi að greiða 1.000.000 kr., en greiddi þann dag aðeins 500.000 kr. Stefnandi greiddi því samtals af útborgun 1.250.000 kr., en til frekari greiðslna

á útborgun kom ekki af hálfu stefnanda vegna greiðsluerfiðleika. Að auki greiddi stefnandi 14. júní 1989 afborgun pr. 15. júní 1989 af fjórum skuldabréfum samhliða á 4. veðrétti eignarinnar, sem hvert var að nafnverði 352.000 kr., út gefin 1. 2. 1989. Afborgun af hverju bréfi nam 39.111,11 kr., vextir 6.997,80 kr. og verðbætur 2.667,09 kr., samtals af hverju bréfi 48.776 kr. og því af öllum bréfunum fjórum samtals 195.104 kr. Stefnandi greiddi stefnda því vegna kaupanna á fasteigninni nr. 14 við Löngufit í Garðakaupstað samtals 1.445.104 kr.

Vegna vanefnda stefnanda á greiðslu kaupverðsins að öðru leyti en að framan greinir krafðist stefndi þess, að stefnandi yrði borin út úr fasteigninni Löngufit 14, Garðakaupstað, sbr. útburðarbeiðni þar um, dags. 17. maí 1990. Í útburðarbeiðninni er kannast við framangreindar útborgunargreiðslur stefnanda. Við fyrirtöku á útburðarmálinu í fógetarétti Hafnarfjarðar 25. maí 1990 mætti stefnandi sjálf sem gerðarþoli í því máli. Þá varð með aðilum svofelld sátt: „Gerðarþoli samþykkir riftunarkröfu gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi fellst á, að gerðarþoli fái frest til að rýma húsnæðið eigi síðar en 25. júlí 1990. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 30.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts."

Stefnandi taldi sig eiga rétt á hendur stefnda til endurgreiðslu þess fjár að verulegum hluta, sem hún hafði innt af hendi. Hún hafði þó ekki tök á því að knýja fram uppgjör og endurgreiðslu í útburðarmálinu, enda var þá um það talað aðila á milli, að til uppgjörs kæmi síðar.

Með bréfum, hinu fyrsta dags. 20. ágúst 1990, öðru ódags., sem barst 13. nóvember 1990, og hinu þriðja, dags. 15. mars 1993, hefur stefndi verið krafinn um endurgreiðslu, án þess að þær innheimtutilraunir hafi borið árangur.

Stefnandi gerir og kröfu um vexti á það fé, er hún greiddi frá greiðsludegi hverju sinni til 25. maí 1990, sem nemi hæstu almennu innlánsvöxtum hverju sinni samkvæmt tilkynningum Seðlabanka Íslands.

Í bréfi því, sem ódagsett er, en barst 13. nóvember 1990, er því lýst af hálfu stefnanda, að fallist væri á, að til frádráttar endurgreiðslukröfunni kæmi leiga, sem eðlilegt sé að telja 35.000 kr. á mánuði fyrir tímabilið 14. júní 1989 – 25. júlí 1990, samtals 467.833 kr. Þá er því og lýst, að fallist sé á, að hinn dæmdi málskostnaður auk virðisaukaskatts, samtals 37.350 kr., í útburðarmálinu komi til frádráttar.

Stefnufjárhæðin sundurliðast því svo:

1. Útborgunargreiðslur samtals			kr. 1.250.000
a) greitt 9. júní 1989	kr.	500.000	
b) greitt 15. september 1989	–	250.000	
c) greitt 15. desember 1989	–	500.000	

2. Afborgun af skuldabréfum samtals		kr.	195.104
3. Vextir á greiðslur stefnanda		–	87.667
	Samtals	kr.	1.532.771
3. Til frádráttar leigugreiðslur	–	–	467.833
4. Til frádráttar málskostnaður m/vsk.	–	–	37.350
Samtals til frádráttar		kr.	505.183
Stefnufjárhæðin því		kr.	1.027.588

III. Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur sig eiga ótvíræðan rétt til endurgreiðslu greidds fjár og að sú krafa hafi stofnast þann dag, sem samkomulag varð um riftun. Stefnandi telur eðlilegt að greiða leigu fyrir húsnæðið þann tíma, sem hún og fjölskylda hennar hafði afnot af því. Eðlilegt og sanngjarnt sé, að leiga taki mið af ástandi húsnæðisins, sem stefnandi segir, að hafi verið slæmt, einkum hvað varðaði frágang á rafmagni, og því sé sanngjarnt að miða við 35.000 kr. á mánuði. Stefnandi reisir dráttarvaxtakröfu sína á því, að hún eigi rétt á dráttarvöxtum á kröfu sína frá þeim degi, að krafan stofnaðist.

Málskostnaðarkrafa byggist á skaðleysisreglu íslensks réttar og ákvæðum laga um meðferð einkamála um málskostnað.

Stefnandi vísar til reglna kröfuréttar um riftun og rétt kaupanda til endurgreiðslu greidds fjár með vöxtum. Málskostnaðarkrafa byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um dráttarvexti er studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

IV. Málsástæður og önnur atvik stefnda.

Um málavexti er vísað til málavaxtalýsingar stefnanda hér að framan, eins og hún getur átt við. Ekki er deilt um það, að stefnandi hafði innt af hendi 1.250.000 kr. til stefnda, þá er henni var tilkynnt um riftun kaupa á fasteigninni Löngufit 14, sbr. dskj. 17, sem er símskeyti frá stefnda til stefnanda, dags. 20. mars 1990. Þar er formlega tilkynnt um riftun á kaupum um fasteignina. Þá er ekki hreyft andmælum við því, að stefnandi hafi greitt af áhvílandi tilteknum lánum, eins og getið er um í stefnu. Þrátt fyrir tilkynningu um riftun, sbr. dskj. 17, fékkst stefnandi ekki til að rýma eignina, eins og krafist var í riftunarskeytinu, fyrr en fram var komin útburðarbeiðni af hálfu stefnda. Samkvæmt sátt, sem gerð var í fógetarétti Garðakaupstaðar 25. maí 1990, féllst gerðarþoli, þ. e. stefnandi máls þessa, á riftunarkröfu stefnda sem sett hafði verið fram 20. mars 1990.

Samkomulag varð um, að stefnandi rýmdi íbúðina „með góðu“ 25. júlí

s. á., sem og stefnandi gerði. Viðskilnaður stefnanda á fasteigninni var þó með ólíkindum, eins og fram kemur á dskj. 18. Stefnandi hafði þó tekið við eigninni í góðu ástandi, enda auglýsti stefndi eignina þannig til sölu, er hann hugðist selja hana á umráðatíma sínum. Stefndi hafði, er hann seldi Löngufitina, fest kaup á fasteign að Trönuhjalla 9 í Kópavogi. Vegna hinna stórfelldu vanskila stefnanda neyddist stefndi til að selja þessa eign, enda hvíldu greiðsluskuldbindingar hans á því, að stefnandi stæði í skilum með greiðslur skv. kaupsamningnum um Löngufit. Þannig ollu vanefndir stefnanda stefnda stórfelldu tjóni, bæði beinu og óbeinu, auk stórfelldrar röskunar, sem fólst í því að gera Löngufitina aftur íbúðarhæfa og tilbúna til endursölu eftir viðskilnað stefnanda. Þá varð stefndi og fyrir stórfelldri röskun við að neyðast til að selja Trönuhjalla. Allur þessi beini og óbeini útlagði kostnaður nam 959.547 kr., sbr. dskj. nr. 22 – 42. Reiknuð leiga fyrir tímabilið 1. 6. 1989 til 1. 8. 1990 er 25.000 kr. á mánuði fyrir kjallaraíbúðina í Löngufit í 14 mánuði og 45.000 kr. á mánuði fyrir aðalíbúðina í sama mánaðafjölda, samtals 980.000 kr. Samtals nemur gagnkrafa stefnda 1.939.547 kr. Áskilnaður er gerður um að leggja fram sérstakt yfirlit yfir þessi uppgjörsatriði í skiptum aðila undir rekstri málsins.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að krafa stefnanda sé fyrnd. Stefnanda var tilkynnt um riftun með símskeyti 20. 3. 1990. Á þessa riftun féllst stefnandi með sátt í fógetarétti Garðakaupstaðar. Upphafstími fyrningarfrests byrjaði að líða frá 20. 3. 1990, og eru því full fjögur ár og tæpir þrír mánuðir, frá því að endurgjaldskrafa stefnanda stofnaðist, og er hún því fyrnd skv. 1. tl. 3. gr. laga um fyrningu nr. 14/1905. Ef svo ólíklega vildi til, að hinn virðulegi dómur féllist ekki á það, að krafa stefnanda væri fyrnd, er í annan stað sýknukrafa stefnda reist á því, að kröfur stefnanda séu niður fallnar fyrir tómlætis sakir. Stefndi hefur ekkert heyrt frá stefnanda í nærfellt fjögur ár. Stefndi var búinn að gera ráð fyrir, að máli þessu væri lokið, enda gat stefnanda ekki verið það dulið, að stefndi átti stórfelldar gagnkröfur vegna vanefnda hennar. Að koma nú fjórum árum seinna fram með kröfur kemur stefnda gjörsamlega í opna skjöldu. Stefndi gat vænst þess, að máli þessu væri lokið eftir allan þennan tíma, og þar sem málið er svo vaxið sem að framan greinir, eiga hér við reglur íslensks réttar um niðurfall krafna vegna tómlætis, sem leiðir til sýknu.

Varakrafa stefnda er reist á gagnkröfu hans á hendur stefnanda, að fjárhæð 1.939.547 kr. Fallist dómur ekki á, að krafa stefnanda sé fyrnd eða fallin niður fyrir tómlæti stefnanda, er þess krafist, að framangreind krafa stefnda komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, sbr. 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Þrautavarakrafa er studd því, að stefnandi tekur ekki tillit til tjóns, sem stefndi varð fyrir af völdum vanefnda stefnanda. Leigugjald, sem stefnandi féllst á að greiða, er langt frá markaðsverði, og ekki er tekið tillit til þess, að stefndi þurfti að greiða sölulaun aftur, er hann seldi fasteignina, svo að fátt eitt sé tiltekið. Að þessu athuguðu, er ljóst að kröfur stefnanda ber að lækka stórlega.

V. Sönnunargögn.

Í málinu hefur verið lagður fram kaupsamningur aðila um einbýlishúsið að Löngufit 14, Garðabæ, dags. 9. júní 1989. Þar kemur fram, að kaupverð var 8.900.000 kr., eins og greint var hér að framan úr stefnu, og útborgun þess og yfirtaka áhvílandi veðskulda er í megindráttum eins og þar er lýst. Í kaupsamningnum kemur ekki fram, hversu gamalt húsið sé, en fram hefur þó komið í málinu, að það kunni að vera um 60 ára gamalt. Við kaupin var stefnanda gert ljóst, að húsið væri hlaðið og múrhúðun þess að utan orðin léleg og á útitröppum farin að láta á sjá. Þá kemur og fram í kaupsamningi, að stefnandi hafi kynnt sér ástand eignarinnar rækilega við gaumgæfilega skoðun og sætt sig við það í alla staði.

Þá eru í málinu kvittanir um greiðslu stefnanda vegna skuldabréfa, bréf umboðsmanns stefnanda til umboðsmanns stefnda og svo til stefnda, þar sem krafist er uppgjörs vegna riftunarinnar, útburðarbeiðni og endurrit úr fógetabók Hafnarfjarðar, þar sem fram kemur, að stefnandi fellst á riftunina og samþykkir að rýma húsnæðið, eins og fyrr er getið, og svo skoðunarskýrsla Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 10. ágúst 1989. Þá hefur stefndi lagt fram þrjú símskeyti um innheimtu á útborgun skv. kaupsamningi, þ. e. eftirstöðvar útborgunargreiðslu 15. desember og svo um riftun kaupsamningsins, yfirlit um ástand hússins, eins og það var, er hann tók við því eftir riftun, bréf til Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands, bréf til Félags íslenskra atvinnuflugmanna um skuldbreytingar áhvílandi lána vegna vanskila stefnanda og bréf til Bergs Guðnasonar hdl. vegna vanskila, sem urðu á greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfum til fyrri eiganda að Löngufit 14, Garðabæ, og enn fremur um ýmsar kostnaðarnótur vegna riftunarinnar.

Aðilar málsins hafa gefið skýrslu hér fyrir dómi, og vitni hefur borið Jóhann Hálfdánarson fasteignasali, Vesturbergi 110, Reykjavík, kt. 240939-4799.

Stefnandi kvað húsið hafa verið gamalt og lúið og margt þurft að gera fyrir það. Bílskúr hafi verið þannig, að ódýrara hafi verið að rífa hann en gera hann upp, plast verið í gluggum og vantað á hann hurð; kjallari hafi verið mjög lélegur og þvottahús óhrjálegt, enda húsið 60 ára og þurft að

endurbæta það allt, sem staðið hafi til hjá henni, en vegna vanefnda hafi einungis verið skipt um teppi og hurð í risi. Rafmagnsveita Hafnarfjarðar hafi látið gera úttekt á raflögnum í gömlum húsum, þ. á m. Löngufit 14, og borið, að þær væru ófullnægjandi. Kvaðst hún hafa fengið áætlun rafvirkja um úrbætur og hann áætlað kostnað við þær 500.000 kr. Hún kvaðst hafa látið seljandann vita af þessu, en engin viðbrögð komið frá honum. Hún kvað vangreiðslu á útborgun 15. desember 1989 hafa orðið vegna þess, að greiðslur hefðu brugðist, þ. e. hún hefði orðið að selja eða misst hús, sem hún átti í Arnarnesi, og eftir það staðið í mörgum sölum á húsnæði og eignaskiptum og þá fengið í skiptum litla íbúð í Árbæjarhverfi, sem hún hefði selt, en greiðslurnar úr þeirri sölu, sem átt hefðu að ganga upp í útborgunargreiðslur vegna Löngufitjar 14, hefðu gengið til greiðslu á lögfræðikostnaði o. fl. vegna fyrri eigna, vegna eignaumsýslu og annarra aðstæðna og hún ekki fengið endanleg skil, en vonast í lengstu lög til að fá út úr sölunni upp í útborgunargreiðslur. Í maí 1990 hefði hún þó verið búin að missa alla von um það og í framhaldi af því fallist á riftun og að rýma húsið. Hafi farið fram á því venjuleg þrif, áður en hún fór úr því. Stefnandi fór yfir listann yfir það, sem stefndi taldi ábótavant við húsnæðið, eftir að hún fór, og kannaðist hún ekki við, að þar greindar skemmdir væru af sínum völdum eða fjölskyldu sinnar, heldur hafi þær verið fyrir, er hún tók við húsinu, dúkar og teppi verið léleg og tæki í sturtuklefa o. fl. verið úr sér gengin, þó að þau væru nothæf. Þá kannaðist hún ekki við að hafa tekið neinar innréttingar úr húsinu. Hún kvað húsið hafa verið í verra ástandi en hún átti von á, þó að ekki hafi verið kvartað sérstaklega yfir því. Hún kvaðst þó ekki hafa kannað húsið sérstaklega, áður en kaupsamningur var gerður.

Stefnandi kvað hafa verið átta í heimili hjá sér, þ. e. auk þeirra hjóna sex börn sín á unglingsaldri og önnur eldri, en einungis eiginmaður sinn hefði reykt. Hún mundi ekki, hvers vegna ekki hefðu farið fram formleg skil á húsinu, en enginn hefði verið viðstaddur af sinni hálfu, er stefndi tók við húsinu, en hún talið allt vera í lagi með eignina.

Stefndi kvaðst hafa keypt hús í smíðum, eftir að hann hefði selt stefnanda Löngufit 14, og hagað greiðslum af byggingunni miðað við greiðslurnar, sem áttu að koma út úr sölunni að Löngufit 14. Eftir að vanskil urðu hjá stefnanda um greiðslu útborgunar, hafi hann lent í lántökum og vandræðagangi vegna byggingarinnar að Trönuhjalla 9, sem endað hafi með því, að hann hafi orðið að selja hana. Hann hafi fylgst með, þegar stefnandi hafi flutt úr húsinu í samræmi við samkomulagið í fógetarétti, en hún ekki formlega skilað því af sér. Hefði hann því fengið starfsmann fasteignasölunnar Eignaborgar til að vera viðstaddan, þegar hann færi inn í húsið. Stefndi og

sonur hans hefðu svo samið lista yfir það, sem hann taldi vera ábótavant við húsið, og starfsmaðurinn farið yfir það með þeim. Hann kvað mikið hafa verið búið að gera við húsið fyrir sölu. Ný teppi hefðu verið í kjallara, á gangi og í herbergjum, ný innrétting verið í eldhúsi uppi og nýir dúkar, parket sett á stofugólf og allt málað og hreinsað. Þá hafi baðherbergi verið tekið í gegn og málað. Hann kvað hafa verið 3 – 4 í heimili hjá sér og enginn reykt og því fráleitt, að brunablettir í teppum væru eftir fjölskyldu sína. Hann kvað hafa verið nýja hurð frá Húsasmiðju á bílskúr, en ekki flekahurð, eins og stefnandi hafi haldið fram. Stefndi kvaðst hafa selt Löngufit 14 aftur, eftir að gert var við skemmdir þær, sem voru á húsinu eftir veru stefnanda í því, og söluverð verið um 10.000.000 kr., en um hafi verið að ræða makaskipti og verðið á húsnæðinu, sem hann tók upp í, verið of hátt metið m. v. markaðsverð, svo að uppgefið söluverð sé ekki alveg til viðmiðunar um rétt verð, ef húsið hefði verið selt án skipta.

Hann kvað ekki hafa komið til álita að láta meta skemmdirnar, og hefði hann einungis tekið saman og lagt fram í málinu beinan kostnaðarreikning vegna viðgerðarinnar, en vinna sín og sonar síns sé ekki reiknuð með. Hann kvaðst ekki hafa vitað um úttekt Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar á raflögnum og kvað stefnda hafa mátt búast við, að raflagnir í 60 ára húsi væru farnar að gefa sig og ekki í samræmi við nýjar reglugerðir um raflagnir. Hann sagði svo hafa samist milli sín og nýja kaupandans að húsinu, að hann annaðist um þær endurbætur á raflögnum sem krafist var af Rafveitu Hafnarfjarðar, og stefndi myndi svo greiða þær. Hafi viðgerðin kostað 80.000 kr.

Fram kom hjá aðilum, að stefndi hafði auglýst Löngufit 14 til sölu fyrir riftun, og las stefndi upp auglýsinguna, sem var svohljóðandi:

> „160 m^2 einbýlishús á 3 hæðum, 2ja herbergja sérhæð í kjallara, 27 m^2 bílskúr, hús mikið endurnýjað – í góðu standi, verð 10 milljónir."

Vitnið Jóhann Hálfdánarson fasteignasali kannaðist við að hafa gert kaupsamning um Löngufit 14 milli aðila. Það hefði ekki skoðað húsið fyrir sölu, taldi annan starfsmann fasteignasölunnar Eignaborgar kunna að hafa gert það. Það hefði hins vegar skoðað húsið sumarið 1990 og þá enginn búið í því. Skoðunin hefði þá verkað þannig á það, að ekki hefði verið búið í húsinu lengi, heldur verið í því utangarðsmenn. Það kvað brotnar rúður hafa verið í kjallara og húsið verið frekar óhrjálegt. Það kvað óvenjulegt, að svona væri skilið við fasteign í fasteignaviðskiptum. Það kvað, að tekið hefði verið fram í kaupsamningi, ef eitthvað væri að íbúð umfram það, sem gengur og gerist og getur talist eðlilegt slit.

Niðurstöður.

Ágreiningslaust er í málinu, að framangreindum kaupsamningi var rift vegna vanefnda stefnanda, og samþykkti hún riftunina. Þá er ekki deilt um það, að við riftunina hafði stefnandi greitt 1.250.000 kr. af útborgun og 195.104 kr. í afborganir, verðbætur og vexti af skuldabréfum, sem hvíldu á fasteigninni Löngufit 14.

Fallist er á þau rök stefnanda, að hún eigi rétt á endurgreiðslu þessa fjár með vöxtum, en að frá dregnum kostnaði, og arðsmissis, sem stefndi varð fyrir.

Endurgreiðslu kröfu þessarar þykir ekki verða jafnað til þeirra endurgjaldskrafna, sem lýst er í 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905, heldur leiðir hana beint af fasteignaviðskiptum aðila, og verður því að líta svo á, að 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna eigi við um hana, og fyrnist hún því á 10 árum. Sýknukrafa stefnda á grundvelli fyrningar er því ekki tekin til greina. Þá verður og að hafna sýknukröfu stefnda vegna tómlætisverkunar, en stefnandi sendi umboðsmanni stefnda tvö bréf árið 1990, þar sem krafist er uppgjörs og endurgreiðslu. Fram er komið, að eftir þetta hafði lögmaður símasamband við lögmann stefnda um þetta án árangurs, og er hann gekk frekar á lögmann stefnda um svör, taldi hann sig vart hafa umboð lengur frá stefnda. Hafði þá umboðsmaður stefnanda sent stefnda bréf og ítrekað kröfuna um uppgjör og endurgreiðslu, og er bréfið dags. 15. mars 1993, dskj. nr. 11. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að stefndi hafi haft ástæðu til að ætla, að stefnandi myndi ekki gera reka að því að fylgja kröfu sinni eftir; þyrfti hann ekki að vera í óvissu um það, og hefði þetta frekar gefið honum tilefni og tíma til að byggja upp gögn, þ. á m. matsgerð til stuðnings lækkunar kröfu sinni.

Gagnkröfur stefnda um, að stefnanda beri að greiða kostnað af því, að hann varð að selja húsnæði að Trönuhjalla 9 í Kópavogi í framhaldi af vanefndum stefnanda, eru ekki heldur teknar til greina. Hér var um að ræða hús í smíðum, og er engan veginn nægjanlega upplýst, að vanefndir stefnanda hafi einar sér valdið því, að hann varð að selja. Þá er og til þess að líta, að tímabilið frá gerð kaupsamnings til útgáfu afsals er reynslutími, þar sem báðir samningsaðilar hafa þar greindan tíma til að efna samninginn og eiga á hættu riftun, ef verulegur brestur verður á efndum hans, og því ekki eðlilegt, að kaupandi verði ábyrgur fyrir ráðstöfunum, sem seljandi gerir á grundvelli væntanlegra útborgana greiðslna samkvæmt samningnum, þegar greiðsluerfiðleikar valda vanefndunum nema sérstaklega hafi verið um það samið.

Hins vegar er þrautavarakrafa stefnda að meginhluta tekin til greina og við það miðað, að stefndi verði sem næst jafnsettur og kaupin hefðu ekki

orðið. Ekki liggja fyrir í málinu nægjanleg gögn um síðari sölu stefnda á Löngufit 14 til að meta, hvort um hagstæðari sölu hafi verið að ræða en fyrri sölu, en gert er ráð fyrir því, að ekki hafi verið um lakari sölu að ræða og stefndi því ekki orðið fyrir tapi vegna hennar. Þrátt fyrir það að stefndi hafi haft ærinn tíma til að styðja heildarkröfur sínar með matsgerð um hæfilega húsaleigu og skemmdir á húsnæðinu og kostnað við að bæta úr þeim, en aðila greinir á um bæði þessi atriði, skortir þessi gögn, og voru þau ekki lögð fram í réttinum. Í málinu verður miðað við, að stefnandi hafi tekið við húsinu í þokkalegu og venjulegu ástandi, þar sem í kaupsamningi eða við töku hússins eru ekki gerðar neinar athugasemdir af stefnanda um, að húsið sé í ófullnægjandi ástandi. Hins vegar skilar stefnandi ekki húsinu af sér með formlegum hætti eftir riftunina, þar sem hún hefði átt þess kost að gera athugasemdir við aðfinnslur stefnda og benda á, ef hún teldi, að hann ætti einhverja sök á, að ástand hússins var við skilin verra, en hann sætti sig við. Síðari mótmæli verður að meta í ljósi þessa fálætis, og er ekki lagt jafnmikið upp úr þeim og ella.

Fullyrðing stefnda um, að húsið hafi verið í hörmulegu ástandi, er stefnandi fór úr því, fær stoð í framburði vitnisins Jóhanns Hálfdánarsonar fasteignasala, sem rakinn er hér að framan, en þar kemur m. a. fram, að rúður hafi verið brotnar í kjallara og húsið verið óhrjálegt og eins og búið hefðu í því utangarðsmenn, og þykir mega miða við, að ástand hússins hafi verið eins og því er lýst almennt í dómskjali nr. 18. Miðað við þá lýsingu hefur stefndi stillt kröfum sínum mjög í hóf og aðeins gert kröfu um greiðslu á efni til viðgerða á húsinu og leigugjald á teppahreinsara, og sundurliðast þetta þannig:

1.	Hurð frá IKEA	kr.	3.900
2.	Einangrunargler frá Íspan	–	2.118
3.	Sturtust., úðari og flísakrem, perur o. fl. vörur teknar út í Byko	–	7.663
4.	Málningarvörur o. fl. skv. reikn. frá Málaranum og versl. Metró	–	2.472
5.	Leiga og efni v/ teppahreinsunar	–	2.395
	Samtals	kr.	18.548

Miðað við framangreinda lýsingu á ástandi hússins er líklegt, að þetta efni hafi þurft til viðgerðar og hreingerningar á húsinu, og er fallist á, að þessi kostnaður komi til frádráttar endurgreiðslukröfu stefnanda.

Aðilar eru sammála um, að stefnanda beri að greiða hæfilegt leigugjald

fyrir tímabilið, sem hún og fjölskylda hennar var í húsinu, en greinir á um, hvað sé hæfilegt. Er það mat réttarins, að hæfileg leiga sé 50.000 kr. á mánuði, og hefur þá verið tekið tillit til lækkunar á leigu, að arður sá, sem stefnandi á rétt á af inngreiðslum á íbúðarverði, komi til frádráttar, og nemur leigugjaldið því samtals 700.000 kr., og er þá miðað við 14 mánuði, þar eð ætla má, að viðgerðin hafi tekið einhvern tíma. Þá er og fallist á, að til frádráttar endurgreiðslu komi, svo sem stefnandi hefur samþykkt, 37.350 kr. í málskostnað með virðisaukaskatti í útburðarmálinu á hendur henni. Þá er og tekið til greina, að til frádráttar komi sölulaun vegna sölunnar á Löngufit 14, sem nam 149.400 kr. með virðisaukaskatti. Þá þykir rétt, að stefnandi greiði þann aukna kostnað, sem leiddi af vanskilum hennar á tveim skuldabréfum, sem tryggð voru með 4. og 5. veðrétti í Löngufit 14, til fyrri eigenda, Aðalheiðar Magnúsdóttur, og stefnanda bar að greiða skv. kaupsamningnum, og er hér um að ræða dráttarvexti, að fjárhæð 43.737 kr., bankakostnað að fjárhæð 3.750 kr. og innheimtukostnað lögmanns 52.362 kr. með virðisaukaskatti, eða alls 99.849 kr. Ekki hefur verið sýnt fram á, að aukinn lánakostnað hafi leitt af því, að vanskil hafi orðið á öðrum áhvílandi veðlánum, sem stefnanda bar að greiða skv. kaupsamningnum. Loks er í málinu gerð krafa um, að stefnandi greiði ógreidd fasteignagjöld vegna Löngufitjar 14, að fjárhæð 48.841 kr., að við bættum dráttarvöxtum til 2. júlí 1990, 3.267 kr., og kostnaði, 246 kr., eða samtals 52.354 kr. Stefnanda bar að greiða fasteignagjöld af húsinu frá afhendingu þess 9. júní 1989 og hirða arð af því frá sama tíma. Tekið er tillit til þess liðar við ákvörðun húsaleigu, sem stefnanda er gert að greiða, en þó þykir hún að auki eiga að greiða dráttarvexti og kostnað, 3.513 kr., vegna vanskila.

Samkvæmt þessu ber stefnda að endurgreiða stefnanda 1.445.104 kr. að frá dregnum 18.548 kr. í viðgerðarkostnað, 700.000 kr. í húsaleigu, 37.350 kr. í málskostnað í útburðarmáli, 149.400 kr. vegna sölulauna, 99.549 kr. í lánakostnað vegna vanskila og 3.513 kr. vegna dráttarvaxta og kostnaðar af ógreiddum fasteignagjöldum. Stefnda ber því að greiða stefnanda 436.444 kr., og beri fjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. september 1990 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, 200.000 kr., með virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Sigurvinsson, greiði stefnanda, Guðrúnu Sigurjónsdóttur 436.444 kr. auk dráttarvaxta samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. september 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað að með töldum virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 417/1994. **Íslenska ríkið**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Guðrúnu V. Sverrisdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök

Friðhelgi einkalífs. Skaðabætur. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1994. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar dæmdra fjárhæða og niðurfellingar málskostnaðar á báðum dómstigum.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 25. október 1994. Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 5.314.400 krónur með sömu vöxtum og greindi í kröfugerð fyrir héraðsdómi. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nýr örorkutjónsútreikningur frá 26. júní 1995 hefur verið lagður fyrir Hæstarétt.

I.

Í þessu máli þykir ekki reyna á það, hvort starfsemi meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi hafi að einhverju leyti verið ólögmæt í júní 1991 og aðaláfrýjandi beri af þeim sökum fébótaábyrgð á því, sem úrskeiðis kann að hafa farið við vörslu vistmanna. Eins og málið liggur fyrir, verður það til lykta leitt á grundvelli almennra skaðabótareglna.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, kom til stimpinga í dyrum heimilis gagnáfrýjanda að Sæbraut 3 7. júní

1991 milli hennar og starfsmanns meðferðarheimilisins, er hugðist freista þess að ná aftur umráðum vistmanns, sem kominn var inn á heimili gagnáfrýjanda. Starfsmaðurinn setti fót sinn milli stafs og hurðar og varnaði því þannig, að gagnáfrýjandi gæti lokað dyrunum. Af skýringum starfsmannsins má ráða, að hann hafi viljað fá ráðrúm til að tala um fyrir gagnáfrýjanda, sem synjaði honum þess að ná í vistmanninn. Voru viðbrögð gagnáfrýjanda í samræmi við bréf, sem hún og eiginmaður hennar höfðu ritað félagsmálaráðherra 20. maí 1991 og rakið er í héraðsdómi. Hins vegar verður að telja ósannað, að starfsmaðurinn hafi reynt að ryðjast inn á heimili gagnáfrýjanda til þess gagngert að koma höndum yfir vistmanninn. Í því sambandi er þess að gæta, að hurðin opnaðist inn í húsið, og verður að ætla, að hann hefði þá getað haft í fullu tré við gagnáfrýjanda, sem lýsti honum í lögregluskýrslu og fyrir dómi sem „herðum og höfði hærri" en hún er sjálf. Á hinn bóginn var starfsmanninum óheimil sú valdbeiting, sem hann þó hafði í frammi, og raskaði hann umráðarétti gagnáfrýjanda yfir heimili sínu og friðhelgi þess. Á því ber aðaláfrýjandi fébótaábyrgð, enda verður að telja nægilega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi hlotið meiðsl af þessum átökum, en álitsgerð læknaráðs 12. febrúar 1994 er þeirri niðurstöðu til styrktar.

III.

Starfsmaður meðferðarheimilisins var í lögmætum erindagjörðum, þegar hann knúði dyra hjá gagnáfrýjanda umrætt sinn, en vistmenn heimilisins sæta lögboðinni umsjón starfsmanna þess. Hann hafði ástæðu til að ætla, að vistmaðurinn gæti að minnsta kosti orðið sjálfum sér skeinuhættur og væri líklegur til að valda spjöllum, ef hann færi sínu fram hindrunarlaust, þar til lögregla gæti verið komin á vettvang. Þetta hlaut gagnáfrýjanda að vera ljóst, þótt hún kysi fremur að taka áhættu af því að hafa vistmanninn innan dyra um sinn en verða við erindi starfsmannsins. Verður að telja, að viðbrögð gagnáfrýjanda hafi ekki verið hæfileg með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna, sem skapast höfðu, þannig að meiðsl hennar verði að hluta rakin til eigin óvarkárni. Þykir því rétt, að hún beri sjálf þriðjung tjónsins.

IV.

Eins og rakið er í héraðsdómi voru álitaefni lögð fyrir læknaráð, og örorkumat gagnáfrýjanda var endurskoðað til hækkunar. Með hliðsjón af því og aðstæðum að öðru leyti þykir ekki rétt að fallast á vaxtakröfur gagnáfrýjanda, eins og þær voru fram settar í héraði og hafa verið ítrekaðar hér fyrir dómi. Í samræmi við málflutning gagnáfrýjanda verða bótafjárhæðir henni til handa því ákveðnar á grundvelli nýs örorkutjónsútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 26. júní 1995. Í honum eru sömu forsendur lagðar til grundvallar og áður að öðru leyti en því, að eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir í stað 6% vaxta. Niðurstöður útreikningsins miðað við slysdag eru eftirfarandi:

1. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps:		
a) vegna tímabundinnar örorku	kr.	229.100
b) vegna varanlegrar örorku	-	3.330.500
	Samtals kr.	3.559.600
2. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr.	199.800
3. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa:		
a) vegna tímabundinnar örorku	kr.	143.600
b) vegna varanlegrar örorku	-	2.087.800
	Samtals kr.	2.231.400

V.

Sú niðurstaða héraðsdóms verður staðfest, að eigi séu efni til að fallast á kröfu gagnáfrýjanda um bætur vegna vinnutekjutaps utan heimilis af völdum tímabundinnar örorku. Henni verða á hinn bóginn dæmdar bætur fyrir vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku og töpuð lífeyrisréttindi. Fram er komið, að gagnáfrýjandi var í 40% starfi sem hjúkrunarfræðingur, þegar hún slasaðist, og hefur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutapsins verið áætlað samkvæmt því. Þykir þá rétt, að hún njóti jafnframt bóta vegna skertrar orku til heimilisstarfa. Við áætlun tekjutaps vegna þeirra er miðað við, að þau séu stunduð eingöngu. Fær gagnáfrýjandi því 60% hins áætlaða tekjutaps vegna heimilisstarfa af völdum tímabundinnar og varanlegrar

örorku. Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra.

Bætur vegna miska þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Samkvæmt þessum forsendum og þeirri sakarskiptingu, sem áður greindi frá, verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 2.500.000 krónur með vöxtum, sem greindir eru í dómsorði.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar, en ekki til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júní 1991 til 26. júní 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júlí 1994.

1. Ár 1994, mánudaginn 18. júlí, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. E-8383/1992, sem var þingfest 8. 10. 1992 og dómtekið 20. f. m.

Stefnandi er Guðrún V. Sverrisdóttir, kt. 110343-2059, Sæbraut 3, Seltjarnarnesi.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefur stefnda skaða- og miskabóta, að fjárhæð 5.314.400 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að við bættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

2. Frá málsatvikum greinir þannig í stefnu:

„Haustið 1989 hóf félagsmálaráðherra rekstur meðferðarheimilis fyrir einhverfa unglinga í húsinu nr. 2 við Sæbraut á Seltjarnarnesi, en hús þetta

stendur gegnt húsi stefnanda og fjölskyldu hennar við götuna. Fljótlega kom í ljós, að þessari starfsemi fylgdi verulegt ónæði fyrir íbúðarbyggðina í nágrenninu vegna hegðunar vistmanna. Leituðu þeir m. a. inn á lóðir og inn í hús nágrannanna.

Stefnandi og fjölskylda hennar urðu mjög fyrir þessu ónæði. Sneri stefnandi sér fyrst til félagsmálaráðherra með bréfi 25. apríl 1990. Bar það engan árangur. Aðrir íbúar hverfisins urðu einnig fyrir þessu. Þróuðust mál með þeim hætti, að íbúarnir tóku sig saman um að krefjast þess, að starfsemi stefnda yrði flutt á braut. Stóð í stappi um þetta við bæjaryfirvöld og félagsmálaráðherra allt fram á vor 1991. Allan þann tíma urðu aftur og aftur ýmiss konar atvik, sem ollu miklu ónæði. Liggja fyrir lögregluskýrslur um mörg þeirra. Þar kom, að stefnandi og eiginmaður hennar, Guðmundur J. Guðjónsson, skrifuðu félagsmálaráðherra bréf eftir atvik, sem varð á lóð þeirra 19. maí 1991. Í bréfinu, sem dagsett er 20. maí 1991, segir m. a. svo:

„Síendurtekinn átroðningur vistmanna á heimilislíf okkar er með öllu óbærilegur. Ofan á það bætist hróp og hlaup gæslumanna á eftir þeim um garðinn hjá okkur. Sleppi vistmenn af Meðferðarheimilinu Sæbraut 2 framvegis, er það krafa okkar, að starfsmenn þess komi ekki í óleyfi og óþökk inn á lóð Sæbrautar 3, heldur kalli til lögreglu."

Enn fremur segir svo í bréfinu:

„Við undirrituð, húseigendur Sæbrautar 3, Seltjarnarnesi, tilkynnum hér með félagsmálaráðuneytinu, að starfsfólki Meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, er með öllu óheimill umgangur um lóð okkar að Sæbraut 3."

Afrit af þessu bréfi var m. a. sent forstöðukonu meðferðarheimilisins.

Á þessum tíma hafði verið ákveðið af ýmsum íbúum hverfisins að láta reyna á lögmæti starfseminnar að Sæbraut 2 fyrir dómstólum. Varð það úr, að stefnandi þessa máls og eiginmaður hennar skyldu höfða mál í því skyni, sem stutt væri af íbúum annarra húsa í nágrenninu. Var það mál höfðað og þingfest á bæjarþingi Seltjarnarness 18. júní 1991. Í þann mund, er málsóknarskjöl þess máls voru í burðarliðnum, urðu síðan þeir atburðir, sem orðið hafa tilefni þessarar málsóknar.

Hinn 7. júní 1991 slapp einn vistmanna úr vörslum og komst inn í hús stefnanda að Sæbraut 3. Starfsfólk meðferðarheimilisins kallaði til lögreglu, eftir að því hafði verið bent á, að það bæri því að gera. Áður en lögreglan kom á staðinn, leitaði þó gæslumaður frá meðferðarheimilinu, Hannes Guðrúnarson, inngöngu í hús stefnanda. Í samræmi við efni bréfsins frá 20. maí 1991 neitaði stefnandi honum inngöngu. Beitti maðurinn þá ofbeldi við að reyna að brjótast inn í húsið. Kom til átaka milli hans og stefnanda í dyragættinni með þeim afleiðingum, að stefnandi hlaut líkamsmeiðsli, mar-

bletti, eymsli og hálsríg, en þó einkum áverka á hægra hné. Þurfti hún að gangast undir skurðaðgerð á hnénu 9. júlí 1991, sem Bragi Guðmundsson læknir framkvæmdi. Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis 24. júní 1992 er stefnandi talin hafa hlotið frá slysinu í þrjá mánuði 100% örorku og síðan varanlega örorku 15%.

Í stefnu er síðan frá því greint, að á grundvelli örorkumats hafi Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur reiknað út fjárhagslegt tjón stefnanda 20. júlí 1992. Samdægurs hafi félagsmálaráðherra verið sent kröfubréf um greiðslu bóta, að fjárhæð 3.527.900 kr. (tímabundin og varanleg örorka 1.782.700 kr., töpuð lífeyrisréttindi 93.500 kr., tjón vegna heimilisstarfa 1.151.700 kr., miskabætur 500.000 kr.). Þessum kröfum hafi félagsmálaráðherra hafnað með bréfi, dags. 20. ágúst 1992.

Í greinargerð stefnda segir, að mjög sé orðum aukið, að verulegt ónæði hafi fylgt heimilinu að Sæbraut 2 fyrir íbúðarbyggðina í nágrenninu. Það hafi einkum verið einn drengur, Þórður Jónsson (f. 2. 6. 1976), sem hafi sótt í að komast inn í húsið Sæbraut 2. Hins vegar hafi verið viðurkennt, að nágrannar meðferðarheimilisins hefðu orðið fyrir nokkru ónæði og að réttmætt væri að bæta úr því. Í árslok 1990 hafi tekist að hrinda í framkvæmd áætlunum um úrbætur að undanskildum flutningi Þórðar Jónssonar. Vísað er til fram lagðra lögregluskýrslna um það, að stefnandi hafi kallað lögreglu til vegna lítilfjörlegra atvika, sem upp komu varðandi íbúa Sæbrautar 2. Þau atvik hefðu allt eins getað tengst heilbrigðum börnum og þá ekki orðið tilefni lögregluútkalla.

Er atburðir þeir gerðust 7. júní 1991, sem málsóknin er risin af, voru aðstæður þær, að kl. um 10 eru þrír starfsmenn meðferðarheimilisins, þ. á m. Ragnheiður L. Skúladóttir og Hannes Guðrúnarson, ásamt Þórði Jónssyni og tveimur öðrum heimilismönnum að tygja sig af stað í sund, þegar stefnandi kemur út úr húsi sínu til að fleygja rusli og skilur dyrnar eftir opnar. Þórður tekur þá skyndilega á rás yfir götuna, upp stéttina að heimili stefnanda og kemst inn í anddyri. Ragnheiður L. Skúladóttir hleypur á eftir honum, staðnæmist við þröskuldinn og hyggst ná til sín piltinum, sem svarar ekki kalli, en stefnandi meinar henni það, segir henni að fara og hringja á lögreglu og lokar dyrunum.

Ragnheiður fór að Sæbraut 2, en Hannes Guðrúnarson fór að heimili stefnanda og knúði dyra til að freista þess að ná piltinum. Stefnandi neitaði því og hugðist láta hurðina aftur. Um framhaldið segir í greinargerð: „Hann setti þá fót á milli til að varna því og reyndi að tala um fyrir henni. Því er algjörlega vísað á bug, að hann hafi beitt stefnanda ofbeldi með því að reyna að brjótast inn í hús hennar. Engu slíku var til að dreifa. Hins vegar

urðu stimpingar með hurðina, þar sem hann leitaðist við að halda hurðinni opinni með því að ýta á móti, er stefnandi reyndi að loka henni á hann. Kannast hann ekki við að hafa lagt hendur á hana. Stefnandi, sem var orðin mjög æst, réðst sjálf til atlögu gegn honum með því að ýta við honum og sparka í hann. Er Hannesi varð ljóst, að tilgangslaust var að reyna að tala stefnanda til, hrökklaðist hann frá. Þegar þannig var fullreynt, að stefnandi ætlaði ekki að sleppa drengnum sjálfviljug út úr húsinu þrátt fyrir tilmæli starfsmanna þar að lútandi, hringdi forstöðukona meðferðarheimilisins í lögreglu. Stóð frelsisskerðing drengsins í um tuttugu mínútur, er lögreglan kom á vettvang."

Samkvæmt sjúkraskrá Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi var læknir kallaður til stefnanda af nágrönnunum Höllu og Karli 7. 6. 1991, eftir að búið var að fjarlægja vistmann á Sæbraut 2. Stefnandi og dóttir hennar hafi verið grátandi og miður sín. Greint er frá marblettum á miðjum hægri framhandlegg, verkjum og eymslum í vinstri mjaðmarspaða, verk í vinstri öxl og hálsi, eymsli í vinstri herðavöðvafestum og verkjum við alla „rotatio-flexio" í hálsi.

Í málinu liggur frammi vottorð Braga Guðmundssonar læknis, dags. 9. 6. 1991, um vitjun til stefnanda þann dag kl. 20. Kvartanir eru sagðar hafa verið verkir og bólga í hægra hné, stirðleiki við hreyfingu og verkir í hægra framhandlegg og vinstra upphandlegg. Stefnandi rakti áverka til framangreinds atviks. Hún hafi staðið við útidyr sínar og hurðin gengið í hné henni, svo að hún hafi orði fyrir höggi og þrýstingi frá henni, jafnframt því sem gæslumaðurinn hafi ýtt á handlegg hennar. Obj. skoðun: „Sj. er hölt og á erfitt með að ganga stiga og getur ekki beygt h. hné meira en í 70 gr. Það er verulegur hydrops í hægra hnélið og einnig í præpateller bursu h. megin. Direkte og indirekte eymsli yfir mediala liðbili. Þá er nær lófastór marblettur volart um miðjan h. framhandlegg og þar eru palpations-eymsli. Tveir marblettir eru á vinstra upphandlegg."

3. Við skýrslutöku af Hannesi Guðrúnarsyni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. 6. 1991 er m. a. eftir honum haft: „Guðrún kom til dyra, og bar ég upp erindi mitt og bað um að fá að taka drenginn. Guðrún neitaði þessu. Ég setti fótinn á milli stafs og hurðar, þar sem Guðrún ætlaði að loka hurðinni á mig. Eftir að nokkur orðaskipti höfðu farið fram á milli mín og Guðrúnar, fór hún að verða æst. Ég viðurkenni, að ég ýtti á móti, er hún reyndi að loka hurðinni. Guðrún sparkaði í mig, og eins og fyrr segir, var hún orðin mjög æst. Ég neita því alfarið að hafa lagt hendur á Guðrúnu. Guðrún hélt áfram að ýta við mér til þess að geta lokað hurðinni, og

þá gerði ég mér það ljóst, að þetta myndi verða tilgangslaust, og gaf eftir, og náði Guðrún að loka útidyrahurðinni."

Verður nú greint frá skýrslum hér fyrir dómi.

Stefnandi skýrði svo frá, að hún hefði farið 8 – 9 metra frá útidyrahurðinni með rusl, en um leið og hún hefði snúið sér við eftir að hafa hent því, hefði hún séð Þórð Jónsson taka á rás að húsinu. Fyrr kvaðst hún ekki hafa tekið eftir, að fólk frá meðferðarheimilinu væri úti við. Hún kvaðst þegar hafa hlaupið á eftir honum og komið að dyrunum á undan Ragnheiði Skúladóttur, sem hafi komið í sömu svipan, en Þórður hafi þá verið kominn inn í húsið. Síðan orðrétt: „Þessi stúlka, Ragnheiður heitir hún víst, hún fór síðan, og þetta skeði allt með svo miklum hraða, en mér finnst þá strax, að ég hafi heyrt dóttur mína, sem var ellefu ára gömul, vera farna að gráta. Hún var ein inni í eldhúsi, og hann var kominn inn í eldhús, beina leið, pilturinn. Annaðhvort var bankað eða hringt dyrabjöllu, eiginlega í augnablikinu, og þar var kominn starfsmaður heimilisins, sem með ægilegu offorsi ætlaði að ganga yfir mig í dyrum heimilis míns, og það upphófust þarna mikil átök. Ég reyndi að hafa hurðina upp á hálfa gátt, og ég hélt henni með hægri hendi og hægra fæti og pressaði mig upp að vinstri dyrakarmi, hurðin opnast inn, og hann bæði setti fót fyrir innan þröskuld, hann spyrnti fæti upp á miðjan dyrastaf til þess að þrengja sér inn í dyragættina. Hann tók á mér til þess að losa mig af hurðinni og af dyrastafnum, og ég get ekki sagt, hvað þetta stóð lengi yfir. Mér fannst þetta standa heila eilífð yfir. Nú, hurðin gekk þarna á milli okkar, og hann henti sér á hurðina, og þannig var þetta svona í grófum dráttum". Hún kvaðst í upphafi hafa bannað gæslumanninum, Hannesi Guðrúnarsyni, að koma inn og ætlað að loka dyrunum, en hann hefði þá sett fótinn á milli stafs og hurðar. Kvaðst hún hafa reynt að halda við hurðina, m. a. með hægra hné. Hannesi hafi tekist að opna, en hún hafi hangið á honum og sparkað í hann. Eftir viðureignina við gæslumanninn í dyrunum kvaðst stefnandi hafa farið inn í eldhús, og hafi dóttir hennar verið hlaupin þaðan. Þórður hafi á þessum tíma verið búinn að rústa meira og minna öllu í eldhúsinu og eiginlega öllu heimilinu. Eldavélarhella hafi verið rauðglóandi, sírópsdós opnuð, hann hafi verið búinn að reykja sígarettu, byrjaður að drekka úr ediksflösku, haldið logandi kveikjara undir höku sér, og hann hafi staðið uppi á húsgögnum og hlaupið um allt hús skellihlæjandi.

Stefnandi kvaðst hafa farið, eins og fyrirhugað hefði verið, að kvöldi umrædds dags til Hindisvíkur á Vatnsnesi, og það hafi ekki verið fyrr en hún steig upp í nokkuð háan ferðabíl þeirra hjóna, að hún fann mikinn stirðleika í hægra hné og hreyfihindrun. Hún starfar sem hjúkrunarkona á slysa-

deild, og kvaðst hún hafa ákveðið að láta vinnufélagana ekki sjá sig, eins og hún var á sig komin, andlega og líkamlega buguð. Hún var spurð, í hvaða tilgangi hún hefði beðið eftir, að lögregla kæmi, með vísan til fyrri atburðar, er Þórður hafði komist inn til hennar, og hún þá leitt hann út úr húsinu. Hún svaraði því til, að svo mikið hefði verið búið að ganga á, og „ákvörðun okkar þess vegna, að við hættum sjálf að hringja á lögreglu eða leiða vistmenn út, og nú verður það þeirra verk, þessa starfsfólks, að hringja á lögreglu". Hún kvaðst vera í 40% starfi, en áður allt að 70% starfi, og hefði það farið eftir þunga heimilis síns.

Vitnið Karl B. Guðmundsson á heima að Sæbraut 5, Seltjarnarnesi, þ. e. við hlið húss stefnanda. Hann kvaðst hafa séð út um glugga Guðrúnu fara með rusl út í sorptunnu, snúa við og hraða sér, því að í sömu andrá hefði einn vistmanna (meðferðarheimilisins) hlaupið yfir götuna og stefnt á dyrnar. Hann kvaðst ekki hafa náð að sjá til útihurðarinnar vegna steyptra stólpa við hvora hlið hennar. Vistmaðurinn hafi orðið á undan, en Guðrún rétt á eftir, og um leið hafi ein gæslukona hlaupið yfir götuna og kallað: „Þórður, Þórður". Gæslukonan hafi komið síðust að dyrunum, en snúið frá, og þá hafi komið gæslumaður yfir götuna, og kvaðst hann hafa dregið þá ályktun af atburðum, að honum hefði ekki verið hleypt inn í húsið, því að heilmikill „bægslagangur" hafi upphafist. Hann kvaðst hafa séð til handahreyfinga gæslumannsins. Kvaðst hann hafa ákveðið að fara og skakka leikinn, en er út á hlað kom, hafi gæslumaðurinn verið að snúa brott frá dyrunum. Hann fór síðan í hús stefnanda og beið komu lögreglu í um 15 mínútur. Hann kvað drenginn (Þórð) hafa ætt þar um með miklum hlátrasköllum og gripið eitt og annað og einkum virst sækja í að bragða á því, sem hendi var næst, kveikt sér í sígarettu, sem hann kastaði glóandi í bréfakörfu, og þar fram eftir götunum. Hann kvað það fjarri lagi, að stefnandi hefði haldið Þórði inni í húsinu eða meinað honum að fara út.

Vitnið Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir var gestkomandi á heimili stefnanda umræddan dag. Hún kvaðst hafa staðið á stigapalli í beinni línu við útidyrahurðina. Hún kvaðst muna eftir því, er Þórður hafi komið inn, hoppað inn gólfið og farið inn í eldhús. Hún kvað gæslumann hafa hringt dyrabjöllu. Ekki mundi hún eftir orðaskiptum, en stefnandi hafi reynt að skella á hann hurðinni, en hann sett fótinn fyrir. Hún kvaðst einkum hafa séð fætur hans og hendur, en aldrei manninn allan í einu. Stefnandi hafi reynt að halda hurðinni lokaðri, en hann ýtt á móti. Þau hafi hálfpartinn slegist þarna í dyrunum og hann notað hendur og fætur, en einhvern veginn hafi henni tekist að loka. Aðspurð, hvort stefnandi hefði reynt að halda Þórði inni í húsinu, sagði vitnið: „Nei, hún þurfti ekki að reyna það. Hann hafði engan áhuga á að komast út úr húsinu."

Vitnið Ragnheiður Linda Skúladóttir kvað þau hafa verið í innkeyrslunni að Sæbraut 2, þrjá starfsmenn og þrjá vistmenn meðferðarheimilisins, er Þórður hljóp inn í anddyri Sæbrautar 3 og hún á eftir, en á milli þeirra hafi stefnandi verið. Hún kvaðst hafa numið staðar við þröskuldinn, ætlað að teygja sig eftir Þórði inn í anddyrið og sagt stefnanda, að hún gæti ekki hindrað sig í starfi, en þá hafi stefnandi ýtt sér frá og sagt sér að koma sér yfir og hringja á lögregluna. Stefnandi hafi staðið rétt fyrir innan þröskuldinn og Þórður fyrir aftan hana í anddyrinu. Stefnandi hafi síðan lokað útidyrunum, en til þess að geta það, hafi hún orðið að ýta Þórði aðeins lengra inn í húsið. Hún kvað sér sem og öðrum starfsmönnum meðferðarheimilisins hafa verið kunnugt um áðurgreint bréf stefnanda frá 20. maí 1991, og hefði hún aldrei farið inn á heimilið. Hún kvað Þórð ekki meta hættur í umhverfi, og þess vegna hefði sér fundist sér bera skylda til að gera það, sem í sínu valdi stæði, til að ná honum. „Hann er kannski hættulegur sjálfum sér fyrst og fremst, en ekki öðrum.“ Hún kvaðst telja, að stefnandi hefði getað leitt Þórð út án þess að lenda í átökum við hann.

4. Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda, sbr. svohljóðandi greinargerð hans, dags. 24. júní 1992:

„Guðrún slasaðist 7. 6. 1991. Samkvæmt eigin frásögn við undirritaðan og bókunum í sjúklingabókhaldi Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi mun Guðrún hafa lent í átökum við gæslumenn af vistheimili, sem er á Sæbraut 2. Hafði einn vistmanna sloppið inn í íbúðarhús Guðrúnar, og kom gæslumaður á eftir honum og ætlaði að ryðjast inn í húsið. Guðrún varnaði honum þess og vildi, að hringt yrði á lögreglu til þess að fjarlægja vistmanninn. Fékk Guðrún af þessu ýmsa áverka, eins og fram kemur í bókunum frá Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, og meðal þeirra marblettir og eymsli og hálsrígur.

Aðaláverkinn mun þó hafa orðið á hægra hné, og liggja fyrir þrjú vottorð Braga Guðmundssonar læknis, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, og eru vottorðin dagsett 9. 6. 1991, 29. 7. 1991 og að lokum ýtarlegt vottorð, dagsett 19. maí 1992.

Í vottorði Braga Guðmundssonar 19. maí 1992 segir svo:

„Ofangreindur sjúkl. hefur verið til meðferðar hjá undirrituðum frá 9. júní 1991. Það kemur fram, að hún hefur lent í átökum, er reynt var að ryðjast inn í hús hennar að Sæbraut 3. Varð hún fyrir áverka á hæ. hné. Við skoðun þá kvartaði hún um verk og eymsli innanvert á hæ. hné, og var hnéð bólgið. Tekin var röntgenmynd á Borgarspítala, sem sýndi talsverðan vökva í hnénu, og í framhaldi af því var gerð liðástunga tvisvar og tæmdur

út brúnleitur liðvökvi. Í framhaldi af þessu var gerð arthrographia, og sýndi hún rupturu framan til í mediala meniscnum. Einkenni sjúkl. löguðust ekki, og var hún því lögð inn á St. Jósefsspítala 8. júlí 1991. Þar var framkvæmd aðgerð 9. júlí og gerð arthrotomia og medial meniscectomia. Við inspectio á liðnum í aðgerðinni sést, að það er ruptura í miðjum substans mediala meniscsins, og nær hún svo langt aftur sem séð verður. Virðist því hér vera um bucket handle rupturu að ræða og meniscectomia framkvæmd í framhaldi af því. Við frekari skoðun að lokinni aðgerð kemur í ljós, að það er rifa eftir endilöngu, eins og áður var lýst. Aðrar breytingar voru ekki sjáanlegar í liðnum, og í lok aðg. var góður hemostasis og sárinu lokað á venjulegan hátt.

Postoperativur gangur var eðlilegur, og sjúkl. komst fljótt í gang með quadricepsæfingar, en lærvöðvar höfðu rýrnað nokkuð fyrir aðgerðina. Hún útskrifaðist til heimilis síns 12. 7., og fer saumataka fram 10 dögum síðar.

Sjúkl. hefur síðan kvartað undan verk í hnénu, og við skoðanir hefur maður fundið, að lærvöðvar eru rýrari hæ. megin. Þrátt fyrir nokkra þjálfun hefur henni enn ekki tekist að ná upp fullum styrk í hnénu og á erfitt með að læsa því í beinni stöðu.

Tekin er samanburðarmynd 7. maí 1992.

Hæ. hné með vi. til samanburðar ásamt standandi myndum. Það er eðlil. hæð á liðglufu í báðum hnjáliðum, og liðfletirnir eru skarpir og eðlil. Engar teljandi reactivar beinbreytingar við liðbrúnir eða merki um arthrosu. Hins vegar er beingerðin, einkum lateralt í tibia á condyl-svæðinu mjög flekkótt eins og við inactivitets osteoporosu, og sömuleiðis sjást osteoporosulíkir flekkir efst í tibia hæ. megin. Það er nokkur sláandi munur á milli hæ. og vi. hnés, hvað þetta snertir.

R: Flekkótt osteoporotisk beingerð í condylus-svæði femurs, einkum lateralt og í minna mæli efst í tibia, inactivites osteoporis?

Engar teljandi arthrosubreytingar. (Ó.Kj.)

Þá er einnig gert ísotopascann 8. maí, og segir í niðurstöðu þess:

Skannað er yfir öll bein nema efri útlimi.

Það sést vægt aukin upphleðsla diffust um hæ. hné og dálítið afmörkuð upphleðsla sést í femoro-patellarmótunum. Einnig er upphleðsla diffust aðeins meiri niður eftir hæ. tibia en vinstri. Það sést dálítil sinistro-convex scoliosis.

Annað ekki athugavert.

Ályktun: Skannið samrýmist arthrosu í hæ. hné. Sú vægt aukna upphleðsla, sem kemur fram niður eftir hæ. tibia, getur stafað af mismunandi álagi á fæturna, annaðhvort vegna arthrosunnar í hnénu eða scoliosunnar.

Ekki merki um malignitet í beinum.

Niðurstaða: Sjúkl. var áður frísk í hnjám. Eftir að hún lenti í átökum í húsdyrum heimilis síns í júní 1991, kenndi hún strax mikilla verkja í hæ. hné. Rannsóknir á hnénu leiddu til þeirrar niðurstöðu, sem studd var arthrographiu, að um rof væri á mediala menisc, enda kom slíkt í ljós við aðgerð, sem framkvæmd var 9. júlí 1991. Afturbati hennar hefur verið hægur, og hún er enn ekki búin að ná sér að fullu, nokkur quadricepsatrophia enn til staðar, og hún er ekki stabil í fullri extension í hnénu. Röntgenmynd nú 7. maí 1992 og ísotoparannsókn 8. maí sýna byrjandi arthrosis í hæ. hné. Sömuleiðis allnokkur inactivitets osteoporosis.

Gera má ráð fyrir, að með töluverðri þjálfun muni sjúkl. geta náð sér nokkuð vel í hnénu. Þó má gera ráð fyrir, að slitbreytingar, sem þegar sést örla fyrir, komi mun fyrr í þetta hné en ella hefði orðið, hefði hún ekki lent í meiðslum þeim, sem hér hefur verið lýst. Sjúkl. hefur verið algjörlega óvinnufær frá slysdegi til 1. okt. 1991. Hún er enn ekki fullkomlega vinnufær, þolir ekki fullt álag á hnéð, og hefur þetta hindrað hana einnig í störfum hennar sem húsmóður. Lífsgæði hennar, hvort heldur er til starfa eða í frítíma, eru lakari en fyrir áfall þetta."

Undirritaður átti viðtal við Guðrúnu og skoðaði hana á heimili hennar 16. 6. 1992.

Þegar Guðrún slasaðist, var hún í 40% starfi sem hjúkrunarfræðingur á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans. Hún var frá vinnu í þrjá mánuði og hóf síðan aftur fyrra starf.

Guðrún segist aldrei hafa fundið til í hnjám fyrir þetta slys og var vön því að þola ýmist álag við líkamlega vinnu og útivist. Núna á hún erfitt með að ganga niður í móti, sérstaklega í stigum, en einnig í aflíðandi halla. Hún segist ekki þola að hlaupa né annað mikið álag á hnéð. Hún stirðnar í hnénu við að sitja og finnst óþægilegt að liggja á hnénu. Einnig kvartar hún undan óþægilegum dofa í húðinni utanvert á hægra hné.

Við skoðun er ör innanvert við hægri hnéskel eftir aðgerð. Eðlileg rétting er í hnénu, en nokkrar gráður vantar á, að full beygja náist í því. Greinileg rýrnun er á hægra læri miðað við það vinstra.

Niðurstaða.

Guðrún hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Hún fékk slæman hálsríg vegna tognunar, en hefur orðið góð af því. Liðþófi í hné rifnaði, og þurfti að fjarlægja hann, og nú hefur komið í ljós byrjandi slitgigt í hnénu, sem vafalítið mun vaxa jafnt og þétt úr þessu, þar sem álag á hnéð er ekki rétt. Þetta sést vel við athugun á röntgenmyndum, sem nú hafa sýnt beinbreytingar við hægra hné, sem ekki sáust á myndum, sem teknar voru skömmu eftir slysið.

Örorka Guðrúnar vegna slyssins er því metin sem hér segir:
frá slysinu í þrjá mánuði 100%
síðan varanleg örorka 15%."

Endurskoðað örorkumat sama læknis, dags. 27. janúar 1994, hljóðar svo:

„Á grundvelli þess, að Guðrún hefur frá þessu örorkumati (24. 6. 1992, – innskot dómara) haft vaxandi álagsverki í hnénu, var leitað til tveggja sérfræðinga í bæklunarlækningum, Gunnars Þórs Jónssonar prófessors og Braga Guðmundssonar yfirlæknis, og liggur fyrir sameiginlegt álit þeirra, dagsett 22. 12. 1993, en þar segir svo:

„Við undirritaðir, Bragi Guðmundsson yfirlæknir og Gunnar Þór Jónsson prófessor, höfum skrifað vottorð um áverka, er Guðrún Sverrisdóttir hlaut á hæ. hné 7/6 '91, og afleiðingar hans.

Samkvæmt beiðni Jónasar Hallgrímssonar prófessors höfum við undirritaðir átt viðtal við og skoðað Guðrúnu sameiginlega 14/12 '93 og gerum hér að neðan grein fyrir þeirri læknisskoðun og áliti okkar á heilsufari Guðrúnar ásamt framtíðarhorfum.

Viðtal. Guðrún kvartar yfir daglegum einkennum frá hæ. hné í formi verkja innanvert og framan til í liðnum. Sjúklingur fær verki við og eftir allt álag. Hún getur t. d. ekki gengið stiga án verulegra verkja, ekki skokkað, ekki sest niður á hækjur sér og getur því ekki unnið neina vinnu í krjúpandi stöðu. Sjúklingur fær þreytuverki jafnvel eftir styttri göngur og lengri stöður. Hún fær einnig þreytuverki við að aka bíl í innanbæjarakstri. Við núverandi aðstæður telur Guðrún útilokað, að hún geti unnið fullan vinnudag sem hjúkrunarfræðingur. Einkenni hafa versnað verulega frá vori '93.

Læknisskoðun. Sjúklingur gengur án hjálpartækja og án áberandi helti á jafnsléttu. Stígur með áberandi varúð í hæ. ganglim og gengur með fremur stuttum skrefum. Í stöðu leggur hún líkamsþungann greinilega að mestu á vi. ganglim og stendur í fullrétt vi. hné, meðan hún stendur í hæ. hné í 5° beygju. Sýnileg rýrnun er á lærvöðvum hæ. megin samanborið við vi. læri.

Ummál læra er:	Hægra	Vinstra
15 cm ofan hnéskeljar	51,0 cm	52,5 cm
10 cm ofan hnéskeljar	45,5 cm	46,5 cm

Hæ. hné: Í réttstöðu mælist valgusstaða 3° (5° í vi.). Það er ekki vökvasöfnun í lið. Við þreifingu eru talsverð eymsli yfir liðbili innan fótar og yfir liðpoka innanvert við hnéskel. Engin eymsli yfir ytra liðbili eða utanvert við hnéskel. Það eru nokkur eymsli yfir sinafestum innanvert og neðan við hnéð (pes anserinus). Hreyfiferill er 0 – 135° (vi. hné 0 – 140°). Við stöðugleikapróf frá hlið til hliðar er vel merkjanlegur óstöðugleiki (varus instabilitet). Sams konar stöðugleikapróf í vi. hné er eðlilegt. Sagittal stöðugleiki er eðlilegur.

Álit á núverandi sjúkdómsástandi og horfum.

Rtg-rannsóknir, beinaskann og klinisk skoðun ásamt sögu sjúklings bendir ótvírætt til, að Guðrún hafi 1. stigs slitgigt (arthrosu) í mediala liðhólfi og hnéskeljarlið h. hnés. Einkennin eru stöðug og hafa farið nokkuð hratt versnandi á sl. misseri. Þau valda greinilega verulegri minnkun á vinnugetu við störf hennar sem hjúkrunarfræðings svo og til starfa heima við ásamt minnkaðri getu til allra frítímaathafna.

Þar sem rannsóknir hafa óyggjandi sýnt fram á, að um króníska sjúkdóm í hæ. hné sé að ræða, eru batahorfur til skamms og langs tíma slæmar. Sjúklingur er nú til meðferðar með bólgueyðandi lyfjum, sem draga lítillega úr einkennum. Gera má ráð fyrir hægt vaxandi slitbreytingum í hnéliðnum ásamt vaxandi einkennum á næstu árum. Hugsanlegt er að gera þurfi skurðaðgerðir seinna meir, en engar aðgerðir eru ráðgerðar nú á næstunni.

Telja má fullvíst, að rekja megi núverandi sjúkdómsástand í hæ. hné Guðrúnar til fyrrnefnds áverka, er hún varð fyrir 7/6 '91, þar sem sjúklingur hafði engin einkenni frá hnénu fyrir þann tíma."

Undirritaður átti tal við Guðrúnu á heimili hennar 24. janúar 1994.

Hún staðfestir þær upplýsingar, sem koma fram í ofangreindu vottorði læknanna tveggja. Hún hefur stöðuga verki í hnénu, og vaxa þeir við allt álag, t. d. við setur, stöður og gang. Guðrún starfar í hálfu starfi á endurkomudeild slysadeildar Borgarspítalans, og er þar mikið vinnuálag, bæði stöður og hlaup, og verður hún oft svo slæm í hnénu, að hún haltrar. Ef hún þarf að vinna eitthvað aukalega, versnar ástandið tímabundið. Verkurinn í hnénu er mjög sár og líkist einna helst tannpínuverk.

Guðrún segist myndu auka starf sitt, ef hún gæti, þar sem nú hefur hægst um á heimili hennar. Vegna álagsverkjanna í hnénu treystir hún sér ekki til þess.

Ekki er gerð skoðun á Guðrúnu, þar sem fyrir liggur ný skoðun sérfræðinganna hér að ofan, og er stuðst við hana.

Niðurstaða.

Ljóst er, að örorka Guðrúnar er meiri en talið var í upphafi. Hún hefur slæma álagsverki í hnénu og slitbreytingar auk stöðuskekkju og óstöðugleika. Gera verður ráð fyrir vaxandi slitbreytingum í hnénu ásamt vaxandi einkennum á næstu árum.

Af þessum sökum er varanleg örorka Guðrúnar talin hafa aukist, enda einkenni hennar vaxandi. Fyrra örorkumat undirritaðs stendur til ársloka 1993, en frá og með 1. janúar 1994 telst örorka Guðrúnar vera 25% varanleg á grundvelli töluverðrar og vaxandi slitgigtar í hnénu."

Hinn 26. ágúst 1993 kvað rétturinn upp úrskurð þess efnis, að leita skyldi rökstudds álits læknaráðs um eftirfarandi:

„1. Telur læknaráð, að stefnandi hafi getað orðið fyrir því rofi á liðþófa, sem lýst er í vottorði Braga Guðmundssonar læknis frá 19. maí 1992 og rakið er í örorkumati á dskj. nr. 26, að morgni 7. júní, án þess að þessi meiðsl hefðu verið komin í ljós við áverkaskoðun síðdegis sama dag, sbr. dskj. nr. 15?

2. Fellst læknaráð á, að örorka sú, sem stefnanda er metin í örorkumati á dskj. nr. 26 vegna meiðsla á hægra fæti, verði rakin til þess, að hún hafi fengið hurðina í hnéð að morgni 7. júní 1991?

3. Ef ekki, hverja telur læknaráð vera tímabundna og varanlega örorku stefnanda vegna stimpinga með hurðina?

4. Fellst læknaráð á, að örorka sú, sem stefnanda er metin í örorkumati á dskj. nr. 26 vegna meiðsla, verði rakin til stimpinga að morgni 7. júní 1991?

5. Hverjar telur læknaráð vera afleiðingar stimpinganna í heild fyrir heilsu stefnanda?“

Álit læknaráðs frá 12. febrúar 1994 er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já.

Ad. 2. Örorku stefnanda, eins og hún kemur fram í dómskjali nr. 26, má rekja til áverka á hné.

Ad. 3. Læknaráð fellst á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 24. júní 1992.

Ad. 4. Sjá svar við 2.

Ad. 5. Læknaráð hefur ekki forsendur til að meta afleiðingar áverkans í heild fyrir heilsu stefnanda aðrar en fram koma í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 24. júní 1992.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var fenginn til að reikna út örorkutjón stefnanda á grundvelli hins endurskoðaða örorkumats. Áætlun hans, dags. 12. 4. 1994, er við það miðuð, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna (fram taldar launatekjur 1988–1990) og örorka er metin.

Niðurstaða:

„Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar 100% örorku		kr.	225.500
– varanlegrar 15% og 25% örorku		–	2.580.400
	Samtals	kr.	2.805.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 154.800 kr.

Á heimili Guðrúnar voru samkvæmt skattframtölum tvö börn, fædd 1977 og 1980. Þegar svo stendur á, áætla ég tekjur vegna heimilisstarfa, ef þau

eru stunduð eingöngu, sem laun eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði. Það eru nú 50.123 kr. á mánuði eða 601.500 kr. á ári. Á þeirri forsendu verður höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	149.000
– varanlegrar örorku	–	1.704.700
	Samtals kr.	1.853.700

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 12/4 1994 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (6% frá slysdegi, 7% frá 1/8 '91, 4% frá 11/10 '91, 3,75% frá 1/11 '91, 3,5% frá 21/11 '91, 3% frá 1/12 '91, 2,5% frá 1/2 '92, 2% frá 11/2 '92, 1,25% frá 21/3 '92, 1% frá 1/5 '92, 1,25% frá 11/8 '93 og 0,5% frá 11/11 1993). – Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 5,52% -. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta."

5. Af hálfu stefnanda er talið, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni hennar á grundvelli reglunnar um bótaábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Byggist ábyrgðin annars vegar á beinni sök félagsmálaráðherra, með því að hann hafi látið halda starfseminni að Sæbraut 2 áfram, eftir að í ljós var komið, að hætta væri á árekstrum af því tagi, sem urðu 7. júní 1991, og eftir að hafa fengið bréfið frá stefnanda og eiginmanni hennar 20. maí 1991, þar sem þau banna starfsmönnum meðferðarheimilisins aðgang að lóð Sæbrautar 3. Hins vegar byggist ábyrgðin á sök starfsmannsins, sem beitti ofbeldi við að reyna að brjóta sér leið inn á heimili stefnanda gegn banni hennar. Fjárhæð dómkrafna er aðallega reist á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 12. 4. 1994, sem lagður var fram í málinu 4. maí sl. Auk hlutastarfs utan heimilis hafi stefnandi haldið heimili fyrir sjálfa sig, eiginmann sinn og tvær dætur og bóta krafist vegna hvors tveggja starfanna. Það hafi verið til þess fallið að auka miska hennar, að tjón hennar varð við, að friðhelgi heimilis hennar hafi verið rofið með grófum hætti, eftir að hún hafði sjálf gert ítrekaðar tilraunir til að hindra slíkt. Þetta hafi lagst mjög þungt á hana og valdið henni langvarandi andlegri kvöl.

Málsástæður og lagarök stefnda eru í meginatriðum sem hér greinir:

Atburðir þeir, sem um ræðir í málinu, hefðu aldrei gerst, ef stefnandi hefði sjálf sýnt þá lágmarkstillitssemi að láta það bíða örstutta stund að fleygja ruslinu, uns Þórður og annað heimilisfólk að Sæbraut 2 var horfið á brott, og að minnsta kosti að skilja ekki eftir opið inn í hús, sem hún vissi,

að gat verið þessum dreng freisting. Erindagerð Hannesar, er hann fór og knúði dyra hjá stefnanda til að freista þess að fá drenginn afhentan, var lögmæt og áhyggjur starfsmanna af velferð drengsins inniluktum í framandi umhverfi réttmætar. Viðbrögð stefnanda, sem er hjúkrunarfræðingur, við því óhappi, að Þórður skyldi komast alla leið inn í hús hennar, voru bæði ámælisverð og ólögmæt. Hún svipti löglega aðila umsjá ósjálfráðs drengsins og svipti hann frelsi. Fellur þetta athæfi hennar undir verknaðarlýsingu 106. gr., 193. gr., 225. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga. Með því að hafna afhendingu drengsins átti stefnandi sjálf upptök að og sök á því, að stimpingar urðu með hurðina. Er ekki unnt að fallast á, að þau viðbrögð Hannesar að setja fót milli stafs og hurðar og ýta á móti til að freista þess að tala um fyrir stefnanda og fá aflétt frelsisskerðingu drengsins, hafi gengið lengra en heimilt var. Varakrafa stefnda er á því reist, að eigin sök stefnanda eigi að minnsta kosti að leiða til þess, að hún verði látin bera tjón sitt að mestu leyti sjálf. Því er mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi hlotið nein þau meiðsl á hægra fæti í stimpingum með hurðina, sem örorka sú, sem henni hefur verið metin, verði rakin til. Ekki fái staðist, að hún hafi getað orðið fyrir þeim meiðslum, að liðþófi rifnaði í innanverðu hægra hné, án þess að finna strax fyrir því, og að marblettur myndaðist. Miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárri. Kröfu um bætur miðað við heimilisstörf í fullu starfi til viðbótar bótum vegna launaðs starfs er mótmælt. Kröfum um bætur fyrir tímabundna örorku er mótmælt, þar sem ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir neinum launamissi á því tímabili. Þá beri að virða hagræði eingreiðslu og skattfrelsi til lækkunar bóta. Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

6. Í dómi þessa réttar 14. 1. 1993 í máli nr. HE – 605/1991 urðu lyktir þær, að stefndi, félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, var sýknaður af kröfum stefnanda máls þessa og eiginmanns hennar um, að honum yrði dæmt óheimilt að starfrækja heimilið og skylt að leggja starfsemina niður. Bótaábyrgð stefnda verður ekki reist á starfrækslu meðferðarheimilisins einni sér.

Vætti Ragnheiðar Lindu Skúladóttur þess efnis, að stefnandi hafi orðið að ýta Þórði Jónssyni lengra inn í húsið til að loka útidyrunum, fær ekki staðist. Stefnandi stóð við hurðina innanverða, en Þórður var fyrir aftan hana, innar í húsinu. Þá er ekki fram komið, að stefnandi hafi haldið Þórði inni eða varnað honum útgöngu.

Af gögnum málsins, einkum læknisfræðilegum, er ljóst, að meiðsl stefnanda, sem leiddu til örorkutjóns hennar, hlutust af stimpingum hennar og Hannesar Guðrúnarsonar, starfsmanns Meðferðarheimilis ríkisins fyrir ein-

hverfa unglinga að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, við útidyrahurð heimilis hennar. Þrátt fyrir bann hennar og eiginmanns hennar við því, að starfsfólk heimilisins færi inn á lóðina, heldur skyldi það kalla til lögreglu í tilvikum sem því, er hér um ræðir, reyndi Hannes að ryðjast inn í húsið Sæbraut 3 til að ná í Þórð Jónsson. Aðför Hannesar og valdbeiting, er stefnandi varnaði honum inngöngu, var saknæm, en ekki verður talið, að Þórði hafi verið búin yfirvofandi hætta eða að slík hætta stafaði af honum. Í því efni er á það að líta, að hann hafði áður iðulega orðið laus úr gæslu og þá m. a. komið inn á lóð og jafnvel inn í húsið Sæbraut 3. Í umrætt sinn varð töf á því, að lögregla yrði til kvödd vegna tilrauna starfsfólks meðferðarheimilisins til að ná í piltinn. Samkvæmt þessu og með vísan til reglu skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð á stefnda, og er ekki fallist á, að hún eigi að bera að hluta ábyrgð á tjóninu vegna eigin sakar.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð bótakröfu sinnar:

1. Tapaðar vinnutekjur (v. tímabundinnar og varanl. örorku)	kr.	2.805.900
2. Töpuð lífeyrisréttindi	„	154.800
3. Tjón vegna heimilisstarfa	„	1.853.700
4. Miskabætur	„	500.000

Um 1. og 2. Stefnandi hefur eigi þrátt fyrir mótmæli af hálfu stefnda fært fram sönnur að því, að hún hafi orðið fyrir launamissi fyrstu þrjá mánuði eftir slys, þegar örorka hennar er metin 100%. Verður ekki fallist á þann hluta kröfunnar, sem að þessu lýtur, 225.500 krónur. Við mat á tjóni vegna varanlegrar örorku verður byggt á fram lögðu örorkumati, sem eigi hefur verið hnekkt, svo og á framangreindum örorkutjónsútreikningi. Að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðið 2.200.000 krónur.

Um 3. Í örorkutjónsútreikningi kemur fram um þennan lið, að miðað sé við tekjur vegna heimilisstarfa, svo sem þau væru stunduð eingöngu. Öðrum þræði og að stærstum hluta er hins vegar miðað við launatekjur vegna starfa utan heimilis. Með vísan til þessa svo og heimilishaga stefnanda, sem er gift og móðir tveggja barna, fæddra 1977 og 1980, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4. Tjón vegna miska þykir að virtri sjúkrasögu stefnanda og framtíðarhorfum hæfilega metið 300.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnanda samtals 2.500.000 krónum (2.200.000 + 300.000). Verður stefndi dæmdur til að greiða henni þá fjárhæð

með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, og málskostnað, sem ákveðst 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði við gagnaöflun, 72.535 krónum.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, 2.500.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 6% frá 7. júní 1991 til 1. ágúst s. á., 7% frá þeim degi til 11. október s. á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 2% frá þeim degi til 21. mars s. á., 1,25% frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember s. á. og 0,5% frá þeim degi til 4. maí 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 416/1994. **Sigurður Friðriksson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Guðmundi Sigurjónssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Kjarasamningur. Sjómenn. Veiðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og eldri lögum um það efni hafa veiðar í atvinnuskyni við Ísland verið háðar almennu veiðileyfi ásamt sérstökum heimildum til veiða úr þeim nytjastofnum, sem sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla. Hefur það verið meginregla, að veiðiheimildirnar séu bundnar við tiltekin skip og veittar eigendum þeirra eða útgerðarmönnum. Um tilfærslu heimildanna með framsali eða öðrum hætti er og til þess ætlast, að hún fari aðeins fram milli skipa, þannig, að sami eða annar útgerðaraðili taki við, auk þess sem heimildirnar fylgi skipum við eigendaskipti að þeim.

Ákvæði laganna um framsal veiðiheimilda eru greinilega við það miðuð, að ákvörðun skipseiganda eða útgerðarmanns liggi þar að jafnaði til grundvallar. Samkvæmt gögnum málsins hefur það og tíðkast, eftir að heimildirnar urðu framseljanlegar eða færanlegar milli skipa, án þess að sami útgerðarmaður væri að báðum, að endurgjald vegna framseldrar heimildar rynni til útgerðar þess skips, sem selt væri frá, án þess að sjómönnum á skipinu væri ætluð hlutdeild í því.

Stefndi var ráðinn á dagróðrabát áfrýjanda upp á aflahlut. Sam-

kvæmt grein 1.24. í þágildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem gerður var 24. nóvember 1990, átti útgerðarmaður að hafa með höndum sölu aflans og tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en hann fengi sjálfur. Um skiptaverð aflans skyldi fara eftir lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 21/1987. Í l. gr. laganna var svo á kveðið um fiskafla, er seldur væri óunninn hér á landi eftir 1. júní 1987, að skiptaverðmæti til hlutaskipta og aflaverðlauna skyldi vera 76% af heildarverðmæti, en sæta leiðréttingu frá því marki með tilliti til verðlags á gasolíu til fiskiskipa. Skiptaverðmætið skyldi þó aldrei vera lægra en 70% af heildarverðmæti aflans.

Ágreiningslaust er með aðilum, að áfrýjandi hafi gert upp við stefnda fyrir mánuðina febrúar – maí 1992 á grundvelli þess aflamagns, sem lagt var upp frá bátnum, en lækkað aflaverð til skipta gagnvart honum og öðrum skipverjum sem svaraði helmingi kostnaðar af kaupum á aflamarki handa bátnum vegna veiða mánuðina mars – maí. Hafi aflahlutur stefnda þannig verið lægri en orðið hefði samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins, og sé munurinn eins og stefndi hefur tilgreint.

Telja verður það meðal grundvallaratriða kjarasamningsins, að útgerðarmaður ráði því að öðru jöfnu, hvert og hvernig skipi hans er haldið til veiða. Jafnframt eigi hann að bera kostnað og áhættu af útgerð skipsins, og verði kostnaðarþættir varðandi úthald skipsins og löndun á afla ekki lagðir á skipverja umfram það, er á sé kveðið í samningnum. Með hliðsjón af því, sem fyrr var rakið um veiðiheimildir samkvæmt lögum nr. 38/1990, verður að líta svo á, að kostnaður áfrýjanda af kaupum á aflamarki hafi átt að teljast til útgerðarkostnaðar í þeim skilningi, sem við var miðað í kjarasamningnum.

Samkvæmt grein 1.36. í kjarasamningnum áttu sérsamningar útgerðarmanns við einstaka skipverja eða skipshafnir að vera ógildir, ef þeir færu í bága við samninginn, enda hefði stéttarfélag skipverja ekki samþykkt þá. Var ákvæði þetta efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem einnig átti við. Fyrir liggur, að samningsgerð áfrýjanda við skipshöfn sína var ekki borin undir stéttarfélag stefnda, og mótmælti það samningnum, þegar er því varð um hann kunnugt.

Með skírskotun til þessa ber að fallast á það með héraðsdómara, að taka eigi kröfu stefnda í málinu til greina, en um hana er ekki tölulegur ágreiningur. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Friðriksson, greiði stefnda, Guðmundi Sigurjónssyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. júlí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. júlí, er á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1615/1993: Guðmundur Sigurjónsson gegn Sigurði Friðrikssyni.

Málið var höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1993, og var dómtekið að loknum munnlegum flutningi þess 18. mars sl. Vegna bilunar á tæknibúnaði mistókst upptaka á framburði stefnda og vitna, og var málið því endurupptekið og í samráði við umboðsmenn aðila frestað að taka það fyrir aftur, þangað til stefnandi þess og vitnið Sæbjörn Á. Svavarsson yrðu í landi, svo að unnt yrði að taka af þeim skýrslu jafnframt því, sem aðalmeðferð yrði endurtekin, sem var 20. júní sl., og var málið þá dómtekið aftur að loknum munnlegum málflutningi.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Stefnandi er Guðmundur Sigurjónsson, kt. 211067-4219, Óðinsvöllum 7, Keflavík, en stefndi er Sigurður Friðriksson, kt. 190448-3559, Vesturgötu 37, Keflavík.

Dómkröfur.

1. Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér launaskuld, að fjárhæð 292.439 kr., með dráttarvöxtum samkv. 10. gr., sbr. 14. gr. l. nr. 25/1987, frá 15. júní 1992 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. sömu laga.

2. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða launaskuld, að fjárhæð 155.535 kr., með sömu dráttarvöxtum og getið er í sambandi við aðalkröfu auk virðisaukaskatts.

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þessar kröfur:

1. að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda,

2. að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málsatvik.

Stefndi í málinu gerir út vélbátinn Guðfinn, KE-19, skipaskrárnúmer 1371, sem er 30 rúmlesta stálfiskibátur. Í byrjun febrúar 1992 réðst stefnandi háseti á bátinn og er samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði skráður á bátinn frá 6. febrúar 1992 til 2. júní 1992. Stefnandi réð sig m. v. venjuleg ráðningarkjör og gerði ráð fyrir að njóta kjara samkvæmt kjarasamningum, eins og landslög standa til. Ekki hafi verið getið neinna afbrigða frá þessu við ráðningu. Hinn 17. mars 1992 undirrituðu skipverjar á bátnum, þ. á m. stefnandi, yfirlýsingu um, að þeir tækju þátt í kvótakaupum að hálfu á móti útgerð skipsins fyrir vertíðina árið 1992, og hefur stefnandi haldið því fram, að skipverjar hafi verið þvingaðir til undirritunarinnar með hótunum um uppsögn úr starfi, en þessu er mótmælt af hálfu stefnda. Þá hafi við undirritunina legið fyrir loforð stefnda um að láta áhöfninni jafnharðan í té upplýsingar um kvótakaup útgerðarinnar, en stefnandi kveður það hafa brugðist þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir.

Samkvæmt því, sem fram kemur hjá aðilum og í fram lögðum gögnum, hafði bátnum verið úthlutað í aflaheimildum fyrir veiðitímabilið frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 165.098 kg af þorski, en auk þess átti hann 16.072 kg af þorski frá fyrra ári, 34.755 kg af ýsu auk 294 kg frá fyrra ári og svo 35.836 kg af ufsa og öðrum tegundum að með töldu því, sem eftir var frá fyrra ári. Þá hafði útgerðin í byrjun nóvember 1991 keypt á bátinn aflaheimild, sem nam 40.031 kg af þorski og 2.199 kg af ýsu. Samtals hafði því skipið í upphafi veiðiársins aflaheimild, sem nam 221.201 kg af slægðum þorski, 37.248 kg af slægðri ýsu auk þess, sem fyrr er greint um aðrar fisktegundir. Afli skipsins frá upphafi fiskveiðiársins til loka janúar 1992 var 117.887 kg af slægðum þorski og 7.598 af slægðri ýsu, og átti skipið því óveidd 193.314 kg af slægðum þorski og 29.650 af slægðri ýsu. Afli bátsins í febrúar var 42.524 kg af slægðum þorski og 178,4 kg af slægðri ýsu. Í mars er aflinn 136.080 kg af slægðum þorski, 1098 kg af slægðri ýsu og 380 kg af ufsa, þar af er aflinn frá 1.-11. mars 69.516 kg af slægðum þorski. Í apríl er aflinn 36.852 kg af slægðum þorski og í maí 34.345 kg. 11. mars var því lokið að mestu veiðum á þeim þorskafla, sem skipið hafði aflaheimild fyrir. Um morguninn hafði stefndi áréttað það við skipverjana, hvort þeir samþykktu að kaupa sameiginlegan kvóta á móti útgerðinni. Ljóst hafi þá verið, að útgerðin treysti sér ekki til að fjármagna kvótakaupin ein og sér, og er fram komið hjá stefnda, að ef áhöfnin hefði ekki tekið þátt í kvótakaupunum,

hefði þurft að leggja bátnum og segja upp áhöfninni með sjö daga fyrirvara. Skipverjar höfðu þá með munnlegu samkomulagi fallist á að taka þátt í kvótakaupum, og hafði það síðar verið fest á blað og skipverjar undirritað yfirlýsinguna um þetta 17. mars 1992. 11. mars var keyptur 20.000 kg þorskveiðikvóti á skipið og daginn eftir 25.000 kg kvóti, 18. mars 50.000 kg kvóti, 21. mars 2.000 kg kvóti og 4. júní 20.000 kg kvóti, en í mars og apríl er keyptur 29.811 kg kvóti af ýsu.

Á tímabilinu frá 11. mars til vertíðarloka aflaði báturinn 137.654 kg af þorski og 51.389 kg af ýsu m. v. slægðan fisk. Stefndi taldi því bátinn hafa verið búinn að veiða 49.394 kg í lok maí umfram þær aflaheimildir, sem höfðu verið fengnar eða keyptar, og eftir að keypt hafði verið aflaheimild upp á 20.000 kg í júní, vantaði enn aflaheimild um tæp 30.000 kg, þegar vertíð lauk.

Við febrúaruppgjör til stefnanda, sem stefndi taldi, að bæri ekki að skila honum fyrr en 15. mars skv. uppgjörsreglum kjarasamninga, dró stefndi frá inneign stefnanda miðað við aflahlut hans í kvótakaupum, en skilin hafi ekki verið gerð fyrr en eftir samkomulagið um þátttöku skipverja í kvótakaupum frá 11. mars, en í því hafi verið miðað við, að útgerðarmaður bátsins sæi um öll kvótakaup og jafnaði kostnaðinn frá febrúarmánuði til vertíðarloka. Stefnanda hafi komið á óvart, að við febrúaruppgjör skyldi hann vera látinn taka þátt í kvótakaupum, þrátt fyrir það að þá hefði ekki legið fyrir samkomulag um, að skipverjar tækju þátt í því. Stefnandi leitaði til Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur til að kanna réttarstöðu varðandi kvótakaupin og uppgjörin. Sjómannasambandi Íslands barst þetta erindi til athugunar, og með bréfi, dags. 30. júní 1992, til stefnda mótmælti félagið þátttöku áhafnar Guðfinns, KE-19, í kvótakaupum og krafði stefnda um greiðslu á inneign stefnanda samkv. leiðréttingu útreikninga m. v., að stefnandi tæki engan þátt í kvótakaupum. Nemur mismunurinn eða inneignin stefnufjárhæð aðalkröfu, og er þetta dómskjal nr. 13. Innheimtutilraunir reyndust árangurslausar, og var þá leitað til lögmanns stefnanda um innheimtu á kröfunni, sem leiddi til málshöfðunar þessarar eftir venjulegar innheimtutilraunir með áskorunarbréfum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Aðalkrafan er byggð á því, að óheimilt sé samkvæmt kjarasamningum og lögum að láta áhafnir skipa taka þátt í kvótakaupum útgerða. Í gr. 1. 24. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands við LÍÚ segi, að útgerðarmaður hafi með höndum sölu aflans, og skuli skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildi um hrogn,

lifur og bein. Um skiptaverðmæti aflans fari samkvæmt l. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sjávarútvegsins. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er það svo, þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi, að skiptaverðmæti aflans, sem kemur til hlutaskipta og aflaverðlauna, er 75% af því heildarverðmæti, sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af gasolíuverði í birgðum olíufélaganna. Í gr. 1. 36. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands, sbr. dskj. nr. 22, segi orðrétt: „Sérsamningar útgerðarmanna við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við samning þennan, eru ógildir, enda hafi viðkomandi félag ekki samþykkt þá.“ Samningur skipverja um þátttöku í kvótakaupum eða kvótaleigu að hálfu á móti útgerð á dskj. nr. 11 er andstæður kjarasamningum og lögum um þau verðmæti, sem koma til skipta, og sé þess vegna ógildur, enda var ekki haft samráð við viðkomandi stéttarfélag. Það hefur legið fyrir, frá því að kvótareglum var komið á í sjávarútvegi og útgerðarmönnum veitt frelsi til að selja veiðiréttindi skipanna sem sína eign, án þess að sjómenn hefðu svo mikið sem tillögurétt í því efni, hvað þá, að þeir nytu kaupverðsins að einhverju, að íslensk sjómannafélög hafa mótmælt þátttöku sjómanna í kvótakaupum útgerða og talið þau brot á lögum og kjarasamningum. Fyrirmæli gr. 1. 36. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands eru áréttting þess, að samningurinn heimilar hagsmunaaðilum ekki að gera einstaka samninga, sem fara í bága við samninginn.

Samkvæmt 7. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eru samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur ógildir að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélagsins við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Samsvarandi fyrirmæli sé að finna í 10. gr. l. nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, og samkvæmt 1. gr. l. nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru ákvæði kjarasamninga ófrávíkjanlega launþegum í óhag. Markmið laganna sé að koma í veg fyrir, að einstakir atvinnurekendur þvingi launþega til að semja um lakara kaup og kjör en lög og kjarasamningar veita. Á dskj. nr. 17 er til þess vitnað af hálfu stefnda, að fyrir liggi yfirlýsing og samþykki frá 17. mars 1992 af hálfu stefnanda þessa máls. Á dskj. nr. 18 komi hins vegar fram, að skipverjar voru allt að því þvingaðir af hálfu stefnda til að skrifa undir umrætt dskj. nr. 11. Í því efni er bent á 33., sbr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Hinn 26. apríl 1992 var gengið frá undirritun yfirlýsingar af hálfu vinnuveitenda og fulltrúa sjómanna, sbr. dskj. nr. 12. Sú yfirlýsing fól í sér áréttingu á þeim gildandi rétti, að óheimilt væri að láta sjómenn taka þátt í

kaupum á aflaheimildum. Yfirlýsing þessi er hluti af kjarasamningi ASÍ og VSÍ á þessum tíma.

Aðalkrafa er reist á útreikningi Sjómannasambands Íslands á dskj. nr. 13. Útreikningur Sjómannasambandsins styðst við uppgjör vegna febrúar 1992 til maí sama ár, sbr. dskj. nr. 4-7. Þar sé yfirlit yfir afla mb. Guðfinns frá Fiskifélagi Íslands, sbr. dskj. nr. 8, yfirlit yfir afla og söluverðmæti bátsins frá Fiskmarkaði Suðurnesja á dskj. nr. 9 og yfirlit yfir viðskipti bátsins með aflaheimildir á dskj. nr. 10. Á dskj. nr. 9 séu upplýsingar um heildarveiði og heildarverðmæti mb. Guðfinns í febrúar, mars, apríl og maí 1992. Út frá þeim upplýsingum sé skiptaverðmæti reiknað á grundvelli gildandi laga, sbr. dskj. nr. 13. Séu þau skiptaverðmæti borin saman við uppgjör á dskj. nr. 4-7, komi í ljós, að töluvert vantar á, að 75% heildarverðmætis komi til skipta. Heildarmunur, hvað varðar stefnanda, sé stefnufjárhæðin, 292.439 kr., með orlofi, sbr. dskj. nr. 13.

Varakrafa málsins er studd því, að hafi það einhvern tíma verið vafi, að óheimilt væri að láta skipverja taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu, hafi þeim vafa verið eytt með yfirlýsingum með kjarasamningi á dskj. nr. 12. Er þá krafan reist á því, að stefnda hafi verið óheimilt að draga frá vegna febrúar og til 17. mars, þegar dskj. nr. 11 var gert, og að það dskj. hafi fallið úr gildi í aprílloK, þegar dskj. nr. 12 var gert, þ. e. 52.288 kr. vegna febrúar, 52.833 kr. vegna 1.-17. mars og 50.414 kr. vegna maí, alls 155.535 kr.

Stefnandi styður kröfu sína eftirfarandi lagarökum: meginreglu íslensks réttar um skyldu til að efna kjarasamninga, kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1991, gr. 1. 24. og 1. 36., auk fleiri ákvæða, lög nr. 24/1986, lög um breytingu á þeim lögum nr. 21/1987, 7. gr. l. nr. 80/1938, 1. gr. l. nr. 55/1988 og l. nr. 7/1936, 33. og 36. gr.

Um orlofskröfu vísar stefnandi á gr. 1. 22. 33. í umræddum kjarasamningi, sbr. l. nr. 30/1987 með síðari breytingum. Um vexti vísast til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr. Krafan um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á l. nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi var ekki virðisaukaskattsskyldur, og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

Stefnanda mátti vera það fullljóst, þegar hann réð sig á bát stefnda, að kvóti bátsins myndi ekki duga bátnum nema í skamman tíma, enda fór aðal-

hluti vertíðar í hönd. Allar upplýsingar um veiðiheimildir báta og kvótastöðu á hverjum tíma eru aðgengilegar öllum, sem það vilja vita, og gat stefnandi kynnt sér það, áður en hann réð sig á Guðfinn, KE-19. Engin ákvæði eru í kjarasamningum eða lögum, sem gera útgerðarmanni báts skylt að sjá til þess á sinn kostnað, að bátur hans hafi ætíð nægan kvóta, svo að aldrei þurfi að stöðva veiðar.

Engin ákvæði voru í lögum eða kjarasamningum fyrr en frá og með 4. júní 1992, eftir að stefnandi var hættur á bát stefnda, sem bönnuðu útgerðarmönnum og sjómönnum að lengja úthald báts með sameiginlegum kvótakaupum. Fram til þess tíma, þ. e. 4. júní 1993, var útgerð og áhöfn lögmætt að semja um slíkt.

Þá er áhöfnin og útgerðin gerðu með sér samkomulag um sameiginleg kvótakaup 11. mars 1993, var kvóti skipsins búinn og meira til, en búast mátti við góðum afla næstu vikur, eins og kom á daginn. Á þessum tíma voru atvinnuleysisbætur á mánuði 45.605 kr. Var ljóst, að sameiginleg kvótakaup yrði áhöfninni mun hagkvæmari kostur en atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur til stefnanda hefðu numið samtals fyrir febrúar-maí 182.420 kr., en heildartekjur stefnanda hjá stefnda á sama tíma voru alls 1.376.642 kr., rúmlega sjöfaldar m. v. atvinnuleysisbæturnar.

Stefndi leggur áherslu á það, að hann fór að öllu leyti eftir ákvæðum kjarasamnings SSÍ og LÍÚ, en kostnaður við sameiginlegu kvótakaupin var eðlilega dreginn frá áður. Stefndi greiddi eftir því verði, sem fékkst fyrir aflann, þannig, að bæði útgerð og áhöfn fengu af sama fiskverði. Skiptaverðmætisprósenta var 75% og skiptaprósenta 33%, mannatala fimm menn, kjarasamningi SSÍ og LÍÚ, allt í samræmi við kjarasamning SSÍ og LÍÚ.

Í máli þessu er deilt um grundvallaratriði, þ. e., hvort heimilt hafi verið á þessum tíma, að sjómenn tækju þátt í sameiginlegum kvótakaupum með útgerðinni, þ. e. fram til þess tíma, að samkomulag SSÍ og LÍÚ um bann við sameiginlegum kvótakaupum tók gildi 4. júní 1993. Hvernig sameiginlegu kvótakaupin voru reiknuð sjómönnum til gjalda í uppgjöri, er aukaatriði, þ. e., hvort þessi kostnaður var dreginn frá óskiptu, áður en til skipta kom, eins og gert var í þessu tilviki, eða hver og einn sjómaður gjaldfærður fyrir sínum hluta kvótakaupanna, eins og um peningaúttekt eða skuld væri að ræða. Útreikningsaðferð er því ekki það, sem ræður úrslitum í máli þessu, heldur sjálft grundvallaratriðið, hvort brotinn hafi verið réttur á sjómönnum á þessum tíma með því, að áhöfn og útgerðarmaður keyptu saman viðbótarkvóta með samkomulagi sín í milli til þess þá að lengja úthald skips og afla sjómönnum væntanlega margfaldra tekna miðað við fjárhæð atvinnuleysisbóta.

Stefnandi hefur vísað máli sínu til stuðnings til 7. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 og gr. 1. 36. kjarasamnings SSÍ og LÍÚ. Þessi ákvæði eru efnislega hin sömu og í 10. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., en tvö síðastnefndu lögin eiga ekki við um sjómenn, heldur eingöngu landverkafólk, og koma hér því ekki við sögu. Inntak þessara laga- og kjarasamningsákvæða er það, að samningsákvæði, sem launþegi- og atvinnurekandi gera sín í milli og brjóta í bága við ákvæði laga- eða kjarasamningsákvæðis, séu ógild, svo framarlega sem þau eru launþegum óhagstæðari en laga- eða kjarasamningsákvæði segja til um. Er tilgangur sá að koma í veg fyrir, að atvinnurekandi þvingi launþega til að semja um lakari kaup og kjör en þeir eiga tilkall til samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Með vísan til framanritaðs telur stefndi, að það sérsamkomulag, sem hann og áhöfn Guðfinns, KE-19, gerðu með sér 11. mars 1992 um sameiginleg kvótakaup, hafi á engan hátt rýrt þau kjör, sem stefnandi hefði átt rétt á skv. kjarasamningum, þegar tillit sé tekið til þess, að kvóti bátsins var tilbúinn og engin skylda fyrir útgerðarmann að fjármagna einn kvótakaup eða kaupa kvóta yfir höfuð til að lengja úthald bátsins. Miklu fremur hafi þetta samkomulag aðila gert hlutskipti stefnanda mun betra en hann átti rétt á miðað við, að kvóti skipsins var búinn.

Jafnvel þótt í samkomulagi aðila hefði falist afsal stefnanda á einhverjum lágmarksréttindum samkvæmt ráðningarkjörum, hefði slíkt sérsamkomulag ekki verið ógilt, svo framarlega sem það hefði ekki rýrt kjör launþegans, þ. e. stefnanda, þegar málið er skoðað heildstætt, sbr. H. 1981-1559. Í tilviki stefnanda var það stefnanda mun hagkvæmara að geta haldið vinnunni og fá rúmlega sjöfalt meira greitt en vera atvinnulaus á atvinnuleysisbótum, enda þótt stefnandi hefði fengið enn meiri tekjur, hefði stefnda verið skylt að útvega á bátinn á sinn kostnað allan þann umframkvóta, sem báturinn veiddi eða gat veitt. Eins og áður greindi, bar stefnda ekki skylda til þess skv. lögum eða kjarasamningum. Er þetta þungamiðja þessa máls.

Í stefnu vísar stefnandi í 33. og 26. gr. samningalaga nr. 7/1936 og telur, að víkja megi samkomulaginu frá 11. mars 1992 til hliðar, vegna þess að óheiðarlegt sé að bera samkomulagið fyrir sig eða ósanngjarnt. Þvert á móti telur stefndi það vera óheiðarlegt og ósanngjarnt, ef víkja eigi til hliðar fullgildum samningi milli aðila, gerðum af fúsum og frjálsum vilja stefnanda, samningi, sem færði honum verulegar tekjur umfram það, sem hann átti mestan rétt á úr hendi stefnda, sem var tímakaup í sjö daga uppsagnarfresti. Bendir stefndi sérstaklega á það, að stefnandi lét aldrei í ljós óánægju eða kvartaði með áðurnefnt samkomulag, fyrr en starfi hans á bátnum lauk og of seint var fyrir stefnda að breyta einhverju þar um. Hefði stefnandi látið strax í ljós, að hann vildi ekki taka þátt í sameiginlegum kvótakaupum,

hefði hann ekki blekkt stefnda með þögn sinni til þess að fara út í sameiginleg kvótakaup. Með þessu aðgerðaleysi og tómlæti hafi stefnandi skert réttarstöðu sína. Mótmælir stefndi því sérstaklega, að stefnandi hafi verið þvingaður til samkomulags með hótun um uppsögn. Sú staðreynd lá fyrir, að stefndi treysti sér ekki til að fjármagna einn kvótakaup. Án þátttöku áhafnarinnar lá beint fyrir, að bátnum yrði lagt og áhöfninni sagt upp. Hvort stefndi „glápti" á skipverja eða ekki, þegar hann innti þá svara 11. mars 1992 og báturinn var kominn fram yfir í kvóta, felur ekki í sér hótun eða þvingun, eins og stefnandi vill vera láta, sbr. dskj. nr. 18.

Sönnunargögn.

Málsaðilar gáfu skýrslu hér fyrir dómi, og svo báru vitni Birkir Már Ólafsson, Mávabraut 4, Keflavík, kt. 070349-2659, og Pétur Helgi Guðjónsson, Suðurgötu 151, Sandgerði, kt. 270662-3669, báðir skipverjar á ms. Guðfinni, KE-19, og svo Sæbjörn Ágúst Svavarsson, Sandholti 2, Ólafsvík, kt. 111265-5429.

Í bréfi Sjómannasambands Íslands til stefnda, dskj. nr. 13, sem byggt er á upplýsingum frá Fiskmarkaði Suðurnesja, sbr. dskj. nr. 9, og í samræmi við yfirlit afla ms. Guðfinns, KE-19, frá Fiskifélagi Íslands, dskj. nr. 8, er útreikningur á skiptaverðmæti, aflaverðmæti stefnanda miðað við uppgjör og svo miðað við, að hann hefði ekki tekið þátt í kvótakaupunum á mb. Guðfinni, KE-19, og er þetta þannig m. v. tímabilið febrúar-maí 1992.

	Magn í kg	Verðmæti í kr.	Skiptaverðmæti
Febrúar	44.022 kg	4.522.560 kr.	3.256.243 kr.
Mars	172.152 kg	13.752.547 kr.	9.901.834 kr.
Apríl	80.348 kg	6.885.114 kr.	4.942.882 kr.
Maí	70.528 kg	5.384.704 kr.	3.876.987 kr.

Í uppgjörum til Guðmundar sé aflamagnið rétt tilgreint, en það skiptaverðmæti, sem reiknað er út frá, stemmir engan veginn. Þegar afli er seldur á fiskmarkaði innan lands, er heimilt að draga 4% uppboðskostnað frá heildarverðmæti, áður en skiptaverð er reiknað. Skiptaverð til sjómanna var á þeim tíma, sem hér um ræðir, 75%, og er skiptaverðmætið í töflunni hér að ofan reiknað út frá þeim forsendum, eftir að búið er að draga uppboðskostnað frá. Skiptaprósenta er 33%, og að jafnaði voru fimm menn á skipinu. Aflahlutir án orlofs og aukagreiðslna eiga því að vera sem hér segir:

	Leiðréttur aflahlutur	Aflahlutir skv. uppgjöri	Mismunur (inneign)
Febrúar	214.912 kr.	162.624 kr.	52.288 kr.
Mars	653.521 kr.	547.857 kr.	105.664 kr.
Apríl	326.230 kr.	269.153 kr.	57.077 kr.
Maí	255.881 kr.	205.467 kr.	50.414 kr.
		Mismunur alls, án orlofs	265.443 kr.
		Orlof 10,17%	26.996 kr.
		Inneign Guðmundar alls	292.439 kr.

Yfirlýsing, sem gefin er af fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og undirrituð af þeim 26. apríl 1992, er svohljóðandi:

„Samningsaðilar eru sammála um, að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti afla, áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað.

Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Yfirlýsing er gefin í tengslum við kjaradeilu milli sjómanna og útvegsmanna, og er fram komið, að með samþykki miðlunartillögu ríkissáttasemjara í deilunni milli aðila 4. júní 1992 hafi yfirlýsing þessi öðlast gildi.

Í málinu hafa verið lagðar fram átta óundirritaðar bókanir, sem gerðar hafa verið í tengslum við samningaumræður í þessari kjaradeilu, en ekki hefur verið búið að ganga frá þeim endanlega. Þegar þær eru bornar saman, sést, að þar er verið að móta tillögur um bókun til samþykktar, en í þeim kemur m. a. fram, að vegna ágreinings milli deiluaðila um sameiginleg kvótakaup sjómanna og útvegsmanna o. fl. verði skipuð nefnd eða komið á fót gerðardómi, sem fjalli um ágreiningsefnið. Er þar gert ráð fyrir, að þessi kvótakaup séu óheimil, nema gert sé skriflegt samkomulag útgerðarmanns og allra skipverja á skipi, og skuli þessi háttur vera á, þar til nefndin, starfshópur eða gerðardómur hafi komist að niðurstöðu. Þá koma og fram tillögur um, að í því tilviki, að skip hafi veitt kvóta sinn, sem því var úthlutað á fiskveiðiárinu, og ekki sé um að ræða skriflegt samkomulag útgerðar og allra skipverja um sameiginleg kvótakaup, skuli skipverjar eiga rétt á vinnu við skipið í uppsagnartímanum gegn greiðslu tímakaups.

Í sambandi við samkomulag útgerðar mb. Guðfinns, KE-19, og áhafnar, sem rakið hefur verið að framan, hafa verið lagðar fram yfirlýsingar um það, og kemur fram í yfirlýsingu, sem stefnandi og Sæbjörn Ágúst Svavarsson, kt. 111265-5429, undirrita, að samkomulagið hafi orðið til með þeim

hætti, að að morgni 11. mars 1992 hafi allir í áhöfn skipsins verið fyrir utan geymslu stefnda og hann þá heimtað að fá að vita strax, hvort þeir skipverjarnir ætluðu að taka þátt í kvótakaupum, annars yrði dregið upp þennan dag, og það yrðu allir að segja já. Enginn umhugsunartími hafi verið gefinn og áhöfnin ekki fengið tíma til að ræða málin. Þeir hafi því verið í mjög þvingaðri stöðu, er þeir samþykktu, en neitun eins hefði leitt til þess, að hinir hefðu misst vinnuna.

Hinar yfirlýsingarnar eru frá öðrum skipverjum með stefnda, og kemur þar fram, að þeir hafi tekið þátt í kvótakaupunum af fúsum og frjálsum vilja, og í yfirlýsingu þriggja sömu aðila, sem undirrituð er 24. nóv. sl., mótmæla þeir að hafa verið þvingaðir til kvótakaupa og segja, að þeir hafi getað mótmælt og hætt, ef þeir hefðu viljað, og til þess hefðu þeir haft vikuna, þar til samkomulagið var fest á blað. Aðilar og vitnin hafa staðfest hér fyrir dómi hlutaðeigandi undirritun undir yfirlýsingar þessar og að þar sé rétt greint frá.

Stefnandi kvaðst hafa orðið að skrifa undir samninginn um, að hann og aðrir skipverjar á mb. Guðfinni, KE-19, tækju þátt í kvótakaupum skipsins, en flestir aðrir skipverjar hefðu þá verið búnir að skrifa undir samninginn, en það hefði verið gert um borð í bátnum. Hann kvaðst hafa samþykkt kvótakaupin 11. mars 1992 vegna þvingunar, sem fólgin hefði verið í því, að hann hefði verið krafinn svars strax og settur í þá stöðu, að ef hann samþykkti ekki ásamt öðrum skipverjum, yrði dregið upp og með þeim afleiðingum, að hinir skipverjarnir, sem hefðu viljað halda áfram á þessum kjörum, misstu vinnuna. Sér hefði þannig verið stillt upp við vegg og hann settur í óþægilega stöðu og taldi stefnda hafa verið ógnandi í þessu sambandi. Hins vegar kom ekki fram, að honum sérstaklega hefði verið hótað neinu, ef hann samþykkti ekki. Hann minntist þess ekki, að sérstakar umræður hefðu farið fram milli skipverja um sameiginlegu kvótakaupin í vikunni fyrir undirskrift. Hann kvaðst ekki hafa vitað, er hann skrifaði undir, að samkomulagið gæti verið brot á kjarasamningi, enda kvaðst hann ekki hafa fylgst svo ýtarlega með opinberri umræðu um sameiginleg kvótakaup og vissi ekki, að í umræðu milli LÍÚ og SSÍ hefði komið til álita að heimila sameiginleg kvótakaup, ef allir skipverjar á bát samþykktu. Þó að hann hafi samþykkt sameiginlegu kvótakaupin fyrir Guðfinn, KE-19, kveðst hann í grundvallaratriðum hafa verið almennt á móti sameiginlegum kvótakaupum, og er hann síðar hafi heyrt fjallað um kvótakaupin í útvarpi, hafi hann snúið sér til sjómannafélags í Keflavík. Sig hefði grunað, er hann réð sig á skipið, að það væri með 150 tonna kvóta, en við ráðningu hefði sér ekki verið gert viðvart um, að hann þyrfti að taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu. Hann hefði verið ósáttur við, að kostnaður vegna kvótaleigu

hefði verið dreginn frá hlut sínum fyrir febrúarmánuð, áður en til kvótaleigu hefði komið, og vissi ekki af þessu, er hann fékk uppgjör 15. mars vegna febrúarmánaðar. Og þó að dreifa ætti kostnaði á alla mánuðina, ætlaði hann að fara yfir þetta og fá þetta með lokauppgjöri í vertíðarlok.

Stefndi kvað aflann í mars 1992 hafa verið óvenjumikinn, um 180 tonn, og hefði báturinn um 11. mars verið búinn með þær aflaheimildir, sem honum hafði verið úthlutað og hann hafði átt frá haustinu. Vegna þess, hve fljótt hefði gengið á kvótann, hefði hann orðið að fá svör um það frá skipverjum strax 11. mars, hvort þeir ætluðu að taka þátt í kvótakaupum, en ef hann hefði haldið áfram útgerð bátsins án viðbótarkvóta, hefði hann fengið sektir. Hann kvaðst engar hótanir hafa haft í frammi við að fá skipverja til að taka þátt í kvótakaupum, en hins vegar hefði sér verið alvara með að draga upp, ef áhöfnin tæki ekki þátt í kostnaði við að leigja frekari kvóta. Hann kvað stefnanda ekki hafa kvartað út af samkomulaginu, er það var gert, eða þar um bil, en er þeir hefðu verið hættir á vetrarvertíð, hefði hann kvartað. Hann hefði og samþykkt að dreifa kostnaði við kvótakaupin. Hann kvað alla hafa getað kynnt sér, hvernig aflaheimildum bátsins væri háttað, og því átt að vera ljóst miðað við afla, að aflaheimild var á þrotum í byrjun mars.

Fram kom hjá stefnda, að hann hefði aldrei selt eða leigt þorskveiðiheimildir ms. Guðfinns, KE-19, og því ekki um það að ræða, að skipverjar bátsins hefðu þurft að taka þátt í sameiginlegum kvótakaupum eða kvótaleigu vegna þess, að hann hefði þannig rýrt aflaheimildir bátsins. Hann hefði talið kostnað vegna kvótakaupa með útgerðarkostnaði, sem kæmi til frádráttar, áður en aflahlutur skipverja væri reiknaður út.

Vitnin könnuðust öll við að hafa samþykkt þátttöku í kvótakaupum 11. mars 1992 og að hafa gert skriflegt samkomulag um það 17. mars. Vitnin Pétur Helgi og Birkir kváðust ekki hafa samþykkt þátttöku í kvótakaupunum né skrifað undir samkomulagið þar um, vegna þess að beitt hefði verið hótunum eða þvingunum. Vitnið Pétur kvað ekkert hafa verið rætt um, að óheimilt væri að gera þetta samkomulag, og stefndi ekki sett sig upp á móti því á vertíðinni, og vitnið Birkir hafði ekki heyrt kvartanir vegna samkomulagsins fyrr en um sumarið.

Vitnið Sæbjörn hafði verið á móti því að taka þátt í kvótakaupunum, þó að það hefði samþykkt, en kvaðst ekki hafa vitað neitt um kvótamál og ekki fylgst með umræðunni í þjóðfélaginu um þetta efni og því ekki velt fyrir sér, hvort samkomulagið væri óheimilt m. v. kjarasamninga.

Álit réttarins.

Í málinu er ekki deilt um fjárhæð aðalkröfu, og stefnandi hefur fallið frá varakröfu. Álitaefni er því eingöngu, hvort stefnanda bar að hlíta þeirri skerðingu á hlut sínum í afla mb. Guðfinns, KE-19, sem leiddi af samkomulagi hans og annarra skipverja á bátnum við stefnda um sameiginlega kvótaleigu, sbr. dskj. nr. 11. Óumdeilt er, að stefnandi undirritaði þessa yfirlýsingu, eftir að hann hafði áður munnlega samþykkt að taka ásamt öðrum skipverjum þátt í kvótaleigu til jafns við útgerð bátsins vegna úthalds hans eftir 11. mars 1992.

Ekki þykir í ljós leitt, að stefnandi hafi með þvingunum eða öðrum óeðlilegum hætti verið fenginn til þessa samþykkis eða undirritunar yfirlýsingar, en samkvæmt vætti vitnanna Péturs og Birkis höfðu þeir ritað undir af fúsum og frjálsum vilja, og er ósannað, að annað hafi gilt um stefnanda. Hann hafi að vísu verið í nokkuð óþægilegri aðstöðu, en hins vegar gat hann, ef hann taldi á sér brotið, neitað að skrifa undir og átti þá rétt á venjulegum uppsagnarfresti, ef stefndi hefði dregið upp. Honum mátti vera ljóst, er hann réð sig á skipið, hvaða aflaheimildir fylgdu því, og gat engan veginn treyst því, að útgerð skipsins myndi leggja út í aukinn kostnað til að leigja kvóta handa bátnum, eftir að lokið var veiði á afla skv. aflaheimildum skipsins, og mátti því búast við, að þá yrði veiði hætt. Fram er komið, að á þessum tíma var almennt mikil veiði, og hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi á þessum tíma átt kost á rúmi í öðrum bát með nægar aflaheimildir eða starfi, sem fylgdu meiri tekjur en hann mátti vænta af því að vera áfram á bátnum þrátt fyrir kostnaðarþátttöku í kvótaleigu. Það fer því vart milli mála, að það, sem öðrum þræði hefur ráðið því, að stefnandi undirritar yfirlýsinguna, þó að hann kynni að vera ósáttur við hana, er, að hann hefur talið það vænsta kostinn, sem í boði var. Yfirlýsingin verður því ekki ógilt eða henni vikið til hliðar eða breytt samkv. ákvæðum 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Kemur þá til álita, hvort í framangreindri yfirlýsingu felist samningur um starfskjör milli stefnanda og annarra skipverja á mb. Guðfinni og útgerðar hans, sem séu lakari en lágmarkskjör samkvæmt almennum kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og LÍÚ frá 24. nóvember 1990 og sé því ógildur, svo sem stefnandi heldur fram.

Í grein 1. 24. í framangreindum kjarasamningi um skiptaverð og sölu afla fiskiskipa er skýrt tekið fram, að um skiptaverðmæti aflans skuli fara skv. lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 21/1987. Fyrir gildistöku þessara laga var skiptaverðmæti það verð, sem útgerð fékk fyrir afla, þó að frá dregnum einhverjum gjöldum og kostnaði. Á þessum tíma hafði orðið gífurleg hækkun á olíu-

verði til útgerðar, sem rétt þótti, að hefði að einhverju leyti áhrif á skiptaverðmæti. Fyrir þennan tíma höfðu fiskveiðar Íslendinga ekki nema í einstökum tilvikum verið háðar sérstökum leyfum til skipa, heldur voru almennar takmarkanir um veiðar í landhelgi, sem giltu um öll íslensk skip, en voru mismunandi eftir stærð þeirra. Kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna miðuðust því við hlutdeild þeirra í öllum afla, sem íslenski skipaflotinn megnaði að veiða og hafði heimild til að veiða, en skv. 10. gr. laga nr. 81/1976 gat sjávarútvegsráðherra sett reglur um hámarksafla ákveðinna fiskitegunda á ákveðnu veiðitímabili, ef talin var hætta á ofveiði þeirra. Með lögum nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987 er í mjög miklum mæli farið að gera fiskveiðarnar háðar því, að fengin séu hjá sjávarútvegsráðuneytinu sérstök leyfi til veiðanna, og jafnframt var ráðherra veitt víðtæk heimild til að ákveða með reglugerð aflamagn það, sem veiða mátti á veiðitímabili, og voru veiðileyfin að miklu leyti miðuð við þetta aflahámark.

Lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990 eru mjög á sama veg um þetta efni. Með lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða eru allar fiskveiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelginni háðar almennum leyfum auk sérstakra leyfa til að veiða ákveðnar fisktegundir eða til að nota ákveðin veiðarfæri við veiðarnar. Í lögum þessum sem eldri lögum skulu veiðileyfi veitt vegna ákveðinna skipa, svo sem þar er nánar tilgreint. Heildarafla, sem veiða má á hverju veiðitímabili, ákveður ráðherra, og skulu veiðiheimildir samkvæmt lögunum miðast við það magn. Aflaheimildir skipanna eru því nær eingöngu tengdar því, hvaða heildarafla ráðherra heimilar veiði á hvert veiðitímabil.

Kjarasamninga Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna verður að túlka í ljósi þessarar þróunar, sem leitt hefur til verulegrar skerðingar afla einstakra skipa og þar með aflahlutar sjómanna. Sú mikla rýrnun, sem orðið hefur á þeim heildarafla, er ráðherra hefur ákveðið síðustu ár, hefur leitt til þess, að aflaheimildir einstakra báta hafa reynst ónógar til að endast út vetrarvertíðina, eins og raun varð á hjá stefnda, og sumir útgerðarmenn mætt því með því að taka á leigu aflaheimildir frá öðrum bátum og þá ætlast til þess, að áhafnir skipanna, sem hag hefðu af að framlengja þannig úthald bátanna, tækju þátt í kostnaði við kvótaleiguna.

Svo sem að framan var rakið, var reynt að ná samkomulagi um þessa kostnaðarþátttöku sjómanna í sameiginlegum kvótakaupum eða kvótaleigu í heildarsamningum ASÍ og VSÍ, sem SSÍ og LÍÚ voru aðilar að og tóku gildi 4. júní 1992, en tókst ekki. Um þennan kostnaðarauka var ekki fjallað í lögum nr. 24/1986, enda hafði ekki reynt á hann, er þau voru sett, og ekki er í þeim heimild til að lækka skiptaverðmæti afla nema vegna olíukostnaðar.

Kjarasamningur SSÍ og LÍÚ, sem að framan getur, er heildarsamningur aðila, og m. v. þá lagaþróun, sem að framan getur, verður að túlka hann þannig, að skiptaverðmæti afla þess, sem í gr. 1. 24. samningsins getur, eigi við allan afla, sem heimilt er að veiða hverju sinni skv. ákvörðun ráðherra, og svo afla, sem veiddur er utan landhelgi. Skipti þá ekki máli, hvernig heildarafla er jafnað á báta, heldur beri að líta svo á, að ef afli innan þessa ramma er veiddur á bát, þar sem voru skipverjar og útgerðarmenn, sem samningurinn nær til samkv. 1. kafla, skuli um skiptaverðmæti fara eftir gr. 1. 24. samningsins án frekari takmarkana en þar getur, enda ljóst, að sjómenn geta engin áhrif haft um, hvernig aflaheimildum er ráðstafað.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 er tekið fram, að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallað forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þeir, sem fá þannig úthlutað aflaheimildum og leigja eða selja rétt sinn skv. þeim, og eins þeir, sem leigja eða kaupa, verða í þessum viðskiptum að gera ráð fyrir þeim rétti, sem sjómenn hafa um skiptaverðmæti aflans, sem heimildin nær til, sbr. gr. 1. 24. í framangreindum samningi SSÍ og LÍÚ.

Ekki er því fallist á þau rök stefnda, að sameiginleg kvótakaup eða kvótaleiga hafi verið heimil, þar sem þau hafi ekki verið bönnuð fyrr en með kjarasamningum 4. júní 1992 og samningur um slíkt verið lögmætur til þess tíma. Ekki þykir fara á milli mála, að samningur stefnda vegna útgerðar Guðfinns, KE-19, og áhafnar skipsins um að taka þátt í kvótaleigu að jöfnu brýtur í bága við framangreindan heildarsamning SSÍ og LÍÚ og er almennt um lakari kjör en þar greinir, þó að hann kunni að hafa verið áhöfninni hagstæður miðað við aðstæður hennar á þessum tíma. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að margir þeir útgerðarmenn, sem eru að leigja og selja aflaheimildir, voru aðilar að framangreindum heildarsamningi og því bundnir af honum. Í grein 1. 36. í samningnum segir, að samningar útgerðarmanna við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við samninginn, skuli ógildir, enda hafi hlutaðeigandi félag ekki samþykkt þá. Svo sem fyrr var rakið, var reynt að ná samkomulagi um það í kjarasamningum, að sameiginleg kvótakaup eða kvótaleiga skyldi heimil, en tókst ekki, og liggur ekkert fyrir í málinu um samþykki stéttarfélags sjómanna um þetta efni.

Framangreind yfirlýsing áhafnar ms. Guðfinns, KE-19, um að taka þátt í kostnaði við kvótaleigu telst því ekki bindandi fyrir stefnanda máls þessa.

Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig umráðamaður eða umráðamenn þeirra aflaheimilda, sem hér um ræðir, voru að þeim komnir né hvort við leigu þeirra hafi þess verið gætt, að sjómenn þeirra skipa, sem aflaheimildum var

úthlutað, fengju hlutdeild í leigutekjunum m. v. hlutaskiptakjör. Í því tilviki hefði þátttaka stefnanda í kvótakaupum verið hugsanleg án þess að teljast vera rof á heildarkjarasamningi, en þó að því tilskildu, að hlutaðeigandi stéttarfélag samþykkti samninginn. Með því að ekkert er fram komið í málinu um skerðingu á rétti stefnanda til að njóta hlutdeildar í aflaverðmæti mb. Guðfinns, KE-19, miðað við um samdar reglur um hlutaskiptakjör og skiptaverðmæti skv. lögum nr. 24/1986, ber að taka kröfu hans til greina, en þegar heildstætt er litið á kjarasamninga LÍÚ og SSÍ, þykir ekki skipta máli fyrir sjómenn, hvernig aflaheimildum er raðað á einstök skip. Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda stefnufjárhæð aðalkröfu ásamt þar greindum dráttarvöxtum.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts og dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, svo sem krafist er í stefnu.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Friðriksson, greiði stefnanda, Guðmundi Sigurjónssyni, 292.439 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1992 til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi frá deginum í dag og leggist við málskostnað á 12 mánaða fresti, fyrst 12 mánuðum eftir 3. ágúst nk.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 423/1994. **A/S Veidekke**
(Helgi Jóhannesson hrl.)
gegn
Arnarfelli hf.
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Krafttak sf. skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1994. Fyrir Hæstarétt voru lögð gögn þess efnis, að sameignarfélaginu Krafttaki, sem var stefndi í héraði, hafi verið slitið á árinu 1995, og hafi A/S Veidekke tekið við réttindum og skuldbindingum Krafttaks. Breytist aðild málsins í samræmi við það.

Af hálfu áfrýjanda er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin orðrétt dómkrafa sú, sem stefndi gerði í héraði. Tók héraðsdómari kröfuna efnislega til greina með einni breytingu, sem ekki skiptir máli hér. Krafa stefnda beinist að formsatriðum fremur en efnisatriðum og er þannig sett fram, að viðurkenning hennar með dómi myndi ekki leiða til þess, að efnisleg úrlausn fengist um álitaefni það, sem málsaðilar í reynd deila um. Kröfugerð stefnda er því andstæð meginreglum réttarfars um skýran málatilbúnað, og verður dómur ekki á hana lagður. Af þeim sökum verður ekki komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júlí sl., höfðaði Arnarfell hf., kt. 441288-1399, Óseyri 8, Akureyri, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. febrúar 1994, gegn Krafttaki sf., kt. 460984-1069, Síðumúla 33, Reykjavík.

Dómkröfur.

Stefnandi krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að reikningur stefnda frá 15. okt. 1993 nr. 0213, merktur stefnda og stílaður á stefnanda, að fjárhæð alls 5.727.000 kr., að eftirstöðvum 4.641.250 kr. (sic), sé ógildur og að stefnda verði gert skylt að gefa út annan reikning á stefnanda, sem hljóði á þessa leið: Seldir 3 stk. vörubifreiðar, teg. Kochums, skráningarnr. FR-608, FR-607 og FR-606, skv. kaupsamningi, undirrituðum 29. júní 1993, samtals fyrir 4.600.000 kr., þar af 19,68% virðisaukaskattur, 905.280 kr. Kaupverð að fullu greitt. Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru aðallega krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnað að mati réttarins.

Málavextir.

Með samningi, dags. 29. júní 1993, keypti stefnandi af stefnda þrjár vörubifreiðar af gerðinni Kochums 425 b, allar af árgerðinni 1980, með skráningarnúmerunum FR-608, FR-607 og FR-606. Í 3. gr. samningsins er ákvæði um söluverð bifreiðanna, og er greinin svohljóðandi:

„Söluverð bifreiðanna er samtals 4.600.000 kr., sem skiptist þannig, að söluverð bifreiðarinnar FR-608 telst vera 2.000.000 kr., bifreiðarinnar FR-607 2.000.000 kr. og bifreiðarinnar FR-606 600.000 kr. Arnarfell hf. skuldbindur sig til þess að greiða kaupverð allra bifreiðanna óskipt á eftirfarandi hátt:

3.1. Með bifreið af gerðinni Scania L 80, árgerð 1972, skráningarnúmer AI-866, verðmat	kr.	350.000
3.2. Með greiðslu í peningum við undirskrift samnings þessa	–	250.000
3.3. 15. júlí	–	1.000.000
3.4. 15. ágúst	–	1.000.000

3.5. 15. september	–	1.000.000
3.6. 15. október	–	1.000.000
Samtals	kr.	4.600.000

Samkvæmt 4. gr. samningsins töldust bifreiðarnar afhentar stefnanda sama dag, en afsal skyldi gefið út, þegar allar greiðslur skv. 3. gr. hefðu verið inntar af hendi. Til þess tíma skyldi stefnandi greiða tryggingargjald af bifreiðum og rekstrarkostnað, en auk þess skyldu bifreiðarnar og rekstur þeirra á tímabilinu að öllu leyti vera á ábyrgð stefnanda. Við útgáfu afsals skyldu tryggingargjöld og skattar af bifreiðunum gerðir upp, en stefnandi bera ábyrgð á greiðslu þeirra frá og með afhendingardegi.

Hinn 15. október 1993 gaf stefndi út svofelldan reikning á hendur stefnanda:

Seldir 3 stk. Kochums samkvæmt kaupsamningi, undirrituðum 29. 6. 1993, FR-608, FR-607 og FR-606, samtals 4.600.000 kr. + 24,5% virðisaukaskattur, 1.127.000 kr., alls 5.727.000 kr. Greitt með AI-866 435.750 kr. Greitt með peningum 6. ágúst 1993 1.250.000 kr. Eftirstöðvar 4.041.250 kr.

Að sögn stefnanda mótmælti hann gerð reikningsins og greiddi stefnda það, sem stefnandi taldi stefnda bera með réttu, 4.600.000 kr., að frádregnum 350.000 kr. + 1.250.000 kr. eða 3.000.000 kr. Með bréfi, dags. 2. des. 1993, mótmælti lögmaður stefnanda ofangreindum reikningi og óskaði eftir löglegum reikningi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að 4.600.000 kr. hafi verið endanlegt heildarkaupverð bifreiðanna FR-606, FR-607 og FR-608, eins og 3. grein kaupsamningsins frá 29. júní 1993 kveði á um.

Ef ætlun stefnda hafi verið, að ofan á kaupverðið 4.600.000 kr. ætti að koma 24,5% virðisaukaskattur, hafi stefnda borið að taka það fram við stefnanda og gera honum grein fyrir því, áður en gengið var til samninga. Nauðsynlegt hafi verið að tilgreina það í samningnum, að ofan á kaupverðið 4.600.000 kr. ætti að reiknast 24,5% virðisaukaskattur, að fjárhæð 1.127.000 kr., til þess að geta staðið á því nú að krefjast þessarar fjárhæðar, en þar sem slík tilgreining hafi ekki verið gerð, geti stefndi ekki krafið stefnanda nú um þá fjárhæð til viðbótar við 4.600.000 kr., samtals 5.727.000 kr.

Stefnandi hafi þegar greitt umsamið kaupverð að fullu og eigi því rétt á reikningi frá stefnda því til staðfestingar.

Um frekari rökstuðning er af hálfu stefnanda vísað til 4. mgr. 22. gr. laga um virðisaukaskatt. Jafnframt er vísað til þeirrar meginreglu kröfuréttar og

samningaréttar, að upp gefið kaupverð skv. kaupsamningi sé endanlegt verð og kaupandi megi búast við og treysta, að svo sé.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er til þess vísað, að aðilar málsins hafi í upphafi samið svo um, að nettósöluverð vörubifreiðanna væri 4.600.000 kr., og því beri stefnanda að greiða virðisaukaskatt af þeirri fjárhæð. Krafa stefnanda um útgáfu nýs reiknings eigi því ekki við nein rök að styðjast.

Stefnandi sé verktakafyrirtæki á sama hátt og stefndi. Bygging og viðgerð mannvirkja sé skráð sem megintilgangur fyrirtækisins. Sé mjög algengt í þessari viðskiptagrein eins og mörgum öðrum, að verktakafyrirtæki versli innbyrðis með vélar, tæki og tól. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt teljist sala á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum til skattskyldrar veltu. Það sé því ótvírætt, að stefnandi hafi eða í öllu falli hafi átt að hafa fulla vitneskju um, að salan á vörubifreiðunum frá stefnda hafi verið virðisaukaskattsskyld sala. Stefnandi hafi vitað, að stefnda var skylt samkvæmt lögum að innheimta skattinn og gera skil á honum í ríkissjóð.

Ekkert sé vikið að greiðslu virðisaukaskatts í tilvitnuðum kaupsamningi. Þar sé talað um, að kaupverð bifreiðanna sé að fjárhæð 4.600.000 kr. Þegar rætt sé um kaupverð í slíkum viðskiptum, sé ávallt átt við verð án virðisaukaskatts, því að kaupandi nýti alltaf virðisaukaskattinn til frádráttar á útskatti í rekstri sínum. Hver þekki ekki hina margumræddu „vask-bíla", en auglýsingar á kaupverði slíkra bifreiða séu allar án tilgreiningar á virðisaukaskatti af fyrrgreindum ástæðum. Verðgildi bifreiðanna hafi verið meira en 4.600.000 kr., og það kaupverð hafi því verið stefnanda mjög hagstætt.

Stefnandi leggi mikið upp úr túlkun 4. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1988 kröfu sinni til stuðnings, en í því ákvæði segi: „Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram, ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti." Þetta ákvæði eigi ekki við í því máli, sem hér sé til umfjöllunar. Í greinargerð laganna segi til skýringar þessu ákvæði m. a.: „Hér er átt við upplýsingar um verð á vöru í auglýsingum eða með öðrum hætti, og er reglan sett með hagsmuni neytenda í huga." Þetta ákvæði gildi m. ö. o. ekki, þegar lögaðilar á sambærilegu viðskiptasviði eigi viðskipti innbyrðis. Með ákvæðinu sé verið að vernda neytendur, þ. e. hinn almenna borgara. Ljóst sé, að ákvæðið gildi ekki um innbyrðis viðskipti jafnsettra aðila. Hafa verði í huga hagsmuni stefnda gagnvart hagsmunum stefnanda. Ef stefnandi greiði hinn lögbundna virðisaukaskatt, geti hann nýtt sér þann reikning, sem hann hafi þegar fengið út gefinn, til frádráttar á útskatti í rekstri sínum. Hann verði því ekki fyrir neinu tjóni. Verði stefndi á hinn

bóginn dæmdur til að gefa út nýjan reikning, sé ljóst, að hann tapi umfangsmiklum fjármunum.

Af hálfu stefnda er á það bent, að föst venja sé í viðskiptum milli verktaka að tala um nettósöluverð, þ. e., að aldrei sé talað um virðisaukaskattinn.

Um rökstuðning fyrir kröfum stefnda er vísað til laga nr. 50/1988, sbr. einkum 11. gr. og 22. gr., svo og almennra reglna samningaréttar um túlkun samninga o. fl. Að því er varðar málskostnað, er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 1. mgr. 130. gr. og 4. mgr. 129. gr.

Við munnlegan málflutning var því m. a. haldið fram af hálfu stefnda, að skv. 4. gr. samningsins in fine skyldi gera upp tryggingargjöld og skatta af bifreiðunum við útgáfu afsals, og styðji það þá skoðun, að þá skyldi greiða virðisaukaskattinn.

Við aðalmeðferð málsins kom fyrir dóm til skýrslugjafar Sigurbergur Konráðsson, framkvæmdastjóri stefnanda, en ekki aðrir.

Niðurstaða.

Grundvöllur viðskipta aðila er áðurgreindur kaupsamningur, dags. 29. júní 1993. Í samningnum er hvergi minnst á virðisaukaskatt og söluverð bifreiðanna tilgreint samtals 4.600.000 kr. Það, að hvergi er minnst á virðisaukaskatt, hvorki í sambandi við verð né hina tilgreindu gjalddaga, sýnir, að í umsömdu verði hafi virðisaukaskattur átt að vera innifalinn, sbr. 22. gr. laga nr. 50/1988.

Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að í 4. gr. samningsins segir m. a. svo: „Við útgáfu afsals skulu tryggingargjöld og skattar af bifreiðunum gerðir upp, en Arnarfell hf. ber ábyrgð á greiðslu þeirra frá og með afhendingardegi.“ Samkvæmt orðalagi greinarinnar í heild svo og hinni tilvitnuðu setningu þykir augljóst, að þar sé átt við bifreiðagjöld.

Eins og málið liggur fyrir, hefur stefndi ekki sýnt fram á, að í umræðum um verð í slíkum viðskiptum sem þeim, er málið er af risið, sé ávallt átt við verð án virðisaukaskatts, og þá ekki heldur, að föst venja sé í viðskiptum milli verktaka að tala um nettó-söluverð, þ. e., að það sé aldrei talað um virðisaukaskattinn. Í fram lagðri verðskrá um notaðar vinnuvélar er tekið fram, að upp gefið verð sé án virðisaukaskatts.

Ósannað er, að verðgildi bifreiðanna hafi verið meira en 4.600.000 kr.

Í stefnukröfu er ritvilla, þar sem segir, að reikningurinn, sem krafist er ógildingar á, sé að eftirstöðvum 4.641.250 kr., en á að vera 4.041.250 kr. Þar sem ljóst er, hvaða reikning er um að ræða, þykir ritvilla þessi eftir atvikum ekki skipta máli við niðurstöðu málsins.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ber að taka kröfu stefn-

anda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 200.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Reikningur stefnda, Krafttaks sf., frá 15. okt. 1993 nr. 0213, merktur stefnda og stílaður á stefnanda, Arnarfell hf., að fjárhæð alls 5.727.000 kr., að eftirstöðvum 4.041.250 kr., er ógildur.

Stefndi, Krafttak sf., gefi út svofelldan reikning, stílaðan á stefnanda, Arnarfell hf.: Seldir 3 stk. vörubifreiðar, teg. Kochums, skráningarnr. FR-608, FR-607 og FR-606, skv. kaupsamningi, undirrituðum 29. júní 1993, samtals fyrir 4.600.000 kr., þar af 19,68% virðisaukaskattur, 905.280 kr. Kaupverð er að fullu greitt.

Stefndi greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 387/1994. **GS-varahlutir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Benedikt G. Þorbjörnssyni
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Skoðunarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1994. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 341.261 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. apríl 1992 til greiðsludags. Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málsaðilar gerðu samning 15. júní 1990, þar sem stefndi keypti af áfrýjanda Dodge Caravan-bifreið, árgerð 1985, en lét af hendi Ford 250 „pick-up" af árgerð 1979. Snýst deila málsaðila um hina síðarnefndu bifreið. Greiddi stefndi 250.000 krónur á milli í skiptunum. Ekki nýtur gagna í málinu um ástand Dodge-bifreiðarinnar.

Í vitnaskýrslu Símonar Páls Aðalsteinssonar bifvélavirkja, framkvæmdastjóra Vélabæjar hf., skýrði hann svo frá, að hann hefði að ósk stefnda framkvæmt viðgerð á vél Ford-bifreiðarinnar. Sagði hann, að það hefði verið „gömul, útlifuð ríkisbifreið", sem stefndi kom með til sín. Hafi útlit hennar gefið tilefni til að „telja bifreiðina svona alla vega". Viðgerð hafi verið framkvæmd á efri hluta vélarinnar með því að skipta um strokklokspakkningu, slípa ventla og gera við strokklok. Vélin hafi verið mikið slitin, en almennt ástand hennar þó ekkert óeðlilegt.

II.

Málsaðilum ber ekki saman um, hvað þeim fór í milli, er viðskipti þeirra urðu. Guðfinnur Halldórsson bílasali hafði milligöngu um

bílaskiptin. Hefur hann borið fyrir dómi, að stefndi hafi sagt vél bílsins vera nýuppgerða, er hann færði hann þangað til sölu. Engar frekari upplýsingar hafi verið veittar um, hvað gert var við vélina. Á söluspjald, sem fest var í glugga bílsins, hafi síðan verið skráð: „uppgerð vél". Hafði Guðfinnur áður lýst yfir hinu sama með vottorði 27. febrúar 1992.

Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri áfrýjanda, lýsti svo fyrir dómi athugun sinni á bílnum fyrir kaupin, að hann „fór þarna smáhring á honum kringum bílasöluna" og „leit ofan í vélarhúsið og vélin var hrein". Um aðra skoðun hafi ekki verið að ræða, og hafi sér virst allt vera í lagi. Hann hafi sett traust á þær upplýsingar, sem skráðar voru á söluspjaldið, en samkvæmt því hafi vélin verið nýuppgerð. Jafnframt neitar hann því, að seljandi hafi gefið sér nokkrar upplýsingar, er bent gætu til, að minni aðgerð hafi verið framkvæmd á vélinni en sú, sem hann taldi felast í áletrun á söluspjaldið.

Stefndi skýrir svo frá, að er hann færði bílinn til sölu, hafi hann skýrt bílasalanum frá því, að gert hafi verið við vélina nýlega. Hann hafi ekki sagt hana nýuppgerða. Önnur fyrirheit hafi ekki falist í upplýsingum sínum en að viðgerð hafi farið fram, en sjálfur sé hann ekki fróður á þessu sviði. Hann mótmælti því að hafa beðið bílasöluna um að auglýsa vélina sem nýuppgerða. Í skýrslu stefnda fyrir dómi kemur ekki berum orðum fram, að hann hafi sjálfur séð söluspjaldið. Segist stefndi hafa rætt við Guðmund Sigurðsson fyrir kaupin og gefið honum sömu upplýsingar og bílasalanum voru áður gefnar. Jafnframt hafi hann gefið upp nafnið á verkstæðinu, þar sem viðgerðin fór fram, og bent Guðmundi á að leita nánari upplýsinga þar. Guðmundur hefur hins vegar neitað því, að stefndi hafi fyrir kaupin gefið nokkrar slíkar upplýsingar.

Gögn málsins bera ekki með sér, að neinar upplýsingar hafi legið fyrir við kaupin um fjölda kílómetra, sem bílnum hafði verið ekið. Ekki kemur heldur fram, að það atriði hafi borið á góma í viðræðum málsaðila eða hvernig notum bifreiðarinnar hafi áður verið háttað.

III.

Guðmundur Sigurðsson bar fyrir dómi, að eftir kaupin hefði bíllinn ekki verið tekinn af bílasölunni, heldur staðið þar áfram til sölu. Sölutilraunir hefði þó engan árangur borið, og að liðnum 2 til 3 mánuðum hefði áfrýjandi tekið hann til sín. Eftir tæplega 200 kílómetra akstur hefði vélin verið orðin „olíulaus“ og gírkassinn auk þess ekki verkað lengur. Hefði hann þá haft samband við stefnda og samkvæmt ábendingu hans leitað upplýsinga hjá Símoni í Vélabæ hf. um viðgerð þá, sem hann framkvæmdi á vélinni um vorið. Þá fyrst hefði hann fengið að vita, í hverju sú viðgerð hefði falist. Bíllinn hefði síðan verið seldur óökufær 22. nóvember 1990. Ekki nýtur annarra upplýsinga í málinu um not áfrýjanda af bílnum á þessum tíma en eigin frásagnar hans. Beiðni um dómkvaðningu matsmanna var ekki borin fram fyrr en í janúar 1992 og mál þetta höfðað í maí 1993, þótt stefndi hefði neitað greiðsluskyldu með bréfi 1. apríl 1992, er mat dómkvaddra matsmanna hafði verið kynnt honum. Stefndi hefur hins vegar ekki borið fyrir sig tómlæti til stuðnings sýknukröfu sinni.

IV.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er rakin í héraðsdómi. Samkvæmt því, sem þar greinir, hefur smurolíubrennsla vélarinnar verið mikil, þótt bíllinn teldist gangfær og vélarlegur ekki verið úrbræddar. Helsta ástæða smurolíubrennslunnar var mikið slit í vél, en að auki hefur viðgerð á efri hluta hennar enn aukið smurolíubrennslu, svo sem í matsgerð er rakið. Hefur matinu ekki verið hnekkt með yfirmati, og á því eru ekki formgallar, er rýra sönnunargildi þess. Í matsgerð er tilgreint, hvaða viðgerð þurfi til að gera vélina nothæfa, en í henni felst meðal annars endurnýjun allra helstu slitflata vélarinnar og nánast endurbygging hennar.

Sannað er í málinu, að áfrýjanda hafi fyrir kaupin verið gefnar þær upplýsingar, að vél bifreiðarinnar væri nýuppgerð. Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki tekist sönnun þess, að hann hafi þá bent fyrirsvarsmanni áfrýjanda á verkstæði það, sem stefndi fékk til að gera við bílinn skömmu áður, og að hann gæti fengið þar allar upplýsingar um, hvað nákvæmlega var gert við vélina. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður lagt til grundvallar dómi, að áfrýjandi

hafi rækt þannig skoðunarskyldu sína við kaupin, að nægjanlegt geti talist. Verður á það fallist, að vél bílsins hafi verið gölluð, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Þykir áfrýjandi eiga rétt til afsláttar úr hendi stefnda, sem þykir að álitum og með hliðsjón af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Ekki verður fallist á þá staðhæfingu áfrýjanda, að upplýsingar á söluspjaldi í bifreiðinni um, að vél bifreiðarinnar hafi verið nýuppgerð, feli jafnframt í sér tilvísun til ástands gírkassans. Við skoðun hinna dómkvöddu matsmanna höfðu þeir hlutar gírkassans, er áfrýjandi taldi gallaða, að auki verið fjarlægðir. Brestur áfrýjanda sönnun þess, að ástand gírkassans hafi verið með þeim hætti, að skilyrði séu til að taka kröfu hans til greina.

Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða áfrýjanda 150.000 krónur með dráttarvöxtum til greiðsludags, en sá upphafstími vaxta, sem áfrýjandi krefst, hefur ekki sætt sérstökum mótmælum stefnda. Þá verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt G. Þorbjörnsson, greiði áfrýjanda, GS-varahlutum, 150.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. apríl 1992 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 8. júní 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands með stefnu, þingfestri 18. maí 1993 af GS-varahlutum hf., kt. 681272-2169, Hamarshöfða 1, Reykjavík, á hendur Benedikt G. Þorbjörnssyni, kt. 141255-4609, Staðarhúsum, Borgarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 341.261 kr. eða lægri fjárhæðar að mati dómsins með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 20. apríl 1992 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, þar

með talinn matskostnaður, samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins. Stefnandi krefst og, að áfallandi dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. apríl 1993, og dráttarvextir reiknist þannig af uppfærðum höfuðstól.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda og að málskostnaðarfjárhæð beri virðisaukaskatt.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti af stefnda bifreiðina FF-725, sem er af gerðinni Ford 250, árgerð 1979, með afsali, dagsettu 15. júní 1990. Kaupverð bifreiðarinnar var 700.000 kr. Kaup þessi urðu fyrir milligöngu Bílasölu Guðfinns með því, að stefndi afsalaði bifreiðinni R-72432, Dodge Caravan 1985, og greiddi stefndi í milligjöf 250.000 kr.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda bréf, dagsett 6. desember 1990, þar sem göllum á bifreiðinni FF-725 var lýst. Stefnandi seldi síðan umrædda bifreið með afsali, dagsettu 22. nóvember 1990, fyrir 350.000 kr.

Stefndi svaraði bréfi stefnanda með bréfi, dagsettu 12. desember 1990, án þess að taka afstöðu til kröfu stefnanda.

Hinn 8. janúar 1992 voru dómkvaddir sem matsmenn þeir Bent Jörgensen og Finnbogi Eyjólfsson. Skiluðu þeir skriflegri matsgerð 10. mars 1992. Í mati þeirra kom fram, að vél bifreiðarinnar hefði verið mjög slitin og drifhjól olíudælu í gírkassa og átaksbreytir (túrbína) muni ónýt.

Matsmenn reiknuðu út, að kostnaður við að koma vél bifreiðarinnar í nothæft ástand væri 278.067 kr. og gírkassa 63.194 kr., eða samtals 341.261 kr.

Stefnandi ritaði stefnda kröfubréf 20. mars 1992, en stefndi hafnaði kröfum stefnanda með bréfi, dagsettu 1. apríl 1992.

III.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefnda beri að greiða stefnanda skaðabætur eða afslátt af verði bifreiðarinnar, sem nemi því tjóni, er stefnandi hafi orðið fyrir vegna gallanna.

Kröfu um afslátt af kaupverði bifreiðarinnar styður stefnandi því, að bæði vél og gírkassi bifreiðarinnar hafi verið verulega gölluð, er stefnandi keypti bifreiðina. Um leynda galla hafi verið að ræða og ekki verið unnt fyrir stefnanda að sjá þá fyrir.

Stefnandi byggir kröfu sína um skaðabætur á því, að stefndi hafi vitað um gallana, er hann seldi stefnanda bifreiðina. Stefndi hafi annaðhvort vísvitandi eða af gáleysi gefið stefnanda rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar. Upplýst hafi verið, að vél bifreiðarinnar hafi verið nýupptekin,

og telur stefnandi, að líta verði svo á, að bifreiðin hafi ekki haft þá kosti, sem mátt hafi ætla, að hafi verið áskildir við kaupin.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og 1. mgr. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum og auglýsingu Seðlabanka Íslands um dráttarvexti. Krefst stefnandi dráttarvaxta einum mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs. Stefnandi vísar og til laga nr. 91/1991, einkum XXI. kafla um málskostnað og IX. kafla um matskostnað.

Stefndi vitnar í kröfu sinni um sýknu til þess, að bifreiðin hafi ekki við söluna haft leynda galla. Bifreiðin hafi verið 11 ára gömul og talsvert notuð. Stefndi kveður það ljóst vera, að svo gömul bifreið hljóti að vera slitin og úr sér gengin að mörgu leyti. Stefndi kveðst hafa látið gera við bifreiðina í maí 1990 hjá vélaverkstæðinu Vélabæ hf., Bæ, Borgarfirði. Skipt hafi verið um „heddpakkningu", athuguð forhitun, ræsir og hleðsla og sett í bílinn önnur sjálfskipting, sem talin hafi verið í viðunandi lagi. Við söluna hafi allar upplýsingar legið fyrir um nýafstaðna viðgerð, og hafi stefnanda verið bent á Vélabæ hf., sem gefið gæti upplýsingar um viðgerðina og ástand bifreiðarinnar. Stefndi hafi því fyllilega fullnægt upplýsingaskyldu sinni. Telur stefndi, að hafi stefnandi verið vanhaldinn af viðskiptunum, sé spurning, hvort hann hafi sinnt skoðunarskyldu sinni til fulls.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa haft samband við Vélabæ fyrr en um haustið 1990.

Mat á bifreiðinni hafi farið fram tæpum tveimur árum eftir sölu bifreiðarinnar til stefnanda. Kveðst stefndi vefengja sönnunargildi þeirra upplýsinga, sem matsmenn hafi um notkun bifreiðarinnar. Ekki sé óeðlilegt, að slit sé mikið á 11 ára gamalli vél og gírkassa, einkanlega þegar litið sé til þess, að dísilbifreiðar séu að öllu jöfnu meira notaðar en sambærilegar bifreiðar með bensínhreyfli. Stefndi kveðst og mótmæla matsgerðinni í heild sem sönnunargagni um, að bifreiðin FF-725 hafi við sölu til stefnanda haft leynda galla. Matsgerðin sé einungis sönnun um ástand bifreiðarinnar við skoðun í mars 1992.

Stefndi reisir málskostnaðarkröfu sína á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun úr hendi stefnanda styður stefndi lögum nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir þeirri kröfu sinni.

IV.

Í matsgerð þeirra Bents Jörgensen og Finnboga Eyjólfssonar, sem liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 10, segir m. a.:

1. a) Ástand hreyfilsins var eftirfarandi:

Sveifarás er allur mjög slitinn, og bæði höfuðlegur og stimpilstangalegur eru einnig slitnar, en þó ekki úrbræddar. Strokkar eru allir talsvert slitnir, og sama er að segja um stimpilhringa. Á stimpli númer 4 var efsti þéttihringur fastur. Strokklok og búnaður í þeim er í góðu ástandi, og hafa þau sýnilega fengið viðgerðarmeðferð nýlega. Annað strokklokið ber með sér að hafa verið heflað (planað), en strokkloksþétti hefur þó verið notað af staðlaðri þykkt. Strokklokin bera greinilega með sér, að hreyfillinn hefur brennt mikilli smurolíu. Engin sýnileg merki voru um óeðlilegan olíuleka á hreyflinum.

b) Ástand gírkassa var eftirfarandi:

Mjög mikið af fínu svarfi og málmögnum var í botnpönnu gírkassans. Drifhjól olíudælunnar er skemmt, þ. e. a. s. tengihök á því mjög slitin, og er greinilegt af því, að átaksbreytirinn (túrbína) muni vera ónýtur. Hann var hins vegar ekki tiltækur á matsfundi, þannig að öruggt væri, að matsmenn gætu fengið staðfest, að um væri að ræða þann, sem fylgdi umræddum gírkassa. Að öðru leyti var ekki að merkja neinar skemmdir á gírkassanum, og ekki voru neinar vísbendingar um olíuleka sýnilegar á honum eða að olíu hafi skort á smurfleti innri búnaðar hans.

2. a) Samkvæmt lýsingu á hreyflinum í lið 1 er augljóst, að hann hefur brennt mikilli smurolíu, og telja matsmenn, að orsök þess sé fyrst og fremst sú, hve strokkar og stimpilhringar eru slitnir. Einnig hefur það valdið einhverju, að annað strokklokið var heflað og sett á strokkstykkið án þess að leiðrétta þá breytingu, sem við það verður á þjöppunarhlutfalli. Sömuleiðis er ástæða til að ætla, að ventlar hafi verið slípaðir, þegar strokklokin voru tekin af, og sú aðgerð, ef ekki er skipt um stimpilhringa samfara henni, stuðlar einnig að því, að hreyfillinn fer að brenna smurolíu.

b) Með tilvísun í lið nr. 1 b) telja matsmenn, að bilun í átaksbreyti (túrbínu) sé frumorsök þess, að gírkassinn varð ónothæfur, enda er slíkt vel þekkt í bifreiðum með dísilhreyfli eins og þeirri, sem hér um ræðir.

3. a) Augljóst er, að hreyfillinn hefur ekki verið nýendurgerður, þegar matsbeiðandi keypti bifreiðina, en sýnilegt er, að viðgerð hefur farið fram á strokklokum skömmu fyrir þann tíma, enda hafa matsmenn undir höndum reikninga, sem staðfesta það. Matsmenn taka enga afstöðu til orðalagsins „nýupptekin“ í matsbeiðni, sem er algjörlega óskilgreint og getur þýtt nánast hvaða aðgerð, sem er, á hreyflinum.

b) Af því, sem hér að framan er sagt, og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem matsmenn hafa um notkun nefndrar bifreiðar, eftir að matsbeiðandi eignaðist hana, þykir óyggjandi, að nefndir gallar hafi verið í hreyfli og gírkassa bifreiðarinnar FF-725, þegar kaupin voru gerð 15. 6. 1990.

Matið fór fram 26. febrúar 1992 í húsakynnum GS-varahluta hf., Hamarshöfða 1, Reykjavík, þar sem hreyfillinn var, og hjá Sjálfskiptingarþjónustunni hf., Smiðjuvegi 5, Kópavogi, þar sem gírkassinn var. Viðstaddir voru ásamt matsmönnum Indriði Þorkelsson hdl., Guðmundur Sigurðsson og Ævar Friðriksson, fulltrúi matsþola. . . .“

Matsgerð þessi var staðfest fyrir dómi af öðrum matsmanna, Bent Jörgensen, og verður hún lögð til grundvallar sem sönnunargagn um ástand bifreiðarinnar, enda voru ekki gerðar neinar sérstakar athugasemdir við matið af hálfu matsþola á matsfundi.

Fram hefur komið í málinu, að stefndi lét gera við umrædda bifreið hjá vélaverkstæðinu Vélabæ hf. Hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi við söluna gefið þær upplýsingar og jafnframt bent stefnanda á, að unnt væri að fá nánari upplýsingar um viðgerðina hjá Vélabæ. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Sölumaður bifreiðarinnar bar hér fyrir dómi, að hann hefði í samræmi við upplýsingar frá stefnda og venju sett á söluspjald það, sem hékk í glugga bifreiðarinnar, „vél nýupptekin“.

Eins og fram kemur í matsgerð og í framburði sölumanns bifreiðarinnar, getur hugtakið „nýupptekin“ vísað til nánast hvaða viðgerðar, sem er, á vél bifreiða.

Þrátt fyrir það að líta beri svo á, að stefndi ábyrgist gagnvart stefnanda upplýsingar þær, sem sölumaður gaf við söluna, er ekki unnt að fallast á, að stefndi hafi með þeim ábyrgst, að ekkert væri að hreyfli eða gírkassa bifreiðarinnar.

Stefnandi, sem er vélfróður maður og hefur talsverða reynslu af að kaupa og selja notaðar bifreiðir, bar hér fyrir dómi, að hann hefði ekki skoðað vél bifreiðarinnar þrátt fyrir þær upplýsingar, sem fyrir lágu um, að vélin væri „nýuppgerð“.

Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir lágu við kaupin, sérþekkingar stefnanda og þeirra staðreynda, að um breytta bifreið hafi verið að ræða og ekki ljóst, hvað felst í hugtakinu „nýuppgerð“, hefði verið tilefni til þess af hálfu stefnanda að skoða bifreiðina nánar.

Samkvæmt framansögðu og því, að ekki liggur fyrir, að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en ætla mátti miðað við aldur og notkun hennar verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að bifreiðin FF-725 hafi verið með leynda galla við kaupin, sem stefndi beri ábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Í samræmi við niðurstöðu málsins skal stefnandi greiða stefnda 110.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til þeirrar skyldu stefnda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jan Jansen bifvélavirkjameistara og Claus Ballzus vélaverkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Benedikt G. Þorbjörnsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, GS-varahluta hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 110.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 223/1995. **Ágúst Ágústsson og**
Jóhanna M. Jóhannsdóttir
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Jóhannesi V. Skarphéðinssyni og
Unni Runólfsdóttur
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Afsláttur. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1995. Þau krefjast þess, að stefndu verði dæmd sameiginlega til að greiða þeim aðallega 1.770.017 krónur, til vara 1.548.706 krónur, en til þrautavara 800.000 krónur. Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af dæmdri fjárhæð frá 15. janúar 1992 til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með kaupsamningi 24. október 1991 keyptu áfrýjendur af stefndu fasteignina Hverfisgötu 63 í Hafnarfirði fyrir 8.800.000 krónur. Við kaupin kveðast áfrýjendur hafa treyst upplýsingum um stærð hússins, sem komu fram í söluyfirliti fasteignasala um eignina, en þar var grunnflötur þess sagður vera 177 fermetrar. Áfrýjendur kveðast hins vegar fyrst hafa orðið þess vör í nóvember 1993, þegar þau sjálf seldu fasteignina, að grunnflöturinn væri í reynd 141,4 fermetrar. Fyrir Hæstarétti reisa áfrýjendur kröfur sínar eingöngu á því, að þau eigi tilkall til afsláttar af kaupverði úr hendi stefndu af þessum sökum.

Áfrýjendur skoðuðu húsið að Hverfisgötu 63 þrívegis, áður en þau gerðu tilboð í fasteignina, þar af einu sinni með aðstoð byggingameistara, en auk þess höfðu þau aðgang að teikningum af húsinu. Teikningarnar voru samþykktar af byggingaryfirvöldum 1988,

þegar byggt var við húsið, en eldri hluti þess er sagður vera frá 1924. Á teikningunum er húsið sýnt í heild sinni. Þar er ekki greint frá heildargrunnfleti hússins, en mál koma þó fram á öllum þremur hæðum þess. Af þeim má ráða, að grunnflötur hússins sé allnokkru minni en hermt var í söluyfirliti. Þótt áfrýjendur hafi átt kost á að komast að raun um þetta með öllu nánari athugun, verður til þess að líta, að vegna ákvæða 2. töluliðar 1. mgr. 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, máttu áfrýjendur treysta réttmæti upplýsinga um grunnflöt hússins í söluyfirliti, enda virðist ekkert hafa átt að gefa þeim tilefni til annars við venjulega skoðun eignarinnar. Verður áfrýjendum því ekki metið í óhag að þau hafi gert ráð fyrir því við gerð kaupsamnings, að grunnflötur hússins væri 177 fermetrar, eins og greindi í söluyfirliti.

Áfrýjendur fengu fasteignina að Hverfisgötu 63 afhenta í nóvember 1991. Í héraðsdómsstefnu lýsa þau þáverandi ástandi hússins svo, að það hafi nánast verið eins og tilbúið undir tréverk. Þannig hafi kjallari verið óinnréttaður og útveggir þar staðið óklæddir, eldri hluti aðalhæðar hússins hafi að mestu verið í upprunalegri mynd og viðbygging á þeirri hæð að verulegu leyti ófrágengin, en endurbætur hafi verið komnar lengst á rishæð. Í stefnunni kemur fram, að áfrýjendur hafi á næstu tveimur árum lokið við aðalhæð hússins og ris, meðal annars með því að leggja parket að nokkru leyti á gólf og klæða loft og veggi. Virðast áfrýjendur hafa búið í húsinu, meðan á þessu stóð, eða allt þar til þau höfðu selt það með kaupsamningi 16. nóvember 1993.

Á þeim rúmlega tveimur árum, sem áfrýjendur bjuggu í húsinu að Hverfisgötu 63, máttu þau hæglega verða þess vör, að það væri um fimmtungi minna að flatarmáli en þau höfðu verið upplýst um, þegar þau keyptu það. Þeim mun frekar átti þeim að verða þetta ljóst við þær gagngeru endurbætur, sem þau kveðast hafa unnið á húsinu. Áfrýjendur gerðu hins vegar fyrst athugasemdir við stefndu af þessu tilefni með bréfi 20. júní 1994. Þegar þess er gætt og með hliðsjón af meginreglu 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup verður að telja áfrýjendur hafa glatað rétti til að bera fyrir sig gagnvart stefndu, að fasteigninni hafi verið áfátt að því leyti, sem að framan greinir. Verður héraðsdómur því staðfestur, að því er varðar sýknu stefndu af kröfum áfrýjenda.

Eftir atvikum málsins er rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 1995.

Mál þetta var þingfest 18. október 1994 og tekið til dóms 22. mars sl.

Stefnandi er Ágúst Ágústsson, kt. 250856-3939, og Jóhanna M. Jóhannsdóttir, kt. 231251-4139, Lyngbergi 9, Hafnarfirði. Stefndu eru Jóhannes V. Skarphéðinsson, kt. 010456-2669, og Unnur Runólfsdóttir, kt. 011257-6239, bæði til heimilis að Grænukinn 21, Hafnarfirði.

Með bréfi 31. október 1994 skoruðu stefndu skv. 21. gr. laga nr. 91/1991 á Ingvar Guðmundsson fasteignasala að veita sér styrk í málinu og gæta réttar síns.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru aðallega þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum 1.770.017 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. janúar 1992 til greiðsludags. Til vara er krafist 1.548.706 kr. með sömu vöxtum og til þrautavara 800.000 kr., einnig með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Höfuðstólsuppfærslu er krafist svo og málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

I.

Með kaupsamningi 24. október 1991 keyptu stefnendur húsið Hverfisgötu 63 í Hafnarfirði af stefndu. Í söluyfirliti hjá fasteignasölunni var húsið skráð 177 m^2 að stærð. Í nóvember 1993 settu stefnendur húsið á sölu. Kom þá í ljós, að stærð þess var einungis 141,4 m^2, og er ágreiningur aðila af því sprottinn.

Málavextir eru að öðru leyti þeir, að stefnendur sáu húsið auglýst til sölu og fóru á fasteignasöluna Ás og fengu svokallað söluyfirlit. Þar kom fram sú lýsing á húsinu, að það væri járnklætt timburhús, kjallari, hæð og ris. Húsið væri byggt 1944 (á að vera 1924) og væri 177 m^2 að grunnfleti. Sagt var, að það væri mikið endurnýjað, en stefnendur segja, að sú lýsing hefði verið stórlega ýkt. Þau hefðu við skoðun gert sér grein fyrir því. Hins vegar hefðu þau ekki gert sér grein fyrir, að húsið var minna að flatarmáli en upp gefið var. Stefnendur kveðast hafa skoðað húsið þrisvar. Í eitt skipti hefði byggingameistari skoðað með þeim. Hann hefði þó ekki athugað stærð

hússins sérstaklega. Í fyrsta sinn hefði stefnda Unnur verið ein heima og sýnt þeim húsið. Aðspurð um stærð hússins hefði Unnur svarað því til, að húsið væri um 177 m^2. Hefði hún sagt, að viðbygging hefði nýlega verið reist og ekki væri búið að taka húsið út eftir það. Þess vegna væru fasteignagjöld mjög lág. Þetta hefði komið heim og saman við fasteignamatsseðil, sem lá frammi á fasteignasölunni. Þar hefði húsið verið skráð 141,4 m^2 að stærð, en á söluyfirliti 177 m^2. Stefnendur hefðu því búist við, að viðbygging væri um 36 m^2 og ekki fundist það ólíklegt. Í ljós hefði komið síðar, að fasteignasalinn hefði fyrir misskilning talið húsið 177 m^2 að stærð og skráð það á söluyfirlit. Í ársbyrjun 1992 hefðu þau fengið sendan fasteignamatsseðil. Þar hefði húsið verið tilgreint 141,4 m^2. Þau hefðu talið sem fyrr, að viðbygging hússins væri ekki með talin.

Stefnendur hefðu átt áður húsið Lyngberg 9 í Hafnarfirði. Kaupandi þess húss hefði ekki staðið í skilum og þau því neyðst til að kaupa húsið á uppboði. Hefðu þau því ákveðið að selja Hverfisgötu 63 haustið 1993. Húsið hefði verið auglýst 177 m^2 að stærð. Þau hefðu fengið skilyrt tilboð í eignina um, að athugasemd væri gerð við stærð hennar. Hefðu þau þá hringt í Fasteignamat ríkisins og verið tjáð, að húsið hefði verið tekið út 1989 og væri allt 141,4 m^2 að stærð. Þar með talin viðbygging. Vegna þessa hefðu þau neyðst til að slá af verði hússins.

Stefnendur kveðast hafa keypt húsið á 8.800.000 kr. Þau hefðu endurbætt það fyrir um 2.400.000 kr. Þau hefðu fulllokið jarðhæð og risi og m. a. gert dýran stiga af jarðhæð upp í ris, keypt nýja eldhússinnréttingu, lagt parket á jarðhæð og „hol" í risi, klætt loft, gert nýja milliveggi og lagt rafmagn.

Stefndu komu fyrir dóm. Sögðust þau hafa keypt húsið 1980. Þau hefðu fengið arkítekt til að teikna viðbyggingu árið 1985. Þau hefðu byggt viðbygginguna, en ákveðið síðan að selja. Stefndi Jóhannes kvað sér alltaf hafa verið ljóst, að húsið var einungis 141,4 m^2 að stærð. Önnur opinber gögn væru ekki til um stærð hússins. Hann hefði farið með málsettar teikningar af húsinu til fasteignasalans ásamt fasteignamatsseðli, þar sem rétt stærð hefði komið fram. Fyrir misskilning hefði fasteignasalinn lagt saman stærð hússins samkvæmt fasteignamatsseðli við stærð viðbyggingar samkvæmt teikningu og fengið út 177 m^2. Þá stærð hefði fasteignasalinn sett inn á söluyfirlit, án þess að stefndu hefðu hugmynd um. Jóhannes kvaðst ekki hafa verið heima, er stefnendur skoðuðu í fyrsta sinn. Í annað sinn hefði hann verið heima, og hefðu aðilar rætt góða stund saman um húsið og byggingarsögu þess. Hefðu þau m. a. skoðað teikningar saman og hann útskýrt fyrir stefndu, hvernig hann hefði hugsað sér að standa að breytingum samkvæmt teikningu. Stefnda Unnur kannaðist ekki við að hafa nefnt fermetrastærð

hússins við stefnendur. Hún hefði sjálf ekki vitað um rétta fermetrastærð þess.

Sigríður Ásgeirsdóttir, kt. 160763-3969, kom fyrir dóm. Hún kvaðst hafa verið að leita sér að húsi í Hafnarfirði haustið 1991. Hefði hún m. a. skoðað Hverfisgötu 63. Stefnda Unnur hefði sýnt sér húsið og sagt eldri bygginguna vera rúmlega 140 m^2. Síðan hefði verið byggt við. Þessu hefur stefnda Unnur mótmælt og sagt, að hún hefði ekki vitað um stærð hússins. Vitnið Sigríður kvað hafa verið erfitt að átta sig á stærð eignarinnar vegna þess, hversu óskipulögð hún var og í miklum ranghölum.

Fasteignasalinn Ingvar Guðmundsson, kt. 051158-3279, kom fyrir dóm. Hann kvað þennan misskilning um stærð hússins hafa komið til á fasteignasölunni. Stefndu hefðu afhent teikningar og fasteignamatsseðil, þar sem rétt mál hefði komið fram. Fyrir misskilning hefðu mál samkvæmt þessum gögnum verið lögð saman og fengin út stærðin 177 m^2. Stefndu hefðu ekkert tjáð sig um stærð hússins, svo að þessi mistök væru ekki þeirra sök. Hann kvaðst hafa kannað þær auglýsingar sem birtust í blöðum á sínum tíma. Þar hefði ekki verið getið um stærð hússins.

Jóhannes R. Jóhannsson, kt. 251264-4819, keypti húsið af stefnendum. Hann kvaðst hafa verið að leita sér að húsi á þessum tíma. Hefði sér fundist, að húsið væri minna en 177 m^2, eins og auglýst var. Hefði hann því gert athugasemd við stærð þess. Settar hefðu verið 11.200.000 kr. á húsið í auglýsingum. Síðar hefði það verið lækkað í 10.700.000 kr., að hann minnti. Hann hefði í fyrstu boðið 10.000.000 kr., en hækkað sig um 100.000 kr. síðar. Eftir að í ljós hefði komið, að eignin var minni en auglýst hafði verið, hefðu aðilar sæst á 9.900.000. Stefnendur segja aftur á móti, að þau hefðu aldrei tekið tilboði Jóhannesar, að fjárhæð 10.100.000 kr., þar sem þeim hefði fundist það of lágt. Hins vegar hefðu þau látið til leiðast, þegar ljóst var, að húsið var 36 m^2 minna en haldið var. Jóhannes hefði einnig boðið svo til staðgreiðslu og þau verið í fjárhagsvandræðum.

– – –

III.

Málsástæður stefnenda eru þær, að það hafi verið forsenda fyrir kaupverði hússins, að það væri 177 m^2 að grunnfleti. Húsið hafi nánast verið tilbúið undir tréverk, og því hafi það umfram allt verið stærðin, sem þau voru að kaupa. Stærð húsnæðis ráði tíðast mestu um söluverð húsa. Því hafi þau fengið minna verð fyrir húsið, þegar þau seldu það. Miðað er við, að um meiri háttar stærðarfrávik, 35,6 m^2, hafi verið að ræða.

Stefnendur benda á til fyllingar, að þau hafi endurbætt húsið fyrir

2.400.000 kr. Til að sleppa skuldlaus frá kaupunum hefðu þau þurft að selja húsið á 11.200.000 kr. (kaupverð 8.800.000 kr. + endurnýju 2.400.000 kr.). Þau hafi einungis fengið 9.900.000 kr. fyrir húsið og því tapað 1.300.000 kr.

Máli sínu til stuðnings vísa stefnendur til 2. mgr. 42. gr. kaupalaga.

Málsástæður stefndu eru þær, að málsókn á hendur þeim geti ekki stuðst við almennu skaðabótaregluna, því að sök verði ekki fundin hjá þeim. Þau hafi lagt fram öll gögn um eignina, þ. á m. fasteignamatsseðil og málsettar teikningar, sem gefið höfðu upp rétta stærð á húsinu. Stefnendur hafi skoðað eignina með fagmanni og hefðu átt að gera sér grein fyrir stærðinni. Stefndu vitna einnig til tómlætis stefnenda. Tæp þrjú ár hafi liðið, uns þau kvörtuðu. Með ólíkindum sé, að stefnendur, sem staðið hafi að gagngerum endurbótum á eigninni, hafi ekki áttað sig fyrr á réttri stærð hússins. Ósannað sé, að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni, því að taka verði með í reikninginn, að fasteignir lækkuðu almennt frá hausti 1991 til hausts 1993. Stefndu mótmæla því, að verð húsa ráðist almennt af stærð þeirra eingöngu, ástand þeirra að öðru leyti, staðsetning o. fl. skipti einnig miklu máli. Þá benda stefndu á, að ekki sé annað að sjá en stefnendur hafi hagnast á eigninni, því að engin gögn hafi verið lögð fram um, hvað endurbætur kostuðu.

Dómurinn fór á vettvang ásamt lögmönnum og aðilum.

IV.

Viðurkennt er af hálfu fasteignasalans, að þau mistök urðu á skrifstofu hans, að eignin var sögð 177 m^2 í stað 141,4 m^2. Hefur fasteignasalinn útskýrt, hvernig á þeim misskilningi stóð. Var flatarmál viðbyggingar lagt við upp gefið flatarmál á fasteignamatsseðli í þeirri trú, að ekki væri búið að mæla húsið upp eftir breytingu. Í ljós kom síðar, að fasteignamatsseðillinn var réttur og fermetrafjöldi hússins aðeins 141,4 m^2. Fasteignasalinn heldur því fram, að stefndu hafi ekki vitað af þessum mistökum og ekki séð söluyfirlit, þar sem þessi villa kom fram. Ósannað þykir gegn andmælum stefndu Unnar, að hún hafi kynnt húsið stærra en það var. Stefndu teljast því hafa verið í góðri trú, og verða skaðabætur því ekki sóttar á hendur þeim eftir hinni almennu skaðabótareglu.

Þá kemur til skoðunar krafa stefnenda um afslátt, en lögmaður stefnenda reifaði málið fyrir dómi, m. a. með afsláttarsjónarmið í huga.

Fram hefur komið, að stefnandi Ágúst er iðnmenntaður, vélfræðingur að iðn. Hann vann að mestu sjálfur við að lagfæra húsið og endurbæta. Auk þess fékk hann aðstoð frá vinum, rafvirkja og smið. Með í kaupunum fylgdu teikningar af húsinu. Um var að ræða tvær teikningar arkítekts frá

1988, er viðbyggingin var reist, annars vegar útlitsteikningu og hins vegar teikningu, þar sem fram koma sneið, afstöðumynd og grunnmyndir hverrrar hæðar með máli. Þykir verða að líta til þessa við úrlausn málsins.

Þá þykir einnig verða að líta til þess, að stefnendur fengu fasteignamatsseðil sendan í byrjun árs 1992, þar sem fram kemur rétt fermetrastærð hússins. Gaf það stefnendum sérstakt tilefni til að kanna stærð hússins, t. d. með því að athuga teikningar. Sérstaklega þykir þó verða að líta til þess, að stefnendur áttu heimili og bjuggu í húsinu rúm tvö ár án þess að gera athugasemdir við stærð þess. Þegar allt þetta er virt og einnig það, að kvörtun var ekki komið á framfæri við stefnendur fyrr en sjö mánuðum eftir, að stefnendur vissu hið sanna í málinu, þykir ekki unnt að fallast á málsástæður þeirra og kröfu um afslátt. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu verða stefnendur dæmd til að greiða stefndu 120.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhannes V. Skarphéðinsson og Unnur Runólfsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Ágústs Ágústssonar og Jóhönnu M. Jóhannsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndu 120.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 33/1994. **Jöfur hf.**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
(Garðar Garðarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Reinhold Kristjánsson hdl.)
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Aðflutningsgjöld. Bifreiðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1994. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfu stefnda í aðalsök í héraði og kröfur sínar í gagnsök í héraði teknar til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum áfrýjanda, og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, tók áfrýjandi við umboði fyrir Jeep Cherokee-bifreiðir í nóvember 1989. Bifreiðir þær, sem um ræðir í málinu, voru allar fluttar inn árið 1990, hinar fyrstu í janúar það ár, en nokkrar þeirra voru ekki tollafgreiddar fyrr en í ársbyrjun 1991. Voru bifreiðirnar allar sjálfskiptar, og á aðflutningsskýrslum var þyngd þeirra tilgreind 1399 kg í öllum tilvikum nema tveimur, þar sem hún var sögð 1353 kg. Var þetta í samræmi við forskráningarvottorð Bifreiðaskoðunar Íslands hf., sem byggðust á gerðarskoðun, er fram hafði farið í október 1987 hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Á þeim tíma giltu umferðarlög nr. 40/1968, en í 2. gr. þeirra var eigin þyngd skilgreind svo, að hún væri þyngd ökutækis, sem tilbúið væri til notkunar, að með töldum öllum tækjum, sem nauðsynleg væru til notkunar

þess. Þyngd eldsneytis, smurningsolíu og kælivatns svo og ökumanns teldist þó ekki til eigin þyngdar. Við umrædda gerðarskoðun var skráning á eigin þyngd bifreiðanna miðuð við þessa skilgreiningu. Með umferðarlögum nr. 50/1987, sem tóku gildi 1. mars 1988, var skilgreiningu á eigin þyngd ökutækis breytt þannig, að til hennar skyldi einnig teljast eldsneyti, smurolía og kælivatn, sbr. 2. gr. laganna. Í 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum var eigin þyngd bifreiðar skilgreind á sama veg.

Ágreiningslaust er, að bifreiðir þær, sem mál þetta tekur til, voru að eigin þyngd 1530 kg samkvæmt nýnefndri skilgreiningu. Upplýsingar þær, sem fram komu í tollskjölum með bifreiðunum á árunum 1990 og 1991, voru því rangar að þessu leyti. Í niðurstöðu héraðsdóms er á því byggt, að bifreiðunum hafi verið breytt frá 1987, en það þykir ekki eiga stoð í gögnum málsins.

Samkvæmt 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 ber innflytjandi ábyrgð á því, að upplýsingar, sem veittar eru og veita ber í aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem lögð eru og leggja ber fram lögum samkvæmt, séu réttar. Túlka verður ákvæði þetta svo, að ríkar kröfur séu gerðar til innflytjenda um vönduð vinnubrögð við frágang tollskjala. Áfrýjandi var að hefja innflutning á bifreiðategund, er hann hafði ekki áður flutt inn. Um er að ræða fyrirtæki með langa reynslu af bifreiðainnflutningi, sem átti að þekkja vel til allra reglna og lagaákvæða þar að lútandi. Hafa ber hér hliðsjón af 32. gr. reglugerðar nr. 108/1988 um gerð og búnað bifreiða o. fl., sem kvað á um, að ný ársgerð bifreiðar skyldi færð til sérstakrar gerðarskoðunar. Ákvæði þetta var enn í gildi, að því er umræddar bifreiðir varðar, er áfrýjandi hóf innflutning þeirra, sbr. 33. gr. reglugerðar nr. 655/1989 um gerð og búnað ökutækja. Samkvæmt þessu var áfrýjanda rétt að hlutast til um nýja gerðarskoðun. Áfrýjanda mátti og vera ljóst, að eigin þyngd bifreiðanna, eins og hún var skráð í tollskjölum, var miðuð við aðra skilgreiningu þessa hugtaks en gilti samkvæmt nýjum umferðarlögum og reglugerð um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum. Forskráning bifreiðanna hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. eða sérstök vöruskoðun tollstjóra á einni bifreið í apríl 1990 réttlæta ekki rangar tilgreiningar í þessum efnum.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi talinn bera ábyrgð á hinni röngu tilgreiningu í tollskjölum. Tollstjóra var því heimil

endurákvörðun gjalda á áfrýjanda samkvæmt 3. mgr. 32. gr. tollalaga. Þar sem gögn áfrýjanda voru samkvæmt framansögðu ekki fullnægjandi, á frestur samkvæmt 1. mgr. 99. gr. tollalaga ekki við, og eru skilyrði 98. og 99. gr. laganna að öðru leyti uppfyllt. Ekki er ágreiningur með aðilum um fjölda bifreiða eða fjárhæðir.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jöfur hf., greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Áfrýjandi tók við sölu Jeep Cherokee-bifreiða hér á landi af öðrum innflytjanda nærri áramótum 1989-1990 og var ekki aðili að þeirri gerðarskoðun, sem fram fór í október 1987. Við hana var eigin þyngd bifreiða þessarar gerðar talin 1353 kg samkvæmt reglum eldri umferðarlaga og ákvörðuð eftir upplýsingum frá framleiðanda þeirra, eins og venja var til á þeim tíma. Eðlilegt hefði verið, að áfrýjandi hlutaðist til um nýja gerðarskoðun, þegar hann kom til skjalanna, sbr. síðari ákvæði gr. 0.3 í reglugerð nr. 655/1989 um gerð og búnað ökutækja. Um beina skyldu til þessa virðist þó ekki hafa verið að ræða, og ráðið verður af atvikum, að enginn hafi talið knýjandi nauðsyn nýrrar skoðunar að svo stöddu. Samkvæmt gögnum málsins verður við það að miða, að engin teljandi breyting hafi orðið frá árgerð 1987 til árgerðar 1990, er áhrif hefði á þyngd bifreiðanna. Jafnframt lá það fyrir, að eftir gildistöku nýrra umferðarlaga 1. janúar 1988 höfðu bifreiðirnar yfirleitt verið skráðar af opinberri hálfu með þeirri eigin þyngd, sem fram kom í tollskjölum áfrýjanda, þ. e. 1399 kg. Í málinu er ekki upplýst til hlítar, hvernig sú tala var fundin, en miðað við þyngdartölur í vörureikningum framleiðanda, sem svipaði til niðurstöðu skoðunarinnar frá 1987,

gat það staðist, að hún væri talin samrýmast þyngdarskilgreiningu hinna nýju laga. Að auki lá fyrir, að við bifreiðaskoðun hafði þeirri venju ekki verið breytt að byggja niðurstöður um eigin þyngd á gögnum frá framleiðendum, og var sú regla ekki tekin upp fyrr en í ársbyrjun 1991, að bifreiðir væru vigtaðar við gerðarskoðun. Verður þannig að efast um, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla fremur en aðrir fyrir þetta tímamark, að skoðun á bifreiðunum myndi leiða eitthvað nýtt í ljós um þyngd þeirra.

Telja verður nægilega sannað, að við tollafgreiðslu hinna umdeildu bifreiða hafi áfrýjandi farið eftir sams konar upplýsingum frá framleiðanda og fyrri innflytjandi og gert það í góðri trú. Þegar litið er til allra aðstæðna, verður hann ekki talinn hafa brugðist skyldum sínum á sviði tollalaga með þeim hætti, að hann eigi ekki að njóta hennar að neinu marki. Eins og málið liggur fyrir, ber að leysa úr því á þeim grunni, sem gert var í úrskurði ríkistollanefndar 26. ágúst 1991. Samkvæmt því var ríkistollstjóra heimilt að endurákvarða hið sérstaka gjald af þeim 63 bifreiðum, sem fluttar voru inn eftir svonefndri einfaldari tollmeðferð, vegna fortakslausra fyrirmæla fyrsta málsliðar 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 og hinnar auknu áhættu innflytjanda, er fylgir þeirri tollafgreiðslu. Hins vegar voru ekki efni til að endurákvarða gjald af 21 bifreið, sem fengið hafði almenna tollmeðferð, þar sem 60 daga frestur samkvæmt 1. mgr. 99. gr. var þá liðinn.

Af þessu leiðir, að sýkna ber málsaðila hvorn af annars kröfum. Er þá einnig rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. nóvember sl., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Friðrik Sophusson, kt. 181043-4669, höfðað á hendur Jöfri hf., kt. 681276-0259, Nýbýlavegi 2, Kópavogi, með þingfestingu málsins 26. maí 1992.

Gagnsök var höfðuð í málinu með stefnubirtingu 15. september 1992, og var hún þingfest 22. s. m.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök.

Stefnandi gerir þá kröfu, að felldur verði úr gildi sá hluti úrskurðar ríkistollanefndar í úrskurði nr. 7, dags. 26. ágúst 1991, varðandi þær 20 bifreiðar, er í úrskurðarorði greinir, svohljóðandi:

> „Endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum af 20 Jeep Cherokee-bifreiðum, sem Jöfur hf. tollafgreiddi í almennri tollafgreiðslu á árunum 1990 og fyrir 5. 2. 1991 og falla utan 60 daga frests 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, er felld úr gildi."

Á hendur stefnda, Jöfri hf., er gerð krafa um viðurkenningu gjaldskyldu hans á 66% sérstöku gjaldi af bifreiðum og bifhjólum skv. VII. gjaldflokki í 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 572/1988, af 21 Jeep Cherokee-bifreið og greiðslu á vangreiddum aðflutningsgjöldum, 2.144.837 kr., eða annarri lægri fjárhæð eftir ákvörðun dómsins. Gerð er krafa um dráttarvexti, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, frá 20. desember 1990 til greiðsludags.

Einnig er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda í aðalsök.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Dómkröfur stefnanda í gagnsök.

Stefnandi krefst endurgreiðslu á endurákvörðuðum aðflutningsgjöldum af 54 Jeep Cherokee-bifreiðum, samtals með dráttarvöxtum og virðisaukaskatti að fjárhæð 8.383.856 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, svo sem hér segir: af 2.269.816 kr. frá 16. október 1991 til 22. nóvember s. á., af 4.727.545 kr. frá þeim degi til 16. janúar 1992, af 6.922.690 kr. frá þeim degi til 30. apríl 1992, af 7.688.313 kr. frá þeim degi til 22. maí 1992, af 8.028.555 kr. frá þeim degi til 1. september 1992 og af 8.383.856 kr. frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1993.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda [...].

Dómkröfur stefnda í gagnsök.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um verulega lækkun á dómkröfum og að í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir í aðalsök.

Stefnandi í aðalsök lýsir málavöxtum á þá leið, að 25. júní 1991 hafi ríkistollstjóraembættið endurákvarðað aðflutningsgjöld af 84 sjálfskiptum Jeep Cherokee-bifreiðum, sem fyrirtækið Jöfur hf. flutti inn. Bifreiðarnar voru tollafgreiddar við embætti tollstjórans í Reykjavík á árunum 1990–1991 með 58% gjaldi skv. VI. gjaldflokki reglugerðar nr. 613/1987 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, sbr. reglugerð nr. 572/1988.

Endurákvörðun ríkistollstjóraembættisins á aðflutningsgjöldum bifreiðanna byggðist á því, að athugun embættisins á umræddum tollafgreiðslum leiddi í ljós, að eigin þyngd bifreiðanna, eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987, var yfir 1500 kg. Af því leiddi, að við flokkun á gjaldskyldu skv. 1. mgr. sömu greinar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 572/1988, átti að miða við VII. gjaldflokk, það er 66% gjald. Með endurákvörðuninni var gjaldtakan leiðrétt. Með bréfi lögmanns Jöfurs hf. 18. júlí 1991 var endurákvörðun ríkistollstjóra kærð til ríkistollanefndar með heimild í 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 8. gr. laga 96/1987.

Óskað var eftir greinargerð ríkistollstjóraembættisins vegna kærunnar, og var hún send með bréfi 12. ágúst 1991.

Ríkistollanefnd úrskurðaði í málinu 26. ágúst 1991. Staðfesti nefndin endurákvörðun embættisins á gjöldum á 62 bifreiðum, en felldi úr gildi endurákvörðun gjalda á 22 bifreiðum. Af þeim taldi nefndin ekki unnt að staðreyna þyngd tveggja bifreiða við innflutning, en varðandi 20 bifreiðar taldi nefndin, að ríkistollstjóraembættið hefði ekki haft heimild til að endurákvarða gjöld af þeim bifreiðum, sem tollafgreiddar voru í almennri tollafgreiðslu árið 1990 og fyrir 5. febrúar 1991 og falla utan 60 daga frests 1. mgr. 99. gr. tollalaga. Mál það, sem hér er höfðað, varðar þær 20 bifreiðar, sem síðast voru tilgreindar.

Eins og fram kemur á dskj. 20, voru þær bifreiðar, sem tollafgreiddar voru skv. almennri tollmeðferð fyrir 5. febrúar 1991, 21, en ekki 20. Með uppgjöri aðflutningsgjalda í framhaldi af úrskurðinum hefur hann verið leiðréttur að þessu leyti, sbr. dskj. nr. 72.

Málið er því höfðað vegna 21 bifreiðar, en ekki 20.

Stefndi í aðalsök lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi um áratugaskeið flutt inn og selt bifreiðar af ýmsum gerðum. Hinn 1. nóvember 1989 hafi sér verið falið umboð Jeep-bifreiða á Íslandi og fyrstu bifreiðarnar komið til landsins 16. janúar 1990. Voru allar bifreiðarnar, sem mál þetta snýst um, fluttar inn það ár, þó að nokkrar þeirra væru tollafgreiddar í ársbyrjun 1991.

Hinn 4. júní 1991 fól ríkistollstjóri tollstjóranum í Reykjavík viðeigandi

afgreiðslu á vangreiddum aðflutningsgjöldum stefnda vegna 84 sjálfskiptra Jeep Cherokee-bifreiða, sem stefndi flutti inn og tollafgreiddi við embætti tollstjórans í Reykjavík árin 1990–1991.

Þegar tollafgreiðslu var óskað á umræddum bifreiðum, voru lagðar fram aðflutningsskýrslur ásamt þeim gögnum, sem krafist var, að fylgdu slíkum skýrslum, þegar um tollafgreiðslu bifreiða var að ræða, en það eru forskráningarvottorð um viðkomandi bifreið, gefin út af Bifreiðaskoðun Íslands hf., áður Bifreiðaeftirliti ríkisins, farmskírteini, reikningur skipafélags og reikningur framleiðandans. Þyngd bifreiðanna skv. upplýsingum framleiðanda, sem fram koma á reikningi, er 1347 kg, en samkvæmt forskráningarvottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. vega bifreiðarnar 1399 kg. Eigin þyngd bifreiðanna náði því ekki 1500 kg, og féllu þær því undir VI. gjaldflokk reglugerðar nr. 613/1987 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, sbr. reglugerð nr. 572/1988, og voru tollafgreiddar með 58% sérstöku gjaldi.

Þegar bifreiðar þær, er mál þetta tekur til, voru tollafgreiddar, lá fyrir gerðarviðurkenning frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, seinna Bifreiðaskoðun Íslands hf. frá 1987. Samkvæmt henni voru árgerðir 1989 og 1990 af Cherokee-bifreiðum sagðar vega 1353 kg og 1399 kg.

Hinn 5. febrúar 1991 gaf Bifreiðaskoðun Íslands hf. út gerðarviðurkenningu, merkta QO66, um Chrysler Jeep Cherokee-bifreiðar í samræmi við nýjar reglur. Er hér um að ræða viðurkenningu um árgerð 1991 af framangreindum bifreiðum. Þar eru bifreiðarnar taldar vega 1500 kg beinskiptar, en 1530 kg sjálfskiptar.

Með bréfi, dags. 12. júní 1991, tilkynnti tollstjórinn í Reykjavík Jöfri hf., að samkvæmt gerðarskoðun Bifreiðaskoðunar Íslands hf. væri eigin þyngd umræddra bifreiða, veginna samkvæmt ISO-staðli, 1530 kg, sem valdi því, að af þeim hefði átt að greiða 66% sérstakt gjald. Var þess jafnframt krafist, að Jöfur hf. legði fram leiðréttar aðflutningsskýrslur og greiddi skuld þá, sem myndaðist við nýjan útreikning á sérstaka gjaldinu. Forsvarsmenn stefnda komu til viðræðna við fulltrúa ríkistollstjóra, og í kjölfar þeirra afturkallaði ríkistollstjóri bréf sitt til tollstjóra frá 4. júní 1991.

Með úrskurði 25. júní 1991 endurákvarðaði ríkistollstjóri aðflutningsgjöld á 84 Cherokee-bifreiðum, innfluttum af Jöfri hf.

Stefnda var veittur kærufrestur til ríkistollanefndar vegna endurákvörðunar ríkistollstjóra. Jafnframt var tollstjóranum í Reykjavík send endurákvörðunin 1. júlí 1991.

Með bréfi, dags. 18. júlí 1991, sbr. dskj. nr. 6, kærði lögmaður stefnda endurákvörðun ríkistollstjóra. Ríkistollstjóra var gefinn kostur á að tjá sig um kæru lögmanns stefnda, og er greinargerð ríkistollstjóra dagsett 12. ágúst 1991 á dskj. nr. 8.

Hinn 26. ágúst 1991 kvað ríkistollanefnd upp úrskurð í málinu, sbr. dskj. 18. Niðurstaða ríkistollanefndar var á þá leið, að endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum af 60 Jeep Cherokee-bifreiðum, sem stefndi tollafgreiddi með svokallaðri einfaldri tollmeðferð, var staðfest. Einnig var staðfest endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum vegna tveggja Jeep Cherokee, sem tollafgreiddar voru í almennri tollafgreiðslu eftir 5. febrúar 1991. Ríkistollanefnd felldi úr gildi endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum vegna tveggja Jeep Wagoneer Limited 1989. Að lokum og það, sem er grundvöllur krafna í aðalsök, er niðurfelling endurákvörðunar ríkistollstjóra á gjöldum af 20 Jeep Cherokee-bifreiðum, sem stefndi tollafgreiddi í almennri tollafgreiðslu árið 1990 og fyrir 5. febrúar 1991 og féllu utan 60 daga frests 1. mgr. 99. gr. tollalaga.

Ágreiningsefni í málinu eru þær bifreiðar, sem tollafgreiddar voru í almennri tollafgreiðslu árið 1990 og fyrir 5. febrúar 1991, eftir að 60 daga frestur 1. mgr. 99. gr. var liðinn. Á það er bent, að bifreiðarnar eru 21, en ekki 20, eins og segir í úrskurði ríkistollanefndar, og hefur úrskurðurinn verið skilinn og framkvæmdur, eins og um 21 bifreið væri að ræða. Svo sem fram kemur á dskj. nr. 20, eru viðbótargjöld skv. endurákvörðuninni miðuð við 21 bifreið. Þar kemur fram sundurliðun stefnufjárhæðar á hverja bifreið (sendingarnúmer).

Stefndi bendir á, að gerð sé krafa um viðurkenningu gjaldskyldu hans á 66% sérstöku gjaldi af bifreiðum og bifhjólum skv. VII. gjaldflokki í 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 572/1988, af 21 Jeep Cherokee-bifreið, og greiðslu á vangreiddum aðflutningsgjöldum, 2.144.837 kr. eða annarri lægri fjárhæð eftir ákvörðun dómsins. Þá geri stefnandi kröfu um dráttarvexti, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, frá 20. desember 1990, en þann dag var síðasta bifreiðin tollafgreidd, og til greiðsludags.

Málsástæður og lagarök stefnanda í aðalsök.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem eigin þyngd bifreiðanna var yfir 1500 kg, hafi innflytjanda borið að greiða aðflutningsgjöld skv. VII. gjaldflokki í reglugerð nr. 613/1987, sbr. reglugerð nr. 572/1988. Við álagninguna hafi upplýsingar fyrirtækisins í fram lögðum aðflutningsskjölum verið lagðar til grundvallar við tollafgreiðslu, þar sem fram hafi komið, að eigin þyngd bifreiðarinnar næði ekki 1500 kg. Þær upplýsingar hafi síðan reynst rangar. Með vísan til 16. gr. tollalaga beri innflytjandi ábyrgð skv. ákvæðum tollalaganna á því, að upplýsingar, sem veittar eru í aðflutningsskýrslum, séu réttar.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. tollalaga geti ríkistollstjóri endurákvarðað aðflutningsgjöld, sem ekki eru rétt lögð á, að fullnægðum skilyrðum 98. og 99.

gr. tollalaga, ef um hækkun gjalda sé að ræða. Gert sé ráð fyrir því, að skilyrði þeirra greina sé fullnægt. Samkvæmt 99. gr. sé frestur til endurákvörðunar aðflutningsgjalda takmarkaður við 60 daga, hafi innflytjandi látið í té fullnægjandi upplýsingar, sem miða mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda við. Hafi svo ekki verið og fram lögðum gögnum af hálfu innflytjanda verið áfátt, gildi tilgreindur frestur ekki. Það liggi fyrir í málinu, að eigin þyngd bifreiðanna var yfir 1500 kg og að rangar upplýsingar voru látnar í té af hálfu innflytjanda. Markmið álagningar hljóti alltaf að vera það, að hún sé rétt og lögum samkvæmt.

Málsástæður og lagarök stefnda í aðalsök.

Stefndi bendir á, að þær bifreiðar (21 Jeep Cherokee), sem hér er krafist aukinna aðflutningsgjalda fyrir, hafi allar verið tollafgreiddar í almennri tollmeðferð fyrir 5. febrúar 1991. Samkvæmt 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 hafi tollyfirvöld 60 daga frest til þess að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld frá afhendingu vöru eða sendingar. Ríkistollstjóri hafi endurákvarðað aðflutningsgjöldin 25. júní 1991. Þá hafi frestur þessi verið löngu liðinn og skilyrðum 2. mgr. 99. gr., sbr. 1. mgr. 98. gr. sömu laga, til endurákvörðunar sé því ekki til að dreifa í þessu máli. Í athugasemdum með frumvarpi til tollalaga komi fram um 99. gr., að hún sé sett til þess að eyða réttaróvissu á sviði tollamála, m. a. um fresti til endurákvörðunar á aðflutningsgjöldum. Markmiðið með lagafrumvarpinu hafi verið að auka réttaröryggi á sviði tollamála, og í athugasemdum með greininni sé vikið að gildi hinnar góðu trúar í þessum efnum.

Eins og fram komi réttilega í úrskurði ríkistollanefndar, hafi forsvarsmenn Jöfurs hf. verið í góðri trú um þyngd bifreiðanna. Það styðjist m. a. við eftirfarandi atriði:

1. Skráðar upplýsingar hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. tilgreina þyngd 1353 kg og 1399 kg. Þær upplýsingar eru komnar frá fyrrverandi umboðsaðila Jeep-bifreiða á Íslandi, en ekki frá Jöfri hf.

2. Vörureikningar frá framleiðanda bifreiðanna til Jöfurs hf. tilgreina þyngdina 1347 kg á bifreiðum þessum. Sama þyngd er einnig tilgreind í „Bill of Lading".

3. Telja verður, að forsvarsmenn Jöfurs hf. hafi mátt treysta ofangreindum upplýsingum, sem allar renndu stoðum undir það, að bifreiðarnar væru minna en 1500 kg. Það væri óraunhæft með öllu að ætlast til þess, að þeir færu að vefengja ofangreindar upplýsingar.

4. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum er með „eigin þyngd" bifreiðar átt við þyngd, eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar,

ISO, nr. 1176, Road Vehicles Weights Vocabulary (töluliður 4.6), „og er þá miðað við ökutæki, tilbúin til aksturs, m. a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti".

Sams konar ákvæði var sett í 2. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, er tóku gildi 1. mars 1988.

Þar sem hér var um nýmæli að ræða um ákvörðun eigin þyngdar, hefði Bifreiðaeftirliti ríkisins, er þá var enn starfandi, borið skylda til að gerðarskoða öll nýinnflutt ökutæki í samræmi við hinar nýju reglur.

Stefndi kveðst ekki hafa byrjað að flytja inn Cherokee Jeeps fyrr en í janúar 1990, og þess vegna hafi hann mátt treysta því, að gerðarskoðun af hálfu opinberra aðila hefði verið færð í löglegt horf. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en 5. febrúar 1991, er Bifreiðaskoðun Íslands hf. hafði starfað rúm tvö ár. Þeirri stofnun var komið á fót með stofnsamningi 21. júlí 1988 á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra um yfirtöku á skoðun ökutækja fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989–2000. Samkvæmt grein 1.03. b. og c. er í stofnsamningi og samþykktum félagsins tilgangur þess m. a.: „Gerðarskoðun ökutækja" og „Nýskráning ökutækja í samvinnu við bifreiðaumboð".

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi verði að bera hallann af þessum trassaskap hins opinbera. Annað væri afar ósanngjarnt gagnvart Jöfri hf., sem hafi fram til 5. febrúar 1991 greitt hin upphaflegu aðflutningsgjöld í góðri trú um þyngd bifreiðanna og verðlagt þær til kaupenda í samræmi við 58% aðflutningsgjöld.

5. Þá er og byggt á þeirri málsástæðu, að vöruskoðun af hálfu tollyfirvalda og tollafgreiðsla samkvæmt henni sé bindandi fyrir tollyfirvöld, þar til annaðhvort varan tekur breytingum eða breytingar verða á lögum eða reglugerðum um aðflutningsgjöld.

Stefndi telur, að vöruskoðun, sem fram fór á bifreiðinni, er var tollafgreidd 4. maí 1990 (sendingarnúmer S Heg 16010NL RTM AO43), sbr. dskj. nr. 20 og 26, sé bindandi fyrir tollyfirvöld um tollafgreiðslu á öllum öðrum Cherokee-bifreiðum, þar til nýja gerðarviðurkenningin nr. QO66, dags. 5. febrúar 1991, var gefin út af Bifreiðaskoðun Íslands hf. Stefndi heldur því fram, að þetta sé gildandi verklagsregla tollyfirvalda.

6. Enn fremur bendir stefnandi á, að túlka beri ákvæði 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 um það, að innflytjandi beri ábyrgð á því, að upplýsingar séu réttar, á þann veg, að upplýsingar séu huglægt (subjektivt) „réttar", gefnar í góðri trú, enda þótt síðar komi í ljós, að þær voru hlutlægt (objektivt) ekki réttar.

7. Að endingu er vísað til traustfangsreglna stjórnsýsluréttar.

Málskostnaðarkrafa er reist á 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavextir í gagnsök.

Um málavexti í gagnsök má að mestu vísa til málavaxta í aðalsök.

Stefnandi í gagnsök lýsir málavöxtum á þann veg, að með bréfi, dags. 12. júní 1991, hafi tollstjórinn í Reykjavík tilkynnt Jöfri hf., að samkvæmt gerðarskoðun Bifreiðaskoðunar Íslands hf. væri eigin þyngd umræddra bifreiða, veginna samkvæmt ISO-staðli, 1530 kg, sem ylli því, að af þeim hefði átt að greiða 66% sérstakt gjald. Var þess jafnframt krafist, að Jöfur hf. legði fram leiðréttar aðflutningsskýrslur og greiddi skuld þá, sem myndaðist við nýjan útreikning á sérstaka gjaldinu.

Með úrskurði 25. júní 1991 endurákvarðaði ríkistollstjóri aðflutningsgjöld á 84 Cherokee-bifreiðum, innfluttum af Jöfri hf. Þann úrskurð kærði Jöfur hf. til ríkistollanefndar 18. júlí s. á. Ríkistollanefnd felldi sinn úrskurð 26. ágúst 1991. Samkvæmt þeim úrskurði var endurákvörðun ríkistollstjóra staðfest á 62 bifreiðum, er hlotið höfðu einfalda tollmeðferð (ET), en ákvæði úrskurðar vegna 22 bifreiða, er hlotið höfðu almenna tollmeðferð, voru felld úr gildi.

20. september 1991 ritaði tollstjórinn í Reykjavík stefnanda bréf og krafði hann um hin endurákvörðuðu aðflutningsgjöld af ofannefndum 62 bifreiðum, þ. e. vangreidd aðflutningsgjöld með virðisaukaskatti, en án dráttarvaxta, sbr. dskj. nr. 66. Allar ofangreindar bifreiðar höfðu hlotið einfalda tollmeðferð (ET), sbr. 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Ein af þessum bifreiðum, sú með sendingarnúmer S HEG 1601 0NL RTM AO 43, tollafgreidd 4. maí 1990, hafði verið vöruskoðuð, og breyttist við það tollmeðferð hennar úr ET-meðferð í almenna tollmeðferð. Af þessari ástæðu endurgreiddu tollyfirvöld stefnanda 27. nóvember 1991 viðbótaraðflutningsgjöldin af þeirri bifreið. Nam sú endurgreiðsla 174.378 krónum.

Stefnandi hefur greitt hinar auknu álögur á bifreiðarnar sem hér segir:

1. 16. október 1991 alls 2.444.139 kr. Þar frá dregst endurgreiðsla vegna bifreiðanna S HEG 1601 O NL RTM AO 43, 174.378 kr. Eftir standa 2.269.816 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

2. 22. nóvember 1991 alls 2.457.729 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

3. 16. janúar 1992 2.344.517 kr. Þessari fjárhæð til frádráttar koma 149.372 kr., sem eru viðbótargjöld vegna bifreiðarinnar S Dis 27 11 O NL RTM AO 63, en hún var tollafgreidd eftir 5. febrúar 1991. Eftir standa þá 2.195.145 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

4. 30. apríl 1992 1.027.915 kr. Þessari fjárhæð til frádráttar koma alls 262.292 kr., sem eru viðbótargjöld vegna bifreiðanna S Heg 05 12 0 NL RTM AO 64 (og 66), er báðar voru tollafgreiddar eftir 5. febrúar 1991. Eftir standa þá 765.623 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

5. 22. maí 1992 609.452 kr. Þessari fjárhæð til frádráttar koma alls 269.210 kr., sem eru viðbótargjöld vegna bifreiðanna S Heg 19 12 O NL RTM AO 42 (og 62), er báðar voru tollafgreiddar eftir 5. febrúar 1991. Eftir standa þá 340.242 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

6. 1. september 1992 692.780 kr. Þessari fjárhæð til frádráttar koma alls 337.479 kr., sem eru viðbótargjöld vegna bifreiðanna S Dis 20 02 0 NL RTH AO 70 og S Dis 27 11 0 NL RTM AO 56, er báðar voru tollafgreiddar eftir 5. febrúar 1991. Eftir standa þá 355.301 kr., sem krafist er endurgreiðslu á.

Stefndi í gagnsök vísar til málavaxtalýsingar í aðalsök. Grundvöllur mála þessara sé úrskurður ríkistollanefndar á dskj. nr. 18, en samkvæmt honum hafi verið felld úr gildi endurákvörðun ríkistollstjóra vegna aðflutningsgjalda vegna 20 bifreiða (á að vera 21). Um gjaldskyldu á þeim bifreiðum sé deilt í aðalsök. Hins vegar hafi ríkistollanefnd staðfest endurákvörðun gjalda á 60 bifreiðum, sem tollafgreiddar hafi verið með svokallaðri einfaldri tollmeðferð.

Krafan í gagnsök er um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna 54 bifreiða, sem allar voru tollafgreiddar með einfaldri tollafgreiðslu.

Málsástæður og lagarök stefnanda í gagnsök.

Gagnstefnandi heldur því fram, að endurákvörðun ríkistollanefndar á aðflutningsgjöldum af Cherokee-bifreiðunum, þeim er höfðu verið tollafgreiddar fyrir 5. febrúar 1991, sé afar ósanngjörn gagnvart Jöfri hf., sem hafi fram að þeim tíma greitt hin upphaflegu aðflutningsgjöld í góðri trú um þyngd bifreiðanna og verðlagt þær í samræmi við 58% aðflutningsgjöld. Hin góða trú forsvarsmanna Jöfurs hf., sem viðurkennd sé í úrskurði ríkistollanefndar, sé studd þeim atriðum, sem rakin eru í sjö töluliðum í málsástæðum stefnda í aðalsök, en stefnandi í gagnsök bætir eftirfarandi atriðum við sjöunda lið:

Hvað varðar það atriði, að bifreiðar þessar hafi verið tollafgreiddar með svokallaðri einfaldri tollmeðferð (ET) og því sé heimilt að endurákvarða gjöldin án tímatakmarkana andstætt því, sem gildir við almenna tollafgreiðslu, sbr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, þá er þessu til að svara:

Lagagrein þessi og ýmsar aðrar greinar laganna voru settar til þess að eyða réttaróvissu á sviði tollamála, m. a. um fresti til endurákvörðunar á

aðflutningsgjöldum. Markmiðið með lagafrumvarpi þessu var að auka réttaröryggi á sviði tollamála. Til óþolandi réttaróvissu leiðir, ef tollyfirvöld geta án nokkurra tímamarka endurákvarðað aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem hlotið hafa einfalda tollmeðferð. Að minnsta kosti verður að telja slíkt hæpið, þegar innflytjandi er í góðri trú og sú trú byggist m. a. á upplýsingum frá Bifreiðaskoðun Íslands hf., er á að hafa yfir réttum upplýsingum að ráða. Hér koma til álita traustfangsreglur á sviði stjórnarfarsréttar, en inntak þeirra er, að ívilnandi stjórnarathöfn, sem einstaklingur eða persóna að lögum sætir í góðri trú, skuli í ýmsum tilvikum standa, enda þótt hún sé röng að efni til.

Um málskostnað er vísað til 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda í gagnsök.

Stefndi í gagnsök bendir á, að óumdeilt sé í málinu, að allar bifreiðarnar vegi meira en 1500 kg. Beri því að greiða sérstakt gjald skv. VII. gjaldflokki reglugerðar nr. 613/1987 með síðari breytingum. Jafnframt hafi allar bifreiðarnar, sem gagnsökin fjallar um, verið tollafgreiddar skv. reglum um einfalda tollmeðferð. Um hana gildi reglur nr. 510/1990, sem leystu af hólmi reglur nr. 367/1984. Einfalda tollmeðferðin sé hraðari og endurskoðun tollskjala með öðrum hætti en við almenna tollmeðferð og því ríkari skyldur lagðar á herðar innflytjanda. Ótvíræð heimild sé skv. 2. mgr. 99. gr. tollalaga til að endurákvarða tolla og önnur gjöld, þó að 60 daga frestur 1. mgr. 99. gr. s. l. sé liðinn, ef innflytjandi hafi fengið vöruna afgreidda samkvæmt reglum um einfalda tollmeðferð.

Gagnstefnandi beri ábyrgð á allri skýslugjöf sinni til tollyfirvalda, sbr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987. Jafnframt beri hann ábyrgð á því, að þau skjöl, sem hann leggur fram, séu rétt. Ekki skipti máli, við hvaða gögn hann styðst við gerð aðflutningsskýrslna.

Gagnstefnandi stundi innflutning á bifreiðum í atvinnuskyni. Hann eigi að vita um þær reglur, sem gilda um útfyllingu á aðflutningsskýrslum, og gera sér grein fyrir þýðingu þess, að rétt eigin þyngd bifreiða sé tilgreind, jafnframt þeirri ábyrgð, sem hann beri, ef hann fylli ekki skýrslur út lögum samkvæmt eða gögn, sem hann leggur fram, séu ekki rétt. Það sé hans að afla gerðarviðurkenningar fyrir þær bifreiðar, er hann flytur inn. Bent er á, að skv. dskj. nr. 14 hafi gerðarviðurkenningar fyrir Jeep Cherokee verið aflað í október 1987 og breyting orðið á bifreiðunum frá þeim tíma og til febrúar 1991. Auk þess hafi orðið breyting á því, hvað felist í hugtakinu „eigin þyngd“ 1. mars 1988. Gagnstefnanda hafi því borið að afla nýrrar gerðarviðurkenningar fyrr.

Því er með öllu hafnað, að gagnstefndi beri ábyrgð á Bifreiðaskoðun Íslands hf. Um sé að ræða hlutafélag, sem tók til starfa 1. jan. 1989, og skv. dskj. nr. 48 er gagnstefnandi Jöfur hf. einn af stofnendum þess.

Um vöruskoðun bifreiðarinnar með sendingarnúmerinu S HEG 16 01 0 NL RTM AO43, sbr. dskj. nr. 26, er því haldið fram, að tollskoðun vegna tollmeðferðar umræddrar bifreiðar geti hvorki bundið tollyfirvöld um eigin þyngd hennar né leitt til þess, að aðflutningsgjöld annarra bifreiða verði ranglega ákvörðuð, sbr. dskj. nr. 69.

Að öðru leyti er vísað til fram lagðra gagna stefnanda í aðalsök.

Um málskostnað er vísað til 129. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða í aðalsök.

Stefnandi vitnar til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/1987 um ábyrgð innflytjanda á réttum upplýsingum til tollyfirvalda. Af hálfu stefnda er haldið fram, að hann hafi huglægt séð veitt réttar upplýsingar.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi skilaði inn gerðarviðurkenningu, sem unnin var árið 1987 af Bifreiðaeftirliti ríkisins vegna bifreiða, sem hann flutti inn árið 1990 og í ársbyrjun 1991. Í gerðarviðurkenningunni kemur fram, að bifreiðar af gerðinni Jeep Cherokee vógu 1353 kg og féllu þar með undir tollflokk nr. VI og voru afgreiddar með 58% tolli. Bifreiðaskoðun Íslands hf. gaf út gerðarviðurkenningu vegna sömu tegundar bifreiða 5. febrúar 1991, og kom þá í ljós, að Jeep Cherokee-bifreiðar, árgerð 1990 og 1991, vógu 1500 og 1530 kg eftir því, hvort um sjálfskiptar eða beinskiptar bifreiðar var að ræða, en þar með flokkuðust bifreiðarnar í tollflokk nr. VII og voru afgreiddar með 66% tolli.

Stefnandi þykir þrátt fyrir mótmæli stefnda hafa sýnt fram á, að það var umboðsaðila bifreiðarinnar að fara fram á gerðarskoðun hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf., en ekki hins fyrrnefnda að hafa frumkvæðið að því, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 655/1989, sem sett var samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Í 32. gr. reglugerðar nr. 108/1988, sem var einnig sett samkvæmt áðurnefndum umferðarlögum, segir: „Þegar ný gerð eða árgerð bifreiðar er flutt til landsins, skal hún færð til sérstakrar gerðarskoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þar sem gengið er úr skugga um, að búnaður hennar allur sé í samræmi við settar reglur.“ Stefndi lagði ekki fram nýja gerðarviðurkenningu, þrátt fyrir það að hann væri að flytja inn nýja árgerð bifreiða, sem auk þess var breytt frá fyrri árgerð. Þá hafði reglum um eigin þyngd bifreiða verið breytt á þessum tíma. Stefndi verður þrátt fyrir mótmæli að bera hallann af því, að hann lagði ekki fram réttar upplýsingar til tollyfirvalda.

Í 2. mgr. 99. gr. áðurnefndra laga er fjallað um heimild til endurákvörð-

unar tolla og annarra gjalda þrátt fyrir ákvæði í 1. mgr. sömu greinar, sem kveður á um 60 daga frest. Síðan er fjallað um skilyrði þess, að ákvæðinu sé beitt, en þar kemur fram, að endurákvörðun sé heimil þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., t. d., ef fram lögðum gögnum er áfátt, sbr. 1. mgr. 98. gr. títtnefndra laga, og gjöld þannig vanreiknuð við tollafgreiðslu.

Í greinargerð með 99. gr. laganna segir: „Greinin er nýmæli, og þrengir hún mjög rétt til endurákvörðunar aðflutningsgjalda á vörum, eftir að þær hafa verið tollafgreiddar. Nokkurrar réttaróvissu hefur gætt um það, hversu lengi sé heimilt að endurákveða gjöld, ef fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram hjá tollyfirvaldi. Lagt er til með greininni, að tiltekinn verði ákveðinn frestur, allt að sextíu dagar fyrir hvorn aðila, til þess að krefjast leiðréttingar. Framangreind tímamörk gilda þó m. a. ekki, ef innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vörunnar. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar."

Þrátt fyrir mótmæli stefnda verður að fallast á með stefnanda, að í því tilviki, sem hér um ræðir, gildi tímamörk 2. mgr. 99. gr. laga nr. 55/1987 ekki, svo að tollstjóra hafi verið heimilt að endurákvarða tolla, þar sem fram lögðum gögnum var áfátt, svo sem tilgreint er í niðurlagi greinarinnar.

Þá þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að inntak traustfangsreglna stjórnarfarsréttar eigi ekki við. Hér er ekki um ívilnandi stjórnvaldsathöfn að ræða, heldur gjaldtöku í formi skatta, sem var vanáætluð vegna rangra upplýsinga stefnda.

Þegar litið er til þess, sem hér að framan greinir, þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda í aðalsök með vísan til þeirra laga- og reglugerðarákvæða, sem hér að framan hafa verið rakin. Niðurstaðan er því sú, að felldur er úr gildi sá hluti úrskurðar ríkistollanefndar í úrskurði nr. 7, dags. 26. ágúst 1991, á dskj. nr. 18 um þær 20 bifreiðar, sem í úrskurðarorði greinir, svohljóðandi: „Endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum af 20 Jeep Cherokee-bifreiðum, sem Jöfur hf. tollafgreiddi í almennri tollafgreiðslu á árunum 1990 og fyrir 5. 2. 1991 og falla utan 60 daga frests 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, er felld úr gildi."

Fram hefur komið, að bifreiðarnar, sem hér um ræðir, voru 21, en ekki 20, sbr. dskj. nr. 72. Hefur því ekki verið mótmælt af stefnda, og er miðað við 21 bifreið við úrlausn málsins. Stefndi, Jöfur hf., greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 2.144.837 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 20. desember 1990 til greiðsludags, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Rétt þykir, að málskostnaður í aðalsök falli niður.

Niðurstaða í gagnsök.

Gagnstefnandi, Jöfur hf., hefur krafist endurgreiðslu á endurákvörðuðum aðflutningsgjöldum af 54 bifreiðum, samtals að fjárhæð 8.383.856 kr., auk dráttarvaxta.

Telja verður með vísan til niðurstöðu ríkistollanefndar í úrskurði á dskj. nr. 18, að stefndi í gagnsök hafi sýnt fram á, að tollyfirvöld hafi rúman rétt til endurákvörðunar tolla, þegar innflytjandi velur flýtimeðferð þá, sem í úrskurði er lýst, sbr. 2. mgr. 99. gr. tollalaga.

Með vísan til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í niðurstöðu í aðalsök, og þess, sem hér að framan greinir, er aðalstefnandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýknaður af kröfum stefnanda í gagnsök, Jöfurs hf.

Rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir lögfræðingur flutti málið f. h. stefnanda í aðalsök.

Jón Ármann Guðjónsson lögfræðingur flutti málið f. h. stefnanda í gagnsök.

Dóminn kveður upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi sá hluti úrskurðar ríkistollanefndar í úrskurði nr. 7, dags. 26. ágúst 1991, um þær 20 bifreiðar, sem í úrskurðarorði greinir, svohljóðandi:

„Endurákvörðun ríkistollstjóra á gjöldum af 20 Jeep Cherokee-bifreiðum, sem Jöfur hf. tollafgreiddi í almennri tollafgreiðslu á árunum 1990 og fyrir 5. 2. 1991 og falla utan 60 daga frests 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, er felld úr gildi."

Stefndi í aðalsök, Jöfur hf., greiði stefnanda í aðalsök, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 2.144.837 kr. með dráttarvöxtum frá 20. desember 1990 til greiðsludags, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Málskostnaður í aðalsök fellur niður.

Stefndi í gagnsök, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda í gagnsök, Jöfurs hf.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 70/1996. **Sýslumaðurinn á Akureyri**

gegn

Kristófer Arnari Einarssyni

(Sigurður Eiríksson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Lögregluransókn, sem mál þetta á rætur að rekja til, virðist í upphafi hafa beinst að því, hvort varnaraðili væri eigandi að amfetamíni og hassi, sem fannst við húsleit á Akureyri 8. febrúar sl. Rannsókn málsins lýtur nú að auki að ætlaðri sölu og dreifingu varnaraðila á fíkniefnum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 11. febrúar sl. játaði varnaraðili að eiga þau 12 grömm af amfetamíni, sem fundust við húsleitina. Rannsókn á þeim þætti málsins er því svo langt á veg komin, að frekara gæsluvarðhalds er ekki þörf af þeim sökum. Af gögnum málsins má hins vegar ráða, að síðarnefnda rannsóknarefnið kunni að vera yfirgripsmikið og geti meðal annars varðað fleiri, sem enn er eftir að yfirheyra. Virðist sá þáttur rannsóknarinnar skammt á veg kominn. Samkvæmt því verður fallist á, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fyrir gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Það athugast, að af gögnum málsins virðist varnaraðili hafa verið handtekinn föstudaginn 9. febrúar sl. kl. 17.45. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 18.00 10. sama mánaðar. Engar skýringar á þeirri töf er að finna í gögnum málsins. Var þá lögð fram

í dómi krafa um gæsluvarðhald, en í henni er lýsingu sakargifta á hendur varnaraðila ábótavant. Við það tækifæri tók dómarinn skýrslu af varnaraðila, sem var í verulegum atriðum áfátt. Héraðsdómari frestaði málinu og tók það aftur fyrir 11. febrúar sl. kl. 18.00. Þá kvað hann ekki upp rökstuddan úrskurð, heldur tók að nýju skýrslu af varnaraðila. Í kjölfar þess var hinn kærði úrskurður kveðinn upp um kl. 19.00. Þá voru liðnar rúmar 49 klukkustundir, frá því að varnaraðili var handtekinn, og 25 klukkustundir, frá því að hann var upphaflega leiddur fyrir dómara. Þessi málsmeðferð var andstæð 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og er hún vítaverð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 11. febrúar 1996.

Með kröfu, dags. í gær, krefst sýslumaðurinn á Akureyri þess, að Kristófer Arnari Einarssyni verkfræðinema, kt. 030775-3929, Rauðarárstíg 40, Reykjavík, verði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldsvist til laugardagsins 17. febrúar 1996 vegna grunar um fíkniefnabrot. Hafi hann verið handtekinn 9. þ. m. í framhaldi af handtöku þriggja manna 8. þ. m., en við leit í híbýlum þeirra hafi fundist 12 grömm af amfetamíni og 17 grömm af hassi. Fyrir lögreglu hafi þeir Jónas Oddur Jónasson og Sigurður Skjaldberg borið, að Kristófer Arnar Einarsson hafi verið eigandi amfetamínsins, sem Kristófer Arnar og Jónas Oddur vigtuðu í 12 pakkningar, hafandi drýgt það með mjólkursykri.

Hér hjá lögreglu í dag viðurkenndi Kristófer Arnar að hafa keypt 10 grömm af amfetamíni í Hafnarfirði fyrir 25.000 kr. Hann upplýsti hér fyrir dómi, að hann neytti amfetamíns um helgar, og væri neyslan milli 3 og 4 grömm, og teldist hann stórneytandi.

Hingað í bæinn kom hann með vog, sem hann hefur undir höndum til að vega fíkniefni.

Hann neitar því staðfastlega að hafa ætlað að selja amfetamín hér, heldur hafi þetta verið ætlað til eigin neyslu. Hann bendir á, að sér hafi verið í lófa lagið að koma undan sönnunargögnum, hefði hann ekki hreinan skjöld, þar sem hann hefði vitað um handtöku félaga sinna a. m. k. 5 tímum áður en hann var handtekinn.

Fulltrúi sýslumanns heldur því fram, að rannsóknarhagsmunir krefjist þess, að gæsluvarðhaldi verði beitt.

Álit dómsins:

Miðað við upplýsingar Kristófers Arnars um eigin amfetamínsneyslu og það magn amfetamíns, sem hann átti, ber með vísan til a-stafliðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfuna um gæsluvarðhaldsvist yfir Kristófer Arnari Einarssyni til greina, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 laugardaginn 17. febrúar 1996.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Kristófer Arnar Einarsson, kt. 030775-3929, Rauðarárstíg 40, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldsvist allt til kl. 15.00 laugardaginn 17. febrúar 1996.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 77/1996. **Örn Johnson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Flugmálastjórn
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Loftför. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1996, þar sem staðfest var sú ákvörðun varnaraðila að svipta sóknaraðila til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari. Sóknaraðili styður kæruheimild við 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að ákvörðun varnaraðila verði felld úr gildi, auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með ákvörðun varnaraðila 7. desember 1995 var sóknaraðili sviptur til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari á grundvelli 5. mgr. 184. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir. Samkvæmt heimild í því ákvæði bar sóknaraðili ákvörðunina undir héraðsdóm, og var hún staðfest með hinum kærða úrskurði. Í lögum nr. 34/1964 er ekki að finna heimild til að kæra til Hæstaréttar slíka úrlausn héraðsdóms. Kæra verður ekki heldur reist á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, enda tekur það ákvæði ekki til annarra úrskurða eða ákvarðana en þeirra, er um ræðir í þeim lögum. Skortir því heimild til kæru málsins, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 78/1996. **Magnús Víkingur Grímsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Flugmálastjórn
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Loftför. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1996, þar sem staðfest var sú ákvörðun varnaraðila að svipta sóknaraðila til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari. Sóknaraðili styður kæruheimild við 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að ákvörðun varnaraðila verði felld úr gildi, auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með ákvörðun varnaraðila 7. desember 1995 var sóknaraðili sviptur til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari á grundvelli 5. mgr. 184. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir. Samkvæmt heimild í því ákvæði bar sóknaraðili ákvörðunina undir héraðsdóm, og var hún staðfest með hinum kærða úrskurði. Í lögum nr. 34/1964 er ekki að finna heimild til að kæra til Hæstaréttar slíka úrlausn héraðsdóms. Kæra verður ekki heldur reist á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, enda tekur það ákvæði ekki til annarra úrskurða eða ákvarðana en þeirra, er um ræðir í þeim lögum. Skortir því heimild til kæru málsins, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 282/1994. **Kópavogskaupstaður**
(Ásgeir Magnússon hdl.)
(Þórður Þórðarson hrl.)
gegn
Búseta hsf.
(Helgi Birgisson hdl.)
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Stjórnarskrá. Aðild. Sveitarstjórnir. Húsnæðismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal eru lánssamningar Húsnæðisstofnunar ríkisins og stefnda með áritun áfrýjanda um heimild til veðsetningar, hinir fyrstu með áritun 11. janúar 1993.

I.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var lögfest ákvæði með 10. gr. laga nr. 1/1992, sem breytti 58. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau voru síðan endurútgefin sem lög nr. 97/1993, og varð þetta 2. mgr. 42. gr. þeirra laga. Ákvæðið er þess efnis, að sveitarfélag skuli leggja fram sem sérstakt óafturkræft framlag 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Í máli þessu er deilt um það, hvort stefndi eigi rétt á að fá framlag þetta frá áfrýjanda.

II.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi sé ekki réttur aðili málsins. Ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993 um óafturkræft framlag

sveitarfélaga feli í sér íþyngjandi kvöð fyrir sveitarfélagið og verði að skýra í samræmi við önnur ákvæði laganna. Það eigi því aðeins við um íbúðir, sem byggðar eru á vegum sveitarfélagsins sjálfs. Þá megi eingöngu greiða framlagið Húsnæðisstjórn ríkisins, en ekki öðrum. Loks sé hér um að ræða skatt á sveitarfélagið, sem sé ekki á færi stefnda að innheimta.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 97/1993 eru það framkvæmdaraðilar, sem koma á fót og reka félagslegar íbúðir, en framkvæmdaraðilar eru sveitarfélög, viðurkennd félagasamtök eða fyrirtæki. Fallist er á það með héraðsdómi, að stefndi hafi verið fullgildur framkvæmdaraðili í skilningi laganna til þess að byggja og reka kaupleiguíbúðir, og er hann réttur aðili að máli þessu. Þá er einnig fallist á það með héraðsdómi, að hið umdeilda framlag feli í sér lögákveðið verkefni sveitarfélags. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá kröfu áfrýjanda, að sýkna beri hann sökum aðildarskorts stefnda.

III.

Áfrýjandi miðar einnig við, að Húsnæðisstofnun ríkisins eða stjórn hennar hafi aldrei heimilað kaup á þeim félagslegu íbúðum, sem kröfur stefnda eru sprottnar af, svo sem kveðið er á um í 54. gr. og 55. gr. laga nr. 97/1993.

Stefndi sótti um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á þeim 20 íbúðum, sem hér um ræðir, í samræmi við 54. gr. laga nr. 97/1993. Eins og fram kemur í héraðsdómi, gerði Húsnæðisstofnun ríkisins framkvæmdalánssamninga við stefnda vegna allra íbúðanna og greiddi honum lánin samkvæmt þeim. Þá hafði hún einnig eftirlit með framkvæmdunum, eins og verkstöðuúttektir hennar bera með sér. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefndi hafi fullnægt þeim lagaskilyrðum gagnvart Húsnæðisstofnun, sem hér eiga við.

IV.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993 brjóti gegn undirstöðurökum 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Með þessari lagasetningu sé vegið að sjálfstæði sveitarfélaganna, og hún gangi þvert á grunnreglur þeirrar löggjafar, sem horfa beri til í þessu samhengi, þ. e. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins og sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Fallast má á það með héraðsdómi, að 78. gr. stjórnarskrárinnar verði skilin svo, að almenni löggjafinn hafi nokkuð óbundnar hendur um skipan sveitarstjórnarmálefna með almennum lagafyrirmælum, sbr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 8/1986. Hins vegar hlýtur við framkvæmd einstakra fyrirmæla laga að verða að taka tillit til annarra lagafyrirmæla, sem snerta sveitarstjórnir, og til heildarskipunar sveitarstjórna í landinu.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 1/1992 var tekið fram, að bygging félagslegra íbúða væri ótvírætt hagsmunamál sveitarfélaganna. Því væri eðlilegt, að þau legðu fram fjárhæð, sem samsvaraði gatnagerðargjaldi af íbúð í fjölbýlishúsi. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 1/1992 var sú skylda lögð á sveitarfélög að greiða félagasamtökum og fyrirtækjum, sem koma upp félagslegum íbúðum í sveitarfélaginu, 3,5% óafturkræft framlag. Ekki var gerður áskilnaður um það, að leita þyrfti samþykkis eða umsagnar sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar sveitarfélagsins.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var lóð þeirri, sem hér um ræðir, ekki í upphafi úthlutað stefnda, heldur gerði hann samning við lóðarhafa ári eftir úthlutun, 17. nóvember 1992, um byggingu og kaup 20 íbúða í fjölbýlishúsi á lóðinni. Ósannað er, að áfrýjandi hafi haft vitneskju um það, að félagslegar íbúðir yrðu reistar á lóðinni, og heldur hann því fram, að hann hafi fyrst fengið formlega vitneskju um það með bréfi stefnda 14. apríl 1993, er hann var krafinn um hið umþrætta framlag.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 97/1993 er það verkefni húsnæðisnefnda, sbr. 40. gr. sömu laga, að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði, hafa umsjón og eftirlit með byggingu þess og hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga um félagslegt húsnæði sé framfylgt. Jafnframt á nefndin að annast skráningu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu og vinna með félögum og félagasamtökum að húsnæðismálum. Í 1. mgr. 46. gr. laganna er kveðið á um það, að félagasamtök, sem fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra um heimild til þess að koma á fót og reka félagslegar íbúðir, beri fulla ábyrgð á byggingu og kaupum þeirra. Fyrir liggur, að stefndi hafði ekkert samráð við húsnæðisnefnd Kópavogskaupstaðar eða sveitarstjórnina, áður en hann gerði umræddan samning. Telja verður, að samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 97/

1993 og með hliðsjón af ákvæðum sveitarstjórnarlaga hafi hann átt að bera málið upp við sveitarstjórnina, enda vandséð, hvernig hún átti að framfylgja ákvæðum laganna um húsnæðisnefndir svo og 75. gr. og 80. gr. sveitarstjórnarlaganna um fjárhagsáætlanir og fleira, væri ekki haft samráð við hana, áður en í það væri ráðist að reisa félagslegt íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, sem auk þess hlaut að binda því fjárhagslegan bagga. Áritun sveitarfélagsins um samþykki við veðsetningu fyrir sitt leyti, eftir að bygging var ráðin, þykir ekki samkvæmt framansögðu firra stefnda ábyrgð á því að hafa ekki sinnt þessari skyldu. Af framanrituðu leiðir, að áfrýjandi skal vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kópavogskaupstaður, skal sýkn af kröfu stefnda, Búseta hsf., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl 1994, hefur Búseti hsf., kt. 561184-0709, Hávallagötu 24, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Kópavogskaupstað, kt. 700169-3759, Fannborg 2, Kópavogi, með stefnu, birtri 18. nóvember 1993.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Kópavogskaupstaður, verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 3.923.042 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.444.455 kr. frá 12. ágúst 1993 til 3. desember 1993, af 2.375.501 kr. frá þeim degi til 6. febrúar 1994, af 2.991.250 kr. frá þeim degi til 20. maí 1994 og af 3.923.042 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning, samtals að fjárhæð 479.429 kr.

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi fyrir hönd Kópavogskaupstaðar, gerir þær dómkröfur, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins.

II.

Stefnandi í máli þessu er húsnæðissamvinnufélag, sem starfar samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og hefur það að markmiði „að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri húsnæðis, sem félagsmönnum . . . er látið í té sem félagslegar eða almennar kaupleiguíbúðir með búseturétti, er tryggir þeim ótímabundin afnot af íbúðunum gegn kaupum á eignarhlut á þeim“, svo sem segir í 124. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1991, nú 100. gr. laga nr. 97 frá 12. ágúst 1993.

Í máli þessu krefur stefnandi, Búseti hsf., stefnda, Kópavogsbæ, um fjárhæð, er nemur 3,5% af áföllnum byggingarkostnaði fjölbýlishúss að Arnarsmára 4 og 6 í Kópavogi, og styður kröfuna ákvæði, sem upphaflega var lögfest með 10. gr. laga nr. 1/1992, en hún var viðauki við 58. gr. laga nr. 86/1988 með síðari breytingum. Ákvæðið er nú að finna óbreytt í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæðið hljóðar svo:

„Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu.“

Þetta ákvæði var svo skýrt í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 1/1992:

„Lagt er til að við 58. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist ný málsgrein sem felur í sér að sveitarfélög leggi fram sérstakt óafturkræft framlag sem nemi 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Bygging félagslegra íbúða er ótvírætt hagsmunamál sveitarfélaganna. Þykir eðlilegt að þau leggi fram upphæð sem samsvarar gatnagerðargjaldi af íbúð í fjölbýlishúsi.“

Helstu rök stefnda, Kópavogskaupstaðar, fyrir sýknukröfu eru þessi:

1. Framlag samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði sé skattur á sveitarfélög. Einkaaðilar, svo sem stefnandi, geti ekki lagt á skatta og innheimt þá. Því geti stefnandi ekki talist vera til þess að bær aðili að höfða mál á hendur stefnda vegna vanrækslu á ætluðum skyldum samkvæmt greindu lagaákvæði, sbr. 16. og 17. gr. l. nr. 91/1991. Sá aðildarskortur eigi að leiða til sýknu.

2. Í 58. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 10. gr. laga nr. 1/1992, nú 1. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins komi fram, að sveitarfélög skuli lána 10% kostnaðarverðs hverrar íbúðar við byggingu eða við kaup á eignaríbúð. Þetta skuli gert með þeim hætti, að sveitarfélagið kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins, sem endurgreiði lánið á 15 árum. Síðan segi í 2. mgr.: „Sveitarfélag skal auk þess leggja fram“ . . . o. s. frv. Þetta orðalag bendi eindregið til þess, að umrætt framlag, 3,5% af kostnaðar- eða kaupverði, skuli sveitarfélag greiða Húsnæðisstofnun ríkisins, en ekki

einkaaðila líkt og stefnanda máls þessa. Samkvæmt þessu sé Húsnæðisstofnun ríkisins réttur aðili að þessu máli, en ekki stefnandi, og eigi aðildarskortur þessi að leiða til sýknu stefnda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

3. Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að stefnandi sé réttur aðili að málinu, bendi stefndi á, að með setningu hins umdeilda lagaákvæðis hafi löggjafinn gengið svo á sjálfstæði sveitarfélaga, að það fari í bága við 76. gr. stjórnarskrárinnar, en hún hljóðar svo: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum." Í þessu stjórnarskrárákvæði sé það talið felast, að til skuli vera sveitarfélög og að þau séu þáttur í stjórnkerfi ríkisins. Tiltekin málefni skuli falla undir þeirra valdsvið. Þau skuli njóta sjálfstæðis, og staða þeirra skuli ákvörðuð í lögum. Sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 veiti vísbendingu um það, hvað löggjafinn telji, að felist í 76. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segi í 1. mgr. 1. gr.: „Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög, sem stýra málefnum sínum á eigin ábygð." Í 2. gr. sveitarstjórnarlaga segi síðan: „Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga. Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar." Hér sé sjálfstæði sveitarfélaga sérstaklega áréttað og mælt fyrir um, að engu máli megi ráða til lykta án umsagnar sveitarstjórnar. Þetta sé síðan enn áréttað í 116. gr. sveitarstjórnarlaga, en þar segi: „Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafi náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál, er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila." Allt sé þetta til marks um skilning löggjafans á 76. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi mótmælt harðlega við ríkisstjórn og Alþingi einhliða setningu 10. gr. l. nr. 1/1992 og talið slíka greiðsluskyldu vera kvöð, sem fari í bága við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Ákvæðið leggi samkvæmt hljóðan sinni einhliða þá kvöð á sveitarfélög að leggja fram óafturkræft framlag, sem nemi 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar og það án þess, að haft sé samráð við húsnæðisnefndir eða aðrar stofnanir sveitarfélaga. Einn mikilvægasti þáttur í sjálfstæði sveitarfélaganna sé fjárhagslegt sjálfstæði þeirra og forsenda flestra annarra þátta sjálfstæðis þeirra. Samkvæmt 75. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 80. gr., beri sveitarfélögum að gera ráð fyrir útgjöldum í fjárhagsáætlunum. Fyrirkomulag og framgangsmáti sem þessi geri þeim ókleift að fullnægja skyldum sínum í þessu efni.

4. Þá beri að líta til 56. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1990, sjá nú 40. gr. laga nr. 97/1993, það er ákvæða um húsnæðisnefndir. Þar segi, að nefndin fari með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélag-

inu í umboði sveitarstjórnar. Í 41. gr. séu ákvæði um skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarfélaga. Í 45. gr. s. l., sbr. áður 56. gr. l. nr. 86/1988, séu síðan ákvæði um verksvið húsnæðisnefnda sveitarfélaga, en þær eiga m. a. að áætla þörf fyrir félagslegt húsnæði, hafa umsjón og eftirlit með framgangi félagslegra íbúðabygginga, hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga um félagslegt húsnæði sé framfylgt, og jafnframt vinna með félagasamtökum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu. Það fái eigi staðist, að Húsnæðisstofnun ríkisins ákveði greiðslur, sem sveitarfélag eigi síðan að inna af hendi, án þess að það eigi þess nokkurn kost að koma sjónarmiðum sínum og húsnæðisnefndar sinnar á framfæri. Því verði ekki unað, og það samræmist ekki lögunum að öðru leyti. Vandséð sé, hvernig uppfyllt verði ákvæði 1. mgr. 70. gr. laga nr. 86/1988, nú 1. mgr. 54. gr. l. nr. 97/1993, án þess að haft sé samráð við viðkomandi húsnæðisnefndir eða sveitarstjórnir. Verklag sem þetta við afgreiðslu mála þessara sé í hróplegu ósamræmi við markmið nefndra laga.

5. Þá er því mótmælt, að það framsal valds fái staðist, að Húsnæðisstofnun sé falið að skuldbinda sveitarfélög með þeim hætti, sem rakið hefur verið, án þess að þau hafi svo mikið sem umsagnarrétt, sem þó er lögboðinn í sveitarstjórnarlögum. Slíkt fái ekki staðist.

6. Þá skírskoti stefndi til þess, að þegar stjórn Húsnæðisstofnunar hefur tekið ákvörðun um veitingu framkvæmdaheimildar og framkvæmdaláns, beri henni skylda til að tilkynna án tafar viðkomandi sveitarfélagi um samþykktina, svo að gera megi ráð fyrir útgjöldum í fjárhagsáætlunum sveitarfélags. Það hafi lengi verið óskráð meginregla, sem nefnd hafi verið birtingarreglan, að birta beri aðila máls efni stjórnvaldsákvörðunar. Það leiði af eðli máls svo og réttaröryggissjónarmiðum, að birta verði aðila ákvörðun, sem á að skuldbinda hann. Þessi regla hafi nú verið lögfest með stjórnsýslulögum nr. 37/1993, sem gildi tóku 1. janúar 1994, og vísist til greinargerðar með 20. gr. laganna. Þá verði einnig með hliðsjón af 61. gr. l. nr. 86/1988, sbr. 41. gr. og 45. gr. l. nr. 97/1993, að álykta svo, að framkvæmdaraðilar verði að hafa samráð við húsnæðisnefnd sveitarfélags, áður en ráðist sé í byggingu eða kaup félagslegra íbúða, eigi ákvæði þessi ekki að vera markleysa.

7. Ef beitt væri að kröfu stefnanda hinu umdeilda ákvæði 10. gr. l. nr. 1/1992, nú 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, telur stefndi, að jafnræðisregla íslenskrar stjórnskipunar og stjórnarfars væri brotin. Skattaálögur á einstaka gjaldþegna, einn eða fleiri, sem ekki nái til annarra, sem eins stendur á um, myndu því fara í bága við stjórnarskrána. Með lagaákvæði þess efnis, að sveitarfélög skuli greiða 3,5% af byggingar- eða kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu, sé verið að

mismuna sveitarfélögum, svo að ekki fái staðist. Mismunun þessi felist í því, að gjaldið leggist ekki almennt á sveitarfélög landsins, heldur geti álögur þessar farið eftir geðþóttaákvörðunum einkaaðila. Þar að auki væri mismununin ómálefnaleg, þar sem hún styddist ekki við stærð sveitarfélaga, íbúafjölda, veltu eða neinar slíkar efnislegar viðmiðanir, heldur við ákvörðun einkaaðila.

8. Jafnframt telur stefndi ákvæði 40. gr. stjórnarskrár standa því í vegi, að hinu umdeilda lagaákvæði verði beitt. Með 10. gr. laga nr. 1/1992 hafi fyrst verið kveðið á um skyldu sveitarfélags til að greiða 3,5% af byggingareða kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Eins og lagaákvæði þetta sé úr garði gert, sé með því gerð tilraun til að skattleggja sveitarfélög. Því verði að líta til 40. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segi, að engan skatt megi leggja á né breyta né taka af nema með lögum. Ef miðað sé við túlkun stefnanda á 10. gr. laga nr. 1/1992, nú 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993, sé með því ákvæði ákvörðunarvald um skattheimtuna fengið einkaaðila, húsnæðissamvinnufélagi, en slíkt fái ekki staðist samkvæmt áður tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrár. Ef stuðst væri við túlkun stefnanda, væri einkaaðila falið að lögum vald til að ákveða í fyrsta lagi, hvort um skattskyldu væri að ræða, og þá, hvaða sveitarfélög þyrftu að greiða gjaldið, í öðru lagi, hvaða sveitarfélög þyrftu ekki að greiða, í þriðja lagi, hversu há fjárhæðin skyldi vera, þar sem hún væri hlutfall af heildarframkvæmdakostnaði.

9. Loks telur stefndi, að ákvæðið mæli fyrir um eignaupptöku, sem fái ekki staðist samkvæmt ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

III.

Á fundi sínum 29. nóvember 1991 úthlutaði bæjarráð Kópavogs verktakafyrirtækinu Húsafli sf., Reykjavík, lóðum nr. 2, 4 og 6 við götuna Arnarsmára í Kópavogi til þess að reisa á þeim fjölbýlishús. Áætlað var, að öll lóðin yrði byggingarhæf 15. júní 1992. Teikningar, sem lóðarhafinn lét gera, eru dagsettar í júlí 1992. Lóðarhafinn greiddi Kópavogsbæ gatnagerðargjald, en samkvæmt úthlutunarskilmálum skyldi það greitt innan mánaðar, frá því að teikningar yrðu samþykktar.

Með verksamningi, dagsettum 17. nóvember 1992, við stefnanda í máli þessu (yfirskrift skjalsins er Kaupsamningur) seldi Húsafl sf. stefnanda, Búseta hsf., rétt sinn til lóðarinnar og tók að sér að byggja fyrir fast verð, 124.024.958 kr. ásamt verðbótum, tvo stigaganga með samtals 20 íbúðum, nr. 4 og 6 við Arnarsmára, og afhenda húsið fullfrágengið 1. maí 1994.

Í verksamningnum (kaupsamningnum) segir í 6. gr., að „kaupverðið greiðist á 15 mánuðum eða í samræmi við framkvæmdalánasamning, sem gerður verður við Húsnæðisstofnun ríkisins".

Fram hefur verið lagt í málinu bréf félagsmálaráðuneytisins til stefnanda, Búseta hsf., dags. 5. des. 1990, afrit sent Húsnæðisstofnun, svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 15. des. 1990, þar sem óskað er staðfestingar ráðuneytisins á því, að Húsnæðissamvinnufélagið Búseti, Reykjavík, teljist fullgildur framkvæmdaraðili samkvæmt lögum Húsnæðisstofnunar ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990. Ráðuneytið staðfestir hér með, að félagið uppfyllir skilyrði laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, til þess að byggja og reka kaupleiguíbúðir samkvæmt ofangreindum lögum."

Hugtakið „framkvæmdaraðili" er svo skilgreint í 53. gr. laga nr. 86/1988, sbr. l. nr. 70/1990, nú 37. gr. laga nr. 97/1993:

„Framkvæmdaraðilar koma á fót og reka félagslegar íbúðir. Það eru sveitarfélög, viðurkennd félagasamtök eða fyrirtæki með þeim hætti, sem hér segir:

a. Félagslegar kaupleiguíbúðir: sveitarfélög eða félagasamtök . . .

b. Almennar kaupleiguíbúðir: sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki . . .

Með félagasamtökum er átt við almannasamtök, sem starfa að húsnæðismálum með það að langtímamarkmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna . . .

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum."

Í 11. gr. og 29. gr. laga nr. 86/1988, nú 58. gr. l. nr. 97/1993, er að finna heimild Húsnæðisstjórn til handa til að veita framkvæmdaraðilum svokölluð framkvæmdalán, sem greiðast á byggingartímanum, eftir því sem framkvæmdum miðar. Gert er ráð fyrir því í lögunum, að þau greiðist upp innan tveggja mánaða, frá því að byggingu lýkur.

Í 70. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1990, nú 54. gr. laga nr. 97/1993, segir svo í 1. mgr.:

„Þegar sveitarstjórn eða annar viðurkenndur framkvæmdaraðili hefur tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum, skal hann tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína og jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna . . ." Og enn segir í 71. gr. sömu laga, nú 55. gr. laga nr. 97/1993: „Eigi skal hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum íbúðum, fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsgerð, gæði, íbúðarstærð og framkvæmdahraða."

Í máli þessu hafa verið lagðir fram framkvæmdalánasamningar Húsnæðisstjórnar og stefnanda, út gefnir 14. desember 1992, með gjalddaga lána 1. mars 1994, og út gefnir 12. ágúst 1993, með gjalddaga lána í janúar 1995. Lánin eru fyrir 90% af „lánshæfum byggingarkostnaði", og er lánshæfur byggingarkostnaður samkvæmt samningum þessum þannig fundinn, að frá heildarkostnaði eru dregin 3,5%, „óafturkræft framlag sveitarfélags", eins og það er orðað í samningunum.

IV.

Stefnandi, Búseti hsf., hefur bent á, að samkvæmt því, sem að framan er rakið, hafi félagið hlotið áskilda löggildingu félagsmálaráðherra sem framkvæmdaraðili og að með hinum tilvitnuðu framkvæmdalánssamningum hafi Húsnæðisstjórn viðurkennt lánshæfni umræddra framkvæmda að Arnarsmára 4 og 6 og samþykkt þær. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 86/1988, nú 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1993, fari félagsmálaráðherra með yfirstjórn húsnæðismála í landinu. Húsnæðisstjórn sé samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar falið að annast stjórn og framkvæmd opinberra afskipta af húsnæðismálum á þeim sviðum, sem umrædd lög fjalla um. Stefnandi, Búseti hsf., fullnægi þannig öllum lagaskilyrðum til þess, að honum sé kræft úr hendi stefnda hið lögboðna 3,5% framlag, enda hafi hann hlotið áskilið samþykki þar til bærra yfirvalda til byggingar (kaupa) umræddrs fjölbýlishúss.

V.

Því er ekki haldið fram, að stefnandi, Búseti hsf., hafi fyrir fram tilkynnt stefnda, Kópavogsbæ, að hann hugðist reisa (kaupa) umræddar félagslegar íbúðir að Arnarsmára 4 og 6 eða leitað samþykkis eða heimildar stefnda eða húsnæðisnefndar hans í því sambandi. Það er með bréfi, dagsettu 14. apríl 1993, og reikningi, dagsettum sama dag, byggðum á verkstöðuúttekt Húsnæðisstofnunar, dagsettri 26. mars sama ár, sem stefnandi krefur stefnda um framlag það, 3,5%, sem stefnt var til greiðslu á í máli þessu.

Nokkru áður, 19. mars 1993, höfðu önnur félagasamtök, Þroskahjálp, krafið Kópavogsbæ um umrætt 3,5% framlag vegna kaupa þeirra á félagslegri kaupleiguíbúð. Óumdeilt er, að sú krafa var öldungis sambærileg dómkröfunni í máli þessu, og hafa því verið lögð fram gögn um umfjöllun stjórnvalda um það erindi.

Bæjarráð Kópavogs hafði vísað kröfu Þroskahjálpar til umsagnar húsnæðisnefndar bæjarins. Nefndin sendi bæjarráði umsögn sína í bréfi, dags. 15. mars 1993, og segir svo í niðurlagi umsagnarinnar:

„Húsnæðisnefnd telur, að hafna beri öllum kröfum um greiðslu á 3,5%

framlagi af byggingarkostnaði til aðila, sem ekki hafa leitað til húsnæðisnefndar og fengið samþykki sveitarstjórnar á umsóknum um framkvæmdaheimildir vegna lána til bygginga eða kaupa á húsnæði í sveitarfélaginu."

Þar sem Þroskahjálp fékk reikning sinn ekki greiddan, sneri félagið sér til félagsmálaráðuneytisins, og hljóðar svarbréf ráðuneytisins, dags. 27. maí 1993, svo:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. maí 1993, ásamt fylgiskjölum, þar sem leitað er álits ráðuneytisins á því, hvort Kópavogsbæ sé heimilt að synja um greiðslu á 3,5% framlagi til félagslegrar íbúðar, sbr. 10. gr. laga nr. 1/1992 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram:

Um 3,5% framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða segir svo í áðurgreindri 2. mgr. 10. gr. laga nr. 1/1992:

„Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu."

Eins og lagaákvæði þetta ber með sér, er hér um afdráttarlausa skyldu sveitarfélagsins að ræða. Þarf því ekki samþykki sveitarfélags til að koma vegna greiðslu 3,5% framlagsins.

Annað mál er það að ráðuneytið telur sjálfsagt að félagasamtök, sem vinna að húsnæðismálum, komi upp þeirri föstu venju að tilkynna sveitarstjórnum þegar í stað áform sín um að til standi að kaupa félagslega íbúð. Bent skal á í því sambandi að sveitarstjórnum er skylt að gera fyrir lok janúarmánaðar fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár. Fjárhagsáætlun skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármunastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu. Sérstök áhersla er hér lögð á kaup á íbúð þar sem slík kaup geta komið sveitarstjórnum að óvörum. Öðru máli gegnir um byggingar á félagslegum íbúðum þar sem sveitarstjórn þekkir til þeirra mála vegna úthlutunar lóðar. Engu að síður leggur ráðuneytið til að félagasamtök setji sér þá reglu að tilkynna húsnæðisnefndum sveitarfélaga áform sín um félagslegar íbúðir, hvort sem um byggingu eða kaup er að ræða.

Enda þótt láðst hafi í þessu tilviki að tilkynna bæjarstjórn Kópavogs fyrir fram um áætlun Þroskahjálpar í þessu efni, telur ráðuneytið að það firri bæjarstjórnina ekki þeirri ótvíræðu lagaskyldu sem fram kemur í tilvitnuðu lagaákvæði."

Meðan þessu fór fram um kröfu Þroskahjálpar, hvíldi reikningur stefnanda að öðru leyti en því, að bæjarráð leitaði umsagnar löggilts endurskoðanda bæjarreikninga, sem segir í svarbréfi sínu, dagsettu 26. ágúst 1993,

að þar sem Búseti hsf. hafi þegar hafið framkvæmdir innan sveitarfélagsins án samþykkis húsnæðisnefndar og bæjarsjóðs og slíkur framgangsmáti geti tæpast staðist, leggi endurskoðandinn til, að reikningnum verði hafnað. Á fundi sínum 26. ágúst 1993 fól bæjarráð bæjarlögmanni að semja umsögn um málið. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, Búseta hsf., er dagsett 4. október 1993 og stefna í máli þessu þingfest 18. nóvember sama ár.

VI.

Í málflutningsræðu sinni í máli þessu gat lögmaður stefnanda þess, að Þroskahjálp hefði síðar á árinu 1993 leitað fyrir fram til Kópavogsbæjar vegna kaupa á félagslegri íbúð og fengið samþykki. Bærinn hefði greitt 3,5% framlagið vegna þeirra kaupa. Því var ekki mótmælt af lögmanni stefnda, að þetta væri rétt. Enn fremur kvað lögmaðurinn skjólstæðing sinn, Búseta hsf., hafa fengið greitt bæði frá Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg umrætt 3,5% framlag vegna kaupa eða byggingar á félagslegum íbúðum, og var því eigi mótmælt af lögmanni stefnda.

Upplýst er, að starfssvæði stefnanda í máli þessu, Búseta hsf., er allt höfuðborgarsvæðið. Taldi lögmaður stefnanda, að ákvæði þar um væri í samþykktum umbj. síns, Búseta hsf., sem hlotið hefðu staðfestingu félagsmálaráðherra, en lagði samþykktirnar þó ekki fram eða vísaði á birtingarstað þeirra.

VII.

Til stuðnings því, að hinu umdeilda ákvæði um 3,5% framlag í 10. gr. laga nr. 1/1992, sem var viðauki við 58. gr. laga nr. 86/1988, nú 2. mgr. 42. gr. l. nr. 97/1993, hafi frá upphafi verið harðlega mótmælt af stefnda og öðrum sveitarfélögum í landinu, þar sem það bryti í bága við grunnreglur löggjafarinnar, þ. á m. stjórnarskrár, um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, hefur stefndi lagt fram í málinu ályktun, samþykkta á stjórnarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 11. desember 1991, en stjórnarfrumvarp það, er varð að lögum nr. 1/1992, var þá til meðferðar á Alþingi. Í niðurlagi ályktunarinnar, sem beint var til ríkisstjórnar og Alþingis og birt í fjölmiðlum, segir svo:

„Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna né Samband íslenskra sveitarfélaga um þær tillögur, sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram, þrátt fyrir skýr ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samráð þessara aðila varðandi sameiginleg hagsmunamál og ákvæði í 116. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem segir: „Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál, er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og önnur samskipti þessara aðila.“

Samningsbundið og lögformlegt samstarf er þannig rofið og það einskis virt af ríkisstjórninni.

Slík vinnubrögð leiða til alvarlegs trúnaðarbrests milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Nú liggja fyrir nýjar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga og endurskoðun á verkefnum, tekjum og öðrum samskiptum þeirra við ríkisvaldið, sem góð samstaða gæti náðst um. Framgangur þess máls byggist á því, að trúnaður ríki milli aðila og að því sé hægt að treysta, að samningar og lög um samskipti þeirra séu virt.

Mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir miklum fjárhagsvanda. Gerðar eru kröfur á hendur þeim hringinn í kringum landið um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu. Einnig hefur ríkisvaldið að undanförnu aukið fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna með lögbindingu nýrra verkefna og hertum reglugerðarákvæðum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur ríkisstjórnina til að falla frá áformum sínum og að efnt verði til samráðs ríkis og sveitarfélaga á jafnréttisgrundvelli, svo sem samningar og lög gera ráð fyrir."

Álit dómsins.

Með 10. grein laga nr. 1/1992, en hún var viðauki við 58. gr. laga nr. 86/1988 með síðari breytingum, var lögð sú skylda á sveitarfélög að „leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu".

Þegar „viðurkenndir framkvæmdaraðilar", sem m. a. geta verið „viðurkennd félagasamtök", sbr. 53. gr. laga nr. 86/1988, nú 37. gr. laga nr. 97/1993, hafa tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum, ber þeim samkvæmt 70. gr. laga nr. 86/1988, nú 54. gr. laga nr. 97/1993, að „tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína og jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna". Samkvæmt 71. gr. laga nr. 86/1988, nú 55. gr. laga nr. 97/1993, skal eigi „hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum íbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar" um samþykki við fyrirhugaðri framkvæmd, svo sem nánar er tilgreint í ákvæðinu.

Fram er komið í máli þessu, að stefnandi fullnægði öllum þessum tilvitnuðu lagaskilyrðum. Félagsmálaráðuneytið hafði með bréfi 15. desember 1990 staðfest, að félagið fullnægði skilyrðum laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, til þess að teljast fullgildur framkvæmdaraðili og til þess að reisa og reka kaupleiguíbúðir. Húsnæðisstofnun ríkisins hafði í framkvæmd samþykkt íbúðabyggingar þær eða íbúðakaup, sem mál þetta er risið af, með því að gera framkvæmdalánssamninga við stefnanda, dagsetta 14. desember 1992 og 12. ágúst 1993, og greiða lánsfjárhæðir samkvæmt þeim. Jafnframt

er fram komið, að Húsnæðisstjórn hafði virkt eftirlit með framkvæmdinni. Upphaflegur reikningur stefnanda til stefnda, dags. 14. apríl 1993, var samkvæmt verkstöðuúttekt Húsnæðisstofnunar, dags. 26. mars sama ár, og einnig hafa verið lagðar fram í málinu síðari verkstöðuúttektir sömu stofnunar.

Samkvæmt þessu og eftir þeim vörnum, sem stefndi færir fram fyrir sýknukröfu sinni og áður er lýst, snýst mál þetta því hvorki um það, hvort lagaheimild sé til að dreifa né hvort lagaskilyrðum sé fullnægt, heldur í fyrsta lagi um varnir byggðar á aðildarskorti og í öðru lagi um stjórnskipulegt gildi hins umdeilda ákvæðis í 10. gr. laga nr. 1/1992. Skal nú vikið að þessum varnarástæðum stefnda.

Hin umdeilda kostnaðarhlutdeild fellur ekki undir hugtakið skattur. Hún er lögboðið verkefni sveitarfélags, og löggjafinn ákvarðar verkefni sveitarfélaga. Umrætt verkefni er í flokki framfærslu- og velferðarmála og er einn af millifærsluþáttunum í fjármálaaðgerðum hins opinbera. Það leiðir hvorki af ákvæðum laga, eðli máls né öðrum réttarheimildum, að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli vera beinn innheimtuaðili hins umdeilda framlags. Hlutverk Húsnæðisstofnunar í þessu sambandi er stjórnunar- og eftirlitshlutverk, en ekki innheimtuhlutverk.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist með stefnda, að sýkna beri í máli þessu vegna aðildarskorts.

Hlutverk Húsnæðisstofnunar, að því er varðar framlag skv. 10. gr. laga nr. 1/1992, er ekki að ákvarða, hvort sveitarfélög skuli ráðast í tiltekið verkefni, því síður að ákvarða um gjaldskyldu eða leggja á gjald, heldur að ganga úr skugga um, að lagaskilyrðum sé fullnægt og að ekki sé um að ræða nein sérstök atvik, er valdi því, að rétt sé að synja um heimild til framkvæmda og lánveitingu úr Byggingarsjóði, sbr. 70. gr. og 71. gr. laga nr. 86/1988, nú 54. gr. og 55. gr. laga nr. 97/1993. Staðfesting Húsnæðisstofnunar um, að lagaskilyrðum sé fullnægt, er því eigi háð reglum um sérstaka birtingu íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana.

Framangreint verkefni er fengið Húsnæðisstofnun með skýrum fyrirmælum í lögum, en eigi með ákvörðun framkvæmdavaldshafa. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki á það fallist, að um ólögmætt framsal valds sé að ræða.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að brotnar hafi verið á honum grunnreglur löggjafar um jafnræði þegnanna. Með 10. gr. laga nr. 1/1992 var öllum sveitarfélögum í landinu fengið tiltekið verkefni undir umsjón og eftirliti æðra stjórnvalds, Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem í þessu tilliti er hluti af miðstjórnarvaldinu í landinu. Það leiðir af eðli máls, að aldrei verður fyrir fram tryggt með löggjöf, að lögbundin verkefni sveitarfélaga komi samtímis til úrlausnar hjá öllum sveitarfélögum í landinu og leggist með sama þunga á hvert og eitt þeirra.

Það, sem hér að framan er rakið, svarar jafnframt þeirri málsástæðu stefnda, að 10. gr. laga nr. 1/1992 fari í bága við 40. gr. og/eða 67. gr. stjórnarskrár, og er því óþarft að fjalla frekar um þær málsástæður stefnda, er varða þessi ákvæði stjórnarskrár. Það er hvorki skattlagning né eignaupptaka, þegar sveitarfélögunum í landinu er með löggjöf fengið tiltekið verkefni á sviði velferðarmála í viðkomandi sveitarfélagi.

Meginúrlausnarefnið í máli þessu er því það, hvort löggjafinn hafi með framangreindri lagasetningu gengið svo á sjálfstæði sveitarfélaganna, að í bága fari við 76. grein stjórnarskrárinnar, en hún hljóðar svo: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“ Þetta fáorða stjórnarskrárákvæði felur í sér fernt:

1. að til skuli vera sveitarfélög og að þau séu þáttur í stjórnkerfi ríkisins,
2. að tiltekin málefni skuli falla undir valdsvið þeirra og verksvið,
3. að þau skuli hafa sjálfstjórn,
4. að staða þeirra skuli ákvörðuð í lögum.

Um síðasta atriðið eru löggjafanum ekki reistar neinar skorður í ákvæðinu, svo að hann virðist hafa allfrjálsar hendur við að skipa málum sveitarfélaga.

Hið tilvitnaða ákvæði 76. gr. stjórnarskrár hefur verið túlkað sem bindandi stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans um, að til skuli vera einhver sveitarfélög og að þau skuli hafa nokkra sjálfstjórn, en að öðru leyti er löggjafanum látið eftir ákvörðunarvald um þetta efni. Almenni löggjafinn hafi að mestu óbundnar hendur um skipan sveitarstjórnarmála, þar á meðal, hver málefni skuli fengin sveitarstjórnum til meðferðar. Stjórnarskrárgjafinn virðist að sönnu gera ráð fyrir, að tiltekin mál eigi undir sveitarfélögin, sbr. orðin „málefnum sínum“, en ekki er gefin nánari skýring á því í stjórnarskránni, hver þessi málefni séu. Það sé því á valdsviði löggjafans, hverjum málefnum hann ráðstafar til sveitarfélaga, enda þótt ætlunin hafi vafalaust verið sú, að sveitarstjórnir fengju einkum staðbundin málefni. En í þessu verði hendur löggjafans ekki fast bundnar með svo óákveðinni ráðagerð, enda verði engin greinileg mörk dregin milli sveitarstjórnarmála og landsmála.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sýnist reist á þessum skilningi, en þar segir svo: „Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.“

Undir það sýnist mega taka með stefnda, að lögfesting 10. gr. laga nr. 1/1992 gegn eindregnum mótmælum samtaka sveitarfélaganna í landinu samrýmist illa ýmsum stefnuyfirlýsingum í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 með síðari breytingum, t. d. þeim, sem koma fram í 2. gr. og 116. gr. laganna, og

ákvæðið sýnist geta valdið sveitarfélögum vandkvæðum við að fylgja fyrirmælum 75. gr. og 80. gr. um fjárhagsáætlanir og fleiri ákvæðum laganna. En þá er á tvennt að líta. Hið fyrra er, að sveitarstjórnarlög nr. 86/1988 eru almenn lög, sem Alþingi getur breytt með almennum lögum. Þótt ákvæði eldri laga, sem stangast á við nýja löggjöf, séu ekki formlega afnumin, gilda yngri lög að jafnaði framar eldri lögum. Í öðru lagi eru ákvæði 2. gr. og 116. gr. og önnur sambærileg ákvæði í sveitarstjórnarlögum almennar stefnuyfirlýsingar, sem hafa umfram allt þann tilgang að þrengja svigrúm framkvæmdarvaldsins, nánar tiltekið miðstjórnarvaldsins, en binda ekki hendur löggjafans um nýja lagasetningu. Þá er loks að því að gæta, að 2. gr. sveitarstjórnarlaga mælir einvörðungu fyrir um umsagnarrétt, en ekki neitunarvald eða ákvörðunarvald sveitarstjórna, og 116. gr. mælir fyrir um samráð, en ekki forræði Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau málefni, er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

Að þessu athuguðu verður eigi á það fallist með stefnda, að víkja beri til hliðar ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1992, sem var viðauki við 58. gr. laga nr. 86/1988, svo sem henni var breytt með h-lið 3. gr. laga nr. 70/1990, nú 2. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1993, vegna þess að lagaákvæði þetta fari í bága við 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944.

Samkvæmt þessu hvílir greiðsluskylda stefnda á dómkröfum stefnanda í máli þessu á ótvíræðum fyrirmælum laga, er hafa fullt stjórnskipulegt gildi, og þykir fram komið í málinu, að stefndi hafi gætt lögmæltra skilyrða um að afla samþykkis lögbundins umsjónar- og eftirlitsaðila, Húsnæðisstofnunar, við framkvæmd þeirri, sem dómkrafan er risin af.

Ekki er í málinu ágreiningur um fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda. Vaxtakröfu stefnanda og málskostnaðarkröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Dómkröfur stefnanda verða því teknar til greina að öllu leyti.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi fyrir hönd bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar, greiði stefnanda, Búseta hsf., 3.923.042 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.444.455 kr. frá 12. ágúst 1993 til 3. desember 1993, af 2.375.501 kr. frá þeim degi til 6. febrúar 1994, af 2.991.250 kr. frá þeim degi til 20. maí 1994 og af 3.923.042 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 479.429 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 297/1994. **Birgir Þórhallsson**
(Hreinn Pálsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

Veðréttur. Tryggingarbréf. Ógilding samnings. Fjármál hjóna. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði stefndi kröfu sína um staðfestingu héraðsdóms nánar á þann hátt, að í henni fælist, að hann leitaði staðfestingar á, að veðréttur sinn í fasteign áfrýjanda, Miðholti 4 á Akureyri, samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum 24. september 1987 og 4. maí 1988, hvoru að fjárhæð 2.000.000 krónur, næði einnig til skulda Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. við stefnda. Af hálfu áfrýjanda voru ekki gerðar athugasemdir við það, að þessi skýring fengi komist að í málinu.

Með fyrrgreindum tryggingarbréfum veitti áfrýjandi stefnda veðtryggingu fyrir „öllum skuldum og skuldbindingum“, sem hann kynni sjálfur að standa í við stefnda á hverjum tíma. Ágreiningur aðila varðar gildi samhljóða yfirlýsinga, sem eru ritaðar á tryggingarbréfin og dagsettar 10. október 1989, en í þeim segir: „Tryggingarbréf þetta gildir einnig vegna Fiskverk. Birgis Þórhallss. hf.“ Er óumdeilt, að áfrýjandi ritaði sjálfur nafn sitt undir þessar yfirlýsingar.

Krafa áfrýjanda um sýknu er á því reist, að stefndi geti ekki byggt rétt á umræddum áritunum á tryggingarbréfin til að sækja veðtryggingu í fasteign áfrýjanda fyrir skuldum áðurnefnds hlutafélags. Þetta

styður áfrýjandi í fyrsta lagi við þá málsástæðu, að á því tímabili, sem yfirlýsingarnar voru ritaðar á bréfin, hafi hann átt við verulegt áfengisvandamál að stríða. Hafi hann verið ölvaður, þegar starfsmenn stefnda fengu hann til að undirrita yfirlýsingarnar. Telur áfrýjandi það stríða gegn 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986, að bera yfirlýsingarnar fyrir sig. Í öðru lagi telur áfrýjandi yfirlýsingarnar ekki bindandi sökum þess, að eiginkona sín hafi ekki samþykkt þessa ráðstöfun, en í fasteigninni, sem hér um ræðir, haldi þau heimili. Í þriðja lagi byggir áfrýjandi á því, að yfirlýsingarnar hafi því aðeins getað orðið gildar, að stefndi hefði gætt að þinglýsingu réttinda sinna samkvæmt þeim, en það hafi hann vanrækt.

Í héraðsdómi er greint frá vitnisburði tveggja starfsmanna stefnda fyrir dómi, en þeir rituðu nöfn sín sem vottar neðan við nafnritun áfrýjanda á yfirlýsingarnar frá 10. október 1989. Kannaðist hvorugur þeirra við að hafa orðið var við áfengisáhrif á áfrýjanda, þegar hann hafi verið staddur á starfsstöð stefnda, hvorki við það tækifæri né annað. Gegn þessu hefur áfrýjandi ekki fært fram sönnur fyrir staðhæfingum sínum um, að hann hafi verið ölvaður við gerð yfirlýsinganna. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu.

Samkvæmt gögnum málsins er áfrýjandi þinglýstur eigandi fasteignarinnar Miðholts 4. Hann heldur því fram, að eiginkonu sinni hafi ekki orðið kunnugt um ráðstöfunina, sem fólst í umræddum yfirlýsingum, fyrr en við birtingu héraðsdómsstefnu 28. mars 1992. Af hálfu stefnda er þetta ekki vefengt. Telur áfrýjandi þetta leiða til ógildingar yfirlýsinganna vegna ákvæða 20. gr. áður gildandi laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, sem eigi hér við samkvæmt 2. tölulið 139. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, auk þess sem vinnubrögð stefnda hafi að þessu leyti verið andstæð góðum starfsvenjum bankastofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923 er því hjóna, sem samþykki skortir frá til veðsetningar á fasteign í eigu hins, heimilt að höfða mál innan tiltekins frests í því skyni að fá veðsetningunni hrundið með dómi. Í ákvæðinu er hins vegar ekki ráðgert, að makinn, sem stóð sjálfur að veðsetningunni, geti borið atvik sem þessi fyrir sig til að leita ógildingar á eigin ráðstöfun. Þegar af þessum sökum verður ekki fallist á þessa röksemd áfrýjanda, en álitaefni

um starfsvenjur bankastofnana í þessum efnum geta hér ekki ein út af fyrir sig orkað á gildi yfirlýsinga áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu og þar sem stefnda var ekki þörf á að fá þinglýst þeim breytingum, sem voru gerðar á tryggingarbréfum hans með yfirlýsingum áfrýjanda frá 10. október 1989, til að afla sér réttarverndar gagnvart útgefanda þeirra, verður sýknukrafa áfrýjanda ekki tekin til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað með þeim breytingum, sem leiðir af þeirri nánari afmörkun stefnda á kröfu hans um staðfestingu dómsins, sem áður greinir.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfestur er veðréttur stefnda, Búnaðarbanka Íslands, samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum af áfrýjanda, Birgi Þórhallssyni, 24. september 1987 og 4. maí 1988, í fasteigninni Miðholti 4 á Akureyri fyrir kröfum stefnda á hendur Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m., hefur Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, höfðað með stefnu, út gefinni 24. mars 1992 á Akureyri, birtri 28. s. m., gegn Birgi Þórhallssyni, Miðholti 4, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði með dómi veðréttur sinn í húseigninni Miðholti 4, Akureyri, og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að við bættum virðisaukaskatti.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að með tveimur veðtryggingarbréfum, hvoru að fjárhæð 2.000.000 kr., báðum út gefnum af stefnda til stefnanda, öðru 24. 9. 1987 og hinu 4. 5. 1988, hafi stefnanda verið sett að veði með 4. og 5. veðrétti húseignin nr. 4 við Miðholt á Akureyri. Orðrétt segir svo í texta, sem er samhljóða á báðum tryggingarbréfunum: „Til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum, sem ég kann að vera í við Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Akureyri, hvort sem eru ábyrgðir, sem bankinn hefur tekist á hendur fyrir mig, ábyrgðir mínar, víxlar, yfirdráttur á reikningi eða

annað að engu undanskildu, að fjárhæð allt að 2.000.000 kr., og allur kostnaður, er leiða kann af vanskilum mínum, þ. m. t. innheimtukostnaður og dráttarvextir, veðset ég hér með Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, fasteign mína, Miðholt 4, Akureyri, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum, viðaukum öllum og endurbótum, hverju nafni sem nefnast."

Með áritun á bæði bréfin 10. 10. 1989 sé tekið fram, að tryggingarbréfin gildi einnig vegna Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf. hafi verið úrskurðuð gjaldþrota 11. 1. 1991, og hafi stefnandi lýst í þrotabúið kröfum, að fjárhæð 9.653.251.09 kr., auk vaxta og kostnaðar. Hafi þær kröfur verið samþykktar að fullu og ekkert komið upp í kröfurnar við sölu á eignum þrotabúsins og fyrirsjáanlegt, að svo verði ekki, enda þótt skiptum sé ekki lokið. Þar sem stefndi hafi ekki fallist á að greiða skuldir að baki veðtryggingarbréfunum eða semja um greiðslu þeirra sé málsókn þessi óhjákvæmileg.

Málsástæður stefnanda eru þær, að þar sem framangreind veðtryggingarbréf séu sett til tryggingar skuld þriðja manns, sé sér nauðsyn að fá veðrétt sinn í eign stefnda viðurkenndan og staðfestan með dómi til þess að öðlast aðfararheimild og geta gert fjárnám í húseign stefnda, Miðholti 4, Akureyri. Svo sem fyrr er rakið, hafi kröfur stefnanda í þrotabú Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. verið viðurkenndar, og heldur stefnandi því fram, að umrædd veðtryggingarbréf í Miðholti 4 séu til tryggingar þeim skuldum, svo langt sem veð hrökkva til.

Málsástæðum og málsatvikum lýsir stefndi svo, að áður fyrr hafi hann rekið bátasmíðaverkstæði á Akureyri og átt bankaviðskipti við stefnanda, og af því tilefni hafi hann gefið út þau tryggingarbréf, sem mál þetta snýst um. Ótvírætt sé, að bréfin standi til fullnustu á hverri þeirri skuld, sem þann rekstur varðaði. Síðan hafi hann stofnað hlutafélagið Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf., kt. 570388-1429, er síðar varð gjaldþrota, svo sem áður er greint. Um þetta leyti hafi stefndi átt við mikinn áfengisvanda að stríða og oft verið illa fyrirkallaður. Eitt sinn, er svo var ástatt, hafi hann verið staddur í Búnaðarbankanum og þá verið fenginn til að árita tryggingarbréf þessi með svofelldri „klásúlu": „Tryggingarbréf þetta gildir einnig vegna Fiskverk. Birgis Þórhallssonar hf." og undirritað: „Fyrir h. Fiskv. Birgir Þórhallsson." Vottar, sem stefndi minnist þó ekki, að hafi verið viðstaddir, hafi verið tveir starfsmenn bankans, þeir Erling Einarsson og Gestur Jónsson. Þessu til áréttingar hefur stefndi lagt fram ljósrit af tryggingarbréfunum með ívitnaðri undirskrift, sem er bæði ódagsett og óvottuð. Telur stefnandi áritun þessa á tryggingarbréfin, sem hafi verið vegna allt annarra viðskipta en viðskipta hins gjaldþrota hlutafélags, í ljósi allra aðstæðna vera afskaplega

hæpin. Hefði stefnandi í raun átt að krefjast nýrra tryggingа í formi annars eða annarra bréfa með formlegum hætti. Þá hafi ekki heldur verið leitað heimildar eiginkonu stefnda. Þá hafi þessari breytingu á bréfinu ekki verið þinglýst og því öðrum veðhöfum ekki ljós. Af þessum ástæðum verði að telja áritun stefnda á bréfunum marklausa, og ekki verði af hálfu stefnanda á henni byggt til viðurkenningar á rétti hans.

Stefnandi mótmælir þessum málsástæðum stefnda og bendir á, að eiginkona stefnda hafi upphaflega ritað samþykki sitt við veðsetningunni á bæði tryggingarbréfin, er þau voru upphaflega út gefin af stefnda, og samþykki maka hafi ekki þurft, þar sem ekki hafi verið um þyngjandi skuldbindingu að ræða, heldur hafi hér verið um eðlilegan gerning að ræða vegna breytingar á rekstrarformi hjá stefnda, er hann hætti rekstri einkafirma og breytti því í hlutafélagsrekstur. Þá sé það alls ósannað, að stefndi hafi verið ölvaður, er hann undirritaði yfirlýsinguna 10. 10. 1989, og hefði eiginkona hans þá a. m. k. átt að höfða mál til ógildingar gjörð hans, er stefnan var birt í máli þessu, ef átt hefði að freista að hnekkja þessari skuldbindingu skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923. Hafi ekki verið þörf að þinglýsa yfirlýsingu stefnda frá 10. 10. 1989 þar sem ekki sé deilt um veðröð.

Stefndi telur, að verði krafa stefnanda tekin til greina, nái veðið eingöngu til búshluta síns í fasteign sinni, Miðholti 4, Akureyri.

Til lagaraka fyrir kröfu sinni vísar stefndi til 33. gr. l. nr. 7/1936 svo og laga nr. 50/1988.

Hér fyrir dómi kannaðist stefndi við að hafa undirritað margnefnt tryggingarbréf, en ekkert muna um það, er hann undirritaði skjölin, eða tildrög þess, þar sem hann hafi á þessu tímabili átt við áfengisvandamál að stríða og verið meira og minna ölvaður eða illa fyrirkallaður. Hafi hann verið framkvæmdastjóri og prókúruhafi Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. og stjórnarformaður þess félags, en mundi ekki, hverjir voru í stjórn með honum. Hafi ákvarðanir í félaginu verið teknar í daglegu spjalli í kaffitímum á vinnustað, þar sem hluthafar og stjórnarmenn hafi starfað í starfsstöð félagsins, en þær ákvarðanir ekki færðar til bókar. Þá hafi hann ekki rætt við eiginkonu sína um hag félagsins og hún ekki komið nálægt rekstri þess. Hluthafar hafi ekki verið í persónulegum ábyrgðum fyrir félagið fyrir utan tryggingarvíxil fyrir yfirdrætti. Á þessum tíma hafi hann verið meira og minna ölvaður allan tímann, sem hann var framkvæmdastjóri félagsins, þ. e. a. s. frá stofnun þess og þar til það varð gjaldþrota. Taldi hann sig hafa fengið ljósrit tryggingarbréfanna óvottuð og ódagsett hjá stefnanda, og hafi hann fyrst rætt við eiginkonu sína um veðsetninguna vegna félagsins, er honum var birt stefnan, og talið undirskrift sína á tryggingarbréfunum vera

óskuldbindandi, þar sem samþykki eiginkonu sinnar hafi ekki verið á þeim. Hann upplýsti, að hann hefði sjálfur undirritað í Búnaðarbankanum öll veðskjöl varðandi reksturinn, svo sem afurðalán og önnur skjöl.

Fyrir dóminn kom sem vitni Erling Einarsson, deildarstjóri í Búnaðarbankanum á Akureyri. Kvaðst vitnið minnast þess að hafa vottað tryggingarbréfin 10. 10. 1989 og skjölin verið undirrituð í sinni viðurvist. Vitnið kvaðst hafa vélritað dagsetninguna á bréfin, og hafi stefndi verið allsgáður, er hann undirritaði skjölin, svo og hafi hann verið allsgáður í öll þau skipti, er hann gekk frá skjölum í bankanum, að því er vitnið best vissi, enda hefði stefndi ekki verið látinn taka á sig skuldbindingar, hefði hann verið ölvaður. Tilgangurinn með undirrituninni 10. 10. 1989 hefði verið að auka tryggingu bankans, þar sem stefndi hefði breytt einkarekstri sínum í hlutafélag og bankinn því þurft tryggingu félagsins. Aðspurt sagði vitnið, að ekki væri ævinlega leitað samþykkis maka fyrir veðsetningu, það færi eftir upplýsingum á veðbókarvottorði. Vitnið kvaðst hafa séð um afurðalán í bankanum og hafa frétt, að stefndi ætti við einhvern áfengisvanda að stríða, en hann hafi ætíð verið allsgáður, er hann átti viðskipti við vitnið. Aðspurt um mun á tryggingarbréfunum, sem stefnandi hefur lagt fram í frumriti og stefndi í ljósriti, sagði vitnið hann sennilega til kominn vegna þess, að stefndi hefði fengið ljósritin af breytingunum á tryggingarbréfunum, áður en búið var að votta þau.

Fyrir dóminn kom sem vitni Gestur Jónsson, deildarstjóri í Búnaðarbankanum á Akureyri. Vitnið kannaðist við undirskrift sína á frumrit tryggingarbréfanna, en kvaðst ekki hafa verið viðstatt, er stefndi undirritaði skjölin 10. 10. 1989. Erling Einarsson hefði komið með skjöl þessi til sín og vitnið þekkt undirskrift stefnda. Taldi vitnið, að Erling hefði komið með skjölin, fljótlega eftir að stefndi undirritaði þau, því að sér hefði verið falið af fyrrverandi útibússtjóra að ganga frá tryggingum við stefnda, sem þá hafði breytt rekstri sínum úr einkafirma í hlutafélag. Sagði vitnið, að stefndi hefði að mestu verið í afurðalánaviðskiptum við bankann og Erling Einarsson og fyrrverandi útibússtjóri séð um þau viðskipti að mestu. Vitnið minntist þess ekki að hafa hitt stefnda í bankanum áberandi ölvaðan eða séð á honum áfengisáhrif.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, svo sem hér að framan hefur verið rakið, að enda þótt stefndi hefði átt við áfengisvanda að stríða, er hann undirritaði yfirlýsinguna á tryggingarbréfin f. h. Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf., sé ósannað, að hann hafi verið ölvaður, er hann undirritaði hana, þó að hann

muni ekki nánar um tildrög undirritunarinnar, og kemur því 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 50/1988, ekki til álita í þessu viðfangi að mati dómsins. Telja verður það eðlilegt af hálfu stefnanda að afla tryggingar hjá stefnda, er hann breytti um rekstrarform úr einkarekstri með ótakmarkaða ábyrgð yfir í rekstur með takmarkaða ábyrgð, og að það misræmi, sem kemur fram á þeim tryggingarbréfum, er stefnandi hefur lagt fram, og á þeim ljósritum, sem stefndi hefur lagt fram, að skýring vitnisins Erlings Einarssonar sé sennileg.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber því að taka kröfur stefnanda til greina að fullu og viðurkenna veðrétt hans samkvæmt margnefndum tryggingarbréfum. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Viðurkenndur er veðréttur stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, í húseign stefnda, Birgis Þórhallssonar, Miðholti 4, Akureyri. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 150.000 kr.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 200/1994. **Arnól hf.**
(Jón Halldórsson hrl.)
gegn
þrotabúi Márusar Jóhannessonar
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Áminning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara gerir hann gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 166.163 krónur. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og beri ekki vexti fyrr en frá þingfestingu málsins í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bú stefnanda í héraði, Márusar Jóhannessonar, var tekið til gjaldþrotaskipta 3. apríl 1995, og hefur þrotabú hans tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti. Krefst stefndi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Fallist verður á þá niðurstöðu héraðsdómara, að Márusi Jóhannessyni hafi fyrirvaralaust verið vikið úr starfi sem yfirmatreiðslumanni hjá áfrýjanda í byrjun janúar 1992. Eins og málið liggur fyrir, verður ráðið, að skort hafi á, að Márus hafi með viðunandi hætti sinnt skyldu til viðveru á vinnustað, eftir að hann sagði upp starfi sínu 11. nóvember 1991 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Eru aðilar sammála um, að vinnuskyldum hans hefði samkvæmt því átt að ljúka 29. febrúar 1992. Hefur áfrýjanda ekki tekist sönnun þess, að hann hafi veitt Márusi fullnægjandi áminningu eða viðvörun, hafi hann talið, að slök mæting Márusar til vinnu eða aðrar ávirðingar í starfi væru þess eðlis, að réttlætt gætu riftun ráðningarsamnings fyrir lok uppsagnarfrests. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á sýknukröfu áfrýjanda. Gagnkrafa hans til skuldajafnaðar á sér því heldur enga stoð.

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, er einungis deilt um rétt Márusar til launa í janúar og febrúar 1992 og til orlofs af þeim launum auk orlofs fyrir mars og apríl 1991. Samkvæmt framansögðu á Márus rétt til launa til loka uppsagnarfrests, þ. e. fyrir janúar og febrúar 1992, svo og til orlofs af þeim launum. Ekki hefur verið sýnt fram á, að Márusi hafi verið greitt orlof fyrir mars og apríl 1991.

Ekki er tölulegur ágreiningur með málsaðilum um, að mánaðarlaun hafi numið 184.626 krónum. Hið sama á við um þá fjárhæð, 253.040,74 krónur, sem komist var að niðurstöðu um í héraðsdómi um áunninn orlofsrétt Márusar. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda laun í tvo mánuði og orlof samkvæmt framangreindu með dráttarvöxtum, svo sem segir í dómsorði. Frá þeirri fjárhæð ber að draga innborgun, 185.254 krónur, sem áfrýjandi innti af hendi í september 1992. Þá verður áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnól hf., greiði stefnda, þrotabúi Márusar Jóhannessonar, 437.038,74 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 622.292,74 krónum frá 1. mars 1992 til 15. september sama ár, en af 437.038,74 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. ágúst 1992, af Márusi Jóhannessyni, Bergstaðastræti 22, Reykjavík, gegn Arnól hf., Ármúla 9, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 945.523,05 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. mars 1992 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...]. Til frádráttar komi innborgun stefnda, eftir að málið var höfðað, 185.254 kr.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum

kröfum stefnanda. Til vara er gerð gagnkrafa til skuldajafnaðar, að fjárhæð 166.163 kr., sem beri dráttarvexti frá þingfestingardegi. Til þrautavara er gerð krafa um, að stefnukrafa verði lækkuð verulega og dráttarvextir reiknist ekki fyrr en frá þingfestingardegi. Þá er sú krafa gerð, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 1. maí 1991 hafi hann verið ráðinn yfirmatreiðslumaður hjá stefnda. Fyrir þann tíma hafði stefnandi unnið um nokkurra mánaða skeið sem matreiðslumaður hjá stefnda og þar áður, allt frá því í nóvember 1987, hjá Hótel Íslandi. Vegna ágreinings milli stefnda og stefnanda um vinnutilhögun o. fl. hafi stefnandi sagt starfi sínu lausu frá og með 1. desember 1991. Uppsagnarfrestur stefnanda hafi verið þrír mánuðir, þ. e. út febrúar 1992.

Stefndi hafi ekki fengist til þess að greiða stefnanda laun og orlof, sem stefnandi eigi inni hjá stefnda, þrátt fyrir eftirgangsmuni af hálfu stefnanda.

Kröfu sína reisir stefnandi á vinnusamningi milli stefnanda og stefnda, lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa í uppsagnarfresti svo og lögum nr. 30/1987 um orlof og kjarasamninga milli Félags matreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Laun fyrir desember 1991	kr.	158.778,00	(kr. 184.626 – innb. kr. 25.848)
Laun fyrir janúar 1992	–	184.626,00	
Laun fyrir febrúar 1992	–	184.626,00	
Orlof frá mars 1991, þ. e. 12 mánuðir að við bættu 25% álagi	–	337.387,65	
Aukafrídagar v. vinnu á helgidögum	–	73.850,00	
Orlofsuppbót	–	6.250,00	
	Samtals kr.	945.518,05	

Til frádráttar þessum fjárhæðum komi innborgun á laun fyrir janúar, 20.309 kr., og innborgun á orlofskröfu stefnanda, 164.945 kr., samtals 185.254 kr.

Um málavexti tekur stefndi fram, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu 11. nóvember 1991. Frá þeim tíma hafi hann komið stopult til vinnu, þar til hann hafi hætt starfi fyrirvaralaust í byrjun janúar 1992 og ekki komið aftur til starfa þrátt fyrir áskorun þar um.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fullt endurgjald vegna starfs síns hjá stefnda, og kynni stefnandi að hafa átt einhvern rétt, hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Mótmælt er kröfu um laun fyrir desember 1991 til febrúar 1992, þar sem stefnandi hafi fengið greidd full laun fyrir vinnuframlag sitt til loka starfs síns. Stefnandi hafi látið fyrirvaralaust af störfum án skýringa og ekki sinnt áskorun um að koma til starfa og vinna út uppsagnarfrest sinn og á þann hátt í raun gerst skaðabótaskyldur við stefnda fyrir að virða ekki uppsagnarfrest sinn.

Ágreiningur sé ekki um þriggja mánaða uppsagnarfrest, og hafi verið gert ráð fyrir, að stefnandi ynni til loka febrúar 1992. Eins og sjáist af vinnuseðlum á dskj. nr. 7, hafi komur stefnanda til vinnu verið afar stopular fram til 6. janúar 1992, að hann lét af störfum að eigin frumkvæði. Stefnandi hafi ekki komið til vinnu eftir 6. janúar þrátt fyrir áskorun í símskeyti, sem honum hafi verið sent 8. janúar, sbr. dskj. nr. 6.

Stefnandi hafi fengið full laun fyrir desember 1991, þrátt fyrir það að aðeins hluti komi fram á launaseðli fyrir desember. Skýringin sé sú, að stefndi hafi lagt út fyrir orlofi, sem þrotabú Hótel Íslands hafi átt að greiða, sbr. launaseðil fyrir júní 1991. Í desember hafi stefnandi fengið orlofið greitt af Tryggingastofnun ríkisins vegna ríkisábyrgðar á launum, og hafi það þá verið leiðrétt á launaseðli fyrir desember. Hafi stefnandi því í raun fengið full laun í desember.

Samkvæmt launaseðli fyrir janúar 1992 fái stefnandi greidd laun í samræmi við vinnuframlag, og jafnframt hafi verið gert upp orlof. Þessi greiðsla hafi ekki farið fram, fyrr en bréf barst frá Tryggingastofnun ríkisins, dags. 9. september 1992, vegna kröfu stefnanda, dags. 11. ágúst 1992, um innlausn orlofslaunakröfu, sbr. dskj. nr. 9. Stefnanda hafi verið boðið í byrjun febrúar 1992 að fá lokauppgjör launa, en af hálfu stefnda hafi þá verið gerð krafa til þess, að undirritaður yrði starfslokasamningur, sbr. dskj. nr. 11, en stefnandi hafi neitað því. Hafi uppgjörið því ekki farið fram fyrr en eftir, að bréf á dskj. nr. 9 hafi borist, og hafi þá ekki verið gert að skilyrði, að starfslokasamningur yrði undirritaður.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri kröfu um 25% álag á orlof. Álag á orlof greiðist aðeins, ef starfsmaður fer í sumarfrí að vetri að ósk vinnuveitanda, sbr. grein 4.1.2. á dskj. nr. 4, en slíku hafi ekki verið til að dreifa í þessu máli. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof beri að gera upp orlof við starfsmann við starfslok, og hafi það verið gert, sbr. dskj. nr. 10.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri kröfu um aukafrídaga vegna vinnu á helgidögum. Stefnandi sem yfirmatreiðslumaður eigi ekki rétt á aukafrídögum fyrir vinnu á helgidögum. Launakjör og vinnufyrirkomulag stefn-

anda hafi ekki verið með þeim hætti, sem ákvæði greinar 4.4.1. í kjarasamningi á dskj. nr. 4 um aukafrí vegna vinnu á helgidögum geri ráð fyrir. Stefnandi hafi ekki unnið reglubundna vaktavinnu, og laun hans hafi ekki verið miðuð við 40 stunda vinnuviku, en hvort tveggja sé skilyrði þess að eiga rétt á greiðslunni. Vinnutími stefnanda sem yfirmatreiðslumanns hafi verið óreglulegur, eins og vinnuseðlar á dskj. nr. 7 beri með sér, og launakjör verið allt önnur en þeirra matreiðslumanna, sem framangreint ákvæði eigi við, sbr. dskj. nr. 14.

Mótmælt er kröfu um orlofsuppbót. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda frá miðjum febrúar 1991 og hefði því getað átt rétt á orlofsuppbót fyrir 2,5 mánuði, sbr. grein 1.5.22. í kjarasamningi á dskj. nr. 4. Sé þar um að ræða fjárhæð, sem nemi samtals um 1.500 kr. Væri talið, að stefnandi gæti átt rétt til þessarar greiðslu, hafi hann, þar sem ekki hafi verið fyrr en með málshöfðun þessari höfð uppi krafa um hana, misst þann rétt fyrir aðgerðaleysi.

Um varakröfu er til þess vísað, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara, en þegar hann hafi farið fyrirvaralaust úr starfi, hafi verið tæpir tveir mánuðir til loka uppsagnarfrests. Gagnkrafan sé reist á því, að stefnda beri skaðabætur, sem nemi helmingi launa þann tíma, sem eftir lifði af uppsagnarfresti, þar sem ekki hafi verið samkomulag um starfslok stefnanda. Verði stefnandi talinn eiga einhverjar fjárkröfur á hendur stefnda, gerir stefndi kröfu um, að skuldajafnað verði gagnkröfu stefnda vegna fyrirvaralauss brotthlaups stefnanda úr starfi. Ekki sé gerð krafa um reikning dráttarvaxta fyrr en frá þingfestingardegi og því til stuðnings vísað til 9. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Fallist dómurinn hvorki á aðalkröfu né varakröfu stefnda, sé gerð krafa til þess, að stefndi verði ekki dæmdur til að greiða laun í lengri tíma en svarar áunnum rétti stefnanda samkvæmt gr. 12.1.1., sbr. gr. 12.1.2. í framlögðum kjarasamningi. Þá verði jafnframt miðað við starfstíma stefnanda hjá stefnda um aðra greiðsluþætti. Þá sé gerð krafa til þess, að vextir verði ekki reiknaðir fyrr en frá þingfestingardegi, með vísan til 9. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa er gerð til þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð til samræmis við framangreint.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi látið af störfum að eigin frumkvæði 6. janúar 1992 og ekki komið til vinnu eftir það þrátt fyrir áskorun í símskeyti, sem honum var sent 8. janúar s. á.

Í símskeytinu segir: „Þann 11. nóvember 1991 sagðir þú upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Var gert ráð fyrir því að þú myndir vinna út upp-

sagnarfrestinn, til loka febrúar nk. Undanfarið hefur þig ítrekað vantað til vinnu án þess að um lögmæt forföll hafi verið að ræða eða þú hafir fengið leyfi til að vera fjarverandi. Frá 1. desember sl. hefur þú aðeins unnið 60 klst. og ekki mætt til starfa undanfarna daga án nokkurra skýringa. Lítum við svo á, að þú hafir látið af störfum fyrirvaralaust að eigin frumkvæði.

Arnól hf.
Arnar Laufdal og Ólafur Laufdal."

Forsvarsmenn stefnda hafa ekki gefið skýrslu fyrir dómi. Í aðilaskýrslu stefnanda segir, að eftir að hann fékk framangreint símskeyti, hafi hann átt fund með Arnari Laufdal og Ólafi Laufdal, en ekki haft árangur sem erfiði og farið heim þann dag að ósk Arnars og Ólafs, sem hafi sagt berum orðum, að hann hefði ekkert þar að gera.

Vitnið Magnús Níelsson, sem viðstatt var þennan fund, staðfesti fyrir dómi þessa frásögn stefnanda. Þykir því sannað, að stefnandi hafi látið af störfum samkvæmt fyrirmælum stefnda, en ekki að eigin frumkvæði, eins og haldið er fram af hálfu stefnda, enda ósannað, að skorað hafi verið á stefnanda að koma til starfa eftir þennan fund.

Fram er komið, að í júnímánuði 1991 komu tilmæli frá stefnda um, að allir skyldu vinna eftir stimpilklukku. Í aðilaskýrslu stefnanda kemur fram, að hann taldi víst, að með þessu væri verið að mæla yfirvinnu. Stefnandi bar fyrir dómi, að áður hefðu yfirmatreiðslumenn ekki notað stimpilklukku, og væri það mjög erfitt vegna eðlis starfsins.

Elín Gestsdóttir, starfsmannastjóri stefnda, bar fyrir dómi, að stefnandi hefði stimplað sig fyrsta mánuðinn, en síðan orðið misbrestur á því, að hann gerði það. Í framburði hennar kom jafnframt fram, að hún hefði þá farið að eltast við þetta sjálf og farið að leiðrétta stimpilkort stefnanda með hjálp starfsstúlku. Þrátt fyrir vanrækslu stefnanda að þessu leyti liggur ekki fyrir, að fundið hafi verið að þessu við hann.

Stefnandi bar fyrir dómi, að í starfi sínu sem yfirmatreiðslumanns hefði falist að sjá um rekstur eldhúss. Hefði farið eftir álagi, hve mikil vinna hans var. Samkvæmt vinnuseðlum á dskj. nr. 7 var fjöldi vinnustunda stefnanda misjafn. Óumdeilt er, að hann fékk föst mánaðarlaun, og fékk hann ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Fyrir liggur, að í desember 1991 voru vinnustundir nokkru færri en ella, en þá hafði verið ráðinn annar yfirmatreiðslumaður til starfa ásamt stefnanda í eldhúsi stefnda, er skyldi taka við störfum stefnanda.

Þegar virtur er framburður þeirra vitna, er störfuðu með stefnanda í eldhúsi, þykir ekki sýnt fram á, að hann hafi vanrækt starfsskyldur sínar, enda

hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu stefnda, að hann hafi fengið áminningu fyrir slíkt, hvað þá áminningu með hótun um brottvikningu.

Þegar framanritað er virt, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi með þeim hætti, sem gert var, og ber að fallast á þá kröfu stefnanda, að hann eigi rétt á launum í uppsagnarfresti, en óumdeilt er, að hann var þrír mánuðir. Ágreiningur er ekki um, að mánaðarlaun stefnanda námu 184.626 kr.

Upplýst er, að í júlímánuði 1991 lagði stefndi út fyrir orlofi, sem þrotabú Hótel Íslands átti að greiða stefnanda, og fékk stefnandi það greitt með launum sínum. Upplýst er, að vegna ríkisábyrgðar á launum greiddi Tryggingastofnun ríkisins umrætt orlof í desember 1991, og var þá sambærileg fjárhæð dregin frá launum stefnanda þann mánuðinn. Þykir ekki sýnt fram á annað en þessi ráðstöfun hafi verið gerð með fullu samþykki stefnanda. Þykir því sýnt fram á, að stefnandi hafi fengið full mánaðarlaun greidd í desember 1991.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að stefnandi eigi rétt til greiðslu orlofs, en fram er komið, að stefndi hefur þegar greitt 164.945 kr. inn á orlofskröfu stefnanda. Hins vegar er kröfu um 25% álag á orlof mótmælt, en þá kröfu sína styður stefnandi því, að hann hafi ekki tekið orlof sitt út á orlofstíma að beiðni stefnda, og vísar stefnandi til 4. gr. laga um orlof nr. 30/1987 og til gr. 4.1.2. í kjarasamningi Félags matreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að stefnandi hafi unnið á orlofstíma að ósk stefnda, og ber því að hafna kröfu hans um 25% álag á orlof.

Í gr. 4.4.1. í fyrrgreindum kjarasamningi segir m. a.: „Fyrir vaktavinnu á frídögum skv. gr. 2.2.3. komi 12 samfelldir frídagar miðað við ársstarf, og er heimilt að veita þá á öðrum árstímum en hinum hefðbundna orlofstíma."

Fallast ber á það með stefnda, að ákvæði greinarinnar miði við, að um vaktavinnu sé að ræða, en fram er komið í málinu, að stefnandi vann ekki reglubundna vaktavinnu. Þykir nefnt ákvæði því ekki taka til stefnanda máls þessa, og ber að hafna kröfu um aukafrídaga vegna vinnu á helgidögum.

Krafa um orlofsuppbót er samkvæmt grein 1.5.2.2. í fyrrgreindum kjarasamningi, en þar segir m. a.: „Matreiðslumenn, sem hafa áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og eru í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku í maí, skulu við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 7.000 kr., árið 1990 og 7.500 kr. árið 1991, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma."

Stefnandi hóf störf hjá stefnda í febrúar 1991, og lauk uppsagnarfresti í lok febrúar 1992. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um orlof nr. 30/1987 er orlofsárið frá 1. maí til 30. apríl. Hann hafði því ekki starfað heilt orlofsár, er starfsskyldum hans lauk. Þykir hann því ekki hafa sýnt fram á rétt sinn til orlofsuppbótar skv. gr. 1.5.2.2. í kjarasamningi, og ber að hafna þeirri kröfu hans.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda laun fyrir janúar og febrúar 1992, 369.252 kr., og orlof, sem nemur 253.040,75 kr., að frá dregnu 25% álagi, sem kröfugerð stefnanda miðast við, en til frádráttar kemur innborgun stefnda, 185.254 kr.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 130.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Arnól hf., greiði stefnanda, Márusi Jóhannessyni, 622.292,74 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1992 til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags, allt að frá dregnum 185.254 kr.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 458/1994. **Hafsteinn Frímann Aðalsteinsson**
(Ólafur Garðarsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Gæsluvarðhald. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1994. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér bætur fyrir fjártjón og miska, samtals 4.000.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 16. febrúar 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar krafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hafði stutta viðdvöl í Antwerpen föstudaginn 6. janúar 1989, en að ms. Laxfoss var fermdur þar 11. sama mánaðar. Áfrýjandi hefur sjálfur skýrt frá því, að sig minni, að 6. janúar hafi hann hitt Gustaaf Verellen, sem þar sér um hleðslu og útskipun á gámum. Í framburði Verellen, sem greint er frá í héraðsdómi, kemur fram, að maður sá, sem hann hitti í Antwerpen 6. janúar, var 3. stýrimaður á ms. Eyrarfossi. Þar greinir m. a. svo: „Í samráði við Coppens var gengið frá fyrirkomulagi um, klukkan hvað og hvaða dag vörurnar yrðu afgreiddar á hafnarbakkann.“ Verður ekki talið, að ósamræmis gæti um atriði, sem máli skipta, í framburði þessa manns og Jeanne Coppens, sem þar er einnig getið, en hún hefur eindregið lýst því, að það hafi verið áfrýjandi, sem pantaði 1100 kassa af bjór heima hjá henni þennan dag og greiddi 260.300 franka í reiðufé. Með vísan til þessa svo og þess, að skýrslur um gjaldeyriskaup áfrýjanda og í hans nafni 5. janúar 1989 eru grunsamlegar og óútskýrðar,

verður ekki talið fremur líklegra, að áfrýjandi sé sýkn en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var borinn, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú b-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafsteinn Frímann Aðalsteinsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 8. september sl., er höfðað af Hafsteini Frímanni Aðalsteinssyni, fyrrverandi stýrimanni, Þúfubarði 5, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 3. maí 1993, á hendur ríkissaksóknara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndu verði gert að greiða stefnanda bætur vegna fjártjóns og miska, samtals að fjárhæð 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu.

Þær eru aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er gerð krafa um, að stefnukrafa verði stórlega lækkuð og málskostnaður í því falli látinn niður falla.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 16. febrúar 1989 var stefnandi handtekinn að lokinni skýrslutöku hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og úrskurðaður í gæslu-

varðhald vegna ætlaðrar aðildar að áfengissmygli. Gæsluvarðhaldið stóð í 30 daga. Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1991, var höfðað mál á hendur honum vegna ætlaðra brota á tollalögum og áfengislögum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 5. nóvember 1992, var stefnandi sýknaður af kröfu ákæruvalds.

Stefnandi gerir í máli þessu kröfu um bætur vegna andlegra þjáninga, röskunar á stöðu og högum og álitshnekkis, sem mannorð hans hafi beðið við það að vera hnepptur í gæsluvarðhald. Þá krefst stefnandi bóta vegna fjártjóns, vegna þess að honum hafi verið sagt upp vinnu daginn eftir, að hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Styður stefnandi kröfur sínar XVIII. kafla l. nr. 74/1974, sem í gildi voru, er til hinnar ætluðu skaðabótakröfu stofnaðist, einkum 2. tl. 150. gr.

III.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa starfað hjá Eimskipafélagi Íslands hf. vorið 1989 og hafa þá starfað hjá félaginu samfleytt rúmt ár. Á níunda áratugnum hafi hann starfað í 4-5 ár samtals hjá Eimskipafélaginu án nokkurra athugasemda af hálfu félagsins.

16. febrúar 1989 hafi stefnandi verið sóttur heim af starfsmönnum Rannsóknarlögreglu ríkisins og beðinn að koma á starfsstöð RLR til skýrslutöku. Eftir þá skýrslutöku hafi stefnanda verið tilkynnt, að hann væri handtekinn. Í kjölfar handtökunnar hafi hann verið hnepptur í gæsluvarðhald til 1. mars s. á., vegna grunar um smygl á 1100 kössum af bjór, sem fundist hafi í gámi við komu ms. Laxfoss til landsins 17. janúar 1989. Hinn 1. mars 1989 hafi gæsluvarðhaldið verið framlengt að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 15. mars 1989. Þann dag hafi rannsóknarlögreglan enn gert kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds stefnanda, en því verið hafnað af sakadómi Reykjavíkur. Stefnandi hafi því setið 30 daga í gæsluvarðhaldi.

Sama dag og stefnandi var handtekinn, hefði verið gerð húsleit á heimili hans og einnig í vídeóleigu þeirri, er stefnandi rak í Hafnarfirði.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1991, hafi mál verið höfðað gegn stefnanda fyrir ætlað áfengissmygl. Dómur hafi verið upp kveðinn 5. nóvember 1992 hjá Héraðsdómi Reykjaness, og hafi stefnandi verið alsýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu. Allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, 50.000 kr., auk virðisaukaskatts skyldi greiða úr ríkissjóði.

Stefnandi vísar um kröfur sínar aðallega á XVIII. kafla l. nr. 74/1974, sem gilt hafi, er til hinnar ætluðu skaðabótakröfu stofnaðist, einkum 2. tl. 150. gr. Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 geymi reglur um bætur

handa sakborningi o. fl. í XXI. kafla, og sé sá kafli lítillega breyttur frá eldri lögum.

Stefnandi krefst miskabóta vegna andlegra þjáninga, röskunar á stöðu og högum og þess álitshnekkis, sem mannorð hans hafi beðið við það að vera hnepptur í gæsluvarðhald. Þá krefst stefnandi bóta vegna fjártjóns, vegna þess að honum hafi verið sagt upp vinnu daginn eftir, að hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Stefnandi hafi ekki fengið vinnu við sitt hæfi aftur fyrr en í desember 1989, og því hafi tekjur hans minnkað verulega, eins og sjáist á skattframtölum, sem lögð séu fram í málinu.

Gæsluvarðhald stefnanda hafi vakið töluverða athygli. Fundur bjórgámsins við komu ms. Laxfoss til Reykjavíkurhafnar 17. janúar 1989 hafi orðið frétt, og hafi síðan birst reglulega fréttir í fjölmiðlum af gangi lögreglurannsóknar. Tollgæslan hafi í nokkur ár reynt að koma í veg fyrir bjórsmygl, sem talið hafi verið, að færi fram með skipum Eimskips. Einkum hafi verið nefnd til sögunnar skipin Álafoss og Eyrarfoss, og hafi öflugt tollgæslulið m. a. verið sent um borð í Álafoss í þyrlu árið áður, en án árangurs.

Þegar stefnandi var handtekinn, hefði verið frá því skýrt í flestum helstu fjölmiðlum landsins. Nafn stefnanda hefði ekki verið nefnt, en eins og títt sé í ekki stærra þjóðfélagi, hefði nafn hans fljótlega verið á flestra vitorði. Þannig hefðu börn hans orðið fyrir glósum og ýmsu aðkasti í skóla og við leik, og einnig hefði kona stefnanda orðið fyrir ónæði.

Daginn eftir, að stefnandi losnaði úr gæsluvarðhaldi, hefði hann farið á skrifstofu Eimskips hf. til þess að grennslast fyrir um það, hvers vegna laun hans hefðu ekki borist fjölskyldunni, meðan hann sat í gæsluvarðhaldi. Á meðan hann beið eftir skýringum, hefði starfsmaður félagsins, Ásbjörn Skúlason, vélritað uppsagnarbréf til stefnanda, og sé bréfið lagt fram á dskj. nr. 5. Í huga stefnanda hefði skipafélagið verið búið að kveða upp dóm. Skýringarnar, sem stefnandi fékk, hefðu hins vegar verið almennar, en sannleikurinn blasað við. Þetta hefði ekki orðið til þess að létta róður stefnanda, sem hefði legið við örvilnan. Hann hefði því þennan sama dag farið til heilsugæslulæknis síns, Hauks Heiðars Ingólfssonar. Liggi vottorð hans frammi í málinu á dskj. nr. 4. Samkvæmt því sé ljóst, að gæsluvarðhaldsvistin hafi haft mikil áhrif á stefnanda. Hann hafi kvartað um kvíða, spennu og svefnörðugleika. Stefnandi hafi látið á sjá líkamlega, hafi lést um 12 kíló í eins mánaðar gæsluvarðhaldi. Í gæsluvarðhaldsvistinni hafi einnig orðið að kalla lækni til stefnanda, sem þá hafði fengið snert af asma. Í kjölfar þess hafi hann fengið eigin sængurföt í stað ullarteppis og þá dregið úr einkennum.

– – –

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ríkissaksóknara stefnt að ófyrirsynju og vísa til 178. gr. l. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og skýringa, sem fylgi í greinargerð. 2. tl. 150. gr. l. nr. 74/1974 svari nákvæmlega til b-liðar 175. gr. l. nr. 19/1991. Sé því rétt að vísa málinu frá ex officio, hvað varði ríkissaksóknara.

Stefndu kveða skilyrði fyrir því, að sakborningur geti fengið bætur skv. XXI. kafla l. nr. 19/1991 vera sett í 175. gr. laganna, sbr. 150. gr. l. nr. 74/1974.

Stefnandi fullnægi þeim skilyrðum, sem þarna séu sett, að því leyti, að ekki hafi fengist sönnun fyrir sekt hans. Hann hafi verið dæmdur sýkn af sömu ástæðu, og dómi yfir honum hafi ekki verið áfrýjað. Hins vegar þurfi til viðbótar að fullnægja því skilyrði, að hann sé fremur líklegur til að vera saklaus en sekur af þeirri háttsemi, sem um sé fjallað. Eins og mál þetta liggi fyrir, sé víðsfjarri því, að þessu skilyrði sé fullnægt. Flest þau skjöl, sem lögð séu fram með greinargerð stefndu, styðji þessa niðurstöðu og enn fremur dómur í málinu sjálfu. Stefndu benda einnig á bréf ríkissaksóknara á dskj. nr. 16, dags. 11. júní 1993, einkum niðurlag þess, en þar séu færð veigamikil rök í þessa veru.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 3. mgr. 154. gr. l. nr. 74/1974, sem í gildi voru, þegar stefnandi var hnepptur í gæsluvarðhald, var nauðsynlegt að stefna ríkissaksóknara fyrir hönd ríkisvaldsins við höfðun einkamáls til bóta skv. 2. tl. 150. gr. laganna. Í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er einungis gert ráð fyrir, að bætur verði sóttar í almennu einkamáli, og jafnframt hefur verið fellt út ákvæði eldri laganna um, að ríkissaksóknari skuli vera í fyrirsvari í slíkum málum. Er ekki að finna í núgildandi lögum ákvæði þess efnis, að ríkissaksóknari skuli hafa forsvar í málum vegna krafna, sem stofnuðust í gildistíð eldri laga. Brestur því lagaskilyrði til að stefna ríkissaksóknara í máli þessu, og ber að vísa kröfum stefnanda á hendur honum frá dómi ex officio.

Ágreiningur í máli þessu er einungis um það, hvort stefnandi fullnægi því skilyrði 2. tl. 150. gr. l. nr. 74/1974, að hann megi fremur telja líklegan til að vera sýkn en sekur af ákæruatriðum þeim, sem hann var sýknaður af með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 5. 11. 1992. Aðilar eru sammála um, að stefnandi fullnægi öðrum skilyrðum laganna um rétt til bóta.

Af framangreindu ákvæði 150. gr. l. nr. 74/1974 er ljóst, að sýknudómur einn og sér í sakamáli er ekki fullnægjandi, til að bótaréttur stofnist, heldur

er beinlínis gert ráð fyrir því, að dómari í bótamáli meti sjálfstætt, hvort aðili sé fremur líklegur til að vera sýkn en sekur af ákæruatriðum. Er ákvæði þetta reist á því, að önnur sjónarmið gilda um sönnunarfærslu í sakamálum en einkamálum. Ber stefnandi í máli þessu sönnunarbyrðina fyrir því, að hann verði fremur talinn líklegur til að vera sýkn en sekur af atriðum þeim, sem hann sat í gæsluvarðhaldi fyrir.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness liggur fyrir í máli þessu. Þá hafa verið lagðar fram m. a. lögregluskýrslur svo og framburðarskýrslur Gustaaf Frans Paulina Verellen og Jeanne Maria Julia Coppens. Enda þótt skýrslur þessara erlendu aðila hafi ekki verið staðfestar hér fyrir dómi, er ekki fallist á, að þær séu þýðingarlausar í máli þessu. Verður ekki litið fram hjá því, að með ólíkindum er, hversu framburði frk. Coppens ber saman við ferðir stefnanda umræddan dag, bæði hvað varðar tímasetningu og ferðamáta, auk þess sem hún þekkti hann af mynd. Hefur stefnandi engar sennilegar skýringar gefið á því, hvernig hún mátti vita svo nákvæmlega um ferðir hans, og hafa skýringar á því ekki fengist á annan hátt nema því aðeins, að framburður frk. Coppens um þessi atriði sé réttur.

Vitnið Verellen nefnir samskiptaaðila sinn „Finnboga“, en bendir hins vegar á stefnanda á ljósmynd, er lögð var fyrir hann, sem sama mann. Þótt varhugavert sé að treysta framburði Verellen einum sér um aðild stefnanda að málinu, er framburður hans studdur framburði frk. Coppens, þrátt fyrir það að fullt samræmi sé ekki í framburði þeirra.

Auk þess, sem að framan er rakið, ber að líta til þess, að ósamræmi er í framburði stefnanda, hvað varðar, hverja hann hitti við höfnina í Antwerpen, sbr. dskj. nr. 29 og 35, en í skýrslu á dskj. nr. 35 viðurkennir hann að hafa hitt Verellen þar og kastað á hann kveðju. Hefur stefnandi ekki gefið fullnægjandi skýringar á ferðum sínum þar.

Í niðurstöðu framangreinds dóms Héraðsdóms Reykjaness segir svo m. a.:

„Margt er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að ákærði hafi verið viðriðinn smygl þetta, svo sem úttekt hans á gjaldeyri 5. janúar (sic í dskj. nr. 3) 1989, ferð hans til Lundúna, þar sem hann tekur sér ferð til Antwerpen sama dag og frk. Coppens segir hann hafa pantað bjórinn, og loks það, að bæði hin erlendu vitni hafa bent á mynd af ákærða og kannast við, að hann hafi verið sá aðili, sem hafi pantað og gefið fyrirmæli um hleðslu bjórsins og lestun í ms. Laxfoss.

Hins vegar verður samt ekki talið, að fram séu komin gögn, sem útiloki, að ákærði hafi farið í ferðina í þeim tilgangi og sinnt þeim erindum, sem hann heldur fram, og einnig hefur hann gert líklegt með vísun í farseðil, að

hann hafi verið á Íslandi, er Laxfoss var í höfn í Antwerpen og hann átti samkvæmt framburði Verellen að hafa gefið honum fyrirmæli um hleðslu gámsins, en Verellen nafngreinir þann mann sem Finnboga, sem hann þekki, en maður með þessu nafni var 3. stýrimaður á Eyrarfossi, og ákærði átti og bróður, sem var bryti á millilandaskipum, með þessu nafni.

Þegar þannig er virt, að hin erlendu vitni hafa ekki borið hér fyrir dómi og verjandi ákærða ekki átt þess kost að spyrja þau og framburður þeirra er ónákvæmur og ósamræmis gætir milli þeirra og ekki ólíklegt, að þau séu í þeirri stöðu að verða að bera af sér sök vegna aðildar sinnar að málinu, og önnur atriði, sem getið er hér að framan, eru höfð í huga, þykir varhugavert að telja gegn staðfastri neitun ákærða, að fram sé komin fullnægjandi sönnun um sök hans, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu."

Af framangreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness verður ekki ráðið, að ákærði hafi fremur verið talinn líklegur til að vera sýkn en sekur, enda þótt hann sé sýknaður af ákæruatriðum.

Þegar allt framangreint er virt, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann fullnægi skilyrðum niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. l. nr. 74/1974, og ber því að sýkna stefnda ríkissjóð af bótakröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Samkvæmt 178. gr. l. nr. 19/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu úr ríkissjóði, þ. m. t. málflutningslaun lögmanns hans, Ólafs Garðarssonar hdl., 85.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, Hafsteins Frímanns Aðalsteinssonar, Þúfubarði 5, Hafnarfirði, á hendur stefnda ríkissaksóknara er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi ríkissjóður skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda á hendur honum í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Kostnaður stefnanda af málinu, þ. m. t. málflutningslaun lögmanns hans, Ólafs Garðarssonar hdl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 418/1994. **Birgir Þórisson**
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
Stefáni G. Olgeirssyni
og Guðna Á. Haraldssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Fasteignakaup. Skuldaskil. Tryggingarbréf. Víxill. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1994. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 663.160 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 40.000 krónum frá 10. maí 1991 til 2. október 1992, af 140.000 krónum frá þeim degi til 22. sama mánaðar, af 190.000 krónum frá þeim degi til 15. desember sama ár, af 266.580 krónum frá þeim degi til 28. sama mánaðar, af 586.530 krónum frá þeim degi til 8. janúar 1993, en af 663.160 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Guðna Á. Haraldssonar er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Stefáns G. Olgeirssonar er ekki sótt þing, og verður málið því dæmt, að því er hann varðar, samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Á það verður ekki fallist með héraðsdómara, að ekki séu skilyrði til að sækja stefndu í sama máli samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 ber að meta það svo,

að stefndi Stefán G. Olgeirsson krefjist staðfestingar héraðsdóms. Með skírskotun til forsendna dómsins ber að staðfesta hann, að því er stefnda Stefán varðar. Þar sem hann undi dómi, var áfrýjun málsins óþörf gagnvart honum, og verður hann því ekki dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

II.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi afhent Guðna Á. Haraldssyni lögmanni tryggingarbréf það, er í héraðsdómi greinir, svo að hann gæti aflýst bréfinu. Forsenda afhendingar bréfsins hafi verið sú, að Guðni hafi lofað að greiða þær skuldir Stefáns G. Olgeirssonar, sem áfrýjandi bar ábyrgð á, af söluverði eignarhluta Stefáns í Nýbýlavegi 26, Kópavogi, samkvæmt kaupsamningi 12. mars 1987 við Guðmund Vigni Sigurbjarnarson. Heldur áfrýjandi því fram, að allar þessar skuldir hafi verið tryggðar samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins, þar á meðal skuld sú, sem í málinu greinir. Guðni hafi ekki staðið við loforð sitt og afhent Stefáni fjármuni, sem nota hafi mátt í þessu skyni. Stefán hafi orðið gjaldþrota skömmu síðar, og þar sem áfrýjandi bar ábyrgð á skuldinni, hafi hann orðið að leysa hana til sín.

Þegar kaupin fóru fram, hafði fasteignin verið auglýst til sölu á öðru og síðara uppboði. Samkvæmt 3. gr. kaupsamningsins átti að verja andvirði veðskuldabréfa til greiðslu á uppboðskröfum, og átti stefndi Guðni, sem samið hafði samninginn, að varðveita undirskriftargreiðslu, sem nam 500.000 krónum, þar til ljóst yrði, að allar áhvílandi veðskuldir og fjárnám væru greidd. Skuld sú, sem mál þetta varðar, hvíldi ekki á eigninni, er kaupsamningi var þinglýst. Eiginvíxli, sem getið er um í tryggingarbréfinu, hafði ekki verið haldið til laga, og var hann fyrndur samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga nr. 93/1933, sbr. 34. gr. sömu laga, þá er mál þetta var höfðað. Samkvæmt orðalagi tryggingarbréfsins verður það ekki skilið öðruvísi en svo, að það tryggi aðeins þær skuldir, sem þar eru upp taldar, og að eiginvíxillinn hafi aðeins verið gefinn út þeirra vegna. Það var áfrýjanda til hagsbóta að afhenda tryggingarbréfið, svo að gera mætti þessar skuldir upp. Gegn eindreginni neitun stefnda Guðna verður að telja það ósannað, að hann hafi lofað að sjá um greiðslu skuldarinnar, sem um ræðir í þessu máli. Rétt þykir því að staðfesta

niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði til stefnda Guðna skal falla niður. Áfrýjandi skal greiða áfrýjunarkostnað máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði til stefnda Guðna Á. Haraldssonar fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er varðar stefnda Stefán G. Olgeirsson.

Áfrýjandi, Birgir Þórisson, greiði stefnda Guðna Á. Haraldssyni 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Birgi Þórissyni, kt. 130151-7019, Víðimel 25, Reykjavík, gegn Stefáni Grími Olgeirssyni, kt. 140940-0039, Reykjavíkurvegi 29, Reykjavík, og Guðna Haraldssyni hrl., kt. 260654-7999, með starfsstofu Kringlunni 6, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 4. maí 1993.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 663.160 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda Guðna Á. Haraldssonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

I.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst á sínum tíma hafa átt viðskipti við Stefán Grím Olgeirsson, og hafi m. a. verið gerður kaupsamningur milli þeirra um hluta Nýbýlavegar 26 í Kópavogi. Kaupsamningurinn sé dagsettur 25. júlí 1985 og lagður fram í málinu. Samkvæmt kaupsamningnum hafi verið áhvílandi veðskuldir, þá er kaupsamningur og afsal voru út gefin. Mun Stefán, seljandi eignarinnar, hafa lofað að aflétta veðskuldum af hinum selda eignarhluta fyrir 31. desember 1985, og til tryggingar því, að hann myndi standa við það loforð og aflétta veðskuldum, greiða víxla og skuldabréf, sem stefnandi hafi borið ábyrgð á, en Stefán verið greiðandi að, hafi hann gefið út eigin víxil, að fjárhæð 2.500.000 kr., og jafnframt hafi verið þinglýst trygg-

ingarbréfi í sama skyni á Nýbýlaveg 26, eignarhlut Stefáns G. Olgeirssonar. Stefnandi kveður Stefán eigi hafa aflétt veðskuldum og eigi heldur staðið í skilum með greiðslu þeirra víxla og skuldabréfa sem stefnandi hafi gengið í ábyrgð á og tryggingarbréfið átt að tryggja, að eigi féllu skuldbindingar á stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa haft umrætt tryggingarbréf í fórum sínum ásamt víxlunum. Við frágang skilnaðarmáls stefnda Stefáns og konu hans, Bentínu Haraldsdóttur, en stefndi Guðni mun hafa annast þau mál f. h. Stefáns, hafi stefndi Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns Olgeirssonar, farið þess á leit við stefnanda, að hann afhenti umrætt tryggingarbréf til aflýsingar, en í ráði hafi verið að selja fasteign þeirra hjóna að Nýbýlavegi 26, Kópavogi. Andvirðið muni hafa átt að nota til þess að greiða upp allar áhvílandi veðskuldir og aðrar skuldir stefnda Stefáns Olgeirssonar, þar á meðal kröfu Guðmundar Þórðarsonar hdl. og Jóns Oddssonar hrl., en þær kröfur hafi verið reistar á ábyrgðarskuldbindingum Birgis Þórissonar í þágu Stefáns Olgeirssonar. Stefnandi kveðst þrásinnis hafa synjað um afhendingu tryggingarbréfsins og víxilsins, nema áður færi fram greiðsla á nefndum kröfum, sem voru í höndum þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar lögmanna. Stefnandi kveður stefnda Guðna Haraldsson þá hafa lofað, að hann myndi afla sér upplýsinga um umræddar kröfur og sjá um greiðslu þeirra, svo að eigi félli ábyrgð eða greiðsluskylda á stefnanda vegna þeirra. Tryggingarbréfið yrði hann hins vegar að fá afhent frá stefnanda, svo hann gæti fengið andvirði söluverðs í sínar hendur. Kveðst stefnandi hafa treyst Guðna Haraldssyni lögmanni til þess að greiða skuldirnar, enda hafi yfirlýsing hans þar að lútandi á þeim tíma verið marktæk, m. a. þar sem hann hafði allar fjárreiður Stefáns Olgeirssonar á sinni hendi. Stefnandi kveður upplýst, að hann hafi fengið umræddar upplýsingar frá þeim Guðmundi Þórðarsyni og Jóni Oddssyni í byrjun júnímánaðar 1987. Í kjölfar þess kveðst stefnandi hafa afhent Guðna Haraldssyni tryggingarbréfið gegn áréttingu á loforði um, að umræddar kröfur yrðu greiddar. Hinn 22. júní 1987 mun stefndi Guðni hafa látið aflýsa tryggingarbréfinu, svo sem sjá megi af áritun á umrætt tryggingarbréf. Hafi nú liðið nokkur tími, og taldi stefnandi, að kröfur þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar hefðu verið greiddar af stefnda Guðna og málin þar með niður fallin. Alllöngu síðar mun hins vegar hafa komið í ljós, að umræddar kröfur höfðu alls ekki verið greiddar, heldur hafði stefndi Guðni Haraldsson aflétt tryggingarbréfinu án þess að greiða nokkuð af kröfum þeirra Guðmundar Þórðarsonar og Jóns Oddssonar. Stefnandi kveðst hafa neyðst til þess síðar að semja við Guðmund Þórðarson um greiðslu á kröfu hans, en stefndi Stefán

Olgeirsson hafi jafnframt sjálfur reynt að greiða niður kröfu Guðmundar Þórðarsonar. Í janúar 1992 hafi stefnanda borist skiptastefna vegna kröfu Ásgeirs Thoroddsen hrl. vegna Lögheimtunnar, sem tekið hafði við innheimtukröfu þeirri, sem Jón Oddsson hrl. hafði haft á sínum tíma. Var þá ótvírætt leitt í ljós, að Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns Olgeirssonar, hafði ekkert greitt af þeirri kröfu þrátt fyrir afdráttarlaus loforð þar að lútandi. Vegna fjárskorts Stefáns Olgeirssonar hafi stefnandi orðið að greiða umrædda kröfu með 663.160 kr. og í því skyni að koma í veg fyrir, að skiptum á búi hans lyki með gjaldþroti. Guðni Haraldsson lögmaður hafi annast sölu á Nýbýlavegi 26 fyrir Stefán Olgeirsson og greiðslur komið í hlut þeirra Stefáns og Bentínu, auk þess sem greiddar muni hafa verið einhverjar áhvílandi veðskuldir á eigninni. Var því ljóst, að unnt hefði verið að greiða umræddar stefnukröfur máls þessa.

Stefnandi kveðst hafa krafið Stefán Olgeirsson um endurgreiðslur, en hann hafi borið við lausafjárskorti svo og því, að hann hafi aldrei fengið neina skilagrein frá lögmanni sínum, Guðna Haraldssyni, og sér hafi verið algjörlega ókunnugt um, hverjar skuldir stæðu eftir, fyrr en hann hefði verið boðaður í skiptarétt Kópavogs, þar sem bú hans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi kveður Stefán Olgeirsson hafa tjáð sér, að hann væri eignalaus og án greiðslugetu. Jafnframt hafi Stefán tjáð sér, að hann hafi frá öndverðu lagt fyrir Guðna Haraldsson, lögmann sinn, að greiða umræddar kröfur og geti staðfest, að hann hafi af því tilefni farið til fundar við Guðna Haraldsson á skrifstofu hans ásamt stefnanda til þess að búa svo um hnúta, að kröfur þessar yrðu greiddar. Í kjölfar þess fundar hafi stefnandi afhent umrætt tryggingarbréf.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur Guðna Haraldssyni hrl. á því, að með erindrekstri og fésýslu fyrir stefnda Stefán Olgeirsson svo og með beinu loforði lögmannsins við stefnanda hafi hann tekist á hendur ábyrgð á því, að umræddar kröfur yrðu greiddar. Stefndi Stefán Olgeirsson sé í reynd greiðandi og beri ábyrgð á umræddum kröfum, þ. e., að eigi féllu ábyrgðir á stefnanda, Birgi Þórisson, en Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns, hafi haft fullt og ótakmarkað umboð til að ráðstafa fjármunum Stefáns Olgeirssonar til greiðslna á kröfum. Forsenda þess, að Guðni Haraldsson hafi á sínum tíma getað fengið greiðslu kaupverðs í sínar hendur út úr fasteigninni Nýbýlavegi 26, hafi m. a. verið sú, að umræddu tryggingarbréfi yrði aflýst. Stefndi Guðni Haraldsson hafi gegn loforði um greiðslu á umræddum kröfum þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar fengið frá stefnanda afhent umrætt tryggingarbréf til aflýsingar. Hins vegar hafi hann svikið loforð sitt og tekið við greiðslu kaupverðs og ráðstafað and-

virði með öðrum hætti en að greiða kröfur Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar þrátt fyrir loforð þar að lútandi. Stefnandi vill eigi una því að bera tjón vegna svika stefnda Guðna og vanskila og vanefnda stefnda Stefáns og beinir því bótakröfum að þeim in solidum.

Dómkröfur stefnanda eru reistar á því, að hann hafi orðið að greiða skuld Stefáns Olgeirssonar annars vegar vegna vanefnda og vanskila Stefáns Olgeirssonar, stefnda í máli þessu, og hins vegar vegna vanefnda og þess, að stefndi Guðni hafi eigi staðið við gefið loforð um að greiða umræddar skuldir gegn því að fá tryggingarbréf afhent til aflýsingar. Þannig hafi stefnandi orðið að greiða til Lögheimtunnar hf. 663.160 kr., og vísast til bréfs Lögheimtunnar hf. til stefnanda, dags. 11. mars 1993, þar að lútandi. Krafist er vaxta af greiddum fjárhæðum, svo sem lýst er í bréfum Lögheimtunnar hf., fyrst frá 10. maí 1991, en síðasta lokagreiðsla stefnanda var 8. janúar 1993.

Stefnandi vísar til fram lagðra kvittana Lögheimtunnar hf. vegna greiðslna, kaupsamnings og meginreglna samningaréttar og samningalaga nr. 7/1936 og almennra reglna kröfuréttar, m. a. varðandi umboð. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi með vísan til ákvæða III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og gjaldskrár LMFÍ til hliðsjónar. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir virðisaukaskatti á málskostnað samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda Guðna Haraldssonar.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að hann hafi í engu með athöfnum sínum eða athafnaleysi stofnað til þeirra ætlaðra skaðaverka, sem stefnt er til bótagreiðslu á í máli þessu gagnvart stefnanda.

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 25. júlí 1985, hafi stefnandi máls þessa keypt eignarhluta meðstefnda Stefáns Gríms Olgeirssonar í norðvesturhorni fasteignarinnar nr. 26 við Nýbýlaveg í Kópavogi. Sama dag hafi meðstefndi Stefán Grímur gefið út tryggingarbréf til stefnanda, þar sem segir: „... til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum svo og til tryggingar öllum öðrum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem er, sem hvíla á fasteigninni Nýbýlavegi 26, Kópavogi, þ. e. eignarhluta þeim í norðvesturhorni hússins, sem ég hef selt Birgi Þórissyni, Blikanesi 23, Garðabæ, nnr. 1135-6370, og taldar eru upp hér á eftir, allt að 2.500.000 kr., samkvæmt víxli (eigin víxill) út gefnum af mér í dag, að fjárhæð

2.500.000 kr., með gjalddaga við sýningu, auk vanskilavaxta og kostnaðar, þ. m. t. innheimtukostnaður, málskostnaður o. fl., vátryggingariðgjöld, er hann kann að greiða, eða annað að engu undanskildu eftir reikningi, er Birgi Þórissyni, Blikanesi 23, Garðabæ, nnr. 1135-6370, hér með veðsett eignin Nýbýlavegur 26, 1. hæð, Kópavogi, með 15. veðrétti og uppfærslurétti á eftir. ...“

Eigin víxill sá, sem meðstefndi Stefán Grímur gaf út 25. júlí 1985, var með gjalddaga við sýningu, og er það víxillinn, sem tryggingarbréfið skyldi tryggja. Stefnanda, sem kveðst hafa haft umrætt tryggingarbréf í fórum sínum ásamt víxlinum, sbr. það, sem kemur fram í stefnu, bar því að sýna nefndan víxil til greiðslu fyrir 25. júlí 1986, vildi hann halda víxilrétti sínum á hendur útgefanda til laga. Þetta hafi ekki verið gert, og því hafi fallið niður víxilkrafa stefnanda á hendur meðstefnda Stefáni Grími 24. júlí 1986. Þar sem víxilkrafa stefnanda var niður fallin fyrir vangeymslu hans, féll veðtrygging niður á sama tíma. Þegar veðtrygging var niður fallin, bar stefnanda að sjálfsögðu skylda til þess að aflýsa veðinu. Í júní 1987 mun stefnandi hafa afhent stefnda nefnt tryggingarbréf til aflýsingar, og hafi því verið aflýst 22. júní 1987, tæpu einu ári eftir að víxil- og veðkröfur samkvæmt nefndum skjölum voru niður fallnar.

Stefndi, sem annaðist almenn lögfræðistörf fyrir meðstefnda Stefán Grím á þessum tíma, neitar því algerlega að hafa persónulega lofað stefnanda eða nokkrum öðrum að ábyrgjast fjárskuldbindingar umbjóðanda síns gagnvart stefnanda vegna þessara viðskipta aðila. Hið eina, sem stefndi tók að sér að gera gagnvart stefnanda, var að annast aflýsingu tryggingarbréfsins, er glatað hafði veðrétti, og hefði átt að gerast mörgum mánuðum áður. Það, að stefndi annaðist aflýsingu veðbréfsins, getur ekki undir neinum kringumstæðum leitt til þess, að stefnandi hafi öðlast betri rétt á hendur honum en hann átti á hendur meðstefnda Stefáni Grími, áður en bréfið var afhent stefnda til aflýsingar. Af því, sem nú hefur verið rakið, má ljóst vera, að stefndi hefur ekki á nokkurn hátt valdið stefnanda tjóni né unnið til þeirra verka, sem skaðabótaskyld gætu talist, hvað þá heldur in solidum með meðstefnda Stefáni Grími, sem ótvírætt var þó skuldari samkvæmt gögnum málsins, allt til þess að víxilréttur eða almennur kröfuréttur á hendur honum féll niður fyrir vangeymslu og fyrningu.

Með sama hætti væru allar kröfur stefnanda á hendur stefnda niður fallnar fyrir fyrningu, hefði til greiðsluloforðs hans komið í júní 1987.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til tilvitnaðra gagna, víxillaga og almennra reglna samninga- og kröfuréttar ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

III.

Niðurstaða.

Af hálfu stefnda Stefáns G. Olgeirssonar hefur ekki verið sótt þing í málinu, og ber því að dæma málið, að því er hann varðar, í samræmi við 96. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt áskorunarstefnu, áritaðri um aðfararhæfi 2. mars 1987, var stefnanda, Birgi Þórissyni og stefnda Stefáni Olgeirssyni gert að greiða in solidum skuld, að fjárhæð 80.000 kr., auk vaxta og kostnaðar. Var þar um að ræða skuld samkvæmt víxli, sem út gefinn var af stefnanda, Birgi Þórissyni, 12. júní 1985, en samþykktur af stefnda Stefáni til greiðslu 12. ágúst 1985. Skuld þessa ásamt áföllnum kostnaði leysti stefnandi til sín, eftir að fram hafði verið sett krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans, og er sú innlausnarfjárhæð, 663.160 kr., sem er stefnukrafa málsins. Stefndi Stefán, sem gaf skýrslu fyrir dómi, hefur viðurkennt að skulda stefnanda þá fjárhæð, og ber því að taka til greina stefnukröfur á hendur stefnda Stefáni Olgeirssyni, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá ber að dæma stefnda Stefán til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 140.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómkröfur sínar á hendur stefnda Guðna Haraldssyni hrl. styður stefnandi því, að lögmaðurinn hafi ábyrgst, að skuld sú, sem hér um ræðir, yrði greidd af þeim fjármunum, sem hann hefði til ráðstöfunar fyrir stefnda Stefán vegna sölu eignar hans að Nýbýlavegi 26, Kópavogi. Stefndi Guðni hefur eindregið neitað því að hafa lofað, að skuld þessi yrði greidd, og er ósannað, að svo hafi verið. Dómkröfur á hendur honum verða því ekki reistar á þeim forsendum. Að því er varðar tryggingarbréf það, sem stefnandi afhenti stefnda Guðna og aflýst var af eigninni Nýbýlavegi 26 22. júní 1987, liggur fyrir, að sú veðsetning var til tryggingar eigin víxli, út gefnum af stefnda Stefáni 25. júlí 1985, sem greiða skyldi við sýningu. Fyrir liggur, að þeim víxli var ekki haldið til laga í samræmi við 34. gr., sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber því að fallast á það með stefnda Guðna, að þar með hafi veðréttur víxilkröfunnar fallið niður. Aflýsing tryggingarbréfsins var því ekki til þess fallin að baka stefnanda tjón, og verður bótaábyrgð á hendur stefnda Guðna ekki reist á þeim sjónarmiðum. Þá verður ekki séð, að stefndi Guðni hafi að öðru leyti með erindrekstri sínum fyrir stefnda Stefán bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þeirrar fjárkröfu, sem stefnt er út af í málinu. Ber því að sýkna stefnda Guðna af öllum kröfum stefnanda í málinu. Dæma ber stefnanda til þess að greiða honum 75.000 kr. í málskostnað.

Það athugist, að ekki verður séð, að uppfyllt séu skilyrði 19. gr. laga nr. 91/1991 um samlagsaðild stefndu í máli þessu.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Stefán G. Olgeirsson greiði stefnanda, Birgi Þórissyni, 663.160 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 10. 5. 1991 af 40.000 kr. til 2. 10. 1992, af 140.000 kr. til 22. 10. 1992, af 190.000 kr. frá þeim degi til 15. 12. 1992, af 266.580 kr. frá þeim degi til 28. 12. 1992, af 586.580 kr. frá þeim degi til 8. 1. 1993 og af 663.160 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 140.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. 1. 1994, en síðan árlega þann dag.

Stefndi Guðni Haraldsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Birgis Þórissonar, í máli þessu. Stefnandi, Birgir Þórisson, greiði stefnda Guðna Haraldssyni 75.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 427/1993. **Kristján Wendel**
gegn
Gunnari Rósinkranz
Bjarna Sveinssyni og
Gerpi sf.
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök
og íslenska ríkinu
Friðgeiri Björnssyni
Auði Þorbergsdóttur
Allan V. Magnússyni
Sigríði Ólafsdóttur
Höllu Bachmann Ólafsdóttur
Sigurði T. Magnússyni
Frey Jóhannessyni og
Ríkharði Kristjánssyni
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Fasteignakaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð. Geymslugreiðsla. Skaðabætur. Dómarar. Leiðbeiningarskylda. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1993. Kröfur hans fyrir Hæstarétti eru:

aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll fyrir héraðsdómi, allt frá þingfestingu, verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar,

að stefndu, íslenska ríkið, Friðgeir Björnsson dómstjóri, Auður Þorbergsdóttir varadómstjóri, Allan V. Magnússon og Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómarar, Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, Sigurður T. Magnússon, þáverandi dómarafulltrúi, og meðdómendurnir Freyr Jóhannesson og Ríkharður Kristjánsson, greiði sér óskipt 15.000.000 krónur í skaðabætur vegna löglausrar meðferðar málsins fyrir héraðsdómi,

að fyrrnefndir dómarar verði víttir og dæmdir til refsingar,

til vara, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, en þær voru, að gagnáfrýjendur greiði sér samtals 44.487.077 krónur ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 15. október 1991 til greiðsludags.

Hann krefst og ómerkingar úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1992 um frávísun þriggja nánar tiltekinna liða kröfu sinnar.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti. Er þar með talinn útlagður matskostnaður, samtals 1.844.655 krónur, og útlögð lögmannsþóknun, samtals 369.092 krónur.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 14. desember 1993. Kröfur þeirra eru þessar:

í aðalsök, aðallega, að málinu verði vísað frá að öllu leyti eða að hluta, en til vara, að þau verði sýknuð af öllum kröfum aðaláfrýjanda,

í gagnsök, aðallega, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum 2.810.455 krónur með ársvöxtum 27,6% af 1.234.112 krónum frá 18. nóvember 1988 til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% af 1.343.712 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 38,4% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 42% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 45,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. október sama ár, 38,4% af 2.810.455 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 40,8% frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags,

til vara, að aðalkrafa þeirra í héraði verði tekin til greina.

Til frádráttar dómkröfum komi 184.000 krónur miðað við 13. október 1992.

Gagnáfrýjendur krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti lýstu gagnáfrýjendur yfir, að þau féllu frá mótmælum sínum við kröfu um útgáfu afsals.

Stefndi íslenska ríkið krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, að því er hann varðar. Til vara krefst hann sýknu. Í

báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til þrautavara krefst þessi stefndi, að bótafjárhæðir verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Stefndu Friðgeir Björnsson, Auður Þorbergsdóttir, Allan V. Magnússon, Sigríður Ólafsdóttir, Halla Bachmann Ólafsdóttir, Sigurður T. Magnússon, Freyr Jóhannesson og Ríkharður Kristjánsson hafa ekki látið málið til sín taka.

I.

Með heimild í 1. mgr. 151. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefur aðaláfrýjandi við áfrýjun þessa leitað endurskoðunar á úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1992, þar sem kröfuliðum hans í héraði, merktum E, F og H, var vísað frá dómi. Með vísan til forsendna úrskurðarins verður hann staðfestur, og koma kröfuliðir þessir því ekki til álita fyrir Hæstarétti. Þá standa eftir þeir kröfuliðir, sem um er fjallað í hinum áfrýjaða dómi.

Skilja verður kröfu gagnáfrýjenda í aðalsök um frávísun þannig, að átt sé við ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi. Ekki þykja næg efni til að taka þessa kröfu til greina.

II.

Til stuðnings kröfu sinni um ómerkingu dóms og málsmeðferðar í héraði og bóta- og refsikröfum á hendur dómurum málsins hefur aðaláfrýjandi tilgreint ýmis atriði, sem farið hafi úrskeiðis við meðferð málsins í héraði. Nefnir hann þar meðal annars til, að dómkvaddir matsmenn hafi sleppt úr í matsgerðum að eigin geðþótta ýmsum atriðum, sem meta átti samkvæmt matsbeiðnum, og úrskurðað, að hann ætti ekki rétt til bóta. Þannig hafi í undirmatsgerð einungis verið metinn til fjár hluti af 102 liðum í matsbeiðni. Kröfum um úrbætur í þessu efni hafi ekki verið sinnt af dómurum. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið beittur harðræði og kúgun við yfirheyrslur og brotin á sér reglan um jafnræði aðila. Sér hafi verið neitað um framlagningu ýmissa skjala, svo sem sérprentana laga og reglugerða um byggingarmál. Enn fremur hafi á það skort, að rækt væri gagnvart sér lögmælt leiðbeiningarskylda. Þá hafi þinghöld staðið fram eftir kvöldi og hann orðið að sæta gegndarlausum eftirrekstri af hálfu dómara, en jafnframt hafi átt sér stað

stórfelldar réttartafir við rekstur málsins. Grundvallarregla réttarfars um milliliðalausa og óháða málsmeðferð fyrir dómi hafi verið að engu höfð. Í héraðsdómi sé farið rangt með staðreyndir, og niðurstaða hans sé aðeins að litlu leyti byggð á fram lögðum gögnum, málflutningi aðila og lögum. Framganga byggingaryfirvalda, sem aðaláfrýjandi gagnrýnir harkalega, sé túlkuð með þeim hætti í dóminum, að þeim sé í sjálfsvald sett, hvort þau framfylgi ótvíræðum lagafyrirmælum eða ekki. Eftir áfrýjun héraðsdóms hafi sér ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá afhentar gallalausar dómsgerðir frá héraðsdómi í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1991.

Aðaláfrýjandi telur stefndu Höllu Bachmann Ólafsdóttur og Sigurð T. Magnússon hafa brotið gegn 158. gr. og 162. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi Hæstaréttar 17. september 1991 var tekin afstaða til athugasemda aðaláfrýjanda við störf undirmatsmanna.

Gangur málsins í héraði er rakinn í hinum áfrýjaða dómi. Rétt er, að dráttur varð á meðferð málsins þar, en sýnt er, að aðaláfrýjandi hefur sjálfur tafið málið með kröfum um nýtt mat, endurtekið mat, viðbótarmat, þarflausar yfirheyrslur og þarflaus skjöl. Verður ekki annað séð en langvinnur rekstur málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og síðar Héraðsdómi Reykjavíkur hafi fyrst og fremst verið honum sjálfum að kenna. Töf, sem ekki sést, að beinlínis hafi verið af völdum aðaláfrýjanda, var á tímabilinu frá dómi Hæstaréttar 18. janúar 1993, þar til dómsformaður við uppsögu hins áfrýjaða dóms tók málið fyrir 11. júní sama ár. Skýrist sú töf af því, að Jónas Gústavsson héraðsdómari fékk málið til meðferðar, en veiktist, og var Halla Bachmann Ólafsdóttir settur héraðsdómari í forföllum 6. apríl 1993.

Ásakanir aðaláfrýjanda vegna tafa á afhendingu dómsgerða eiga ekki við rök að styðjast. Mistök urðu við afgreiðslu þeirra, en þau voru leiðrétt.

Auk þess, sem að framan greinir um þátt aðaláfrýjanda sjálfs í því, sem aflaga fór um rekstur málsins í héraði, kom þar einnig til, að hann bar lögmann sinn ráðum, vék honum frá málinu og kaus að annast sjálfur meðferð þess. Er augljóst, að rekstur málsins eftir það gat ekki, svo að vel færi, verið á færi leikmanns í lögfræði, sem og raun varð á.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið um málsástæður, gagnrýni og aðfinnslur aðaláfrýjanda varðandi málsmeðferðina í héraði, svo og þau gögn málsins, sem við er að styðjast um hana, verður ekki talið, að aðláfrýjandi hafi fært fram nein þau rök fyrir kröfu sinni um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar fyrir héraðsdómi, að efni séu til að taka þá kröfu til greina. Ber því að hafna henni.

Bóta- og refsikröfur aðaláfrýjanda á hendur dómurum málsins, sem skotið var til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 8. gr. a laga nr. 92/1989, eiga sér heldur enga haldbæra stoð, og ber að hafna þeim í einu og öllu svo og kröfum á hendur íslenska ríkinu. Er málskotið, að því er þessa aðila varðar, og kröfugerðin á hendur þeim bæði tilefnislaus og ámælisverð.

III.

Víkur þá að varakröfu aðaláfrýjanda um fébætur úr hendi gagnáfrýjenda og kröfum gagnáfrýjenda í gagnsök.

Aðaláfrýjandi keypti íbúð af gagnáfrýjendum 1. desember 1987 í fjölbýlishúsi, sem þeir byggðu að Grundarstíg 23 hér í borg. Skyldi aðaláfrýjandi fá íbúðina afhenta tilbúna undir tréverk í október 1988. Umsamið kaupverð var 6.565.000 krónur. Þegar kom að afhendingu, gerði aðaláfrýjandi ýmsar athugasemdir og fyrirspurnir vegna frágangs íbúðarinnar. Sætti hann sig ekki við viðbrögð gagnáfrýjenda og tók það ráð að inna ekki af hendi lokagreiðslu útborgunar 18. nóvember 1988 samkvæmt kaupsamningi, 1.234.112 krónur, en lagði fé þetta í reikning í Sparisjóði vélstjóra. Til þessa úrræðis á sitt eindæmi hafði aðaláfrýjandi enga heimild að lögum, og var því um vanefnd af hans hálfu á kaupsamningi að ræða.

Gagnáfrýjendur leituðu riftunar kaupsamnings, en aðaláfrýjandi krafðist endurbóta og hafnaði riftunarkröfu. Í máli þessu krefur hann gagnáfrýjendur um samtals 44.487.077 krónur vegna vanefnda þeirra, kostnaðar og skaðabóta. Hefur meginhluta þeirrar kröfu verið vísað frá dómi, en eins og að framan greinir, standa eftir kröfuliðir hans, en þeir eru samtals að fjárhæð 5.997.911 krónur.

Þegar fjárhæðir þessar eru virtar, er ljóst, að eðlilegt úrræði aðaláfrýjanda hefði verið að krefjast riftunar kaupa. Það gerði hann ekki, heldur hafnaði riftunarkröfu gagnáfrýjenda og krafðist mats-

gerða. Matsbeiðnir eru með þeim ágöllum, að lagt er fyrir dómkvadda matsmenn að meta það, sem aðaláfrýjandi telur sjálfur vera galla á íbúðinni, án tillits til þess, hvort matsmenn telji, að um galla sé að ræða. Því er ekki unnt að byggja dóm í málinu á matsgerðum þessum, en hafa má þær til hliðsjónar við niðurstöðu.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður ekki talið, að skilyrði séu til þess að beita bótareglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup beint eða með lögjöfnun um kröfur aðaláfrýjanda. Hins vegar eru lagaskilyrði til þess að leysa ágreining aðila um skuldajafnaðarkröfu aðaláfrýjanda eftir meginreglum um afslátt af kaupverði. Í því skyni verður höfð hliðsjón af niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum. Kröfuliðir þeir, sem teknir voru til greina í VII. kafla héraðsdóms, nema samtals 982.205 krónum á verðlagi 1. febrúar 1992. Með vísan til forsendna hans er fallist á það álit, að frágangi íbúðar aðaláfrýjanda hafi í ýmsu verið áfátt. Þykir hann eiga rétt á afslætti af kaupverði, sem á verðlagi kaupsamningsdags, 1. desember 1987, telst hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til afsláttarboðs gagnáfrýjenda, að fjárhæð 184.000 krónur.

IV.

Svo sem fyrr greinir, nemur aðalkrafa gagnáfrýjenda í gagnsök alls 2.810.455 krónum. Hér er annars vegar um að ræða 1.783.324 krónur (1.234.112 + 109.600 + 439.612) samkvæmt sundurliðun í upphafi IV. kafla héraðsdóms. Hins vegar er krafa um 1.027.131 krónu vegna skuldabréfs, sem aðaláfrýjanda bar að gefa út eftir kaupsamningnum. Svo sem greinir í héraðsdómi, andmælti aðaláfrýjandi ekki tölulega kröfuliðum þessum að undanteknum lið að fjárhæð 109.600 krónur, sem gagnáfrýjendur telja vera kostnað við tiltekin aukaverk. Með vísun til forsenda héraðsdóms þykir mega taka kröfulið þennan til greina með 45.013 krónum. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um fyrri lið gagnkröfunnar með samtals 1.718.737 krónum (þ.e. 1.234.112 + 45.013 + 439.612). Taka ber til greina kröfu gagnáfrýjenda um peningagreiðslu í stað útgáfu veðskuldabréfs, að fjárhæð 1.027.131 krónu.

Verður aðaláfrýjanda því gert að greiða gagnáfrýjendum samtals 2.745.868 krónur (þ.e. 1.718.737 + 1.027.131) að frá dregnum afslætti,

að fjárhæð 700.000 krónur, eða 2.045.868 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsorði, gegn útgáfu afsals fyrir hinni seldu eign.

Við ákvörðun málskostnaðar ber að líta til þess, að aðaláfrýjandi hafnaði því réttarúrræði að rifta kaupunum á íbúðinni, þótt ætla megi, að það hefði verið honum hagfellt með hliðsjón af því mikla og margþætta tjóni, sem hann telur sig hafa orðið fyrir í viðskiptum sínum við gagnáfrýjendur. Þess í stað valdi hann þann kost að fara fram með stórfelldar og fjarstæðar fjárkröfur, þar sem krafist er fébóta úr hendi gagnáfrýjenda, er nema nær sjöföldu kaupverði íbúðarinnar í desember 1987. Með hliðsjón af þessu og málatilbúnaði aðaláfrýjanda að öðru leyti er óhjákvæmilegt með vísun til 1. mgr. 131. gr. laga nr. 19/1991 að hafna kröfu hans um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að frá töldum hluta af matskostnaði.

Eftir atvikum málsins og málalokum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá verið litið til eðlilegs kostnaðar við matsgerð, sem aðaláfrýjanda var nauðsyn að afla í héraði.

Málskostnað fyrir Hæstarétti þykir mega fella niður, að því er varðar íslenska ríkið.

Dómsorð:

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1992 er staðfestur.

Stefndu, íslenska ríkið, Friðgeir Björnsson, Auður Þorbergsdóttir, Allan V. Magnússon, Sigríður Ólafsdóttir, Halla Bachmann Ólafsdóttir, Sigurður T. Magnússon, Freyr Jóhannesson og Ríkharður Kristjánsson, skulu vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Kristjáns Wendel, í máli þessu.

Málskostnaður gagnvart íslenska ríkinu falli niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum, Gunnari Rósinkranz, Bjarna Sveinssyni og Gerpi sf., 2.045.868 krónur með ársvöxtum 27,6% af 1.234.112 krónum frá 18. nóvember 1988 til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 38,4% af

1.279.125 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 42% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 45,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. október sama ár, 38,4% af 2.045.868 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 40,8% frá þeim degi til stefnubirtingardags 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Greiðsla fari fram gegn útgáfu afsals fyrir íbúð nr. 0303 í húsi nr. 23 við Grundarstíg í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur niður málskostnaður þeirra í milli.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1993.

I.

Mál þetta var endurupptekið 11. júní sl. og tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi sama dag. Aðalsök er höfðuð með stefnu, birtri 18. janúar 1990. Gagnsök er höfðuð með stefnu, birtri 7. og 8. október 1992.

Aðalstefnandi er Gerpir sf., kt. 650578-0159, Hafnarstræti 20, Reykjavík.

Aðalstefndi og gagnstefnandi er Kristján Wendel, kt. 220130-4609, Hringbraut 43, Reykjavík, í dóminum ávallt nefndur gagnstefnandi.

Gagnstefndu eru auk aðalstefnanda eigendur sameignarfélagsins Gerpis, þeir Gunnar Rósinkranz, kt. 210641-4249, Pósthússtræti 13, Reykjavík, og Bjarni Sveinsson, kt. 130632-3359, Deildarási 24, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru þessar:

A. að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 1.783.324 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum],

B. að staðfest verði með dómi, að aðalstefnda sé skylt að gefa út og afhenda aðalstefnanda þinglýst og stimplað vísitölutryggt skuldabréf, að fjárhæð 1.027.131 kr., tryggt með veði í 5–6 herbergja íbúð, merktri 0303, á þriðju hæð hússins að Grundarstíg 23, Reykjavík. Skuldabréfið skuli vera miðað við lánskjaravísitölu 2640 stig og bera meðalvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 1. október 1989 til gjalddaga, sem skulu vera þrír, þ. e. 1. október árin 1990, 1991 og 1992, og greiðist þá af bréfinu í samræmi við almennar reglur Seðlabanka Íslands um greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum. Heimilt er, að á undan veðrétti skuldabréfsins hvíli á

íbúðinni verðtryggt lán, að fjárhæð allt að 2.000.000 kr., miðað við lánskjaravísitölu 2053 stig.

Til frádráttar dómkröfunum komi 184.000 kr. frá 13. október 1992 að telja, sbr. dskj. nr. 84 og 85 og feitletraða liði á dskj. nr. 126.

C. Loks krefur aðalstefnandi aðalstefnda um greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Í aðalsök krefst aðalstefndi sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og greiðslu málskostnaðar.

Endanlegar kröfur stefnanda í gagnsök eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum eftirtaldar fjárhæðir auk vaxta:

A. 3.734.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. október 1991 til greiðsludags,

B. 1.355.811 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. desember 1987 til greiðsludags,

C. 84.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 27. mars 1991 til greiðsludags,

D. 503.600 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 8. mars 1992 til greiðsludags,

G. 468.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 27. maí 1992 til greiðsludags.

Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar að skaðlausu [...].

Loks krefst gagnstefnandi þess, að kröfum sínum verði skuldajafnað við kröfur aðalstefnanda að svo miklu leyti sem þær kunni að verða teknar til greina, en sjálfstæðs dóms um afganginn.

Við munnlegan málflutning 11. júní sl. krafðist gagnstefnandi útgáfu afsals.

Í gagnsök er af hálfu gagnstefndu aðallega krafist frávísunar, en til vara sýknu.

Af hálfu aðalstefnanda var kröfu um útgáfu afsals mótmælt sem of seint fram kominni. Þá er sérstaklega krafist málskostnaðar í gagnsök að mati dómsins.

II.

Í máli þessu er deilt um efndir á samningi, sem aðilar málsins gerðu með sér 1. desember 1987. Með samningi þessum keypti gagnstefnandi íbúð af aðalstefnanda í húsi nr. 23 við Grundarstíg í Reykjavík, og skyldi afhenda hana tilbúna undir tréverk í október 1988. Íbúðin var afhent gagnstefnanda 18. nóvember 1988.

Aðalstefnandi telur gagnstefnanda enn eiga eftir að greiða sér síðustu útborgunargreiðslu samkvæmt kaupsamningnum, hann eigi eftir að gefa út skuldabréf, og auk þess eigi hann eftir að greiða reikning, að fjárhæð 109.600 kr., vegna aukaverka. Aðalstefnandi hefur fallist á, að til frádráttar kröfunum skuli koma 184.000 kr. frá 13. október 1992 að telja.

Gagnstefnandi krefst hins vegar bóta eða afsláttar úr hendi gagnstefndu vegna ætlaðra vanefnda á samningi, ætlaðra brota á byggingarreglugerð og annarra galla á hinni seldu eign.

III.

Meðferð málsins hófst fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með þingfestingu stefnu í aðalsök 23. janúar 1990. Gagnstefnandi hafði á þessum tíma lögmann, og skilaði hann greinargerð 22. mars s. á. og krafðist sýknu af kröfum aðalstefnanda á þeim grundvelli, að íbúðin hefði margvíslega galla. Var málinu eftir það úthlutað til Sigríðar Ólafsdóttur borgardómara. Matsbeiðni gagnstefnanda, sbr. dskj. nr. 38, var tekin fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur utan aðalmálsins 25. apríl sama ár, en ekki varð úr dómkvaðningu. Sigríður Ólafsdóttir borgardómari tók fyrir nýja matsbeiðni gagnstefnanda 31. maí 1990 og dómkvaddi þá Ragnar Ingimarsson og Magnús Guðjónsson sem matsmenn 1. júní sama ár.

Þáverandi dómsformaður, Sigurður T. Magnússon, þá settur borgardómari, tók við málinu 1. september 1990. Sömu matsmenn voru samkvæmt viðbótarmatsbeiðni gagnstefnanda dómkvaddir 12. mars 1991 til að gera viðbótarmat. Matsmenn skiluðu gagnstefnanda matsgerð 27. mars 1991. Í þinghaldi 16. maí 1991 skýrði gagnstefnandi frá því, að Arnmundur Backman hrl. færi ekki lengur með málið, og hefur gagnstefnandi rekið málið sjálfur síðan. Eftir kröfu gagnstefnanda komu matsmenn fyrir dóm í matsmálinu 7. júní 1991 til skýrslugjafar. Þáverandi dómsformaður hafði þá kallað til sem meðdómsmenn í málinu þá Ríkharð Kristjánsson verkfræðing og Helga S. Gunnarsson byggingartæknifræðing. Kvað dómurinn upp tvo úrskurði 20. júní 1991, annars vegar um hæfi matsmanna, reikning þeirra og fleiri atriði, en þann úrskurð kærði gagnstefnandi þegar í stað til Hæstaréttar Íslands, hins vegar úrskurð um frestun málsins, en þann úrskurð kærði lögmaður aðalstefnanda til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur kvað upp einn dóm um kæruatriðin 17. september 1991.

Málið var samkvæmt dómi Hæstaréttar tekið fyrir 15. október 1991, og voru þá að beiðni gagnstefnanda dómkvaddir fjórir yfirmatsmenn. Í þessu þinghaldi var kveðinn upp úrskurður um frestun málsins, þar til yfirmatsgerð lægi fyrir, en þó ekki lengur en til 3. febrúar 1992. Úrskurðurinn var kærður, og staðfesti Hæstiréttur hann með dómi 21. nóvember sama ár.

Að beiðni gagnstefnanda dómkvaddi Kristjana Jónsdóttir borgardómari þá Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðing og Gunnar Torfason verkfræðing 28. janúar 1992 til að gera nýtt undirmat.

Yfirmatsmenn skiluðu yfirmatsgerð 6. febrúar 1992, og hinni nýju undirmatsgjörð var skilað 8. mars 1992.

Allan Vagn Magnússon borgardómari tók við málinu 30. mars 1992.

Gagnstefnandi lagði fram gagnstefnu 22. júní 1992, en í sama þinghaldi gerði lögmaður aðalstefnanda kröfu um, að dómari málsins viki sæti. Dómarinn, Allan Vagn Magnússon, vék sæti með úrskurði 3. júlí 1992.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, tók aftur við málinu í september 1992. Í fyrstu fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. september 1992 felldi gagnstefnandi niður gagnsök og óskaði eftir fresti til að leggja fram nýja gagnstefnu. Lögmaður aðalstefnanda krafðist þess, að málinu yrði frestað til aðalmeðferðar, og varð þáverandi dómsformaður við þeirri kröfu og frestaði málinu til aðalmeðferðar 16. nóvember 1992.

Gagnstefnandi þingfesti nýja gagnsök á reglulegu dómþingi 13. október 1992 sem málið nr. E-8480/1992 og krafðist sameiningar málsins við mál nr. E-993/1990. Af hálfu stefndu í gagnsök var krafist frávísunar á gagnsök og sameiningu málanna hafnað. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október sl. var hluta af kröfum í gagnsök vísað frá dómi og gagnsök sameinuð aðalsök.

Þar sem Helgi S. Gunnarsson byggingartæknifræðingur, sem verið hafði meðdómsmaður í málinu, dvelst nú erlendis, var Freyr Jóhannesson tæknifræðingur kallaður til setu í dóminum ásamt Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi.

Aðalmeðferð málsins fór fram 16., 17. og 18. nóvember sl. Þá voru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og málið flutt munnlega og dómtekið. Eftir dómtöku þess varð þáverandi dómsformaður þess áskynja, að einn af fjórum yfirmatsmönnum, Björn Björnsson, væri bróðir Friðgeirs Björnssonar, dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, en þáverandi dómsformaður fulltrúi hans, og þótti honum með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. d- og f-lið 5. gr. sömu laga, ekki varlegt að leggja dóm á málið. Vegna umfangs málsins var leitað eftir því hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, að þáverandi dómsformaður yrði sérstaklega skipaður til að fara með málið. Með skipunarbréfi dómsmálaráðherra 1. desember sl. var þáverandi dómsformaður skipaður dómari í málinu samkvæmt sérstakri umboðsskrá með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Málið var endurupptekið 16. desember sl., en þá gerði gagnstefnandi kröfu þess efnis, að þáverandi dómsformaður, Sigurður T. Magnússon, viki sæti. Gagnstefnandi taldi rétt að skera úr hæfi dómsformanns, áður en til aðalmeðferðar málsins yrði boðað. Aðalstefnandi taldi hins vegar engin vandkvæði á því, að aðalmeðferð færi fram, m. a. vegna þess, að þáverandi dómsformaður færi ekki lengur með málið sem fulltrúi dómstjóra.

Í niðurstöðu þáverandi dómsformanns kemur fram, að hann hafi endurupptekið málið samkvæmt sérstakri umboðsskrá og kallað til sömu meðdómsmenn og áður. Var það mat þáverandi dómsformanns, að engir annmarkar væru á því að boða til nýrrar aðalmeðferðar, taka skýrslu af yfirmatsmanninum Birni Björnssyni og öðrum þeim vitnum, sem talið væri, að þörf væri á, og flytja málið síðan munnlega. Kröfu gagnstefnanda þess efnis, að þáverandi dómsformaður viki sæti, var hafnað.

Gagnstefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Hinn 18. janúar 1993 felldi Hæstiréttur Íslands úr gildi framangreindan úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar kemur fram, að þáverandi dómsformaður hafi dómkvatt Björn Björnsson sem yfirmatsmann 15. nóvember 1991 og jafnframt tekið af honum skýrslu fyrir dómi 16. nóvember 1992. Þá er rakinn skyldleiki yfirmatsmanns við dómstjóra, en þáverandi dómsformaður er fulltrúi hans. Í niðurstöðu dóms Hæstaréttar segir: „Við þessar aðstæður verður eigi talið, að skipun Sigurðar Tómasar Magnússonar til að fara með málið samkvæmt sérstakri umboðsskrá eftir 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði geti leitt til þess, að hæfi hans verði eftir það ekki dregið í efa. Í því efni breytir engu, að hann hefur nú endurupptekið málið. Ber því að fallast á þá kröfu, að dómsformaður víki sæti. Eftir atvikum þykir nægilegt, að nýr dómari taki við málinu í því horfi, sem það nú er."

Málinu var þá úthlutað til Jónasar Gústavssonar héraðsdómara, en vegna veikindaforfalla hans tók Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, við málinu 6. apríl 1993.

Hinn 11. júní sl. var málið endurupptekið, Björn Björnsson yfirmatsmaður kom fyrir dóm að nýju og staðfesti fyrri dómskýrslu og gaf viðbótarskýrslu. Dómendur, aðilar og lögmaður aðalstefnanda fóru á vettvang, en að því loknu fór fram munnlegur málflutningur, og var málið tekið til dóms sama dag.

IV.

Um aðalsök.

Kröfugerð aðalstefnanda í aðalsök er þríþætt, en auk þess er krafa í A-lið í aðalsök í þremur þáttum. Verður fyrst gerð grein fyrir þríþættri kröfu í A-lið.

Í fyrsta lagi er krafist afborgunar samkvæmt 7. tl. kaupsamnings, sem gagnstefnandi skyldi inna af hendi 18. nóvember 1988. Um var að ræða greiðslu á 1.000.000 kr. verðtryggðri samkvæmt lánskjaravísitölu frá desember 1987, eða 1.234.112 kr. miðað við vísitölu í nóvember 1988. Gagnstefnandi lagði fjárhæð þessa inn á geymslureikning í Sparisjóði vélstjóra 17. nóvember 1988 með svofelldum skilyrðum: „Vegna vanefnda seljanda (Gerpis sf.) á ofangreindum kaupsamningi verður ofangreind fjárhæð ekki greidd út nema með skriflegu samþykki Kristjáns Wendel eða með dómi."

Krafa í A-lið er í öðru lagi reist á reikningi aðalstefnanda til gagnstefnanda, dags. 30. mars 1989, að fjárhæð 109.600 kr., vegna ýmissa aukaverka, sem aðalstefnandi telur, að ekki hafi verið hluti af kaupsamningi aðila, en gagnstefnandi óskað eftir. Þessi verk eru uppsetning timburveggja umhverfis baðherbergi, ísetning á aukagluggum á þaki yfir baði og yfir stiga og vegna aukaílagningar í útskotum.

Í þriðja lagi er krafa í A-lið vegna greiðslu á 439.612 kr., sem gagnstefnandi átti að greiða aðalstefnanda af skuldabréfi samkvæmt 8. tl. kaupsamnings aðila, sem enn er óútgefið. Grunnfjárhæð skuldabréfsins er 1.065.000 kr. samkvæmt ákvæðum samningsins, og skyldi lánskjaravísitala, sem átti að vera grunnvísitala skuldabréfsins, miðast við meðaltal grunnvísitölu samnings 1841 stig og lánskjaravísitölu í nóvember 1988, 2264 stig, þegar íbúðin var afhent. Greiða skyldi af skuldabréfinu 1. október 1989. Miðað við vísitölu var fjárhæð skuldabréfsins 1.369.508 kr. 1. október 1989. Það skyldi greiðast á fjórum árum samkvæmt samþykktu kauptilboði aðila. Fjórðungur af heildarfjárhæð bréfsins 1. október 1989 er 342.377 kr. ásamt vöxtum Seðlabanka Íslands af verðtryggðum lánum frá afhendingardegi 18. nóvember 1988 til 1. október 1989, 97.235 kr., samtals 439.612 kr. Gagnstefnandi geymslugreiddi 437.618,90 kr. vegna kaupanna 2. október 1989.

Eftirstöðvar bréfsins eru miðaðar við uppreiknaða fjárhæð bréfsins 1. október 1989, 1.369.508 kr., að frádreginni 342.377 kr. greiðslu 1. október 1989.

Gagnstefnandi greiddi afborgun 1. október 1989 inn á geymslureikning 2. október sama ár með sömu skilyrðum og áður.

Krafa aðalstefnanda samkvæmt B-lið í stefnu er sprottin af 8. tl. kaupsamnings aðila, en samkvæmt honum skyldi gagnstefnandi gefa út skuldabréf til fjögurra ára, að fjárhæð 1.027.131 kr., þinglýst og stimplað, tryggt

með veði í 4–5 herbergja íbúð, merktri 0303, á þriðju hæð hússins nr. 23 við Grundarstíg, Reykjavík, með fyrsta gjalddaga 1. október 1989. Bréfið skyldi vera verðtryggt miðað við þá vísitölu tímabilið 1. desember 1987 til 1. október 1989, sem kæmi næst því að vera meðaltal vísitölu þessara tveggja mánaða.

Bréf þetta hefur ekki enn verið gefið út, og krefur aðalstefnandi gagnstefnanda annars vegar um gjaldfallna afborgun 1. október 1989 og hins vegar um útgáfu skuldabréfs til þriggja ára, verðtryggðs miðað við október 1989. Fjárhæð bréfsins miðist við, að krafið er um greiðslu á gjaldfallinni afborgun 1. október 1989 sérstaklega og fjárhæðin 1.027.131 kr. miðuð við uppfærðar eftirstöðvar bréfsins þann dag. Gagnstefnandi greiddi afborgun 1. október 1989 inn á geymslureikning 2. október sama ár með sömu skilyrðum og áður.

Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar í C-lið stefnu. Þessari kröfu var breytt þannig við munnlegan flutning málsins, að gerð var krafa um, að fjárhæð málskostnaðar skyldi fara að mati dómsins, en í stefnu var vísað til gjaldskrár LMFÍ. Þessi breyting sætti ekki andmælum af hálfu gagnstefnanda.

Gagnstefnandi hefur ekki mótmælt tölulega þeim kröfuliðum, sem byggjast á kaupsamningnum, en telur aðalstefnanda ekki eiga rétt á þeim greiðslum, þar sem hann hafi stórlega vanefnt samninginn, og telur það óréttmætt af hálfu aðalstefnanda að ætla sér að innheimta kröfuna.

Hvað reikning aðalstefnanda vegna aukaverka varðar, telur gagnstefnandi, að teikningar, sem lágu frammi við undirritun kaupsamnings í mælikvarðanum 1:100, sýni glögglega milliveggi baðherbergis á rishæð, auk þess sem í kaupsamningi segi, að milliveggir baðs og svefnherbergis fylgi.

Aðalstefnandi kveður hafa átt að afhenda íbúðina tilbúna undir tréverk, og því hafi uppsetning milliveggja úr timbri ekki verið inni í samningnum.

Gagnstefnandi heldur því fram, að á teikningum, sem lágu frammi við undirritun kaupsamnings, hafi ekki mátt sjá, hvort gluggar ættu að vera á norðurhluta þaksins, en hann hafi gert ráð fyrir því, að svo væri og að þeir gluggar ættu að vera í samræmi við gluggana á suðurhluta þaksins.

Aðalstefnandi hafnar þessu og telur, að gluggarnir hefðu sést á teikningum, ef gert hefði verið ráð fyrir þeim. Gagnstefnandi hefði síðar óskað eftir þessum gluggum og arkítekt hússins fallist á að bæta þeim við, og því beri gagnstefnanda að greiða fyrir þá.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að gagnstefnandi hafi óskað eftir því að færa portveggi í risi utar, svo að stærra nýtanlegt rými yrði í risi. Afleiðingar þess, að farið var að óskum gagnstefnanda, hafi verið þær, að

leggja hafi þurft í stærri gólfflöt og kostnaðarauki vegna þess verið 12.000 kr.

Gagnstefnandi mótmælir því, að hann eigi að bera kostnað við aukaílögn í gólf á rishæð, og telur, að tilfærsla veggjanna hafi haft sparnað í för með sér fyrir aðalstefnanda.

Þá mótmælir gagnstefnandi reikningi aðalstefnanda í heild sinni á þeim grundvelli, að hann sé allt of seint fram kominn og form reikningsins ólögmætt með vísan til bókhalds- og skattalaga. Aðalstefnandi mótmælti ekki rökum gagnstefnanda sem of seint fram komnum.

V.

Niðurstaða í aðalsök.

Kröfur aðalstefnanda um greiðslu 1.234.112 kr. á grundvelli 7. tl. kaupsamnings aðila og gjaldfallinnar afborgunar 1. október 1989, 342.377 kr., af óútgefnu skuldabréfi, að fjárhæð 1.065.000 kr., hafa ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu gagnstefnanda.

Sýknukrafa gagnstefnanda er studd því, að aðalstefnandi hafi ekki efnt samningsskyldur sínar og eigi því ekki rétt á að fá kröfuna greidda, einnig á því, að hann eigi mun hærri kröfur á hendur aðalstefnanda en nemur stefnukröfum í aðalsök.

Þar sem kröfur aðalstefnanda eru í samræmi við samning aðila, ber að taka kröfu hans samkvæmt þessum kröfuliðum til greina, en í umfjöllun um gagnsök verður leyst úr, hverjar kröfur gagnstefnandi kann að eiga á móti.

Þegar stefna í aðalsök var gefin út, var aðeins fyrsta afborgun af skuldabréfinu gjaldfallin. Þar sem síðasta afborgun skyldi vera 1. október 1992, voru þær allar gjaldfallnar fyrir aðalmeðferð málsins. Engu að síður hefur aðalstefnandi kosið að breyta í engu kröfugerð sinni, hvað eftirstöðvar skuldabréfsins varðar.

Gagnstefnandi telur svo fjarstæðukennt, að hann verði dæmdur til að greiða þennan kröfulið, að hann hefur í engu mótmælt honum tölulega eða haft við hann að athuga að öðru leyti, en krefst sýknu af kröfunni.

Krafa aðalstefnanda þykir dómhæf, og þykir bera að fallast á hana með þeirri breytingu á fjárhæð, sem leiðir af niðurstöðu í gagnsök og nánar er gerð grein fyrir í heildarniðurstöðum málsins.

Reikningur aðalstefnanda vegna aukaverka er dagsettur rúmum þremur mánuðum eftir, að gagnstefnandi fékk íbúð sína afhenta. Ekki verður úr því skorið í þessu máli, hvort reikningsgerðin var í samræmi við bókhalds- og skattalöggjöf, heldur einungis um réttmæti þeirrar kröfu, sem reikningurinn byggist á.

Í kaupsamningi aðila er kveðið á um, að „íbúðin afhendist tilbúin undir tréverk í október 1988“. Af teikningum af húsinu, sem lágu frammi við sölu, má sjá, að gert var ráð fyrir, að milliveggir umhverfis bað á 4. hæð væru úr timbri. Samningur aðila hefur hins vegar einnig að geyma lýsingu á því ástandi, sem hið selda skyldi vera í. Þar segir m. a.: „Milliveggir fylgja umhverfis bað og svefnherbergi.“ Þar sem síðarnefnda ákvæðið er nánari lýsing á hinu selda og því sértækara, verður að skýra ósamræmi í kaupsamningi gagnstefnanda í hag. Ber því að sýkna hann af þessari kröfu aðalstefnanda.

Gagnstefnanda þykir ekki hafa tekist að sýna fram á, að hann hafi mátt búast við því við samningsgerðina, að tveir gluggar yrðu á norðurhlið þaksins. Í ljós þykir leitt, að gagnstefnandi óskaði eftir þessum gluggum. Þar sem gagnstefnanda hefur ekki lánast sönnun fyrir því, að honum hafi verið lofað, að þeir yrðu settir í honum að kostnaðarlausu, þykir rétt að taka til greina kröfu aðalstefnanda, sem að þessum gluggum lýtur.

Fyrir liggur, að einhvers konar samkomulag varð með aðilum um að færa portveggi á 4. hæð utar en gert hafði verið ráð fyrir á teikningum, og hlýtur sú framkvæmd óhjákvæmilega að hafa leitt til þess, að leggja hafi þurft í stærri gólfflöt. Þar sem aðalstefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft aukinn kostnað af þessari breytingu, þegar á heildina er litið, þykir rétt að sýkna gagnstefnanda af þessum kröfulið.

Fjallað verður um dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda í aðalsök í heildarniðurstöðum málsins.

Um geymslugreiðslu í Sparisjóði vélstjóra verður fjallað í heildarniðurstöðum málsins.

VI.

Niðurstaða um frávísunarkröfur í gagnsök.

Hinn 22. október sl. var málflutningur um formhlið málsins vegna gagnstefnu, sem birt var 7. og 8. október sl., en þingfest 13. s. m. Gagnsök var höfðuð af Kristjáni Wendel gegn Gunnari Rósinkranz og Bjarna Sveinssyni, báðum persónulega og f. h. Gerpis sf.

Dómkröfur gagnstefnanda voru þær, að gagnstefndu yrðu dæmdir til að greiða honum 13.319.021 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 5. júní 1992 til greiðsludags.

Einnig krafðist stefnandi í gagnsök málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, þar með talinn kostnaður af matsgerðum, samtals 1.844.655 kr., og þóknunar til tveggja lögmanna, samtals 369.092 kr.

Þá var þess krafist, að gagnsakarmálið yrði sameinað málinu E-993/90: Gerpir sf. gegn Kristjáni Wendel.

Kröfur stefndu í gagnsök, að því er formhlið málsins varðar, voru þær aðallega, að gagnsök yrði vísað frá dómi, en til vara, að synjað yrði um sameiningu máls þessa og máls nr. E-993/1990.

Þá var krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Gagnstefnandi reisir kröfur sínar í lið A í gagnstefnu, að fjárhæð 3.734.500 kr., á samtölu þeirra matsliða, sem yfirmatsmenn hafa metið til fjár í yfirmatsgerð sinni frá 6. febrúar 1992.

Dómurinn taldi málatilbúnað gagnstefnanda vera nægjanlega glöggan, svo að dómur yrði lagður á þennan kröfulið.

Liður B í gagnstefnu er studdur söluyfirliti á dskj. nr. 36 í aðalsök.

Dómurinn taldi með vísan til e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 málatilbúnað gagnstefnanda vera svo skýran, að dómur yrði lagður á þennan kröfulið.

Liður C byggist á tilteknum töluliðum í undirmatsgerð á dskj. nr. 65 í aðalsök.

Stefndu í gagnsök töldu, að þessir liðir hefðu verið metnir í yfirmatsgerð, sbr. liði nr. 1, 37 og 41, samtals 48.000 kr.

Liður D byggist á matsgerð Sæbjörns Kristjánssonar og Gunnars Torfasonar á dskj. nr. 105 í aðalsök. Með vísan til rökstuðnings vegna A-liðar þótti málatilbúnaður gagnstefnanda fullnægja skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991, hvað kröfuliði C og D varðar.

Liður E í gagnstefnu er reistur á húsaleigusamningi gagnstefnanda við pólska sendiráðið um leigu á húseign sinni að Hringbraut 34, Reykjavík, frá 1. júní 1988 til 1. júní 1993, sbr. dskj. nr. 107. Húsaleiga skyldi vera 105.000 kr. á mánuði fyrstu sjö mánuðina. Kröfuliður sundurliðast þannig: höfuðstóll þegar gjaldfallinnar leigu 7.135.268 kr., ógjaldfallin leiga til loka samningstímabils 1.409.023 kr.

Það er mat dómsins, að töluleg sundurliðun í gagnsök á ætluðum töpuðum leigutekjum af 335 m^2 húseign auk ósundurgreindra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð fullnægi ekki skilyrðum d-, e- og g-liðar 1. mgr. 80. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 um glöggan málatilbúnað, og var þessum lið því vísað frá dómi.

Í lið F hafði gagnstefnandi lagt fram í gagnsök reikninga vegna greiðslu húsgjalda og rafmagns í séreign. Gagnstefnandi, sem hefur fengið íbúðina afhenta, hefur ekki krafist riftunar á kaupunum og ekki á nokkurn hátt reynt að rökstyðja, hvers vegna stefndu í gagnsök beri að greiða honum þennan kostnað. Með vísan til e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 var þessum kröfulið vísað frá dómi.

Liður G er byggður á dskj. nr. 102, sem lagt var fram í aðalsök 10. júní

1992, en einnig er hann að nokkru leyti samkvæmt sjónarmiðum gagnstefnanda, sem fram koma í lið 11 í matsbeiðni á dskj. nr. 33 í aðalsök og lið 8 í yfirmatsbeiðni á dskj. nr. 84 í aðalsök, og fellur þessi liður saman við hluta af kröfulið A. Þá er þeim hluta af kostnaði, sem nefndur er á dskj. nr. 102, vegna sjálfvirks búnaðar hafnað, en hvergi er getið um slíkan búnað á þakgluggum í gögnum málsins. Þrátt fyrir þessa ágalla komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að kröfuliðurinn væri nægjanlega glöggur, til að dómur yrði lagður á hann, og var frávísunarkrafa ekki tekin til greina.

Krafa gagnstefnanda undir lið H var munurinn á 11.500.000 kr. og samtölu liða A, B, C, D, F og G hér að framan, 5.183.944 kr. Gagnstefnandi telur, að af skýrslu Þorbjörns Karlssonar á dskj. nr. 99 sé ljóst, að verulega skorti á, að einangrun hússins sé eins og lög, reglugerðir og samningur aðila geri ráð fyrir. Þrátt fyrir matsgerðir verði hann að áætla þennan lið, þar sem hann telji, að matsmenn hafi ekki metið öll atriði.

Það er mat dómsins með vísan til þess, að íbúðin hefði verið afhent í nóvember 1988, yfirmatsgerð borist gagnstefnanda í hendur í byrjun febrúar 1992 og síðari undirmatsgerð í byrjun mars s. á., hefði gagnstefnanda gefist nægur frestur til þess að undirbyggja kröfugerð sína. Þrátt fyrir það sé krafa gagnstefnanda samkvæmt H-lið á engan hátt tölulega sundurliðuð eða rökstudd, og fjárhæð kröfunnar eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Rétt þyki því með vísan til d-, e- og g-liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Það var niðurstaða þess dómara, sem þá fór með málið, að taka til greina kröfu stefndu í gagnsök um frávísun, hvað varðar kröfuliði E, F og H, samtals að fjárhæð 18.673.110 kr. Kröfu stefndu í gagnsök um frávísun kröfuliða A, B, C, D og G, samtals að fjárhæð 6.145.911 kr., var hafnað.

VII.

Umfjöllun um einstaka kröfuliði í gagnsök og niðurstöður.

A-liður í gagnsök.

Kröfur gagnstefnanda samkvæmt A-lið í gagnstefnu eru þær, að aðalstefnendum verði gert að greiða 3.734.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. október 1991 til greiðsludags. Gagnstefnandi sundurliðar ekki frekar í stefnu þá liði, sem krafan byggist á, en það verður gert í umfjöllun dómsins.

Hinn 15. október 1991 fór gagnstefnandi fram á yfirmat, og voru þeir Bárður Daníelsson, verkfræðingur og arkítekt, Björn Björnsson húsasmíðameistari, Vífill Oddsson verkfræðingur og Þorsteinn Helgason prófessor dómkvaddir til að vinna hið umbeðna mat. Yfirmatsgerðin lá fyrir 6. febrú-

ar 1992. Niðurstöðutölur yfirmatsmanna eru miðaðar við verðlag 1. febrúar 1992 og fela í sér virðisaukaskatt.

Verður gerð grein fyrir öllum atriðum í tölusettri röð úr yfirmatsbeiðni, þá úr yfirmatsgerð, viðbótarmatsbeiðni og niðurstöðu matsmanna vegna hennar og að lokum niðurstöðu dómenda í hverjum lið fyrir sig.

Gagnstefnandi vísar í gögn frá Norges byggforskningsinstitutt, skammstafað NBI, þ. e. norsku byggingarrannsóknastofnuninni, í yfirmatsbeiðninni, sem hann taldi, að styðjast ætti við í því tilfelli, að engar íslenskar leiðbeiningar lægju fyrir.

– – –

VIII.

Heildarniðurstöður og málskostnaður.

Við munnlegan málflutning krafðist gagnstefnandi skuldajafnaðar krafna sinna gegn kröfum aðalstefnanda og sjálfstæðs dóms um afganginn.

Þá krafðist gagnstefnandi útgáfu afsals.

Aðalstefnandi hreyfði ekki andmælum við kröfu gagnstefnanda um skuldajöfnuð, en mótmælti kröfu um útgáfu afsals sem of seint fram kominni.

Álit dómsins.

Fjallað verður um skuldajafnaðarkröfu gagnstefnanda síðar í VIII. kafla.

Gagnstefnandi kom fyrst fram með kröfu um útgáfu afsals við munnlegan málflutning. Aðalstefnandi lýsti því þegar yfir, að sú krafa væri of seint fram komin. Gagnstefnandi hafði möguleika á að krefjast útgáfu afsals í gagnstefnu, en gerði það ekki. Fallist er á það sjónarmið aðalstefnanda, að krafan sé of seint fram komin, og er henni vísað frá dómi.

Aðalsök.

Gagnstefnandi greiddi í tvígang greiðslur inn á geymslureikning til Sparisjóðs vélstjóra, svo sem rakið hefur verið í IV. kafla. Við munnlegan málflutning 11. júní sl. lýsti aðalstefnandi yfir, að hann féllist fyrir sitt leyti á, að gagnstefnandi leysti út þessar greiðslur, og verður því ekki fjallað frekar um þessar greiðslur gagnstefnanda.

Gerð hefur verið ýtarleg grein fyrir efnislegri niðurstöðu í aðalsök í IV. og V. kafla hér að framan, en hér á eftir verður gerð grein fyrir tölulegri niðurstöðu í aðalsök. Gagnstefnandi hefur ekki mótmælt tölulega þeim kröfum, sem hér að ofan greinir, en krafist sýknu.

Kröfur í A-lið í aðalsök eru þríþættar:

Í fyrsta lagi vegna afborgunar, sem gagnstefnandi skyldi inna af hendi 18. nóvember 1988 samkvæmt 7. tl. kaupsamnings aðila, að fjárhæð 1.000.000

kr. Greiðslan framreiknuð til 1. október 1989 með lánskjaravísitölu er þá 1.434.003 kr.

Með vísan til efnislegs rökstuðnings í V. kafla hér að framan er niðurstaða málsins sú, að gagnstefnanda er samkvæmt þessum lið í A-lið aðalstefnu gert að greiða aðalstefnanda 1.434.003 kr. ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. desember 1988 til 1. október 1989, 95.122 kr., samtals 1.529.125 kr., með 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í öðru lagi vegna reiknings, að fjárhæð 109.600 kr., vegna aukaverka, efnis og vinnu aðalstefnanda í þágu gagnstefnanda utan við samning aðila. Þegar litið er til efnislegs rökstuðnings í V. kafla hér að framan, er niðurstaða um þennan þátt sú, að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda samkvæmt þessum lið í A-lið í aðalstefnu 45.013 kr. fyrir þakglugga auk vaxta frá 30. mars 1989 til 1. október 1989, 1.748 kr., samtals 46.761 kr., með 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi vegna greiðslu af skuldabréfi, sem skyldi gefa út samkvæmt 8. tl. kaupsamnings.

Vísað er til efnislegs rökstuðnings í V. kafla hér að framan um þennan þátt. Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda samkvæmt þriðja þætti í A-lið í aðalstefnu greiðslu af skuldabréfi, 341.794 kr., auk vaxta frá 1. desember 1988 til 1. október 1989, 90.689 kr., samtals 432.483 kr., með 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Samtals greiði gagnstefnandi aðalstefnanda 2.008.369 kr., samanber það, sem hér að ofan greinir samkvæmt liðum A í aðalstefnu, auk vaxta og dráttarvaxta, svo sem rakið hefur verið.

Krafa í B-lið í aðalsök er vegna útgáfu og afhendingar á skuldabréfi, að fjárhæð 1.027.131 kr., miðað við 1. október 1989, auk vaxta og verðtryggingarákvæða.

Með vísan til efnislegrar niðurstöðu í V. kafla hér að framan er krafa aðalstefnanda tekin til greina, og skal gagnstefnandi gefa út skuldabréf til aðalstefnanda samkvæmt lið B í aðalstefnu, eftirstöðvar að fjárhæð 1.025.383 kr. miðað við 1. október 1989, en þá hefur verið dregin frá sú fjárhæð, sem greiða skyldi af bréfinu þann dag. Bréfið skal vera þinglýst, stimplað og vísitölutryggt, tryggt með veði í 5–6 herbergja íbúð, merktri

0303, á þriðju hæð að Grundarstíg 23, Reykjavík. Skuldabréfið skal vera miðað við lánskjaravísitölu 2640 stig og bera meðalvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 1. október 1989 til gjalddaga, sem ákveðnir voru í samningi aðila 1. október 1990, 1. október 1991 og 1. október 1992, en þá skyldi greiða af bréfinu í samræmi við almennar reglur Seðlabanka Íslands um greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum. Heimilt er, að á undan veðrétti skuldabréfsins hvíli á íbúðinni verðtryggt lán, að fjárhæð allt að 2.000.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 2053 stig.

Aðalstefnandi hefur samþykkt, að til frádráttar dómkröfum komi 184.000 kr. frá 13. október 1992 að telja, sbr. dskj. nr. 84 og 85 og feitletraða liði á dskj. nr. 126.

Í umfjöllun um einstaka liði í gagnsök í VII. kafla hefur verið gerð grein fyrir þeim fjárhæðum, sem koma til frádráttar.

Krafa í G-lið í aðalsök er vegna málskostnaðar.

Eftir niðurstöðu málsins í aðalsök greiði gagnstefnandi aðalstefnanda 350.000 kr. í málskostnað.

Gagnsök.

Gagnstefnandi gerði í upphafi kröfur í gagnsök í átta liðum, A–H. Þremur liðum í gagnsök var vísað frá dómi með úrskurði 27. október 1992, sbr. umfjöllun í VI. kafla hér að framan.

Gerð hefur verið grein fyrir efnislegri niðurstöðu í þeim liðum, sem eftir standa úr gagnstefnu, liðunum A, B, C, D og G í VII. kafla hér að framan, en hér verður gerð grein fyrir tölulegri niðurstöðu, og er þá miðað við verðlag 1. október 1989, byggingarvísitölu 153,7 stigum. Í yfirmati var miðað við verðlag 1. febrúar 1992. Yfirmatstölur voru reiknaðar með virðisaukaskatti, en hann fæst endurgreiddur af vinnu á byggingarstað. Við útreikninga á kröfunum var, auk þess sem hér að framan greinir, dreginn frá virðisaukaskattur af vinnu á byggingarstað, sem að mati dómsins er 9,84% í þessu tilfelli.

Aðalstefnandi krafðist aðallega frávísunar, en til vara sýknu vegna krafna í gagnsök.

Í A-lið í gagnstefnu gerir gagnstefnandi kröfu vegna ætlaðrar vanefndar aðalstefnanda á kaupsamningi, þ. e., að íbúðin, sem hann hafi keypt á Grundarstíg 23, Reykjavík, hafi ekki verið í því ástandi, sem kaupsamningur gerði ráð fyrir við afhendingu hennar 18. nóvember 1988, en krafa gagnstefnanda samkvæmt þessum lið er að fjárhæð 3.734.500 kr., og er hún byggð á niðurstöðu yfirmats.

Með vísan til efnislegs rökstuðnings í umfjöllun um A-lið gagnsakar í

VII. kafla hér að framan greiði aðalstefnandi gagnstefnanda samkvæmt þessum lið 588.511 kr. Vextir eru reiknaðir frá 1. nóvember 1988 til 1. október 1989 43.305 kr., samtals 631.816 kr. Fjárhæð þessari er skuldajafnað við kröfu aðalstefnanda, sjá síðar í þessum kafla.

Í B-lið í gagnstefnu gerir gagnstefnandi kröfu um greiðslu, að fjárhæð 1.355.811 kr., þar sem hann telur íbúðina vera minni en í kaupsamningi greini. Aðalstefnandi er sýknaður af þessari kröfu gagnstefnanda, sbr. niðurstöðu í B-lið gagnstefnu í VII. kafla hér að framan.

Í C-lið í gagnstefnu gerir gagnstefnandi kröfu um greiðslu, að fjárhæð 84.000 kr., vegna úrbóta á niðurföllum og vatnshalla á gólfum. Aðalstefnandi er sýknaður af þessari kröfu gagnstefnanda, sbr. niðurstöðu í C-lið gagnstefnu í VII. kafla hér að framan.

Í D-lið í gagnstefnu gerir gagnstefnandi kröfu um greiðslu 503.000 kr. vegna ýmissa galla, og reisir gagnstefnandi kröfu sína á mati Sæbjörns Kristjánssonar og Gunnars Torfasonar.

Með vísan til rökstuðnings í efnislegri umfjöllun um D-lið gagnsakar í VII. kafla hér að framan greiði aðalstefnandi gagnstefnanda 98.201 kr. auk vaxta frá 1. nóvember 1988 til 1. október 1989, 7.226 kr., samtals 105.427 kr. Fjárhæð þessari er skuldajafnað við kröfu aðalstefnanda, sjá síðar í þessum kafla.

Í G-lið gerir gagnstefnandi kröfu um stækkun á þakgluggum, að fjárhæð 468.000 kr.

Með vísan til rökstuðnings í efnislegri umfjöllun um G-lið gagnsakar í VII. kafla hér að framan greiði aðalstefnandi gagnstefnanda 118.294 kr. Vextir frá 1. nóvember 1988 til 1. október 1989 eru 8.704 kr., samtals 126.998 kr. Fjárhæð þessari er skuldajafnað við kröfu aðalstefnanda, sjá síðar í þessum kafla.

Gagnstefnandi krafðist enn fremur greiðslu málskostnaðar vegna matsgerða og þóknunar til lögmanna. Þá krafðist gagnstefnandi sjálfur þóknunar vegna flutnings málsins.

Eftir niðurstöðu málsins í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda 650.000 kr. í málskostnað.

Skuldajöfnuður.

Við munnlegan málflutning gerði gagnstefnandi kröfu um skuldajöfnun sinna krafna við kröfur aðalstefnanda. Þessari kröfu gagnstefnanda var ekki mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Gagnstefnandi hefur ekki mótmælt tölulega kröfum í aðalsök. Er fallist á skuldajöfnun krafna í aðalsök og gagnsök, og er þá miðað við 1. október 1989. Er það því niðurstaða málsins í aðalsök og gagnsök, að gagnstefnandi og aðalstefndi greiði aðalstefnanda

og gagnstefnanda 1.144.128 kr. með 38,4% ársvöxtum frá 1. október 1989 til 1. desember s. á., en með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1990, en síðan með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dóminn kvað upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, ásamt meðdómsmönnunum Frey Jóhannessyni tæknifræðingi og Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Kristján Wendel, greiði aðalstefnanda, Gerpi sf., 1.144.128 kr. ásamt 38,4% ársvöxtum frá 1. október 1989 til 1. desember s. á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefndi gefi út skuldabréf til aðalstefnanda, að fjárhæð 1.025.383 kr. miðað við 1. október 1989. Bréfið skal vera þinglýst, stimplað og vísitölutryggt, tryggt með veði í 5–6 herbergja íbúð, merktri 0303, á þriðju hæð að Grundarstíg 23, Reykjavík. Skuldabréfið skal miðað við lánskjaravísitölu 2640 stig og bera meðalvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 1. október 1989 til gjalddaga, sem ákveðnir voru í samningi aðila 1. október 1990, 1. október 1991 og 1. október 1992. Heimilt er, að á undan veðrétti skuldabréfsins hvíli á íbúðinni verðtryggt lán, að fjárhæð allt að 2.000.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 2053 stig.

Kröfu gagnstefnanda, Kristjáns Wendel, um útgáfu afsals úr hendi gagnstefnanda er vísað frá dómi.

Aðalstefndi, Kristján Wendel, greiði aðalstefnanda, Gerpi sf., 350.000 kr. í málskostnað.

Aðalstefnandi, Gerpir sf., greiði gagnstefnanda, Kristjáni Wendel, 650.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 391/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Júlíusi Norðdahl
(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða. Bifreiðir. Ökuréttarsvipting. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. nóvember 1995 til endurskoðunar viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd og honum gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að hann verði sýknaður af ákæru um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og aðeins dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot gegn 215. gr. og 257. gr. laganna auk þeirra ákvæða í umferðarlögum nr. 50/1987, sem getið er í ákæru. Þá krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar og frádrátt vegna gæsluvarðhaldsvistar verði staðfest.

I.

Samkvæmt 3. mgr. 151. gr. laga um meðferð opinberra mála skal líta svo á, að ákærði vilji una héraðsdómi, ef hann lýsir ekki yfir áfrýjun hans innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, sbr. 2. mgr. Héraðsdómi var áfrýjað af hálfu ákæruvalds eingöngu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, þegar frestur ákærða var úti, án þess að hann lýsti yfir áfrýjun fyrir sitt leyti. Eigi verður talið, að ákærði hafi við svo búið fyrirgert rétti sínum til þess að bera fyrir sig í Hæstarétti sjónarmið um heimfærslu brots til 215. gr. almennra hegningarlaga í stað 2. mgr. 218. gr. laganna, sem héraðsdómur beitti í samræmi við aðalkröfu í ákæru. Er þá einkum að líta til 2. mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem segir, að

Hæstiréttur geti allt að einu breytt dómi ákærða til hagsbóta, hafi honum verið áfrýjað af hálfu ákæruvalds, en ekki ákærða sjálfs. Þá hafa sjónarmið ákærða um heimfærslu til 215. gr. almennra hegningarlaga, eins og krafist var til vara í ákæruskjali, hlotið fullnægjandi umfjöllun fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

II.

Þegar ákærði ók aftan á Sigurgeir heitinn Sigurðsson á Flatahrauni í Hafnarfirði að kvöldi föstudagsins 12. maí 1995, þar sem Sigurgeir var á reiðhjóli, voru aðstæður allar hinar bestu, eins og lýst er í héraðsdómi. Fallast má á það með héraðsdómara, að við það megi miða, að ákærði hafi þá ekið á 70 km hraða. Um ökuhraða reiðhjólsins verður ekki fullyrt. Samkvæmt skilmerkilegri frásögn vitnis, sem reifuð er í héraðsdómi, var báðum ökutækjum ekið beint áfram, og bifreið ákærða var á vaxandi hraða. Leggja verður til grundvallar dómi, að ákærði hafi séð hjólreiðamanninn fyrir framan sig og vitað, að þar var Sigurgeir Sigurðsson á ferð.

Í upplýsingaskýrslu lögreglumanns á slysdegi var haft eftir ákærða, að hann hefði verið að lesa á myndbandsspólu í bifreiðinni, þegar árekturinn varð, og ekki haft hugann nógu mikið við akturinn. Þessa frásögn endurtók hann við annan lögreglumann síðar um nóttina samkvæmt skýrslu hans. Þar var einnig eftir honum haft, að hann hefði ekki vitað, á hvern hann ók. Ákærði undirritaði hvoruga þessa skýrslu. Í formlegri skýrslutöku hjá lögreglu 14. maí 1995 og síðar fyrir dómi hefur ákærði borið á þann veg, að hann hafi vitað af Sigurgeiri á hjólinu og verið að teygja sig til að styðja á færsluhnapp fyrir rafdrifna hliðarrúðu í því skyni að hrópa að honum. Ákærði hefur gefið skýringar sínar á þessu misræmi í framburði, en ekki borið brigður á, að rétt hafi verið eftir sér haft í upphafi. Við það verður því að miða, að hann hafi ekki verið sjálfum sér samkvæmur í allri frásögn sinni.

III.

Þegar þetta er virt auk staðreynda málsins, sem raktar eru í héraðsdómi, og mats héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar, verður að fallast á þá niðurstöðu dómsins, að ákærði hafi ekið á Sigurgeir Sigurðsson af ásetningi, sem myndaðist í þann mund, er hann ók á eftir honum um Flatahraun. Hann mátti gera

sér grein fyrir, að veruleg hætta væri á því, að stórfellt líkams- eða heilsutjón hlytist af ákeyrslu á reiðhjólið. Á hinn bóginn verður að meta ákærða til sakar vegna gáleysis þær afleiðingar, sem urðu í reynd. Brot ákærða samkvæmt I. ákærulið á þannig réttilega undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um II. lið ákæru er staðfest.

IV.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði er ungur að árum og hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, sem hér skipta máli. Aðdragandi atburðarins á Flatahrauni var skammur og bendir ekki sérstaklega til þess, að með ákærða hafi búið styrkur og einbeittur vilji, sbr. 6. tl 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er óhjákvæmilegt að hafa nokkra hliðsjón af þeim áhrifum, er örðugleikar í samskiptum ákærða við Sigurgeir Sigurðsson hafa haft á hann og lýst er í fyrirliggjandi geðrannsókn, þótt þau geti ekki réttlætt framferði ákærða. Hins vegar verða til refsiþyngingar þau atriði, er greinir í 1.–3. tl. 70. gr. hegningarlaga. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Gæsluvarðhald hans frá 15. til 31. maí 1995 kemur til frádráttar dæmdri refsivist.

Með hliðsjón af eðli brotsins verður að svipta ákærða ökurétti ævilangt samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Dæmd bótakrafa er ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Norðdahl, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsivist kemur gæsluvarðhald ákærða með fullri dagatölu frá 15. til 31. maí 1995.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 12. júlí 1995.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málflutn-

ingslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. október 1995.

I.

Ár 1995, þriðjudaginn 17. október, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði að Brekkugötu 2 af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-379/1995: Ákæruvaldið gegn Júlíusi Norðdahl.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, 17. október 1995, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. apríl 1995, birtri 7. september 1995 og þingfestri 11. september 1995, gegn Júlíusi Norðdahl, Hvammabraut 14 [nú Dvergholti 25], Hafnarfirði, fæddum 16. desember 1976, fæðingarnúmer 596, fyrir eftirgreind brot, framin að kvöldi föstudagsins 12. maí 1995 í Hafnarfirði:

1. Stórfellda líkamsárás, svo að mannsbani hlaust af, með því að hafa laust eftir klukkan 22.00 ekið bifreiðinni NY-228 á Sigurgeir Sigurðsson, fyrrverandi sambýlismann móður sinnar, fæddan 31. janúar 1952, á ofsahraða, allt að 100 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þar sem Sigurgeir hjólaði vestur Flatahraun á móts við Sléttahraun, með þeim afleiðingum, að hann kastaðist af reiðhjólinu og hlaut þverbrot á hryggsúlu og svo mikla áverka á höfði, að hann lést síðar um nóttina, en ákærði hafði áður veitt Sigurgeiri eftirför frá Kaplahrauni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en til vara við 215. gr. hegningarlaga svo og við 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., staflið a, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Eignaspjöll með því að hafa nokkru fyrir atburð þann, sem lýst er í 1. kafla, við heimili Sigurgeirs að Hverfisgötu 32 stungið með hnífi göt á báða hægri hjólbarða bifreiðarinnar B-1339.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

3. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þá krefst Inga Björk Dagfinnsdóttir, kt. 170454-7749, þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 49.020 krónur, að við bættum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og dæmdur til vægustu refsingar, sem lög heimila, fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl. Þá verði ákærði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot það, er greinir í 2. ákærulið.

II.

Húsasmíðameistari, 53 ára að aldri, Sigurbjörn Pálsson, kt. 310742-2609, Túngötu 9, Bessastaðahreppi, varð sjónarvottur að atburði þeim, er ákæruliður 1 lýtur að. Hann var á vettvangi, er lögreglu bar að, og gaf skýrslu hjá RLR daginn eftir umræddan atburð og ýtarlega skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð, þ. á m. við vettvangsgöngu.

Vitnið Sigurbjörn, sem er starfsmaður Skeljungs hf., var að koma frá bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjavíkurveg og ók Mitsubishi-pallbíl, merktum fyrirtækinu. Það var á leið í Lækjarberg og valdi þann kost að stytta sér leið og aka beinustu leið frá bensínstöðinni yfir óbyggt svæði niður á Flatahraun. Sé sú leið farin, er ekið inn á Flatahraunið rétt neðan við söluturn, er stendur ofan götunnar.

Þá er vitnið Sigurbjörn kom að Flatahrauni og hugðist beygja til vinstri upp götuna, sá það mann koma á reiðhjóli niður götuna sér á vinstri hönd á hægri akrein og bíl nokkuð á eftir. Vitnið kvaðst hafa staðnæmst þrjá til fimm metra frá malbiksbrún götunnar og ætlað að bíða, meðan þeir færu fram hjá. Vitnið minntist þess ekki, að nein önnur umferð hefði verið sjáanleg. Fyrir dómi sagði vitnið orðrétt: „Nú, maðurinn er ekki kominn að mér á hjólinu, hann á eftir einhverja metra að bílnum. Þegar hann hjólar fram hjá mér, þá lítur hann svona í átt til mín, og svo horfi ég í áttina að hinum bílnum, sem mér finnst vera á talsvert mikilli ferð. Þegar maðurinn er að koma fram fyrir mig, þá sé ég bara, að bíllinn skellur á honum, hægra horn bílsins. Nú, maðurinn, hann fór einhverja metra upp í loftið, skall niður á höfuðið, og bíllinn keyrði áfram, hægði á sér einhverja metra frá slysinu, síðan hélt hann áfram og stoppaði á móts við Sléttahraun.“ Vitnið taldi, að bæði maðurinn á reiðhjólinu og bifreiðarstjórinn hefðu ekið beint, hvorugur sveigt neitt til hliðar. Spurt um, hvort því hefði sýnst, að bílnum hefði verið hemlað, áður en ákeyrslan varð, svaraði vitnið því neitandi og bætti við: „Mér fannst bíllinn vera á vaxandi hraða. Eftir að hann skall á manninum, ók hann áfram talsverðan spöl, síðan dró hann úr ferðinni, og síðan fór hann áfram, stöðvaðist svo.“ Vitnið tók fram, að hann hefði haft augun á manninum, sem skollið hefði í götuna aftan við bílinn.

Nánar spurt kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt hik á akstri bifreiðarinnar, áður en hún skall á hjólreiðamanninum. „Ég gat ekki merkt það ... Hann hafði nóg svigrúm til að sveigja frá, það voru engir á þessari breiðu götu. Ég sá ekki, hvort hann var að horfa á manninn eða hvort hann leit til hliðar. Ég horfði ekki í andlit hans.“

Er vitnið var spurt, hvort því hefði virst maðurinn ætla að hverfa af vettvangi, var svarið: „Ég verð að viðurkenna það, að ég hljóðaði upp yfir mig:

„Hann ætlar að stinga af!“ Ég veit ekki, hvort það átti við nein rök að styðjast, þetta voru bara viðbrögð mín sjálfs.“

Vitnið taldi, að reiðhjólið hefði verið einn og hálfan til tvo metra frá malbiksbrún götunnar, þegar ákeyrslan varð.

Breidd hægri götuhluta, ekið í vestur, frá malbiksbrún að merktri miðlínu var 7,3 metrar og heildarbreidd götunnar milli malbiksbrúnar að norðan og kantsteins að sunnan 14,3 metrar.

Er vitninu voru sýndar myndir, teknar af lögreglu, svo og við vettvangsgöngu, taldi vitnið, að það hefði stöðvað bíl sinn á móts við niðurfallsrist, sem er 30 cm frá malbiksbrún. Það taldi, að ákeyrslan hefði orðið rétt neðan við ristina, þeir hefðu verið komnir aðeins fram hjá bíl vitnisins.

Nánar spurt kvaðst vitnið giska á, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 80-100 km á klst. Vitnið hugðist þegar hringja til lögreglu, en hringdi þess í stað í slökkvilið. Lögregla hafi komið eftir augnablik. Lögreglustöðin er við Flatahraun og einnig slökkvistöðin, sem sér um sjúkraflutninga.

Vitnið B, tæpra 13 ára, [...], Hafnarfirði, kvaðst hafa verið að koma gangandi niður Flatahraun, hægra megin við akbrautina til vesturs, og verið eitt á ferð. Er það var komið rétt vestur fyrir söluturninn, hefði það heyrt skell og litið við og séð hvíta fólksbifreið og af henni hendast hátt í loft mann, sem síðan hefði skollið á götuna nokkru vestar. Það taldi bifreiðina hafa verið á miklum hraða, giskaði á 100 km hraða á klst. Hún hefði ekki numið staðar fyrr en langt frá þeim stað, þar sem henni var ekið á manninn. „Ég sá, að á leiðinni frá mér var henni hemlað tvisvar, og kipptist hún til við það.“ Vitnið taldi, að bifreiðinni hefði verið ekið nálægt hægri brún götunnar, er ákeyrslan varð.

III.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu var hringt á lögreglustöðina í Hafnarfirði föstudagskvöldið 12. maí 1995 kl. 22.17 og tilkynnt um alvarlegt umferðarslys á Flatahrauni. Fóru allir útivinnandi lögreglumenn þegar á staðinn. Hafði bifreiðinni NY-228 verið ekið á mann á reiðhjóli. Reyndist hjólreiðamaðurinn mikið slasaður, og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði. Í vettvangsskýrslu lögreglu segir síðan m. a.:

„Ökumaður, A, sat inni í ökutæki, sem var kyrrstætt á vettvangi, og var hann færður yfir í lögreglubifreiðina ST-745. Þar kvaðst ökumaður hafa ekið norður Álfaskeið og beygt vestur Flatahraun. Kvaðst hann þá hafa séð einhvern mann á ferðinni, hjólandi eða gangandi, en hann var þó ekki alveg viss. Ók A áfram vestur Flatahraun, og kvaðst hann halda, að hann hefði

verið að lesa aftan á hulstur utan um myndbandsspólu og ekki haft hugann nógu mikið við aksturinn; þó var hann ekki viss. Taldi hann sig hafa ekið á hægri akrein, en var þó ekki alveg viss um það. Vissi A síðan ekki fyrr en hann fann höggið, er ökutækið hafnaði aftan á B. Fann hann, að eitthvað var undir ökutæki A, og greip hann þá ofsahræðsla, svo að hann stöðvaði ökutækið ekki strax. Kvaðst hann hafa hægt á ökutækinu, en ekki nauðhemlað, og því komu engin hemlaför. Sagði hann allt hafa gerst svo hratt, að hann áttaði sig ekki á því, hvað gerðist, fyrr en hann var búinn að stíga út úr ökutækinu og sá ökutæki B undir sínu ökutæki og ökumann, B, liggja í götunni fyrir aftan það. A þorði ekki að fara að B til að aðgæta með hann, þar sem hann gat ekki horft framan í hann...

Veður var mjög gott, er ofangreint gerðist. Það var léttskýjað, kyrrt og stillt, en nokkuð svalt. Aðeins var byrjað að rökkva, en þó var enn tiltölulega bjart. Þurrt var í veðri og skyggni mjög gott. Sól var lágt á lofti, en hún var komin í hvarf bak við hús, svo að hún blindaði ekki ökumenn. Ekki logaði ljós á ljósastaurunum í kring."

Er komið var á lögreglustöðina, var ákærði færður fyrir varðstjóra og hann spurður nánar um aðdraganda atburðarins, „en hann bar fyrir sig minnisleysi sökum þess, hversu hratt allt gerðist," segir í vettvangsskýrslunni.

Hjólreiðamaðurinn reyndist vera Sigurgeir Sigurðsson, kt. 310152-3829, fyrrum sambýlismaður móður ákærða. Hann kom ekki til meðvitundar og lést nokkrum klukkustundum eftir atburðinn. Í krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors segir m.a.: „Krufning leiddi í ljós, að banamein mannsins voru áverkar þeir, sem hann hlaut, er bifreið var ekið á reiðhjól hans. Við árekstur kastaðist hann af hjólinu, og voru mestir áverkar aftan á herðum svo og aftan á höfði. Við höggið hefur hálsinn gengið sundur, og olli það dauða hans. Auk þess voru brotin rifbein og mar í innri líffærum."

Síðar um nóttina var tilkynnt til lögreglu, að búið væri að stinga göt á hægri hjólbarða bifreiðarinnar B-1339, sem var skráð í eigu sambýliskonu Sigurgeirs og stóð, er þetta var, fyrir utan heimili þeirra að Hverfisgötu 32.

IV.

Rannsóknardeild lögreglu í Hafnarfirði var kunnugt um, að fátt hafði verið með ákærða og fjölskyldu hans annars vegar og Sigurgeiri hins vegar, og höfðu kærur gengið á víxl, svo sem síðar verður nokkuð rakið. Sigurgeir hafði búið með móður ákærða í um þrjú ár, þó ekki samfellt, og eignast með henni dóttur, fædda í ágúst 1988, eftir sambúðarslit. Deila hafði staðið

milli móður ákærða og Sigurgeirs um rétt hans til umgengni við dóttur sína. Konan hafði tjáð sig um það við félagsmálayfirvöld í Hafnarfirði, er dóttirin var um tveggja ára, að sig grunaði, að Sigurgeir hefði áreitt telpuna kynferðislega. Hvorki konan né félagsmálastofnun kærði þó til lögreglu í það sinn, og því fór engin opinber rannsókn fram vegna þessa. Ákærði hafði orðið uppvís að því að brjóta rúður á heimili Sigurgeirs, og móðir ákærða hafði kært Sigurgeir til RLR fyrir ofsóknir og hótanir. Sambýliskona Sigurgeirs bar enn fremur, að ákærði hefði oft hringt á heimili þeirra og haft í hótunum við Sigurgeir, og oft hefðu verið unnar skemmdir á bifreiðum þeirra, og grunaði hana, að þar hefði ákærði verið að verki.

Í viðtali við Jóhannes P. Jónsson, rannsóknarlögreglumann í Hafnarfirði, er fram fór á Borgarspítala nóttina eftir slysið, kvaðst ákærði ekki vita, hver sá maður hefði verið, sem hann hefði ekið á. Er lögreglumaðurinn tjáði honum, að það hefði verið Sigurgeir, og jafnframt, að Sigurgeir væri látinn, kvaðst ákærði oft hafa verið búinn að „pæla í“ að drepa Sigurgeir, en þá bara í huganum. Sér liði nú ömurlega, þó að hann væri feginn, að það var Sigurgeir, er hann hafði ekið á, en ekki einhver saklaus maður. Hann kvaðst hafa verið að koma af AA-fundi á samkomustað samtakanna við Kaplahraun. Þaðan hefði hann farið rétt fyrir klukkan 10. Við eftirgrennslan kom í ljós, að ákærði hafði ekki skýrt rétt frá um AA-fundinn. Haft var samband við allmarga fundarmenn, og kannaðist enginn við, að ákærði hefði verið þar þetta kvöld. Hins vegar reyndist Sigurgeir hafa verið þar og tekið til máls.

Við skýrslutöku hjá RLR lýsti ákærði atvikum svo, að hann hefði umrætt kvöld ætlað á AA-fund í sinni deild að Kaplahrauni 1, eins og hann væri vanur á föstudagskvöldum. Fundurinn hefði átt að byrja klukkan 9, og kvaðst ákærði hafa komið að húsinu einni til tveimur mínútum fyrr. Hann kvaðst þá hafa séð, hvar Sigurgeir var að ganga inn í húsið. Ákærði bar, að sér hefði brugðið við að sjá Sigurgeir þarna og hefði ákveðið að fara ekki á fundinn. Hann kvaðst hafa í staðinn ekið um götur bæjarins. Aðspurður viðurkenndi ákærði að hafa farið að heimili Sigurgeirs og stungið göt á hjólbarða Lapplander-bifreiðar hans, sem þar stóð fyrir utan. Hann framvísaði vasahníf, sem hann kvaðst hafa notað til þessa. Hann kvaðst þessu næst hafa ekið að Kaplahrauni að nýju og beðið þess, að fundinum lyki. Hann kvaðst hafa ákveðið að veita Sigurgeiri eftirför og hefði svo ætlað að aka fram úr honum, skrúfa um leið niður rúðu og hrópa að honum. Aðspurður um það, hvað hann hefði ætlað að hrópa, kvaðst hann hafa ætlað að biðja Sigurgeir að koma ekki á þá AA-fundi, sem hann var sjálfur vanur að sækja, og jafnframt hefði hann ætlað að biðja hann að láta fjölskylduna í

friði. Hann kvaðst hafa stungið á hjólbarða Lapplander-bifreiðarinnar í því skyni, að Sigurgeir gerði sér grein fyrir því, þegar hann kæmi heim, að ákærða væri full alvara með orðum sínum.

Ákærði bar, að AA-fundinum hefði lokið klukkan 10 eins og venjulega. Hann kvaðst hafa fylgst með, er fundargestir komu út. Sigurgeir hefði komið með öðrum manni og spjallað aðeins við hann fyrir utan. Hann hefði síðan tekið hjólið og haldið af stað. Ákærði kvaðst hafa ekið á undan Sigurgeiri niður Flatahraun, yfir Reykjanesbraut og beygt inn á Álfaskeið. Hann hefði þá séð, að Sigurgeir hjólaði áfram vestur Flatahraun, og því snúið við og ekið á eftir honum. Ákærði kvaðst hafa nálgast Sigurgeir á hjólinu, teygt sig í rafmagnsrofa til að opna gluggann og litið niður í því skyni, en þá fundið, að högg hefði komið á bifreiðina. Hann kvaðst hafa „panikerað", ekki hemlað og ekki muna, hvað varð, fyrr en bifreiðin var stöðvuð. Hann kvaðst fyrst telja ökuhraða sinn hafa verið á bilinu 50 til 60 kílómetra miðað við klukkustund, en síðar, að verið gæti, að hann hefði ekið á 60 til 70 kílómetra hraða.

Ýtarleg rannsókn fór fram á hemlaförum á vettvangi, en engin hemlaför fundust, er líkur teldust til, að væru eftir bifreið ákærða.

Borið var undir ákærða, það sem hann hafði áður sagt við lögregluyfirheyrslu, að hann hefði, er árekstur varð, verið að lesa aftan á myndbandsspólu, og kvaðst hann hafa sagt ósatt um það.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ekið á Sigurgeir af ásetningi. Hann neitaði jafnframt að hafa ætlað að aka af vettvangi eftir áreksturinn.

Ákærði viðurkenndi að hafa nokkrum sinnum hringt á heimili Sigurgeirs og hótað honum einu sinni í símtali. Hann viðurkenndi einnig að hafa nokkrum sinnum kastað flöskum í hús Sigurgeirs og minnst tvisvar hitt í rúður og brotið þær.

Framburður ákærða fyrir dómi var í samræmi við endanlegan framburð hans fyrir lögreglu. Hann kvaðst hafa ætlað að ná tali af Sigurgeiri, beðið á Álfaskeiði, séð Sigurgeir hjóla fram hjá gatnamótunum, ekki komist alveg strax inn á Flatahraun, því að bílar hefðu komið, síðan ekið inn á Flatahraun á eftir Sigurgeiri. Þá hefði Sigurgeir verið kominn um hálfa leið að staðnum, þar sem ákeyrslan varð. Hann hefði hjólað mjög hratt. „Svo ek ég að honum, stefni svona á hann eða sé hann, sko, lít af honum bara örskamma stund og er að fara að ýta á... fyrir rúðuna hjá mér. Þá brotnar allt í einu rúðan hjá mér, og svo man ég bara, að bíllinn var „stopp"."

Ökuskírteini ákærða er út gefið 13. apríl 1994. Kvaðst hann hafa ekið þessum bíl móður sinnar töluvert þetta rúma ár. Hann kvaðst alltaf líta á færslutakkann, er hann hreyfði rúðurnar, því að hann hefði oft lent í því að

draga niður ranga rúðu. Hann var ekki viss um, að rúðan hefði farið niður, áður en höggið varð. Samkvæmt myndum, er Jóhannes Páll Jónsson, rannsóknarlögreglumaður í Hafnarfirði, er kallaður var á vettvang kl. 22.20, tók þar, og framburði lögreglumanna, er skoðuðu bifreiðina á vettvangi, var hægri hliðarrúða bifreiðarinnar uppi.

Allmörg fleiri vitni en að framan greinir voru yfirheyrð af lögreglu í þágu rannsóknar málsins, en flest reyndust hafa komið á vettvang, eftir að atburðurinn varð, og gátu því ekki tjáð sig um aðdraganda hans. Tvö vitni, sem komu fyrir dóm, Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 210836-7569, sem leit út um glugga á heimili sínu að Sléttahrauni, og Helga Steingerður Sigurðardóttir, kt. 090354-5589, sem kom upp Flatahraun, kváðust hafa séð bifreið ákærða ekið vestur Flatahraun með reiðhjól framan á sér, en gátu ekki tjáð sig um aðdraganda árekstursins né ökuhraða bifreiðarinnar. Vitnið Þorsteinn hringdi þegar á lögreglustöðina og tilkynnti um atburðinn.

Leyfður hámarkshraði á Flatahrauni er 50 km á klst.

Fyrir dómi taldi ákærði, að hann hefði ekið á 60 til 70 km hraða á klst., er slysið varð.

Bifreiðinni, NY-228, var reynsluekið 17. maí 1995 í því skyni að mæla með ratsjá, hversu miklum hraða hún gæti náð úr Álfaskeiði eftir Flatahrauni að þeim stað, þar sem ákeyrslan varð. Fór hraðamælingin fram undir stjórn yfirlögregluþjóns og að verjanda viðstöddum. Minnstur hraði, er bifreiðin náði á árekstursstað, reyndist 89 kílómetrar á klst., en mestur 93 km.

Fjarlægð frá ætluðum ákeyrslustað að þeim stað, þar sem lögregla taldi, að maðurinn hefði skollið á götuna, mældist 18 metrar. Þaðan var far eftir manninn, þ. e. ummerki um, að hann hefði runnið eða oltið eftir götunni, 13 metrar, samtals 31 metri frá ætluðum ákeyrslustað að þeim stað, þar sem maðurinn lá.

Í krufningarskýrslu segir m. a.: „Svo sem fram kemur, voru áverkarnir, sem maðurinn hlaut, geysimiklir og geta samrýmst því ..., að ekið hafi verið á manninn á miklum hraða."

– – –

VII.

Með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjaness 15. maí 1995, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 31. sama mánaðar og að sæta geðrannsókn, sem Hannes Pétursson, forstöðulæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi. Fram lögð skýrsla læknisins um geðheilbrigðisrannsókn er dagsett 8. júní 1995. Ályktun geðlæknisins er þessi:

„Að mati undirritaðs er Júlíus Norðdahl ekki haldinn formlegri geðveiki

eða greindarskorti. Hins vegar tel ég, að Júlíus sýni merki um persónuleikatruflanir samfara kvíðaröskun. Undanfarin misseri hefur Júlíus átt við að stríða talsverðan kvíða, sem hefur verið meira og minna samfelldur og einnig komið í köstum. Einnig hefur borið á þunglyndiseinkennum. Persónuleikatruflanir Júlíusar hafa m. a. lýst sér í atferlistruflunum allt frá bernsku, erfiðleikum í skóla- og atvinnusókn, enn fremur misnotkun áfengis frá unga aldri og annarra vímuefna um skemmri tíma. Hann hefur, að því er virðist, haldið sig algerlega frá neyslu vímuefna undanfarið eitt og hálft ár, en á þeim tíma hefur borið mest á kvíðaeinkennum hans. Tilfinningalíf Júlíusar virðist lítið þroskað og fremur sjálfmiðað, en að líkindum eiga erfið uppeldisskilyrði verulegan þátt í framangreindum persónuleika- og kvíðaröskun.

Við geðheilbrigðisrannsóknina hefur Júlíus hvað eftir annað haldið því fram, að atburður sá, er mál þetta fjallar um, hafi verið óviljaverk, og hefur ekkert komið fram, sem bent gæti til annars. Erfiðlega hefur gengið að varpa ljósi á allra nánasta aðdraganda þess atburðar, er mál þetta snýst um, og hugarástand Júlíusar á þeirri stundu. Hann hefur m. a. borið fyrir sig skertu minni og því, að hann hafi verið í miklu uppnámi eftir atburðinn. Það kann að varpa nokkru ljósi á fyrstu viðbrögð hans í kjölfar atburðarins.

Af viðtölum og gögnum málsins má ráða, að samskiptaörðugleikar Júlíusar og Sigurgeirs heitins hafa verið alvarlegir og langvarandi.

Ef Júlíus verður fundinn sekur um framangreindan verknað, hvort sem atburðurinn hefur orðið fyrir stórfellt gáleysi eða annað, verða aðdragandi og hugsanlegar orsakir einna best skoðaðar í ljósi framangreindra persónuleikatruflana, kvíðaröskunar og samskiptaörðugleika. Líklegt er, að Júlíus hafi litið á umrædda fundarsókn Sigurgeirs heitins sem grófa ögrun við sig og hann því verið í miklu uppnámi og ójafnvægi fyrir atburðinn.

Júlíusi hefur tekist, eftir því sem best verður séð, að halda sig með öllu frá neyslu vímuefna síðastliðið eitt og hálft ár. Hann hefur einnig leitað sér sérfræðilegrar meðferðar vegna framangreindra persónuleikatruflana, kvíðaröskunar og þunglyndiseinkenna. Brýnt er, að Júlíus njóti áfram reglubundinnar geðlæknismeðferðar og leitist jafnframt við að styrkja félagslega stöðu sína og atvinnusókn eftir því, sem hann treystir sér til. Að lokum er það álit undirritaðs, að Júlíus Norðdahl sé fyllilega sakhæfur."

Niðurstöður.

Með skýrslum lögreglu, framburði sjónarvotta, krufningarskýrslu læknis og framburði ákærða er sannað, að ákærði varð með akstri bifreiðar hjólreiðamanni að bana á Flatahrauni í Hafnarfirði föstudaginn 12. maí 1995 laust eftir kl. 22.

Hámarkshraði á umræddri götu er 50 km á klst., en fullvíst þykir, að ákærði hafi ekið á 70 km hraða, fullum 20 km hraðar en heimilt var, og náð þessum hraða upp á 223 metra vegalengd á sjálfskiptum bíl með 90 ha. 1500 vél, 1030 kg að eigin þyngd, en um akstursleið frá Álfaskeiði eftir Flatahrauni er framburður ákærða ekki tortryggilegur. Lögreglu tókst við reynsluakstur á sömu bifreið fjórum dögum síðar að ná mest 93 km hraða á sömu akstursleið með því að beita bifreiðinni til hins ýtrasta.

Samkvæmt framburði sjónarvotts, Sigurbjörns Pálssonar húsasmíðameistara, hjólaði hinn látni um einn og hálfan til tvo metra frá malbiksbrún. Breidd umræddrar götu er þarna 14,3 metrar og breidd nyrðri akreinar frá malbiksbrún að merktri miðlínu 7,3 metrar. Veður og öll aksturskilyrði voru eins og best geta orðið í blíðviðri að vorlagi. Engin önnur umferð truflaði akstur ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa séð manninn á reiðhjólinu á undan sér, en kveðst hafa litið af honum til þess að styðja á færsluhnapp fyrir rafdrifna hliðarrúðu, og þá hafi ákeyrslan orðið. Sá framburður ákærða stenst ekki, að sú athöfn hafi truflað akstur hans. Það er alkunna, að þótt ökumaður líti örskotsstund á færslutakka fyrir rúðu, hraðamæli eða önnur slík stjórntæki í bifreið, sem hann er vanur að aka, tekur slík athöfn aðeins sekúndubrot. Mynd vegarins geymist í vitund ökumanns og veldur sömu akstursviðbrögðum og óslitið væri horft á það, sem fram undan er. Mynd hindrunar, í þessu tilviki manns á reiðhjóli í beinni akstursstefnu ökumanns, hverfur ekki úr vitund hans við eitt augnakast. Það er auk þess ekki sennilegt, að nokkur ökumaður fari að bjástra við ónauðsynlegar tilfæringar á 70 km hraða, hafandi veitt athygli hjólreiðamanni beint fyrir framan sig.

Það veikir framburð ákærða um framangreinda truflun, að hann varð tvísaga. Á vettvangi skýrði hann lögreglu svo frá, að hann hefði verið að lesa aftan á myndbandsspólu, og ítrekaði þá frásögn fyrir lögreglumanni, er ræddi við hann á slysadeild síðar um kvöldið. Fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi breytti hann þessum framburði í það horf, að hann hefði verið að fást við rúðutakkann.

Sá framburður ákærða, að hann hafi ætlað að draga niður hægri hliðarrúðu og hrópa að hjólreiðamanninum tiltekin alllöng skilaboð, samrýmist illa þeim framburði sjónarvottsins Sigurbjörns, að ákærði hafi ekið á vaxandi hraða. Vitnið Sigurbjörn taldi, að bæði maðurinn á reiðhjólinu og bifreiðarstjórinn hefðu ekið beint, hvorugur hefði sveigt neitt til hliðar. Ákærði hefur ekki haldið því fram, að hann hafi sveigt eða reynt að sveigja til hliðar eða beitt hemlum fyrir ákeyrsluna.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja sannað, að frumverknaður

ákærða, ákeyrslan, hafi verið ásetningsverk. Það styður þessa ályktun, að ákærði hefur staðfastlega viðurkennt, að hann hafi borið óvildarhug til hins látna, sem verið hafði sambýlismaður móður hans. Ákærði hefur viðurkennt að hafa fyrr sama kvöld skorið á hjólbarða á bifreið hins látna. Sá verknaður var fjandsamlegt skemmdarverk, unnið í ógnunarskyni. En þessi verknaður, sem unninn var, eftir, að hinn látni fór að heiman á reiðhjóli sínu, er þó til marks um, að ákærði bjóst þá við, að hinn látni kæmi aftur til síns heima.

Að þessu athuguðu má við það miða, að ásetningur ákærða til frumverknaðarins hafi þá fyrst fullmótast, er hann, á vaxandi hraða með óvildarmann sinn í aksturslínu nokkra metra fyrir framan sig, veitti hinum látna eftirför á Flatahrauni.

Bifreiðin var samkvæmt lýsingum og ljósmyndum lögreglu ódælduð á hægra framhorni og luktir þar óskemmdar. Framendi og vélarhlíf var dældað innan við luktir og toppur yfir farþegasæti. Reiðhjólið festist framan á bifreiðinni, en kastaðist ekki til hliðar. Ákærði ók þannig ekki utan í hjólreiðamanninn. Hann ók beinlínis á hann með um 50 km hraðamun á klst. Ákærði mátti vita, að afleiðingar umræddrar ákeyrslu kynnu að verða stórfellt heilsu- og líkamstjón. Afleiðingar árásarinnar má því ótvírætt virða til gáleysis. Áverkar urðu svo stórfelldir, að mannsbani hlaust af.

Samkvæmt framansögðu telst broti rétt lýst í ákærulið 1 og það þar réttilega heimfært til refsiákvæða.

Til refsiþyngingar horfa einkum þau atriði, er greind eru í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. alm. hgl., en þau felast raunar í verknaðarlýsingu 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Til refsilækkunar kemur samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. alm. hgl., að ákærði er ungur að árum, aðeins 18 ára. Þá þykir ekki verða hjá því komist með hliðsjón af 7. tölulið sömu greinar að horfa til þess, sem á undan var gengið í samskiptum hins látna annars vegar og ákærða og móður hans hins vegar. Hinn látni átti beinan þátt í að búa ákærða uppeldisskilyrði um a. m. k. eins og hálfs árs skeið, er ákærði var innan við fermingaraldur, og óbeinan lengur með þeim afleiðingum, er geðlæknir hefur lýst. Af gögnum má ráða, að a. m. k. móðir ákærða hafi, vitandi eða óafvitandi, alið á óvild sonar síns í garð þessa fyrrverandi sambýlismanns síns. Í máli þessu birtast algengar fjölskyldu- og forræðisdeilur í sinni svörtustu mynd, og ákærði varð leiksoppur þeirra atvika.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið brot það, er greinir í 2. ákærulið, og fallast ber á þar greinda heimfærslu þess til refsiákvæða.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða gekkst hann með dómsátt 31.

12. 1991 undir 20.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. og 26. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn og sprengiefni, og hann hefur hlotið ákærufrestun skilorðsbundið í tvö ár frá 8. 2. 1994 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl. Í ljósi alls þess, sem að framan er rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi í 16 daga, frá 15. til 31. maí 1995. Kemur gæsluvarðhaldsvistin til frádráttar framangreindri refsingu.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá 12. júlí 1995.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þá, er í ákæru greinir, sem studd er nægjanlegum gögnum og verður því tekin til greina.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 160.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Norðdahl, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist í 16 daga.

Ákærði sæti sviptingu ökuréttar í 2 ár frá 12. júlí 1995.

Ákærði greiði Ingu Björk Dagfinnsdóttur skaðabætur, að fjárhæð 49.020 kr., að við bættum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 160.000 kr.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 395/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjárdráttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1995 að ósk ákærða með vísan til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu skaðabóta, en að við bættum dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags, en jafnframt er krafist þyngingar á refsingu og verði hún ekki öll skilorðsbundin.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við tékka, að fjárhæð 200.000 krónur, frá pokasjóði Landverndar, en tékki þessi var stílaður á Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla. Ákærði framseldi tékkann og fékk andvirði hans í reiðufé. Ákærða bar þegar í stað að skila þessu fé til eiganda. Það gerði hann ekki og gerði eiganda fjárins enga grein fyrir viðtöku þess eða vörslum fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Hefur hann enn ekki gert skil á fénu. Að þessu athuguðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en vexti af skaðabótum.

Í kærubréfi Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla 23. janúar 1995 var þess krafist, að í refsimáli yrði höfð uppi bótakrafa á hendur ákærða til greiðslu á 200.000 krónum „ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 10. 1. 1994“. Ákærði hefur lýst samþykki sínu við bótakröfu þessari. Frávísun héraðsdómara á vaxtakröfu vegna óskýrleika þykir ófyrirsynju, og þar eð bótakrafan var dæmd í héraðsdómi, að því er höfuðstól varðar, þykir rétt að taka til greina kröfu um dráttarvexti, eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Guðmann Agnar Óskarsson Levy, greiði Foreldra- og kennarafélagi Hlíðaskóla 200.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 15. september, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 636/1995: Ákæruvaldið gegn Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy, á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. júní sl. og birtu 8. þ. m., á hendur Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy, Miklubraut 89, Reykjavík, fæddum 16. ágúst 1955, fæðinganúmer 274, fyrir fjárdrátt með því að hafa sem varaformaður í stjórn Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla 10. janúar 1994 tekið við styrk frá pokasjóði Landverndar, 200.000 kr., og ekki staðið gjaldkera félagsins skil á þeim peningum, sem áttu að renna til orlofssjóðs BHMR, heldur dregið sér þá.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla, Reykjavík, krefst í málinu skaðabóta, 200.000 kr., ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 10. janúar 1994

Ákærði viðurkennir að hafa tekið við fénu, en segist hafa týnt því. Hann gengst ekki við að hafa dregið sér féð. Þar sem afdráttarlaus játning hefur ekki komið fram í málinu, hefur það verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dagana 9.-10. október 1992 gekkst Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla fyrir skógræktarferð í Brekkuskóg í Biskupstungnahreppi. Orlofssjóður

BHMR sótti um styrk úr pokasjóði Landverndar til ferðarinnar sem samstarfsverkefnis með foreldrafélaginu 10. febrúar 1992 og lagði út 200.000 kr. til að kosta ferðina. Foreldrafélagið sótti um sama styrk 29. febrúar 1992. Styrkurinn, 200.000 kr., var loks veittur um áramót 1993–1994. Ákærði var varaformaður foreldrafélagsins, og tók hann við styrknum í formi tékka, sem stílaður var á foreldrafélagið 10. janúar 1994, og leysti hann út samdægurs. Andvirði tékkans hefur hvorki skilað sér í sjóð foreldrafélagsins né orlofssjóðinn þrátt fyrir eftirgangsmuni.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu og dómi. Hann kannast við að hafa tekið við tékkanum og leyst hann út, en ekki getað staðið skil á andvirði hans vegna fjárskorts. Hann segist hafa farið með peningana heim til sín í umslagi, lagt þá í skrifborðsskúffu og ákveðið að láta þá ekki ganga til BHMR, láta heldur skólann njóta þeirra, sjá til, hvort orlofssjóðurinn félli ekki frá tilkalli, og draga málið fram á vor. Þegar til átti að taka, segist hann ekki hafa fundið umslagið með peningunum. Hann segir bú sitt hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1991 og fjárhag sinn hafa verið slæman síðan. Hann segist álíta, að aðrir stjórnarmenn hafi fyrst fengið að vita um útborgun styrksins vorið 1994; hann hafi þá lofað að skila peningunum og kannast við að skulda bótakröfuna með vöxtum.

Saga ákærða um hvarf peninganna þykir ótrúverðug, en í reynd hefur hann játað alla efnisþætti brotsins. Hann hafði hvorki umboð né heimild til að taka við tékkanum fyrir hönd félagsins, og öðrum stjórnarmönnum var ókunnugt um framtak hans. Þegar ákærða hafði tekist að fá tékkann í hendur, bar honum tafarlaust að koma honum til skila, og var ástæðulaust þess vegna að skipta honum í peninga. Eftir að ákærði hafði tekið við tékkanum og leyst hann út, setti hann hagsmuni foreldrafélagsins og orlofssjóðsins í hættu með því að skila ekki peningunum, eins og fjárhag hans var háttað, ekki aðeins, ef hann eyddi peningunum, heldur einnig með því að geyma þá í skrifborðsskúffu heima hjá sér, eins og hann heldur fram, að hann hafi gert. Afleiðingin varð raunar sú, að hann gat ekki skilað fénu. Þykir þá fullsannað með skýrslu ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um fjárdrátt og brotið þannig gegn ákvæði 247. gr. alm. hegningarlaga, eins og greinir í ákæru.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu fyrr, svo að kunnugt sé. Þykir þá mega skilorðsbinda refsingu hans, sem þykir hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi. Eftir þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða sakarkostnað og skaðabætur. Vaxtakrafa er ekki nægilega skýr, til að dómur verði á hana lagður, og verður henni því vísað frá dómi.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Agnar Óskarsson Levy, sæti fangelsi 6 mánuði. Frestað er framkvæmd refsingar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greiði Foreldra- og kennarafélagi Hlíðaskóla 200.000 krónur og sakarkostnað í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 422/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Erni Sigurðssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Refsiákvörðun. Umferðarlög. Ávana- og fíkniefni. Líkamsárás. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. desember 1995 með vísan til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um skilorðsrof og þar með á ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

Ákærði krefst þess, að refsiákvörðun héraðsdóms verði breytt þannig, að skilorð fyrri dóms haldi sér og refsing vegna ákæruskjala 6. og 27. nóvember 1995 verði milduð verulega og skilorðsbundin í heild eða að hluta.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Örn Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 30. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu

Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1117/1995: Ákæruvaldið gegn Einari Erni Sigurðssyni, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 6. og 27. nóvember sl., gegn ákærða Einari Erni Sigurðssyni, kt. 090674-4989, Tjarnarmýri 16, Seltjarnarnesi.

Með ákæru 6. nóvember sl. er ákærða gert að sök:

„I. að hafa haft laugardaginn 20. ágúst 1994 í fórum sínum 0,6 gr af hassi, þegar lögreglan hafði afskipti af honum á bifreiðastæði að Strandaseli 7 í Reykjavík,

II. að aka bifreiðinni R-73271 að kvöldi fimmtudagsins 16. mars 1995, sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík að heimili sínu og þaðan föstudaginn 17. mars um ýmsar götur, uns akstri lauk á Laugavegi við hús nr. 118,

III. að aka bifreiðinni PZ-546 aðfaranótt þriðjudagsins 16. maí 1995, sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík um ýmsar götur, uns akstri lauk við Brautarholt 22 í Reykjavík,

IV. að aka bifreiðinni GM-492 aðfaranótt sunnudagsins 21. maí 1995 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík um ýmsar götur, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Miklubraut við Kringluna.

Liður I telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 64/1986, liður II, III og IV við 1. mgr. 48. gr. og liður IV að auki við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. l. nr. 44/1993, og til þess að sæta upptöku á 0,6 gr af hassi, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986."

Með ákæru 27. nóvember sl. er ákærða gert að sök:

„I. að ráðast að Reyni Björnssyni, kt. 280372-5799, þar sem þeir voru staddir á Laugavegi í Reykjavík við hús nr. 30 b aðfaranótt laugardagsins 20. maí 1995, skalla hann í höfuð og slá hann síðan nokkur högg með hnefunum í höfuð, eftir að Reynir hafði fallið í götuna, með þeim afleiðingum, að Reynir rotaðist og hlaut bólgu á enni, hnakka og bak við eyru og mar og eymsli víðar um líkamann,

II. að aka bifreiðinni R-80243 að morgni sunnudagsins 16. júlí 1995, sviptur ökurétti, frá Fellsmúla 22 í Reykjavík að Miklubraut 16.

Liður I telst varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og liður II við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Einnig krefst Reynir Björnsson skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 9.658 kr."

Málavöxtum er rétt lýst í ákærum.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem hann er sakaður um í framangreindum ákærum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1990 hlotið 11 refsidóma, aðallega fyrir ýmis hegningarlagabrot, en dómarnir hafa verið bæði skilorðsbundnir og óskilorðsbundnir eða skilorðsbundnir að hluta. Þá hefur ákærði fjórum sinnum gengist með sátt undir greiðslu sekta fyrir ýmis brot. Með dómi 17. mars sl. var felld úr gildi sátt, sem gerð var við ákærða hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 13. apríl 1993 vegna ölvunar við akstur, en ákærði greiddi ekki sekt þá, sem honum var gerð með sáttinni. Með dóminum var ákærði sviptur ökurétti þrjá mánuði frá 13. apríl 1993 að telja, en við uppkvaðningu dómsins hafði ákærði þegar lokið sviptingartímanum. Með dómi 14. desember sama ár var hann dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals, ólögmæta meðferð fundins fjár og ölvun og réttindaleysi við akstur. Í maí 1994 var honum veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 311 dögum. Hinn 22. desember sama ár var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var refsingin skilorðsbundin í fimm ár. Þar sem ákærði hafði með þjófnaðarbroti sínu rofið framangreinda reynslulausn, var hún dæmd upp með dóminum. Forsendur dómsins fyrir skilorðsbindingunni eru meðal annars reistar á þeim rökum, að brot ákærða hafi ekki verið stórvægilegt og ekki leitt af sér tjón, svo og á því, að ákærði hafði farið í áfengismeðferð og hafði atvinnu. Með dómi þessum er ljóst, að ákærða var gefið tækifæri til að feta hinn þrönga veg, halda sig frá afbrotum. Í stað þess að fara að skilorði dómsins rauf ákærði það og hóf afbrot að nýju. Eru öll brotin, sem hér eru til meðferðar, að undanskildu brotinu í I. kafla ákæru frá 6. nóvember sl., rof á framangreindum skilorðsdómi. Þá er brot hans gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getið er í I. kafla ákæru frá 27. nóvember, hið þriðja sinnar tegundar, en í desember 1990 og október 1992 var hann dæmdur fyrir sams konar brot. Ber því nú skv. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem ákærði var sakfelldur fyrir í dóminum frá 22. desember sl., og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi. Ekki kemur til álita að skil orðsbinda refsingu ákærða,

þegar litið er til sakaferils hans og þess, að hann hefur rofið skilorð með framangreindum hætti.

Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttar, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Með ölvunarakstri sínum hefur ákærði ítrekað brot sitt og ber því samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að svipta hann ökurétti ævilangt frá 30. nóvember 1995 að telja.

Reynir Björnsson, Garðarsbraut 83, Húsavík, hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna líkamsárásar ákærða, að fjárhæð 9.658 krónur, vegna læknisrannsóknar, fatahreinsunar og fataskemmda. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, sem er mjög í hóf stillt, og verður hann því dæmdur til greiðslu hennar.

Ákærði sæti upptöku á 0,6 g af hassi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Örn Sigurðsson, sæti 14 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 30. nóvember 1995 að telja.

Ákærði greiði Reyni Björnssyni, Garðarsbraut 83, Húsavík, skaðabætur, 9.658 krónur.

Ákærði sæti upptöku á 0,6 g af hassi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 394/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Páli Indriða Pálssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Refsi- og viðurlagaákvörðun. Manndráp af gáleysi. Bifhjól. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995 og áfrýjar málinu einvörðungu til endurskoðunar refsiákvörðunar og annarra viðurlaga, þyngingar á refsingu og enn frekari sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur.

I.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að kvöldið fyrir slysið hafi hann fyrst drukkið „tvöfaldan vodka“ og síðan um tvö glös af léttu víni. Um klukkan eitt eftir miðnætti hafi hann farið á veitingastað og drukkið eitt eða tvö glös af blönduðu sterku áfengi og „hugsanlega einhverja snafsa“. Hann kvaðst hafa farið heim til sín af veitingastaðnum um klukkan þrjú um nóttina, en ekkert áfengi drukkið, eftir að hann kom heim og þar til hann lagði af stað á bifhjólinu með farþegann Droplaugu Róbertsdóttur klukkan um fimmtán mínútur yfir sjö um morguninn.

Ingibjörg Hulda Björnsdóttir var sjónarvottur að slysinu. Hún kom ekki fyrir dóm, en skýrði lögreglu meðal annars svo frá daginn eftir slysið, að hún hefði verið akandi á leið til vinnu sinnar, er bifhjólinu var ekið fram úr bifreið hennar. Ingibjörg fylgdist eftir það með akstri ákærða og kvað hann stöðugt hafa aukið hraða bifhjóls-

ins. Kvaðst hún einnig hafa hert ferðina, og hafi hraði bifreiðar sinnar verið um 70 km miðað við klukkustund. Skömmu síðar hafi bifhjólið verið „komið á ofsahraða“ og skollið á einhverju með þeim afleiðingum, að ákærði og farþeginn kastast af hjólinu.

Að öðru leyti vísast til atvikalýsingar í héraðsdómi.

II.

Ákærði gekkst við sakargiftum. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsiákvæða í dómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, hafði ákærði ekki áður sætt refsingu. Rétt þykir með vísun til l. mgr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, að fresta fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni. Skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þegar litið er til þess, að brot ákærða var stórfellt, þykir rétt, að hann verði sviptur ökurétti í fimm ár frá 5. september 1995.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í fimm ár frá 5. september 1995.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs verjanda, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 27. október 1995.

Ár 1995, föstudaginn 27. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-63/1995: Ákæruvaldið gegn Páli Indriða Pálssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. september 1995, á hendur ákærða, Páli Indriða Pálssyni, Grenigrund 43, Akranesi, kennitala 040256-7419. Dómarinn fékk málið til meðferðar 28. september 1995 og gaf út fyrirkall í því 29. sama mánaðar.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka sunnudaginn 6. ágúst 1995 um klukkan 07.20, undir áhrifum áfengis og illa fyrirkallaður vegna svefnleysis og áfengisdrykkju, bifhjólinu Y-20004 frá heimili sínu áleiðis að Einigrund 2, Akranesi, og fyrir að aka bifhjólinu á þeirri leið án nægjanlegrar aðgæslu og yfir leyfðum hámarkshraða vestur Garðagrund, en hámarkshraði á Garðagrund er 50 kílómetrar miðað við klukkustund, utan í steyptan vegarkant, upp á vegarkantinn, yfir grasflöt og síðan þvert yfir hliðarveg, sem liggur að Steinsstöðum, og síðan á ljósastaur, sem er vestan við veginn að Steinsstöðum, með þeim afleiðingum, að farþegi á bifhjólinu, D, ..., kastaðist af hjólinu og hafnaði í vegarkantinum norðanmegin við Garðagrund um 45 metra vestan við ljósastaurinn, og hlaut D við þetta höfuðkúpubrot og blæðingu umhverfis heilastofn, sem olli þegar dauða hennar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., staflið a, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 44. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga."

Við meðferð málsins krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þó ekki saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa verið við áfengisneyslu að kvöldi 5. ágúst og aðfaranótt 6. ágúst 1995 á Akranesi. Ákærði kvaðst ekkert hafa sofnað um nóttina, en talið sig geta stjórnað bifhjólinu Y 20004 örugglega, er hann lagði af stað á því að morgni 6. ágúst frá heimili sínu áleiðis til vinnu sinnar, en í leiðinni ætlað að skutla D til síns heima. Ákærði kvaðst hafa ekið hjólinu vestur Garðagrund og líklega verið búinn að aka einn til tvo kílómetra, er hjólið lenti utan í kantsteini með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á því og hann og D köstuðust af hjólinu. Ákærði taldi, að hann hefði ekið bifhjólinu á 70 til 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund, er það lenti utan í kantsteininum.

Rannsókn á blóðsýni, sem tekið var úr ákærða eftir slysið, sýndi, að alkóhólmagn í blóði hans var 1,65‰.

Í vottorði Guðrúnar Birgisdóttur læknis, er kom á vettvang eftir slysið, segir, að ekkert lífsmark hafi þá verið með D. Réttarkrufning fór fram á líki D, og í skýrslu þar um segir m. a. um höfuð og miðtaugakerfi: [...]. Í ályktun skýrslunnar segir: „Krufningin leiddi í ljós, að banamein konunnar voru áverkar þeir, sem hún hlaut, er hún kastaðist af mótorhjóli, sem hún var farþegi á. Hefur hún komið niður á höfuð, og hlaut hún höfuðkúpubrot og blæðingu umhverfis heilastofn, sem olli þegar dauða hennar."

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi með háttsemi sinni brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. og staflið a 2. mgr. 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 44. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hefur unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, og þykir hæfilegt, að hann verði sviptur ökurétti í tvö ár frá 5. september 1995, en þá var hann sviptur ökurétti til bráðabirgða af sýslumanninum á Akranesi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, sæti varðhaldi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá 5. september 1995.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1996.

Nr. 81/1996. **Skinnaiðnaður hf.**
(Benedikt Ólafsson hdl.)
gegn
Bjarna V. Magnússyni
Höfn-Þríhyrningi hf.
Íslensku umboðssölunni hf.
Björgvin Ólafssyni og
Sauðárkrókskaupstað
(Sveinn Snorrason hrl.)

Kærumál. Málshöfðunarfrestur. Matsgerð. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra, upp kveðinn 8. febrúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar, en til vara, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, ef staðfest verði ákvörðun um frávísun málsins. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Skinnaiðnaður hf., greiði varnaraðilum, Bjarna V. Magnússyni, Höfn-Þríhyrningi hf., Íslensku umboðssölunni hf., Björgvin Ólafssyni og Sauðárkrókskaupstað, hverjum um sig 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 8. febrúar 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 11. janúar 1995, er höfðað af Skinnaiðnaði hf., kt. 661093-2509, Dalsbraut 1, Akureyri, með stefnu, birtri 23. og 24. ágúst 1995, á hendur Bjarna V. Magnússyni, kt. 080924-2409, Ægissíðu 46, Reykjavík, persónulega og sem stjórnarformanni firmanna Hafnar-Þríhyrnings hf., kt. 460976-0229, Tryggvatorgi 1, Selfossi, og Íslensku umboðssölunnar hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík, f. h. félaganna, Björgvin Ólafssyni, kt. 160621-4199, Móabarði 6 b, Hafnarfirði, og Sauðárkrókskaupstað, kt. 560269-7579, Faxatorgi, Sauðárkróki. Þá er Loðskinni hf., kt. 440269-1419, Borgarmýri 5, Sauðárkróki, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega, að mati á verðmæti hlutabréfa í félaginu Loðskinnum hf. samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna í máli Héraðsdóms Norðurlands vestra nr. M-2/1995 verði hnekkt og viðurkennt verði með dómi, að kaupverð, að fjárhæð 14.000.000 króna, sem Skinnaiðnaður hf. greiddi Sláturfélagi Suðurlands svf. fyrir hlutabréf í Loðskinnum hf., að nafnverði 31.806.988 krónur, sé ekki minna en sanngjarnt verð fyrir hlutinn.

Til vara krefst stefnandi þess, að matið verði ógilt og stefndu sæti ákvörðun dómsins um lægra endurgjald fyrir hlutina en nemur kaupverðinu, en meiru en niðurstaða matsins segir til um. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast þess, að matsgerð matsmanna frá 9. maí 1995 um verðmæti hluta í Loðskinnum hf. 9. september 1994 verði staðfest og viðurkennt verði með dómi, að matsgerðin sé bindandi fyrir aðila og hafi veitt stefndu rétt til þess að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt henni, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda að öðru leyti og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Réttargæslustefndi gerir engar kröfur í málinu.

II.

Málavextir.

Hinn 9. september 1994 keypti stefnandi öll hlutabréf Sláturfélags Suðurlands svf. í Loðskinnum hf., að nafnverði 31.806.988 krónur, sem nam 20,27% af heildarhlutafé í félaginu. Kaupverðið var 14.000.000 króna, staðgreitt. Aðilar gerðu sama dag með sér sérstakt samkomulag um kaupin, og kemur þar fram, að kaupandi, stefnandi máls þessa, tók við öllum réttindum og skyldum skv. hinum seldu hlutum, þ. m. t. atkvæðisrétti. Síðan segir orðrétt í samkomulaginu: „Skinnaiðnaði er kunnugt um, að hlutabréf SS í Loðskinnum hf. hafa ekki verið gefin út, og framselur SS með samkomulagi þessu allan rétt sinn til að fá bréfin gefin út til Skinnaiðnaðar, en ber ekki að öðru leyti ábyrgð á útgáfu þeirra og afhendingu bréfanna. Skinnaiðnaði er kunnugt um ákvæði í samþykktum Loðskinna hf. um forkaupsrétt þess félags og einstakra hluthafa á hinum seldu hlutabréfum. Komi til þess, að Loðskinn hf. eða einstakir hluthafar þess neyti forkaupsréttar að hinum seldu hlutabréfum eða mat fari fram í samræmi við ákvæði samþykkta Loðskinna hf., skal Skinnaiðnaður koma fram í umboði seljanda og annast uppgjör sölunnar til þeirra og bera þann kostnað, sem falla ætti á seljanda hlutabréfanna af þeim sökum. Leiði mat skv. samþykktum félagsins til þess, að kaupverð Loðskinna hf. eða einstakra hluthafa á hlutabréfunum verði ákveðið lægra en kaupverð skv. 1. gr. og Skinnaiðnaður fái bréfin ekki keypt, skal greiðsla Skinnaiðnaðar til SS skv. 1. gr., þ. e. 14.000.000 kr., standa óbreytt, og hefur Skinnaiðnaður ekki rétt til að endurkrefja SS um kaupverðið eða þá greiðslu að neinu leyti. Greiðslan fyrir bréfin frá forkaupsréttarhafa rennur til Skinnaiðnaðar."

Samhliða þessum samningi gerðu stefnandi og SS með sér samning um kaup stefnanda á öllum gærum, sem til féllu í sláturhúsum SS næstu sex ár, en síðustu árin á undan hafði SS selt Loðskinnum hf. allar gærur sínar, og voru þær u. þ. b. helmingur þess hráefnis, sem Loðskinn hf. notuðu á hverju ári.

Sláturfélag Suðurlands tilkynnti Loðskinnum hf. um sölu hlutabréfanna með bréfi, dags. 15. sept. 1994, og var félaginu jafnframt boðinn forkaupsréttur. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sölunni hafi verið mótmælt strax munnlega, en síðan með bréfi 11. október til Sláturfélagsins. Í því bréfi komi fram, að Loðskinn hf. telji söluna andstæða samþykktum félagsins og hlutafélagalaga. Einnig var áskilinn réttur félagsins og einstakra hluthafa til að neyta forkaupsréttar. Hinn 10. október sendi Skinnaiðnaður hluthöfum í Loðskinnum bréf, þar sem þeim var boðið að neyta forkaupsréttar. Hinn 3.

nóvember 1994 tilkynntu Loðskinn hf. stefnanda, að stefndu ætluðu að neyta forkaupsréttar á hlutabréfunum, en jafnframt mótmæltu þeir kaupverðinu. Af hálfu stefndu var gerð tillaga um mat á grundvelli samþykkta Loðskinna hf., og tilnefndu þeir mann af sinni hálfu í samræmi við það. Stefnandi tilnefndi hins vegar ekki mann og tilkynnti síðar, að hann ætlaði ekki að gera það, en lagði til, að matsmenn yrðu allir dómkvaddir í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

2. febrúar 1995 fóru Loðskinn hf. þess á leit við dóminn, að dómkvaddir yrðu þrír óvilhallir menn til að meta, eins og greinir í matsbeiðninni, „réttmætt verðmæti hlutabréfa í Loðskinnum hf. miðað við 9. september 1994 og þær upplýsingar, sem þá lágu til grundvallar". Hinn 28. febrúar 1995 fór dómkvaðningin fram, og til að vinna hið umbeðna mat dómkvaddi dómarinn þá Helga Sigurðsson héraðsdómslögmann, Stefán Halldórsson rekstrarhagfræðing og Þorstein Haraldsson, löggiltan endurskoðanda. Matsgerð þeirra er dagsett 9. maí 1995, og varð niðurstaða matsins, að verðmæti hlutabréfanna væri ekkert. Stefnandi tilkynnti Loðskinnum hf. með bréfi, dags. 28. júní 1995, að hann ætlaði ekki að una þessari niðurstöðu og því yrði farið með málið fyrir dómstóla.

– – –

IV.

Niðurstaða.

Með hinu óafturkræfa framsali hlutabréfanna og orðalagi í samningi um sölu hlutanna telur dómurinn, að stefnandi hafi haft umboð frá Sláturfélagi Suðurlands svf. til að koma fram í umboði þess félags um hvaðeina, er varðar hlutaféð, þ. m. t. að höfða mál þetta.

Þá hafa aðilar ekki gert athugasemd við framkvæmd dómkvaðningar matsmanna, matsmennina sjálfa né hvernig þeir stóðu að matinu.

Fyrir liggur, að matsmenn dagsettu matsgerð sína 9. maí 1995 og að reikningur vegna matsins var greiddur 29. maí 1995. Hins vegar er ekki ljóst, hvenær stefnanda barst matið í hendur, en því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefndu, að matsgerðin hafi verið afhent, áður en reikningur matsmanna var greiddur. Þannig er ljóst, að stefnanda var ekki kunnugt um niðurstöðu matsmanna fyrr en í fyrsta lagi 29. maí 1995. Hins vegar liggur fyrir skv. bréfi, dagsettu 24. maí 1995, að stefnanda var þá kunnugt um, að matsmenn höfðu lokið mati sínu u. þ. b. hálfum mánuði áður. Með bréfi, dagsettu 28. júní 1995, lýsir lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi uni ekki niðurstöðu matsmanna og muni því höfða mál til að fá því hnekkt innan þriggja mánaða, frá því að matsmenn luku störfum sínum.

Síðari málsliður 4. mgr. 19. gr. laga nr. 32/1978, hlutafélagalaga, sbr. nú 4.

mgr. 22. gr. laga nr. 2/1995, hljóðaði svo: „Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.“ Ákvæði þetta kom fyrst inn í hlutafélagalög með 10. gr. laga nr. 69/1989 um breytingu á hlutafélagalögum. Í greinargerð með 10. gr. laga nr. 69/1989 er ekki að finna neina skýringu á því, hvenær matsmenn hafi lokið mati sínu, eða umfjöllun um frestinn að öðru leyti. Því verður að skýra ákvæðið eftir hljóðan þess og miða við dagsetningu matsgerðarinnar og telja, að matsmenn hafi þá lokið störfum við matið. Samkvæmt því er málið of seint höfðað, og skortir því skilyrði til að höfða mál um sakarefnið. Ber því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 600.000 krónur.

Dóminn kveða upp Halldór Halldórsson héraðsdómari sem dómsformaður og meðdómsmennirnir Símon Ásgeir Gunnarsson og Jón Þorbjörn Hilmarsson.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Skinnaiðnaður hf., greiði stefndu, Bjarna V. Magnússyni, Höfn-Þríhyrningi hf., Íslensku umboðssölunni hf., Björgvin Ólafssyni og Sauðárkrókskaupstað, sameiginlega 600.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1996.

Nr. 82/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurjóni Péturssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast verður á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að ákærða, Sigurjóni Péturssyni, kt. 110464-4289, Suðurhólum 22, Reykjavík, verði gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds, þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. mars 1996 kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 157. gr., 244. gr., 248. gr., 254 gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni með síðari breytingum auk 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50/1987.

Hinn 9. febrúar sl. voru þingfestar fjórar ákærur á hendur ákærða í Héraðsdómi Reykjavíkur, ein út gefin 11. desember 1995 af lögreglustjóranum í Reykjavík, en þar er ákærða gefið að sök að hafa annars vegar ekið bifreið án ökuréttinda árið 1994 og hins vegar að hafa haft á sér fíkniefni árið 1995, önnur út gefin 12. desember sl. af ríkissaksóknara, þar sem ákærða er gefið að sök, ýmist einum eða í félagi við Sigríði Ninní, innbrot, fjársvik, brot á umferðarlögum og öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga, m. a. nytjastuldur og víxlun á skráningarnúmerum bifreiða á tímabilinu frá febrúar til júlí 1995, samtals 13 tilvik.

Þriðja ákæran er út gefin 22. janúar 1996 af lögreglustjóranum í Reykjavík, þar sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið án ökuréttinda.

Fjórða ákæran er út gefin 8. febrúar 1996 af ríkissaksóknara, þar sem ákærði, Sigurjón, er ákærður fyrir akstur án ökuréttinda í lok júlí árið 1995 og fjársvik sama dag, vegna vangreiðslu á hótelreikningi.

Fimmta ákæran, sem þingfest var 15. febrúar sl. í Héraðsdómi Reykjavíkur, var út gefin sama dag af ríkissaksóknara, en þar er ákærða gefið að sök að hafa gerst sekur um þjófnað, hlutdeild, nytjastuld og réttindaleysi við akstur árin 1995 og 1996.

Ákærði hefur viðurkennt hjá lögreglu og að hluta fyrir dómi þau ákæruatriði, sem hér að framan greinir.

Ákærði hefur dvalist erlendis undanfarna sex mánuði, en kom til landsins 22. þ. m. Hann bar við yfirheyrslu vegna gæsluvarðhaldsúrskurðar 30. janúar sl. að hann væri á leiðinni af landi brott að nýju innan fárra daga. Þá hefur ríkissaksóknari fregnað, að ákærði hygðist flytja lögheimili sitt til Danmerkur.

Ákærði hefur árin 1981 til 1990 hlotið tíu refsidóma fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur hann hlotið refsidóma fyrir umferðarlagabrot, brot gegn áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt með skírskotun til b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um framhald gæsluvarðhalds yfir ákærða, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans nr. S-1236/1995 í Héraðsdómi Reykjavíkur, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. mars 1995 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1996.

Nr. 76/1996. **Björn Björnsson**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
þrotabúi Sjávarborgar hf.
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skaðabætur. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. febrúar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. janúar, þar sem staðfest er sú ákvörðun skiptastjóra í þrotabúi Sjávarborgar hf. 1. febrúar 1994 að hafna lýstri kröfu sóknaraðila í þrotabúið. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að viðurkennd verði krafa sín á hendur varnaraðila, að fjárhæð 5.696.353 krónur, ásamt nánar tilgreindum vöxtum. Til vara krefst sóknaraðili lægri fjárhæðar úr hendi varnaraðila. Þá krefst hann viðurkenningar á því, að krafan njóti forgangsréttar samkvæmt 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Eftir að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, hefur af hálfu sóknaraðila verið aflað nýrra gagna. Á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness 13. febrúar 1996 gáfu skýrslur Lárus Grímsson, skipstjóri á fiskiskipinu Júpíter, ÞH 61, og Viðar Karlsson, skipstjóri á fiskiskipinu Víkingi, AK 100. Voru þeir spurðir um vinnubrögð á skipum, sem haldið er til loðnuveiða. Meðal nýrra gagna málsins eru einnig uppdrættir af nótaskipi og snurpugálga svo og yfirlýsing nafngreinds skipaverkfræðings. Ekki verður annað séð en að allra þessara gagna hefði mátt afla undir rekstri málsins í héraði.

Hin nýju gögn verða ekki talin hnekkja niðurstöðu héraðsdóms,

en í honum sátu tveir sérfróðir meðdómendur. Með vísun til þess og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Björn Björnsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Sjávarborgar hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. janúar 1996.

Mál þetta var þingfest 31. maí 1994, eftir að fram kom sú beiðni skiptastjóra í þrotabúi varnaraðila, að leyst yrði úr ágreiningi, sem upp kom við gjaldþrotaskipti. Málið var flutt 17. janúar sl. og tekið til úrskurðar þann dag.

Sóknaraðili er Björn Björnsson, kt. 161264-3189, nú búsettur í Namibíu, en varnaraðili þrotabú Sjávarborgar hf., kt. 630181-0379, Hamraborg 5, Kópavogi.

Endanlegar kröfur sóknaraðila eru aðallega þær, að varnaraðila verði gert að greiða sér 5.696.353 krónur auk [nánar tilgreindra vaxta] auk málskostnaðar að við bættum virðisaukaskatti og að viðurkennt verði með úrskurði, að krafan njóti forgangs í þrotabúið, sbr. 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Til vara gerir sóknaraðili þær dómkröfur að varnaraðila verði gert að greiða sér aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins auk vaxta, eins og lýst er í aðalkröfu, og málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins að við bættum virðisaukaskatti og að viðurkennt verði með dómi, að krafan njóti forgangs í þrotabúið, sbr. 5. tl. 112. gr. l. nr. 21/1991.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði að fullu hafnað og afstaða skiptastjóra staðfest. Málskostnaðar er krafist.

I.

Það er upphaf máls þessa, að sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú Sjávarborgar hf. 18. janúar 1994. Skiptastjóri hafnaði kröfunni í heild sinni. Á skiptafundi 8. febrúar 1994 lágu fyrir skrifleg mótmæli við afstöðu skiptastjóra. Krafa sóknaraðila er nr. 34 á kröfuskrá og var lýst sem forgangskröfu á grundvelli 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991, þar sem um bótakröfu er að ræða vegna örorkutjóns. Með bréfi 5. apríl 1994 krafðist skiptastjóri

úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið, og var málið þingfest 31. maí 1994. Þá var málinu frestað til öflunar gagna, og 16. ágúst 1994 kom fram beiðni frá varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Matsgerð var lögð fram 30. mars 1995, og í þinghaldi 7. apríl kom fram beiðni um, að aflað yrði álits læknaráðs. Það álit lá fyrir í ágúst 1995 og nýtt örorkumat í nóvember 1995. Undirrituðum dómara var úthlutað málið í maí 1995.

II.

Krafa sóknaraðila er til komin vegna vinnuslyss, sem hann varð fyrir 28. febrúar 1992 um borð í fiskiskipinu Sjávarborg, GK-60, sem hið gjaldþrota félag gerði út. Sóknaraðili var 2. stýrimaður á skipinu, sem var á loðnuveiðum skammt undan Dyrhólaey. Var hann búinn að vera fastráðinn sem 2. stýrimaður frá því í september 1991. Heldur sóknaraðili því fram, að 10 vindstig hafi verið umrætt sinn og áhöfn sett út á dekk að vinna að fyrirmælum skipstjóra. Sóknaraðili lýsir aðdraganda slyssins svo, að búið hafi verið að kasta nótinni. Hann hafi verið að binda upp pokann frammi á skipinu stjórnborðs megin og ná inn svokölluðum háf, sem dregur nótina út. Vegna veðurs hefði nótin farið svo aftarlega með skipinu, að hann hefði orðið að fara á milli gálga og pokans til þess að ná í band, sem fest var við háfinn. Erfitt hefði verið að ná í bandið vegna veðurs og vegna þess, hve neðarlega það var á korkateininum. Spottanum var síðan krækt í krók á krana, sem hífði háfinn inn fyrir borðstokkinn. Þegar hann hefði verið kominn milli poka og gálga, hefði komið ólag á skipið og hann klemmst á milli og verið fastur smástund. Nótin hefði staðið það aftarlega vegna veðurs, að ekki hefði verið unnt að fara fram fyrir gálgann. Við þessar aðstæður hefði hann ekki náð spottanum. Sóknaraðili segir snurpugálgann vera stóran og breiðan, að óhentugt sé að vinna í kringum hann. Þar við bætist, að bandið hefði verið mjög neðarlega á korkateininum. Pokinn hefði verið bundinn upp í blökkina fyrir aftan gálgann, og vegna þess, hve nótin hefði legið aftur með skipinu, hefði hann orðið að fara á milli gálgans og pokans til þess að ná í spottann. Um annað hefði ekki verið að ræða. Sóknaraðili kvað verkstöðu við þetta tiltekna verk frábrugðna því, sem hann hefði átt að venjast á öðrum loðnuskipum. Hann hefði fært spottann ofar, þegar hann byrjaði á skipinu, en skipstjóri skipað einum háseta að breyta til fyrra horfs. Skipstjórinn hefði sagt, að nótin færi betur út með þessum hætti. Sóknaraðili segist hafa verið vanur að taka veður um hádegisbil og skrá veðurhæð í dagbók sína. Í þetta sinn hefði hann skráð 10 vindstig. Því beri saman við vottorð veðurstofu um veðurhæð í Vestmannaeyjum sama dag. Hann hefði tilkynnt skipstjóra um slysið, strax eftir að það gerðist, en harkað af sér og haldið áfram vinnu. Þegar skipið kom í land 2. mars 1992, fór

hann á Borgarspítalann í skoðun. Var honum sagt, að líklega væri um slæmt mar að ræða, og ekki talin þörf á, að hann hætti að vinna. Í næsta túr gekk hann til starfa sinna, en hafði sívaxandi þrautir í baki. Hinn 18. s. m. fór hann á Heilsugæsluna í Keflavík og var úrskurðaður óvinnufær til 7. maí 1992. Aftur fór hann um borð, en versnaði í baki og varð að hætta á sjó 23. júlí 1992.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var ekki tilkynnt um slysið, og engin lögreglurannsókn fór fram.

Guðmundur Garðarsson, kt. 081043-4699, skipstjóri Sjávarborgar, GK-60, kom fyrir dóm. Hann sagði aðstöðuna við gálgann góða. Unnt væri að athafna sig bæði fyrir framan gálgann og eins fyrir aftan. Því væri alveg óþarfi að vera á hættusvæði við gálgana. Hann kvað spottann hafa verið í bláhorni á nótinni. Þessi búnaður hefði ekki verið neitt öðruvísi en á öðrum loðnuskipum. Að vísu geti spottinn legið framar, og hefði það verið reynt, en þá hefði nótin ekki farið eins vel út. Hefði hann því látið breyta spottanum til fyrra horfs. Hann taldi þessa vinnuaðferð, sem væri mjög svipuð á öllum loðnuflotanum, alveg hættulausa, ef rétt væri staðið að verki, þ. e. náð í bandið út fyrir borðstokkinn, annaðhvort fyrir aftan gálgann eða framan. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag, en taldi, að munað gæti 2–4 vindstigum á Stórhöfða og úti á sjó við nágrenni Vestmannaeyja. Hann mundi ekki heldur eftir, að sóknaraðili hefði tilkynnt sér um slysið, og því hefði ekkert verið fært um það í dagbók. Hann hefði ekki heyrt af þessum atburði fyrr en löngu síðar.

Baldvin Arnar Agnarsson, kt. 240963-5669, var 1. vélstjóri um borð. Hann var að vinna með sóknaraðila og var uppi í krana og sá, hvað gerðist. Hann taldi sóknaraðila ekki hafa getað staðið öðruvísi að verkinu en hann gerði. Gálginn hefði verið of breiður, til að unnt hefði verið að athafna sig fyrir framan hann. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag, en mundi, að einhver veltingur var, þó ekki óeðlilega mikill.

Þórður Karlsson, kt. 010844-2319, var háseti á Sjávarborg, GK-60, um níu ára skeið. Hann var ekki sjónarvottur að slysinu, en sagðist hafa heyrt af því stuttu síðar. Hann kvaðst hafa unnið þetta verk margoft. Engin hætta væri á ferðum, ef rétt væri að verki staðið. Vinnusvæðið í kringum gálgann hefði verið rýmra en gengur og gerist og með því besta, sem hann þekkti. Hefði auðveldlega verið unnt að athafna sig bæði fyrir framan og aftan gálgann. Stundum hefði það komið fyrir, að háfurinn og spottinn hefðu komið í flækju upp, og hefði hann þá látið það eiga sig, þangað til greiddist úr. Hann mundi, að sóknaraðili hefði fært spottann ofar, en skipstjóri látið breyta til fyrra horfs, þar sem nótin fór þá betur út. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag.

Óli Guðlaugur Lárentsen, kt. 290964-3779, var háseti í umræddum túr. Hann mundi, að þeir voru fyrir utan Dyrhólaey í leiðindaveðri, þegar slysið varð. Hann var þó ekki sjónarvottur. Hann mundi, að sóknaraðili færði spottann ofar á korkateininn og að því fyrirkomulagi var aftur breytt.

Einar Sveinbjörnsson, kt. 230365-3189, veðurfræðingur kom fyrir dóm. Fram hafa verið lögð veðurkort, sem unnin eru af honum. Þar hafa verið teiknaðar inn þrýstilínur miðað við veðurathuganir kl. 12.00 og kl. 15.00 28. febrúar 1992. Slysið gerðist eftir hádegi þann dag. Veðurfræðingur áætlaði vindstyrk út frá þessum tölum og taldi, að á svæðinu fyrir utan Vík í Mýrdal, allt að 30–40 mílur út, hefðu verið um 9–10 vindstig.

III.

Í örorkumati Júlíusar Valssonar 26. maí 1993 kemur fram, að sóknaraðili er 175,5 cm hár og 111,4 kg á þyngd. Hann hefði ekki treyst sér á sjóinn eftir slysið og hafið kennslu í sjávarútvegsdeild Verkmenntaskóla Akureyrar á Dalvík 1. september 1992. Hann þreytist í baki við langar stöður og setur og eigi erfitt með að beygja sig. Dagleg óþægindi séu verkjaleiðni niður í fætur og máttleysistilfinning á stundum. Mat læknirinn tímabundna örorku 100% í tíu vikur, 50% í þrjár vikur og 10% varanlega örorku.

Að beiðni varnaraðila voru dómkvaddir matsmennirnir Þorgeir Örlygsson prófessor og Magnús Ólafsson læknir til að meta læknisfræðilega örorku sóknaraðila og hvort hann hefði af völdum slyssins orðið fyrir skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, er leiddi til fjártjóns. Í matsgerðinni kemur fram, að sóknaraðili hafi þrisvar meitt sig á hægra hné og af þeim sökum verið metinn 25% öryrki. Í síðasta skiptið hefði hann dottið á dekki um borð í skipi sumarið 1989. Hann hefði þó getað stundað sjómennsku eftir það. Niðurstaða matsmanna var, að læknisfræðileg örorka væri 5% og fjárhagsleg einnig 5%. Læknisfræðileg örorka væri m. a. miðuð við, að ýtarlegar rannsóknir hefðu ekki leitt í ljós neina dýpri áverka á beinagrind eða brjóski. Örorka sóknaraðila væri því verkir, sem ekki væru mælanlegir. Þá bæri einnig að taka tillit til þess, að sóknaraðili hefði áður verið metinn 25% öryrki.

Sóknaraðili leitaði álits læknaráðs á þessu tvenna mati, og varð niðurstaða ráðsins, að örorkumat Júlíusar Valssonar var staðfest.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út tjón sóknaraðila 13. júlí 1994 og aftur 2. nóvember 1995 að teknu tilliti til launabreytinga. Í síðari útreikningi er miðað í fyrsta lagi við vinnutekjur sóknaraðila 1988, og reiknast þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi samtals 4.718.204 krónur. Í öðru lagi er miðað við vinnutekjur 2. stýrimanns á togara, og fæst þá niðurstaðan

6.442.821 króna. Í þriðja lagi miðar tryggingafræðingurinn við vinnutekjur 1. stýrimanns á togara, og reiknast þá tapaðar vinnutekjur á slysdegi 7.731.386 krónur.

IV.

Sóknaraðili reisir skaðabótakröfu sína á því, að tjón sitt megi rekja til ófullnægjandi vinnuaðstöðu um borð við þetta tiltekna verk. Verkið hafi verið unnið í samræmi við fyrirmæli skipstjóra, sem hafi verið verkstjóri um borð. Sóknaraðili hafi ekki haft sjálfdæmi um, hvernig þetta tiltekna verk hafi verið leyst af hendi. Hann hafi þurft að beygja sig út fyrir borðstokkinn, og hafi það valdið stórhættu. Hann hafi breytt fyrirkomulagi við starf þetta til samræmis við það, sem hann var vanur, en skipstjóri mælt svo fyrir, að breytt skyldi til fyrra horfs. Þá heldur sóknaraðili því fram, að það hafi verið vítavert gáleysi að senda sóknaraðila út á dekk í ofsaveðri og þungum sjó.

Sóknaraðili sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

Tímabundin örorka	kr.	601.413
Varanleg örorka	–	7.009.690
Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	456.666
	kr.	8.067.769
÷25% frádr. v/skattahagræðis	–	(–2.016.942)
	kr.	6.050.827
Miskabætur	kr.	300.000
Frá dregst:		
Greiðsla frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	kr.	(–382.784)
Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	–	(–271.690)
Samtals	kr.	5.696.353

Varnaraðili heldur því fram, að umrætt óhapp verði hvorki rakið til vanbúnaðar um borð í skipinu né til saknæmrar háttsemi skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna varnaraðila, heldur verði slysið umfram allt rakið til aðgæsluskorts sóknaraðila sjálfs við þann starfa, sem hann slasaðist við. Umrætt verk hafði verið unnið með venjubundnum hætti árum saman. Sóknaraðili hafi lagt sig í óþarfa hættu. Vegna menntunar sinnar og reynslu hafi hann verið hæfur til að meta hættuna. Þá er því mótmælt, að ofsaveður hafi verið umræddan dag. Ef sök verði talin að einhverju leyti sönnuð, mótmælir varnaraðili bótakröfunni á þeirri forsendu, að tjón sé ekki sannað. Ósannað sé einnig, að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Þá krefst varnaraðili frádráttar vegna skattfrelsis bóta og hag-

ræðis af eingreiðslu. Kröfum vegna tapaðra lífeyrisréttinda er mótmælt og miskabótakröfu. Þá beri einnig að taka tillit til greiddrar slysatryggingar og bóta frá Tryggingastofnun. Upphafstíma og forsendum dráttarvaxtarútreiknings er mótmælt.

V.

Skipstjóri Sjávarborgar, GK-60, heldur því fram, að sér hafi ekki verið tilkynnt um slysið og hann ekki frétt af því fyrr en allnokkrum dögum síðar. Þó að slysið hafi ekki verið skráð í skipsbók og engin sérstök rannsókn farið fram, hefur atvikið þó verið upplýst hjá lögreglu og fyrir dómi. Fram hefur komið, að skipið var selt úr landi, og fylgdi skipsbók með.

Verið var að hífa inn nótina. Við borðstokk var gálgi, sem vírinn fór um og í blökk fyrir aftan. Slíkir gálgar hallast venjulega aðeins út yfir borðstokk og eru til þess gerðir, að auðveldara sé að hífa vírinn inn fyrir, svo að hann liggi ekki utan í borðstokknum. Á enda nótarinnar var háfur, eins konar „fallhlíf", og var hlutverk hans að draga nótina betur út. Var „fallhlífarháfurinn" settur fyrst í sjóinn, og þegar skipið sigldi áfram, myndaði „fallhlífin" mótstöðu í sjónum á enda nótarinnar, svo að hún dróst betur út. Þegar slysið varð, var sóknaraðili að ná í spotta á háfnum og festa í krók á krana til þess að hífa háfinn inn. Ætlast var til, að þetta verk væri unnið til þess, að háfurinn flæktist síður. Engin brýn nauðsyn var þó á því, vegna þess að ef það var ekki gert, dróst háfurinn inn með nótinni. Fram kom fyrir dómi hjá einum háseta, sem vann í níu ár á skipinu og hafði margoft unnið þetta verk, að hann sætti oft lagi með að ná í spottann eftir því, hvernig á stóð. Engin ástæða var til að setja sig í hættu til að ná í spottann. Þá þykir einnig nægilega upplýst, að unnt var að athafna sig bæði fyrir framan og aftan gálgann. Það er því álit dómsins, að sóknaraðili hafi ekki sýnt nægilega varúð, er hann stóð við gálgann í veltingi, þegar við mátti búast, að nótin gæti slegist utan í síðuna. Sóknaraðili var vanur sjómaður og menntaður skipstjórnarmaður og mátti því gera sér grein fyrir, að hættulegt gæti verið að fara milli gálga og nótar miðað við, hvernig veður var og slæmt í sjó. Aðstæður og vinnulag við þetta verk var ekki frábrugðið því, sem almennt tíðkast við loðnuveiðar. Óhappið verður því ekki rakið til vanbúnaðar skips, handvammar skipverja eða annarrar áhættu, sem útgerðarmaður bar ábyrgð á.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að algengt sé og alkunna meðal sjómanna, að fyrir sunnan land geti skip notið einhvers skjóls af landi í norðan- og austanátt, eins og var, er slysið varð. Á þessum slóðum er vindhraði því oft minni en mælist á veðurathugunarstöðum í landi, sérstaklega Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Auk þess þykir vindhæð ekki skipta

máli í þessu sambandi, því að engin hætta var á ferðum, ef sóknaraðili hefði staðið rétt að verki.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfu sóknaraðila verður hafnað og afstaða skiptastjóra staðfest. Eftir þeirri niðurstöðu verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 250.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Skarphéðni Kristjánssyni og Viðari Þórðarsyni skipstjórum.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun skiptastjóra í þrotabúi Sjávarborgar hf. að hafna kröfu sóknaraðila, Björns Björnssonar, samkvæmt kröfu nr. 34 á kröfuskrá.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Sjávarborgar hf., 250.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 124/1994. **Þrotabú Kaupfélagsins Fram**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Austurlands
(Atli Gíslason hrl.)

Skuldabréfamál. Veðskuldabréf. Nauðasamningur. Gjaldþrotaskipti. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Kaupfélagið Fram skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1994 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að staðfest verði, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda falli undir nauðasamning áfrýjanda við lánardrottna sína, en samningurinn var staðfestur af skiptaráðandanum í Neskaupstað 30. október 1989. Jafnframt krefst áfrýjandi þess, að þrjár nánar tilteknar greiðslur komi til lækkunar kröfu stefnda, eftir að þær hafi sætt skerðingu samkvæmt nauðasamningi. Í þessu tilviki krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Til þrautavara gerir áfrýjandi kröfu, sem er sama efnis og varakrafa hans að öðru leyti en því, að ekki er krafist frádráttar vegna einnar nánar tilgreindrar greiðslu. Til ýtrustu vara er þess krafist, að kröfur stefnda verði lækkaðar að mati Hæstaréttar svo og, að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétti krafðist stefndi upphaflega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning lækkaði hann hins vegar kröfu sína um 5.627.433 krónur. Er hér um að ræða greiðslu, er Samband íslenskra samvinnufélaga, sem er samskuldari áfrýjanda, innti af hendi 16. desember 1994 til stefnda upp í skuld þá, sem deilt er um í málinu.

Samkvæmt stefnu í héraði dró stefndi frá höfuðstól kröfu sinnar 3.132.162 krónur, sem hann fékk greiddar frá öðrum en áfrýjanda, þ. e. af uppboðsandvirði fasteignar þeirrar, sem var að veði fyrir hinni umdeildu skuld.

I.

Fyrir Hæstarétt voru lögð gögn þess efnis, að bú kaupfélagsins Fram var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. júlí 1995. Breytist aðild málsins í samræmi við það samkvæmt 3. mgr. 22. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Kröfu áfrýjanda um, að staðfest verði, að dómkröfur stefnda á hendur áfrýjanda falli undir fyrrnefndan nauðasamning frá 30. október 1989, verður að skilja svo, að kröfur stefndu beri að lækka hlutfallslega í samræmi við ákvæði nauðasamningsins. Hefur áfrýjandi í greinargerð í héraði skýrt nánar tölulega, hvað í kröfu hans felst.

II.

Málatilbúnaður stefnda miðast einvörðungu við það, að nauðasamningurinn eigi ekki að hafa áhrif á kröfu hans í þessu máli. Miðar hann ekki við þá málsástæðu, að nauðasamningurinn sé fallinn úr gildi, t. d. vegna ákvæðis 2. mgr. 62. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., heldur, að varnir áfrýjanda á grundvelli nauðasamningsins fái ekki komist að í málinu, vegna þess að það sé rekið sem skuldabréfamál eftir reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Á það verður ekki fallist. Skrifleg gögn um nauðasamninginn liggja fyrir, og er áfrýjanda heimilt að koma þessari vörn að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Stefndi hefur viðurkennt, að fyrrnefndar innborganir, að fjárhæð 3.132.162 og 5.627.433 krónur, skuli draga frá kröfu hans, þótt niðurstaða yrði sú, að varnir áfrýjanda, reistar á nauðasamningi, kæmust að í málinu og hann yrði talinn binda stefnda samkvæmt 1. mgr. 46. gr., sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga, sbr. og 2. mgr. 43. gr. sömu laga. Hins vegar hefur hann ekki gert grein fyrir því, á hvern hátt greiðslur þessar skuli draga frá kröfunni í því tilviki.

Af framangreindum ástæðum þykir ekki unnt að leggja efnisdóm á málið. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 92/1995. **Arnór G. Jósefsson**
Ólafur G. Jósefsson
Reynir Jósefsson
Sigursteinn Jósefsson
Bjarni Þorvarðarson
Gunnar Þorvarðarson og
Sigurður Þorvarðarson
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Bjarna Bærings Bjarnasyni og
Önnu M. Sigurðardóttur
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
og gagnsök

Eignarréttur. Samaðild. Ítak. Vanlýsing. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1995. Þeir krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1995. Þau krefjast staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað, sem þau krefjast úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir héraðsdómi stefndu gagnáfrýjendur Kjalarneshreppi til réttargæslu í málinu. Lét hreppurinn málið ekki til sín taka fyrir héraðsdómi, og hefur honum ekki verið stefnt fyrir Hæstarétti

I.

Fyrir héraðsdómi gerðu aðaláfrýjendur kröfu um frávísun málsins, og var henni hafnað með úrskurði 20. september 1994. Sömu kröfu gera þeir nú að aðalkröfu sinni fyrir Hæstarétti, svo sem áður

greinir. Kröfuna reisa aðaláfrýjendur í fyrsta lagi á því, að fleiri en aðilar þessa máls eigi óskipt réttindi og beri óskiptar skyldur varðandi þau beitarréttindi í Blikdal á Kjalarnesi, sem ágreiningur stendur hér um. Í því sambandi benda aðaláfrýjendur á, að gagnáfrýjandinn Bjarni Bærings Bjarnason sé aðeins annar tveggja eigenda að jörðinni Dalsmynni, auk þess sem eigendur fleiri jarða en Ártúns og Hjarðarness, sem eru í eigu aðaláfrýjenda, eigi beitarréttindi í Blikdal. Telja aðaláfrýjendur þetta eiga að leiða til frávísunar málsins samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í öðru lagi bera aðaláfrýjendur því við, að gagnáfrýjendur hafi ekki farið hér rétta leið til málsóknar um kröfur sínar. Hefðu þau með réttu átt að leita úrræða samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978 til að fá réttindi aðaláfrýjenda afmáð, en að því frágengnu að sækja málið sem eignardómsmál samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 91/1991. Þá halda aðaláfrýjendur því í þriðja lagi fram, að kröfur gagnáfrýjenda séu ekki nægilega skýrar og brjóti því gegn 80. gr. laga nr. 91/1991.

Um fyrstu röksemd aðaláfrýjenda fyrir frávísun málsins er þess að gæta, að með afsali 7. ágúst 1981 var seld spilda úr landi Dalsmynnis, 8 hektarar að stærð. Eftir hljóðan afsalsins fylgja landspildunni engin réttindi, bein eða óbein, yfir jörðinni að öðru leyti, ef frá er talinn réttur til umferðar að spildunni. Beitarréttindin, sem ágreiningur málsaðila stendur um, varða ekki, svo að séð verði, þessa landspildu á annan hátt. Að öðru leyti en þessu verður ráðið af gögnum málsins, að gagnáfrýjendur séu einir eigendur að jörðunum Dalsmynni og Saurbæ, en málsókn sína byggja þau á því, að land í Blikdal, norðan Blikdalsár, sé eignarland innan marka þessara jarða. Eru samkvæmt þessu engir annmarkar á sóknaraðild málsins í héraði, sem varðað geta við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þinglýsingarvottorðum, sem liggja fyrir í málinu, eru aðaláfrýjendurnir Arnór, Ólafur, Reynir og Sigursteinn Jósefssynir eigendur jarðarinnar Hjarðarness, en aðaláfrýjendurnir Bjarni, Gunnar og Sigurður Þorvarðarsynir eigendur Ártúns. Fyrir Hæstarétti krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms, þar sem fallist er á kröfu þeirra um viðurkenningu á því, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Kröfur gagnáfrýjenda beinast því ekki að öðrum en aðaláfrýjendum, og

varða þær eingöngu jarðir þeirra. Réttindi til beitarítaks, sem gagnáfrýjendur viðurkenna, að eigendur Hjarðarness og Ártúns hafi áður fyrr notið í Blikdal, en telja, að séu nú niður fallin, eru ekki óskipt í þeim skilningi, að þau gætu ekki staðið sjálfstætt, hvað varðar eigendur annarrar jarðarinnar, og fallið brott gagnvart eigendum hinnar. Myndi hið sama eiga við, þótt eigendur annarra jarða ættu einnig sams konar réttindi til beitar í Blikdal og aðaláfrýjendur telja sig njóta, svo sem þeir síðarnefndu halda fram. Er því málatilbúnaður gagnáfrýjenda ekki andstæður 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, þótt þeir hafi ekki stefnt öðrum en aðaláfrýjendum til að svara til sakar í málinu.

Með málsókn þessari leitast gagnáfrýjendur við að fá leyst til fullnaðar úr því, hvort jörðum í eigu aðaláfrýjenda fylgi beitarréttur á landsvæði, sem hin fyrrnefndu telja til beins eignarréttar yfir. Með þeim úrræðum, sem um getur í lögum nr. 39/1978, ættu gagnáfrýjendur ekki kost á að fá leyst úr öðru en því, hvort tiltekin réttindi málsaðila í þessum efnum skuli njóta réttarverndar með þinglýsingu. Hindra slík úrræði ekki, að gagnáfrýjendur höfði einkamál eftir almennum reglum til að fá endanlega og efnislega úrlausn um ágreining sinn við aðaláfrýjendur. Þá verður ekki fallist á það með aðaláfrýjendum, að gagnáfrýjendum hefði verið rétt, áður en mál þetta var höfðað, að leita eignardóms samkvæmt 122. gr. laga nr. 91/1991 um land í Blikdal norðan Blikdalsár. Er þá til þess að líta, að gagnáfrýjendur halda því sjálf fram, að þau hafi fullnægjandi skilríki fyrir eignarrétti sínum yfir því landi, en þegar af þeirri ástæðu myndi bresta skilyrði fyrir því, að þau höfði slíkt eignardómsmál, sbr. fyrri málslið 1. mgr. síðastnefndu lagagreinar. Samkvæmt þessu verður málinu ekki vísað frá dómi á þeim grunni, að kröfur gagnáfrýjenda séu ekki réttilega sóttar í einkamáli, sem fer eftir almennum reglum.

Fyrir Hæstarétti er, sem áður segir, til úrlausnar krafa gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Um afmörkun á þessum eignarhluta vísa gagnáfrýjendur til fram lagðra landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922, en um merki samkvæmt þeim deila málsaðilar ekki sérstaklega. Fullnægir því kröfugerð gagnáfrýjenda skilyrðum sam-

kvæmt 80. gr. laga nr. 91/1991, og verður ekki fallist á, að efni séu til að vísa málinu frá dómi af þeim sökum.

Samkvæmt framangreindu verður hafnað kröfu aðaláfrýjenda um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi.

II.

Í markalýsingu frá maí 1890 er merkjum jarðarinnar Saurbæjar á Kjalarnesi að norðanverðu, gegnt landi jarðarinnar Mela, lýst með vísan til kennileita frá sjó að háfjallsbrún á Melahnúk „og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn". Frá dalbotninum er Ártúnsá sögð ráða merkjum í sjó niður, og eru það suðurmörk jarðarinnar. Í landamerkjabréfi fyrir Saurbæ frá 8. maí 1922 er norðurmörkum jarðarinnar gegnt landi Mela lýst með vísan til kennileita, sem eru ekki að öllu leyti hin sömu og í markalýsingunni frá 1890, að „Strítu á fjallsbrún". Frá þeim stað eru mörkin hins vegar sögð vera „þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður". Í þessum gögnum er heitið Bleikdalur notað um Blikdal, sem svo er nefndur hér að framan, en Ártúnsá eða Bleikdalsá mun vera hin sama og Bliká eða Blikdalsá.

Í framangreindum heimildarbréfum er landi Saurbæjar lýst þannig, að það markist að sunnanverðu af Bliká allt að botni Blikdals, en að norðan af vatnaskilum til fjalla, sem liggja milli þess dals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar. Eftir þessari lýsingu verður að telja sýnt af fyrirliggjandi uppdráttum af landsvæðinu, sem hér um ræðir, að Blikdalur norðan Blikdalsár hafi fallið innan merkja Saurbæjar og talist þannig hluti þeirrar jarðar.

III.

Í kjölfar framangreindrar lýsingar á ytri mörkum Saurbæjar í markalýsingunni frá 1890 segir eftirfarandi: „Innan þessara marka er land kirkjujarðanna: 1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarnessk. út að jarðfallinu við Selvík beina stefnu í vörðu á Skarðhólnum. 2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Ártúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en að norðan(verðu) eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein lína í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit, en slægjur þannig: að Hjarðarnesin (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.“ Í landamerkjabréfinu frá 1922 segir nánast orðrétt hið sama og hér var greint. Undir bæði þessi heimildarbréf ritar Eyjólfur Runólfsson. Er tekið fram við nafnritun hans í yngra bréfinu, að hann sé „eigandi ofannefndra jarða“.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti skýrðu aðaláfrýjendur framangreind merki Hjarðarness og Ártúns innan ytri marka Saurbæjar á þann hátt, að hvorugri fyrrnefndu jarðanna fylgdi land lengra í austur en að mynni Blikdals. Í merkjabréfunum er á hinn bóginn hvergi nefnt, að slík skil séu á landi Saurbæjar að austanverðu við mynni dalsins.

Í landskiptagerð frá 13. september 1930 var landi Saurbæjar skipt milli þáverandi ábúenda jarðarinnar, Axels og Ólafs Eyjólfssona. Segir þar, að úttektarmenn í Kjalarneshreppi hafi framkvæmt tilgreind landskipti á túni, engjum og útlandi Saurbæjar upp að þjóðvegi, en að öðru leyti hafi hvor jarðarhluti jafnan rétt á öllu öðru útlandi jarðarinnar „með þeim hluta Bleikdals, er henni fylgir eftir ítölu“. Með afsali og kaupsamningi frá 4. maí 1936 ráðstafaði síðan Axel Eyjólfsson jörðinni, sem kom í hans hlut við landskiptin og hafði þá fengið heitið Dalsmynni. Segir í skjali þessu, að ráðstafað sé þar eignarrétti að eignarjörðinni Dalsmynni „ásamt Bleikdal (norðurdalurinn), sem að er óskift eign jarðanna Saurbæs og Dalsmynni í Kjalarneshreppi“. Er einnig tekið þar fram, að landamerkjum jarðarinnar sé þinglýst, og séu þau ágreiningslaus.

Að framan er rakið efni landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922, sem hefur ekki verið hnekkt með skírskotun til eldri heimilda. Verður ekki fundin stoð fyrir öðru en allt land norðan Blikdalsár í Blikdal hafi heyrt til Saurbæjar, en verið háð rétti til beitar og slægna handa jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni. Með landskiptagerðinni 1930 var þetta land í Blikdal gert að óskiptri sameign, sem fylgdi jörðunum Saurbæ og Dalsmynni, svo sem er áréttað í framangreindu orðalagi kaupsamnings og afsals fyrir Dalsmynni frá 1936. Samkvæmt gögnum málsins hefur annarri skipan en þessari ekki verið komið á með yngri heimildarbréfum. Verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins, að Blikdalur norðan Blikdalsár sé

eignarland í óskiptri sameign gagnáfrýjenda og hluti af jörðum þeirra, Saurbæ og Dalsmynni.

IV.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki séð, að réttindi aðaláfrýjenda yfir landi í Blikdal norðan Blikdalsár geti verið önnur eða meiri en réttindi þar til beitar og slægna, enda nýtur ekki við heimilda fyrir víðtækari réttindum þeim til handa en leiðir af fyrrgreindum landamerkjabréfum fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922. Aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að réttindum þessum, sem eru einkaréttarlegs eðlis, hafi fyrr eða síðar fylgt vörslur landsins í Blikdal umfram það, sem leiddi af rétti til beitar og slægna. Verður því fallist á það með gagnáfrýjendum, að réttindin, sem aðaláfrýjendur telja sig njóta, séu ítaksréttindi í þeim skilningi, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Er jafnframt fullnægt skilyrðum 2. og 3. gr. laga nr. 113/1952 fyrir því, að öðrum ákvæðum laganna verði beitt um réttindi aðaláfrýjenda, svo sem gagnáfrýjendur krefjast.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1952 skyldu héraðsdómarar á næstu sex mánuðum eftir gildistöku laganna fá birta þrívegis í Lögbirtingablaði áskorun til þeirra, sem teldu sig eiga ítök í jörðum í viðkomandi umdæmi, um að lýsa réttindum sínum innan tólf mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Samkvæmt 11. gr. laganna skyldu þau þegar öðlast gildi, en þau birtust í Stjórnartíðindum 29. desember 1952. Áskorun þessa efnis frá sýslumanninum í Kjósarsýslu birtist í Lögbirtingablaði 18. og 25. júní og 4. júlí 1953. Verður ekki fallist á það með aðaláfrýjendum, að áskorunin hafi verið háð annmarka, svo að áhrif hafi á gildi hennar, þótt síðasta birting hennar hafi ekki náðst innan þess sex mánaða frests, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 113/1952. Þá verður ekki heldur samsinnt því áliti aðaláfrýjenda, að sýslumanni hafi borið að taka berum orðum fram í áskoruninni, að vanlýsing ítaksréttinda leiddi til brottfalls þeirra, enda ekki áskilið í lögunum, að slíks yrði að geta í henni. Verður því litið svo á, að umrædd áskorun hafi fullnægt kröfum samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1952.

Aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að eigendur Hjarðarness og Ártúns hafi lýst ítaksréttindum vegna jarða sinna í landi Saur-

bæjar og Dalsmynnis fyrir sýslumanninum í Kjósarsýslu innan þess árs, sem þeir nutu frests í því skyni frá 4. júlí 1953 að telja, en eðli málsins samkvæmt getur sönnunarbyrði í þeim efnum ekki hvílt á öðrum en aðaláfrýjendum. Ekki verður fallist á þá röksemd aðaláfrýjenda, að hvað sem öðru líði, hafi eiganda Ártúns verið óþarft að lýsa ítaksréttindum fyrir sitt leyti sökum þess, að sami maður hafi á þessum tíma átt þá jörð og Saurbæ. Er þá til þess að líta, að slík undantekning, sem á sér ekki stoð í ákvæðum laga nr. 113/1952, hefði verið andstæð því, að með lögunum tækist að koma á skýrri skipan ítaksréttinda. Hefði eiganda jarðanna jafnframt verið í lófa lagið að lýsa annaðhvort ítaksréttindum annarrar þeirra gagnvart hinni eða stofna til réttindanna að nýju við sölu annarrar jarðarinnar eða beggja, ef hann hefði talið efni til að láta réttindin haldast.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952 skyldi ítak falla úr gildi, ef því væri ekki lýst innan þess frests, sem greindi í 4. gr. laganna. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að ítaksréttindi jarðanna Hjarðarness og Ártúns í Blikdal norðan Blikdalsár hafi vegna vanlýsingar fallið niður við lok frests til að lýsa þeim, þ. e. 4. júlí 1954. Stangast sú niðurstaða ekki á við þágildandi 67. gr. stjórnarskrárinnar, nú 72. gr. hennar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, svo sem aðaláfrýjendur bera fyrir sig.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að ítaksréttindin, sem fylgdu jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni, hafi ekki liðið undir lok vegna þess, að ekki hafi verið gætt ákvæða síðari málsliðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952 um að afmá þau úr þinglýsingabók. Um þetta er þess að gæta, að svo sem áður greinir, skyldi vanlýsing ítaksréttinda leiða þegar í stað til brottfalls þeirra. Skilja verður síðastgreint lagaákvæði svo, að með því hafi verið ætlast til, að sýslumaður gerði í kjölfarið að eigin frumkvæði breytingar á þinglýstum heimildum því til samræmis. Ekki eru efni til að líta svo á, að vangæsla sýslumanns um að hlíta umræddu lagaboði hafi ein út af fyrir sig getað stofnað til nýrra efnislegra réttinda handa eigendum Hjarðarness og Ártúns. Verður því ekki fallist á þessa röksemd aðaláfrýjenda.

V.

Í október 1956 ráðstafaði Ólafur Eyjólfsson jörðinni Ártúni með afsali til manna, sem aðaláfrýjendurnir Bjarni, Gunnar og Sigurður Þorvarðarsynir leiða rétt sinn frá, en ekki verður annað ráðið af

gögnum málsins en Ólafur hafi áður átt jörðina samfleytt að minnsta kosti frá 4. júlí 1954. Segir í afsalinu, að jörðin sé seld með öllum gögnum og gæðum, en um „landamerki jarðarinnar vísast til landamerkjabréfs fyrir Saurbæ á Kjalarnesi, dags. 8. maí 1922, sem innfært er í Landamerkjabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu". Aðaláfrýjendur telja, að með þessum efnisatriðum í afsalinu hafi Ólafur, sem hafi þá einnig átt Saurbæ, áréttað tilvist ítaksréttinda handa jörðinni Ártúni í eignarhluta Saurbæjar í Blikdal, eftir að þau réttindi hefðu annars verið fallin niður vegna ákvæða laga nr. 113/1952.

Ekki verður lagður rýmri skilningur í skírskotun afsalsins til landamerkjabréfsins frá 1922 en svo, að hún varði eingöngu sjálf landamerkin, eins og segir þar beinlínis. Verður í þessum efnum einnig að líta til þess, að í kjölfar þeirrar stefnu, sem löggjafinn markaði með setningu laga nr. 113/1952, hefði verið nauðsynlegt að taka ótvírætt fram í afsalinu, að umrædd skírskotun hefði einnig átt að taka til ákvæða um ítaksréttindi í landamerkjabréfinu, ef ætlun samningsaðila var að stofna til þeirra að nýju. Er aðaláfrýjendum því ekki hald í þessari málsástæðu.

Eins og áður greinir, verður lagt til grundvallar, að ítaksréttindi, sem fylgdu jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni í Blikdal norðan Blikdalsár, hafi fallið niður við lok frests til að lýsa þeim, sem rann út 4. júlí 1954. Hagnýting eigenda jarðanna á landi í dalnum til beitar eftir þann dag, þótt óslitin væri, getur ekki nægt þeim til hefðar, enda voru ekki liðin 40 ár, þegar mál þetta var höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu á tímabilinu 13. til 19. apríl 1994, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, sem á samkvæmt hljóðan sinni við um slægju- og beitarítök.

Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Stendur jafnframt óraskað ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun á hluta krafna gagnáfrýjenda í héraði, enda hafa þau ekki leitað endurskoðunar á héraðsdóminum að þessu leyti með gagnáfrýjun sinni. Aðaláfrýjendur verða hins vegar dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjendur, Arnór G. Jósefsson, Ólafur G. Jósefsson, Reynir Jósefsson, Sigursteinn Jósefsson, Bjarni Þorvarðarson, Gunnar Þorvarðarson og Sigurður Þorvarðarson, greiði sameiginlega hvorum gagnáfrýjanda um sig, Bjarna Bærings Bjarnasyni og Önnu M. Sigurðardóttur, 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Einari G. Steingrímssyni hdl. f. h. Bjarna Bærings Bjarnasonar, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ, og Önnu M. Sigurðardóttur, kt. 080734-2209, Hraunbæ 94, Reykjavík, á hendur Arnóri G. Jósefssyni, kt. 051144-3179, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Ólafi G. Jósefssyni, 050750-3029, Rauðási 15, Reykjavík, Reyni Jósefssyni, kt. 070348-3069, Dúfnahólum 4, Reykjavík, Sigursteini Jósefssyni, kt. 110446-7219, Fögrubrekku 33, Kópavogi, Bjarna Þorvarðarsyni, kt. 301123-5079, Bakka, Kjalarnesi, Gunnari Þorvarðarsyni, kt. 060316-5979, Bakka, Kjalarnesi, Sigurði Þorvarðarsyni, kt. 131021-3649, Bakka, Kjalarnesi, og Jóni Ólafssyni, kt. 260432-2819, Brautarholti II, Kjalarnesi, oddvita Kjalarneshrepps, f. h. Kjalarneshrepps, kt. 690169-1779, Fólkvangi, Kjalarnesi, með stefnu 13., 14., 15. og 19. apríl sl.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu Arnór, Ólafur, Reynir, Sigursteinn, Bjarni, Gunnar og Sigurður eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi og að þeim sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár, þinglýstu landi stefnenda í óskiptri sameign þeirra. Á hendur stefnda Kjalarneshreppi voru ekki gerðar dómkröfur, en skorað var á fyrirsvarsmenn hreppsins að veita stefnendum styrk í málinu. – Krafist er málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, en til vara að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu Arnórs, Ólafs, Reynis og Sigursteins Jósefssona og Bjarna, Gunnars og Sigurðar Þorvarðarsona eru, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu Kjalarneshrepps hefur þingsókn fallið niður og engar kröfur verið gerðar í þessu máli.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Þar sem Blikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi rennur ofanvert, heitir Blikdalur eða Bleikdalur. Stefnendur í máli þessu, eigendur jarðanna Saurbæjar og Dalsmynnis, telja til óskiptrar sameignar sinnar Blikdal norðan Blikdalsár, en Kjalarneshreppur eigi suðurhluta dalsins.

Stefnandi Bjarni Bærings Bjarnason eignaðist jörð sína skv. uppboðsafsali sýslumannsins í Reykjavík 15. desember 1992, þ. e.: „. . . Dalsmynni, Kjalarneshreppi [...], með öllum sama rétti og fyrri eigendur áttu". Sumarið 1993 kveðst hann hafa orðið fyrir ágangi óviðkomandi hrossa á Blikdal. Hafi hann ekki viljað una þessu og gripið m. a. til þess úrræðis að mælast til þess við forsvarsmenn Kjalarneshrepps, að framfylgt yrði auglýstu banni við lausagöngu hrossa, án þess að orðið yrði við því.

Var þá gripið til þess ráðs, að lögmaður Bjarna ritaði gagnaðilum bréf 16. júlí og 3. ágúst 1993, en þar segir: „Mér hefur falið . . . að krefjast þess, að þér beitið ekki búfénaði á Blikdalinn, enda er yður það með öllu óheimilt. Að því er varðar gildi samningsins frá 3. júní 1890 (sic), sem þinglýst var 16. janúar 1922, skal á það bent, að samkvæmt lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka á jörðum bar að lýsa í öllum ítaksrétti innan 12 mánaða frá birtingu áskorunar þar um. Áskoranir þessar munu að líkindum hafa verið sendar fyrri part árs 1953 og ítaksréttindin því fallin niður árið 1954, en skv. 2. mgr. 5. gr. laganna fellur ítak niður, sem ekki er lýst samkvæmt framansögðu. Til ítaksréttinda hefur ekki stofnast fyrir hefð þegar af þeirri ástæðu, að ekki eru liðin 40 ár, frá því að ítaksréttindin féllu niður, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905. Með vísan til þessa er öll beit búfjár á yðar vegum óheimil í Blikdal, og verður leitað viðurkenningar á rétti umbjóðanda míns fyrir dómstólum, ef með þarf."

Með bréfi 21. september 1993 höfnuðu stefndu Arnór, Ólafur, Reynir og Sigursteinn Jósefssynir kröfum og málsástæðum stefnanda Bjarna Bærings, þar sem þeir ættu „þinglýstan beitarrétt í Blikdal, sbr. hjál. ljósrit landamerkjabréfs", og mætti því ljóst vera, að umrætt ítak hefði ekki glatast fyrir vanlýsingu, þar eð það hefði ekki verið afmáð úr þinglýsingabókum og beitarréttur nýttur óátalið af fyrri eigendum Dalsmynnis, bæði fyrr og eins eftir að lög nr. 113/1952 voru sett fyrir rúmum 40 árum.

II.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur rökstyðja mál sitt því, að stefndu eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi, þar eð hugsanlegur ítaksréttur eigenda jarðanna Hjarðarness og Ártúns hafi fallið niður fyrir vanlýsingu skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952. Þá séu og ekki full 40 ár liðin, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905, frá lokum áskorunarfrests skv. 4. gr. laga nr. 113/1952, þar til málsókn þessi hófst, svo að um rétt fyrir óslitið hefðarhald til handa stefndu sé ekki heldur að ræða, enda hafi og hefð fyrir beit lausagöngu hrossa á annars manns landi ekki getað unnist eftir auglýst bann stjórnvalda 13. júní 1988, sbr. dskj. nr. 10.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu halda því fram, að beitar- og slægjuréttindi í Blikdal á Kjalarnesi hafi fylgt jörðunum Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti, Saurbæ, Ártúni og Dalsmynni og jafnvel fleiri jörðum öldum saman, og hafi stefndu sem eigendur Hjarðarness og Ártúns nýtt Blikdal til beitar, eins og fyrri eigendur jarðanna hafi gert. Jafnframt er staðhæft, að stefnendur hafi ekki sýnt fram á beinan eignarrétt sinn að Blikdal gegn mótmælum stefndu, enda eigi stefnendur raunar aðeins afnotarétt, óskipta beit og slægjur í Blikdal með stefndu og fleiri aðilum. Þá er því haldið fram, að ákv. laga nr. 113/1952 hafi í raun aldrei verið beitt gagnvart umdeildum ítaksrétti stefndu, sem lýsi sér í því, að þessi eignarréttindi hafi ekki verið afmáð úr þinglýsingabókum, landamerkjabókum eða merkjaskrám, sbr. 2. ml. 2. mgr. 5. gr. sömu laga, en getið sé um þessi réttindi í landamerkjabókum. Þá er fullyrt, að ekki verði hróflað við viðurkenndum eignarréttindum með þeim hætti, sem lögin um lausn ítaka af jörðum geri ráð fyrir, án þess að bætur komi fyrir skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að lokum reisa stefndu sýknukröfu sína *til vara* á því, að þeir hafi öðlast beitarrétt fyrir búfénað sinn í Blikdal með óslitnu hefðarhaldi í meira en 40 ár, en ekki sé deilt um, að hestar og kindur frá Hjarðarnesi hafi gengið á Blikdal alla tíð; nýr hefðartími hafi hafist eftir setningu laga nr. 113/1952, og markist upphaf hans við gildistöku laganna í ársbyrjun 1953. – Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins staðhæfði Anna Margrét Sigurðardóttir, önnur stefnenda, sem búsett var að Saurbæ frá barnsaldri til fullorðinsára, að norðurhluti Blikdals hefði alla tíð verið óumdeilt eignarland eigenda Saurbæjar og síðan sameiginlega Saurbæjar og Dalsmynnis. Aðilaskýrslur af

hálfu stefndu gáfu þeir Bjarni Þorvarðarson og Sigursteinn Jósefsson. Báðir báru þeir, að þeir hefðu aldrei efast um eignarrétt eigenda Saurbæjar að hálfum Blikdal, enda þótt jarðeigendur Hjarðarness og Ártúns ættu þar ítaksréttindi. Orð þeirra verður að skilja sem viðurkenningu stefndu á *beinum* eignarrétti stefnenda á umdeildu landsvæði, sbr. 4. tl. 18. gr. laga nr. 91/1991, enda í samræmi við staðhæfingu Önnu Margrétar að þessu leyti, sem þeir höfðu áður hlýtt á.

Stefnendur krefjast þess m. a., að dæmt verði, að stefndu sé óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár. Anna Margrét Sigurðardóttir vottaði, að hestar og kindur frá Hjarðarnesi hefðu gengið á Blikdal alla tíð. Suðurhluti dalsins, þar sem áin skiptir honum, er eign Kjalarneshrepps og nýttur af hreppsbúum sem upprekstrarland. Norðurhluti dalsins er ekki afgirtur, svo að búpeningur hlýtur að ganga óhindraður á milli. Í 12. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o. fl. segir, að séu beitilönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau, eftir því sem við geti átt. Óumdeilt er, að landsvæðið Blikdalur (Bleikdalur) hefur verið háð fjallskilaframkvæmd, en ekki verður séð, að ágreiningi aðila hafi verið vísað til sýslumanns skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 6/1986. Vísa verður því kröfu stefnenda að þessu leyti frá dómi ex officio.

Í lögum um lausn ítaka af jörðum nr. 113 frá 29. desember 1952, er fengu þegar gildi, segir í 4. gr., að næstu sex mánuði, eftir að lögin taki gildi, skuli héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telji sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar, en í lýsingunni til héraðsdómara skuli greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og, eftir því sem unnt sé, hversu það í fyrstu sé til komið. Þá segir í 2. mgr. 5. gr. laganna, að sé ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, falli það úr gildi, en hafi því áður verið þinglýst, skuli afmá það úr veðmálabókum. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu birti áskorun í þessa veru í Lögbirtingablaði 18. júní, 25. júní og 4. júlí 1953. Samkvæmt því rann frestur til að lýsa ítaksrétti út 4. júlí 1954.

Stefndu telja, að ákvæði laga nr. 113/1952 um brottfall ítaksréttinda án bóta samrýmist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er fallist á þetta sjónarmið, þar sem lögin segja einnig, að með lýsingu ítaks megi því við halda, en réttarreglur um brottfall réttinda án bóta, ef þeim er ekki beitt eða haldið fram, hafa lengi gilt, s. s. reglur um fyrningu, hefð, vanlýsingu og traustfang.

Málflytjandi stefndu lét að því liggja við aðalmeðferð málsins, að þar sem skráning um rétt jarðanna Hjarðarness og Ártúns til að beita búfé og heyja

á Blikdal í landi stefnenda hafi ekki verið afmáð úr veðmálabókum, þ. e. ekki strikað yfir viðkomandi skráningu í landamerkjabókum, beri það vitni um, að ítaksrétti hafi verið lýst á sínum tíma, a. m. k. beri stefnendum að sanna, að svo hafi ekki verið. Ekki var þó stuðst við þessa málsástæðu í greinargerð stefndu, og nærtækara var fyrir stefndu að afla gagna um lýsingu ítaksréttar síns, ef slíkum gögnum var til að dreifa, heldur en stefnendum. En eins og málið liggur nú fyrir, bendir ekkert til þess, að ítaki hafi verið lýst eins og lög stóðu til. Og þó að sýslumaður léti það ógert að afmá úr veðmálabókum skráningu um rétt jarðanna Hjarðarness og Ártúns í landi stefnenda, leiðir það ekki til þess, að vanlýsing réttarins hafi ekki sín lögboðnu áhrif. Hitt er svo annað mál, hvort stefndu hafa unnið rétt fyrir traustfang eða hefð, og verður nú vikið að því.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 46/1905 getur hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., aðeins unnist með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð. Ekki verður fallist á, að um skilyrði til að vinna sjálfstæðan beitarrétt fyrir búfénað í úthögum annarra fyrir hefð hafi verið um að ræða, frá því að lög nr. 42/1969 um afréttamálefni, fjallskil o. fl. gengu í gildi 1. júlí 1969, þar sem mælt er fyrir um opinbera stjórn á fjallskilamálum, þ. m. t. heimild fyrir sýslunefndir til að setja reglur, er kveði á um réttindi manna og skyldur, að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda o. fl. Með sömu rökum er hafnað, að stefndu hafi unnið rétt fyrir traustfang.

Samkvæmt framangreindu er fallist á kröfu stefnenda, að viðurkennt verði, að stefndu Arnór, Ólafur, Reynir, Sigursteinn, Bjarni, Gunnar og Sigurður eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi. Á hinn bóginn er vísað frá kröfu stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár, „þinglýstu landi stefnenda í óskiptri sameign þeirra".

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri sjálfir hver um sig málskostnað sinn.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefndu, Arnór G. Jósefsson, kt. 051144-3179, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Ólafur G. Jósefsson, kt. 050750-3029, Rauðási 15, Reykjavík, Reynir Jósefsson, kt. 070348-3069, Dúfnahólum 4, Reykjavík, Sigursteinn Jósefsson, kt. 110446-7219, Fögrubrekku 33, Kópavogi, Bjarni Þorvarðarson, kt. 301123-5079, Bakka, Kjalarnesi, Gunnar Þorvarðarson, kt. 060316-5979, Bakka, Kjalarnesi, og

Sigurður Þorvarðarson, kt. 131021-3649, Bakka, Kjalarnesi, eiga engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda, Bjarna Bærings Bjarnasonar, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ, og Önnu M. Sigurðardóttur, kt. 080734-2209, Hraunbæ 94, Reykjavík, í Blikdal á Kjalarnesi.

Kröfu stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár er vísað frá.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 311/1994. **Angela Ragnarsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Helga Kr. Pálssyni
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1994. Hún krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 430.775 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi lægri fjárhæðar úr hendi stefnda með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti 2. desember 1992 af stefnda bifreiðina MC 419 af gerðinni Honda Accord, árgerð 1986, og staðgreiddi kaupverðið, 570.000 krónur. Í afsali fyrir bifreiðinni er tekið fram, að hún hafi verið ekin 84.000 kílómetra. Veruleg bilun kom fram í drifkerfi bifreiðarinnar nokkru eftir kaupin, og telur áfrýjandi bilunina stafa af galla, sem stefndi beri ábyrgð á. Í málinu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu á 114.775 krónum vegna kostnaðar af viðgerð bilunarinnar auk 216.000 króna vegna afnotamissis af bifreiðinni í 240 daga. Þá kveður áfrýjandi það hafa komið fram í tengslum við athugun á umræddri bilun, að bifreiðinni hafi í raun verið ekið meira en ökumælir hennar sýndi við kaupin. Komið hafi í ljós, að meðan bifreiðin var í eigu þess, sem stefndi keypti hana af 27. ágúst 1992, hafi ökumælirinn sýnt, að henni hefði verið ekið um 135.000 kílómetra. Krefst áfrýjandi greiðslu á 100.000 krónum vegna verðrýrn-

unar bifreiðarinnar af þessum sökum. Styðjast kröfur áfrýjanda vegna afnotamissis og verðrýrnunar við mat dómkvadds matsmanns frá 5. ágúst 1993, en krafa vegna viðgerðarkostnaðar er studd við fram lagða reikninga, sem nema lægri fjárhæð en matsmaður hafði komist að niðurstöðu um.

Ekki hefur verið hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, sem var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum, að bilun í drifkerfi bifreiðarinnar verði ekki rakin til atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Verður því hvorki fallist á kröfu áfrýjanda vegna kostnaðar af viðgerð á drifkerfinu né á kröfu hennar vegna afnotamissis af bifreiðinni.

Fyrir héraðsdómi gáfu meðal annarra vitnaskýrslur Ludvig Hraundal og Ásgeir Sigurðsson. Munu þeir báðir hafa starfað við bílasöluna, þar sem stefndi keypti bifreiðina í ágúst 1992, en eiginkona fyrrnefnda vitnisins, Þórunn Ingimarsdóttir, var jafnframt seljandi bifreiðarinnar í þeim viðskiptum. Báru bæði vitnin, að í ágúst 1992 hefði ökumælir bifreiðarinnar sýnt um 135.000 kílómetra, meðan hún var enn í eigu Þórunnar. Þessum vitnisburði hefur ekki verið hnekkt, en vitnin tengjast hvorki sakarefninu né málsaðilum með þeim hætti, að frásögn þeirra verði ekki lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Verður þannig að gera ráð fyrir því, að akstur bifreiðarinnar hafi, sem þessu nemur, í reynd verið meiri en þeir 84.000 kílómetrar, sem greint var frá í afsali stefnda til áfrýjanda. Af þessari ástæðu og með vísan til 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup á áfrýjandi rétt til afsláttar af kaupverði án tillits til þess, hvort stefnda mátti vera kunnugt um þessi atvik.

Í málinu nýtur ekki við gagna um, hvert hafi verið líklegt gangverð bifreiðar af þeirri gerð, sem hér um ræðir, í desember 1992, annars vegar miðað við, að hún væri ekin 84.000 kílómetra, og hins vegar 135.000 kílómetra. Verður því að ákveða afslátt handa áfrýjanda að álitum, en í þeim efnum verður tekið mið af fyrirliggjandi matsgerð, sem hefur ekki verið hnekkt með yfirmati. Þykir afsláttur til áfrýjanda úr hendi stefnda þannig hæfilega ákveðinn 100.000 krónur, sem stefndi verður dæmdur til að greiða með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Kr. Pálsson, greiði áfrýjanda, Angelu Ragnarsdóttur, 100.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 1994.

1. Ár 1994, þriðjudaginn 28. júní, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara og meðdómendunum Sigurði Helgasyni og Valgarði Zophaníassyni bifvélavirkjameisturum kveðinn upp dómur í máli nr. E-393/1994, sem var höfðað með stefnu, birtri 10. janúar 1994 og dómtekinni 7. þ. m.

Stefnandi er Angela Ragnarsdóttir, kt. 080151-3939, Lindarholti 8, Raufarhöfn.

Stefndi er Helgi Kr. Pálsson, kt. 030162-4399, Safamýri 36, Reykjavík.

Stefnandi gerir þá dómkröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur og/eða afslátt, að fjárhæð 430.775 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning, að fjárhæð 189.483 kr., að með töldum matskostnaði.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts og vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

2. Hinn 2. desember 1992 seldi stefndi stefnanda bifreiðina MC-419, Honda Accord EXI, árgerð 1986, fyrir staðgreiðsluverðið 570.000 kr. Í afsali segir, að bifreiðin sé ekin 84 þúsund km. Bifreiðina hafði stefndi eignast með afsali Bílvals hf. fyrir hönd Þórunnar M. Ingimarsdóttur, Stífluseli 4, Reykjavík, dags. 27. ágúst 1992, fyrir 680.000 kr. (þar af 230.000 kr. í peningum), og er kílómetrastöðu ekki getið í afsali.

Í stefnu segir efnislega samhljóða því, sem fram kemur í bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 14. 4. 1993: „Fyrir liggur staðfesting Þórunnar þess efnis, að umrædd bifreið hafi verið ekin ca. 135.000 km, þegar hún seldi stefnda bifreiðina. Stefndi átti síðan bifreiðina röska þrjá mánuði, svo að ekki er óvarlegt að áætla, að hann hafi þann tíma ekið bifreiðinni 3.000 – 4.000 km. Raunverulega var bifreiðin því ekin 138.000 – 139.000 km, þegar stefndi seldi stefnanda hana. Af framangreindu telur stefnandi einsýnt,

að ökumælir bifreiðarinnar hafi verið færður niður um röska 50.000 km, meðan hún var í eigu stefnda.“ Í tilvitnuðu bréfi greinir frá því, að stefnandi hafi aðeins átt bifreiðina MC-419 mjög skamman tíma, þegar fram hafi komið alvarleg bilun í drifkerfi hennar, og grunsemdir hafi vaknað um, að henni hefði verið ekið mun meira en ökumælir sagði til um.

Stefnandi krefst þess, að vegna vanefnda stefnda við kaup á bifreiðinni eigi hún rétt á skaðabótum og/eða afslætti úr hendi stefnda, er bæti allt tjón hennar vegna kaupanna. Vísað er til matsgerðar um, að bifreiðin hafi haft verulega leynda galla, sem stefnandi hafi mátt trúa, að ekki væru, m. a. í ljósi þeirra upplýsinga, að bifreiðinni hefði aðeins verið ekið 84.000 km. Sú yfirlýsing hafi verið ákvörðunarástæða stefnanda fyrir kaupunum, og beri stefndi bótaábyrgð á því, að bifreiðina hafi skort áskilda kosti. Er því haldið fram, að stefndi hafi vitað, að átt hafi verið við ökumæli bifreiðarinnar; sé raunar langlíklegast, að hann hafi sjálfur snúið ökumælinn niður um 50.000 km og þannig haft svik í frammi við söluna.

Krafa stefnanda er reist á matsgerð og varahluta- og viðgerðarreikningum, dags. ágúst – september 1993, og er þannig sundurliðuð: 1. viðgerðarkostnaður 114.775 kr., 2. verðmætisrýrnun 100.000 kr., 3. afnotamissir í 240 daga (× 900 kr.) 216.000 kr.

Um lagagrundvöll bótaábyrgðar vísar stefnandi til 2. gr. 42. gr. laga nr. 39/1922 og um heimild til að krefjast afsláttar til 1. mgr. sömu lagagreinar.

3. Í greinargerð mótmælir stefndi því eindregið, að hann hafi breytt ökumæli bifreiðarinnar MC-419 eða verið um það kunnugt, hafi það verið gert. Hann mótmælir sérstaklega yfirlýsingum á dskj. nr. 5 og 7 (sjá síðar). Líklegt sé, að um samantekin ráð þeirra Ludvigs Hraundal, starfsmanns Jöfurs hf., og eiginkonu hans, Þórunnar M. Ingimarsdóttur, sé að ræða, enda séu yfirlýsingarnar augljóslega samdar af sama aðila, önnur út gefin af Ludvig Hraundal f. h. Jöfurs hf., en hin vottuð af Ludvig og Ásgeiri Sigurðssyni, en út gefin af Þórunni Ingimarsdóttur. Hann kveður ósannað, að ökumælinum hafi verið breytt, og sé það hvorki stutt matsgerð né öðrum gögnum. Þá bendir hann á, að tilkynning um eigendaskipti, sem gengið hafi verið frá milli sín og Þórunnar M. Ingimarsdóttur, hafi verið fölsuð af starfsmanni Jöfurs hf., eins og yfirstrikun beri glögglega með sér. Stefndi vitnar til matsgerðar um það, að ekki verði fullyrt, af hvaða ástæðum splitti í öxli, sem liggur í gegnum mismunadrifshjól, hafi brotnað. Augljóslega sé um að ræða tilvik, sem hent geti hvenær og í hvaða bifreið, sem er, hvort sem henni hafi verið ekið 50.000 eða 150.000 km, og sé fráleitt, að um hafi verið að ræða leyndan galla.

Af framangreindu leiðir, að stefndi hafnar bótaskyldu og kröfum þeim, sem stefnandi gerir í máli þessu, málsástæðum hennar og lagarökum.

4. Í yfirlýsingu Ludvigs Hraundal f. h. Jöfurs hf., dags. 8. 3. 1993 (dskj. nr. 5), er staðfest, að bifreiðinni MC-419, Honda Accord, árg. 1986, hafi verið ekið 126.000 km, þegar Jöfur hf. keypti hana 3. apríl 1992.

Yfirlýsing, dags. 3. 5. 1993 (dskj. nr. 7), er svohljóðandi: „Ég undirrituð, Þórunn M. Ingimarsdóttir, kt. 060149-7719, staðfesti hér með, að bifreiðin MC-419, sem er Honda Accord EXI, árg. 1986, var ekin ca. 135 þús. km, þegar ég seldi hana Helga K. Pálssyni, kt. 030162-4399, 27. ágúst 1992. Þórunn Ingimarsdóttir (sign).

Undirritaðir votta, að bifreiðin MC-419 var ekin ca. 135. þús. km, þegar Þórunn seldi Helga hana 27. ágúst 1992. Ludvig Hraundal (sign), 291147-3649, Ásgeir Sigurðsson (sign), 150344-7869."

Í tilkynningu til ökutækjaskrár um sölu umræddrar bifreiðar til stefnda er nafn og heimilisfang seljanda falið með yfirstrikun, en í staðinn ritað Jöfur hf., Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi. Sem seljandi undirritar „L. H." ofan í nafnstimpil Jöfurs hf.

Samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. var Jöfur hf. næsti (skráður) eigandi bifreiðarinnar á undan stefnda.

Héraðsdómur Norðurlands eystra mun hafa dómkvatt (endurrit dómkvaðningar liggur ekki frammi) Sigurð Baldursson bifvélavirkjameistara, Fjarðarvegi 37, Þórshöfn, til þess að skoða og meta bifreiðina MC-419 og láta í té, eins og segir í matsbeiðni, dags. 26. maí 1993, ýtarlega rökstudda og skriflega álitsgerð um eftirfarandi atriði:

„1. Hver sé orsök alvarlegrar bilunar í drifkerfi bifreiðarinnar MC-419 og hverra viðgerða er þörf á því.
2. Hvað kosti að lagfæra framangreinda bilun bifreiðarinnar MC-419. Fjárhæðir verði sundurliðaðar á glöggan hátt í efni og vinnu.
3. Hver sé að áliti matsmanns réttmætur og hæfilegur afsláttur til umbj. m. vegna þeirrar verðlækkunar, sem ljóst er, að verður á bifreiðinni, þar sem hún reyndist ekin um 50.000 km meira en upp gefið var við afsal, og er þá miðað við, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið eðlilegt miðað við, að hún væri ekin 84.000 km.
4. Þess er óskað, að matsmaður meti fjárhagslegt tjón umb. m. af því að geta ekki nýtt sér bifreiðina vegna bilunar (tjón vegna afnotamissis).
5. Innan marka matsbeiðni þessarar fellur að fjalla um öll önnur þau atriði, sem upp kunna að koma við skoðun og matsmanni þykir ástæða til að geta um."

Matsgjörð, dags. 5. 8. 1993, er að meginefni svohljóðandi:

„1. Brotnað hefur splitti í öxli, er liggur í gegnum mismunadrifshjól, með þeim afleiðingum, að öxullinn hefur gengið út í gegnum drifhúsið. Af þessum sökum hefur öll olía farið af drifi og gírkassa og eyðilagt það.

2. Eins og skrifað er í lið númer eitt, tel ég bæði drif og gírkassa ónýtt vegna þess, hve illa það er farið. Ég hef þess vegna aflað mér upplýsinga um verð á notuðum gírkassa. Fyrirtækið Japanskar vélar, Drangahrauni 2, Hafnarfirði, verðleggur notaðan gírkassa á 150.000 kr., vinnu við að skipta um 23.000 kr.
3. Afsláttur vegna þess, að bifreiðinni hefur verið ekið 50.000 km meira en mælir sýnir, ætti að mínu mati að vera 100.000 kr.
4. Vegna beiðni um mat vegna afnotamissis hef ég stuðst við gjald það, sem Vátryggingafélag Íslands notar, 900 kr. á dag.
5. Ég get ekki sagt, hvers vegna splittið í mismunadrifsöxlinum hefur brotnað, fyrir því geta verið margar ástæður. Að öðru leyti lítur bifreiðin mjög vel út."
5. Matsmaðurinn Sigurður Baldursson staðfesti framangreinda matsgjörð og kvaðst hafa skoðað sjálfur og sannreynt það, sem þar greinir, nema um akstur 50.000 km umfram það, sem mælir sýni.

Ludvig Hraundal skýrði svo frá, að hann og eiginkona sín, Þórunn M. Ingimarsdóttir, hefðu keypt umrædda bifreið af Jöfri hf. Við kaupin hefði komið í ljós bilun í drifi, sem Jöfur hf. (Bíljöfur) hefði gert við; flest í mismunadrifi hefði verið endurnýjað. Ludvig er starfsmaður Jöfurs hf. og starfaði á þeim tíma, sem hér um ræðir, hjá Bílvali hf., sem var að mestu í eigu Jöfurs hf., og annaðist sölu notaðra bíla. Hann kvað bifreiðina fljótlega hafa verið setta aftur út á plan til sölu hjá Bílvali hf. Hann gaf þá skýringu á yfirlýsingu, dskj. nr. 7, að hún hefði verið gefin að beiðni föður stefnanda, vegna þess að drifið hefði farið aftur og grunsemdir væru um breytta kílómetratölu. Hafi sér skilist, að um væri að ræða hlut, sem settur hefði verið nýr við framangreinda viðgerð, en eftir hana hefði „legusöngur" horfið og bifreiðin verið í góðu lagi. Hann kvað sér hafa skilist, að bifreiðar þessar væru ekki sterkari en svo, að þær þyldu ekki, að „þeim væri spólað".

Þórunn M. Ingimarsdóttir kvaðst hafa undirritað yfirlýsingu, dskj. nr. 7, í trausti upplýsinga frá Ludvig, eiginmanni sínum. Hún kvaðst hafa vitað, að bifreiðinni hefði verið ekið mikið og alltaf verið að bila. Hún kvaðst aldrei hafa litið á kílómetramælinn eða ekið bifreiðinni.

Vitnið Ásgeir Sigurðsson, starfsmaður Jöfurs hf., starfaði hjá Bílvali hf. á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann kvað umræddri bifreið hafa verið ekið 126.000 km, þegar Jöfur hf. keypti hana. Hún hefði verið sett á verkstæði vegna bilunar í drifi. Hann hefði síðan séð hana úti á plani um það leyti, sem hún var seld, og litið á kílómetramælinn, en staðfesti ekki, að það hefði verið 27. ágúst 1992. Hann kvaðst ekki hafa gengið frá sölunni til stefnda.

6. Það er álit dómsins, að bilun sú í drifkerfi, sem um ræðir í máli þessu,

hafi verið háð tilviljun fremur en miklum akstri og að hún verði ekki rakin til leynds galla, sem stefndi beri ábyrgð á. Í því efni er athygli vakin á því, að bilun varð í hlut, sem Ludvig Hraundal hafði látið gera við og endurnýja nokkru fyrr, en um þá viðgerð var stefnda ekki kunnugt. Þá skal fram tekið, að ekki er upplýst um akstur bifreiðarinnar, eftir að hún komst í eigu stefnanda, og stöðu ökumælis er ekki getið í matsgjörð.

Um stöðu ökumælis nýtur óyggjandi gagna einungis við sölu stefnda á bifreiðinni til stefnanda. Vegna tengsla Ludvigs Hraundal við málsefni verður vætti hans og vottorð ekki lagt til grundvallar að þessu leyti. Með vísan til framburðar Þórunnar M. Ingimarsdóttur fyrir dómi er fram lögð yfirlýsing hennar án þýðingar fyrir úrslit málsins. Um hlut Ásgeirs Sigurðssonar við sönnunarfærsluna er vísað til þess, að hann staðfesti ekki, að sér hefði verið kunnugt um stöðu ökumælis við sölu bifreiðar 27. ágúst 1992, þrátt fyrir skriflega vottun hans þess efnis. Að lokum ber á það að líta, að söluverð stefnda var ekki óeðlilega hátt borið saman við það, sem hann hafði goldið fyrir bifreiðina. Samkvæmt þessu telst ósannað, að ökumæli bifreiðarinnar MC-419 hafi verið breytt eða að slíkt hafi orðið, meðan bifreiðin laut eignarráðum stefnda.

Niðurstaða málsins er samkvæmt framangreindu sú, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda. Þá ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 125.000 krónur að virðisaukaskatti með töldum.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Kr. Pálsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Angelu Ragnarsdóttur.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, 125.000 krónur.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 423/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Erni Karlssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Frávísun máls frá Hæstarétti. Áfrýjunarheimild. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun.

Af hálfu ákæruvalds er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi 24. október 1995 að viðstöddum skipuðum verjanda ákærða í héraði. Ákærði afplánaði við dómsuppsögu fangavist samkvæmt tveimur dómum Hæstaréttar, upp kveðnum 1. desember 1994, en með þeim var honum til samans gert að sæta fangelsi í ellefu mánuði. Samkvæmt gögnum málsins sótti ákærði 22. ágúst 1995 um reynslulausn, þegar lokið yrði afplánun á helmingi þeirrar refsingar. Með bréfi 27. október 1995 greindi Fangelsismálastofnun ríkisins frá því, að ákærða yrði veitt reynslulausn frá 19. nóvember sama ár á eftirstöðvum samanlagðrar refsingar hans, 210 dögum, samkvæmt fyrrnefndum dómum Hæstaréttar og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1995. Á bréfið er rituð yfirlýsing, undirrituð af ákærða 1. nóvember 1995. Þar staðfestir hann, að sér hafi verið afhent skilríki, þar sem greint sé frá skilyrðum reynslulausnar, þau skilyrði verið skýrð út fyrir sér og hann þeim samþykkur að öllu leyti. Héraðsdómurinn í máli þessu frá 24. október 1995 var hins vegar birtur ákærða 24. nóvember sama ár. Lýsti hann yfir áfrýjun dómsins í bréfum til ríkissaksóknara 18. og 19. desember 1995.

Af hálfu ákæruvalds er krafa um frávísun málsins frá Hæstarétti

reist á því, að ákærði hafi fyrir milligöngu skipaðs verjanda síns í héraði leitað eftir þeirri reynslulausn, sem honum var veitt samkvæmt áðursögðu. Með því hafi ákærði fyrirgert rétti til áfrýjunar.

Sem fyrr segir, var ákærða veitt reynslulausn frá 19. nóvember 1995 að telja, meðal annars af hluta refsingar samkvæmt þeim dómi, sem hann hefur nú áfrýjað til Hæstaréttar. Í fyrrgreindu bréfi Fangelsismálastofnunar frá 27. október 1995 um veitingu reynslulausnarinnar er meðal annars tekið fram, að skilorðsrof geti varðað því, að dómþoli verði látinn taka út eftirstöðvar refsingar, en standist hann skilorðið, teljist refsingunni hafa verið fullnægt, þegar reynslulausn var veitt. Í áðurnefndri yfirlýsingu ákærða á þetta bréf 1. nóvember 1995 um, að hann samþykki skilyrði reynslulausnarinnar, fólst þar með, að hann myndi una við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október sama ár. Er þetta ósamrýmanlegt yfirlýsingu ákærða um áfrýjun dómsins með bréfum 18. og 19. desember 1995. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Örn Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 365/1995. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ragnari Erni Eiríkssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Hildi Fríðu Þórhallsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Skjalafals. Fjársvik. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákæruvalds með stefnu 29. ágúst 1995. Vísa ákærðu til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Þau krefjast þess, að refsing sín verði milduð, en ákærða, Hildur Fríða, krefst þess jafnframt, að refsing sín verði skilorðsbundin. Einn dómfelldra í málinu unir héraðsdómi, og er hann ekki til endurskoðunar gagnvart honum.

Ákæruvaldið krefst þess, að refsing ákærðu verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærðu verði dæmd til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu voru þau með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1995 sakfelld fyrir fjársvik og ákærði, Ragnar Örn, að auki fyrir skjalafals. Var refsing hans ákveðin fangelsi í fimm mánuði og refsing ákærðu, Hildar Fríðu, fangelsi í þrjá mánuði. Dómi þessum var ekki áfrýjað.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Svo sem þar kemur fram, eru brot ákærðu stórfelld. Fólust þau einkum í misferli með tékka, en einnig í því að verða sér úti um gistingu og veitingar á gistihúsum, en hverfa á braut án þess að greiða kostnaðinn. Stóð brotastarfsemi þeirra yfir samfellt í marga mánuði síðari hluta árs 1994 og í byrjun árs 1995. Einstök brot, sem ákærði, Ragnar Örn, er sakfelldur fyrir, eru nær áttatíu talsins og brot ákærðu, Hildar Fríðu, yfir fimmtíu.

Verður refsing beggja ákveðin með vísun til þeirra ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getur í héraðsdómi, auk 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða, Ragnars Arnar, hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Verða ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar hans staðfest svo og um refsingu ákærðu Hildar Fríðu.

Dæmdar bótakröfur eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar hans er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu, Hildar Fríðu Þórhallsdóttur, er staðfest.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skulu vera óröskuð.

Ákærði, Ragnar Örn, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Ákærða, Hildur Fríða, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júlí 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 25. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 836/1994: Ákæruvaldið gegn Ragnari Erni Eiríkssyni, Hildi Fríðu Þórhallsdóttur og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, annars vegar ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 14. nóvember sl., og hins vegar ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. júní sl., gegn ákærðu, Ragnari Erni Eiríkssyni, Bergþórugötu 15 A, Reykjavík, fæddum 9. maí 1960, fæðingarnúmer 581,

Hildi Fríðu Þórhallsdóttur, Kambaseli 56, Reykjavík, fæddri 25. október 1968, fæðingarnúmer 313, og X.

Með ákærunni, dagsettri 14. nóvember sl., er málið höfðað á hendur ákærða, Ragnari Erni, einum „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. júní 1993, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni GO-476 austur Grettisgötu, um Rauðarárstíg, Stórholt og Þverholt, þar sem hann stöðvaði bifreiðina.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Með ákærunni, dagsettri 20. júní sl., er málið höfðað á hendur öllum ákærðu „fyrir eftirgreind fjársvik og skjalafalsbrot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið:

A.

Fjársvik.

Ákærða, Ragnari Erni, er gefið að sök að hafa gefið út í eigin nafni og notað í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa, nema annars sé getið, án þess að næg innstæða væri fyrir fjárhæð tékkanna:

I. Í ágúst 1991 gefið út á reikning sinn nr. 15929 við Íslandsbanka hf., Lóuhólum 2–6, tékka nr. 9540606 til Sigurðar Ingimundarsonar, að fjárhæð 55.000 kr., dagsettan 2. 9. 1991, og notað til kaupa á bifreið, sem ákærði keypti af Sigurði Ingimundarsyni, Hringbraut 72, Keflavík.

II. Hinn 29. ágúst 1994 notað í viðskiptum í versluninni Regnbogaframköllun, Síðumúla 34, tékka nr. 4909550, að fjárhæð 10.000 kr., út gefinn 26/8 1992, á stolnu eyðublaði frá Íslandsbanka hf., Breiðholti.

III. Í ágúst 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 10 tékka á eyðublöðum úr glötuðu tékkhefti Rögnvalds Jóhanns Sæmundssonar, Eggertsgötu 8, Reykjavík, frá Íslandsbanka hf., Breiðholti:

– – –

B.

Fjársvik.

Ákærðu Ragnari Erni og Hildi Fríðu er gefið að sök að hafa gefið út sitt á hvað í eigin nafni og notað í félagi í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa, nema annars sé getið, án þess að næg innstæða væri fyrir fjárhæð tékkanna:

I. Í september og október 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 7 tékka á eyðublöðum úr stolnu tékkhefti Guðmundar Benediktssonar, kt. 040450-

7699, Seylugranda 20, Reykjavík, á einkareikning nr. 11683 frá Landsbanka Íslands, Oddagötu 6, Seyðisfirði:

– – –

II. Í desember 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 3 tékka á stolnum eyðublöðum frá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi:

– – –

III. Í desember 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 5 tékka á stolnum eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Bankastrætisútibúi:

– – –

IV. Í desember 1994 til febrúar 1995 notað í viðskiptum eftirtalda 35 tékka til handhafa, nema annars sé getið, á eyðublöðum úr stolnum tékkheftum Krónunnar hf., Mýrargötu 26, Reykjavík, frá Íslandsbanka hf., Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi. Á eyðublöðin er prentað reikningsnúmerið 204080 eða 204081 og nafn útgefanda, pr. pr. Króna hf. Ákærðu gáfu út og framseldu tékkana sitt á hvað og nýttu sér andvirðið sameiginlega:

– – –

V. Í september 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 7 tékka á stolnum eyðublöðum frá Búnaðarbanka Íslands. Ákærði, Ragnar, gaf tékkana út í eigin nafni og notaði þá einn, nema annars sé getið:

– – –

VI. Í september 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 4 tékka á stolnum eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, sem ákærði Ragnar gaf út í eigin nafni:

– – –

C.

Fjársvik.

Ákærðu Ragnari Erni og Hildi Fríðu er gefið að sök að hafa í september 1994 verið saman á eftirtöldum hótelum og þegið þar gistingu og veitingar og síðan farið af hótelunum án þess að greiða kostnaðinn, en það var fyrir fram ákveðið af ákærðu, enda voru þau félaus og höfðu enga möguleika á að greiða hótelreikningana.

1. Á Hótel KEA, Hafnarstræti 89, Akureyri, frá 10. til 12. september. Reikningsfjárhæð 58.147 kr.
2. Á Hótel Borgarnesi frá 12. til 13. september. Reikningsfjárhæð 34.060 kr.
3. Á Gistihúsinu við Bláa lónið frá 13. til 19. september. Reikningsfjárhæð 30.000 kr.

Framanlýst háttsemi ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

D.

Skjalafals.

Ákærðu Ragnari Erni og X er gefið að sök að hafa í júní 1993 í félagi notað í viðskiptum eftirtalda 4 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr stolnu tékkhefti Páls Áskelssonar, Hnitbjörgum, Hólmavík, frá Búnaðarbanka Íslands, Hafnarbraut 25, Hólmavík. Ákærði, Ragnar, útfyllti tékkana og falsaði nafn Páls Áskelssonar, 180662-5379, sem útgefanda, og ákærða X framseldi tékkana.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

E.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur í málinu, að ákærðu verði dæmd til að greiða þeim skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá brotsdegi til greiðsludags, sem hér greinir:

– – –

Af hálfu ákæruvalds hefur verið fallið frá ákærulið A. I. í ákæru, dagsettri 20. júní sl.

Við meðferð málsins var því lýst yfir af hálfu sækjanda, að ríkissaksóknari hefði tekið við saksókn í fyrrgreindu máli, er lögreglustjórinn í Reykjavík höfðaði á hendur ákærða, Ragnari Erni.

Ákæra, dagsett 14. nóvember 1994.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, en þó má taka fram, að magn alkóhóls í blóði ákærða, Ragnars Arnar, umrætt sinn mældist 1,13‰.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæða í ákæru.

Ákæra, dagsett 20. júní 1995.

Ákæruliður A. II–III.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í þessum ákæruliðum og réttilega eru færð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður B. I–VI.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu þykir

sannað, að þau hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í þessum ákæruliðum og réttilega eru færð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður C.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu þykir sannað, að þau hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í þessum ákærulið og réttilega eru færð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður D.

Síðla sumars árið 1993 bárust RLR kærur vegna 4 falsaðra tékka, samtals að fjárhæð 51.000 kr. Voru tékkarnir út gefnir af Páli Áskelssyni og framseldir með nafninu X. Rannsókn RLR leiddi í ljós, að tékkhefti Páls hafði verið stolið, og var nafnritun hans fölsuð á tékkunum.

Ákærði, Ragnar Örn, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa falsað ofangreinda tékka og notað þá í viðskiptum ásamt meðákærðu X.

– – –

Niðurstaða.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, er sannað, að hann hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í þessum lið ákæru og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

– – –

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Ragnars Arnar, hefur hann á árunum 1977 til 1992 hlotið samtals 23 dóma, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals, nytjastuld og umferðarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú fjórum árum og sex mánuðum. Þá hefur ákærði margoft verið sviptur ökuleyfi ævilangt. Síðustu dómar, sem ákærði hlaut, voru 25. október 1991, þriggja mánaða fangelsi og ævilöng ökuleyfissvipting fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 48. gr. umferðarlaga, 26. febrúar 1992, 30 daga fangelsi, hegningarauki fyrir þjófnað, og 11. mars 1992, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ákærða var 12. maí 1992 veitt reynslulausn skilorðsbundið í eitt ár á 50 daga eftirstöðvum refsingar. Ákærði hefur staðist skilyrði reynslulausnarinnar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í tíu mánuði. Þá ber að svipta ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæru, dagsettri 14. nóvember sl., og samkvæmt lagákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um margítrekað brot er að ræða, ber að árétta ævilanga ökuréttarsviptingu ákærða.

Ákærða Hildur Fríða hlaut á árunum 1988 til 1989 fjóra skilorðsdóma fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals, og 31. ágúst 1990 var ákærða dæmd í sex mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Ákærða gekkst undir sektargreiðslu árið 1991 fyrir umferðarlagabrot, og 29. mars 1993 fékk ákærða dóm fyrir umferðarlagabrot, fjársekt og ökuleyfissviptingu.

Refsing ákærðu Hildar Fríðu þykir hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í fimm mánuði.

– – –

Sakarkostnaður.

Þáttur ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu í máli þessu sætti hvorki sókn né vörn, og verða þau því einungis dæmd til greiðslu þess sakarkostnaðar, sem beinlínis leiddi af þætti þeirra í málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 30.000 kr., er þau greiði in solidum. Ákærða X greiði ein 3/4 hluta saksóknarlauna, er renni í ríkissjóð, 15.000 krónur, og 3/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur, en 1/4 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Áréttuð er ævilöng ökuréttarsvipting ákærða.

Ákærða Hildur Fríða Þórhallsdóttir sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

– – –

Ákærðu Ragnar Örn og Hildur Fríða greiði þann hluta sakarkostnaðar, sem beinlínis leiddi af þætti þeirra í málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 30.000 krónur, er þau greiði in solidum. Ákærða X greiði ein 3/4 hluta saksóknarlauna, er renni í ríkissjóð, 15.000 krónur, og 3/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur, en 1/4 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 372/1995. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Einvarði Hallvarðssyni og
Gunnari Ársæli Ársælssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Tolllagabrot. Lyfjainnflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákæruvalds með stefnu 3. nóvember 1995. Vísa ákærðu til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Þeir krefjast þess, að þeim verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Ákæruvaldið krefst þess, að refsing ákærðu verði þyngd og að þeir verði dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

I.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að þeir hafi keypt lyf þau, sem ákæra tekur til, í Barcelona og Benidorm á Spáni. Hafi þau verið keypt í lyfjabúðum, og í öllum tilvikum hafi lyfin verið afgreidd, án þess að þurft hafi að framvísa lyfseðli. Ástæðuna fyrir þessum kaupum sögðu þeir vera þá, að þeir hefðu ætlað að leggja stund á lyftingar, og væri lyfjunum ætlað að létta þeim erfiðið. Þeir viðurkenndu þó báðir fyrir lögreglu, að til greina hefði komið að selja hluta lyfjanna hér á landi.

Þau lyf, sem hér um ræðir, eru þrenns konar. Langstærstur hluti þeirra er efedrín, en af því voru teknar í farangri ákærða Einvarðs við komu til landsins 2.388 töflur. Auk þess er um að ræða 158 töflur af tamoxífeni og 212 lykjur af karlkynshormónalyfjum (sterum) með svonefndri anabólískri verkun.

II.

Nokkurra gagna var aflað við meðferð málsins í héraði um eiginleika umræddra lyfja og áhrif þeirra. Við meðferð þess fyrir Hæstarétti hafa aðilar aflað enn frekari gagna um þessi atriði.

Í skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands er efedríni lýst sem örvandi efni, sem telja megi, að hafi væga amfetamínlíka verkun, en teljist þó ekki til ávana- eða fíknilyfja í venjulegum skilningi. Í bréfum Lyfjaeftirlits ríkisins til ríkissaksóknara kemur meðal annars fram, að efedrín teljist lyf hér á landi, og eigi það við án tillits til þess, í hvaða formi það sé. Það sé til dæmis notað við asma og ofnæmi, en notkun þess sé nú orðin lítil, þar eð ný og betri lyf hafi komið í staðinn. Lyfið auki „vinnugetu hjartans", og við það hækki blóðþrýstingur. Það örvi jafnframt öndun, og meðal annars af þessum ástæðum sé lyfið misnotað af íþróttamönnum og öðrum. Þá hafi það örvandi áhrif á miðtaugakerfið. Efedrín sé lyfseðilsskylt samkvæmt reglugerð nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Sú undantekning sé þar frá, að heimilt sé að selja það án lyfseðils í lyfjabúðum, sé því blandað í hóstasaft innan tiltekins styrkleika.

Lyfinu tamoxífeni er í nefndri skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði lýst svo, að það vinni gegn kvenkynshormóninu östrógen. Sé það einkum notað við alvarlegu brjóstkrabbameini í konum. Þá mun það samkvæmt gögnum málsins hamla gegn tilteknum áhrifum, sem notkun anabólískra stera hefur á líkamann. Lyfið er lyfseðilsskylt.

Um karlkynshormónalyf þau, sem ákæra tekur til, segir í sömu skýrslu, að auk þess að verka sem hreinir karlkynshormónar hafi þessi lyf einnig verkun á vöðvafyllu og auki hana (anabólísk verkun). Samkvæmt gögnum málsins getur misnotkun slíkra efna haft alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlegt sem andlegt heilsufar manna.

III.

Í málsvörn ákærðu hefur einkum verið til þess vísað, að þeir hafi eignast umrædd efni með fullkomlega lögmætum hætti erlendis. Þá hefur verið bent á, að sums staðar erlendis, til dæmis víða í Bandaríkjunum, sé efedrín selt í verslunum og öllum aðgengilegt.

Innflutningur allra þeirra lyfja, sem um ræðir, er bannaður hér á

landi, nema sérstakt leyfi komi til, sbr. 5. mgr. 51. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, enda er sala þeirra bundin við framvísun lyfseðils, svo sem áður getur.

Í reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 251/1992, sbr. reglugerð nr. 409/1993 um breyting á henni, er að finna undanþágu frá þeirri meginreglu, að innflutningur lyfja sé háður leyfi. Samkvæmt undanþágunni er farmanni eða ferðamanni heimilt að hafa með í farangri sínum til landsins lyf, sem svari til eigin nota í 100 daga. Þrengri heimild en hér um ræðir gildir þó meðal annars um lyf með anabólískri verkun. Af þeim er óheimilt að hafa til landsins meira en svarar til 30 daga notkunar ferðamanns eða farmanns. Geta tollverðir krafist þess, að viðkomandi færi fullnægjandi sönnur á, að honum sé nauðsyn að taka ofangreind lyf í því magni, sem áður greinir, til dæmis með vottorði læknis. Því skilyrði er ekki fullnægt, að því er ákærðu varðar, auk þess sem magn hinna innfluttu lyfja fór mjög fram úr þeim mörkum, sem reglugerðin setur.

Brot ákærðu eru réttilega heimfærð til refsiákvæða í héraðsdómi. Þeir hafa ekki áður gerst sekir um brot, sem áhrif hafa á ákvörðun refsingar nú. Þegar til þessa er litið svo og til magns hinna einstöku lyfja, eiginleika þeirra og þess, að ferðamönnum og farmönnum er heimilt að koma með þau til landsins í takmörkuðum mæli, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð 120.000 krónur hjá hvorum. Skal 30 daga varðhald koma í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögu.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað verða staðfest. Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ákærðu gengust við broti sínu þegar hinn 13. ágúst 1994, og lauk lögreglurannsókn í september á sama ári. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 12. september 1995. Engin viðhlítandi skýring hefur verið gefin á þeim drætti, sem varð á rekstri málsins á því tímaskeiði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Einvarður Hallvarðsson og Gunnar Ársæll Ársælsson, skulu hvor um sig greiða 120.000 króna sekt í ríkissjóð

innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu skulu greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 6. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-898/1995: Ákæruvaldið gegn Einvarði Hallvarðssyni og Gunnari Ársæli Ársælssyni, en málið var dómtekið 28. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 12. september 1995, á hendur „Einvarði Hallvarðssyni, Nýlendugötu 19, Reykjavík, kennitala 270462–4649, og Gunnari Ársæli Ársælssyni, Skarðsbraut 15, Akranesi, kennitala 120273–4269, fyrir ólögmætan innflutning lyfja með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 13. ágúst 1994 í félagi smyglað hingað til lands frá Spáni um 2388 töflum (844,8 g) með efedríni, samtals 158 töflum með tamoxífeni og eftirgreindum 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum með anabólískri verkun: 90 1 ml (250 mg) með testósteróni, 39 1 ml (100 mg) með metenólóni og 74 1 ml (50 mg) með nandrólóni, sem ákærðu keyptu í Barcelona, og fundust lyfin í farangri ákærða Einvarðs við tollleit hjá ákærðu eftir komu þeirra til landsins í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr., tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. tl. 3. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl. nr. 251/1992, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 409/1993 og 5. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upptöku á framangreindum lyfjum samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga".

Ákærðu hafa viðurkennt brot sitt. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu þeirra, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan, en þar eru brot þeirra réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærðu hafa játað innflutning á verulegu magni lyfja, sem hættuleg geta verið heilsu manna, séu þau misnotuð, og stóðu þeir saman að broti þessu.

Refsing ákærða Einvarðs Hallvarðssonar, sem áður hefur sætt refsingu fyrir brot á hegningarlögum, umferðarlögum, þar af þrem sinnum fyrir ölvunarakstur og lögum um fíkniefni, þykir hæfilega ákveðin varðhald í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og hann falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Gunnars Ársæls Ársælssonar, sem áður hefur tveim sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur og einu sinni fyrir að aka án réttinda, þykir hæfilega ákveðin varðhald í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og hann falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku á 2388 töflum af efedríni, 158 töflum með tamoxífeni og 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum, sem fundust við tollleit á Keflavíkurflugvelli 13. ágúst 1994.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Einvarður Hallvarðsson sæti varðhaldi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldsvistinni og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Gunnar Ársæll Ársælsson sæti varðhaldi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldsvistinni og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku á 2388 töflum af efedríni, 158 töflum með tamoxífeni og 212 lykjum af karlkynshormónalyfjum, sem fundust við tollleit á Keflavíkurflugvelli 13. ágúst 1994.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar óskipt, þar með talda þóknun verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 396/1995. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Jóni Ellert Tryggvasyni
(Jón Magnússon hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fjársvik. Fjárdráttur. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 20. nóvember 1995. Vísar ákærði til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af ákæruatriðum í I. kafla ákæru og í 1. og 2. tölulið í II. kafla ákæru, en að fyrir aðrar sakargiftir verði honum dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa. Þá krefst hann þess, að refsing verði skilorðsbundin.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fallist verður á með héraðsdómara, að við ákvörðun refsingar verði að taka tillit til þess verulega dráttar, sem varð á hluta málsmeðferðar, áður en ákæra var gefin út, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jón Ellert Tryggvason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 10. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-692/1995: Ákæruvaldið gegn Jóni Ellert Tryggvasyni og X, en málið var dómtekið 6. þ. m. eftir framhaldsmeðferð.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 27 júní 1995, á hendur „Jóni Ellert Tryggvasyni, Njálsgötu 41, Reykjavík, fæddum 29. júlí 1967, fæðingarnúmer 504, og X.

I.

Fjársvik ákærðu Jóns Ellerts og X.

Ákærða Jóni Ellert eru gefin að sök tékkasvik með því að hafa í júlímánuði 1991 notað í viðskiptum í Reykjavík, nema annars sé getið, eftirtalda þrettán tékka, samtals að fjárhæð 1.462.002 kr., að frá dreginni innstæðu, 20.045,30 kr., fyrir hluta af einum tékkanna, alla út gefna af meðákærða, X, sem undirritaði tékkaeyðublöðin eigin nafni, en ákærði Jón Ellert fyllti út að öðru leyti, til greiðslu af tékkareikningi útgefanda nr. 25548 í Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, þrátt fyrir vitneskju um, að innstæða væri ekki til fyrir tékkunum, sem hann ráðstafaði með eftirgreindum hætti:

– – –

Ákærða X er gefin að sök hlutdeild í framangreindum brotum meðákærða, Jóns Ellerts, fyrir að stofna 21. júní 1991 í Búnaðarbanka Íslands tékkareikning þann, er að framan greinir, í þágu meðákærða, Jóns Ellerts, og, eftir að hann hafði keypt dagana 21. 6., 25. 6. og 8. 7., þrjú tékkhefti með samtals 75 eyðublöðum, að afhenda meðákærða þau undirrituð, en óútfyllt að öðru leyti, til nota í viðskiptum án þess að geta tryggt, að til yrði innstæða fyrir þeim. Tékkareikningnum var lokað 17. júlí 1991 vegna misnotkunar, og var fjárhæð fimmtán innleystra innstæðulausra tékka til viðbótar þeim þrettán, er að framan greinir, samtals 1.254.092 kr.

Brot ákærðu teljast varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga, að því er varðar brot ákærða X.

II.

Fjárdráttur ákærða Jóns Ellerts.

1. Ákærða er gefið að sök að hafa í desember 1991 dregið sér og notað í eigin þágu tvö skuldabréf, bæði út gefin 16. október 1991 af Hannibal

Sigurvinssyni til Róberts Daglas, hvort að nafnverði 900.000 kr., tryggð með 3. samhliða veðrétti í fasteigninni Aragerði 20, Vogum, er ákærði hafði í nóvembermánuði 1991 tekið að sér að selja fyrir útgefanda, sem hafði látið þinglýsa bréfunum á hina veðsettu eign 30. október 1991, en fengið þeim aflýst í nóvembermánuði 1992, eftir að hann hafði greitt þáverandi eigendum bréfanna 1.320.000 kr.

2. Ákærða er og gefið að sök að hafa, eftir að Örn Héðinsson hafði 28. nóvember 1991 afhent honum til sölu tvo tékka, að fjárhæð 300.000 kr., út gefna af Tölvuverslun Reykjavíkur hf. á tékkareikning nr. 621 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, báða til handhafa, annan með útgáfudegi 24. desember 1991 og hinn 27. sama mánaðar, dregið sér tékkana og notað heimildarlaust í eigin þágu.

3. Þá er ákærða gefið að sök að hafa í febrúarmánuði 1995 dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu fjögur skuldabréf, út gefin af Byggingarfélaginu Burðarási hf. 23. nóvember 1994, hvert að fjárhæð 500.000 kr., tvö tryggð með 2. veðrétti í fasteigninni Fjallalind 4, Kópavogi, og tvö með 2. veðrétti í Fjallalind 6, sem framkvæmdastjóri greinds félags hafði afhent ákærða 25. janúar 1995 til sölu.

Brot ákærða samkvæmt II. kafla ákæru varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Bótakröfur.

– – –

Samkvæmt yfirlýsingu ákæranda við flutning málsins sættu mörg mál rannsókn á hendur ákærða Jóni Ellert Tryggvasyni allt frá árinu 1990 og fram á þetta ár. Verður nánar vikið að því síðar. Ekki verður ráðið af gögnum málsins, að málin tengist, og því ekki unnt að gera heildstætt grein fyrir málinu í upphafi, heldur verður gerð grein fyrir hverjum kafla ákæru fyrir sig í upphafi umfjöllunar um viðkomandi kafla og þar getið um upphaf rannsóknar hvers þáttar fyrir sig.

I.

Upphaf afskipta lögreglu af þessum þætti málsins má samkvæmt gögnum málsins rekja til kæra, sem lögreglunni bárust vegna útgáfu tékkanna, sem hér er ákært út af. Ekki þykir ástæða til að rekja kærurnar frekar hér, en víkja að framburði ákærðu fyrir dómi.

Ákærði Jón Ellert kom fyrir dóm 13. september sl. og neitaði þá ákæruefni þessa kafla ákæru. Hann kom síðan fyrir dóminn 10. og 11. október sl. og 6. þ. m., og kvað hann þá útgáfu og notkun þeirra 13 tékka, sem í ákæru greinir, rétt lýst. Hann kvað aðdraganda hafa verið þann, að ákærðu hefðu

ætlað að hefja verslunarrekstur, og í tengslum við það hefði ákærði fengið meðákærða, X, til að stofna tékkareikning og síðan undirrita tékka og afhenda sér. Ákærði kvaðst síðan hafa ritað þá þrettán tékka, sem lýst er í ákæru, og notað svo sem þar greinir. Sjálfur kvaðst hann ekki geta stofnað tékkareikning, og því hefði hann fengið meðákærða til að stofna reikninginn, svo sem rakið var. Hann kvaðst síðan hafa komist í fjárhagsvandræði, gefið út tékka og dagsett fram í tímann, en þeir tékkar, sem ákært er út af, séu þeir tékkar, sem hann hafi ekki getað greitt í tæka tíð. Hann hafi ekki haft fasta, launaða vinnu á þessum tíma, en vonast til að fá peninga úr „sjoppu"-rekstrinum, sem fyrirhugaður var til að greiða tékkana. Ekkert varð úr þeim rekstri. Hann kvaðst ekki hafa vitað nákvæmlega, hver staðan var á tékkareikningnum, er hann ritaði þá tékka, sem í ákæru greinir, en kvað allan tímann ljóst, að ákærði hefði átt að standa undir útgjöldum þessa reiknings, en ekki meðákærði, enda sér verið ljóst, að meðákærði hefði ekki verið borgunarmaður.

Ákærði X kom fyrir dóm 13. september og 10. október sl. og kvað háttsemi sinni þá rétt lýst í ákæru. Hann kvaðst í greiðaskyni við meðákærða hafa stofnað tékkareikninginn í Búnaðarbankanum og undirritað tékkana og afhent meðákærða til notkunar gegn loforði hans um, að reikningurinn færi ekki í vanskil. Stofnun reikningsins tengdist fyrirhuguðum verslunarrekstri ákærðu. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað um notkun tékkanna og ekkert fengið í sinn hlut af andvirði þeirra, en hann kvaðst hafa haft samband við meðákærða, er vanskil voru orðin á reikningnum, og meðákærði lofað að ráð bót á því. Ákærði kvaðst ekki hafa haft samband við viðskiptabankann, er vanskil höfðu orðið, en hélt, að meðákærði myndi gera það.

II. 1.

Hinn 29. janúar 1992 lagði Hannibal Sigurvinsson fram kæru á hendur ákærða fyrir fjárdrátt. Samkvæmt kærunni voru málavextir þeir, að Hannibal hafði fyrir tilviljun hitt ákærða á bílasölu og mál þróast þannig, að ákærði hefði tekið að sér að selja skuldabréf fyrir Hannibal, en Róbert Daglas ætlað að selja skuldabréfin í viðskiptabanka sínum. Hannibal kvaðst enga peninga hafa fengið og margsinnis hafa haft samband við ákærða, sem hafi greint sér frá því, að skuldabréfin væru í banka, hann þyrfti einungis að nálgast þau og afhenda Hannibal. Ekkert hafi gerst, fyrr en Hannibal tók að berast greiðsluseðlar vegna skuldabréfanna, og hafi hann þá kært.

Ákærði neitaði þessum ákærulið. Hann kom fyrir dóminn 13. september sl. og síðan 10. október sl. Hann bar þá að hafa fengið þau tvö skuldabréf,

sem lýst er í ákæru, og hafi verið ætlunin að selja skuldabréfin fyrir Hannibal Sigurvinsson og afhenda honum söluandvirði að undanskildum 25% afföllum. Hann kvaðst síðan hafa ráðstafað skuldabréfunum. Hannibal hefði síðan komið að máli við sig og innt sig eftir uppgjöri vegna skuldabréfanna. Ákærði hefði sagt, að hann þyrfti ákveðinn tíma til að gera þau upp. Að þeim tíma liðnum kvaðst hann hafa haft samband við Hannibal og greint honum frá því, að Sigurður Ólason hefði komið að máli við sig og greint sér frá því, að Hannibal skuldaði sér peninga, og ákærði þá spurt Hannibal að því, hvort greiðslan mætti ekki ganga beint til Sigurðar Ólasonar. Hefði Hannibal samþykkt það.

Undir rannsókn málsins nefndi ákærði Sigurð Ólason aldrei á nafn og bar aldrei um uppgjör sitt og Hannibals á þann veg, er hann greindi frá fyrir dómi.

Ákærða var gefinn kostur á því að leiða Sigurð Ólason sem vitni undir aðalmeðferð málsins eða leggja fram gögn, sem styddu framburð ákærða, og var flutningi málsins frestað í þessu skyni. Hvorugt var gert.

Vitnið Hannibal Sigurvinsson vélvirki kom fyrir dóminn 10. og 11. október sl. Lýsti hann fjárhagserfiðleikum sínum á þessum tíma, útgáfu skuldabréfanna, sem lýst er í ákæru, og því, er hann fékk ákærða til að selja skuldabréfin, en afföll munu hafa átt að nema 50.000 eða 60.000 krónum. Hannibal kvað ákærða og Róbert Daglas hafa tekið við skuldabréfunum til sölu og kvaðst hafa litið á það sem greiða af þeirra hálfu að koma skuldabréfunum í verð fyrir sig, eftir að þeim var ljóst, í hvers kyns fjárhagsvandræðum hann átti. Róbert hafi síðan greint sér frá því, að ákærði hefði svikið sig og hann ekkert vita frekar um málið og ekkert fengið af andvirði skuldabréfanna. Er ekkert hefði bólað á peningunum, kvaðst Hannibal hafa haft samband við ákærða og kvað sig minna, að ákærði hefði þá verið búinn að koma skuldabréfunum í verð.

Hannibal vísaði framburði ákærða um Sigurð Ólason og skuld sinni við þann mann á bug svo og því, að ákærði hefði fengið heimild hjá sér til að ráðstafa andvirði skuldabréfanna á þann hátt, sem ákærði greindi frá og rakið var að framan.

Ráðstöfun ákærða á andvirði skuldabréfanna hefði því verið óheimil.

Vitnið Reynir Ástþórsson verslunarmaður kom fyrir dóm 10. október sl. Reynir kvaðst minnast þess að hafa tekið við öðru skuldabréfanna af ákærða, líklega upp í skuldir, en ákærði líklega fengið einhverja milligjöf í reiðufé. Þá kvað Reynir sig minna, að ákærði hefði greitt andvirði tékkanna, sem lýst er í 2. tl. II. kafla ákæru, með skuldabréfinu, en Reynir kvaðst hafa þurft að greiða báða þá tékka, sem hefðu reynst innstæðulausir.

Hinn 15. desember 1993 hafði Baldvin Einarsson rannsóknarlögreglumaður símasamband við Sama Daglas (Róbert Tómasson), en það mun vera sami aðili og nefndur er Róbert Daglas hér að framan. Baldvin ritaði skýrslu um þetta símtal, og var hún borin undir Hannibal Sigurvinsson fyrir dóminum. Hann kvað efni skýrslunnar rétt að svo miklu leyti, sem hann gat borið um efni hennar. Í skýrslunni kemur m. a. fram, að Sami Daglas hafi ekkert fengið í sinn hlut af andvirði skuldabréfanna, sem lýst er í þessum ákærulið. Hið síðasta, er Sami kvaðst hafa heyrt af skuldabréfum þessum, hefði verið frá Hannibal, sem hefði greint sér frá því, að fyrsti gjalddagi skuldabréfanna væri kominn, en ákærði ekki skilað Hannibal neinu af söluandvirði þeirra. Sami kvaðst hafa samþykkt að vera kröfuhafi á skuldabréfunum, en í fyrstu hefði hann ætlað að selja skuldabréfin, en síðar fallið frá því, en verið áfram kröfuhafi á bréfunum og framselt þau sem slíkur.

II. 2.

Hinn 27. desember 1991 kærði Örn Héðinsson ákærða fyrir svik, eins og segir í kæru, sem dagsett er sama dag, en Örn lagði kæruna fram f. h. Tölvuverslunar Reykjavíkur hf. Örn kvað aðdragandann þann, að verslunin hefði átt í erfiðleikum með að útvega fjármagn til að leysa vörur úr tolli. Þá hefði borist ábending um, að ákærði gæti e. t. v. útvegað fé gegn hóflegum vöxtum. Haft hefði verið samband við ákærða, sem hefði boðist til að útvega 600.000 kr. með 10% afföllum gegn afhendingu tveggja tékka, hvors að andvirði 300.000 kr. Ákærði hefði komið í Tölvuverslun Reykjavíkur 28. nóvember 1991 og fengið tékkana, sem í ákæru greinir, afhenta, og hefði verið ákveðið, að hann kæmi aftur síðar sama dag og afhenti peningana, sem um hafði verið samið. Ekkert hefði bólað á ákærða. Þá hefði verið haft samband við hann, en hann greint frá því, að hann hefði eitthvað misreiknað sig, hann gæti ekki staðið við loforðið. Þá hefði verið ákveðið, að ákærði skilaði tékkunum aftur, en það hefði hann ekki gert. Þá hefði verið haft samband við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, þar sem Erni hefði verið ráðlagt að tilkynna þessa tvo tékka sem glataða. Örn kvaðst síðan hafa orðið þess var þennan dag, þ. e. 27. desember 1991, að búið hefði verið að innleysa aðra ávísunina, og hefði Reynir Ástþórsson innleyst hana. Reynir hefði síðan greint sér frá því, að ákærði hefði afhent sér báða tékkana sem greiðslu upp í gamla skuld, en þar sem skuld ákærða við Reyni hefði numið lægri fjárhæð en andvirði tékkanna, hefði ákærði fengið muninn í reiðufé.

Ákærði vísaði þessu sakarefni á bug fyrir dóminum 13. september sl.

Ákærði kom aftur fyrir dóm 10. október. Hann kvaðst hafa fengið tékkana í hendur og ætlunin verið sú, að ákærði kæmi tékkunum í verð og af-

henti Erni Héðinssyni andvirði þeirra. Ákærði kvaðst ekki samþykkur því að hafa dregið sér tékkana og notað heimildarlaust í eigin þágu, svo sem lýst er í ákæru. Hann kvaðst hins vegar hafa haft undir höndum víxla, sem Tölvuverslun Reykjavíkur átti að greiða, en kvaðst hafa fengið þá frá Magnúsi Karlssyni í Bláfelli. Ákærði kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, að Tölvuverslun Reykjavíkur stefndi í gjaldþrot, og því hafa leitað eftir því við forsvarsmenn þess fyrirtækis að fá víxlana greidda. Þeir hefðu hins vegar sagt, að þeir vildu fyrst fá peningana vegna ráðstöfunar tékkanna. Ákærði kveðst þannig hafa átt kröfu á þessa menn og notað andvirði tékkanna til að gera upp þá skuld og því í raun hafa skuldajafnað. Ákærði kvaðst hafa notað tékkana til að gera upp skuld sína við Reyni Ástþórsson.

Meðal gagna málsins er greiðslukvittun, þar sem ákærði undirritar og staðfestir móttöku tékkanna. Í texta greiðslukvittunarinnar segir m. a.: „Ávísanirnar skilist fyrir kl. 18.00 28/11 1991 eða sambærilegri peningagreiðslu. Ávísanir þessar eru ekki viðkomandi viðskiptum Bláfells hf. og Tölvuverslunar Rvíkur.“ Greiðslukvittun þessi var borin undir ákærða í lögregluyfirheyrslu 14. maí 1992 og þá sérstaklega texti kvittunarinnar, og útskýrði hann þar tilgang hins tilvitnaða texta.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa komist að því síðar, er hann bar texta þessarar kvittunar saman við texta kvittunar, sem hann hafði sjálfur undir höndum, að bætt hefði verið inn á kvittunina þeim texta, að ávísanirnar væru ekki viðkomandi viðskiptum Bláfells. Ákærði hefur ekki lagt fram kvittun þá, sem hann sagðist hafa undir höndum og vitnaði til að ofan.

Vitnið Örn Héðinsson bókhaldari kom fyrir dóminn 10. október sl.

Örn lýsti efnislega og í aðalatriðum á sama veg og í kærunni, sem getið er um að ofan, samskiptum sínum og ákærða vegna útvegunar fjár til að leysa vörur úr tolli fyrir jól 1991. Eftir að Örn hafði frétt af ákærða, hefði ákærði sett sig í samband við sig og boðist til að útvega fé. Ákærði kvaðst koma fram sem milliliður milli Arnar og þess aðila, sem útvegaði féð, en sá vildi halda nafni sínu leyndu. Ákærði sæi um viðskiptin fyrir þeirra hönd. Ákærði hefði átt að afhenda andvirði tékkanna, annaðhvort samdægurs eða daginn eftir, en gefin hefði verið út greiðslukvittun, sem ákærði undirritaði til staðfestingar móttöku tékkanna. Örn vísaði því á bug, að texta hefði verið bætt inn á greiðslukvittunina, eftir að ákærði undirritaði hana, en Örn kvaðst ekki vita betur en ákærði hefði fengið afrit kvittunarinnar í hendur. Ákærði hefði hvorki fengið heimild frá sér né kollega sínum til að ráðstafa tékkunum öðruvísi en upphaflega var um samið. Víxlar þeir, sem ákærði greindi frá, hefðu komið til vegna viðskipta Tölvuverslunar Reykjavíkur og Bláfells hf., en Örn kvaðst ekki vita um nein tengsl ákærða við Bláfell og ekki hafa hitt ákærða, fyrr en viðskiptin með tékkana urðu. Örn kvaðst hafa afturkallað tékkana, en annar tékkanna hefði verið innleystur,

en Íslandsbanki að lokum þurft að bera tjón vegna þess tékka, eftir að Örn hefði leitað aðstoðar lögmanns við að rétta hlut Tölvuverslunar Reykjavíkur gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem í fyrstu hefði neitað að viðurkenna afturköllun tékkans.

Vitnið Reynir Ástþórsson verslunarmaður kom fyrir dóm 10. október sl. Kvaðst hann telja sig hafa keypt af ákærða tékkana, sem lýst er í þessum ákærulið. Reynir kvaðst hafa komist að því síðar, að ákærði hefði tekið að sér að selja tékkana fyrir tölvuverslun, en aldrei skilað peningunum. Reynir kvað tékkana hafa reynst innstæðulausa og lent á sér að greiða þá, en ákærði síðan ætlað að greiða sér tékkana með því að afhenda sér annað skuldabréfanna, sem lýst er í ákærulið II. 1. að framan.

II. 3.

Hinn 13. febrúar 1995 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá Engilbert Imsland, þar sem hann kærir ákærða fyrir þjófnað og fjársvik, eins og segir í kærunni. Í kærunni segir efnislega, að þau fjögur skuldabréf, sem lýst er í þessum ákærulið, hafi verið gefin út og átt að selja í því skyni að fjármagna byggingarframkvæmdir Byggingarfélagsins Burðaráss hf. í Kópavogi. Hafi ákærði tekið að sér að koma skuldabréfinu í verð, haft samband við fyrirtækið og boðist til að selja skuldabréfin. Í kærunni er síðan lýst samskiptunum við ákærða vegna skuldabréfanna og loks því, er haft var samband við ákærða 6. janúar sl. og hann þá viðurkennt að hafa tekið skuldabréfin án heimildar og ráðstafað þeim í viðskiptum. Hann hafi þá haft uppi hugleiðingar um að bæta úr mistökunum, eins og segir í kærunni.

Ákærði kom fyrir dóm 13. september sl. og vísaði þessu sakarefni þá á bug. Hann kom síðan fyrir dóminn 10. október sl. og viðurkenndi þá að hafa tekið við skuldabréfunum í því skyni að selja og ákærði átt að afhenda Engilbert Imsland andvirði þeirra. Hann kvaðst hafa ráðstafað skuldabréfunum í eigin þágu og án heimildar frá Engilbert. Ákærði kvaðst nú geta endurgreitt andvirði skuldabréfanna, en á þeim tíma, sem í ákæru greinir, hefði verið mikil umræða í þjóðfélaginu um veðsetningar í Kópavogi, þá í húsnæði, sem aldrei hefði verið reist. Hann kvaðst því hafa ákveðið að greiða Engilbert ekki andvirði skuldabréfanna, fyrr en fasteignirnar, sem veðsettar voru, væru komnar eitthvað áleiðis, og kveðst hafa rætt þetta við Engilbert. Ákærði kvaðst hafa notað tvö skuldabréfanna til að greiða skuld sína við nafngreindan mann, en hin séu til innheimtu í banka. Kvaðst ákærði hafa afhent skuldabréfin manni, sem hann vildi ekki nafngreina, en maður þessi kaupi skuldabréf og afhendi andvirði skuldabréfanna, er byggingarnar, sem við eru í, séu komnar áleiðis. Um þetta hafi verið samið með ákærða og þessum ónafngreinda manni.

Vitnið Engilbert Imsland verktaki kom fyrir dóm 10. október sl. Hann kvað ákærða hafa boðist til að annast sölu skuldabréfanna, sem lýst er í

þessum ákærulið. Söluandvirði skuldabréfanna átti að nota til að fjármagna byggingarframkvæmdir í Kópavogi. Aldrei hefði verið um annað rætt en að ákærði ætti að afhenda Engilbert söluandvirði skuldabréfanna, en Engilbert kvaðst vita til þess, að ákærði hefði ráðstafað tveimur skuldabréfanna til að gera upp skuldir sínar við nafngreindan mann, en hin tvö, kvaðst Engilbert ekkert vita, hvar væru niður komin. Engilbert kvaðst hafa greitt ákærða fyrir sölu skuldabréfanna, en aldrei hefði verið rætt um það, eins og ákærði hefur borið, að ákærði myndi afhenda söluandvirði skuldabréfanna, er byggingarnar væru komnar eitthvað áleiðis, en byggingarnar séu nú langt komnar, Fjallalind 4 sé fokheld og uppfylltir sökklar að Fjallalind 6.

I.

Niðurstöður.

Ákærði Jón Ellert hefur viðurkennt að hafa ritað þá 13 tékka, sem hér um ræðir, eftir að hann hefði fengið árituð tékkaeyðublöð hjá meðákærða, eins og lýst er í ákæru. Framburður ákærða X er efnislega á sama veg um þetta. Þá hefur ákærði Jón Ellert borið, að flestir tékkanna, sem í þessum ákærulið greinir, hafi verið svokallaðir geymslutékkar, þ. e., að tékkarnir hafi verið dagsettir fram í tímann og viðtakendur samþykkt að geyma þá og innleysa í samræmi við dagsetningu á hverjum tékka.

Verjandi ákærða Jóns Ellerts telur, að um tékkalagabrot hafi verið að ræða, er þannig stendur á, og var málið flutt með hliðsjón af því.

Fjáhæð tékkanna, sem hér um ræðir, er 1.461.002 kr., en svo sem lýst er í ákæru, dragast frá rúmlega 20.000 krónur. Tékkarnir eru allir gefnir út á stuttum tíma, en tékkareikningurinn var einungis opinn rúmar þrjár vikur, áður en honum var lokað.

Ákærði Jón Ellert hefur borið, að hann hafi verið kominn í fjárhagsvandræði og ekki hafi tekist að leggja inn á reikninginn til að eiga fyrir þessum 13 tékkum. Ákærði hafði ekki fasta, launaða vinnu á þessum tíma, en hann kvaðst hafa vonast til þess að fá peninga úr verslunarrekstrinum, sem fyrirhugaður var, og þannig geta lagt inn á reikninginn. Aldrei varð úr verslunarrekstrinum.

Í 248. gr. almennra hegningarlaga segir, að maður, sem kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um eitthvert atvik og hafi þannig fé af honum eða öðrum, varði það fangelsi allt að sex árum.

Dómurinn telur einsýnt, að ákærði hafi vitað eða séð það fyrir, er hann ritaði tékkana, sem hann kvað hafa verið svokallaða geymslutékka, að hann gæti ekki staðið undir greiðslu þeirra, og hafi því með viðskiptunum

með tékkana, jafnt geymslutékkana sem staðgreiðslutékkana, komið þannig fram gagnvart viðsemjendum sínum, að 248. gr. almennra hegningarlaga eigi við um háttsemina. Er ákærði Jón Ellert því sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í I. kafla ákæru.

Brot ákærða X er samkvæmt þessu rétt heimfært til refsiákvæða í ákæru og hann sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er þar gefin að sök.

II. 1.

Við dómsmeðferð málsins bar ákærði, að Hannibal Sigurvinsson hefði heimilað sér að ráðstafa andvirði skuldabréfanna með því að gera upp skuld, sem ákærði sagði Hannibal standa í við Sigurð Ólason. Ákærði hefði því ekki dregið sér andvirði skuldabréfanna.

Svo sem rakið var að framan, var málinu frestað í því skyni að gefa ákærða kost á að leiða Sigurð Ólason fyrir dóm sem vitni eða að leggja fram gögn, sem styddu framburð ákærða, en hvorugt var gert.

Vitnið Hannibal Sigurvinsson hefur vísað á bug framburði ákærða um þetta uppgjör.

Þá hefur vitnið Reynir Ástþórsson borið, að það hafi fengið annað skuldabréfið í hendur frá ákærða, sem hafi með því gert upp skuld sína við Reyni.

Dómurinn telur þannig framburð ákærða um heimild til ráðstöfunar á andvirði skuldabréfanna að engu hafandi og telur sannað með vitnisburði Hannibals Sigurvinssonar, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi dregið sér og notað í eigin þágu þau tvö skuldabréf, sem í þessum ákærulið greinir.

II. 2.

Ákærði hefur borið, að hann hafi notað andvirði tékkanna til að skuldajafna vegna skuldar Tölvuverslunar Reykjavíkur hf. á tveimur víxlum, sem ákærði hafði undir höndum, en víxlarnir munu hafa verið vegna viðskipta Bláfells hf. og Tölvuverslunar Reykjavíkur hf. Óumdeilt er, að ákærði tók að sér að skipta tékkunum fyrir reiðufé.

Vitnið Örn Héðinsson bar, að ákærða hefði ekki verið heimilt að ráðstafa andvirði tékkanna á annan hátt en að skila því, eins og um var samið, og viðskipti Tölvuverslunarinnar og Bláfells hf. komi því uppgjöri ekki við. Vísaði Örn til áritunar á kvittun, sem getið er um í málavaxtalýsingu að framan.

Ákærði hefur borið, að texta hafi verið bætt inn á kvittunina og að þessu hafi ákærði komist, er hann bar texta kvittunarinnar saman við texta kvittunar, sem ákærði hafði undir höndum. Þá kvittun hefur ákærði ekki lagt fram og vék ekki heldur að þessu, er hann var spurður ýtarlega um texta

kvittunarinnar í lögregluyfirheyrslu 14. maí 1992. Reynir Ástþórsson bar að hafa keypt tékkana af ákærða.

Dómurinn telur hinn breytta framburð ákærða nú órökstuddan og ekki að treysta. Hins vegar telur dómurinn sannað með vitnisburði Arnar Héðinssonar, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu tékkana, sem hér er ákært út af.

II. 3.

Dómurinn telur sannað með vitnisburði Engilberts Imsland og framburði ákærða, sem kvaðst hafa ráðstafað skuldabréfunum í eigin þágu án heimildar frá Engilbert, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af.

Brot ákærða í öllum þremur töluliðum II. kafla ákæru varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Ellert hefur frá árinu 1984 gengist undir fjórar dómsáttir fyrir umferðarlagabrot. Þá gekkst hann undir viðurlagaákvörðun árið 1994 fyrir umferðarlagabrot. Í ágúst 1990 hlaut hann 45 daga skilorðsbundið varðhald fyrir fjársvik.

Ákærði X hefur ekki áður sætt refsingu.

Rannsókn brota, sem lýst er í I. kafla ákæru, lauk í apríl 1992. Rannsókn brota, sem lýst er í II. kafla, 1. og 2. tl., lauk í maí 1992. Ákæran var gefin út rúmum þremur árum síðar.

Af hálfu fulltrúa ákæruvalds hefur verið greint frá því, að allt frá þessum tíma hafi verið til rannsóknar mál, þar sem að minnsta kosti ákærði Jón Ellert hafi komið við sögu allt fram á þetta ár, en skv. bréfi ríkissaksóknara, dags. 27. júní 1995, bárust embætti ríkissaksóknara rannsóknargögn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins með fimm bréfum, dags. 2. desember 1993, 20. mars 1994, 30. mars 1994, 5. apríl 1994 og 2. mars 1995. Af gögnum málsins verður ráðið, að drátturinn hafi að mestu leyti orðið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Önnur mál en þau, er ákæran lýtur að, voru felld niður með hliðsjón af 112. gr. laga nr. 19/1991.

Þessi dráttur er ámælisverður og brýtur í bága við meginreglu 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 og er jafnframt andstæður 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Dráttur þessi hefur orðið til þess, að málsmeðferð fyrir dómi gat ekki hafist innan hæfilegs tíma, sbr. tilvitnað ákvæði Mannréttindasáttmálans, og er tekið mið af þessu við refsiákvörðun.

Brot ákærða Jóns Ellerts eru stórfelld, en andlag brota, sem hann er nú sakfelldur fyrir, nemur rúmlega 5,8 milljónum króna.

Refsing ákærða Jóns Ellerts er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. al-

mennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í tíu mánuði. Hefur þá verið tekið tillit til dráttarins, sem getið var um að framan og á við alla ákæruliði utan hinn síðasta, er lýtur að 2.000.000 króna fjárdrætti á þessu ári.

Með hliðsjón af drætti málsins og með vísan til framanritaðs þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun refsingar X skilorðsbundið í tvö ár, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón Ellert sætti gæsluvarðhaldi frá 10. apríl 1992 til 22. s. m., í tólf daga, og ákærði X frá 1. apríl 1992 til 15. s. m., í 14 daga.

Ákærandi greindi frá því við flutning málsins, að mörg mál hefðu sætt rannsókn á hendur ákærðu á sínum tíma. Ekki er fyllilega ljóst af gögnum málsins, hvort gæsluvarðhald þeirra hafi að einhverju leyti verið vegna rannsóknar sakarefnis, sem nú er ákært fyrir, en þar sem ákærðu voru báðir yfirheyrðir í gæsluvarðhaldi vegna sakarefnis í I. kafla ákæru, þykir eftir atvikum rétt og jafnframt með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga að draga tólf daga gæsluvarðhald ákærða Jóns Ellerts frá refsivist hans.

Þá þykir rétt með hliðsjón af sama hegningarlagaákvæði að ákveða, komi til þess, að ákærða X verði ákvörðuð refsivist, að frá þeirri refsivist dragist 14 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu bera óskipta skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem hlaust af útgáfu og notkun tékkanna, sem lýst er í I. kafla ákæru.

Í 3., 4., 7. og 9. tl. kaflans um bótakröfur er krafist innheimtukostnaðar, en ekki gerð frekari grein fyrir þeim kostnaði. Þessi kröfugerð þykir of óljós, og er þeim hluta hennar vísað frá dómi.

Í 4. tl. er krafist dráttarvaxta án tilgreiningar um upphafstíma, og er þar í niðurstöðu dómsins miðað við sýningardag tékkans, sem var 8. júlí 1991 og sýningardagur tékkans í 6. tl. 11. júlí 1991.

Ákærðu, sem bera óskipta bótaábyrgð, eru dæmdir óskipt til að greiða hinum nýju kröfuhöfum, sem getið er um í ákæru, þar til greindar fjárhæðir með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Jón Ellert greiði Hannibal Sigurvinssyni 1.320.000 kr. ásamt vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Jón Ellert greiði verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 150.000 kr. í málsvarnarlaun, og ákærði X greiði verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 kr. í málsvarnarlaun. Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð. Sigríður J. Friðriksdóttir, deildarlögfræðingur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði Jón Ellert Tryggvason sæti fangelsi tíu mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi tólf daga gæsluvarðhald hans.

Ákvörðun um refsingu ákærða X skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til þess, að ákærða X verði ákvörðuð refsivist, skal draga frá þeirri refsivist 14 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

– – –

Ákærði Jón Ellert greiði verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 150.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 427/1994. **Bjarni Kr. Grímsson**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Ólafsfjarðarbæ
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Ráðningarsamningur. Opinberir starfsmenn. Uppsögn. Skaðabætur. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1994. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 8.360.921 krónu með dráttarvöxtum frá 7. nóvember 1992 til greiðsludags að frá dregnum nánar tilgreindum greiðslum stefnda og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hóf störf sem bæjarstjóri stefnda 1. júlí 1988. Gerðu aðilar með sér samning um störf hans, sem staðfestur var í bæjarráði 27. apríl 1989. Í 2. gr. samningsins segir, að ráðningartími sé yfirstandandi kjörtímabil bæjarstjórnar, en samningurinn sé þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig segir í þessari grein samningsins, að bæjarstjóri skuli halda fullum launum í þrjá mánuði, eftir að hann lætur af störfum. Í upphafi næsta kjörtímabils, í júní 1990, samþykkti bæjarstjórn að ráða stefnda í stöðu bæjarstjóra, en nýr skriflegur samningur var ekki gerður. Áfrýjandi gegndi áfram starfi sínu hjá stefnda, þar til honum var sagt upp. Hann hafði þó áður leitað eftir, að breytt yrði ákvæði samningsins um uppsagnarfrest, að hann yrði sex mánuðir, og að biðlaun yrðu greidd í sex mánuði, en það var ekki samþykkt.

Þar sem ekki var gerður nýr samningur við áfrýjanda, þegar hann var ráðinn bæjarstjóri á nýjan leik í júní 1990, verður að líta svo á, að fyrri samningur hafi gilt áfram milli aðila, enda hefur áfrýjandi

ekki sýnt fram á, að þá eða síðar hafi verið frá samningnum vikið um kjör hans. Í samræmi við ákvæði samningsins var stefnda heimilt, eins og áður sagði, að segja áfrýjanda upp með þriggja mánaða fyrirvara, en fá skyldi áfrýjandi þriggja mánaða biðlaun að uppsagnarfresti loknum. Ágreiningslaust er, að stefndi stóð áfrýjanda skil á launum þessa sex mánuði. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bjarni Kr. Grímsson, greiði stefnda, Ólafsfjarðarbæ, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., hefur Bjarni Grímsson, kt. 170755-2279, Dalhúsum 78, Reykjavík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 10. nóvember 1993, á hendur Ólafsfjarðarbæ, kt. 490269-2079, Ólafsvegi 4, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

A. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu vangreiddra launa og biðlauna vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, samtals að fjárhæð 8.360.921 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 7. nóvember 1992 til greiðsludags að frá dregnum greiðslum, er stefndi innti af hendi til stefnanda, að fjárhæð 344.700 kr. 1. desember 1992, 290.801 kr. 5. janúar 1993, 292.501 kr. 1. febrúar 1993, 279.873 kr. 1. mars 1993, 279.873 kr. 1. apríl 1993 og 279.873 kr. 3. maí 1993. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. nóvember 1993, en síðan árlega þann dag.

B. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. málskostnaðarreikningi auk lögmælts virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af kröfu stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að stefnandi hafi fyrst verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði frá og með 1. júlí 1988 að undirlagi þáverandi meiri hluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Þá hafi enn verið tæp tvö

ár í næstu sveitarstjórnarkosningar, er fram hafi farið í maí 1990. Í öllum kosningaáróðri sjálfstæðismanna í Ólafsfirði fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1990 hafi stefnanda verið hampað sem dugmiklum heimamanni, er skilað hefði starfi sínu vel fyrir Ólafsfjarðarbæ og nyti álits jafnt innan bæjarins sem utan og yrði því áfram bæjarstjóri í Ólafsfirði, fengi Sjálfstæðisflokkurinn meiri hluta. Úrslit kosninganna 1990 hafi orðið þau, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haldið meiri hluta sínum í bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Á 666. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar þriðjudaginn 12. júní 1990 hafi Þorsteinn Ásgeirsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í bæjarstjórn, borið upp þá tillögu D-listans, að Bjarni Kr. Grímsson, stefnandi í máli þessu, yrði ráðinn bæjarstjóri. Hafi tillaga þessi hlotið atkvæði fjögurra sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ólafsfjarðar, þeirra Óskars Þórs Sigurbjörnssonar, sem þá hafi verið nýkjörinn forseti bæjarstjórnar, Kristínar Trampe, Sigurðar Björnssonar og Þorsteins Ásgeirssonar. Rúmu ári eftir, að frambjóðendur sjálfstæðismanna til bæjarstjórnar í Ólafsfirði höfðu lofað stefnanda og öll verk hans í þágu bæjarins, hefði verið komið annað hljóð í strokkinn. Hefði það einkum stafað af því, að bæjarstjórinn hefði látið hagsmuni bæjarins sitja ofar einkahagsmunum einstakra bæjarstjórnarfulltrúa sjálfstæðismanna, einkum Sigurðar Björnssonar. Sigurður og nánasta fylgilið hans hefði því hafið umræðu um það meðal aðal- og varafulltrúa sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ólafsfjarðar, að þrengja bæri starfssvið bæjarstjórans, og vildi hann ekki una því, bæri að víkja honum úr starfi frá og með 1. júlí 1991.

Á 682. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar miðvikudaginn 19. júní 1991 hafi verið borin upp tillaga Kristínar Trampe, Sigurðar Björnssonar og Þorsteins Ásgeirssonar um að segja stefnanda upp starfi bæjarstjóra í Ólafsfirði. Tillaga þessi hafi fallið, þar sem forseti bæjarstjórnar og oddviti sjálfstæðismanna, Óskar Þór Sigurbjörnsson, hefði ekki greitt henni atkvæði sitt. Hafi flutningsmenn hennar þá lagt til, að fundi bæjarstjórnar yrði frestað, þar til fengist raunhæfur meiri hluti í bæjarstjórn. Í framhaldi af þessu hafi orðið að samkomulagi meðal sjálfstæðismanna í Ólafsfirði, að flutningsmenn nefndrar tillögu tækju sér leyfi frá störfum í bæjarstjórn Ólafsfjarðar í sex mánuði, og yrði sá tími notaður til að ná samningum við stefnanda um starfslok hans. Hafi þetta verið talið nauðsynlegt, þar sem enginn ráðningarsamningur hafði verið gerður við stefnanda í kjölfar kosninganna 1990 og því ljóst, að honum yrði ekki sagt upp með einhverjum tilteknum uppsagnarfresti skv. ráðningarsamningi, er gerður hafði verið 1988. Stefnandi og forseti bæjarstjórnar hafi rætt starfslokamálin fram og aftur og ýmsar tillögur verið settar fram í því sambandi. Í hinni síðustu þeirra frá 16. október

1992 hafi m. a. verið gert ráð fyrir því, að stefnanda yrðu greidd óskert laun í tólf mánuði, einn mánuð í senn, til 1. mars 1993, eftir það átta mánuði í einu lagi, ef stefnandi óskaði þess. Stefnandi hafi í sjálfu sér getað fallist á þetta til málamiðlunar. Þegar á hafi reynt, hafi forseti bæjarstjórnar í Ólafsfirði hins vegar ekki haft fylgi samflokksmanna sinna um starfslokaskilmála stefnanda, því að á 699. fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar laugardaginn 7. nóvember 1992 hafi Þorsteinn Ásgeirsson lagt fram tillögu f. h. D-listans um, að stefnanda yrði sagt upp frá og með 7. nóvember. Í tillögunni hafi ekki verið vikið að lengd uppsagnarfrests, en þess á hinn bóginn getið, að stefnandi þyrfti ekki að vinna hann. Hafi nú brugðið svo við, að forseti bæjarstjórnar hafi greitt tillögu um brottvikningu bæjarstjóra atkvæði sitt, og hafi hún því verið samþykkt með fjórum atkvæðum sjálfstæðismanna, eftir að fulltrúar minni hlutans í bæjarstjórn höfðu gengið af fundi.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 1992, hafi forseti bæjarstjórnar svo tilkynnt stefnanda, að ákveðið hefði verið að segja honum upp og ekki væri óskað eftir, að hann ynni í uppsagnarfresti, en að honum yrði greitt skv. gildandi starfskjarasamningi full laun í þrjá mánuði og þriggja mánaða biðlaun. Með bréfi, dags. 18. nóvember 1992, hafi stefnandi mótmælt því, að sér bæri aðeins greiðsla í sex mánuði, og krafist launa út kjörtímabil bæjarstjórnar, þ. e. til loka maí 1994. Hafi sú krafa verið margítrekuð bæði í bréfum og í viðræðum við lögmann stefnda. Fjárhæð kröfu stefnanda sé reist á því, að honum beri laun út yfirstandandi kjörtímabil, þ. e. til loka maí 1994, en þegar brottvikningin hafi verið ákveðin og krafa stefnanda um laun og biðlaun gjaldfallið, hafi verið ógreiddir átján mánuðir auk sex mánaða biðlauna eftir lok kjörtímabilsins. Samtals geri þetta 24 mánaða launa- og biðlaunakröfu. Fjárhæð kröfunnar sé miðuð við meðaltal launagreiðslna stefnda til stefnanda mánuðina janúar til og með nóvember 1992, sem hafi verið 329.952 kr. á mánuði. Sú fjárhæð margfölduð með 24 mánuðum geri 7.918.848 kr. Til viðbótar þeirri fjárhæð beri stefnda að greiða stefnanda 6% framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, sem reiknað af hreinum vinnu- og nefndalaunum sé 442.073 kr. Samanlagt geri framangreint (7.918.848 + 442.073) stefnufjárhæð máls þessa, 8.360.921 kr.

Stefnandi kveðst ekki sérstaklega þurfa að rökstyðja kröfu þessa eða einstaka liði hennar, þar sem hún sé að öllu leyti í samræmi við venju vinnuréttarins um, hvað teljist laun í tengslum við launa- og biðlaunauppgjör vegna ólögmætrar brottvikningar úr starfi.

Stefndi hafi greitt stefnanda upp í kröfuna 1.767.621 kr. með greiðslum, að fjárhæð 344.700 kr. 1. desember 1992, 290.801 kr. 5. janúar 1993, 292.501 kr. 1. febrúar 1993, 279.873 kr. 1. mars, 1. apríl og 5. maí 1993.

Stefnandi kveðst styðja málsókn sína þeim málsástæðum, að hann hafi verið kjörinn af meiri hluta bæjarstjórnar Ólafsfjarðar til að gegna starfi bæjarstjóra í Ólafsfirði frá 12. júní 1990 til loka kjörtímabilsins í lok maí 1994. Hann hafi gegnt starfi sínu af fullri trúmennsku og gætt hagsmuna bæjarins í hvívetna og aldrei sætt aðfinnslum um framkvæmd starfa sinna af hálfu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar. Uppsögn stefnanda af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hafi því verið án sakar og ólögmæt og í andstöðu við vilja mikils hluta bæjarbúa. Í ljósi þessa alls og með hliðsjón af dómafordæmum Hæstaréttar í sambærilegu máli beri hinni stefndu bæjarstjórn því að greiða stefnanda full laun til loka yfirstandandi kjörtímabils auk biðlauna í sex mánuði að því loknu, eins og nú sé venja um ráðningarkjör bæjarstjóra hér á landi.

Eins og atvikum máls þessa sé háttað, telur stefnandi, að hann þurfi ekki að sæta neinni lækkun á kröfum sínum á hendur stefnda vegna tekna, sem hann hafi aflað sér hjá öðrum, frá því er sér hafi með ólögmætum hætti verið vikið úr starfi bæjarstjóra. Vísar stefnandi m. a. til þess, að hann hafi ekki átt þess nokkurn kost að fá sambærilegt starf á Ólafsfirði. Fyrir sér hafi því ekki legið neitt annað en ganga atvinnulaus um götur Ólafsfjarðar eða leita sér atvinnu á öðrum vettvangi, eins og hann hafi gert. Það hafi leitt til þess, að hann hafi um tíma orðið að halda tvö heimili, eitt fyrir sig í Reykjavík og annað fyrir fjölskyldu sína á Ólafsfirði. Slíkt hafi auðvitað ekki getað varað nema skamma hríð, og því hafi hann orðið að selja einbýlishús sitt á Ólafsfirði, sem hann hafi nýlega keypt og endurbætt, flytjast búferlum til Reykjavíkur og festa þar kaup í nýju húsi. Allt þetta hafi haft veruleg aukaútgjöld í för með sér, auk þess sem brottvikningin úr starfi hafi ein sér bæði komið illa við fjölskyldu sína og valdið sér ómældum óþægindum. Til þessara atriða, sem oft og tíðum sé ógerlegt að sanna með hreinum og klárum reikningi eða gögnum, verði dómstóllinn að taka fullt tillit og hafna því með öllu, að stefnandi þurfi að sæta frádrætti vegna vinnulauna, sem hann hafi aflað sér hjá öðrum.

Stefnandi telur það að minnsta kosti ljóst, að frá biðlaunum beri ekki að draga neinar launatekjur, sem aflað hafi verið hjá öðrum.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, einkum 70. gr., og Hæstaréttardóma 1962, bls. 900, um túlkun sambærilegra ákvæða í eldri lögum.

Stefndi gerir þá grein fyrir sýknukröfu sinni, að eins og fram komi í stefnu þessa máls, hafi stefnandi verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði frá og með 1. júlí 1988. Gerður hafi verið starfssamningur við hann, þar sem m. a. hafi verið kveðið á um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarrétt.

Þar hafi jafnframt verið ákvæði um þriggja mánaða biðlaun. Samningur þessi hafi verið samþykktur í bæjarráði Ólafsfjarðar 27. apríl 1989.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum 1990 hafi verið samþykkt á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990 að ráða stefnanda bæjarstjóra. Ekki hafi verið gerður nýr starfssamningur við stefnanda, heldur hafi verið gert ráð fyrir því, að fyrrgreindur samningur gilti áfram með smávægilegum breytingum, sem gerðar hafi verið á fyrra kjörtímabili og einkum hafi snert ákvæði um húsnæðismál. Eftir þessum samningi hafi verið unnið allt frá 12. júní 1990.

Það hafi svo verið á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðar 19. september 1991, að spurst hafi verið fyrir um starfssamning bæjarstjóra. Þá hafi bæjarstjóri kynnt drög að nýjum samningi, sem hann hafi verið að vinna að. Í þessum drögum, sem að mestu hafi verið samhljóða gildandi samningi hafi verið gert ráð fyrir þeirri breytingu, að uppsagnarfrestur yrði sex mánuðir og biðlaunatími sex mánuðir. Á þessi samningsdrög hafi aldrei verið fallist, og hafi það einkum verið vegna hinna nýju ákvæða um lengri uppsagnarfrest og lengri biðlaunatíma.

Á fundi bæjarstjórnar 7. nóvember 1992 hafi verið samþykkt tillaga um að segja stefnanda upp störfum. Þetta hafi stefnanda verið tilkynnt með bréfi, dagsettu 11. 11. 1992, og þar tekið fram, að uppsagnarfrestur væri þrír mánuðir og biðlaunatími þrír mánuðir. Eins og fyrr segi, hafi ekki verið gerður starfssamningur við stefnanda, þegar hann var ráðinn bæjarstjóri á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990, heldur verið litið svo á af báðum aðilum, að eldri samningur gilti. Rétt sé að geta þess, að stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri sveitarfélags síns og þar með haft sérstaka skyldu við stjórn þess, þar með talda starfsmannastjórn, sbr. 4. mgr. 65. gr. samþykktar nr. 277/1988 um stjórn Ólafsfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Ekki hafi verið óeðlilegt að gera þær kröfur til stefnanda, að hann gengi fram í því, að gerður yrði nýr samningur, ef hann hefði talið, að hinn skriflegi samningur hefði fallið úr gildi. Þetta hafi hann ekki gert. Engar athugasemdir hafi komið fram hjá stefnanda, þegar spurst hafi verið fyrir um ráðningarkjör bæjarstjóra í bæjarráði Ólafsfjarðar 19. september 1991 og að ekki væri í gildi neinn samningur, heldur einungis hugmyndir um breytingar á eldri samningi. Rétt sé að taka fram, að nokkru fyrir bæjarráðsfundinn 19. september 1991 hafi stefnandi fært í tal við fulltrúa meiri hlutans í bæjarstjórn að breyta nokkrum ákvæðum starfssamnings síns og þá einkum, að því er varðaði lengd uppsagnarfrests, en því verið hafnað af fulltrúum meiri hlutans. Eins og fyrr segi, hafi það verið álit stefnanda og stefnda, að starfssamningur sá, sem samþykktur hafi verið í bæjarráði 27. apríl 1989,

hafi gilt áfram, eftir að stefnandi var endurráðinn bæjarstjóri á Ólafsfirði á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990, enda hafi verið haldið áfram að vinna eftir honum. Í þeim samningi sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest og þriggja mánaða biðlaunatíma. Stefnandi hafi greitt í samræmi við ákvæði þessa samnings og eigi því engar kröfur á hendur stefnda vegna uppsagnar úr starfi bæjarstjóra. Fallist dómurinn ekki á þau rök, að í gildi hafi verið starfssamningur, eins og að framan sé rakið, hljóti að verða að taka tillit til þess, að á tímabilinu hafi stefnandi aflað sér tekna, og beri því að draga þær tekjur frá þeim launum, sem hann annars hefði haft sem bæjarstjóri, séu þær ekki hærri en laun bæjarstjóra. Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að stefnandi geti átt kröfu til launa út kjörtímabilið 1990-1994; enda þótt stefnandi hafi verið ráðinn bæjarstjóri í Ólafsfirði kjörtímabilið 1990-1994, þá hafi hann verið ráðinn með gagnkvæmum uppsagnarfresti, eins og fyrr sé tekið fram. Þó að ekki sé getið um uppsagnarfrest, þegar stefnandi var ráðinn bæjarstjóri, sé, eins og áður sé getið, ljóst, að í allri framkvæmd hafi verið farið eftir þeim samningi, sem gilti á fyrra kjörtímabili, og því litið svo á af hálfu beggja aðila, að ráðningarsamningurinn væri í fullu gildi. Rétt sé að taka fram, að viðræður stefnanda og þáverandi forseta bæjarstjórnar, Óskars Þórs Sigurbjörnssonar, um starfslokamál stefnanda séu á engan hátt bindandi fyrir stefnda, enda hafi þar einungis verið um að ræða tilraunir forseta bæjarstjórnar til að kanna, hvort samkomulagsgrundvöllur væri um starfslok bæjarstjóra. Þessar umræður hafi orðið, áður en til uppsagnar kom, og verið til þess eins að kanna, hvort stefnandi væri reiðubúinn til að segja starfi sínu lausu af sjálfsdáðum. Á það hafi stefnandi ekki fallist og því komið til uppsagnar á fundi bæjarstjórnar 7. nóvember 1992.

Stefnandi og Óskar Þór Sigurbjörnsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi.

Í ráðningarsamningi stefnanda, sem gerður var við upphaflega ráðningu hans, segir í 2. grein: „Ráðningartími er yfirstandandi kjörtímabil bæjarstjórnar. Starfssamningurinn er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Bæjarstjóri skal halda fullum launum skv. samningi þessum í þrjá mánuði, eftir að hann lætur af störfum, en skylt er honum að vinna þann tíma, ef þess er óskað af bæjarstjórn."

Samkvæmt þessu var samningnum fyrir fram ákveðinn gildistími til loka kjörtímabilsins og féll þá skv. efni sínu niður, enda ráðningartími stefnanda þá útrunninn.

Eins og að framan er rakið, var stefnandi ráðinn að nýju eftir kosningar 1990, og skyldi ráðningartími hans vera út kjörtímabilið. Ekki var gerður

sérstakur starfssamningur við stefnanda, og gegn andmælum hans verður eigi á það fallist, að fyrri samningur hafi haldið áfram gildi sínu eða endurnýjast á einhvern hátt. Ráðningartími stefnanda var fyrir fram ákveðinn út kjörtímabilið. Ágreiningslaust er, að uppsögn stefnanda hafi verið án saka af hans hálfu, enda ekki á nokkurn hátt rökstudd með broti í starfi eða á annan hátt, er leitt gæti til þess, að stefndi öðlaðist einhliða rétt til uppsagnarinnar. Verður því á það fallist með stefnanda, að honum beri laun þau til loka kjörtímabilsins, sem hann krefst.

Eins og að framan greinir, var enginn starfssamningur í gildi, er stefnanda var sagt upp störfum. Krafa um greiðslu biðlauna verður því eigi reist á samningi, og eigi verður krafa þessi byggð á lögum. Þá hefur stefnandi ekki gegn andmælum stefnda sýnt fram á, að um önnur atvik, svo sem venju eða hefð, sé að ræða, er hann geti reist þessa kröfu á. Verður því ekki fallist á, að stefnandi eigi rétt til biðlauna, svo sem hann krefst.

Ekki verður fallist á þá kröfu stefnanda, að tekjur þær, er hann hefur aflað, komi ekki til frádráttar.

Í málinu liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um tekjur stefnanda fram til loka kjörtímabilsins. En stefnandi hefur hér fyrir dóminum skýrt svo frá, að hann hafi hafið störf 1. janúar 1993, og séu laun sín í því starfi 70.000 krónum lægri á mánuði en laun þau, er hann hefði haft sem bæjarstjóri. Þessu hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda, og þykir því mega við það miða við mat á tjóni stefnanda.

Stefndi hefur greitt stefnanda samtals 1.767.621 kr., eftir að hann hætti störfum, þar af 1.422.921 kr. eftir 1. janúar 1993.

Stefnandi miðar kröfu sína við, að meðalmánaðarlaun sín hafi verið 329.952 kr. Því til viðbótar hafi stefnda borið að greiða stefnanda framlag vinnuveitanda, 6%, til lífeyrissjóðs.

Fyrir desember 1992 nemur tjón stefnanda 349.749 kr. Frá 1. janúar 1993 til 1. júní 1994 nemur tjón stefnanda 70.000 kr. á mánuði, sem að viðbættum framangreindum 6% nemur í heild 1.261.400 kr. Tjón stefnanda nemur því samtals 1.611.149 kr. lægri fjárhæð en stefndu hafa þegar greitt honum. Stefnandi hefur ekki stutt staðhæfingu sína um annað tjón vegna tvöfalds heimilishalds og flutninga o. s. frv. neinum gögnum.

Er niðurstaða dómsins þá sú með vísan til framangreinds, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafsfjarðarbær, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Grímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.